

Aðdragandi og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna

Rannsóknarnefnd Alþingis 2014

6

Útgefandi:

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt þingsályktun nr. 42/139 frá 10. júní 2011 um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Ritstjórn:

Hrannar Már S. Hafberg
Tinna Finnbogadóttir
Bjarni Frímánn Karlsson

Hönnun og umbrot:

Stefán Einarsson

Ljósmynd á kápu:

Torfi Agnarsson

Prentun og bókband:

Prentsmiðjan Oddi

Reykjavík 2014

Merking tákna í töflum:

- Núll, þ.e. ekkert
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til
- Tala á ekki við

Ef töflureitur er auður er þar um að ræða gildi sem óljóst er hvert er út frá fyrirliggjandi upplýsingum.

ISBN 978-9935-9203-6-2

EFNISYFIRLIT

23. Sparisjóður Bolungarvíkur.....	9
23.1 Ársreikningar 2001–2011	10
23.1.1 Rekstrarreikningar.....	10
23.1.2 Efnahagsreikningar	15
23.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar	19
23.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila.....	21
23.2.2 Útlánareglur og heimildir.....	21
23.2.3 Stærstu lántakendur	23
23.2.4 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna.....	34
23.3 Fjáreignir og fjárfestingar	35
23.4 Fjármögnun	39
23.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur	42
23.5.1 Hlutfélagssvæðing.....	44
23.6 Fjárhagsleg endurskipulagning.....	44
23.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag.....	45
23.6.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar.....	46
23.6.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu	48
23.7 Arður af stofnfjáreign	50
23.8 Innra eftirlit.....	51
23.8.1 Innri endurskoðun	51

24. Sparisjóður Strandamanna	55
24.1 Ársreikningar 2001–2011	56
24.1.1 Rekstrarreikningar.....	56
24.1.2 Efnahagsreikningar	61
24.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar	65
24.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila.....	67
24.2.2 Útlánareglur	68
24.2.3 Stærstu lántakendur	69
24.2.4 Lán til stjórnar, starfsmanna og tengdra aðila	73
24.3 Fjáreignir og fjárfestingar	74
24.4 Fjármögnun	78
24.5 Stofnfé, stofnfjáreigendur og sameiningarhugmyndir	78
24.6 Viðbrögð við breyttum aðstæðum eftir fall íslensku bankanna 2008	82
24.6.1 Aðdragandi að samkomulagi við Seðlabanka Íslands.....	83
24.6.2 Endurútreikningur og uppgjör krafna Seðlabanka Íslands.....	85
24.7 Arður af stofnfjáreign	86
24.8 Innra eftirlit.....	89
24.8.1 Innri endurskoðun	89

25. Sparisjóður Svarfdæla	91
25.1 Ársreikningar 2001–2011	92
25.1.1 Rekstrarreikningar.....	92
25.1.2 Efnahagsreikningar	97
25.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar	102
25.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila.....	103
25.2.2 Útlánareglur	104
25.2.3 Stærstu áhættuskuldbindingar.....	106
25.2.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna.....	109
25.3 Fjáreignir og fjárfestingar	110
25.4 Fjármögnun	115

25.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur	117
25.5.1 Lán frá Saga Capital vegna stofnfjárukningar	120
25.6 Fjárhagsleg endurskipulagning	121
25.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag	121
25.6.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar	122
25.6.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu	125
25.6.4 Eftirmálar fjárhagslegrar endurskipulagningar	126
25.7 Arður af stofnfjáreign	127
25.8 Innra eftirlit	128
25.8.1 Innri endurskoðun	128

26. Sparisjóður Höfðhverfinga131

26.1 Ársreikningar 2001–2011	132
26.1.1 Rekstrarreikningar	132
26.1.2 Efnahagsreikningar	137
26.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar	141
26.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila	142
26.2.2 Útlánareglur	146
26.2.3 Stærstu áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Höfðhverfinga	147
26.2.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna	153
26.3 Fjáreignir og fjárfestingar	154
26.4 Fjármögnun	160
26.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur	161
26.6 Viðbrögð sparisjóðsins við erfiðleikum í rekstri	163
26.6.1 Hugmyndir um hlutfjáræðingu	163
26.6.2 Áform um fjárhagslega endurskipulagningu	164
26.6.3 Rekstur sparisjóðsins eftir fall íslensku bankanna 2008	166
26.6.4 Umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði	167
26.6.5 Samkomulag við Seðlabanka Íslands um uppgjör krafna	168
26.7 Arður af stofnfjáreign	170
26.8 Innra eftirlit	171
26.8.1 Innri endurskoðun	171

27. Sparisjóður Suður-Pingeyinga175

27.1 Ársreikningar 2001–2011	176
27.1.1 Rekstrarreikningar	176
27.1.2 Efnahagsreikningar	180
27.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar	184
27.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila	186
27.2.2 Útlánareglur	186
27.2.3 Stærstu lántakendur	188
27.2.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna	194
27.3 Fjáreignir og fjárfestingar	195
27.4 Fjármögnun	199
27.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur	200
27.5.1 Stofnfjárukning árið 2008	201
27.6 Viðbrögð við breyttum aðstæðum eftir fall íslensku bankanna 2008	202
27.6.1 Samkomulag við Seðlabanka Íslands	202
27.6.2 Sameiningarhugmyndir	204
27.7 Arður af stofnfjáreign	207
27.8 Innra eftirlit	208
27.8.1 Innri endurskoðun	208

28. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis211

28.1 Ársreikningar 2001–2011	212
------------------------------------	-----

28.1.1	Rekstrarreikningar.....	212
28.1.2	Efnahagsreikningur.....	218
28.2	Útlán, útlánareglur og lánveitingar.....	222
28.2.1	Athugasemdir eftirlitsaðila.....	224
28.2.2	Útlánareglur.....	225
28.2.3	Stærstu lántakendur.....	227
28.2.4	Lán til stjórnarmanna og starfsmanna.....	237
28.3	Fjáreignir og fjárfestingar.....	238
28.4	Fjármögnun.....	242
28.5	Stofnfé og stofnfjáreigendur.....	243
28.5.1	Sameiningarhugmyndir og tilraunir til stofnfjárukningar.....	244
28.6	Fjárhagsleg endurskipulagning.....	250
28.6.1	Umsókn um 20% eiginfjárframlag.....	251
28.6.2	Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar.....	252
28.6.3	Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu.....	254
28.7	Arður af stofnfjáreign.....	256
28.8	Innra eftirlit.....	257
28.8.1	Innri endurskoðun.....	257

29. Sparisjóður Norðfjarðar.....261

29.1	Ársreikningar 2001–2011.....	262
29.1.1	Rekstrarreikningar.....	262
29.1.2	Efnahagsreikningar.....	266
29.2	Útlán, útlánareglur og lánveitingar.....	270
29.2.1	Athugasemdir eftirlitsaðila.....	272
29.2.2	Útlánareglur.....	273
29.2.3	Stærstu lántakendur.....	274
29.2.4	Lán til stjórnar, starfsmanna og tengdra aðila.....	278
29.3	Fjáreignir og fjárfestingar.....	279
29.4	Fjármögnun.....	282
29.5	Stofnfé og stofnfjáreigendur.....	284
29.5.2	Stofnfjárukning, sameiningarviðræður og hugmyndir um hlutafélagsvæðingu.....	285
29.6	Fjárhagsleg endurskipulagning.....	289
29.6.1	Umsókn um 20% eiginfjárframlag.....	290
29.6.2	Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar.....	291
29.6.3	Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu.....	292
29.7	Arður af stofnfjáreign.....	294
29.8	Innra eftirlit.....	295
29.8.1	Innri endurskoðun.....	295

30. Sparisjóður Vestmannaeyja.....299


30.1	Ársreikningar 2001–2011.....	300
30.1.1	Rekstrarreikningar.....	300
30.1.2	Efnahagsreikningar.....	305
30.2	Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis.....	309
30.2.1	Ársreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis frá 2001 til miðs árs 2006.....	311
30.3	Útlán, útlánareglur og lánveitingar.....	312
30.3.1	Athugasemdir eftirlitsaðila.....	313
30.3.2	Útlánareglur og heimildir.....	314
30.3.3	Stærstu lántakendur.....	316
30.3.4	Lán til stjórnarmanna og starfsmanna.....	319
30.4	Fjáreignir og fjárfestingar.....	319
30.5	Fjármögnun.....	324
30.6	Stofnfé og stofnfjáreigendur.....	325
30.6.1	Hugmyndir um hlutafélagsvæðingu.....	328
30.7	Fjárhagsleg endurskipulagning.....	328
30.7.1	Umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.....	329

30.7.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar	330
30.7.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu	331
30.8 Arður af stofnfjáreign	333
30.9 Innra eftirlit	334
30.9.1 Innri endurskoðun	334

31. Sparisjóðabanki Íslands.....339

31.1 Eignarhald og stefnumótun	341
31.1.1 Breytingar á eignarhaldi Sparisjóðabanka Íslands hf.....	344
31.1.2 Áhrif breytinga á eignarhaldi Sparisjóðabankans á sparisjóði	350
31.2 Eignarhlutur Sparisjóðabankans í Exista hf.....	352
31.3 Útlán og útlánaáhætta	359
31.4 Kaup á víxlum útgefnum af viðskiptabönkunum og endurhverf viðskipti	366
31.4.1	Sparisjóðabanki Íslands
frá Seðlabanka Íslands	366
31.4.2 Skuldatryggingar vegna íslensku viðskiptabankanna.....	371
31.5 Fjárhagsleg endurskipulagning.....	375
31.5.1 Samningaviðræður við erlenda lánardrottna.....	378
31.5.2 Tillaga Sparisjóðabanka Íslands hf. að fjárhagslegri endurskipulagningu.....	380
31.5.3 Tillögur erlendra kröfuhafa og viðbrögð stjórnvalda	382
31.5.4 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.....	385

23. Sparisjóður Bolungarvíkur



23. SPARISJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR

Sparisjóður Bolungarvíkur var stofnaður 15. apríl 1908 af 17 ábyrgðarmönnum.¹ Á stofnfundi sparisjóðsins var kosin þriggja manna stjórn sem skipuð var þeim Péttri Oddssyni kaupmanni, Hálfáni Örnólfssyni hreppstjóra og Sigurði Jónssyni kennara.

Sparisjóður Bolungarvíkur og Sparisjóður Súgfirðinga sameinuðust 1. júlí 1994 undir nafni hins fyrrnefnda. Sparisjóður Súgfirðinga var stofnaður 12. október árið 1912 og tók til starfa vorið eftir. Fyrstu stjórn sjóðsins skipuðu þeir Kristján Albert Kristjánsson, Þorvarður Brynjólfsson og Friðbert Guðmundsson.

Í gildandi samþykktum Sparisjóðs Bolungarvíkur sem eru frá því í apríl 2011 segir í 3. grein að sparisjóðurinn sé sjálfseignarstofnun sem starfi samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki og stundi sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurnefndum lögum. Hlutverk sparisjóðsins sé að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð á starfssvæði sínu.² Sparisjóður Bolungarvíkur er með starfsstöðvar að Aðalstræti 14 í Bolungarvík og að Aðalgötu 8 á Suðureyri. Afgreiðslu fyrir Íslandspóst er sinnt á báðum stöðum.

Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur var óbreytt á árunum 2005–2010. Finnbogi Jakobsson tók við sem stjórnarformaður af Gesti Kristinssyni 2005. Eftir að 90,95% stofnfjár komust í eigu ríkissjóðs skipaði Bankasýsla ríkisins fjóra stjórnarmenn af fimm og varð Ragnar Birgisson þá formaður stjórnar. Stefania Birgisdóttir var eini stjórnarmaðurinn sem ekki var tilnefndur af Bankasýslu ríkisins. Sparisjóðsstjóri er Ásgeir Sólbergsson og hefur hann gegnt því starfi frá árinu 2000.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.³

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Anna Sigríður Jörundsdóttir											x
Benedikt Bjarnason	Form.	Form.									
Finnbogi Jakobsson	x	x	x	x	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	
Gestur Kristinsson	x	x	Form.	Form.							
Ólafur P. Benediktsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Ragnar Birgisson											Form.
Runólfur K. Pétursson			x	x	x	x	x	x	x	x	
Sigrún Elsa Smáradóttir											x
Snorri Sturluson					x	x	x	x	x	x	
Stefanía Birgisdóttir					x	x	x	x	x	x	x
Þorgeir Pálsson											x
Örn Jóhannsson	x	x	x								

Í lok árs 2007 voru stofnfjárhafar í Sparisjóði Bolungarvíkur 273 talsins og var eignaraðildin dreifð. Heildareignir sjóðsins námu þá rúmlega 9,2 milljörðum króna.⁴ Sparisjóðurinn var einn af minni sparisjóðunum í landinu með um 1,5% af heildareignum sparisjóðanna. Samanlagðar eignir allra sparisjóða voru þá 614 milljarðar króna.

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 30. maí 2007 var kynnt bréf frá stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga þar sem lögð var fram formleg ósk um sameiningarviðræður. Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur hafnaði henni þar sem þá var unnið að undirbúningi stofnfjárukningar og tilboðsmarkaðar með stofnfé sjóðsins. Boði Sparisjóðsins í Keflavík um hugsanlega sameiningu var einnig hafnað á sömu forsendum. Stofnfjárukning upp á 500 milljónir króna var samþykkt samhljóða á fundi stofnfjárhafa 28. júní 2007 og var henni ætlað að gera sjóðnum kleift að grípa fjárfestingartækifæri sem upp gætu komið.⁵ Útboðið fór fram í desember 2007 og seldust rúmlega 99% stofnfjárins og keyptu flestir hámarkshlut.

1. Sigurður Pétursson, *Aldarsaga Sparisjóðs Bolungarvíkur 1908–2008*, Ísafirði 2009.

2. Samþykktir Sparisjóðs Bolungarvíkur, apríl 2010.

3. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

4. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

5. Fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 28. júní 2007.

Innborgað stofnfé á árinu 2007 nam 518 milljónum króna. Í ræðu formanns stjórnar á aðalfundi sjóðsins 17. mars 2008 kom fram að stjórnin teldi ekki skynsamlegt að setja á fót tilboðsmarkað með stofnfé sjóðsins í ljósi breytinga á íslenskum fjármálamarkaði og var því frestað um óákveðinn tíma.⁶

Með sviptingum á fjármálamarkaði árið 2008 varð mikið tap á rekstri sparisjóðsins, eða rúmlega 1,6 milljarðar króna. Munaði þar mest um gengistap af hlutabréfum og skulda-
bréfum upp á tæplega 1,2 milljarða króna. Í lok árs 2007 hafði eiginfjárhlutfall sparisjóðsins verið 15,10%, en í árslok 2008 var það komið niður í 2,41% og því undir lögbundnu 8% lágmarki.

Áfram var tap á rekstri sjóðsins árið 2009 og þá námu framlög í afskriftareikning útlána rúmum 2,2 milljörðum króna. Í lok árs 2009 var eigið fé sjóðsins orðið neikvætt um rúma tvo milljarða króna og eiginfjárhlutfallið neikvætt um 48,74%.

Á fyrri hluta árs 2009 sótti Sparisjóður Bolungarvíkur um stofnfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008. Mat óháðs endurskoðunarfyrtækis á eignum sparisjóðsins leiddi í ljós að staða hans var verri en talið var og að fyrrnefnt framlag úr ríkissjóði myndi ekki duga til að endurreisa hann fjárhagslega. Sparisjóðurinn þurfti því á aðkomu kröfuhafa að halda til að fjárhagsleg endurskipulagning væri möguleg. Í ljósi þess að Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi Sparisjóðs Bolungarvíkur tóku Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið upp samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins, gegn því að hann félli frá umsókn um eiginfjárframlagið.

Hinn 22. september 2010 undirrituðu forsvarsmenn Sparisjóðs Bolungarvíkur og Seðlabanka Íslands samkomulag um endurskipulagningu á skuldum sparisjóðsins.⁷ Gefnar voru eftir skuldir sem námu samtals um 2,7 milljörðum króna og var sú fjárhæð tekjufærð í rekstrarreikningi. Stofnfé sjóðsins var fært niður að mestu leyti og var 635 milljóna króna kröfum á hendur sjóðnum breytt í stofnfé.⁸

Í lok árs 2011 voru stofnfjárhafar Sparisjóðs Bolungarvíkur 259. Þar af átti Ríkissjóður Íslands 90,95% hlut og Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV 4,06% hlut.⁹ Heildareignir sjóðsins voru þá 4,9 milljarðar króna¹⁰ og námu 8,3% af heildareignum sparisjóðanna allra.

23.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001–2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.¹¹ Sparisjóðurinn tók upp reikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum (IFRS) árið 2007. Það kallaði á nokkrar tilfærslur í framsetningu hér til þess að reikningar yrðu samanburðarhæfir á milli ára. Upptaka alþjóðlegra reikningsskilareglna leiddi til hækkunar á eigin fé sparisjóðsins um 114 milljónir króna í ársbyrjun 2007, aðallega vegna matsbreytinga á fjáreignum til gangvirðis.

23.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Bolungarvíkur var rekinn með hagnaði öll árin frá 2001 til 2007 en það ár nam hagnaður 255 milljónum króna. Þar vó þyngst gengishagnaður af fjáreignum upp á rúmar 447 milljónir króna. Viðsnúningur varð í rekstrinum á árinu 2008 og þá tapaði sparisjóðurinn 1,6 milljörðum króna. Tapið mátti rekja til 1,2 milljarða króna gengistaps af fjáreignum og 667 milljóna króna framlags í afskriftareikning útlána. Enn meira tap var á rekstri sjóðsins á árinu 2009 þegar framlag í afskriftareikning útlána nam 2,2 milljörðum króna og 368 milljóna króna gengistap varð af fjáreignum.

6. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 17. mars 2008.

7. Samningar um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Bolungarvíkur, samantekt fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 12. nóvember 2010.

8. Ársreikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2009.

9. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2000–2011.

10. Ársreikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2011.

11. Fjallað er um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

Tafla 2. Samandregning rekstrarreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.¹²

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	101.991	189.779	106.417	114.476	155.488	145.006	136.791	153.279	201.265	223.869	185.007
Hreinar þjónustutekjur	24.873	25.803	29.082	26.070	32.216	22.773	20.452	26.426	25.005	21.382	22.065
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	3.596	15.685	18.628	46.077	92.732	229.276	28.637	35.726	17.202	(1.906)	13.598
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	124.922	(956)	82.253	111.294	76.337	48.571	447.207	(1.186.051)	(368.522)	49.309	63.283
Aðrar rekstrartekjur	2.045	8.618	14.423	11.308	13.956	14.778	28.219	19.270	22.014	24.052	32.688
Hreinar rekstrartekjur	257.426	238.930	250.804	309.225	370.729	460.404	661.306	(951.350)	(103.036)	316.706	316.641
Almennur rekstrarkostnaður	(123.345)	(134.828)	(147.154)	(140.437)	(170.782)	(173.735)	(227.720)	(260.729)	(303.164)	(209.851)	(207.699)
Önnur rekstrargjöld	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	(890)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(85.279)	(89.688)	(98.700)	(97.202)	(71.765)	(63.430)	(126.841)	(667.367)	(2.226.082)	(467.725)	(186.766)
Rekstrargjöld samtals	(208.624)	(224.516)	(245.854)	(237.639)	(242.547)	(237.165)	(354.561)	(928.096)	(2.529.246)	(677.576)	(395.355)
Eftirgjöf skulda	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2.702.657
Hagnaður (tap) fyrir skatta	48.802	14.414	4.950	71.586	128.182	223.239	306.745	(1.879.446)	(2.632.282)	2.341.787	(78.714)
Skattar samtals	12.036	(4.270)	(3.862)	(14.456)	(17.652)	(37.731)	(51.426)	260.629	371.812	(409.393)	(5.733)
Hagnaður (tap) ársins	60.839	10.144	1.088	57.130	110.530	185.508	255.319	(1.618.817)	(2.260.470)	1.932.394	(84.447)

Í viðauka C má sjá sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi.


Hagnaðurinn af rekstri sjóðsins árið 2010 upp á 1,9 milljarða króna skýrðist algjörlega af 2,7 milljarða króna eftirgjöf skulda við lánardrottna.

Tap á árinu 2011 upp á 84 milljónir króna stafaði einkum af framlagi í afskriftareikning útlána. Þá gætti enn óvissu um lán sparisjóðsins í erlendri mynt og voru frekari afskriftir mögulegar vegna þeirra.¹³

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur hækkuðu samfelld á árunum 2002–2007. Tekjur af fjáreignum áttu þar stærstan hlut að máli. Árið 2006 voru það arðs- og hlutdeildartekjur, en 2007 gengishagnaður af fjáreignum. Mikið gengistap varð hins vegar á fjáreignum á árunum 2008 og 2009 sem leiddi til tapresturs sparisjóðsins. Þá breyttust hreinar vaxtatekjur og þjónustutekjur ekki í sama mæli og fjáreignatekjur umrædd ár. Fjárfestingastarfsemi var þannig orðin afar umfangsmikil í starfsemi sparisjóðsins, einkum í samanburði við kjarnastarfsemi hans.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.¹⁴

12. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

13. Skýrsla Bankasýslu ríkisins um starfsemi sína 2012.

14. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

15. Skýrsla Endurskoðunar Vestfarða ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur 2008, 4. mars 2009.

Hreinar þjónustutekjur námu tæpum 25 milljónum króna á árinu 2001 og voru 10% af hreinum rekstrartekjum. Vægi þessara tekna var að jafnaði 9% hreinna rekstrartekna fram til ársins 2006 en lækkaði í 3% á árinu 2007. Hreinar þjónustutekjur voru 7% hreinna rekstrartekna á árinu 2011.

Aðrar rekstrartekjur voru óverulegur hluti hreinna rekstrartekna hjá Sparisjóði Bolungarvíkur allt umrætt tímabil og voru aldrei sundurliðaðar í ársreikningi sjóðsins.

Hreinar vaxtatekjur voru nokkuð sveiflukenndar á þessu ellefu ára tímabili. Þær fóru almennt lækandi til 2007 og hélst það í hendur við minnkandi vaxtamun hjá sparisjóðnum og á fjármagnsmarkaði almennt. Árið 2008 hækkaði vaxtamunur verulega á markaðnum og jukust vaxtatekjur Sparisjóðs Bolungarvíkur þá að nýju. Stærstur hluti vaxtatekna sparisjóðsins kom frá útlánnum. Vaxtatekjur af skuldabréfaeign voru ekki umtalsverðar nema helst árin 2004–2006 þegar þær námu á bilinu 21–26% af vaxtatekjunum. Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir voru allt tímabilið innan við 10% vaxtatekna.

Vaxtagjöldin voru að stærstum hluta vegna almennra innlána. Vaxtagjöld vegna lántöku vógu á bilinu 18–31% af vaxtagjöldunum nær allt tímabilið nema árið 2001 er þau voru 41% og tvö síðustu árin varð hlutfall þeirra mun lægra eftir fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Vaxtagjöld til lánastofnana voru óveruleg að undanskildum árunum 2008 og 2009. Þá námu þau 78 og 119 milljónum króna hvort árið um sig.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Bolungarvíkur 2001–2011.¹⁶

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Bolungarvíkur											
Meðalvextir útlána	13,4%	11,4%	9,1%	10,4%	11,9%	12,0%	14,6%	19,6%	16,1%	12,6%	12,8%
Meðalvextir innlána	8,9%	7,1%	6,4%	6,2%	6,9%	10,3%	11,9%	18,8%	10,8%	5,2%	5,6%
Vaxtamunur	4,2%	4,0%	2,6%	4,0%	4,7%	1,5%	2,4%	0,7%	4,8%	7,1%	6,9%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%

Vaxtamunur Sparisjóðs Bolungarvíkur var lægri en annarra sparisjóða frá 2001–2008 ef frá eru talin árin 2005 og 2007. Eftir fall bankanna jókst vaxtamunur Sparisjóðs Bolungarvíkur og varð umtalsvert meiri en annarra sparisjóða. Vaxtatekjur minnkuðu nokkuð en greiddir vextir vegna innlána lækkuðu mun meira.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Sparisjóðs Bolungarvíkur breyttust lítið fyrir en á árinu 2007 þegar þau tóku að hækka og jukust svo mikið á næstu tveimur árum, aðallega vegna framlags í afskriftareikning útlána. Á tímabilinu 2001–2011 nam framlag í afskriftareikninginn samtals 4,2 milljörðum króna, en þar af voru 3,4 milljarðar króna á árunum 2008–2010.

Í árslok 2008 þurfti að fimmfalda framlag í afskriftareikning útlána frá árinu áður og færa útlánin niður um 667 milljónir króna. Þar af voru 543 milljónir vegna „útrásarlána“ sem svo voru nefnd í skýrslu endurskoðanda með ársreikningi 2008¹⁷ og vísaði hann þar til lána sem sparisjóðurinn veitti fyrir tilstilli Sp-ráðgjafar ehf. Árið 2009 nam framlag í afskriftareikninginn 2,2 milljörðum króna. Fall krónunnar hafði leikið útlánasafn sparisjóðsins grátt og endurspegladist það í þessari miklu niðurfærslu. Framlag ársins 2010 nam 467 milljónum króna og skýrðist fyrst og fremst af því hvernig sparisjóðurinn leit til áhrifa dóma um lán í erlendri mynt auk úrræða sem stóðu skuldurum til boða til lækkunar á lánnum.¹⁸

Samanlagt framlag í afskriftareikning útlána á árunum 2008–2010 nam 3,4 milljörðum króna og var það 1,4 milljörðum króna meira en bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2007. Í árslok 2007 var niðurfærsluhlutfall¹⁹ útlána sjóðsins 4,2% en til samanburðar var hlutfallið þá 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Í lok árs 2010 var niðurfærsluhlutfallið orðið 37,7% hjá Sparisjóði Bolungarvíkur en var á sama tíma 21,3% hjá sparisjóðunum í heild.


Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum auk framlags í afskriftareikning útlána.

16. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011. Í viðauka B er að finna töflu sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða.


17. Skýrsla Endurskoðunar Vestfjarða ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur 2008, 4. mars 2009.

18. Skýrsla Endurskoðunar Vestfjarða ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur 2010, 18. mars 2011.

19. Staða afskriftareiknings útlána sem hlutfall af heildarútlánnum.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.²⁰

Almennur rekstrarkostnaður breyttist lítið á árunum 2001–2006 og var í samræmi við vöxt sparisjóðsins. Árið 2007 hækkaði rekstrarkostnaðurinn um 31% frá fyrra ári og hélt síðan áfram að hækka næstu tvö ár en lækkaði í kjölfar hagræðingaraðgerða árið 2010. Eins og sjá má á mynd 3 var hlutfall rekstrarkostnaðar af meðaleignum sjóðsins á árunum 2001–2004 talsvert lægra en hjá sparisjóðunum í heild, en á árunum 2005–2008 var það svipað. Árin 2009–2011 var hlutfall almenns rekstrarkostnaðar af meðaleignum hærra hjá Sparisjóði Bolungarvíkur en hjá sparisjóðunum í heild. Mest bar á milli á árinu 2009 þegar munurinn var eitt prósentustig. Það ár var kostnaður vegna skuldatryggingarsamnings á Baug Group hf. við Sparisjóðabanka Íslands hf. færður meðal almenns rekstrarkostnaðar en með uppfærðum ársreikningi fyrir árið 2009 sem sparisjóðurinn sendi nefndinni hafði þessi fjárhæð verið færð sem virðisrýrnun útlána. Hún er látin standa hér sem rekstrarkostnaður eins og hún birtist í ársreikningi hjá ársreikningaskrá, þó með þessum fyrirvara.²¹

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.²²

Launakostnaður hjá Sparisjóði Bolungarvíkur var að jafnaði 40–50% af almennum rekstrarkostnaði allt tímabilið, að undanskildu árinu 2009 þegar hann var ekki nema 30%. Það skýrist af mikilli hækkun almenns rekstrarkostnaðar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar. Í töflu 4 er yfirlit um launakostnað hjá sparisjóðunum og fjölda stöðugilda miðað við heilsdagsstörf í lok hvers reikningsárs 2001–2011.

20. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

21. Töluskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 28. október 2013.


22. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011; Ársreikningar sparisjóðanna, 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.

Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.²³

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í lok árs	15	15	15	15	15	15	14	12	12	11	11
Launakostnaður	55.120	64.188	71.354	66.298	79.695	84.439	103.525	103.170	90.158	93.137	90.917
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	3.675	4.279	4.757	4.420	5.313	5.629	7.395	8.598	7.513	8.467	8.265
Laun og þóknar til yfirstjórnar	...	13.900	14.300	14.800	15.900	16.600	21.961	24.449	19.085	18.097	18.833
Þar af til sparisjóðsstjóra	10.500	10.900	11.600	12.300	16.151	18.329	14.548	13.813	14.253

Launakostnaður sparisjóðsins hækkaði verulega árið 2007, meðal annars vegna þess að hækking lífeyrisskuldbindingar það árið var 14,7 milljónir króna en var 2,5 milljónir árið áður. Þá hækkaði meðallaunakostnaður á stöðugildi um 31,4% og laun sparisjóðsstjóra hækkuðu um sama hlutfall. Þrátt fyrir fækkun starfsmanna árið 2008 lækkaði launakostnaður ekki en það ár hækkaði meðallaunakostnaður á stöðugildi um 16,3% og laun sparisjóðsstjóra um 13,5%. Launakostnaður lækkaði síðan talsvert árið 2009, þá lækkuðu meðallaun um 12,6% og laun sparisjóðsstjóra um 20,6%. Eins og sjá má á mynd 4 þróaðist launakostnaður á stöðugildi á svipaðan hátt hjá Sparisjóði Bolungarvíkur og hjá sparisjóðunum í heild, en eftir 2008 lækkuðu launin ekki að marki hjá Sparisjóði Bolungarvíkur eins og hjá öðrum sparisjóðum.²⁴ Stór hluti lækkunar meðallaunakostnaðar hjá öðrum sparisjóðum skýrðist af því að stærri sparisjóðir, sem gjarnan greiddu hærri laun en þeir minni, voru ekki starfandi lengur.

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Bolungarvíkur og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launapróun 2001–2011.²⁵



Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingastarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknatekjur að frádrögnum rekstrargjöldum og virðisryrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðs-skuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Í samþykktum sparisjóðsins var ekkert fjallað um fríðindi starfsmanna en í kafla VI um sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóra voru reglur um starfskjör stjórnar. Þar sagði að fyrir störf í þágu sparisjóðsins skyldi greiða stjórnarmönnum fasta, mánaðarlega þóknun sem ákveðin skyldi á aðalfundi ár hvert. Starfsmenn nutu ekki annarra fríðinda en þeirra almennu fríðinda sem tíðkuðust hjá sparisjóðunum.²⁶

Kaupaukagreiðsla til allra starfsmanna að fjárhæð 200 þúsund krónur miðað við fullt starf á árinu 2006 var samþykkt á fundi stjórnar 5. febrúar 2007. Það var eina greiðslan af þessu tagi á tímabilinu sem til umfjöllunar er.

Kjarnarekstur

Frá árinu 2001 til 2011 var tap af kjarnarekstri²⁷ Sparisjóðs Bolungarvíkur og skýrðist það fyrst og fremst af framlagi í afskriftareikning útlána. Hagnaður sparisjóðsins 2001–2007

23. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

24. Um launapróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

25. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Launavísitalan er frá Hagstofu Íslands.

26. Í 8. kafla má lesa almennt um risnu og fríðindi starfsmanna sparisjóðanna.

27. Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla.

var því borinn uppi af tekjum af fjáreignum. Vaxta- og þjónustutekjur stóðu undir almennum rekstrarkostnaði á árunum 2001, 2002, 2004 og 2005 en tæplega 2,1 milljón króna vantaði upp á árið 2006. Rekstrarkostnaður hækkaði umtalsvert á árinu 2007 og hélt áfram að hækka á árunum 2008 og 2009. Vantaði að jafnaði 70 milljónir króna til að samanlagðar vaxta- og þjónustutekjur stæðu undir almennum rekstrarkostnaði á árunum 2007–2009. Viðsnúningur varð árið 2010 þegar almennur rekstrarkostnaður lækkaði umtalsvert og var þá lægri en samanlagðar vaxta- og þjónustutekjur. Það ár var 432 milljóna króna tap á kjarnastarfsemi vegna 468 milljóna króna framlags í afskriftareikning útlána.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.²⁸


Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	101.991	189.779	106.417	114.476	155.488	145.006	136.791	153.279	201.265	223.869	185.007
Hreinar þjónustutekjur	24.873	25.803	29.082	26.070	32.216	22.773	20.452	26.426	25.005	21.382	22.065
Almennur rekstrarkostnaður	(112.765)	(123.139)	(135.952)	(132.362)	(164.590)	(169.871)	(223.780)	(256.403)	(298.552)	(204.820)	(203.490)
Afskr. rekstrarfjárm., rekstrarl. eigna o.fl.	(10.580)	(11.689)	(11.202)	(8.075)	(6.192)	(3.864)	(3.940)	(4.326)	(4.612)	(5.031)	(4.209)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(85.279)	(89.688)	(98.700)	(97.202)	(71.765)	(63.430)	(126.841)	(667.367)	(2.226.082)	(467.725)	(186.766)
Afkoma af kjarnastarfsemi fyrir skatt	(81.760)	(8.933)	(110.354)	(97.093)	(54.843)	(69.386)	(197.318)	(748.391)	(2.302.976)	(432.325)	(187.393)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	48.802	14.414	4.950	71.586	128.182	223.239	306.745	(1.879.446)	(2.632.282)	2.341.787	(78.714)

23.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Bolungarvíkur í lok árunna 2001–2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á árunum 2001–2011 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Bolungarvíkur 5,3 milljörðum króna en í árslok 2011 voru þær 4,9 milljarðar króna á verðlagi hvors árs um sig. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sparisjóðsins í árslok 2001 9,3 milljarðar króna og hafði hann því minnkað um nærri helming á þessum ellefu árum. Mynd 5 sýnir skiptingu eigna sparisjóðsins í lok árunna 2001–2011. Árin 2007 og 2008 skera sig úr en þá hljóp mikill vöxtur í eignir sjóðsins. Útlánin jukust verulega þessi tvö ár og hlutabréfaeignin margfaldaðist á árinu 2007.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2001–2011.²⁹

28. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

29. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

Útlán voru stærsti einstaki eignaliður sparisjóðsins og var vægi þeirra af heildareignum að jafnaði 58%. Í árslok 2003 varð hlutfall útlána lægst, eða 44%. Þá þurfti sparisjóðurinn að afskrifa útlán vegna gjaldþrots stórs viðskiptavinar. Útlán jukust umtalsvert á árunum 2007 og 2008, vægi þeirra af heildareignum hækkaði úr 54% í árslok 2006 í 66% í árslok 2008 þegar útlán námu 7,2 milljörðum króna og höfðu tvöfaldast frá árslokum 2006. Stóran þátt í þessari aukningu áttu útlán sem veitt voru með milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. Þau útlán töpuðust síðan að miklu leyti svo sem nánar er rakið hér aftar.

Í lok árs 2009 höfðu útlán dregist saman um tæpan helming frá fyrra ári og námu í árslok 3,8 milljörðum króna. Skýrðist það að stærstum hluta af ríflega 2,2 milljarða króna framlagi í afskriftareikning.

Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa, eða 83% í árslok 2008 og var hlutfallið óbreytt í árslok 2011. Útlán til einstaklinga fóru vaxandi frá árslokum 2001, er þau námu 23% af útlánnum sparisjóðsins, til ársloka 2005 þegar hlutfall þeirra var 61%. Eftir það lækkaði hlutfall útlána til einstaklinga jafnt og þétt og nam 37% í árslok 2011. Önnur útlán sparisjóðsins voru nær eingöngu til fyrirtækja en lán til opinberra aðila voru óveruleg allt tímabilið.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Bolungarvíkur í árslok 2001–2011.³⁰

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	3.369.974	2.995.038	2.333.975	2.620.389	2.805.027	3.468.533	5.078.937	7.186.645	3.746.465	3.334.893	3.502.414
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	100.971	126.869	188.938	229.306	103.265	97.943	226.643	893.437	1.994.113	2.051.121	476.218
Heildarútlán án fullnustueigna	3.470.946	3.121.907	2.522.913	2.849.695	2.908.292	3.566.476	5.305.580	8.080.082	5.740.578	5.386.014	3.978.632
Niðurfærsluhlutfall	2,9%	4,1%	7,5%	8,0%	3,6%	2,7%	4,3%	11,1%	34,7%	38,1%	12,0%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Staða á afskriftareikningi útlána hækkaði mjög á árunum 2008–2010. Hann stóð í tæpum 227 milljónum króna í árslok 2007, sem jafngilti 4,2% af heildarútlánnum. Í árslok 2010 var staðan orðin meira en nífalt hærri og nam þá ríflega tveimur milljörðum króna, sem jafngilti 34,7% af heildarútlánnum.

Kröfur á lánastofnanir voru sérgreindar í ársreikningum Sparisjóðs Bolungarvíkur allt fram til ársins 2007 þegar þær voru færðar undir sama lið og sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka o.fl. Kröfurnar námu 1,8 milljörðum króna í árslok 2003, sem jafngilti 33% af heildareignum, og var þar nánast eingöngu um að ræða kröfur á Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Kröfur á lánastofnanir voru aftur mjög háar í árslok 2008 þegar þær námu rúmum 1,7 milljörðum króna.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Fjáreignir voru stækkandi eignaliður hjá Sparisjóði Bolungarvíkur á árunum 2001–2007. Bókfært virði fjáreigna sparisjóðsins nánast fjórfaldaðist á þessu tímabili og nam nærri 3,7 milljörðum króna í árslok 2007. Þessi aukning var langt umfram vöxt heildareigna sjóðsins sem nam 75% á sama tímabili. Hlutfall fjáreigna af heildareignum sparisjóðsins hækkaði úr 18% í árslok 2001 í 41% í árslok 2007. Bókfært virði fjáreigna lækkaði síðan um rúman helming í árslok 2008. Munaði þar mest um 1,3 milljarða króna gangvirðis-lækkun hlutabréfa. Fjáreignir drógust enn frekar saman á árunum 2010 og 2011 og í lok árs 2011 var bókfært virði þeirra tæpur milljarður króna, eða liðlega 19% heildareigna. Til samanburðar má geta þess að hlutfall fjáreigna af heildareignum allra sparisjóðanna var 6,6% í árslok 2011.

Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum voru stærsti hluti fjáreigna sparisjóðsins á árunum 2001–2011, að undanskildu árinu 2007 þegar hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum voru 59% fjáreigna í lok árs. Á árunum 2001–2007 jukust eignir sjóðsins í skuldabréfum um 280% og í árslok 2007 námu þær 1,5 milljörðum króna, þar af voru skuldabréf útgefin af opinberum aðilum aðeins 23%. Í árslok 2008 hafði bókfært virði skuldabréfaeignar sjóðsins lækkað um 200 milljónir króna og var meginástæða lækk-

30. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

unarinnar 150 milljóna króna varúðarafskrift markaðsskuldabréfa.³¹ Í lok árunna 2009 og 2010 voru um 90% skuldabréfa í eigu sparisjóðsins útgefin af opinberum aðilum og 85% í lok árs 2011.

Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum námu 346 milljónum króna í árslok 2006, eða um 5% af heildareignum sparisjóðsins. Í árslok 2007 nam bókfært virði þessa eignaliðar 2,2 milljörðum króna, eða 24% af heildareignum. Þessi mikla aukning stafaði einkum af breyttri meðhöndlun á eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. í reikningshaldi sparisjóðsins Hann hafði verið færður sem hlutdeildarfélag en var nú settur í flokk veltuhlutabréfa. Einnig jók sparisjóðurinn hlut sinn í bankanum úr 3,26% í 4,59% og nam fjárfestingin 426 milljónum króna. Á árinu 2008 lækkaði gangvirði hlutabréfa umtalsvert og nam niðurfærslan tæplega 1,3 milljörðum króna, þar af var rúmur milljarður króna vegna 100% niðurfærslu á eignarhlutnum í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf.³² Í lok árs 2011 nam bókfært virði hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum 183 milljónum króna, eða 4% af heildareignum sjóðsins.


Hlutur sparisjóðsins í hlutdeildarfyrirtækjum var óverulegur á umræddu tímabili ef frá er talið árið 2006 þegar sjóðurinn keypti hlut í Fjárfestingarfélagi sparisjóðanna (FSP) auk þess sem eignarhlutur í Sparisjóðabanka Íslands hf. hækkaði um 204 milljónir króna. Í árslok 2007 voru aðeins eignarhlutir í Reiknistofu bankanna og Tölvumiðstöð sparisjóðanna/Teris eftir í flokki hlutdeildarfélaga sparisjóðsins.

Aðrar eignir greindust í rekstrarfjármuni, skattinneign og aðrar eignir. Þessi liður hækkaði umtalsvert á árunum 2008 og 2009 þegar tekjuskattsinneign myndaðist vegna taps af rekstri sjóðsins. Í lok árs 2008 nam tekjuskattsinneign 80 milljónum króna og hækkaði í 452 milljónir króna í lok árs 2009. Í lok árs 2011 var tekjuskattsinneign leyst upp að stærstum hluta vegna hagnaðar ársins 2010 og eftir stóðu 44 milljónir króna.

Skuldir

Innlán voru yfirleitt stærsti fjármögnunarpáttur Sparisjóðs Bolungarvíkur umrætt tímabil, nema árin 2008 og 2009 þegar skuldir við lánastofnanir voru meiri. Hlutfall milli innlána og útlána var mjög sveiflukennt. Lægst var hlutfallið 52% í árslok 2001 en hæst tveimur árum síðar þegar það var 101%. Í árslok 2008 fór hlutfallið aftur niður fyrir 53% en á því ári hækkuðu útláni mjög vegna falls krónunnar. Eftir fall bankanna var hlutfall innlána af útlánum að jafnaði um 100%.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Bolungarvíkur í lok árunna 2001–2011.³³



31. Skýrsla Endurskoðunar Vestfjarða ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur 2008, 4. mars 2009.

32. Skýrsla Endurskoðunar Vestfjarða ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur 2008, 4. mars 2009.

33. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

Lántökur sparisjóðsins voru einkum langtímalán í Sparisjóðabankanum og öðrum lánastofnunum, og í formi útgefina skuldabréfa. Sparisjóðurinn gerði lánasamning við Íbúðalánasjóð í lok árs 2004 og á árinu 2005 vegna fasteignaveðlána, og námu þeir samtals nærri 200 milljónum króna. Á árinu 2005 gaf sjóðurinn út skuldabréf fyrir 365 milljónir króna og aftur árið 2007 fyrir rúmar 400 milljónir króna.


Skuldir við lánastofnanir³⁴ jukust umtalsvert á árunum 2007 og 2008. Í árslok 2008 voru þær orðnar stærsti skuldaliður sjóðsins og námu 5 milljörðum króna. Þar af var skuld í erlendri mynt við Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. upp á 3,9 milljarða króna. Í lok árs 2009 námu skuldir Sparisjóðs Bolungarvíkur við lánastofnanir 3,9 milljörðum króna og var skuldareigandinn þá Seðlabanki Íslands.³⁵ Skuldin var gerð upp á árinu 2010 með samkomulagi við Seðlabankann um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins.

Víkjandi lán voru lengst af lítilvægur þáttur í fjármögnun sparisjóðsins. Á árinu 2008 tók sparisjóðurinn 200 milljóna króna víkjandi lán hjá Bygðastofnun. Í árslok 2010 námu víkjandi lán 264 milljónum króna og höfðu þá lækkað um líðlega 100 milljónir króna frá fyrra ári vegna samkomulags um endurskipulagningu skulda.³⁶

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Bolungarvíkur tók litlum breytingum á árunum 2001–2005. Stofnfé hækkaði milli ára fyrst og fremst við endurmat. Ráðist var í mikla stofnfjárukningu árið 2007 og var stofnfé þá aukið um 518 milljónir króna. Hlutfall stofnfjár af eigin fé var 8,9% í árslok 2001 og hækkaði með hverju ári. Það var orðið 38,3% í lok árs 2007. Varasjóðurinn hækkaði einnig óslitið til 2007. Eigið fé sparisjóðsins nam tveimur milljörðum króna í árslok 2007 og eiginfjárhlutfallið var þá 21,7%. Rekstur sjóðsins árið 2007 skilaði 255 milljóna króna hagnaði og að auki hækkaði eigið fé vegna upptöku IFRS á því ári um 113 milljónir króna. Árið eftir greiddi sparisjóðurinn stofnfjáreigendum 153 milljóna króna arð á grundvelli afkomunnar 2007 og nam arðgreiðslan 19,9% af stofnfé í árslok 2007. Það var umfram raunávöxtun eigin fjár, sem var 13,2% árið 2007 og var þetta þriðja árið í röð sem sparisjóðurinn greiddi arð umfram leyfilegt hámark.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Bolungarvíkur í lok árnanna 2001–2011.³⁷



34. Fyrirgreiðsla í formi millibankalána og ádráttarlína í erlendum myntum frá Sparisjóðabanka Íslands hf. var færð sem skuldir við lánastofnanir.

35. Í lok árs 2009 hafði Seðlabanki Íslands tekið yfir eignir og skuldir Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf.


36. Samningar um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Bolungarvíkur, samantekt fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 12. nóvember 2010.

37. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011.

Mikið tap varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2008, eða 1,6 milljarðar króna. Eigið fé í árslok 2008 féll við það niður í 234 milljónir króna og eiginfjárlutfallið niður í 2,41% og þar með niður fyrir lögbundið 8% lágmark. Árið 2009 var tapið enn meira, eða tæpir 2,3 milljarðar króna. Í árslok var eigið fé orðið neikvætt um rúma tvo milljarða króna og eiginfjárlutfallið neikvætt um 48,74%. Farið var í fjárhagslega endurskipulagningu og lauk henni með undirritun samkomulags við Seðlabanka Íslands 22. september 2010 um endurskipulagningu skulda sparisjóðsins.³⁸ Stofnfé sparisjóðsins var fært niður að mestu leyti og ríkissjóður, Byggðastofnun og Rekstrarfélag verðbréfasjóða hjá Íslenskum verðbréfum hf. gáfu eftir hluta af kröfum sínum og lögðu fram nýtt stofnfé upp á 635 milljónir króna. Í rekstrarreikningi ársins 2010 voru 2,7 milljarðar króna færðir til tekna vegna þessarar skuldbreytingar. Hagnaður af rekstri Sparisjóðs Bolungarvíkur á árinu 2010 nam 1,9 milljörðum króna og var meginskýringin þessi tekjufærsla.

Eigið fé í lok árs 2010 var 538 milljónir króna, bókfært eiginfjárlutfall var þá 10% og eiginfjárlutfallið (CAD) 16,18%, eða rétt yfir 16% lágmarkinu sem Fjármálaeftirlitið setti í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Árið 2011 var 85 milljóna króna tap á rekstri sjóðsins og í árslok nam eigið fé hans ríflega 453 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið komið niður í 14,51%.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Bolungarvíkur og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2011.³⁹



23.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán voru stærsta eign Sparisjóðs Bolungarvíkur á tímabilinu 2005–2011. Frá 2005 til 2007 uxu útlán sjóðsins úr 2,8 milljörðum í rúma 5 milljarða króna. Þau náðu svo hámarki í árslok 2008 þegar þau voru 7,1 milljarður króna eða um 65,6% af heildareignum sjóðsins.

Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Bolungarvíkur sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.⁴⁰

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	2.805.027	3.468.533	5.078.937	7.186.645	3.746.465	3.334.893	3.502.414
Eignir samtals	5.726.102	6.571.779	9.257.287	10.946.300	6.845.736	5.166.935	4.919.513
Útlán sem hlutfall af eignum	48,99%	52,78%	54,86%	65,65%	54,73%	64,54%	71,19%


38. Samningar um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Bolungarvíkur, samantekt fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 12. nóvember 2010.

39. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

40. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum Sparisjóðs Bolungarvíkur um útlán og vanskil jukust gengisbundin útlán sjóðsins úr 909 milljónum króna í árslok 2006 í 2.143 milljónir króna í lok árs 2007 og voru þau þá um 37% af heildarútlánnum sjóðsins. Í lok árs 2008 námu gengisbundin lán 3.863 milljónum króna eða um 46,7% af heildarútlánnum sjóðsins og var það hlutfall eitt það allra hæsta hjá sparisjóðunum á tímabilinu.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2010.⁴¹



Skuldabréf voru algengasta tegund útlána sparisjóðsins á tímabilinu 2005–2011. Önnur útlán sparisjóðsins voru aðallega yfirdráttarlán og afurða- og rekstrarlán.

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.⁴²

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	363.728	344.050	600.608	543.569	415.986	464.589	485.206
Afurða- og rekstrarlán	192.916	208.795	309.100	667.077	368.303	260.658	109.572
Vixlar	3.668	3.380	855	1.247	3.183		
Skuldabréf	2.244.715	2.912.308	4.168.374	5.972.869	2.958.991	2.609.645	2.907.636
Annað				1.883			
Samtals	2.805.027	3.468.533	5.078.937	7.186.645	3.746.464	3.334.892	3.502.414

Í töflu 9 má sjá hlutfallslega skiptingu lántakenda Sparisjóðs Bolungarvíkur. Árið 2005 var 61% útlána til einstaklinga en í lok árs 2011 hafði vægi þeirra minnkað í 36,6%. Á sama tíma jókst vægi lána til þjónustustarfsemi úr 4,8% í 22,1%. Þá jókst vægi útlána til sjávarútvegs úr 25,4% í 30,5%.

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Bolungarvíkur eftir atvinnugreinum 2005–2011.⁴³

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bæjar- og sveitarfélög	0,1%	1,0%	1,0%	1,7%	1,1%	1,3%	0,9%
Fyrirtæki	38,9%	43,5%	47,6%	58,1%	61,6%	58,8%	62,4%
Landbúnaður	1,9%	1,9%	1,5%	0,3%	0,5%	0,4%	3,6%
Sjávarútvegur	25,4%	31,7%	18,8%	34,3%	43,9%	32,0%	30,5%
Verslun	1,0%	1,3%	0,9%	0,9%	1,0%	1,1%	1,2%
Iðnaður og byggingaverktakar	5,8%	2,4%	1,8%	1,7%	1,1%	2,0%	2,4%
Samgöngur	–	–	1,0%	4,2%	1,0%	1,3%	2,6%
Þjónustustarfsemi	4,8%	6,2%	23,6%	16,7%	14,1%	22,0%	22,1%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	61,0%	55,5%	51,4%	40,2%	37,3%	39,9%	36,6%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Niðurfærslur útlána höfðu mikil áhrif á afkomu sparisjóðsins á tímabilinu 2008–2010. Í lok árs 2007 var staða afskriftareiknings útlána 226 milljónir króna, ári síðar stóð hann í 893 milljónum króna og í árslok 2009 í 1.994 milljónum króna, eða 34,7% af heildarútlánnum.

41. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Upplýsingar fyrir þriðja ársfjórðung 2008 miðast við 31. október 2008. Sjá nánari umfjöllun um skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og skýrslur um útlán og vanskil í 6. og 9. kafla.

42. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

43. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Bolungarvíkur og staða afskriftareiknings í árslok 2005–2011.⁴⁴

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	2.908.292	3.566.476	5.305.580	8.080.082	5.740.578	5.386.014	3.978.632
Staða afskriftareiknings í árslok	103.265	97.943	226.643	893.437	1.994.113	2.051.121	476.218
Útlán til viðskiptavina	2.805.027	3.468.533	5.078.937	7.186.645	3.746.465	3.334.893	3.502.414
Niðurfærsluhlutfall	3,6%	2,7%	4,3%	11,1%	34,7%	38,1%	12,5%
Framlag ársins í afskriftareikning	71.765	63.430	121.095	667.517	2.011.431	459.295	186.764
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	197.385	69.797	25.408	1.593	911.813	460.542	1.764.095

23.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Fjármálaeftirlitið vann ekki sérstaka eftirlitsskýrslu um Sparisjóð Bolungarvíkur á árunum 2005 til 2011 en í skýrslum um innri endurskoðun frá sama tímabili var að finna nokkrar athugasemdir.

Í skýrslu um innri endurskoðun ársins 2005 var sérstaklega bent á útlánaáættu og að ársreikningur sýndi að endanlega tapaðar kröfur næmu um 197,4 milljónum króna. Gjaldfærsla ársins 2005 væri þó mun lægri, eða 64,8 milljónir króna, en þó væri ljóst að verulegar fjárhæðir hefðu tapast á undanförunum árum. Eðlilegt væri að freista þess að lækka útlánatöp með skýrum markmiðum um útlánaáættu. Í skýrslu um innri endurskoðun fyrir árið 2006 var að finna samsvarandi athugasemdir. Ekki liggja fyrir skýrslur um innri endurskoðun sparisjóðsins frá 2007 til 2011. Að sögn sparisjóðsstjóra var enginn innri endurskoðandi hjá sjóðnum frá árinu 2008.⁴⁵

Fjallað var um útlánatöp sparisjóðsins í endurskoðunarskýrslu sjóðsins fyrir árið 2005. Kom þar fram að á síðustu sex árum hefðu afskrifuð, töpuð útlán sparisjóðsins numið 623 milljónum króna en vonir stæðu til að úr þessum töpum myndi draga á næstu árum þar á eftir. Þó þyrfti að halda áfram afskriftum fullnustueigna en sumar þeirra skiluðu sjóðnum ekki neinum tekjum og væru einungis byrði. Ekki liggja fyrir endurskoðunarskýrslur fyrir árin 2006 og 2007 en í endurskoðunarskýrslu ársins 2008 var sjónum einkum beint að niðurfærslu útlána og talin hætta á enn frekari útlána- og eignatöpum þrátt að fyrir að miklar niðurfærslur og afskriftir eigna hefðu þegar átt sér stað.

23.2.2 Útlánareglur og heimildir

Reglur um útlán hjá Sparisjóði Bolungarvíkur var annars vegar að finna í reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og hins vegar í útlánareglum sparisjóðsins.

Útlánareglur Sparisjóðs Bolungarvíkur voru settar samhliða starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra 22. janúar 2004. Í 1. gr. útlánareglanna sagði að þær væru settar á grundvelli reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum og hefðu að geyma almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðnum voru reglurnar ekki uppfærðar við tilkomu nýrra reglna um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum nr. 216/2007.⁴⁶ Í 2. gr. reglnanna sagði að meginmarkmið með útlánnum og ábyrgðarveitingum sparisjóðsins væri að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri sjóðsins og að viðhalda traustri eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu ásamt því að veita sem besta þjónustu á hverjum tíma. Við ákvörðun um fyrirgreiðslu skyldi þess gætt að heildarfjárhæð hennar væri í hæfilegu hlutfalli við eigið fé sjóðsins með hliðsjón af framlögðum tryggingum og fjárhag viðskiptaaðila. Þá bæri að skoða útlánaáættu vegna fjárhagslega tengdra aðila í einu lagi. Ekki var sérstaklega vikið að skilgreiningu á stórum áhættuskuldbindingum eða hver heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga mætti vera en þó kom fram að heildarskuldbinding eins eða tengdra aðila skyldi aldrei fara yfir 25% af eigin fé sjóðsins eins og það var skilgreint í 84. og 85. gr. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

44. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

45. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

46. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 1. maí 2013.

Að jafnaði skyldu teknar fullnægjandi tryggingar vegna skuldbindinga sem stofnað var til gagnvart sparisjóðnum. Ekki var þó að finna nánari skilgreiningu á því hvað teldist til fullnægjandi trygginga. Heimilt var að víkja frá þessari reglu ef upplýsingar sem fyrir lágu sýndu að ekki væri þörf sérstakra trygginga, enda skyldi fylgst með afkomu og fjárhag viðskiptaaðilans á meðan skuldbinding varði. Ekki kom fram í reglunum hvernig sú eftirfylgni skyldi framkvæmd og í skýrslu sparisjóðsstjóra fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að ekki hefði verið fylgst með afkomu og fjárhag viðskiptaaðila með skipulegum hætti.⁴⁷

Lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla við atvinnufyrirtæki áttu að taka mið af viðskiptum þeirra við sparisjóðinn ásamt upplýsingum um rekstur þeirra og fjárhag. Eftir því sem unnt væri skyldi aflað ársreikninga, rekstrar- og greiðsluáætlana og annarra fjárhagslegra upplýsinga frá viðskiptavinum og úr þeim unnið á skipulegan hátt. Sérstaklega var tekið fram í útlánareglunum að miða skyldi við raunmat á tryggingarandlagi og að gögn því til staðfestingar ætti að geyma með viðkomandi skjölum þegar um veð væri að ræða. Lán til einstaklinga skyldu taka mið af viðskiptum þeirra við sparisjóðinn og greiðslugetu.

Engin útlánanefnd var starfandi í sparisjóðnum heldur tók sparisjóðsstjóri ákvörðun um lánveitingar og ábyrgðir ef heildarskuldbinding aðila eða fjárhagslega tengdra aðila var innan við 1,5% af eigin fé sparisjóðsins. Útlánaheimild hans á tímabilinu frá janúar 2005 til október 2008 var því á bilinu frá tæpum 13 milljónum króna til tæpra 15 milljóna króna. Ef heildarskuldbinding eins eða fleiri fjárhagslega tengdra aðila fór fram úr 1,5% af bókfærðu eigin fé sjóðsins þurfti samþykki sparisjóðsstjórnar. Ákveðið misræmi var því milli heimilda sparisjóðsstjóra og stjórnar, annars vegar var vísað til 1,5% af eigin fé samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og hins vegar til 1,5% af bókfærðu eigin fé. Þá var hámark útlánaheimildar staðgengils sparisjóðsstjóra 1 milljón króna samkvæmt útlánareglum. Sparisjóðsstjóri átti að halda skrá yfir útlánaheimildir starfsmanna og breytingar á skránni þurftu samþykki hans. Í reglunum var ekki að finna ákvæði um hámarkslánveitingar til einnar atvinnugreinar til dreifingar á áhættu.

Reglur Sparisjóðs Bolungarvíkur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra voru settar 22. janúar 2004 með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga 161/2001 um fjármálafyrirtæki og til samþykktar sparisjóðsins og tóku til verkaskiptingar stjórnar og sparisjóðsstjóra.

Sparisjóðsstjóri sat stjórnarfundi sem skyldu haldnir einu sinni í mánuði að jafnaði. Útlánaeftirlit var á ábyrgð sparisjóðsstjórnar og var henni skylt að taka mánaðarlega fyrir yfirlit yfir skuldbindingar viðskiptaaðila með heildarskuldbindingu sem nam 2,5% eða meira af eigin fé sjóðsins. Á stjórnarfundum skyldi einnig gera grein fyrir heildarlánveitingum sem átt höfðu sér stað milli stjórnarfunda og lánveitingum og ábyrgðum til einstakra aðila umfram 0,5% af eigin fé sjóðsins. Á þriggja mánaða fresti átti stjórnin að skoða yfirlit yfir heildarvanskil eftir einstökum útlánaformum og einu sinni á ári skyldi lögð fyrir hana útlánaskýrsla yfir stöðu stærstu skuldara og vanskilaaðila með upplýsingum um greiðslutryggingar, sem skyldi unnin af innri endurskoðanda. Þá skyldi stjórnin fjalla árlega um framlag í afskriftareikning og tillögur um endanlegar afskriftir ásamt skýrslu um niðurstöður innri endurskoðunar, þar á meðal fyrirgreiðslu til venslaðra aðila.

Sparisjóðsstjórninni bar að setja markmið um áhættu í starfsemi, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp tryggt eftirlit með rekstrinum og fylgja því eftir. Sparisjóðsstjóri bar svo ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi fylgdu, móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn og fylgjast með því að eftirlitskerfið væri skilvirkt. Ekki voru sérstakar reglur um framkvæmd áhættustýringar í Sparisjóði Bolungarvíkur.

Í reglunum sagði að Fjármálaeftirlitið hefði veitt sjóðnum undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003. Skilyrði þess var að gerður væri samningur um árlega úttekt á innra eftirliti við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila. Þá var sérstaklega tekið fram í reglunum að innra eftirlit væri hluti af skipulagi sparisjóðsins og þáttur í áhættu- og eftirlitskerfi hans og að sparisjóðsstjórninni bæri að afgreiða tillögur

47. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

sem undirbúnar væru af sparisjóðsstjóra um innra eftirlit sjóðsins. Sparisjóðsstjórn bar að setja viðmið um hverjir gætu talist innherjar og á grundvelli þeirra átti regluvörður að útbúa innherjalista. Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðnum voru slík viðmið þó aldrei sett.⁴⁸

Starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra innihéldu almenn skilyrði um hæfi stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra og einnig um hæfi stjórnarmanna til afgreiðslu einstakra mála. Skýrt var kveðið á um meðferð mála er snertu viðskipti stjórnarmanna sjálfra og fyrirtækja á þeirra vegum, sem og þeirra sem töldust venslaðir þeim eða samkeppnisaðilar þeirra. Stjórn sparisjóðsins þurfti einnig að samþykkja þá samninga sem sparisjóðurinn gerði við sparisjóðsstjóra.

Í starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra kom fram að sparisjóðurinn hefði látið útbúa útlánareglur sem náðu til framkvæmdar á lánveitingum og ábyrgðum. Þar kæmu fram mörk heimilda sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna, auk fleiri mikilvægra atriða sem snertu útlánareglur sjóðsins. Starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra heimiluðu sparisjóðsstjóra að veita öðrum starfsmönnum sparisjóðsins umboð til að fara með afmarkaðar starfsheimildir sínar að fengnu samþykki stjórnar. Á hinn bóginn skyldi sparisjóðsstjórn ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra væri verulegt miðað við stærð sparisjóðsins, en nánar var kveðið á um mörkin í útlánareglum sjóðsins.

Starfsreglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána voru settar í desember 2003 á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana, sem og samþykta sparisjóðsins. Markmið með reglunum var að tryggja fagleg og vönduð vinnubrögð við mat á útlánnum sparisjóðsins og að færðar væru í afskriftareikning útlána nægilegar fjárhæðir, með hliðsjón af niðurstöðu slíks mats. Í reglunum kom meðal annars fram að til skoðunar í sérstök afskriftarframlög skyldu koma lánveitingar til aðila sem a) hefðu verið í vanskilum í 6 mánuði eða lengur, b) væru komnir í greiðslustöðvun, c) gert hefði verið árangurslaust fjárnám hjá, d) væru gjaldþrota, e) hefðu lagt fram beiðni um nauðasamninga, eða f) aðrar aðstæður ættu við sem skertu gjaldþol eða greiðslugetu þeirra og gerðu það líklegt að ekki yrði staðið að fullu við lánasamninga.

Fjárhæð sérstaks framlags í afskriftareikning útlána skyldi metið með tilliti til heildarskuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingaandlaga.

Endanlegar afskriftir útlána skyldu ákveðnar i) við lok gjaldþrotaskipta, ii) við skuldaeftirgjöf, eða iii) við árangurslaust fjárnám, þegar fyrir lægi mat lögmanns sparisjóðsins um að frekari innheimtuaðgerðir myndu ekki skila árangri.

23.2.3 Stærstu lántakendur

Rannsóknarnefndin valdi úrtak stærstu lántakenda sparisjóðsins til sérstakrar skoðunar og greiningar með það að markmiði að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti útlánastarfsemi og ástæður fyrir afskriftum útlána. Kannað var hvort útlánastarfsemi sparisjóðsins hefði verið í samræmi við reglur sjóðsins og gildandi lög og reglur.

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sem skila bar til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánnum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.⁴⁹ Úrtak tók mið af stærstu lántakendum í árslok 2008⁵⁰ og þeim sem voru með sérgreind framlög í afskriftareikning yfir 25 milljónum króna í lok árs 2009.

Í úrtakinu voru 15 lánahópar. Alls nam fyrirgreiðsla til þessara aðila 3,3 milljörðum króna í lok árs 2008 en á sama tíma nam sérgreind niðurfærsla vegna þeirra 452 milljónum króna. Í lok árs 2009 nam sérgreind niðurfærsla úrtaksins 1,2 milljörðum króna. Vægi úrtaksins af heildarútlánnum sparisjóðsins var á bilinu 27,5–42,7% á tímabilinu 2007–2011. Hlutfall úrtaks rannsóknarnefndar af sérgreindum afskriftum sparisjóðsins nam hæst 63,2% í árslok 2010.

48. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 1. maí 2013.

49. Sjá nánari umfjöllun í 6. og 9. kafla.

50. Undanskildar eru skuldbindingar Bolungarvíkurkaupstaðar.

Tafla 11. Úrtak rannsóknarnefndar af lánaþópum Sparisjóðs Bolungarvíkur 2007–2011.⁵¹

Pús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	1.541.301	3.283.801	2.302.496	2.237.249	1.094.737
Heildarútlán sparisjóðsins	5.305.580	8.080.082	5.740.578	5.386.014	3.978.632
Hlutfall úrtaks af heild	29,1%	40,6%	40,1%	41,5%	27,5%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	–	452.000	1.170.540	1.242.223	–
Sérgreindar afskriftir alls	43.550	839.936	1.569.112	1.966.225	429.524
Afskriftareikningur útlána (sémgr. og alm.)	226.643	893.437	1.994.113	2.051.121	476.218
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	–	53,8%	74,6%	63,2%	–

Við skoðun á lánaþópum í úrtaki rannsóknarnefndar komu fram dæmi um að sparisjóðsstjóri hefði farið út fyrir þær heimildir sem útlánareglur sjóðsins kváðu á um og veitt sjálfur lán sem honum bar að leggja fyrir stjórn.⁵² Þá voru mörg dæmi þess í fundargerðum stjórnar að lán væru samþykkt í íslenskum krónum, en síðan veitt í erlendri mynt án þess að þess væri getið í fundargerðum.⁵³ Skoðun á lánaþópum í úrtaki leiddi í ljós að verklagi við skilgreiningu á fjárhagslega tengdum aðilum var ábótavant. Til að mynda fundust nokkur dæmi þess að eigendur fyrirtækja sem voru með lán hjá sparisjóðnum væru ekki taldir fjárhagslega tengdir fyrirtækjum sínum á skýrslum sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar.

Við skoðun á úrtaki rannsóknarnefndarinnar komu í ljós ágallar á tryggingatöku. Til að mynda fékk fiskvinnslufyrirtæki í Bolungarvík lán gegn veði sem tryggt var með 3. veðrétti í bát í eigu fyrirtækisins. Lánið, sem nam 34 milljónum króna, var samþykkt á stjórnarfundi 10. júní 2005 gegn því að tekið yrði veð í fasteignum, kvóta og veittar sjálfskuldarábyrgðir. Gögn um veðsetningu sýna ekki að önnur veð en 3. veðréttur í bátum hafi verið lögð fram.⁵⁴

Hér á eftir fer umfjöllun um sjö lánaþópa hjá Sparisjóði Bolungarvíkur sem rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að gera nánari grein fyrir. Farið er yfir helstu lánveitingar til þessara aðila, hvort þær hafi verið í samræmi við lánareglur og gildandi lög og reglur á fjármálamarkaði og fjallað um mat sparisjóðsins á afskriftarþörf vegna þeirra. Skoðun á öðrum lánaþópum í úrtakinu gaf ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Hexa ehf. (Arnarmúli ehf.)

Arnarmúli ehf. var stofnað árið 2007 í þeim tilgangi að kaupa alla hluti í Hexa ehf. með sameiginlegu láni (sambankaláni) nokkurra sparisjóða, þ.á.m. Sparisjóðs Bolungarvíkur. Í árslok 2007 var Arnarmúli ehf. svo sameinað Hexa ehf. undir nafni þess síðarnefnda.⁵⁵ Eftir sameininguna voru aðaleigendur Hexa ehf. Guðmundur Sigþórsson (44%) og Sigurlaug Kristín Sævarsdóttir (19%). Nokkrum mánuðum eftir kaup Arnarmúla ehf. á Hexa ehf. eignaðist fyrirtækið annað félag, Kolt ehf., einnig með sambærilegu láni nokkurra sparisjóða með þátttöku sparisjóðsins. Lánveitingarnar voru báðar til komnar fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf.⁵⁶

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	165	–
2008	333	209
Gjaldprot 2009		

Afskrifað 2009: 315 milljónir króna

- Skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Bolungarvíkur, unnar af sparisjóðnum og skilað til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega. Einnig var stuðst við sundurliðanir sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar og útlánakerfi sparisjóðsins.
- Í athugasemdum Ásgeirs Sólbergssonar, sparisjóðsstjóra, til rannsóknarnefndarinnar 24. október 2013 kom fram að hann hafi hitt stjórnarformann vikulega og farið yfir stöðu sparisjóðsins. Þannig hafi hann, milli stjórnarfunda, borið lánveitingar undir formanninn og fengið samþykki fyrir þeim. Þá hafi framlengingar og skilmálabreytingar í framkvæmd almennt ekki verið borin undir stjórn.
- Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 24. október 2013 sagði sparisjóðsstjóri að á þessum tíma hefðu flest lán verið veitt í erlendri mynt og þetta því ekki óeðlilegt.
- Rannsóknarnefndinni gekk erfiðlega að afla upplýsinga hjá sparisjóðnum og svör voru oft óljós. Við skoðun á útlánnum ráku starfsmenn nefndarinnar sig oft á að í gögnum frá Sparisjóði Bolungarvíkur um einstök lánamál vantaði lánaskjöl. Var itrekað óskað eftir því við sparisjóðsstjóra að hann tryggði heildstæði gagna, með því að ábyrgjast að nefndinni hefði ávallt verið afhent öll skjöl sem sparisjóðurinn hafði um hvert lánamál fyrir sig en við því var ekki orðið. Rannsóknarnefndin getur því ekki treyst áreiðanleika þeirra upplýsinga sem bárust frá sjóðnum.
- Síðar var nafninu breytt í KK1905 ehf. Arnarmúli ehf. var afskráð. Samruni var tilkynntur til fyrirtækjaskrár í október 2008 og tók hann gildi frá lokum árs 2007. Í árslok 2007 og árslok 2008 eru skuldbindingar Arnarmúla ehf. annars vegar og Hexa ehf. hins vegar gefnar upp sem sérstakar skuldbindingar hvor um sig, þó um sé að ræða skuldbindingar sama félagsins. Tölurnar í töflu á spássiunni eru birtar sem samtala fyrir lán þessara félaga þó þau hafi ekki verið talin tilheyra sama „lánaþópnum“ enda ekki um slíkt að ræða þar sem félögin voru ekki til á sama tíma, annað var stofnað til að yfirtaka hitt.
- Sp-ráðgjöf ehf. var samstarfsverkefni fimm sparisjóða af landsbyggðinni og starfaði sem þjónustueining þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Sp-ráðgjöf ehf. var milligönguaðili sem veitti ekki útlán heldur voru lánin veitt af sparisjóðnum samkvæmt ákveðnu hlutfalli hverju sinni. Sjá nánari umfjöllun um Sp-ráðgjöf ehf. í 9. kafla. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 24. október 2013 sagði Ásgeir Sólbergsson að öll lánamál sem komu til sparisjóðsins fyrir tilstilli Sp-ráðgjafar ehf. hefðu verið unnin af forsvarsmönnum þess og hann gæti lítið sagt um þau.

Frá júní 2007 til október 2008 jukust skuldbindingar lántaka gagnvart Sparisjóði Bolungarvíkur úr 66 milljónum króna í 247 milljónir króna og var fyrirgreiðslan í erlendum myntum. Um var að ræða fjármögnun á svokallaðri skuldsettri yfirtöku með öfugum samruna.⁵⁷

Arnarmúli ehf. fékk þrjú lán í erlendum myntum, jafnvirði 277 milljóna króna, til kaupa á Hexa ehf. Allir samningarnir skiptust til helminga í svissneska franka og japönsk jen og voru dagsettur 14. maí 2007. Sparisjóðir sem tóku þátt í lánveitingum í gegnum Sp-ráðgjöf ehf. skiptu með sér hlutdeild í lánasamningum og var hlutur Sparisjóðs Bolungarvíkur í lánveitingunni 25%. Auk þeirra sparisjóða var Byr sparisjóður með 50% hlut í fjármögnuninni.⁵⁸

Tafla 12. Lán vegna kaupa Arnarmúla ehf. á Hexa ehf. í maí 2007.⁵⁹

Kr.	Höfuðstóll	Hlutur SpBol, 25%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	77.000.000	19.250.000	3 ár	Einn gjalddagi
Lán 2	70.000.000	17.500.000	3 ár	Mánaðarlega
Lán 3	130.000.000	32.500.000	3 ár	Mánaðarlega
Samtals	277.000.000	69.250.000		

Framlengingarheimildir voru háðar því skilyrði að lánin væru í skilum, tryggingar fullnægjandi og vaxtakjör í samræmi við fjármögnunarkostnað lánveitanda. Í stjórnarfundargerð sparisjóðsins frá 12. apríl 2007 sagði um lánveitinguna:

SP Ráðgjöf – HEXA 25%. Sparisjóðsstjóri kynnti beiðni um lán til kaupa á Hexa, sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnufatnaði og einkennisfatnaði fyrir opinbera aðila og stórfyrirtæki. Núverandi framkvæmdastjóri er að kaupa fyrirtækið ásamt nokkrum lykilstarfsmönnum. Fjármögnun upp á allt að 277 milljónir króna þar sem Sparisjóður Bolungarvíkur myndi fronta málið með láns hlutfall um 25% með hefðbundnar tryggingar. Stjórn samþykkti þátttöku með öllum greiddum atkvæðum.

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Bolungarvíkur 27. apríl 2007 var eftirfarandi bókun gerð:

Hexa ehf. Mál kynnt fyrir stjórn 27. mars, [hefði átt að vera 12. apríl, sbr. fyrri umfjöllun, virðist vera misritun] máli lokið með þátttöku Sparisjóðsins í Bolungarvík, sú breyting varð á að Byr Sparisjóður frontar þetta mál en Sparisjóðurinn í Bolungarvík er með 25% hlutdeild eins og gert var ráð fyrir.

Til tryggingar þessum lánveitingum voru handveð í tveimur bankareikningum í eigu Arnarmúla ehf. og Hexa ehf. ásamt handveðum í öllum hlutum eigenda í Arnarmúla ehf. og öllum hlutum Arnarmúla ehf. í Hexa ehf., tveir tryggingarvixlar með umboði til útfyllingar. Þá gaf Hexa ehf. út „yfirlýsingu um kvöð“ (e. *negative pledge*) sem var veðsetningarkvöð á allar almennar fjárkröfur samkvæmt vörureikningum, allar vörubirgðir fyrirtækisins og allt óskráð lausafé. Eignarhaldsfélagið Huldar ehf. sem var í eigu Hexa ehf. gaf einnig út veðsetningarkvöð á fasteign sína að Smiðjuvegi í Kópavogi. Þá gáfu helstu stjórnendur Hexa ehf. út yfirlýsingu sem í fólst loforð um að gegna sínum störfum í þágu fyrirtækisins og ekki stofna ný á meðan skuldastaða þess að mati sparisjóðsins væri með ákveðnum tilgreindum hætti.

Haustið 2007 leituðu forsvarsmenn Hexa ehf. til Sp-ráðgjafar ehf. með ósk um fjármögnun til kaupa á Kolti ehf. sem rak vinnufataverslunina Þjark að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi. Fyrirtækið hafði sérhæft sig í innflutningi á ódýrum vinnufatnaði frá Kína og var ætlunin að nýta samlegðaráhrif af sameiningu félaganna. Heildarkaupverð var 240 milljónir króna og var óskað eftir fullri fjármögnun. Sparisjóður Bolungarvíkur var í forsvari fyrir sameiginlegu láni sparisjóðanna til Hexa ehf., samtals að fjárhæð 240 milljónir króna, þar sem hlutur Sparisjóðs Bolungarvíkur var 25%. Þetta var samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins 4. september 2007.

57. Skuldsett yfirtaka með öfugum samruna fer fram með þeim hætti að félag A fær lán til að kaupa félag B. Til tryggingar skuldinni eru allir hlutir í A og B. Að nokkrum tíma liðnum (oft sex mánuðum) eru lán A á gjalddaga og eru þá endurfjármögnuð í kjölfar samruna A við B. Með þessu móti getur lán taki sett að veði þær eignir félags B sem keyptar voru fyrir upphaflegt lánsfé og lánveitandinn fær betri tryggingar fyrir láni sínu. Til að uppfylla ákvæði laga um einkahlutafélög er nokkur tími látinn líða frá kaupum á félagi B og samruna þess við A.

58. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 19. júní 2013.

59. Byggt á upplýsingum úr lánasamningum og fundargerðum stjórnar sparisjóðsins.

Gengið var frá þremur lánasamningum við Hexa ehf. í erlendum gjaldmiðlum 7. september 2007 sem skiptust til helminga í svissneska franka og japönsk jen.

Tafla 13. Lán vegna kaupa á Kolti ehf. í september 2007.⁶⁰

Kr.	Höfuðstóll	Hluttur SpBol, 25%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	90.000.000	22.500.000	3 ár	Einn gjalddagi
Lán 2	16.000.000	4.000.000	3 ár	Einn gjalddagi
Lán 3	134.000.000	33.500.000	7 ár	Mánaðarlega
Samtals	240.000.000	60.000.000		

Til tryggingar lánveitingunum var undirrituð handveðsýfirlýsing þar sem allir hlutir í Kolti ehf., samtals 500.000 krónur að nafnvirði, voru sagðir veðsettir Sparisjóði Bolungarvíkur. Á handveðsýfirlýsingunni kom fram að hinir veðsettu hlutir hefðu ekki verið gefnir út og væru ekki í vörslum veðhafa.⁶¹ Þá afhenti lántaki lánveitanda tvö „tryggingarvixilform“, eins og segir í lánasamningi, útgefin af lántaka ásamt umboði til útfyllingar.

Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Húnaþings og Stranda, Sparisjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis stofnuðu eignarhaldsfélagið Protinus ehf. á árinu 2007.⁶² Hinn 30. ágúst 2007 keypti Protinus ehf. Smiðjuveg 6 af Kolti ehf. á 46 milljónir króna gegn staðgreiðslu og leigði síðan félaginu til baka með leigusamningi til sex mánaða. Hinn 8. október var svo gerður annar kaupsamningur þar sem Protinus ehf. seldi Hexa ehf. sömu fasteign á 50 milljónir króna sem greiðast áttu við afhendingu húsnæðisins hinn 1. apríl 2008. Samkomulag um riftun kaupsamningsins milli Protinus ehf. og Hexa ehf. sökum vanefnda var gert 21. apríl 2009. Á sama tíma var leigusamningi milli Protinus ehf. og Kolts ehf. um sömu fasteign rift.

Í óundirrituðu minnisblaði sem fylgdi gögnum um lánveitingar til kaupa á Kolti ehf. sagði:

Við höfum lagt til að Protinus kaupi fasteign Koltar ehf. að Smiðjuvegi 6 á 46 milljónir og leigi síðan Kolti/Hexa þar til svigrúm gefst hjá þeim til þess að kaupa fasteignina til baka. Þeir fjármunir eru nú þegar til í Protinusi vegna þess að ekki varð af hlutafjárþátttöku í JK-fjárfestingum eins og til stóð.

Ekki var að finna neina bókun um þessi kaup í fundargerðum stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur.

Í lok nóvember 2007 var óskað eftir um 45 milljóna króna láni til handa Kolti ehf. fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. á þeirri forsendu „að ýmsir útgjaldaliðir hefðu reynst hærrí en ráð var fyrir gert“. Fékk félagið í desember 2007 eingreiðslulán til fjögurra ára með 25% þátttöku Sparisjóðs Bolungarvíkur. Til tryggingar láninu voru einungis afhentir tveir tryggingarvixlar á Kolt ehf. með umboði til útfyllingar.

Í byrjun desember 2007 gáfu Hexa ehf. og Koltur ehf. út tvö tryggingarbréf með 1. veðrétti í fasteignum, rekstrartækjum, þinglýstum leigurétti, vörubirgðum, vörureikningum og sérgreindu lausafé fyrirtækjanna á starfsstöð þeirra við Smiðjuveg. Annað tryggingarbréfið, sem Hexa ehf. gaf út, var að fjárhæð 160 milljónir króna, þinglýst á 1. veðrétt fasteignarinnar að Smiðjuvegi 10 ásamt rekstrartækjum að Smiðjuvegi 10 og 12 og með 1. veðrétti í vörubirgðum og vörureikningum. Tryggingabréfinu var þinglýst með athugasemd um að á 1. veðrétti í vörubirgðum og vörureikningum væri fyrir tryggingabréf að fjárhæð 3 milljónir sænskra króna. Tryggingabréfið til Sparisjóðs Bolungarvíkur var því á 2. veðrétti í vörubirgðum og vörureikningum. Þá var veðsett bifreið af gerðinni Renault Clio árgerð 1999. Hitt tryggingarbréfið að fjárhæð 120 milljónir króna var útgefið til tryggingar skuldum Kolts ehf. og Hexa ehf. og var þinglýst á 1. veðrétti fasteignarinnar að Smiðjuvegi 6.

Á þessum sama tíma var Smiðjuvegur 6 í eigu Protinusar ehf. og hafði verið frá því í ágúst sama ár, enda var veðsetningin samþykkt með undirskrift stjórnar Protinusar ehf. í desember 2007. Því verður ekki annað séð en að Protinus ehf., og þar með sparisjóðirnir sem

60. Byggt á upplýsingum úr lánasamningum og fundargerðum stjórnar sparisjóðsins.

61. Um handveðsýfirlýsingar sem þessar er nánar fjallað í 9. kafla.

62. Tilgangur félagsins samkvæmt ársreikningi var lánastarfsemi, rekstur fasteigna og skyldur rekstur.

að því stóðu, hafi lánað Kolti ehf. og Hexu ehf. 1. veðrétt í eign Protinusar til tryggingar skuldum félaganna tveggja við Sparisjóð Bolungarvíkur. Óskað var eftir skýringu á þessari veðsetningu hjá sparisjóðnum. Í svari sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar sagði:

Þegar Hexa gat ekki greitt af lánunum vegna kaupa á húsnæðinu, var Protinus stofnað og það félag yfirtók rekstur á húsnæðinu og allar veðskuldir sem hvíldu á húsnæðinu. Þetta tryggingarbréf er bara með veði í rekstrartækjum og fleiru, ætli að það hafi ekki verið krafa sýslumannsins í Kópavogi um að Protinus samþykkti þessa veðsetningu á rekstrarvörum sem eigandi húsnæðisins. Meira veit ég ekki.⁶³

Í ljósi þess að rannsóknarnefndin hafði fengið staðfest að tryggingabréfinu hefði samkvæmt efni sínu verið þinglýst á 1. veðrétt í Smiðjuvegi 6 fyrir skuldum Hexa ehf. og Kolts ehf. var sparisjóðsstjóri inntur eftir því hvort gengið hefði verið að veðum þegar félögin urðu gjaldþrota:

Ef þetta tryggingabréf hafi verið þinglýst á 1. veðrétt, þá er það trúlega mistök hjá sýslmanninum í Kópavogi, sem ég hafi ekki vitað um og þar af leiðandi ekki gert kröfu í búið.⁶⁴

Rétt er að taka fram að þar sem Sparisjóður Bolungarvíkur átti 25% eignarhlut í Protinus ehf., sem átti Smiðjuveg 6, og var 25% þátttakandi í sambankaláni til Hexa ehf. og Kolts ehf. verður ekki séð að sparisjóðurinn hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni þótt ekki hafi verið gengið að fasteigninni.

Í fundargerð stjórnar sparisjóðsins frá 2. desember 2008 var bókað að staða krónunnar væri að valda flestum fyrirtækjum hjá Sp-ráðgjöf ehf. miklum vandræðum. Um stöðu Hexa og Kolts kom eftirfarandi fram:

Slæmt mál að mati SpStjóra. Lagt er til að fyrirtækið verði selt en búast má við 120 mkr afskrift hjá SpB vegna þessa. Fyrirtækið er komið í sölumeðferð.

Í lok árs 2008 færði sparisjóðurinn sérgreint afskriftarframlag vegna lána sem veitt höfðu verið Arnarmúla ehf., samtals 110 milljónir króna, og í lok árs 2009 var framlagið tæplega 71 milljón króna. Sérgreint afskriftarframlag í lok árs 2008 vegna lána sem veitt voru Hexa ehf. var samtals 99 milljónir og tæplega 34 milljónir króna vegna ársins 2009 en það ár varð félagið gjaldþrota. Koltur ehf. varð gjaldþrota árið 2010. Sparisjóðurinn afskrifaði endanlega 315 milljónir króna vegna lána til Hexa ehf. og Arnarmúla ehf. á árinu 2009.

Hrói Höttur ehf. og DGN ehf.

Eignarhaldsfélagið H.H. ehf. sem síðar varð Hrói Höttur ehf. var í eigu Dagbjarts Bjarnasonar sem átti 33%, Fenja ehf., í eigu Hrafnhildar Hauksdóttur, sem átti 33%, Nikulásar Kristins Jónssonar sem átti 33% og Sp-eigna ehf. sem átti 1%. Gísli Ingason, eiginmaður Hrafnhildar, Nikulás og Dagbjartur áttu síðan þriðjungshlut hver í DGN ehf. sem var einnig með fyrirgreiðslu hjá Sparisjóði Bolungarvíkur en DGN ehf. var fasteignafélag og keypti húsnæði þar sem rekstur Hróa Hattar ehf. fór fram, á Smiðjuvegi í Kópavogi og Hjallahrauni í Hafnarfirði.

Í febrúar 2007 keypti Eignarhaldsfélag H.H. ehf., rekstur, vörumerki, viðskiptavild, lén, heimasíðu, öll tæki, áhöld, lager, innréttingar og búnað Hróa Hattar ehf. að Langarima 21–23, Fákafeni 11 og Smiðjuvegi 2, sem og bifreiðar. Kaupin voru fjármögnuð með sameiginlegu láni nokkurra sparisjóða til Eignarhaldsfélags H.H. ehf. fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. Hlutdeild Sparisjóðs Bolungarvíkur í láninu var 40%. Á stjórnarfundum Sparisjóðs Bolungarvíkur 5. febrúar 2007 var samþykkt heimild til þátttöku í sameiginlegri lánveitingu upp á 25%, sem næmi um 22–25 milljónum króna. Þegar til kom varð hlutur sparisjóðsins hins vegar rúmar 38 milljónir króna. Ekki var að finna samþykki fyrir þessari hækkun í fundargerðum stjórnar. Um var að ræða þrjá lánasamninga í erlendum gjaldmiðlum, samtals jafnvirði 95 milljóna króna.

Til tryggingar lánunum voru þrír handveðssamningar við eigendur Eignarhaldsfélags H.H. ehf. þar sem 99% af hlutum í félaginu voru veðsettir sparisjóðnum. Auk þess var gefið út 45 milljóna króna tryggingarbréf með 1. veðrétti í rekstrartækjum ásamt þinglýstum leigurétti,

Árslök (m.kr.)	Heildar- skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	77	–
2008	196	53
2009	301	189
2010	314	189
2011	82	–

Afskrift 2011: 251 milljón króna
Gjaldþrot 2012
Hrói Höttur ehf. og DGN ehf. tilheyrðu ekki sama lánahópi fyrr en 2010. Tölurnar hér miðast við að félögin hafi verið í sama hópi frá 2007.

63. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 24. júní 2013.

64. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 24. júní 2013.

vörubirgðum, vörureikningum og sérgreindu lausafé á starfsstöðvum fyrirtækisins, þar með talið bifreiðum. Þá voru gefnar út tvær yfirlýsingar um veð í almennum fjárkröfum, undirritaðar annars vegar af Visa Ísland og hins vegar af Kreditkortum ehf., þar sem félagin staðfestu að þeim væri kunnugt um veðsetningu á þeim kröfum sem Eignarhaldsfélag H.H.ehf. átti á hendur þeim. Í tilviki Kreditkorta ehf. virðist ekki hafa verið gengið svo frá að greiðslur færu inn á þann reikning félagsins sem veðsettur var sparisjóðnum. Greiðslur inn á reikning félagsins hjá Visa Ísland voru í vörslu veðsala en sparisjóðnum var heimilað að taka út af honum ef til vanskila kæmi. Eignarhaldsfélag H.H. lagði einnig fram handveðsyfirlýsingu um innistæðu á tékkareikningi þar sem inn áttu að koma afslættir sem félagið fengi af viðskiptum við Vífilfell hf. og réðust af umfangi viðskipta, án þess að það væri tilgreint nánar. Þessi tékkareikningur var líka í vörslu veðsala en sparisjóðnum heimilað að taka út af honum ef til vanskila kæmi.

Tafla 14. Lán til kaupa á Hróa Hetti ehf. í febrúar 2007.⁶⁵

Kr.	Höfuðstóll	Hluttur SpBol, 40%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	30.000.000	12.000.000	3 ár	Einn gjalddagi
Lán 2	30.000.000	12.000.000	3 ár	Mánaðarlega
Lán 3	35.000.000	14.000.000	3 ár	Mánaðarlega
Samtals	95.000.000	38.000.000		

Þá voru útbúnir tveir tryggingarvixlar með umboði til útfyllingar. Dagbjartur og Gísli gáfu einnig út sérstakar yfirlýsingar til sparisjóðsins þar sem þeir skuldbundu sig til að hætta ekki störfum fyrir félagið eða stofna ný fyrirtæki sem færu í samkeppni við það, án samþykkis sparisjóðsins.

Eignarhaldsfélag H.H. ehf. fékk eingreiðslulán til tveggja ára, jafnvirði 20 milljóna króna, 30. maí 2007. Lánið var til kaupa á vörumerkinu Pizzabæ, áhöldum, vefsíðu og viðskiptavild. Lánveitendur voru Sparisjóður Bolungarvíkur (56%) og Sparisjóður Húnaþings og Stranda (44%).

Til tryggingar láninu var gefið út 10 milljóna króna tryggingarbréf með 1. veðrétti í rekstrarækjum ásamt þinglýstum leigurétti, vörubirgðum, vörureikningum og sérgreindu lausafé sem fólst í færibandaofni, hrærivél, léninu Pizzabær og fjórum sjónvarpstækjum. Jafnframt samþykkti Eignarhaldsfélag H.H. tvo tryggingarvixla ásamt umboði til útfyllingar.

Í september 2007, þegar Eignarhaldsfélag H.H. ehf. og Hrói Höttur ehf. höfðu verið sameinuð undir síðarnefnda nafninu, fjármagnaði Sparisjóður Bolungarvíkur í samvinnu við aðra sparisjóði kaup félagsins á veitingastaðnum Hróa Hetti að Hjallahrauni 13 í Hafnarfirði, ásamt innréttingum, tækjum, viðskiptavild, bifreiðum o.fl., af Hróa ehf. á 48 milljónir króna. Lánsbeiðni Hróa Hattar ehf. var tekin fyrir hjá stjórn sparisjóðsins 2. október 2007:

SP-Ráðgjöf: Hrói Höttur Hafnarfirði. Sparisjóðsstjóri lagði fyrir stjórn beiðni um sambandkalan frá Hróa Hetti, til kaupa á Hróa Hattar veitingastaðnum í Hafnarfirði. Sparisjóðurinn væri með 50% hlut sem eru um 24 milljónir og fronta málið í framhaldi af fyrri viðskiptum við Hróa Hattar menn. Stjórn samþykkti þátttöku með hefðbundnum tryggingum.

Sparisjóður Húnaþings og Stranda fjármagnaði helming lánsins á móti Sparisjóði Bolungarvíkur. Um var að ræða tvo lánasamninga í erlendum myntum, jafnvirði 50 milljóna króna.

Tafla 15. Lán til kaupa á Hróa Hetti í Hafnarfirði í október 2007.⁶⁶

Kr.	Höfuðstóll	Hluttur SpBol, 50%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	23.000.000	11.500.000	3 ár	Einn gjalddagi
Lán 2	27.000.000	13.500.000	3 ár	Mánaðarlega
Samtals	50.000.000	25.000.000		

65. Byggt á upplýsingum úr lánasamningum.

66. Byggt á upplýsingum úr lánasamningum og fundargerðum stjórnar sparisjóðsins.

Til tryggingar lánveitingunum var tryggingarbréf að fjárhæð 54 milljónir króna með veði í rekstrartækjum ásamt þinglýstum leigurétti í fasteigninni að Hjallahrauni 13 ásamt veði í vörubirgðum, vörureikningum og sérgreindum bifreiðum. Þá voru samþykktir tveir tryggingarvixlar ásamt umboði til útfyllingar.

DGN ehf.⁶⁷ var í fullri eigu Gísla Ingasonar og Dagbjarts Bjarnasonar. Með afsali útgefna 18. september 2007 seldu þeir Nikulási K. Jónssyni 1/3 hlut í félaginu og áttu þeir þá sinn þriðjunginn hver.

Í september 2007 fékk DGN ehf. lán með 25% hlutdeild Sparisjóðs Bolungarvíkur, samtals jafnvirði 160 milljóna króna í erlendum myntum. Samkvæmt lánasamningi var tilgangur lánsins að fjármagna kaup á Hjallahrauni 13 í Hafnafirði og Smiðjuvegi 4a í Kópavogi þar sem Hrói Höttur var með starfsstöðvar, ásamt ýmsu lausafé. Kaupverð fasteignanna var samtals 161 milljón króna og var því um 100% fjármögnun að ræða. Samhliða kaupunum var gengið frá leigusamningi um fasteignirnar milli DGN ehf. og Hróa Hattar ehf. Til tryggingar skuldinni gaf DGN ehf. út tvö tryggingarbréf með veði í ofangreindum eignum, samtals að fjárhæð rúm 181 milljón króna. Eigendur DGN ehf. gáfu út handveð í öllum hlutum félagsins og lögðu fram yfirlýsingu frá stjórn þess um samþykki á veðsetningunni. Þá var einnig gengið frá tveimur tryggingarvixlum ásamt umboði til útfyllingar. Lánasamningurinn var undirritaður 26. september 2007 en lánveitingin var ekki afgreidd á fundi stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir en 2. október sama ár:

Sparisjóðsstjóri lagði fyrir stjórn beiðni um sambankalán frá DGN fasteignakaupum. Sparisjóðurinn væri með 33% hlut sem eru um 50 milljónir. DGN er félag stofnað til að kaupa fasteign þar sem Hrói Höttur í Hafnafirði er til húsa, auk þess að kaupa Smiðjuveg 4a, þar sem er eldhús sem á að gera birgðahald fyrir allan mat fyrir staðina. Félagið er í eigu sömu aðila og eiga Hróa Hött. Stjórn samþykkti þátttöku með hefðbundnum tryggingum.

Sparisjóður Bolungarvíkur skilgreindi Hróa Hött ehf. og DGN ehf. ekki sem fjárhagslega tengda aðila í skýrslum til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar fyrir en á seinni hluta árs 2010, þótt félögin væru bæði með fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum fyrir þann tíma. Aðspurður viðurkenndi sparisjóðsstjóri í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni að hann hefði aldrei tengt DGN ehf. við Hróa Hött ehf., en taldi að ef til vill hefði átt að gera það.⁶⁸

Í lok árs 2008 var fært 53 milljóna króna sérgreint afskriftarframlag vegna DGN ehf. og í lok árs 2009 var framlagið hækkað um tæpar 22 milljónir króna. Ekkert sérgreint afskriftarframlag var fært vegna Hróa Hattar ehf. á árinu 2008 en 114,5 milljónir króna á árinu 2009. Hrói Höttur ehf. var úrskurðað gjaldþrota 19. janúar 2012 og DGN ehf. 13. september 2012 og lán félaganna voru endanlega afskrifuð um 251 milljón króna á árinu 2011.

Útgerðarfélag

Stór lantaki með háar afskriftir hjá bankanum var útgerðarfélag í Bolungarvík sem gerði út netabát. Félagið var alfarið í eigu einstaklings. Frá árslokum 2006 til ársloka 2008 hækkuðu skuldbindingar félagsins við Sparisjóð Bolungarvíkur úr tæplega 77 milljónum króna í tæplega 380 milljónir króna. Lánin voru nær eingöngu í erlendum myntum en tilgangur lánanna var að stórum hluta fjármögnun á báta- og kvótakaupum.

Frá því í ágústmánuði 2004 fram til janúarmánaðar 2008 fékk félagið sex lán hjá Sparisjóði Bolungarvíkur, samtals jafnvirði um 245 milljóna króna.

Lánin voru flest til þriggja ára með háum lokaafbörgunum en með nokkuð löngum framlengingarheimildum. Lánin voru með veði í bátum og kom fram í öllum tryggingarbréfunum að veðsala væri óheimilt að skilja aflahlutdeild frá honum nema með þinglýstu samþykki veðhafa. Þá voru útgefniir tryggingarvixlar með upphaflegri höfuðstólsfjárhæð lánanna sem heimilt var að fylla út kæmi til vanefnda á lánnum félagsins.

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 12. ágúst 2004 var samþykkt lánveiting til einstaklings upp á 35 milljónir króna til báta- og kvótakaupa, án þess að frekar væri um það fjallað í fundargerð. Sá aðili hafði upphaflega ætlað að kaupa kvóta en úr varð að hann keypti

Árslok (m.kr.)	Heildar- skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	207	–
2008	380	–
2009	387	248
2010	393	238
2011	186	–

Afskrifað 2011: 233 milljónir króna

67. Samkvæmt samþykktum félagsins var tilgangur þess hvers konar fjárfestingastarfsemi, svo sem eignarhald, kaup og sala fasteigna, verðbréfa og hlutabréfa, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

68. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

félag ásamt kvóta. Í félagið var lagður netabáturinn ásamt kvóta sem hafði verið í eigu þess er keypti félagið.⁶⁹ Félagið gaf út veðskuldabréf í erlendum myntum, jafnvirði um 36,5 milljóna króna. Til tryggingar skuldinni var 1. veðréttur í vélbáti ásamt kvóta og var veðsala óheimilt að skilja aflahlutdeild frá veðsettum báti nema með þinglýstu samþykki sparisjóðsins. Til frekari tryggingar skuldinni voru Sparisjóði Bolungarvíkur framseld 20% af brúttóverðmæti og hvers konar brúttótekjum af hinu veðsetta, þar með talið hvers konar styrkjum af hendi hins opinbera.

Tafla 16. Lán til útgerðarfélags um netabát 2004–2008.⁷⁰

	Höfuðstóll	Lánstími	Afborganir
Lán 1	36.500.000	3 ár	ársfjórðungsl.
Lán 2	29.000.000	6 ár	ársfjórðungsl.
Lán 3	27.000.000	3 ár	ársfjórðungsl.
Lán 4	13.600.000	5 mánuðir	einn gjalddagi
Lán 5	104.000.000	3 ár	ársfjórðungsl.
Lán 6	35.000.000	3 ár	ársfjórðungsl.
Samtals	245.100.000		

Áður en til frekari lánveitinga sparisjóðsins kom, yfirtók félagið þrjú skuldabréfalán frá sjóðnum útgefin af eiganda sínum, með skilmálabreytingum dagsettum 9. mars 2006, samtals um 14 milljónir króna. Til tryggingar lánunum var 1. til 3. veðréttur í vélbát og var veðsala óheimilt að skilja aflahlutdeild frá skipinu nema með þinglýstu samþykki veðhafa. Til frekari tryggingar skuldinni voru Sparisjóði Bolungarvíkur framseld 30–35% af brúttóverðmæti og hvers konar brúttótekjum af hinu veðsetta, þar með töldum hvers konar styrkjum af hendi hins opinbera. Umræðu um þessa skuldskeytingu er ekki að finna í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins, þótt heildarskuldbinding félagsins hafi þar með orðið hærrí en 1,5% af eigin fé sparisjóðsins og því borið að fara fyrir stjórn.

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 17. ágúst 2006 var enn samþykkt að lána félaginu með veði í bát og kvóta og var gerður lánasamningur í erlendum myntum að jafnvirði 29 milljóna króna. Næst var fjallað um málefni útgerðarfélagsins á fundi stjórnar 5. febrúar 2007 en í fundargerð var bókað:

Sparisjóðsstjóri kynnti beiðni um lántöku til kvótakaupa. Boðið var veð í bát og kvóta. Stjórn samþykkti lánveitingu upp á 64 milljónir í erlendu láni með hefðbundnum tryggingum.

Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðsstjóra var þetta lán aldrei veitt.⁷¹

Í apríl 2007 veitti sparisjóðurinn félaginu lán í erlendum myntum að jafnvirði rúmra 27 milljóna króna. Engin stjórnarsamþykkt fannst fyrir lánveitingunni en sparisjóðsstjóri taldi trúlegt að lánið hefði verið veitt í krafti samþykktar stjórnar frá 5. febrúar 2007.⁷² Í maí 2009 var gerður viðauki við lánasamninginn um að endurgreiðslum yrði frestað um sex mánuði, auk þess sem sparisjóðnum var heimilað hvenær sem var á lánstímanum að myntbreyta samningnum yfir í evrur eða íslenskar krónur með verðtryggðum kjörum. Fundargerðir stjórnar bera ekki með sér að þessi frestun á endurgreiðslum hafi verið tekin þar fyrir. Til tryggingar láninu var þinglýst tveimur tryggingarbréfum í erlendum myntum á 6. og 7. veðrétti í vélbát, þá jafnvirði 28,5 milljóna króna.

Útgerðarfélagið fékk eingreiðslulán í erlendum myntum að jafnvirði 13,6 milljónir króna 10. maí 2007 sem skyldi endurgreiðast 1. október sama ár. Lánið var veitt til að fjármagna kaup á vélbáti auk grásleppuleyfis. Ekki var fjallað um lánveitinguna í stjórn sjóðsins. Samkvæmt lánasamningnum skyldi lánþegi gefa út tryggingarbréf í svissneskum frönskum að jafnvirði tæpra 16 milljóna króna, með 8. veðrétti í bátnum og var veðsala óheimilt að skilja aflahlutdeild frá skipinu nema með þinglýstu samþykki veðhafa.

Enn var fjallað um lánsbeiðni frá útgerðarfélaginu á stjórnarfundi sparisjóðsins 30. maí 2007:

69. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 14. júní 2013; tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 18. júní 2013.

70. Byggt á upplýsingum úr lánasamningnum og útlánagrunni sparisjóðsins.

71. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 26. júní 2013.

72. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 26. júní 2013.

Sparisjóðsstjóri kynnti beiðni um lán til Fiskihóls, til kvótakaupa ca. 30 tonn af þorsk. Lánaðar væru um 83 milljónir með hefðbundnum tryggingum, svo sem veði í bát og kvóta. Veðsetningarhlutfall yrði um 60% eftir lánveitingu.

Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðsstjóra var um að ræða lán í erlendum myntum, veitt 29. júní 2007, til kaupa á félagi sem átti kvóta sem að lokum hefði hljóðað upp á 104 milljónir króna.⁷³ Meðal annars hefðu bæst við samþykktá lánsfjárhæð 13,6 milljónir króna til að greiða skammtímalán vegna kvótakaupa en ráðstöfun á 7 milljónum króna gat hann ekki skýrt en grunaði að það væri í krafti stjórnarsamþykktarinnar frá 5. febrúar 2007.⁷⁴

Ný lánsbeiðni frá félaginu var tekin fyrir á stjórnarfundi sparisjóðsins 21. janúar 2008:

Sparisjóðsstjóri lagði fyrir stjórn beiðni frá Fiskihól ehf., um lán upp á kr. 35.000.000,- til kvótakaupa. Veði á bát og kvóta félagsins. Stjórn samþykkti lánveitinguna.

Premur dögum áður en lánið var samþykkt af stjórninni var undirritaður lánasamningur í erlendum myntum að jafnvirði 35 milljóna króna. Lánið átti að endurgreiða á þremur árum en það mátti framlengja fjórum sinnum til þriggja ára í senn. Til tryggingar skuldinni var tryggingarbréf í erlendri mynt, jafnvirði tæpra 40 milljóna króna, með 10. veðrétti í vélbáti.

Hinn 30. september 2008 keypti Icebank hf. fimm veðskuldabréf af Sparisjóði Bolungarvíkur, útgefin af útgerðarfélaginu, þá að eftirstöðvum 101 milljón króna

Í lok árs 2009 færði Sparisjóður Bolungarvíkur samtals 248 milljónir króna í sérgreindan afskriftareikning vegna lána til útgerðarfélagsins. Ástæðan var sú að félagið uppfyllti skilyrði til að vera tekið á „Beinu brautina“ sem stóð lífvænlegum litlum og meðalstórum fyrirtækjum til boða um tíma.⁷⁵ Í lok árs 2010 var afskriftarframlagið lækkað í 238 milljónir króna. Lán til félagsins voru endanlega afskrifuð á árinu 2011 um 233 milljónir króna.

Ferðapjónustufyrirtæki

Meðal stærstu lántaka sparisjóðsins var félag á sviði ferðapjónustu sem rak gistiheimili, veitingasölu og báta til sjóstangveiði. Frá árinu 2009 átti Sparisjóður Bolungarvíkur 32% hlut í félaginu en áður var það að fullu í eigu einstaklinga og einkahlutafélaga.⁷⁶ Frá árslokum 2006 til október 2008 hækkaði lánaufyrirgreiðsla félagsins hjá sparisjóðnum úr rúmum 29 milljónum króna í tæpar 236 milljónir króna. Í lok árs 2010 stóðu skuldbindingar félagsins við sparisjóðinn í tæpum 300 milljónum króna. Lán til félagsins voru flest í erlendum myntum en þau voru veitt til að endurfjármagna kaup á húsum, bátum og öðrum rekstrartækjum vegna ferðapjónustu tengdra sjóstangveiði og rekstri. Tryggingar að baki skuldbindingum félagsins voru bátar, sumarhús á Vestfjörðum og aðrar fasteignir. Þá undirrituðu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins samning þar sem þeir skuldbundu sig, að viðlögðu féviti, til að ráða sig ekki til samkeppnisaðila.

Stjórn sparisjóðsins fjallaði um lánsbeiðni frá ferðapjónustufyrirtækinu 8. maí 2007 og bókaði eftirfarandi:

Sparisjóðsstjóri kynnti beiðni um skammtímalán til [ferðapjónustufyrirtækisins], til að brúa bilið meðan gengið er frá sambankaláni til [sama félags]. Lánaðar væru um 30 milljónir til skamms tíma með veði í þeim 8 bátum sem búið er að afhenda. Það lán verður svo greitt upp framtíðar fjármögnun [svo]. Stjórn samþykkti að veita þetta skammtímalán.

Sparisjóðsstjóri fór yfir stöðu sambankalánsins eins og hún er í dag, samkvæmt upplýsingum frá SP-ráðgjöf. Rætt var um að vera með 40% aðild af 135 milljón króna láni gegn því að skuldir [félagsins] verði greiddar upp með láni frá Íbúðalánasjóði. Óskað var eftir

Árslok (m.kr.)	Heildar- skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	144	–
2008	262	25
2009	278	33
2010	297	63
2011	161	–

Afskrifað 2011: 110 milljónir króna

73. Töluskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 14. júní 2013.

74. Töluskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 26. júní 2013.

75. Úrræðið er heiti á samkomulagi fjármálfyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs, Félags atvinnurekenda, fjármálaráðuneytis og efnahags- og viðskiptaráðuneytis sem undirritað var 15. desember 2010. Í samkomulaginu fólst samræmt átak til að endurskipuleggja skuldir lítilla og meðalstórra lífvænlegra fyrirtækja sem skulduðu minna en 1.000 milljónir króna. Á grundvelli „Beinu brautarinnar“ veitti Samkeppniseftirlitið fjármálfyrirtækjum tímabundna heimild til að samræma úrlausnir vegna greiðsluvanda fyrirtækja til 30. júní 2012. Í athugasemdum Ásgeirs Sólbergssonar sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 24. október 2013 kom fram að ef búið hefði verið að leiðrétta erlendu lánin hefði félagið ekki þurft að fara í gegnum „Beinu brautina“.

76. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

að allar mögulegar tryggingar væru nýttar ásamt áheyrnarfulltrúa í stjórn, veði í hluta-
bréfum og að fjármálastjóri væri samþykktur af sparisjóðnum. Stjórn óskaði eftir frekari
skoðun á sambankaláninu.

Gengið var frá samningi 9. maí 2007 um eingreiðslulán í erlendri mynt að fjárhæð 30,5 milljónir króna, sem skyldi endurgreitt að fullu 6. ágúst 2007. Tilgangur lánveitingarinnar var samkvæmt samningnum að greiða inn á skuld vegna bátasmíða og til tryggingar voru gefin út átta tryggingarbréf, 4 milljónir króna hvert, með veði í bátum. Annar svipaður lánasamningur var gerður 27. maí 2007. Hann var í erlendum myntum að jafnvirði 15,2 milljóna króna og var lokadagur hans 6. ágúst 2007. Ekki er að sjá að lánveitingin hafi verið samþykkt af stjórn. Til tryggingar skuldinni voru gefin út fjögur tryggingarbréf, hvert um sig að fjárhæð 4 milljónir króna, með veði í bátum. Samið var um þriðja eingreiðslulánið til félagsins tveimur vikum síðar, 6. júní 2007. Það var til þriggja mánaða og gengistryggt að jafnvirði 30,5 milljóna króna. Stjórnarsamþykkt er ekki að finna í fundargerðum en tilgangur lánsins í samningi var standsetning þjónustu félagsins fyrir erlenda ferðamenn. Til tryggingar skuldinni voru gefin út átta 4 milljóna króna tryggingarbréf með veði í bátum.

Hinn 14. nóvember 2007 fjallaði stjórn sparisjóðsins um lánsbeiðni frá ferðaþjónustufyrirtækinu:

Sparisjóðsstjóri lagði fyrir stjórn beiðni um lán frá [ferðaþjónustufyrirtækinu], til endurfjármögnunar vegna standsetningar og kaupa á búnaði til reksturs ferðaþjónustu við sjóstangveiðimenn á Vestfjörðum. SpB myndi lána um 100 mkr. til 15 ára í erlendri mynt á móti láni frá Bygðastofnun upp á 72 mkr. Lánið á að nýtast til að greiða niður skammtímafjármögnun félagsins. Tryggingar verða í bátum félagsins, húsnæði félagsins og í hlutafé félagsins. Eftir þessa fjármögnun verða eftir um 32 mkr. sem félagið á eftir að fjármagna, á það að greiðast með 5 milljóna VSK endurgreiðslu, 10 milljónum auka frá Bygðastofnun auk 10 milljóna sem sparisjóðurinn á tryggingu fyrir. Það sem eftir stendur lagði SpStjóri til að væri breytt í hlutafé í [félaginu], eða um 10 mkr. Stjórn samþykkti lánveitinguna og heimilaði að athuga hlutafjárkaupin.

Gengistrygður lánasamningur að jafnvirði 110 milljóna króna var undirritaður 19. desember 2007. Fyrstu greiðslu af láninu, sem nam 1/30 af höfuðstóli, átti að greiða 1. september 2008. Jafnháar greiðslur skyldu fara fram á þriggja mánaða fresti fram til 1. mars 2010 þegar það sem eftir stæði yrði greitt í einni greiðslu. Heimilt var að framlengja lánið með sama endurgreiðsluferli til allt að tólf ára og sex mánaða, hefðu forsendur ekki raskast að mati lánveitanda.

Fyrir þessu láni voru sett veð þeirra lána sem það var notað til að greiða upp ásamt fleiri bátum sömu gerðar. Til tryggingar skuldinni voru því alls 22 fjögurra milljóna króna tryggingarbréf, með veði í jafnmörgum bátum. Þá var gefið út tryggingarbréf að fjárhæð 110 milljónir króna með 1. veðrétti, samhliða Bygðastofnun, í fasteign í Ísafjarðarbæ. Einnig átti að gefa út þrjú fjögurra milljóna króna tryggingarbréf með 1. veðrétti í sumarhúsum án fastanúmers, þá staðsett tímabundið á lóð, en samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðnum varð ekkert úr því þar sem í ljós kom að húsin voru þegar veðsett Glitni.⁷⁷ Með skilmálabreytingum á láninu 7. janúar og 17. nóvember 2008, og 4. febrúar og 20. desember 2010 var afbogunum frestað og lánstími lengdur. Með skilmálabreytingu 20. desember 2010 var gjaldföllnum afborgunum og vöxtum bætt við höfuðstól lánsins miðað við stöðu þess 26. nóvember 2010 að jafnvirði um 231 milljónar króna. Þar af voru gjaldfallnar 22 milljónir króna sem bættust við höfuðstól ásamt vöxtum. Í fundargerðir stjórnar sparisjóðsins er ekkert bókað um þessar skilmálabreytingar.

Ferðaþjónustufyrirtækið gaf út 15 milljóna króna viðbótartryggingarbréf 30. júlí 2007 með 2. veðrétti í ellefu sumarhúsum á Vestfjörðum. Á tryggingarbréfinu kom ekki fram hvað hvíldi á 1. veðrétti og lítur út fyrir að því hafi ekki verið þinglýst.⁷⁸

Félagið fékk 23 milljóna króna eingreiðslulán til sjö mánaða í nóvember 2008 án veða eða ábyrgðarmanna. Enga bókun um lánveitinguna var að finna í fundargerðum stjórnar, þótt lánsupphæðin væri yfir útlánaheimildum sparisjóðsstjóra.

77. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 14. júní 2013.

78. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 21. júní 2013.

Forsvarsmenn félagsins komu á fund í sparisjóðnum í mars 2009 og ræddu alvarlega stöðu fyrirtækisins. Á stjórnarfundum 17. mars 2009 var talið að von væri á ársreikningi frá fyrirtækinu og áætlun fyrir næsta ár. Á fundi stjórnar 13. nóvember samþykkti stjórn tillögu sparisjóðsstjóra um að breyta um 30 milljóna króna skuldum félagsins í hlutafé.

Í lok árs 2008 var fært 25 milljóna króna sérgreint afskriftarframlag vegna félagsins og ári síðar voru færðar 8 milljónir króna til viðbótar sem sérgreint afskriftarframlag. Í árslok 2010 var staða á sérgreindum afskriftareikningi 63 milljónir króna. Á árinu 2011 voru 110 milljónir króna endanlega afskrifaðar af lánnum félagsins og var þar tekið tillit til ólögmetis gengistryggðra lána og skilyrða vegna „Beinu brautarinnar“.

Flugrekstrarfélag

Í árslok var íslenskt flugrekstrarfélag með eina af stærstu skuldbindingum í sparisjóðnum. Sama félag átti tæplega eitt prósent hlutafjár í Sparisjóðabanka Íslands hf.⁷⁹

Sparisjóðurinn lánaði félaginu byggt á bókun í fundargerð stjórnar frá 9. september 2008 undir liðnum „Sala á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum“:

Sparisjóðsstjóri fór yfir stöðu Sparisjóðsins. CAD hlutfall sjóðsins er orðið lágt eða rétt rúmlega 10% en lögbundið lágmark er 8%, því verður að gera ráðstafanir nú til hækkunar á hlutfallinu. Sala á hluta eignar sjóðsins í fjármálafyrirtækjum hefur bein áhrif til hækkunar CAD hlutfalls. Sparisjóðsstjóri hefur fengið tilboð um að [félag sem átti félag sem átti flugrekstrarfélagið] kaupi bréf Saga Capital með endurkaupsrétt og hefur óskað eftir tilboðum í ÍV. Með þessum aðgerðum á CAD hlutfall sjóðsins að lagast um 2–3%. Stjórn samþykkti að veita sparisjóðsstjóra heimild til að hefja viðræður um sölu eða vistun eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Gerður var 198 milljóna króna lánasamningur 22. september 2008 með lokadag 23. janúar 2009. Tilgangur lánsins var að fjármagna kaup lántaka á hlutabréfum í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Til tryggingar skuldinni var gefin út handveðsyfirlýsing þar sem settir voru að veði 180 milljónir hluta að nafnverði í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

Rúmum þremur mánuðum síðar, í lok árs 2008, var fært 90 milljóna króna sérgreint afskriftarframlag vegna skuldbindingarinnar, samtals 90 milljónir króna og í lok árs 2009 staða á afskriftareikningi vegna félagsins 199 milljónir króna. Ástæður afskriftarinnar voru þær að undirliggjandi tryggingar urðu verðlausar og félagið sjálft eignalaust. Lánið var endanlega afskrifað á árinu 2009.

Dapes ehf.

Dapes ehf. var eignarhaldsfélag, stofnað í september 2007 til kaupa á stofnfjárbréfum í sparisjóðum.⁸⁰ Félagið var til helminga í eigu Heiðu Jónu Hauksdóttur og Kristjáns Valtýs K. Hjelm. Kristján var forstöðumaður og Heiða sérfræðingur hjá Sp-ráðgjöf ehf. Dapes ehf. átti um 0,7% stofnfjárbréfa í Sparisjóði Húnaþings og Stranda sem urðu að um 0,1% stofnfjárhlut í Sparisjóðnum í Keflavík þegar sparisjóðirnir sameinuðust.⁸¹

Lánsbeiðni frá Dapes ehf. var tekin fyrir á stjórnarfundum Sparisjóðs Bolungarvíkur 23. október 2007:

Sparisjóðsstjóri lagði fyrir stjórn beiðni um lán frá Dapes ehf., til kaupa á stofnfé í Sparisjóði Húnavetninga. Sjóðurinn væri með 100% hlut sem eru um 45 milljónir skammtímalán sem greiðist upp 1. maí næstkomandi. Dapes er félag stofnað af tveimur starfsmönnum SP ráðgjafar til fjárfestinga á þeirra eigin vegum. Lánið væri tryggt með veði í stofnfé í Sparisjóð Húnavetninga ásamt stofnfé í Sparisjóð Vestfirðinga og hlutafé í eigu félagsins. Stjórn samþykkti þátttöku.

Lánasamningur í erlendum gjaldmiðlum að jafnvirði 46 milljóna króna var undirritaður 29. október 2007. Lánið var eingreiðslulán á gjalddaga 1. maí 2008. Sparisjóðurinn fékk handveð í öllum hlutum í Dapes ehf., auk gagna um samþykki stjórnar félagsins á veðsetningu. Í handveðsyfirlýsingunum kom fram að hinir veðsettu hlutir hefðu ekki verið

Árslok (m.kr.)	Heildar- skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2008	209	90

Afskrifað 2009: 198 milljónir króna

Árslok (m.kr.)	Heildar- skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2008	114	75
2009	128	128
2010	143	132

Afskrifað 2011: 146 milljónir króna
Gjaldprot 2012

79. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

80. Skýrsla Kristjáns Hjelm fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. nóvember 2012.

81. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

gefnir út og væru því ekki í vörslu veðhafa. Veðsali skuldbatt sig hins vegar til þess að hafa umráð og vörslu veðsins á gildistíma veðsetningarinnar. Af samkomulagi aðila frá 2. október 2007 má ráða að til stóð að setja að veði stofnfjárbréfin sem ætluin var að kaupa, auk stofnfjárbréfa sem félagið átti fyrir í Sparisjóði Vestfirðinga, að nafnverði 500 þúsund krónur sem ekki varð. Um þessa lánveitingu sagði Kristján Hjelm í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni:

Við leitum út til sparisjóðanna, hvort þeir séu tilbúnir til að lána okkur 100% eða þannig, 100% mínus stofnun á félagi 500 þúsund kall, [og hjá Sparisjóði Bolungarvíkur voru okkur boðin] góð kjör, án allra trygginga, maður hafði bara aldrei séð aðra eins gjöf.⁸²

Af framangreindu má ráða að framkvæmd lánveitingarinnar og tryggingataka var ekki í samræmi við samþykkt stjórnar frá 23. október 2007, þar sem áskilið var að „lánið væri tryggt með veði í stofnfé í Sparisjóð Húnvetninga ásamt stofnfé í Sparisjóð Vestfirðinga og hlutafé í eigu félagsins“. Aðrar bókanir um Dapes ehf. er ekki að finna í stjórnarfundargerðum sparisjóðsins.

Í athugasemdum Ásgeirs Sólbergssonar, sparisjóðsstjóra, til rannsóknarnefndarinnar 24. október 2013 kom fram að Kristján hefði leitað til sparisjóðsins og sparisjóðsstjóri beðið starfsmann um að sjá um málið í fjarveru sinni. Það hefði misfarist að taka veði í bréfunum sjálfum en þegar það uppgötvaðist var búið að veðsetja Landsbanka Íslands bréfin. Eftir að stofnfjárbréfin urðu verðlaus fór sparisjóðurinn fram á að félagið yrði sett í þrot.

Í árslok 2008 færði sparisjóðurinn sérstakt afskriftarframlag vegna Dapes ehf., samtals 75 milljónir króna, og í árslok 2009 var það sem eftir stóð af láninu fært á sérgreindan afskriftareikning. Þá nam sérgreint afskriftarframlag vegna lána félagsins samtals um 132 milljónum króna en endanlegar afskriftir, sem fram fóru árið 2011, voru 146 milljónir króna. Dapes ehf. var úrskurðað gjaldþrota 20. júní 2012

23.2.4 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna

Starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra fólu stjórn sparisjóðsins að setja reglur um viðskipti starfsmanna sjóðsins, að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, og máttu þær koma fram í almennum útlánareglum hans. Í útlánareglunum kom fram að sparisjóðsstjóra var heimilt að veita starfsmönnum lán, enda væri slík fyrirgreiðsla á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptavina. Sparisjóðsstjóra bar þó að gera stjórn grein fyrir fyrirgreiðslu til starfsmanna á fyrsta stjórnarfundum á eftir, og skyldi hún færð í gerðabók. Í starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra kom enn fremur fram að samningar sparisjóðsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við sparisjóðsstjóra væru háðir samþykki stjórnar og skyldu bókaðir í gerðabók. Ákvæðið gildi einnig um maka sparisjóðsstjóra. Lán Sparisjóðs Bolungarvíkur til starfsmanna á tímabilinu 2005–2011 urðu mest 31 milljón króna í lok árs 2008.

Tafla 17. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Bolungarvíkur sem hlutfall af útlánnum 2005–2011.⁸³

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	2.805.027	10.346	0,37%
31.12.2006	3.468.533	11.241	0,32%
31.12.2007	5.078.937	30.218	0,59%
31.12.2008	7.186.645	30.997	0,43%
31.12.2009	3.746.465	23.624	0,63%
31.12.2010	3.334.893	24.903	0,75%
30.06.2011	3.750.565	23.508	0,63%

Stjórnnum sparisjóða bar að setja sér starfsreglur þar sem meðal annars skyldi fjallað um framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Jafnframt bar sparisjóðum að skila hálfárslega til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila þar sem fram kæmu allar

82. Skýrsla Kristjáns Hjelm fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. nóvember 2012. Í athugasemd Kristjáns Hjelm til rannsóknarnefndarinnar 6. mars 2014 kom hann því á framfæri að með því að tala um gjöf hefði hann átt við þau vaxtakjör sem boðin voru.

83. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.


fyrirgreiðslur til venslaðra aðila, það er stjórnarmanna, maka þeirra og barna, og félaga tengdra þeim, yfir 5 milljónum króna. Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2006, um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, skyldi sparisjóðurinn leggja fyrir innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir kjör fyrirgreiðslna til venslaðra aðila og bera þau saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina.

Í útlánareglum Sparisjóðs Bolungarvíkur var sérstaklega tiltekið að lánveitingar til stjórnarmanna þar sem heildarskuldbinding stjórnarmanns og maka væri yfir 5 milljónum króna, skyldi leggja fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Á árinu 2007 skilaði ytri endurskoðandi skýrslu um samanburð á kjörum venslaðra og óvenslaðra aðila hjá sparisjóðnum. Að mati hans komu ekki fram tilvik þar sem venslaðir aðilar voru taldir njóta betri kjara en sambærilegir óvenslaðir aðilar. Könnun rannsóknarnefndar á fyrirgreiðslum sparisjóðsins við venslaða aðila á tímabilinu 2005–2010 í útlánagrunni sparisjóðanna gaf ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

23.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Bolungarvíkur setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar en um þær var fjallað í reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra. Þar kom fram að um mörk heimilda sparisjóðsstjóra til fjárfestinga í verðbréfum færi samkvæmt reglum stjórnar sparisjóðsins um áhættustýringu en ekki voru til neinar reglur um áhættustýringu sparisjóðsins.⁸⁴ Samkvæmt sömu reglum skyldi stjórn sparisjóðsins fjalla um meiriháttar eða óvenjulegar fjárfestingar, auk fjárfestinga í öðrum fasteignum en fullnustueignum. Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að stórar fjárfestingar hafa verið bornar undir stjórn.

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2005–2011.⁸⁵




Árið 2005 nam samanlögð verðbréfaeign allra minni sparisjóðanna 157% af samanlögðu eigin fé þeirra en hæst varð hlutfallið 401% í árslok 2008.⁸⁶ Í Sparisjóði Bolungarvíkur voru fjáreignir mun hærra hlutfall af bókfærðu eigin fé sjóðsins en í öðrum minni sparisjóðum, eða allt að 756% árið 2008, en það var einkum vegna lækkunar á eigin fé sparisjóðsins á árinu 2008. Ef frá er talið árið 2009, þegar eigið fé var neikvætt og hlutfall fjáreigna af eigin fé einnig, var hlutfall fjáreigna af eigin fé sparisjóðsins lægst árið 2006, þegar það var 186%. Hlutfall fjáreigna Sparisjóðs Bolungarvíkur af heildareignum varð mest 41% í árslok 2007 en á sama tíma voru fjáreignir 26% af samanlögðum heildareignum minni sparisjóða.

84. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 2. maí 2013.

85. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011, ársreikningar minni sparisjóða 2005–2011.

86. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2005–2011.⁸⁷



Skuldabréfaeign Sparisjóðs Bolungarvíkur nam 1,2–1,6 milljörðum króna frá því í lok árs 2005 til loka árs 2010 en eignin hafði dregist saman í lok árs 2011. Stærsta skuldabréfaeign sparisjóðsins á tímabilinu var í íbúðabréfum en í þeim átti sparisjóðurinn til dæmis 751 milljón króna að bókfærðu virði í lok árs 2005. Mest átti sparisjóðurinn af íbúðabréfum í lok árs 2009, eða 1,4 milljarða króna. Meðal annarra stórra skuldabréfaeigna 2005–2011 voru spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og sjóðir Íslenskra verðbréfa hf. Á árunum 2006 og 2007 átti sparisjóðurinn töluvert af skuldabréfum útgefnum af íslenskum fyrirtækjum. Í árslok 2006 átti hann um 50 milljónir að bókfærðu virði í skuldabréfum útgefnum af Sparisjóði Keflavíkur og Exista hf., 80 milljónir að bókfærðu virði í skuldabréfum FL Group hf., 54 milljónir króna af bréfum Fasteignafélagsins Stoða hf. og 57 milljóna króna skuldabréf útgefið af Meiði ehf. (síðar Exista hf.). Árið 2007 átti sparisjóðurinn mest af skuldabréfum útgefnum af Baugi Group hf., Samson eignarhaldsfélagi ehf., Olúfélaginu hf., FL Group hf., Nýsi hf., Fasteignafélaginu Stoðum hf. og Meiði ehf.

Tafla 18. Fjáreignir Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2005–2011.⁸⁸

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.*	184.302	388.758	1.048.646	–	–	–	–
Reiknistofa bankanna	5.585	5.585	5.585	5.585	5.585	5.585	–
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	6.403	4.823	9.510	17.133	18.349	15.933	26.752
Samtals	196.290	399.166	1.063.741	22.718	23.934	21.518	26.752
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	–	–	207.000	–	9.000	–	–
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	79.000	136.846	328.941	93.983	–	–	–
FSP Holding ehf.	–	–	26.462	51.600	15.000	500	500
Íslensk verðbréf hf.	28.400	28.400	186.117	–	–	–	–
Samtals	107.400	165.246	748.520	145.583	24.000	500	500
Sparisj. í Keflavík / Sparisj. Vestfirðinga	–	–	91.429	91.429	5.000	–	–
Samtals	–	–	91.429	91.429	5.000	–	–
Landsbanki Íslands hf.	61.739	10.448	1.075	–	–	–	–
SP-Fjármögnun hf.	36.869	36.869	–	–	–	–	–
Bakkavík hf.	36.703	25.703	20.300	31.026	–	–	–
Íslensk eignastýring ehf.	–	38.102	69.175	69.175	20.000	20.000	20.000
Kaupþing banki hf.	19.691	35.891	2.483	–	–	–	–
Klöfningur hf.	–	–	–	–	–	84.665	84.665
Íslensk verðbréf 2005	25.501	–	–	–	–	–	–
ÍV - Nordic Note	–	–	25.000	17.000	19.000	23.000	23.500
ÍV - Verðbréf 2 - Skuldabréfasjóður	21.270	–	–	–	–	–	–
Kaupþing - Úrvalsvisitölusjóður	20.480	9.579	–	–	–	–	–
Aðrar fjáreignir	135.976	161.427	211.658	89.685	80.184	47.914	54.803
Samtals	358.229	318.019	329.691	206.886	119.184	175.578	182.968
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	1.248.834	1.259.539	1.519.274	1.305.046	1.653.903	1.202.794	715.758
Samtals	1.910.753	2.141.970	3.752.654	1.771.662	1.826.021	1.400.390	925.978

*Hlutdeildarfélag fram til ársins 2007.

87. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

88. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

Í byrjun aldarinnar seldi Sparisjóður Bolungarvíkur hluti sína í Scandinavian Holding S.A. og Kaupþingi hf. árin 2000 og 2001 og hagnaðist nokkuð á þeirri sölu. Gengishagnaður ársins 2001 var til að mynda um 125 milljónir króna en lítills háttar tap varð á sama lið á árinu 2002. Samkvæmt endurskoðendaskýrslu ársins 2002 var söluhagnaður hlutabréfa 46 milljónir króna árið 2002 og 97 milljónir króna árið 2001. Því hafði verðbréfaeign sparisjóðsins skilað honum töluverðum innlestum hagnaði fyrir 2005.

Frá 2005 var hlutur í Sparisjóðabanka Íslands hf. stærsta hlutabréfaeign Sparisjóðs Bolungarvíkur en bréfin voru bókfærð á 1.048 milljónir króna í lok árs 2007. Árið 2007 var mati á þessari eign breytt þegar farið var að bókfæra bréfin á gangvirdi en áður hafði eignarhluturinn verið færður sem hlutdeildarfélag sem hækkaði eða lækkaði í bókum sparisjóðsins eftir rekstrarniðurstöðu bankans. Sparisjóðurinn tók þátt í hlutafjárútboði Sparisjóðabanka Íslands hf. á árinu 2006 og á fundi sínum 11. apríl það ár samþykkti stjórn sparisjóðsins að kaupa hlutabréf fyrir 20 milljónir króna. Þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Byr sparisjóður seldu stóran hlut eignar sinnar í Sparisjóðabankanum síðla árs 2007, keypti Sparisjóður Bolungarvíkur 1,33% hlut í bankanum fyrir 426 milljónir króna og varð eignarhlutur sparisjóðsins við það 4,59%. Þessi kaup voru samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins 23. október 2007 en á sama fundi var jafnframt veitt heimild til að selja hlutabréf sparisjóðsins í SP Fjármögnun hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf. í því skyni að auka frekar við hlut sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands hf. Ásgeir Sólbergsson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Bolungarvíkur sat í bankaráði Sparisjóðabankans (Icebank) frá því í október 2008.⁸⁹

Tafla 19. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.⁹⁰

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Sparisjóðabanki Íslands / Icebank hf.	78.480	184.550	233.225	(1.050.498)				(554.243)
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	0	32.000	192.096	(228.762)	(93.983)			(98.649)
Sparisjóðurinn í Keflavík / Sparisjóður Vestfirðinga			675	17.772	(86.429)	(5.000)		(72.982)
FSP Holding ehf.					(36.600)	(14.500)		(51.100)
Bakkavík hf.	(3.999)				(31.026)			(35.025)
Saga Capital hf. / Saga eignarhaldsfélag ehf.				(9.000)	(9.000)	(1.500)	(4.000)	(23.500)
ÍV - Verðbréfasjóðir	7.019	1.800		(11.051)	(11.582)	4.000	(1.402)	(11.216)
Carnegie funds		1.706	3.929	(6.670)				(1.035)
Íslensk eignastýring ehf.			35.268	5.107	(29.625)	510	420	11.680
Kaupþing banki hf.	12.635	114	597	(237)				13.110
CF fjárfestingar ehf. (söluhagnaður)	13.304							13.304
Norðureyri ehf. (söluhagnaður)	14.859							14.859
Íslandsbanki hf. / Giltirnir banki hf.	15.740	208	178	941				17.067
Landsbanki Íslands hf.	37.858	732	158	(365)				38.382
Alþjóða líffryggingafélagið hf. (söluhagnaður)	39.238							39.238
SP-Fjármögnun hf.		18.669	40.715					59.384
Valitor hf.	405	665	1.857				39.074	42.002
Íslensk verðbréf hf.	11.823	10.430	23.692	22.575				68.520
Önnur hlutdeildarfélög	(598)	(1.580)	2.163	1.783	1.216	(2.416)	10.819	11.387
Skuldabréf	(51.441)	9.847	(19.901)	(201.231)	(178.925)	76.270	36.798	(328.583)
Annað	(7.137)	16.594	(40.461)	308.148	(56.839)	(10.431)	(7.188)	202.685
Arður	882	2.112	1.653	1.163	74		2.358	8.242
Samtals	169.069	277.847	475.844	(1.150.326)	(532.719)	46.932	76.880	(636.472)

Aðrar stórar hlutabréfaeignir sparisjóðsins voru í VBS Fjárfestingarbanka hf., Íslenskum verðbréfum hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Líkt og margir aðrir sparisjóðir átti Sparisjóður Bolungarvíkur hlut í Fjárfestingarfélagi sparisjóðanna hf. (síðar FSP hf.). Stjórn sparisjóðsins samþykkti á stjórnarfundum 3. maí 2005 að taka þátt í hlutafjárukningu félagsins og kaupa fyrir 20 milljónir króna. Í ársbyrjun 2007 sameinuðust FSP hf. og VBS Fjárfestingarbanki hf. Samkvæmt ársreikningi VBS Fjárfestingarbanka hf. fyrir rekstrarárið 2007 jókst eigið fé bankans um 4,1 milljarð króna við sameininguna.

89. Fundargerð hluthafafundar Icebank hf., 17. október 2008.

90. Samkvæmt sundurliðunum sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar. Fyrir árið 2009 bætist við virðisrýrnun nokkurra fjáreigna sem ekki var færð meðal þeirra í ársreikningi heldur undir liðinn „virðisrýrnun eigna“ sem er sundurliðaður í skýringu 13 á bls. 22 í ársreikningi.


Sparisjóður Bolungarvíkur átti 3,2% hlut í Íslenskum verðbréfum hf. í árslok 2005 og 2006. Á fundi stjórnar 20. febrúar 2007 var samþykkt að sparisjóðsstjóri keypti hlut í félaginu sem næmi 3 milljónum króna að nafnvirði á genginu 18. Í lok árs 2007 átti sparisjóðurinn 4,1% í félaginu en vegna breytinga á verðmatsaðferðum milli ársreiknings 2006 og 2007 hækkaði virði Íslenskra verðbréfa hf. í bókum sparisjóðsins um tæpar 158 milljónir króna milli ára.

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 20. febrúar 2007 óskaði sparisjóðsstjóri eftir heimild til þess að fjárfesta í nýjum banka, Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Stjórnin veitti honum heimild til að fjárfesta fyrir allt að 160 milljónir króna sem væri um 2% eignarhlutur. Í lok árána 2007, 2008 og 2009 átti sparisjóðurinn 180 milljónir króna í bankanum, sem var um 1,86% eignarhlutur samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað var til ríkisskattstjóra. Sparisjóðurinn fékk svo hlut í Hildu hf. og Sögu eignarhaldsfélagi hf. fyrir hluti sína í Saga Capital þegar fjárfestingarbankinn gekkst undir fjárhagslega endurskipulagningu.

Sparisjóðabanki Íslands hf. var hlutdeildarfélag Sparisjóðs Bolungarvíkur á árunum 2005 og 2006 og varð góð rekstrarafkoma bankans þessi tvö ár til þess að hækka virði hans í bókum sparisjóðsins. Nýjar matsaðferðir sem teknar voru upp á árinu 2007 urðu til þess að sparisjóðurinn hafði töluverðar tekjur af þessari sömu eign, en hún var færð niður að fullu á árinu 2008 og hafði það mikil áhrif á rekstur sparisjóðsins. Breytt verðmat á VBS Fjárfestingarbanka hf. og áður FSP hf. höfðu einnig sín áhrif á rekstrarafkomu sparisjóðsins á árunum 2006–2009.

Auk þeirra tekna og gjalda sem fram koma í töflu 19 hafði skuldabréfaeign sparisjóðsins áhrif á tekjur hans. Tap vegna skuldabréfa á árinu 2008 nam um 200 milljónum króna og 179 milljónum króna á árinu 2009. Tekjur af skuldabréfum árið 2010 voru 76 milljónir króna og um 37 milljónir króna árið eftir.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.⁹¹



Afkoma af fjáreignum hafði nokkur áhrif á tekjur Sparisjóðs Bolungarvíkur á tímabilinu 2005–2011. Aðrar hreinar rekstrartekjur höfðu minni áhrif á rekstur frá 2006 til 2009. Árið 2006 voru tekjur af fjáreignum nær allur hagnaður ársins og árið 2007 var hagnaður af fjáreignum meiri en hagnaður af rekstri sparisjóðsins. Tap ársins 2008 var einkum vegna taps á fjáreignum en afskriftir útlána áttu þó einnig hlut að máli. Tap sparisjóðsins árið 2009 var nær eingöngu vegna afskrifta á útlánum og hagnað ársins 2010 má nær alfarið rekja til niðurfellinga á skuldum sparisjóðsins við Seðlabanka Íslands. Niðurfellingarnar námu 2,7 milljörðum króna en hagnaður sparisjóðsins fyrir skatta nam 1,9 milljörðum króna. Því hefði orðið tap af rekstrinum ef þessar skuldaniðurfellingar hefðu ekki komið til. Sparisjóðurinn hafði tekjur af fjáreignum á árinu 2011 en tap var á rekstri sparisjóðsins það ár. Uppsafnaður hagnaður af fjáreignum á árunum 2001–2007 á föstu verðlagi ársins

91. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

2011 nam um 2 milljörðum króna en tap árána 2008–2011 nam 1,8 milljörðum króna á sama verðlagi. Sparisjóðsstjóri taldi sig hafa dreift áhættu af fjáreignum sparisjóðsins eftir fremsta megni og sagði það hafa komið á óvart að viðskiptabankarnir þrír skyldu allir falla á sama tíma. Afleiðing þess hafi meðal annars verið sú að sparisjóðurinn hefði orðið fyrir verulegu tjóni þar sem verðmæti fjárfestinga sparisjóðsins í skuldabréfum, sem tekin hefðu verið til viðskipta í Kauphöll Íslands, lækkaði. Því til viðbótar hafi hrun á erlendum fjármálamörkuðum einnig haft áhrif á verðmæti annarra eigna sparisjóðsins, til dæmis í fjárfestingarfélagum með starfsemi erlendis. Fjárfestingar sparisjóðsins hafi verið hluti af áhættustýringu sparisjóðsins en sparisjóðurinn hafi horft mjög til áhættudreifingar í þeim efnum, meðal annars með fjárfestingu í skuldabréfum sem skráð voru í kauphöll.⁹²

23.4 Fjármögnun

Frá árslokum 2005 til ársloka 2008 rúmlega tvöfölduðust skuldir Sparisjóðs Bolungarvíkur. Skuldir við lánastofnanir voru sá skuldaliður sem jókst mest á þessum tíma en 2008 voru þær 47% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé.⁹³ Innlán voru stöðug í sparisjóðnum á árunum 2005–2011 og voru á bilinu 35–72% af skuldum á þessu tíma.

Tafla 20. Skuldir Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2005–2011.⁹⁴

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir samtals	1.151.716	1.302.276	2.301.323	5.000.586	3.875.518	–	–
Innlán samtals	2.376.660	3.164.902	3.274.392	3.768.308	3.757.905	3.344.902	3.229.701
Lántaka samtals	995.058	624.532	1.046.805	1.346.896	522.236	784.875	742.578
Aðrar skuldir	30.344	37.413	235.580	114.622	192.289	72.315	67.653
Reiknaðar skuldbindingar samtals	160.144	209.380	307.768	142.614	158.711	163.105	160.671
Víkjandi skuldir	75.812	81.106	85.252	338.989	368.295	263.744	265.363
Samtals	4.789.734	5.419.609	7.251.120	10.712.015	8.874.954	4.628.941	4.465.966

Frá 2005 voru bundin innlán að meðaltali 54% af innlánnum sparisjóðsins, lægst var hlutfall þeirra 44% í mars, júní og júlí 2007 og janúar 2008 en hæst 67% í desember 2005.⁹⁵ Innlán heimila voru að meðaltali 63% af innlánnum sparisjóðsins, innlán fjármálafyrirtækja um 16% og innlán annarra fyrirtækja 18%.⁹⁶ Hlutfall milli innlána og útlána frá árslokum 2005 til ársloka 2011 var lægst 52% í árslok 2008 en hæst í árslok 2009 og 2010 þegar innlán voru 100% af útlánnum.

Einu skuldir Sparisjóðs Bolungarvíkur við lánastofnanir í árslok 2005 til ársloka 2007 voru við Sparisjóðabanka Íslands hf., en þar vó þyngst lánalína sem fjármagnaði erlend útlán sparisjóðsins. Staða hennar í árslok 2005 var um 450 milljónir króna, 811 milljónir króna í árslok 2006 og 1.468 milljónir króna í árslok 2007. Árið 2008 nam þessi lánalína 3,3 milljörðum króna. Sparisjóðabankinn og Sparisjóður Bolungarvíkur gerðu með sér samning um kaup bankans á 12 veðskuldabréfum að verðmæti um 286 milljónir króna. Að sögn sparisjóðsstjóra var þessi samningur gerður til þess að lækka skuld sparisjóðsins við bankann og var hugmyndin að sjóðurinn leysti aftur til sín bréfin þegar betur stæði á. Kröfurnar voru þó aldrei keyptar til baka og að sögn sparisjóðsstjóra varð bankahrunið til

92. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

93. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

94. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2001–2011. Sparisjóðurinn tók upp IFRS á árinu 2007 og þá breyttist framsetning ársreiknings. Í ársreikningi 2007 hefur samanburðartölum ársins 2006 verið breytt til samræmis. Ekki eru til samanburðarhæfar sundurliðanir vegna ársins 2005 og eru tölur vegna þess árs því flokkaðar með öðrum hætti en hin árin.

95. Lausafjaryfirlit Sparisjóðs Bolungarvíkur, greining sem skilað var til Seðlabanka Íslands mánaðarlega frá janúar 2005 til desember 2011.

96. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

Þess að sparisjóðnum varð það ókleift sökum lausafjárskorts og bágs eiginfjárlutfalls.⁹⁷ Krafa á hendur sparisjóðnum um að leysa til sín bréfin var síðan felld niður þar sem samkomulag náðist við þrotabú Icebank hf. um uppgjör.⁹⁸

Í árslok 2008 var sparisjóðurinn í fyrsta skipti í beinni skuld við Seðlabanka Íslands vegna endurhverfra viðskipta sem nam 837 milljónum króna. Sparisjóðurinn hafði áður átt í endurhverfum viðskiptum en Sparisjóðabanki Íslands hf. hafði þá haft milligöngu um veðlánaviðskipti sparisjóðsins við Seðlabankann. Í kjölfar falls viðskiptabankanna var verklagi vegna veðlánotöku sparisjóðanna breytt. Í stað þess að Sparisjóðabanki Íslands hf. tæki lán hjá Seðlabanka Íslands og endurlánaði sparisjóðunum, sendi Sparisjóðabankinn inn umsóknir um veðlán fyrir hönd hvers sparisjóðs um sig, þannig að þeir urðu sjálfir skuldarar hjá Seðlabanka Íslands.⁹⁹ Í athugasemdum sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 24. október 2013 kom fram að þessi viðskipti hefðu verið til að útvega Sparisjóðabankanum lausafé. Sparisjóðurinn lagði fjármuni inn í Seðlabankann og fékk þaðan fyrirgreiðslu sem svo var endurlánuð með vaxtamun til Sparisjóðabankans.

Eftir fall Sparisjóðabankans í mars 2009 voru kröfur bankans á hendur sparisjóðunum fluttar til Seðlabankans og yfirtök bankinn kröfur á hendur Sparisjóði Bolungarvíkur sem námu tæpum 3,9 milljörðum króna. Þar af voru 3,2 milljarðar króna vegna erlendar lánalínu og 722 milljónir króna vegna annarra gengistryggðra skammtímaskulda. Á árinu 2010 lauk fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins, en liður í henni var uppgjör á kröfum Seðlabanka Íslands og voru 16% þeirra, eða 620 milljónir króna, greidd með nýju láni til 5 ára í sterlingspundum og evrum, en 10% voru greidd með reiðufé. Þá var 14% krafna Seðlabankans breytt í stofnfé og það sem eftir stóð var afskrifað.¹⁰⁰

Sparisjóður Bolungarvíkur tók þátt í fjármögnunarverkefni í gegnum Klettháls ehf. Í júlí 2008 gerði sparisjóðurinn samning við félagið um sölu á safni veðskuldabréfa með rétti til endurkaupa, að fjárhæð 195 milljónir króna. Á þessum tíma var farið að gæta lausafjárskorts hjá sjóðnum og voru þessi viðskipti liður í því að útvega honum laust fé.¹⁰¹ Samningurinn var gerður upp í júlí 2009 með því að sparisjóðurinn keypti veðskuldabréfin aftur.¹⁰²

Í árslok 2008 nam skuld Sparisjóðs Bolungarvíkur við Íbúðalánasjóð 260 milljónum. Í september sama ár hafði sparisjóðurinn gefið út skuldabréf til Íbúðalánasjóðs, að nafnverði tæpra 286 milljóna króna, vegna tímabundinnar endurfjármögnunar íbúðalána sparisjóðsins. Til tryggingar á greiðslu skuldabréfsins var safn fasteignaveðbréfa og þurfti sjóðurinn að leggja fram lista yfir fasteignaveðbréf einstaklinga með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði hérlendis, verðtryggðum í íslenskum krónum. Gjaldtagi skuldabréfsins var 17. desember 2008 en nýr samningur var gerður 18. desember 2008 með gjalddaga 30. janúar 2009. Íbúðalánasjóður bókaði þessi viðskipti sem endurhverf viðskipti þar sem Íbúðalánasjóður seldi íbúðabréf gegn kaupum á skuldabréfi Sparisjóðs Bolungarvíkur (SPB 05). Í samningnum sagði að íbúðabréf sem þannig væru afhent skyldu eingöngu notuð í veðlánaviðskiptum við Seðlabanka Íslands.¹⁰³ Viðskiptin voru hugsuð sem tímabundin lausn þar til heimildir Íbúðalánasjóðs til kaupa á lánasöfnum fjármálafyrirtækja yrðu rýmkaðar með nýrri reglugerð.¹⁰⁴

Lántaka Sparisjóðs Bolungarvíkur var þriðji stærsti fjármögnunarþáttur sparisjóðsins að undanskildu eigin fé hans. Sparisjóðurinn gaf út einn verðtryggðan skuldabréfaflokk árið 2005 með lokagjalddaga 19. ágúst 2010 og annan óverðtryggðan skuldabréfaflokk árið 2007 með lokagjalddaga 30. apríl 2009. Í lok árs 2008 var bókfært virði þessarar verðbréfaútgáfu 894 milljónir króna.

97. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 13. júní 2013.

98. Tölvuskeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur til rannsóknarnefndarinnar 18. júní 2013.

99. Yfirlit dag- og veðlána frá Seðlabanka Íslands, 2005–2011; REPO blöð Sparisjóðabanka Íslands hf. árið 2008.

100. Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu, 22. september 2010.

101. Í athugasemd til rannsóknarnefndarinnar 24. október 2013 sagði sparisjóðsstjóri að þetta verkefni hefði verið sett á laggirnar til að útvega Sparisjóðabankanum lausafé. Sparisjóðurinn hefði með þessu aðstoðað Sparisjóðabankann til þess.

102. Nánar er fjallað um Klettháls ehf. og fjármögnunarverkefnið í 11. kafla.

103. Endurhverf verðbréfavíðskipti Íbúðalánasjóðs við Sparisjóð Bolungarvíkur, 17. september 2008.

104. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

Tafla 21. Lántaka Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2005–2011.¹⁰⁵

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabankinn - verðtryggt lán	404.127	–	–	–	–	–	–
Sparisjóðabankinn - verðtryggt endurlánað frá ÍLS	33.423	32.346	33.591	39.097	–	–	–
Sparisjóðabankinn - gengistryggt lán (RFI)	10.302	10.699	–	–	–	–	–
ÍLS verðtryggt lán	182.342	191.099	192.775	218.244	–	–	–
Skuldabréfaflokkur SPBOL 05 1	364.864	390.388	413.104	480.744	522.236	–	–
Skuldabréfaflokkur SPBOL 07 1	–	–	407.334	413.861	–	–	–
Klettháls	–	–	–	194.949	–	–	–
Skuldabréf - kröfuhafar	–	–	–	–	–	239.020	236.991
Seðlabankinn / Eignasafn Sí	–	–	–	–	–	545.855	505.587
Samtals	995.058	624.532	1.046.804	1.346.895	522.236	784.875	742.578

Sparisjóður Bolungarvíkur gerði, líkt og margir aðrir sparisjóðir, lánasamninga við Íbúðalánasjóð í lok árs 2004 og um mitt ár 2005 en að baki þeim lánasamningi var safn fasteignatryggðra veðskuldabréfa. Lán Íbúðalánasjóðs til Sparisjóðs Bolungarvíkur námu 183 milljónum króna. Í lok árs 2005 gaf Sparisjóðabanki Íslands hf. út skuldabréf til Íbúðalánasjóðs en að baki því skuldabréfi voru fasteignalán margra sparisjóða, þar á meðal Sparisjóðs Bolungarvíkur. Heildarfjárhæð skuldabréfsins var rúmir 3 milljarðar króna og var hlutur Sparisjóðs Bolungarvíkur 30 milljónir króna.

Í júlí 2009 seldi Sparisjóður Bolungarvíkur Íbúðalánasjóði safn skuldabréfa sem tryggt var með veði í íbúðarhúsnæði fyrir 477 milljónir króna. Í ágúst sama ár seldi sparisjóðurinn Íbúðalánasjóði annað safn skuldabréfa tryggt með veði í íbúðahúsnæði, að fjárhæð 426 milljónir.¹⁰⁶

Við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur á árinu 2010 voru skuldabréf sparisjóðsins í eigu sex aðila en kröfur þeirra voru einu útistandandi lántökur sparisjóðsins í lok árs 2010 og 2011, að undanskildum víkjandi lánum.

Tafla 22. Umbreyting skuldabréfa Sparisjóðs Bolungarvíkur við fjárhagslega endurskipulagningu.¹⁰⁷

Eigandi skuldabréfa	Uppreiknuð staða 31.9.2009	Innborgun í reiðufé eftir endurskipul. 10%	Nýtt lán 35%	Nýtt víkjandi lán 36%	Stofnfé 0%	Afskrifað 19%
Festa lífeyrissjóður	14.921	1.492	5.222	5.372	–	2.835
MP Banki	343.186	34.319	120.115	123.547	–	65.205
Lífeyrissjóður Rangæinga	14.921	1.492	5.222	5.372	–	2.835
Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkuborgar	44.762	4.476	15.667	16.114	–	8.505
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	104.446	10.445	36.556	37.601	–	19.845
Sparisjóðabankinn – ábyrgð	120.804	12.080	42.281	43.489	–	22.953
Samtals	643.040	64.304	225.063	231.495	–	122.178
Samtals eldri samningar	643.040	64.304	225.063	353.672	–	–
Áhrif af breytingu				(122.178)		122.178

Í tengslum við þessa fjárhagslegu endurskipulagningu tók sparisjóðurinn víkjandi lán sem nam um 231 milljón króna. Sparisjóður Bolungarvíkur gaf út sjö víkjandi skuldabréf 27. júlí 2004, öll voru þau 10 milljónir króna að nafnverði, en Íslensk verðbréf hf. keyptu bréfin.¹⁰⁸ Þá keypti Byggðastofnun víkjandi skuldabréf af sparisjóðnum 23. janúar 2008, að nafnverði 200 milljónir króna. Skuldabréfið var verðtryggt og bar breytilega vexti. Í skýrslu sparisjóðsstjóra fyrir rannsóknarnefndinni sagði hann þetta lán hafa verið tekið til þess að fjármagna útlán til rækjuvinnslu.¹⁰⁹ Við fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins voru 69%

105. Sundurliðunin var afhent rannsóknarnefndinni af starfsmönnum sparisjóðsins.

106. Nánar er fjallað um lántökur og viðskipti sparisjóðanna við Íbúðalánasjóð í 11. kafla.

107. Samningar um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Bolungarvíkur, samantekt fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 12. nóvember 2010.

108. SPBOL 04 1 víkjandi skuldabréf, 24. júlí 2004.

109. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

víkjandi lána afskrifuð, eða 254 milljónir króna, 25% krafanna, eða 92 milljónum króna, var breytt í stofnfé og 6% skuldarinnar var áfram í formi víkjandi láns. Á þessum tíma voru Bygðastofnun og Íslensk verðbréf hf. einu kröfuhafar víkjandi lána sparisjóðsins.¹¹⁰

23.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Í samþykktum Sparisjóðs Bolungarvíkur frá árinu 2001 kom fram að stofnfé hans mætti vera allt að eitt hundrað milljónir króna og var nafnverð hvers hlutar 24.378 krónur. Stofnfjáreigendur skyldu aldrei vera færri en þrjátíu og eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti. Atkvæðisréttur var í hlutfalli við stofnfjáreign. Óheimilt var að eiga fleiri en 25 stofnfjárhluti eða fara, fyrir sjálf sín hönd eða annarra, með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Samþykktum sparisjóðsins var breytt árið 2003 á þann veg að stofnfé sjóðsins skyldi eigi vera minna en 75 milljónir króna og allt að eitt hundrað milljónir króna. Nafnverð hvers hlutar var 27.110 krónur og fylgdi eitt atkvæði hverjum hlut. Árið 2004 var nafnverð stofnfjárhlutar hækkað í 28.769 krónur og hámarkseign einstakra stofnfjáreigenda hækkuð upp í fjórtíu hluti. Árið 2006 var samþykktum sparisjóðsins breytt enn á ný þannig að stofnfé gat numið allt að 300 milljónum króna. Nafnverð hvers hlutar var 32.910 krónur og var einstökum stofnfjáreigendum, öðrum en lögaðilum, óheimilt að eiga fleiri en sextíu hluti. Á stofnfjáreigendafundi sparisjóðsins 28. júní 2007 var færð í samþykktir sparisjóðsins heimild til handa stjórn til að auka stofnfé hans um allt að 500 milljónir króna með áskrift jafnmarga nýrra stofnfjárhluta eftir nánar tilgreindu fyrirkomulagi. Á þeim tíma var stofnfé sparisjóðsins 233.196.664 krónur sem skiptust í jafnmarga hluti, að nafnverði ein króna hver. Þá var fellt úr samþykktum sparisjóðsins ákvæði um hámarkseignarhluta einstakra stofnfjáreigenda. Samþykktum sparisjóðsins var enn breytt árið 2010 og stofnfé sparisjóðsins þá ákveðið 668.185.600 krónur sem skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti.

Tafla 23. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Bolungarvíkur í lok árs 2005–2011.¹¹¹

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé	160.584	17,1%	219.336	19,0%	768.942	38,3%	794.471	•	791.438	•	668.186	•	668.186	•
Varasjóður	775.784	82,9%	932.834	81,0%	1.237.225	61,7%	(560.186)	•	(2.820.656)	•	(130.192)	•	(214.639)	•
Eigið fé samtals	936.368	100%	1.152.170	100%	2.006.167	100%	234.285	•	(2.029.218)	•	537.994	•	453.547	•

„Dreifð eignaraðild hjá Sparisjóð Bolungarvíkur eykur stöðugleika hans og dregur úr líkum á að hann lendi í sömu vandræðum með eignarhald og aðrir sparisjóðir hafa þurft að kljást við.“

Finnbogi Jakobsson stjórnarformaður Sparisjóðs Bolungarvíkur á aðalfundi sparisjóðsins 2. mars 2007

Stofnfé Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2005 var 161 milljón króna en stofnfé hafði verið aukið um 31 milljón króna á árinu. Sala á nýju stofnfé var samþykkt á stjórnarfundi sparisjóðsins 4. nóvember 2005 og mátti hver stofnfjárhafi kaupa tíu hluti, en hámarkseign var fjörutíu hlutir.¹¹² Á stjórnarfundi sparisjóðsins 24. október 2006 var rætt um framtíðarstefnu sparisjóðsins í „málefnum tengdum stofnfé sparisjóða, í sambandi við stofnfé sem komið er á markað“. Á fundinum upplýsti sparisjóðsstjóri að hann hefði fundað með ráðgjöfum frá verðbréfafyrirtækinu H.F. Verðbréfum hf. sem sögðu að „Sparisjóður Bolungarvíkur væri á réttari leið með að gera stofnfé að markaðsvöru“. Sparisjóðsstjóra var síðan veitt heimild til að fá „fagþekkingu og ráðgjöf um stofnfé“.¹¹³ Á næsta stjórnarfundi var samþykkt að auka stofnfé sparisjóðsins með því að heimila hverjum stofnfjáreiganda að kaupa tíu hluti.¹¹⁴ Stofnfé seldist þá fyrir 39 milljónir króna. Með þessari hækkun, auk endurmats stofnfjár, var heildarstofnfé í árslok 2006 orðið 219 milljónir króna.¹¹⁵

110. Samningar um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Bolungarvíkur, samantekt fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 12. nóvember 2010.

111. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.

112. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 4. nóvember 2005.

113. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 24. október 2006.

114. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 14. nóvember 2006.

115. Ársreikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2006.

Í lok árs 2007 jókst stofnfé sparisjóðsins verulega. Unnið hafði verið að því allt árið að auka það. Á stjórnarfundum 30. maí 2007 var greint frá því að stjórnarformaður og sparisjóðsstjóri hefðu fundað með sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík „til að kynna sér frekar ferlið við að gera stofnfé sjóðsins markaðsvænni“.¹¹⁶ Ákveðið var að ráða Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmenn sem ráðgjafa, en Jóhannes hafði unnið að útfærslu á stofnfjáruknun fyrir Sparisjóðinn í Keflavík.¹¹⁷ Á stjórnarfundum sparisjóðsins 19. júní sama ár var farið yfir tillögur að breytingum á samþykktum sparisjóðsins þar sem stjórn yrði heimilað að auka stofnfé sparisjóðsins um allt að 500 milljónir króna. Ákveðið var að boða til fundar stofnfjäreigenda til að breyta samþykktum sparisjóðsins 28. júní sama ár.¹¹⁸ Á stofnfjäreigendafundinum mættu fulltrúar 34% stofnfjáraðila, sem höfðu yfir að ráða 47% stofnfjár. Á fundinum var breytingartillagan kynnt en sparisjóðsstjóri sagði þar aðspurður að engin ákvörðun hefði verið tekin um að auka við stofnfé í lok árs 2007, aðeins ætti að hafa heimildir ríflegar „til að svara fjárfestingartækifærum sem gætu komið upp“. Svo fór að breytingartillögunar voru samþykktar samhljóða.¹¹⁹

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 2. október 2007 var samþykkt að ráðast í stofnfjáruknun. Ákveðið var að fullnýta heimildir samþykktar sparisjóðsins og auka stofnfé um 500 milljónir króna í einu lagi. Stofnfjárútboðið stóð yfir dagana 6.–14. desember 2007. Boðið var út stofnfé að nafnvirði 500 milljónir króna og var sölugengi í útboðinu 1,0349. Heildarvirði útboðsins var því 517 milljónir króna. Í útboðslýsingu sparisjóðsins sagði að útboðinu væri ætlað að styrkja eiginfjárstöðu sparisjóðsins og styðja um leið við frekari vöxt í útlánum og auka samkeppnishæfni sjóðsins.¹²⁰ Alls fengu 97 stofnfjäreigendur lán vegna stofnfjárútboðsins, að upphæð samtals 207 milljónir króna. Veðsetningar á stofnfjárhlutum í sparisjóðnum námu samtals 303 milljónum króna og nýtt fé inn í sparisjóðinn var um 155–165 milljónir króna. Rúmlega 99% stofnfjárins seldist í útboðinu.¹²¹

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði Ásgeir Sólbergsson, sparisjóðsstjóri, að árið 2007 hefði komið krafa frá stofnfjárhöfum um að fá að kaupa meira stofnfé og fá auknar arðgreiðslur. Menn hefðu horft á þróunina hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og hvernig stofnfé hefði verið endurmetið þar. Þá hefði einnig vakað fyrir mönnum að verja sparisjóðinn fyrir áhlaupi.¹²² Að sögn Finnþórs Jakobssonar, fyrrum stjórnarformanns Sparisjóðs Bolungarvíkur, höfðu stjórnarmenn áhyggjur af því að sparisjóðurinn væri af þeirri stærð að auðvelt yrði að taka hann yfir. Með því að auka stofnfé og fjölga stofnfjäreigendum mætti verjast því.¹²³

Ekki var gefið út nýtt stofnfé árið 2008 en stofnfé hækkaði þó við sérstakt endurmat stofnfjár sem samþykkt var á aðalfundi 2009. Við endurskipulagningu sparisjóðsins var stofnfé síðan fært niður um 758 milljónir króna og ríkissjóður Íslands lagði fram stofnfé fyrir 635 milljónir króna.

Stofnfjäreigendur Sparisjóðs Bolungarvíkur voru 215 árið 2005 og fjölgaði um einn ári síðar. Við stofnfjárútboðið árið 2007 fjölgaði þeim töluvert og urðu 273 talsins. Á árunum 2008–2011 fækkaði stofnfjäreigendum aftur og urðu þeir 255 talsins á árinu 2009. Markaður með stofnfjárbréf var ekki virkur en helstu breytingarnar milli ára voru vegna erfðaskipta og framsals stofnfjárskirteina til félaga í eigu stofnfjárhafa.¹²⁴

Stærsti stofnfjárafinn á tímabilinu 2005–2009 var Ísafjarðarbær með um 3% eignarhlut. Aðrir stórir stofnfjárafar voru Sparisjóður Vestfirðinga, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Daði Guðmundsson og Karitas Hafliðadóttir. Árið 2010 lauk fjárhagslegri endurskipulagningu sem fól í sér að íslenska ríkið eignaðist 90,95% hlut í sparisjóðnum.

116. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 30. maí 2007.

117. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 30. maí 2007.

118. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 19. júní 2007.

119. Stofnfjäreigendafundur Sparisjóðs Bolungarvíkur, 28. júní 2007.

120. Lýsing Sparisjóðs Bolungarvíkur, 4. desember 2007.

121. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 31. desember 2007; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 8. janúar 2008.

122. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

123. Skýrsla Finnþórs Jakobssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.

124. Stofnfjäreigendalistar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2000–2011.

Tafla 24. Stærstu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Bolungarvíkur í árslok 2005–2011.¹²⁵

Stofnfjáreigandi	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ríkissjóður Íslands (Bankasýsla)	–	–	–	–	–	90,95%	90,95%
Rekstrarfélag verðbréfasjóða IV hf.	–	–	–	–	–	4,06%	4,06%
Ísafjarðarbær	3,09%	2,53%	2,52%	2,52%	2,52%	0,13%	0,13%
Sparisj. Vestfirðinga /Sparisj. í Keflavík /Landsbanki Íslands	2,47%	2,02%	2,03%	2,03%	2,03%	0,10%	0,10%
Karitas Hafliðadóttir	–	–	–	–	1,70%	0,08%	0,08%
Hálf dán Einarsson	–	–	–	–	–	0,08%	0,08%
Thorsmár ehf. /Ólafur P. Benediktsson	–	–	–	–	1,68%	0,08%	0,08%
Daði Guðmundsson	–	–	1,68%	1,68%	1,68%	0,08%	0,08%
Elín Þóra Stefánsdóttir	–	–	1,41%	1,41%	1,41%	0,07%	0,07%
Elvar Stefánsson	–	–	1,41%	1,41%	1,41%	0,07%	0,07%
Elvar Einarsson	–	–	1,17%	1,17%	1,17%	0,06%	0,06%
Valdímur L. Gíslason sf.	–	–	1,15%	1,15%	1,15%	0,06%	0,06%
Sparisjóður Reykjavíkur og nágr. / Drómi hf.	1,24%	1,01%	1,01%	1,01%	1,01%	0,05%	0,05%
Baldur Smári Einarsson	–	–	0,98%	0,98%	0,98%	0,05%	0,05%

23.5.1 Hlutfélagsvæðing

Á fundi stjórnar sparisjóðsins í júlí 2008 var rætt um stöðu sparisjóðanna og lagði sparisjóðsstjóri til að hafinn yrði undirbúningur að hlutfélagsvæðingu sparisjóðsins. Rætt var um að lengstan tíma tæki að fá óháð verðmat á sjóðinn og því væri ráðlegt að hefjast handa við það. Stjórn sparisjóðsins samþykkti að vinna frekar að undirbúningi hlutfélagsvæðingar og semja við lögmann um að hefja vinnu við hana.¹²⁶ Málið virðist þó ekki hafa verið rætt frekar á stjórnarfundum eða fundum stofnfjáreigenda og í júlí 2009 var heimild til hlutfélagsvæðingar sparisjóða síðan felld úr gildi með lögum nr. 76/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002.

23.6 Fjárhagsleg endurskipulagning

Í upphafi árs 2008 var staða sparisjóðsins góð, hagnaður af rekstri sjóðsins árið 2007 nam 255 milljónum króna, bókfært eigið fé rúmum 2 milljörðum króna og eiginfjárlutfallið var 15,1%.¹²⁷ Fall íslensku viðskiptabankanna hafði mikil áhrif á sparisjóðinn og varð mikill viðsnúningur í rekstri á árinu 2008, en samkvæmt ársreikningi nam tap á rekstri sparisjóðsins rúmlega 1,6 milljörðum króna, bókfært eigið fé í árslok nam 234 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið komið í 2,41%.

Þegar í lok sumars 2008 voru blikur á lofti hjá Sparisjóði Bolungarvíkur. Árshlutauppgjör 30. júní 2008 sýndi 322 milljóna króna tap á rekstri sjóðsins sem var að miklu leyti til komið vegna niðurfærslu á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum en regluleg starfsemi virtist ekki skila hagnaði.¹²⁸ Vegna lækkandi eiginfjárlutfalls veitti stjórn sparisjóðsins sparisjóðsstjóra heimild til að hefja viðræður um sölu eða vistun eignarhluta sparisjóðsins í öðrum fjármálafyrirtækjum.¹²⁹ Fjármálaeftirlitið hafði framkvæmt álagspróf á Sparisjóði Bolungarvíkur og var niðurstaða þess að hætta væri á að eiginfjárlutfall sparisjóðsins færi undir lögbundið lágmark. Hvatti Fjármálaeftirlitið sparisjóðinn til úrbóta í bréfi sem tekið var fyrir á stjórnarfundum í sparisjóðnum 30. september 2008 en stjórnin taldi að sala á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum myndi bæta úr stöðunni. Á sama fundi var tilkynnt að gengið hefði verið frá samningum um sölu á eignarhlut sparisjóðsins í Íslenskum verðbréfum hf.¹³⁰

125. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Bolungarvíkur 2000–2011. Í töflunni eru eingöngu sýndir þrjár stærstu stofnfjáreigendur árin 2005 og 2006 þar sem næstu 66–67 stofnfjáreigendur áttu jafnan hlut.

126. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 29. júlí 2008.

127. Í desember 2007 var efnt til stofnfjárútboðs í Sparisjóði Bolungarvíkur sem skýrir meðal annars sterka stöðu sparisjóðsins.

128. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 19. ágúst 2008; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 28. ágúst 2008.

129. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 9. september 2008.

130. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 30. september 2008.

Bráðabirgðauppgjör 10. október 2008 var lagt fyrir stjórn 28. október en samkvæmt því nam tap af rekstri sparisjóðsins 628 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið 10,8%.¹³¹ Gengi sparisjóðsins fór versnandi, m.a. sýndi milliuppgjör 30. nóvember rúmlega eins milljarðs króna tap, og samþykkti stjórnin í kjölfarið að fela sparisjóðsstjóra að vinna að umsókn um eiginfjárframlag úr ríkissjóði.¹³² Á sama fundi voru kynntar hugmyndir um framtíð sparisjóðanna; komið hefði fram tillaga um svæðisskipta sparisjóði, hugsanlega einn sparisjóð á Vestfjörðum með sameiningu Sparisjóðs Bolungarvíkur og Sparisjóðs Strandamanna, auk útibúa Sparisjóðsins í Keflavík. Stjórn heimilaði sparisjóðsstjóra að eiga óformlegar viðræður við Sparisjóð Strandamanna og væntanlegan sameiginlegan sparisjóð á Reykjavíkursvæðinu um mögulegar sameiningar.¹³³

23.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag

Hinn 19. mars 2009 sótti Sparisjóður Bolungarvíkur um eiginfjárframlag úr ríkissjóði og óskaði eftir því að það næmi allt að 20% af bókfærðu eigin fé eins og það var í árslok 2007. Í árslok 2007 nam bókfært eigið fé sparisjóðsins rúmum tveimur milljörðum króna og því var óskað eftir rúmlega 401 milljónum króna framlagi.¹³⁴ Í staðfestingu endurskoðanda sparisjóðsins, sem fylgdi umsókninni, kom fram að hækking stofnfjár sem næmi þeirri fjárhæð myndi hækka eiginfjárlutfall sparisjóðsins úr 2,4% í tæp 10,6%. Það dygði þó ekki til að ná hlutfallinu upp fyrir 12%, eins og reglurnar áskildu. Til að ná því marki hugðist stjórn sparisjóðsins auka stofnfé hans um 50 milljónir króna með þátttöku nýrri og eldri stofnfjárhafa, en jafnframt var ætlunin að selja íbúðabréf til Íbúðalánasjóðs fyrir um 850 milljónir króna. Leitað hefði verið leiða til að selja eignarhluti í öðrum fjármála-fyrirtækjum, en án árangurs, ef undan er skilin sala á eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. í september 2008. Í umsókn sparisjóðsins kom fram að stofnfjárukning hefði enn ekki verið ákveðin en að hún yrði á dagskrá stofnfjäreigendafundar sem boðað hefði verið til 31. mars 2009.¹³⁵ Þá greindi frá því að stjórn sparisjóðsins áformaði sameiningarviðræður við Sparisjóð Strandamanna en teldi að sameining væri háð því að Sparisjóður Bolungarvíkur fengi eiginfjárframlag úr ríkissjóði.¹³⁶

Umsókn sparisjóðsins var vísað til Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins til umsagnar 23. mars 2009. Yfirferð Fjármálaeftirlitsins staðfesti að sparisjóðurinn næði ekki að uppfylla skilyrði reglna um framlag til sparisjóða um lágmarks eiginfjárlutfall. Í tölvupósti starfsmanns Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009 kom fram að sparisjóðurinn myndi senda staðfestingu á kaupum heimamanna á stofnfé um leið og þau væru frágengin. Um leið og sú yfirlýsing lægi fyrir myndi Fjármálaeftirlitið senda umsögn um umsókn sparisjóðsins til fjármálaráðuneytisins.¹³⁷ Þar sem fyrirhuguð stofnfjárukning kom ekki til framkvæmda á árinu 2009 barst fjármálaráðuneytinu ekki umsögn frá Fjármálaeftirlitinu um umsókn sparisjóðsins. Seðlabanki Íslands sendi fjármálaráðuneytinu sameiginlega umsögn um umsóknir sparisjóðanna um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði 21. apríl 2009 en hún tók ekki til Sparisjóðs Bolungarvíkur.¹³⁸

Á aðalfundi Sparisjóðs Bolungarvíkur 20. maí 2009 kom fram í skýrslu stjórnar að stofnfé hefði verið aukið um 50 milljónir króna, en nýtt stofnfé kæmi frá Frjálsa lífeyrissjóðnum og Bæjarsjóði Bolungarvíkur auk þess sem Tryggingasjóður sparisjóða hefði keypt víkjandi skuldabréf í eigu sparisjóðsins. Stofnfjárukningin fæli í sér að eiginfjárlutfall sparisjóðsins að viðbættu framlagi úr ríkissjóði myndi ná tilskyldu 12% lágmarki.¹³⁹

131. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 28. október 2008.

132. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 19. desember 2008.

133. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 19. desember 2008.

134. Beiðni um viðbótar eiginfjárframlag í samræmi við 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimildir til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., 19. mars 2009.

135. Á stofnfjäreigendafundinum 31. mars 2009 var tillagan samþykkt mótakvæðalaust.

136. Beiðni um viðbótar eiginfjárframlag í samræmi við 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimildir til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., 19. mars 2009.

137. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009.

138. Í svari Seðlabanka Íslands vegna fyrirspurnar rannsóknarnefndarinnar kom fram að eftir itarlega leit í skjalakerfi bankans þætti ljóst að eintak af bréfi fjármálaráðuneytisins, þar sem farið var fram á umsögn, hefði ekki borist bankanum. Skýrir það hvers vegna umsögn bankans tók ekki til sparisjóðsins. Þegar Seðlabankinn hafði samband við fjármálaráðuneytið gat það ekki, samkvæmt hefðbundinni skjalavinnslu þess, staðfest að bréfið hefði verið sent Seðlabankanum. Fjallað er um umsögn Seðlabanka Íslands um umsóknir hinna sparisjóðanna í 13. kafli.

139. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 20. maí 2009.

23.6.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar

Fleiri sparisjóðir sóttu um eiginfjárframlag úr ríkissjóði og í kjölfarið fór fjármálaráðuneytið fram á að fengið yrði óháð endurskoðunarfyrtæki til að fara yfir ársreikninga og leggja mat á virði eigna sparisjóðanna. PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera fjárhagslega áreiðanleikakönnun á ákveðnum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi Sparisjóðs Bolungarvíkur og skilaði skýrslu sinni 16. júní 2009. Helstu niðurstöður voru að virðisýrning eigna væri 734 milljónum króna meiri en sparisjóðurinn hafði gert ráð fyrir í ársreikningi sínum, en væri tekið tillit til skattáhrifa væri virðisýrningin 627 milljónir króna. Eigið fé sparisjóðsins væri því neikvætt um tæpar 393 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið neikvætt um 6,38%.

Tafla 25. Virðisýrning samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers hf.¹⁴⁰

<i>Pús. kr.</i>	Bókfærð staða 31.12.2008	Niðurfærsla Sparisjóðs Bolungarvíkur	Mat PwC á niðurfærslu	Mismunur
Útlán 30 stærstu	3.210.138	567.500	1.175.375	607.875
Önnur útlán	4.015.267	325.937	375.937	50.000
Fyrirfram innheimt lántökugjöld	(38.760)	—	(38.760)	(38.760)
Útlán samtals	7.186.645	893.437	1.512.552	619.115
Veltufjármunir	1.339.677	150.000	242.616	92.616
Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	163.158	—	24.195	24.195
Fjáreignir til sölu	246.109	—	76.089	76.089
Hlutdeildarfélög	22.718	—	(78.000)	(78.000)
Skatteign	80.022	—	—	—
Samtals	9.038.329	1.043.437	1.777.452	734.015
Tekjuskattshagræði (15%)	—	—	—	(106.760)
Samtals eignaliðir skoðaðir (83% af EH)	9.038.329	1.043.437	1.777.452	627.255

Í ljósi niðurstaðna PricewaterhouseCoopers hf. lá fyrir að eiginfjárframlag úr ríkissjóði, auk þeirra aðgerða sem sparisjóðurinn hugðist grípa til, myndu ekki nægja til að koma sparisjóðnum til bjargar. Eigið fé sparisjóðsins þyrfti að hækka um 970 milljónir króna til þess að ná 12% eiginfjárhlutfalli¹⁴¹ og því væri ljóst að aðkoma kröfuhafa að fjárhagslegri endurskipulagningu væri nauðsynleg.

Um mánaðamót janúar og febrúar 2009 hafði stjórnendum Sparisjóðs Bolungarvíkur orðið ljóst að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins var komið undir lögbundið lágmark og var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um þá stöðu.¹⁴² Ekki kom þó til aðgerða af hálfu Fjármálaeftirlitsins fyrir en 11. júní 2009. Í bréfi Fjármálaeftirlitsins þann dag var vísað til þess að samkvæmt ársuppgjöri sparisjóðsins væri eiginfjárhlutfall hans 2,4% og samkvæmt eiginfjárskýrslu miðað við 31. mars 2009 væri eiginfjárhlutfallið orðið neikvætt um 0,1%. Með vísan til greinargerðar sparisjóðsins sem fylgdi umsókn um eiginfjárframlag og þeirra ráðstafana er sparisjóðurinn boðaði þar veitti Fjármálaeftirlitið Sparisjóði Bolungarvíkur frest til 30. júní 2009 til að auka við eiginfjárgrunn sinn.¹⁴³

Í ljósi stöðu sparisjóðsins nýtti Fjármálaeftirlitið sér heimild í lögum til að skipa sparisjóðnum sérstakan sérfræðing til að hafa eftirlit með rekstri sparisjóðsins og var Björn Jóhannesson hæstaréttarlögmaður skipaður til starfans 22. júlí 2009. Í skipunarbréfi Björns kom fram að honum væri ætlað að hafa sérstakt eftirlit með rekstri sparisjóðsins og gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir starfi sínu. Samkvæmt skipunarbréfinu gildi skipunin til 19. ágúst 2009 eða þar til ákvörðun yrði tekin um annað.¹⁴⁴ Skipunin var framlengd níu sinnum á um það bil mánaðarfresti, síðast til 7. júlí 2010. Á tímabilinu skilaði Björn reglulega minnisblöðum eða skýrslum til Fjármálaeftirlitsins.

140. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Bolungarvíkur, 16. júní 2009.

141. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Bolungarvíkur, 16. júní 2009.

142. Beiðni um viðbótar eiginfjárframlag í samræmi við 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimildir til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., 19. mars 2009.

143. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Bolungarvíkur 11. júní 2009.

144. Fjármálaeftirlitið, „Skipun sérfræðings með Sparisjóði Bolungarvíkur, skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.“

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 19. júní 2009 var bókað að samið hefði verið við ráðgjafar-fyrirtækið Möttul ehf. og Guðmund Hjaltason um sérfræðiráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins.¹⁴⁵ Fjármálaeftirlitinu voru kynntar hugmyndir sparisjóðsins um fjárhagslega endurskipulagningu á fundi 29. júní 2009, í megindráttum fólu þær í sér að samið yrði við kröfuhafa og annars vegar óskað eftir að kaupa kröfur þeirra með afföllum eða hins vegar óskað eftir að kröfuhafar breyttu kröfum sínum í stofnfé að hluta. Stærsti kröfuhafi sparisjóðsins var Sparisjóðabanki Íslands hf. og fór bankinn með rúmlega 81% krafna á hendur sparisjóðnum.¹⁴⁶ Samningaviðræður við kröfuhafa gengu þó hægt og í bréfi sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins 6. ágúst 2009 kom fram að ágreiningur um mat á tryggingum sem Seðlabanki Íslands fékk fyrir innlán sparisjóða hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. stæði í vegi fyrir viðræðum um kröfurnar.¹⁴⁷ Fresturinn sem Fjármálaeftirlitið veitti Sparisjóði Bolungarvíkur til að auka við eiginfjárgrunn sinn var síðan ítrekað fram-lengdur, síðast til 11. júní 2010.

Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða, þegar ljóst var að sparisjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparisjóða.¹⁴⁸ Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðnum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftir-litsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparisjóði Bolungarvíkur sem námu 3.718 milljónum króna.¹⁴⁹ Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparisjóðnum tillögu um meðferð krafna á hendur sparisjóðnum og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn.

Staða Sparisjóðs Bolungarvíkur var erfið á þessum tíma og á stjórnarfundum sparisjóðsins 15. september 2009 var árs hlutareikningur miðað við 30. júní 2009 til umræðu, en þar kom fram að tap á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 næmi rúmum 1.133 milljónum króna, að eiginfjárlutfallið væri neikvætt um 13,1% og eigið fé sparisjóðsins neikvætt um 900 milljónir króna. Miklu munandi á rekstraráætlun og rauntölum, en þar vógu afskriftir út-lána og eigna þyngst. Þá var fjallað um árs hlutareikning miðað við 31. ágúst 2009 og fram kom að staða sparisjóðsins væri enn að síga á „þyngri hliðina“.¹⁵⁰ Seðlabankinn hafði líka miklar áhyggjur af stöðu sparisjóðsins, en í minnisblaði Seðlabankans frá 20. nóvember kom fram að sparisjóðurinn „[hefði] hvorki stöðu til að fá eiginfjárframlag frá ríkinu né falla inn í starfsramma SÍ. Þ.a.l. væri næsta skref fyrir sjóðinn að sækja um greiðslu-stöðvun og fara í nauðasamninga. Hægt væri að taka til íhugunar afskrift með ströngum skilyrðum, þ.m.t. 99% niðurskrift á stofnfé EF FME samþykki aukið endurgjald. Einnig er til athugunar að sameina sparisjóðinn við SpKef.“¹⁵¹

Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn sparisjóðnum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹⁵² Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipu-lagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹⁵³

Sparisjóðurinn sendi Fjármálaeftirlitinu útreikninga vegna skilyrða um eiginfjár- og lausa-fjárkröfur sem settar voru fram í bréfinu. Taldi Fjármálaeftirlitið að yfirferð gæfi ekki tilefni til annars en að álykta að sparisjóðurinn myndi standast gerðar kröfur að fjárhagslegri

145. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 19. júní 2009.

146. Kröfur Sparisjóðabanka Íslands hf. á hendur Sparisjóði Bolungarvíkur voru fluttar til Seðlabanka Íslands í kjölfar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf.

147. Bréf Sparisjóðs Bolungarvíkur til Fjármálaeftirlitsins 6. ágúst 2009.

148. Bréf Seðlabanka Íslands til sparisjóða 8. september 2009.

149. Minnisblað Seðlabanka Íslands um vinnu með kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðnum, 21. ágúst 2009.

150. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur, 15. september 2009.

151. Minnisblað Seðlabanka Íslands um endurskipulagningu skulda sparisjóða, 20. nóvember 2009.

152. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um bréf Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

153. Bréf Fjármálaeftirlitsins til sparisjóða 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

endurskipulagningu lokinni. Því samþykkti Fjármálaeftirlitið, miðað við fyrirliggjandi gögn að sparisjóðurinn gengi til endanlegra samninga við Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu.¹⁵⁴

23.6.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu

Sparisjóður Bolungarvíkur kynnti tillögur að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrir Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu 5. mars 2010.¹⁵⁵ Í kynningunni var farið yfir endurmat á útlánasafni sparisjóðsins og lagt til að varúðarniðurfærslur yrðu samtals 2,1 milljarður króna, auk þess sem þegar var búið að afskrifa 910 milljónir króna. Gert var ráð fyrir að eiginfjárhlutfallið yrði 17,6% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu. Tillögurnar höfðu að geyma mismunandi leiðir til uppgjörs við helstu kröfuhafa, meðal annars um greiðslu í reiðufé, breytingu krafna, lánalengingar og afskriftir. Hvað kröfur Seðlabankans varðaði, var gert ráð fyrir að 10% þeirra yrðu greidd 30 dögum eftir að endurskipulagningu lyki, 16% krafanna yrðu greidd með nýju láni, 14% með stofnfé og eftirstöðvarnar afskrifaðar.¹⁵⁶ Seðlabankinn samþykkti tilboðið 9. mars 2010, en endanlegur frágangur beið samþykkis annarra kröfuhafa og Fjármálaeftirlitsins.¹⁵⁷ Áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna voru einnig háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem samþykkti áformin 21. júní 2010.¹⁵⁸

Á stofnfjäreigendafundi 10. júní 2010 voru lagðar fram til samþykktar tillögur sem lutu að fjárhagslegri endurskipulagningu. Þær lutu að lækkun stofnfjár úr 794,4 milljónum króna í tæplega 33,4 milljónir króna og síðan að stofnfé yrði hækkað aftur í 668 milljónir króna. Skyldu stofnfjäreigendur á sama tíma falla frá forkaupsrétti sínum. Tillögurnar voru allar samþykktar.¹⁵⁹

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010, í málum nr. 92/2010 og 153/2010, varðandi lög- mæti lánskuldbindinga í íslenskum krónum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla, sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafyrirtækjum tilmæli vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða 30. júní 2010. Var fjármálafyrirtækjum gert að endurmeta eigin- fjárþörf sína í ljósi þeirra aðstæðna og tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur hefði í för með sér.¹⁶⁰ Forsvars- menn og endurskoðendur Sparisjóðs Bolungarvíkur könnuðu áhrif dómanna í samráði við Fjármálaeftirlitið miðað við forsendur um vaxtakjör sem gefin voru í tilmælunum. Niðurstaðan varð sú að þörf væri á frekari aðgerðum svo sparisjóðurinn uppfyllti eigin- fjárkröfur Fjármálaeftirlitsins. Fjallað var um þá stöðu sem upp var komin á stjórnarfundum sparisjóðsins 13. ágúst 2010. Þar kom fram að Seðlabankinn gæti ekki afskrifað meira af kröfum sínum og því yrðu aðrir kröfuhafar að taka á sig 141 milljón króna vegna „líklegra dóma vegna erlendra lána“. Ganga yrði á ný til samninga við kröfuhafa.

Sparisjóðurinn lagði fram nýja tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu, en áhrif dóma Hæstaréttar voru einkum á þrjá liði í efnahag sjóðsins, þ.e. til lækkunar á stöðu útlána, til lækkunar á eigin fé og til lækkunar á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli. Tillaga sparisjóðsins fól í sér að almennir kröfuhafar myndu afskrifa 19% krafna sinna, en 10% yrðu greidd með peningum, 35% með nýju skuldabréfi og 36% með nýju víkjandi

154. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Bolungarvíkur 24. mars 2010.

155. Í minnisblaði Seðlabanka Íslands frá 10. febrúar 2010, sem ritað var eftir fund fulltrúa Seðlabankans, fjármálaráðuneytis og Sparisjóðs Bolungarvíkur 9. febrúar, kom fram að líklega yrðu endurheimtur meiri ef skuldir sparisjóðsins við Seðlabankann yrðu endurskipulagðar en ef sparisjóðurinn færi í þrot. Ársreikningur sparisjóðsins fyrir árið 2009 var áritaður með fyrirvara en þar sagði: „Sparisjóðurinn hefur unnið að endurskipulagningu en samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2009 er eigið fé í árslok neikvætt um rúma 2 milljarða króna og CAD hlutfall neikvætt um 48,74% en samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki á það að vera að lágmarki 8%. Lánardrottinn aðrir en Seðlabanki Íslands hafa nú þegar samþykkt tillögu að endurskipulagningu sjóðsins en beðið er eftir niðurstöðu ESA áður en Seðlabanki Íslands mun samþykkja fyrir sitt leyti. Í framhaldi af þessu þarf samþykki stofnfjáfundar fyrir endurskipulagningunni. Ljóst er að ef endurskipulagningin gengur ekki eftir einhverra hluta vegna þá er rekstrarhæfi Sparisjóðsins brostið en ársreikningurinn er settur fram með þeim hætti að rekstrarhæfi sé til staðar.“

156. Tillaga Sparisjóðs Bolungarvíkur um fjárhagslega endurskipulagningu, 5. mars 2010.

157. Bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Bolungarvíkur 9. mars 2010.

158. Nánari umfjöllun um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er í 13. kafla.

159. Stofnfjäreigendafundur Sparisjóðs Bolungarvíkur, 10. júní 2010.

160. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálafyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>. Nánari umfjöllun er að finna í 13. kafla.

láni.¹⁶¹ Eigendur víkjandi lána, Bygðastofnun og Íslensk verðbréf hf., myndu umbreyta 6% krafna sinna í nýtt víkjandi lán, 25% í stofnfé og afskrifa 69%. Engar breytingar voru gerðar á meðferð krafna Seðlabankans frá fyrri tillögu. Gert var ráð fyrir að eiginfjárlutfallið yrði 18,1% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹⁶²

Hinn 17. september 2010 endurnýjaði Fjármálaeftirlitið samþykki sitt fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur eftir að hafa mótttekið nýja útreikninga sem gerðir voru á grundvelli nýrrar áætlunar sparisjóðsins um fjárhagslega endurskipulagningu. Taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til annars en að álykta að sparisjóðurinn myndi uppfylla skilyrði þess um eiginfjárlutföll næstu þrjú árin. Með vísan til þess staðfesti Fjármálaeftirlitið fyrri samþykki sitt með fyrirvara um að endanlegir samningar næðust við kröfuhafa sparisjóðsins um eftirgjöf skulda.¹⁶³

Sparisjóðurinn og Seðlabanki Íslands undirrituðu samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu 22. september 2010. Samkomulagið skyldi koma í stað stofnfjárframlags úr ríkissjóði á grundvelli laga nr. 125/2008. Samkomulagið tók til krafna samkvæmt „Rammasamningi um reikningslán milli Sparisjóðs Bolungarvíkur og Sparisjóðabanka Íslands hf.“ frá 14. júlí 2005 og krafna vegna skammtímalána í erlendum myntum sem Sparisjóðabankinn veitti Sparisjóði Bolungarvíkur. Uppgjörið miðaðist við áætlaða stöðu 31. desember 2009, sem var 3.876 milljónir króna, og skyldu 388 milljónir króna (10%) greiddar með reiðufé; 620 milljónir króna (16%) greiddar með nýju láni í erlendum myntum til fimm ára, en 543 milljónir króna (14%) yrðu greiddar með afhendingu á stofnfé í sparisjóðnum. Skyldi það svara til 81,6% af heildarstofnfé sparisjóðsins. Eftirstöðvarnar yrðu afskrifaðar.¹⁶⁴

Uppgjörið var háð því að fjárhagsleg endurskipulagning gengi eftir í samræmi við samþykktu áætlun sparisjóðsins og að dregin yrði til baka umsókn um eiginfjárframlag úr ríkissjóði.¹⁶⁵ Á stjórnarfund 30. september 2010 samþykkti stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur að falla frá umsókn sinni.¹⁶⁶ Seðlabanki Íslands staðfesti síðan við fjármálaráðuneytið 8. október að allir skilmálar, sbr. bréf bankans 1. febrúar 2010, væru uppfylltir.¹⁶⁷ Þar með var fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur lokið.

Að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni eignaðist Seðlabanki Íslands 81,2% stofnfjár og Bygðastofnun 9,7%. Bankasýslu ríkisins var því síðar falið að fara með samtals 90,9% heildarstofnfjár í sparisjóðnum. Aðrir stofnfjárhafar fóru með 9,1%, þar af Íslensk verðbréf hf. með 4,1%.¹⁶⁸

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2010 nam hagnaður af rekstri sparisjóðsins rúmum 1,9 milljörðum króna, og hafði eftirgjöf skulda upp á rúma 2,7 milljarða króna þá verið tekjufærð. Bókfært eigið fé í árslok 2010 nam 538 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið 16,18%.¹⁶⁹ Tap á rekstri Sparisjóðs Bolungarvíkur á árinu 2011 nam tæplega 84,5 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok nam 453,5 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið 14,51% og því undir því 16% lágmarki sem Fjármálaeftirlitið setti þeim sparisjóðum sem gengust undir fjárhagslega endurskipulagningu.¹⁷⁰ Í árslok 2012 var sparisjóðurinn enn undir þeim mörkum.

Ásgeir Sólbergsson sparisjóðsstjóri lýsti því fyrir rannsóknarnefndinni að fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðsins hefði komið miklu verr út en menn hefðu búist við, þar sem svo fljótt hefði orðið taprekstur á honum.¹⁷¹ Þá taldi Finnbogi Jakobsson, stjórnarfor-

161. Fjárhagsleg endurskipulagning Sparisjóðs Bolungarvíkur – breyting vegna áhrifa gengistryggðra lána, drög dags. 23. ágúst 2010, í hefti frá Seðlabanka Íslands, nóvember 2010.

162. Fjárhagsleg endurskipulagning Sparisjóðs Bolungarvíkur – breyting vegna áhrifa gengistryggðra lána, drög dags. 23. ágúst 2010, í hefti frá Seðlabanka Íslands, nóvember 2010.

163. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Seðlabanka Íslands 17. september 2010.

164. Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu, 22. september 2010.

165. Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu, 22. september 2010.

166. Bréf stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur til Fjármálaeftirlitsins 30. september 2010.

167. Bréf Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins 8. október 2010.

168. Fjárhagsleg endurskipulagning Sparisjóðs Bolungarvíkur – breyting vegna áhrifa gengistryggðra lána, drög dags. 23. ágúst 2010, í hefti frá Seðlabanka Íslands, nóvember 2010.

169. Ársreikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2010.

170. Ársreikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2011.

171. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

maður sparisjóðsins, að sparisjóðurinn hefði þurft að fá mun hærrí afskriftir hjá Seðla-
banka Íslands og vísaði til endurútreiknings á uppgjöri fleiri sparisjóða á fyrri hluta árs
2013. Hins vegar hafi ekki verið „til í dæminu“ að hjálpa Sparisjóði Bolungarvíkur frekar.¹⁷²

Ákveðið var á aðalfundi Sparisjóðs Bolungarvíkur 22. maí 2013 að auka stofnfé spari-
sjóðsins um 80 milljónir króna, að undangenginni niðurfærslu eldra stofnfjár um 234,5
milljónir króna. Niðurfærslan var til jöfnunar taps sem ekki yrði jafnað á annan hátt. Á
fundinum samþykktu eldri stofnfjáreigendur að falla frá forkaupsrétti sínum en Trygg-
ingasjóður sparisjóða keypti stofnfjárukninguna og eignaðist við það 15,6% í Sparisjóði
Bolungarvíkur. Í kjölfar niðurfærslu og stofnfjárukningar fór Bankasýsla ríkisins með
76,8% stofnfjár, sem samsvaraði 394,4 milljónum króna að nafnverði.¹⁷³

23.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Bolungarvíkur greiddi stofnfjárhöfum lengst af arð af stofnfé þeirra. Á árunum
2001–2008 námu arðgreiðslur vegna næstliðinna rekstrarára samtals tæpum 250 milljónum
króna. Þar af voru 153 milljónir króna greiddar vegna ársins 2007. Arðgreiðslurnar vegna
áranna 2005, 2006 og 2007 voru hærrí en reglur Tryggingasjóðs sparisjóða heimiluðu.
Samkvæmt þeim var sparisjóðnum heimilt að greiða 10% arð af stofnfé árið 2005 og 11,9%
árið 2006, en greiðslurnar voru ívið hærrí, eða samtals 8,4 milljónir króna umfram leyfilegt
hámark. Arðgreiðslan vegna ársins 2007 var 33,2 milljónum króna hærrí en heimilt var.
Leyfilegt hámark miðaðist við raunarðsemi eigin fjár, sem var 13,24% og mátti arðgreiðsla
samkvæmt því hæst nema 101,9 milljónum króna. Við þá fjárhæð var heimilt að bæta
18,0 milljónum króna sem var ónýttur möguleiki til arðgreiðslu vegna leiðréttrar afkomu
2006. Sú leiðrétting var vegna upptöku sparisjóðsins á reikningsskilum í samræmi við
IFRS á árinu 2007.¹⁷⁴ Með þessari viðbót var því heimilt að greiða 119,9 milljóna króna
arð. Sparisjóður Bolungarvíkur greiddi ekki arð eftir 2008. Reglur Tryggingasjóðs giltu til
ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki
50% af hagnaði.¹⁷⁵

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða
inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við
endurmatið.¹⁷⁶ Árin 2005–2007 var stofnfé Sparisjóðs Bolungarvíkur hækkað með endur-
mati vegna verðlagsbreytinga um 37,6 milljónir króna og var framkvæmdin í samræmi við
reglur. Árið 2007 var stofnfé miðað við ársbyrjun endurmetið vegna verðlagsbreytinga um
9% en verðbólga ársins var 5,9%. Mismuninn mátti rekja til stofnfjárukningar sjóðsins á
árinu um 518 milljónir króna en að teknu tilliti til hennar var endurmatið í samræmi við
verðlagsbreytingar ársins. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2007.

Í lögnum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs
til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.¹⁷⁷ Hækkunin mátti þó ekki
vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðal-
fundum sparisjóðsins var samþykkt að hækka stofnfé í lok næstliðins árs um 5% vegna
áranna 2005 og 2006 og 3,32% vegna ársins 2007. Alls var stofnfé hækkað með sérstöku
endurmati um 44,5 milljónir króna á þessum árum og var hækkunin í samræmi við reglur.

Hér eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa
verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru
útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist
þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta sam-
þykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir
ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

172. Skýrsla Finnþoga Jakobsson fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.

173. Skýrsla Bankasýslu ríkisins um starfsemi sína 2013.

174. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

175. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

176. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009.

177. Sú heimild kom í lögum 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009.

Tafla 26. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Bolungarvíkur 2005–2011.¹⁷⁸

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	17.664	32.900	153.065	—	—	—	—
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	—	—	—	—	—	—	—
Stofnfé í árslok	160.584	219.336	768.942	794.471	791.438	668.186	668.186
Arður sem hlutfall af stofnfé	11,0%	15,0%	19,9%	—	—	—	—
Arður sem hlutfall af hagnaði	16,0%	17,7%	60,0%	—	—	—	—
Afkoma ársins	110.530	185.508	255.319	(1.618.817)	(2.260.470)	1.932.394	(84.447)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	10,0%	11,9%	13,2%	•	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	9,2%	11,9%	13,2%	•	•	•	•
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	8.029	10.967	25.529	—	—	—	—
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga	5.242	11.719	20.620	—	—	—	—

23.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttáð og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Bolungarvíkur og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla er lögð á tímabilið frá 2005 til 2011.

23.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Bolungarvíkur starfrækti ekki eigin innri endurskoðunardeild á því tímabili sem til athugunar var, fremur en aðrir smærri sparisjóðir. Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri eigin innri endurskoðunardeildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning um innri endurskoðun við Löggilta endurskoðendur Vestfjörðum ehf. 7. maí 2004.¹⁷⁹ Annaðist fyrirtækið innri endurskoðun sparisjóðsins vegna árána 2005 og 2006. Rannsóknarnefndinni bárust ekki skýrslur um innri endurskoðun vegna árána 2007 til 2011 og að sögn sparisjóðsstjóra var engin innri endurskoðandi hjá sparisjóðnum frá árinu 2008.¹⁸⁰

Hinn 12. október 2007 barst Fjármálaeftirlitinu bréf frá Tryggingasjóði sparisjóða vegna innri endurskoðunar Sparisjóðs Bolungarvíkur, en Tryggingasjóðurinn hafði í febrúar 2005 boðið smærri sparisjóðum þjónustu sína við innri endurskoðun frá og með rekstrarárinu 2005. Í svarbréfi Fjármálaeftirlitsins til Tryggingasjóðsins 12. október 2009 sagði, að teknu tilliti til hlutverks Tryggingasjóðsins, samþykktu hans og í kjölfar skoðunar á samningi Tryggingasjóðsins og Sparisjóðs Bolungarvíkur um innri endurskoðun sparisjóðsins, teldi Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við framangreinda ráðstöfun.¹⁸¹

Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf. töldu að bæta þyrfti innra eftirlit sparisjóðsins á ýmsum sviðum. Í skýrslu vegna innri endurskoðunar fyrir árið 2006 var athygli stjórnar og sparisjóðsstjóra vakin á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2002 um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Bent var á að reynslan hefði sýnt að undanfari erfiðleika í starfsemi fjármálafyrirtækja hefði verið skortur á yfirsýn stjórnenda, ófullnægjandi markmiðssetning um áhættutöku og veikleikar í innra eftirliti. Þá var bent á að í tilmælunum væru settar fram lágmarkskröfur um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum og að stjórn bæri ábyrgð á því að fullnægjandi og skilvirkt innra eftirlitskerfi væri ávallt til staðar.¹⁸²

178. Ársreikningar Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árin 2005–2011. Verðbólga ársins er reiknuð út frá tölum frá Hagstofunni með aðferð sem skilgreind er í 8. kafla.

179. Skýrsla Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2006. Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf. er samstarfsfyrirtæki Deloitte.

180. Skýrsla Ásgeirs Sólbergssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. maí 2013.

181. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Tryggingasjóðs sparisjóða 12. október 2009.

182. Skýrsla Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2006.

„Það var búið að semja við Hrefnu hjá Tryggingasjóðnum um að hún myndi framkvæma þetta og svo þegar var búið að fá leyfi hjá Fjármálaeftirlitinu til að gera það þá sóttum við um. Við fengum aldrei svar frá þeim og svo tók hann þetta bara svona til hliðar við innri endurskoðun, endurskoðandinn hjá okkur.“

Úr skýrslu Ásgeirs Sólbergssonar sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.

Í skýrslum um innri endurskoðun vegna árána 2005 og 2006 voru tilgreindir ýmsir veikleikar í eftirlitskerfi sparisjóðsins. Bent var á veikleika í innra eftirliti með bókhaldi og var þar vísað til upplýsinga frá ytri endurskoðanda um rangfærslu sem kom upp í ársreikningi fyrir árið 2006 þar sem tekjur af húsbrefum voru ofreiknaðar.¹⁸³ Við innri endurskoðun vegna ársins 2005 hafði komið í ljós að engar skriflegar starfsreglur væru til þar sem verksvið og ábyrgðir starfsmanna kæmu fram. Ári síðar voru komin drög að slíkum reglum sem þó höfðu ekki verið kynntar starfsmönnum.¹⁸⁴ Veikleikar voru í aðgreiningu starfa og var eftirliti ábótavant í þeim tilvikum sem ekki var unnt að koma við aðgreiningu starfa.¹⁸⁵ Þá voru ekki til skrifleg markmið varðandi helstu áhættuþætti og var því áhættustýring ómarkviss. Bent var sérstaklega á útlánaáhættu og vísað til fjárhæða í ársreikningum vegna endanlegra tapaðra krafna og vísað til þess að þær hefðu verið verulegar á undanförunum árum. Það var mat innri endurskoðunar að eðlilegt væri að freista þess að lækka útlánaþöpp með skýrum markmiðum um útlánaáhættu.¹⁸⁶ Veikleika var einnig að finna í innra eftirliti upplýsingakerfis, en starfsmenn sem hætt höfðu störfum höfðu enn aðgang að tölvukerfum. Ekki lá fyrir skjalfest öryggisstefna eða áhættumat vegna upplýsinga kerfa.¹⁸⁷

Í skýrslu ytri endurskoðanda sparisjóðsins, Endurskoðunar Vestfjarða ehf., vegna endurskoðunar ársreiknings 2009, var almenn umfjöllun um innra eftirlit og mikilvægi þess. Einnig var fjallað um ábyrgð stjórnenda á innra eftirliti. Í skýrslunni kom ekki skýrt fram mat endurskoðandans á innra eftirliti sparisjóðsins en greint var frá ýmsum veikleikum í eftirlitskerfi sparisjóðsins sem sneri að bókhaldi og fjárreiðum. Bent var á að enginn innri endurskoðandi væri starfandi hjá sparisjóðnum eins og lög um fjármálafyrirtæki kvæðu á um.¹⁸⁸ Samsvarandi umfjöllun var um innra eftirlit í skýrslu ytri endurskoðanda um ársreikning 2010 og ábending um að enginn innri endurskoðandi væri starfandi hjá sparisjóðnum.¹⁸⁹

183. Skýrsla Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2006.

184. Skýrsla Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2006.

185. Skýrsla Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2005 (drög).


186. Skýrsla Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2005 (drög); skýrsla Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2006.

187. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun innra eftirlits upplýsingakerfa Sparisjóðs Bolungarvíkur 2006, 22. maí 2007.

188. Skýrsla Endurskoðunar Vestfjarða ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur 2009, 26. maí 2010.

189. Skýrsla Endurskoðunar Vestfjarða ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur 2010, 18. mars 2011.

24. Sparisjóður Strandamanna



24. SPARISJÓÐUR STRANDAMANNA

Sparisjóður Kirkjubóls og Fellshrepps var stofnaður 19. janúar 1891. Hann var lengst af til húsa á heimili gjaldkera eða í rúm fimmtíu ár á Kirkjubóli í Steingrímsfirði. Nafni sparisjóðsins var breytt í Sparisjóð Strandamanna árið 1995. Fjórum árum síðar sameinaðist Sparisjóður Árneshrepps sparisjóðnum, en Sparisjóður Árneshrepps var stofnaður 1932 og hafði verið til húsa í Norðurfirði í 18 ár þegar til sameiningarinnar kom.

Í samþykktum sparisjóðsins frá 18. apríl 2010 segir að sparisjóðurinn sé sjálfseignarstofnun sem stundi sparisjóðastarfsemi eins og hún sé skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki. Sparisjóðurinn leggi áherslu á uppbyggingu samfélagsins sem hann starfar í, meðal annars með stuðningi við íþrótt- og æskulýðsstarf, líknarmál og menningarviðburði, auk annars sem orðið geti til að efla og göfga mannlífið á starfssvæði hans. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru að Hafnarbraut 19 á Hólmanvík þar sem jafnframt er sinnt póstpjónustu á vegum Íslandspósts og váttryggingastarfsemi í umboði Sjóvá-Álmennra trygginga hf. Útibú er einnig starfrækt í Norðurfirði.

Stjórnarformaður sparisjóðsins er Björn Torfason og hefur hann sinnt því hlutverki óslitið frá aðalfundi árið 2000. Starfi sparisjóðsstjóra hefur Guðmundur B. Magnússon gegnt frá árslokum 2003 þegar Benedikt Grímsson frá Kirkjubóli lét af störfum. Benedikt hafði starfað sem sparisjóðsstjóri frá árinu 1997.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.¹

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Björn Torfason	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.
Bragi Guðbrandsson	x	x		x							
Guðjón Sigurgeirsson			x		x	x	x	x	x	x	x
Hafðís Sturlaugsdóttir	x	x									
Hjalti Guðmundsson			x								
Hrólfur Guðjónsson	x	x									
Jenný Jensdóttir				x	x	x	x	x	x	x	x
Reynir Björnsson			x								
Sigurður Jónsson	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x
Póður Sverrisson			x	x	x	x	x	x	x	x	x

Sparisjóður Strandamanna hefur jafnan verið í hópi minni sparisjóða hér á landi. Í lok árs 2007, fyrir fall bankanna, voru stofnfjárhafar 102 og eignarhaldið frekar dreift. Heildareignir námu þá rúmum 1,8 milljörðum króna eða 0,3% af heildareignum allra sparisjóðanna. Samanlagðar eignir allra sparisjóða voru þá 614 milljarðar króna. Í árslok 2011 námu heildareignir sparisjóðsins 2,2 milljörðum króna og voru þá 3,7% af heildareignum sparisjóðanna.

Sparisjóður Strandamanna var einn þeirra sparisjóða sem komu að stofnun og rekstri sameiginlegrar starfsstöðvar nokkurra sparisjóða af landsbyggðinni undir nafninu Sp-ráðgjöf ehf., en sú starfsemi hafði nokkur áhrif á útlánasafn sjóðsins. Starfsemin var til húsa að Engjateigi í Reykjavík í húsnæði sem samstarfssjóðirnir höfðu fjárfest í.²

Í byrjun árs 2007 kom til tals í stjórn sparisjóðsins að sameina hann Sparisjóði Bolungarvíkur, Sparisjóði Vestfirðinga og Sparisjóði Húnaþings og Stranda. Af því varð ekki, en um mitt árið sameinuðust tveir síðastnefndu sparisjóðirnir Sparisjóðnum í Keflavík. Í framhaldinu óskaði Sparisjóðurinn í Keflavík eftir viðræðum við Sparisjóð Strandamanna um nánara samstarf og sameiningu. Stjórn sparisjóðsins lýsti sig reiðubúna til viðræðna en ekkert varð úr þeim.³

1. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

2. „Sparisjóður Vestfirðinga opnar starfsstöð í Reykjavík“, flateyri.is september 2006, http://www.flateyri.is/lesa_frett.php?id=1449.

3. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 17. október 2013 sagði Guðmundur B. Magnússon sparisjóðsstjóri að sameiningunni hefði verið hafnað. Fundargerðir stjórnar sparisjóðsins bera hins vegar ekki með sér að sameiningar hafi verið ræddar frekar fram að aðalfundi á árinu 2008.

Sparisjóður Strandamanna er eitt elsta fjármálafyrirtæki landsins og einn þriggja sparisjóða í landinu þar sem íslenska ríkið er ekki meðal stofnfjáreignenda.

24.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Strandamanna, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001 til 2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram. Sparisjóðurinn tók upp breyttar reikningsskilaaðferðir árið 2007 og fór að færa markaðsverðbréf og eignarhluti í félögum sem fjáreignir á gangvirði og mat niðurfærslu vegna útlána með öðrum hætti en áður. Jafnframt var framsetning ársreikningsins þá lögð að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) án þess að um eiginlega upptöku þeirra væri að ræða. Þetta kallar á nokkrar tilfærslur hér til þess að reikningar verði samanburðarhæfir á milli ára. Þessi breyting á reikningsskilaaðferðum leiddi til hækkunar á eigin fé sparisjóðsins í ársbyrjun 2007 um 87 milljónir króna.⁴

24.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Strandamanna var rekinn með hagnaði öll árin frá 2001 til 2007. Á árinu 2007 nam hagnaður sparisjóðsins 67 milljónum króna og hafði hækkað um 25% frá fyrra ári. Þetta var þó minni hagnaður en árin 2004 og 2005 þegar afkoma af fjáreignum, fyrst og fremst hækkun á eignarhlut í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., réð mestu um afkomuna. Viðsnúningur varð í rekstrinum á árinu 2008 þegar tap varð upp á 356 milljónir króna. Tapið skýrðist af 290 milljóna króna gengistapi af fjáreignum og 134 milljóna króna framlagi í afskriftareikning útlána. Áframhaldandi tap varð á rekstri sjóðsins á árinu 2009 þegar gengistap af fjáreignum nam 132 milljónum króna. Þar að auki hækkaði framlag í afskriftareikning útlána og nam 143 milljónum króna. Framlagið var einnig mjög hátt árið 2011 en tekjufærsla upp á 391 milljón króna vegna niðurfærslu skuldar við Seðlabanka Íslands leiddi til 17,5 milljóna króna hagnaðar það árið.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.⁵

Pús kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	27.221	33.546	33.817	34.548	35.283	39.179	33.875	42.398	75.795	92.491	70.766
Hreinar þjónustutekjur	9.175	10.643	10.723	12.958	12.485	7.675	8.313	11.035	9.206	9.091	8.930
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	129	219	317	2.100	654	1.393	1.513	4.764	1.068	(849)	1.755
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(2.553)	(8.577)	41.048	108.264	98.697	59.360	83.889	(290.246)	(132.529)	(17.242)	(43.028)
Aðrar rekstrartekjur	439	1.574	596	872	390	8.207	14.281	9.110	9.645	9.942	9.786
Hreinar rekstrartekjur	34.410	37.405	86.502	158.742	147.509	115.814	141.871	(222.939)	(36.815)	93.433	48.209
Almennur rekstrarkostnaður	(28.759)	(31.076)	(36.828)	(37.549)	(41.608)	(47.276)	(58.378)	(63.594)	(60.346)	(65.131)	(77.666)
Önnur rekstrargjöld	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(1.404)	(883)	(6.431)	(11.274)	(6.773)	(3.645)	(2.215)	(134.332)	(142.683)	(18.000)	(335.335)
Rekstrargjöld samtals	(30.163)	(31.959)	(43.259)	(48.823)	(48.381)	(50.921)	(60.593)	(197.926)	(203.029)	(83.131)	(413.001)
Tekjufærð eftirgjöf skuldar	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	391.141
Hagnaður (tap) fyrir skatta	4.247	5.446	43.243	109.919	99.128	64.893	81.278	(420.865)	(239.844)	10.302	26.349
Skattar samtals	–	–	–	–	–	(11.319)	(14.358)	65.091	50.372	(6.552)	(8.819)
Hagnaður (tap) ársins	4.247	5.446	43.243	109.919	99.128	53.574	66.920	(355.774)	(189.472)	3.750	17.530


Hreinar rekstrartekjur

Gengisþróun fjáreigna hafði töluverð áhrif á hreinar rekstrartekjur sparisjóðsins á tímabilinu 2001–2011. Afkoma af fjáreignum skýrði nær algjörlega auknar, hreinar rekstrartekjur á árunum 2003 til 2007. Mikið gengistap varð hins vegar af þeim á árunum 2008 og 2009 sem leiddi til tapreksturs af sparisjóðnum. Áframhaldandi gengistap varð af fjáreignum 2010–2011 en vöxtur hreinna vaxta- og þjónustutekna dró úr áhrifum fjáreignatapsins á hreinar rekstrartekjur. Fjáreignastarfsemi hafði í rauninni meira að segja fyrir afkomu sparisjóðsins en kjarnastarfsemi á árunum 2003–2009.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

4. Nánar er fjallað um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

5. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011. Í viðauka C má sjá sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.⁶

Gengishagnaður af fjáreignum nam samtals nærri 400 milljónum króna á árunum 2003–2007 en hreinar rekstrartekjur þessara ára í heild voru 650 milljónir króna. Á árunum 2008 til 2011 varð hins vegar gengistap af fjáreignum upp á hátt í 500 milljónir króna. Gengistap ársins 2008 af fjáreignum nam 290 milljónum króna, en þar af nam gangvirðislækkun hlutabréfa 180 milljónum króna.⁷ Árið 2009 nam gengistap af fjáreignum 133 milljónum króna og þar af varð 75 milljóna króna tap á skuldabréfaeign sjóðsins.⁸ Á árinu 2011 varð 43 milljóna króna tap á fjáreignum sem skýrðist af gjaldfærslu hlutabréfa og gengistapi vegna óhagstæðrar þróunar gjaldmiðla.

Arðs- og hlutdeildartekjur vógu ekki þungt í rekstri Sparisjóðs Strandamanna. Hæstar urðu þessar tekjur á árinu 2008 eða 4,8 milljónir króna. Þar af námu arðstekjur 5,3 milljónum króna en tap var á rekstri hlutdeildarfélagasjóðsins. Eignarhlutur í Sparisjóðabankanum var aldrei færður með hlutdeildaraðferð hjá Sparisjóði Strandamanna.⁹

Hreinar þjónustutekjur voru tiltölulega lítill hluti hreinna rekstrartekna á umræddu tímabili. Vægi þeirra fór lækkandi frá 2001 til 2007, úr 27% í 6% af hreinum rekstrartekjum. Á árinu 2008 hækkuðu hreinar þjónustutekjur um þriðjung frá fyrra ári. Hreinar þjónustutekjur voru 19% hreinna rekstrartekna á árinu 2011.

Aðrar rekstrartekjur voru óverulegur hluti hreinna rekstrartekna þar til árið 2006 að þær námu átta milljónum króna eða 7% af hreinum rekstrartekjum. Á árunum 2008–2011 héldust aðrar rekstrartekjur mikið til óbreyttar í krónum talið og námu 9,8 milljónum á árinu 2011 eða 20% af hreinum rekstrartekjum.

Hreinar vaxtatekjur breyttust lítið á árunum 2001 til 2007. Árið 2008 jukust þær hins vegar töluvert og tæplega tvöfölduðust árið 2009. Á árinu 2010 nam þessi tekjulíður 92,5 milljónum króna og hafði hækkað um fjórðung frá fyrra ári. Hækkunin skýrðist aðallega af lækkun meðalinnlánsvaxta úr 9,5% í 4,8% á árinu 2009. Vaxtamunur Sparisjóðs Strandamanna var alltaf hærri en meðalvaxtamunur hjá sparisjóðunum í heild og var munurinn mestur tæplega sex prósentustig árið 2001.

Stærstur hluti vaxtatekna sparisjóðsins kom frá útlánunum og námu þær hæst 157 milljónum króna árið 2008, eða 94% af vaxtatekjunum. Vaxtatekjur vegna útlána lækkuðu þó á árunum 2009–2011 samhliða lækkun útlána. Vaxtatekjur vegna krafna á lánastofnanir voru yfirleitt

6. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

7. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2008, 26. mars 2009.

8. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2009, 19. apríl 2010.

9. Í 8. kafla er greint frá mismunandi aðferðum við skráningu og mat fjáreigna, þar á meðal hlutdeildaraðferð.

ekki umtalsverðar en árið 2009 áttfölduðust þær og námu 65 milljónum króna, eða 31% af vaxtatekjum sparisjóðsins. Ári síðar náðu þær hámarki sínu á tímabilinu, 92 milljónum króna. Vaxtatekjur af skuldabréfum og aðrar vaxtatekjur voru nánast engar á tímabilinu.

Vaxtagjöldin voru að stærstum hluta vegna almennra innlána. Vaxtagjöld vegna lántöku voru um þriðjungur vaxtagjalda á fyrri hluta tímabilsins en fóru lækkandi til ársins 2007 þegar þær voru 11% af vaxtagjöldum. Frá 2008 jukust þau heldur og námu 14 milljónum króna árið 2011 eða 16% af vaxtagjöldum. Önnur vaxtagjöld til lánastofnana eða vegna víkjandi skulda voru nánast engin á tímabilinu.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Strandamanna 2001–2011.¹⁰


Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Strandamanna											
Meðalvextir útlána	20,4%	14,3%	12,4%	12,0%	13,8%	14,3%	13,1%	15,6%	12,3%	9,4%	10,6%
Meðalvextir innlána	7,8%	5,1%	4,0%	4,1%	5,7%	8,8%	10,7%	13,6%	9,5%	4,8%	3,8%
Vaxtamunur	11,7%	8,7%	8,0%	7,7%	7,7%	5,1%	2,2%	1,8%	2,5%	4,4%	6,5%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum auk framlags í afskriftareikning útlána.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Sparisjóðs Strandamanna breyttust lítið á tímabilinu að undanskildum árunum 2008, 2009 og 2011 þegar framlag í afskriftareikning útlána margfaldaðist. Á tímabilinu 2001 til 2011 nam framlagið samtals 663 milljónum króna, en þar af voru 630 milljónir króna á árunum 2008 til 2011.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.¹¹



Framlag í afskriftareikning útlána var aðeins 4% rekstrargjalda árið 2007 en ári síðar nam það 68% af rekstrargjöldum sparisjóðsins. Þar af voru 76 milljónir króna eða tæplega 60% vegna lána sem veitt voru fyrir tilstuðlan Sp-ráðgjafar ehf.¹² Á árinu 2009 nam framlag í afskriftareikning útlána 143 milljónum króna eða 70% rekstrargjalda. Þar af voru 96 milljónir króna eða 67% vegna lána sem Sp-ráðgjöf hf. hafði haft milligöngu um að lána.¹³

10. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011. Í viðauka B er tafla sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða.

11. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

12. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2008, 26. mars 2009.


13. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2009, 19. apríl 2010.

Á árinu 2010 var framlag í afskriftareikning miklu lægra en árin áður, eða einungis 18 milljónir króna. Ástæðuna mátti rekja til óvissu um áhrif af einum af svo kölluðum gengislánadómum¹⁴ á fjárhagsstöðu sjóðsins.¹⁵ Sérgreindur afskriftareikningur útlána sjóðsins nam þá tæplega 138 milljónum króna í árslok 2010 og jafngilti það 11,4% af heildarútlánnum sjóðsins. Þegar almennar afskriftir eru teknar með var niðurfærsluhlutfall útlána sjóðsins 13,4% í lok árs 2010 en 21,3% hjá sparisjóðunum í heild.¹⁶

Á árinu 2011 nam framlag sjóðsins í afskriftareikning útlána 335 milljónum króna. Skýrðist þetta háa framlag af því að á árinu var fé lagt til hliðar vegna lána sjóðsins í erlendri mynt.¹⁷ Í lok ársins var niðurfærsluhlutfall útlána sparisjóðsins 27,8% en 14% hjá sparisjóðunum í heild. Til samanburðar hafði það verið 2,4% hjá sparisjóðnum og 1,6% hjá sparisjóðunum í heild í árslok 2007. Árin 2008–2011 voru 384 milljónir króna færðar úr afskriftareikningnum sem endanlega töpuð útlán.¹⁸

Almennur rekstrarkostnaður hækkaði tiltölulega jafnt á tímabilinu 2001 til 2011. Mest hækkaði hann um 23% árið 2007 en lækkaði um 5% árið 2009. Hlutfall rekstrarkostnaðar sjóðsins af meðaleignum þróaðist með sambærilegum hætti og hjá sparisjóðunum í heild. Hlutfallið hjá Sparisjóði Strandamanna var þó hærra en hjá sjóðunum í heild frá 2001 til 2009. Snörp hækkan hlutfallsins árið 2003 skýrist af hækkan launakostnaðar vegna starfsloka fráfarandi sparisjóðsstjóra í lok ársins.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.¹⁹



Launakostnaður hjá Sparisjóði Strandamanna var á bilinu 41% til 53% af almennum rekstrarkostnaði frá 2001 til 2011. Fjöldi stöðugilda hélst óbreyttur allt tímabilið. Í töflu 4 er yfirlit launakostnaðar hjá sjóðnum og fjöldi stöðugilda miðað við heilsdagsstörf í lok hvers reikningsárs 2001 til 2011.

Launakostnaðurinn hækkaði um 10% til 16% á hverju ári 2005 til 2007 en lækkaði svo árið 2009. Lækkunin var þó umtalsvert meiri hjá sparisjóðunum í heild og á árinu 2010 lækkaði launakostnaðurinn hjá sparisjóðunum í heild en hækkaði hjá Sparisjóði Strandamanna.

14. Um er að ræða dóm Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 frá 15. febrúar 2012.

15. Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna 2010.

16. Niðurfærsla útlána sem hlutfall af útlánnum.

17. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2010, 22. mars 2011.

18. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2011, 12. apríl 2012.

19. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.


Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.²⁰

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í árslok	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Launakostnaður	14.993	16.257	19.454	18.969	21.974	24.250	27.890	29.443	28.748	30.161	31.715
Meðallaunakostnaður pr. stöðugildi	2.999	3.251	3.891	3.794	4.395	4.850	5.578	5.889	5.750	6.032	6.343
Laun og bóknar til yfirstjórnar	...	4.700	5.962	5.452	6.671	7.328	9.004	11.499	9.183	9.638	10.054
Þar af til sparisjóðsstjóra	5.622	4.944	5.710	6.001	7.074	9.324	7.137	7.694	8.110

Árið 2011 hækkaði meðallaunakostnaðar á stöðugildi um 5% hjá Sparisjóði Strandamanna og hafði þá hækkað um 80% frá árinu 2001 en meðallaunakostnaður á stöðugildi hafði á sama tíma hækkað um 62% hjá sjóðunum í heild.

Frá 2001 til 2011 var meðallaunakostnaður á stöðugildi alltaf lægri hjá Sparisjóði Strandamanna en hjá sparisjóðunum í heild. Mest bar í milli á árinu 2008 þegar meðallaunakostnaður á stöðugildi nam 5.889 þúsundum króna hjá Sparisjóði Strandamanna en 9.323 þúsundum króna hjá sparisjóðunum í heild. Á árinu 2011 nam meðallaunakostnaður á stöðugildi hjá Sparisjóði Strandamanna 6.343 þúsund krónum og var það 654 þúsund krónum lægra en hjá sparisjóðunum í heild.²¹

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Strandamanna og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launapróun 2001–2011.²²



Ekkert var fjallað um fríðindi starfsmanna í samþykktum sparisjóðsins en í þeim hluta samþykktanna þar sem fjallað var um sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóra voru reglur um starfskjör stjórnar. Þar sagði að fyrir störf í þágu sparisjóðsins skyldi greiða stjórnarmönnum og formanni stjórnar fasta, mánaðarlega þóknun sem ákveðin skyldi á aðalfundi ár hvert. Ekki áttu sér stað neinar hlunnindagreiðslur til starfsmanna á árunum 2005 til 2011 og nutu starfsmenn ekki annarra fríðinda en almennra fríðinda hjá sparisjóðunum.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.²³

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	27.221	33.546	33.817	34.548	35.283	39.179	33.875	42.398	75.795	92.491	70.766
Hreinar þjónustutekjur	9.175	10.643	10.723	12.958	12.485	7.675	8.313	11.035	9.206	9.091	8.930
Rekstrargjöld samtals	(27.400)	(29.716)	(36.124)	(37.302)	(41.425)	(47.093)	(58.195)	(63.411)	(60.163)	(64.752)	(77.436)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(1.359)	(1.360)	(704)	(247)	(183)	(183)	(183)	(183)	(183)	(379)	(230)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(1.404)	(883)	(6.431)	(11.274)	(6.773)	(3.645)	(2.215)	(134.332)	(142.683)	(18.000)	(335.335)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	6.232	12.230	1.282	(1.317)	(613)	(4.067)	(18.405)	(144.493)	(118.028)	18.451	(333.305)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	4.247	5.446	43.243	109.919	99.128	64.893	81.278	(420.865)	(239.844)	10.302	26.349

20. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

21. Um launapróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna. Þar má jafnframt lesa almennt um risnu og fríðindi starfsmanna sparisjóðanna.

22. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Launavísitala er frá Hagstofu Íslands.

23. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

Kjarnarekstur

Frá árinu 2001 til 2011 var yfirleitt tap á kjarnarekstri Sparisjóðs Strandamanna, að undanskildum árunum 2001 til 2003 og árinu 2010.²⁴ Tapið skýrðist fyrst og fremst af framlagi í afskriftareikning útlána en há rekstrargjöld settu einnig strik í reikninginn. Vaxta- og þjónustutekjur stóðu undir almennum rekstrarkostnaði allt tímabilið nema árin 2006 til 2008. Þá vantaði 16 milljónir króna árið 2007 og 10 milljónir króna árið 2008 til að ná endum saman. Á árinu 2008 var afkoma af kjarnarekstri neikvæð um tæplega 145 milljónir króna sem skýrðist af rúmlega 134 milljóna króna framlagi í afskriftareikning. Sömu sögu mátti segja um árin 2009 og 2011, en hagnaður varð af kjarnarekstri árið 2010 vegna lágs framlags í afskriftareikning útlána það árið.


24.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Strandamanna í lok árunna 2001 til 2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á sömu árum á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Strandamanna 613 milljónum króna en í árslok 2011 voru þær 2,2 milljarðar króna á verðlagi hvors árs um sig. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 tæpur 1,1 milljarður króna. Þannig hafði sjóðurinn tvöfaldast á þessum ellefu árum. Vöxt eigna mátti framan af rekja til hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum en frá árinu 2009 hafði sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka mest að segja. Útlán jukust mikið á árunum 2007 og 2008 eftir jafnan vöxt en fóru svo hægt minnkandi frá 2009.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Strandamanna í lok árunna 2001–2011.²⁵



Útlán voru stærsti einstaki eignaliður sjóðsins í lok árunna 2001 til 2009 og var vægi þeirra af heildareignum að jafnaði rúmlega helmingur. Í árslok 2011 varð hlutfall útlána lægst eða 31%. Árið 2007 hækkuðu útlán um 49% og ári síðar um 41%. Stærstan hluta þessarar hækkunar mátti rekja til hækkunar á lánum í erlendri mynt vegna veikingar íslensku

24. Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

25. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

krónunnar á árinu 2008.²⁶ Á árinu 2009 lækkuðu útlán um 11% frá fyrra ári vegna aukins framlags í afskriftareikning útlána. Í lok árs 2011 námu útlán 692 milljónum króna og höfðu dregist saman um þriðjung frá fyrra ári, einkum vegna framlags í afskriftareikning.²⁷

Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa, eða á bilinu 73–91%. Gengis tryggð skuldabréf hækkuðu umtalsvert á árinu 2008 eða um 89% frá fyrra ári og var það að stórum hluta vegna gengisfalls íslensku krónunnar. Vægi gengistryggðra skuldabréfa af heildarútlánnum sjóðsins var 58% í lok árunna 2008 og 2009 en lækkaði í 53% í lok árs 2010. Á árinu 2011 var nánast öllum lánnum sjóðsins í erlendri mynt breytt í íslenskar krónur og voru gengistryggð skuldabréf aðeins 5% af heildarútlánnum sjóðsins í árslok 2011.

Hluttur útlána til einstaklinga fór lækandi og námu þau 40% af útlánnum í árslok 2011. Hæstur varð hluttur þeirra 55% í árslok 2006 en lægstur 33% í lok árs 2009. Vægi lána til fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi og þjónustustarfsemi, fór hækandi úr 56% í árslok 2001 í 60% í lok árs 2011. Minnst varð það 45% í árslok 2006 og hæst 66% í árslok 2009.

Niðurfærsluhlutfall Sparisjóðs Strandamanna var lengi hærra en annarra sparisjóða og var það sérstaklega áberandi á árunum 2004–2006. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri að innan sparisjóðsins hefði verið vilji til að vera „búralegir“ með tilliti til afskriftareiknings. Vilji sparisjóðsins hefði staðið til þess að hafa meira en minna í afskriftareikningnum þótt reynslan hefði verið sú að afskriftir hefðu verið frekar litlar.²⁸ Í skýrslum endurskoðanda um endurskoðun ársreikninga árunna 2004 til 2006 kemur fram að í sparisjóðnum hafi ekki verið horft mikið til þess hversu hátt hlutfall af útlánnum afskriftaframlagið var heldur eingöngu horft til fjárhæða sem nauðsynlegt þótti að færa niður um. Skýrir þetta hvers vegna niðurfærsluhlutfallið lækkaði mikið árið 2007, en það ár jukust útlán töluvert meira en áður en afskriftir ekki. Eftir fall bankanna 2008 var niðurfærsluhlutfall sparisjóðsins umtalsvert lægra en annarra sparisjóða fram til ársins 2011 en þá færði sparisjóðurinn niður flest lán sem hann hafði veitt í erlendri mynt og talin voru með ólöglega gengistengingu, meðan flestir aðrir sparisjóðir höfðu fært slík lán niður mun fyrr. Á árinu 2011 voru 335 milljónir færðar í afskriftareikning útlána og voru það allt sérgreind framlög.²⁹ Staða afskriftareikningsins nam 266 milljónum króna í árslok 2011 og jafngilti það 27,8% af heildarútlánnum sjóðsins.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Strandamanna í árslok 2001–2011.³⁰

<i>Þús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	327.860	384.597	424.296	411.224	494.512	561.681	834.154	1.175.410	1.036.539	1.018.201	691.806
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	17.053	16.792	23.223	33.274	38.436	42.081	20.307	136.430	218.709	160.140	266.364
Heildarútlán án fullnustueigna	344.913	401.389	447.519	444.498	532.948	603.762	854.461	1.311.840	1.255.248	1.178.341	958.170
Niðurfærsluhlutfall	4,9%	4,2%	5,2%	7,5%	7,2%	7,0%	2,4%	10,4%	17,4%	13,6%	27,8%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Kröfur á lánastofnanir breyttust mikið á milli ára en mesta breytingin varð árið 2008 þegar þær tólfölduðust og námu 328 milljónum króna í árslok eða 16% af heildareignum sjóðsins. Kröfurnar fóru smám saman lækandi en héldust þó hærri á árunum 2009–2011 en á árunum 2001–2007.

Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka uxu á árunum 2008–2011 og voru stærsti eignaliður sjóðsins í lok árunna 2010 og 2011. Þessi liður hækkaði umtalsvert á árinu 2009 og stóð í 818 milljónum króna í árslok sem jafngilti 33% af heildareignum. Þetta voru að langstærstu leyti innistæðubréf í Seðlabanka Íslands upp á 750 milljónir króna.³¹ Vægi þessa liðar af heildareignum jókst enn frekar árið 2010 þegar sjóður og óbundnar innistæður námu 1,4 milljörðum króna eða 49% af heildareignum. Í árslok 2011 var þessi eignaliður 51% af heildareignum sjóðsins og nam 1,1 milljarði króna.

26. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2008, 26. mars 2009.

27. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2011, 12. apríl 2012.

28. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

29. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2011, 12. apríl 2012.

30. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

31. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2009, 19. apríl 2010.

Bókfært verð fjáreigna sparisjóðsins hækkaði alltaf milli ára frá 2001 til 2007. Árið 2007 tvöfölduðust fjáreignir og voru metnar á 968 milljónir króna í árslok. Munaði þar mest um aukningu hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum. Hlutfall fjáreigna af heildareignum jókst úr 21% í árslok 2001 í 52% í árslok 2007. Bókfært verð fjáreigna lækkaði svo umtalsvert árið 2008 og áfram frá 2009 til 2011. Í lok árs 2011 var bókfært virði fjáreigna sjóðsins komið niður í 163 milljónir króna og var þá 7,3% heildareigna. Til samanburðar má geta þess að hlutfall fjáreigna af heildareignum allra sparisjóðanna var 6,6% í árslok 2011.

Markaðsskuldabréf og fleira með föstum tekjum voru vaxandi hluti fjáreigna sparisjóðsins frá 2001 til 2007 og vægi þeirra af heildareignum hækkaði úr 1% árið 2001 í 8% árið 2007. Í árslok 2007 nam bókfært verð skuldabréfaeignar sparisjóðsins 146 milljónum króna og hafði nánast tvöfaldast frá fyrra ári. Í árslok 2008 hafði bókfært verð þessa liðar lækkað, hvort heldur í krónum talið eða sem hlutfall af heildareignum, og hélt sú þróun áfram út tímabilið. Vægi skuldabréfa af fjáreignum jókst hins vegar og í árslok 2011 námu þau 60 milljónum króna sem jafngilti 37% af fjáreignum eða 3% af heildareignum sparisjóðsins.

Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum voru vaxandi eignaliður á árunum 2002 til 2007 og nam bókfært verð þeirra 816 milljónum króna í árslok 2007 eða 44% heildareigna. Þessi eignaliður hafði þá tvöfaldast frá fyrra ári. Þyngst vógu hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með bókfært verð upp á 501 milljón króna og hlutabréf í óskráðum félögum upp á 276 milljónir króna. Í árslok 2008 hafði hlutabréfaeign sjóðsins dregist saman um 60% og nam 322 milljónum króna í árslok. Lækkunin skýrðist að hluta af virðisrýrnun en heildargengistap af fjáreignum nam um 287 milljónum króna á árinu. Í árslok 2009 hafði hlutabréfaeign sjóðsins enn lækkað um 50% frá fyrra ári og nam þá 160 milljónum króna, en heildargengistap af fjáreignum nam 129 milljónum króna á árinu. Hluttur sparisjóðsins í hlutdeildarfyrirtækjum var óverulegur.

Á mynd 5 samanstanda aðrar eignir og fleira af rekstrarfjármunum, skattinneign og öðrum eignum. Rekstrarfjármunir voru eignfærðir á 7,5 milljónir króna í lok árs 2011. Aðrar eignir námu þá 3,8 milljónum króna en skattinneign, sem kom til á árunum 2008 og 2009, stóð í 71,3 milljónum króna í árslok 2011.

Skuldir

Innlán voru stærsti fjármögnunarpáttur Sparisjóðs Strandamanna allt tímabilið 2001–2011 og vægi þeirra í heildarskuldum sjóðsins sveiflaðist frá 50% til 99%. Mikill vöxtur hljóp í innlánin frá árinu 2007, til dæmis jukust þau um 71% árið 2009 en höfðu hækkað um 47% árið áður. Hlutfall milli innlána og útlána var nokkuð sveiflukennt á árunum 2001–2008. Það fór hæst í 99% árið 2001 en lægst í 67% árið 2007. Á árunum 2009–2011 hækkaði hlutfallið hins vegar mjög mikið og stóð í 282% árið 2011 en hafði tekið stökk úr 70% árið 2008 í 136% árið 2009.

Lántökur Sparisjóðs Strandamanna voru eingöngu frá lánastofnunum.³² Í árslok 2007 nam lántaka sjóðsins 395 milljónum króna sem var nærri tvöföldun frá fyrra ári. Á árinu 2008 tvöfölduðust lántökur sjóðsins aftur og námu 778 milljónum króna í lok árs. Hækkunina mátti að mestu leyti rekja til lækkunar á gengi íslensku krónunnar.³³ Í árslok 2010 námu lántökur samtals 829 milljónum króna, sem jafnframt var hæsta gildi þeirra á tímabilinu. Á árinu 2011 var gert samkomulag um uppgjör á skuldum sparisjóðsins við Seðlabanka Íslands. Hluti skuldarinnar, 391 milljón króna, var gefinn eftir og fjárhæðin færð til tekna í rekstrarreikningi. Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi Sparisjóðs Strandamanna 2011 sagði um tekjufærsluna: „Sparisjóðurinn hefur litið svo á að tilgreindur afsláttur sé vegna þess að gengislán sparisjóðsins hafi verið dæmd ólögmæt og slíkt hið sama hljóti því að eiga við um lántöku sparisjóðsins sem var gengisbundin.“³⁴

Aðrar skuldir samanstóðu af reiknuðum skuldbindingum og öðrum ósundurliðuðum skuldum. Þessi liður nam að jafnaði um 1–6% af heildarskuldum sjóðsins. Reiknaðar skuldbindingar, sem voru lífeyrisskuldbindingar, tekjuskattur til greiðslu og tekjuskatts-

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.


32. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

33. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2008, 26. mars 2009.

34. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2011, 12. apríl 2012.

skuldbinding, hækkuðu um rúmar 33 milljónir króna árið 2007 vegna aukinnar tekju-skattsskuldbindingar. Ári síðar varð mikið tap á rekstri sparisjóðsins og það þurrkaði út tekjuskattskuldbindinguna og leiddi til skattinneignar.


Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Strandamanna í lok árunna 2001–2011.³⁵



Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Strandamanna jókst mikið frá 2001 til 2007. Stofnfé hækkaði milli ára, fyrst og fremst við endurmat. Ráðist var í mikla stofnfjárukningu árið 2007 og var stofnfé þá aukið um 195 milljónir króna. Stofnfé var hverfandi hluti eigin fjár þar til árið 2007 að það náði fjórðungshlut. Vöxtur eigin fjár var nær algjörlega vegna hækkunar á varasjóði sem fjórfaldaðist frá 2001 til 2007. Eigið fé hækkaði mikið árið 2007 og nam 830 milljónum króna í árslok og var eiginfjárlutfallið þá 45%. Rekstur sjóðsins árið 2007 skilaði 67 milljónum króna hagnaði og að auki hækkaði eigið fé vegna upptöku nýrra reikningsskilareglna (IFRS) á því ári um 87 milljónir króna. Árið eftir greiddi sparisjóðurinn stofnfjäreigendum 55 milljónum króna arð á grundvelli afkomunnar 2007. Arðgreiðslan nam 26,8% af stofnfé í árslok 2007 sem var umfram raunávöxtun eigin fjár sem var 20,2% árið 2007.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Strandamanna í lok árunna 2001–2011.³⁶




35. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

36. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

Mikið tap varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2008 eða 356 milljónir króna og lækkaði eigið fé í árslok 2008 í 419 milljónir króna. Eiginfjárlutfallið var þá 23,3%. Árið 2009 varð enn tap upp á 189 milljónir króna sem þurrkaði upp varasjóðinn og lækkaði eigið fé niður í 217 milljónir króna. Samhliða því lækkaði eiginfjárlutfallið og var 12,7% í árslok.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Strandamanna og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2011.³⁷



Hagnaður var af rekstri sparisjóðsins á árunum 2010 og 2011, um 4 milljónir króna fyrra árið en tæpar 18 milljónir síðara árið. Á árinu 2010 var framlag í afskriftareikning óverulegt, eða um 18 milljónir króna, en nokkur óvissa ríkti um réttaráhrif gengislánadóma Hæstaréttar. Árið 2011 voru tekjufærðar rúmar 390 milljónir króna vegna uppgjors á kröfum Seðlabankans og leiddi það til 17,5 milljóna króna hagnaðar. Eigið fé í árslok 2011 nam 238 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var þá 16,5% en varasjóðurinn var enn neikvæður upp á 22 milljónir króna.

24.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán Sparisjóðs Strandamanna voru tæpur helmingur eigna sparisjóðsins á árunum 2005–2007. Á árinu 2008 hækkaði hlutfall útlána af eignum sparisjóðsins í 57% en fór svo lækkaði eftir það og varð lægst 31% árið 2011. Útlán Sparisjóðs Strandamanna jukust jafnt og þétt á árunum 2005–2008. Mest var hækkin milli áruna 2007 og 2008 eða um 30%, sem skýrðist einkum af hækkin á lánum í erlendri mynt. Útlán drógust hins vegar saman á árunum 2009–2011 vegna aukins framlags í afskriftareikning, einkum varð mikill samdráttur 2010–2011 sem skýrist af háu hlutfalli afskrifta vegna lána í erlendri mynt.

Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Strandamanna sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.³⁸

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	494.512	561.681	834.154	1.175.410	1.036.539	1.018.201	691.806
Eignir samtals	1.074.897	1.143.738	1.845.348	2.054.461	2.458.374	2.914.207	2.216.664
Útlán sem hlutfall af eignum	46%	49%	45%	57%	42%	35%	31%

Stór hluti útlána Sparisjóðs Strandamanna var í erlendri mynt og höfðu gengissveiflur því umtalsverð áhrif á útlánastöðu sjóðsins. Í lok árs 2008 námu þau um 55% af heildarútlánnum sjóðsins.


37. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2001–2011.

38. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

Sparisjóður Strandamanna lánaði mest í formi skuldabréfa. Skuldabréf í erlendum myntum voru flokkuð með skuldabréfum í ársreikningum sparisjóðsins á árunum 2005–2010. Á árinu 2008 hækkuðu skuldabréf talsvert vegna veikingar íslensku krónunnar og hækkunar á gengisbundnum lánum.

Rúmur helmingur lána sparisjóðsins var til einstaklinga á árunum 2005–2006, en á árinu 2007 breyttust hlutföllin talsvert og útlán til fyrirtækja hækkuðu í 62%. Sparisjóður Strandamanna lánaði helst til sjávarútvegsfyrirtækja en þar á eftir komu þjónustufyrirtæki.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Strandamanna 2005–2010.³⁹



Afskriftir námu um 7% af útlánasafni Sparisjóðs Strandamanna árin 2005 og 2006 og lækkuðu í 2,4% árið 2007. Árið 2008 nam afskriftareikningurinn hins vegar 10,4% af heildarútlánnum sparisjóðsins. Mestar afskriftir áttu sér stað í árslok 2011 eða sem nam 27,8% af útlánasafninu. Samkvæmt svari sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Strandamanna við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar um rökstuðning vegna sérgreindra afskrifta, var stór

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.⁴⁰

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	88.139	95.071	112.800	110.698	115.677	125.908	108.830
Víxlar	1.182	795	—	—	—	—	—
Skuldabréf	405.191	465.816	721.354	1.064.712	920.862	892.293	582.976
Samtals	494.512	561.682	834.154	1.175.410	1.036.539	1.018.201	691.806

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Strandamanna eftir atvinnugreinum 2005–2011.⁴¹

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	—	—	—	—	0,6%	0,1%	—
Bæjar- og sveitarfélög	—	—	—	0,8%	—	—	—
Fyrirtæki	47,0%	45,4%	61,7%	65,2%	66,4%	58,8%	60,3%
Landbúnaður	4,7%	3,8%	—	—	—	—	—
Sjávarútvegur	22,5%	21,2%	27,8%	33,1%	41,4%	37,3%	32,8%
Verslun	—	—	—	—	—	—	—
Iðnaður	3,8%	6,0%	4,5%	6,1%	5,4%	7,6%	3,1%
Þjónustustarfsemi	16,0%	14,4%	29,4%	26,0%	19,6%	13,9%	24,4%
Einstaklingar (þ.m.t. íbúðalán)	53,0%	54,6%	38,3%	34,0%	33,0%	41,1%	39,7%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

39. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Staða útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 miðast við 31. október 2008. Sjá nánari umfjöllun um skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og skýrslur um útlán og vanskil í 6. og 9. kafla.

40. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

41. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

hluti afskriftareikningsins frá og með árinu 2008 til kominn vegna efasemda um lögmæti gengistryggðra lána.⁴² Sparisjóðurinn gerði samning við Seðlabanka Íslands á árinu 2011 um lækkun krafna Seðlabankans vegna ádráttarlína í erlendri mynt sem áður höfðu tilheyrnt Sparisjóðabankanum og á móti þeirri lækkun voru útlán sparisjóðsins í erlendri mynt færð niður að sama skapi.

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Strandamanna og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.⁴³

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	532.948	603.762	854.461	1.311.840	1.255.248	1.178.341	958.170
Staða afskriftareiknings í árslok	38.436	42.081	20.307	136.430	218.709	160.140	266.364
Útlán til viðskiptavina	494.512	561.681	834.154	1.175.410	1.036.539	1.018.201	691.806
Niðurfærsluhlutfall	7,2%	7,0%	2,4%	10,4%	17,4%	13,6%	27,8%
Framlag ársins í afskriftareikning	6.773	3.645	2.215	134.331	142.683	18.000	335.334
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	1.611	–	4.489	18.208	60.404	76.568	229.110

24.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Fjármálaeftirlitið gerði ekki úttekt á starfsemi Sparisjóðs Strandamanna á tímabilinu 2005 til 2011. Fjármálaeftirlitið hafði hins vegar unnið skýrslu á árinu 2004 um athugun á áhættum og innra eftirliti í starfsemi sparisjóðsins sem gefin var út í janúar 2005. Í skýrslunni kom meðal annars fram að lánareglur sjóðsins frá 1999 væru barn síns tíma og að sjóðurinn þyrfti að setja sér nýjar lánareglur sem og aðrar starfsreglur, svo sem afskriftareglur. Þá kom fram að sparisjóðurinn væri með undanþágu frá rekstri innri endurskoðunardeildar. Samkvæmt þeirri undanþágu átti stjórn sparisjóðsins að gera Fjármálaeftirlitinu árlega grein fyrir þeim þáttum í innra eftirliti sem sem fjallað væri um í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2003 varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki. Því lágu ekki fyrir skýrslur um innri endurskoðun hjá sjóðnum á tímabilinu 2005 til 2010. Stjórn sparisjóðsins skilaði greinargerðum til Fjármálaeftirlitsins vegna innra eftirlits fyrir árin 2004 og 2005, 2008 og 2010. Ernst & Young vann skýrslu um innri endurskoðun ársins 2011 en þar kom m.a. fram að ein skuldbinding væri umfram 25% af eiginfjárgrunni.

Í endurskoðunarskýrslu ársins 2005 var ekki að finna beinar athugasemdir við útlán sparisjóðsins. Skoðaður var formlegur frágangur skuldabréfa og víxla, tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða og hvort lánveitingar væru í samræmi við reglur sjóðsins og reyndust allir þessir þættir í lagi hjá sjóðnum. Sama kom fram í endurskoðunarskýrslum 2006, 2007 og 2008. Í endurskoðunarskýrslu ársins 2008 kom jafnframt fram að skuldbindingar tveggja aðila væru yfir 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins og að finna þyrfti leið til þess að lækka skuldbindingar þessara aðila. Samkvæmt skýrslunni námu lán sem veitt höfðu verið fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. um 222 milljónum króna. Veruleg óvissa væri um innheimtu á hluta þessara lána og því hefðu 76 milljónir króna verið færðar í afskriftareikning vegna þeirra. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu ársins 2009 voru fjórir aðilar með skuldbindingar yfir 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins og þar af tveir yfir 60%. Tekið var fram að eiginfjárgrunnur sjóðsins hefði lækkað um 45% á milli ára og farið úr 370 milljónum króna í 202 milljónir króna. Framlag í afskriftareikning á árinu nam 143 milljónum króna og endanlega töpuð útlán voru 60 milljónir króna. Í endurskoðunarskýrslu ársins 2010 kom fram að eiginfjárgrunnur sjóðsins hefði enn lækkað og farið úr 202 milljónum króna í 134 milljónir króna. Fimm aðilar voru með skuldbindingar umfram 25% af eiginfjárgrunni og þar af tveir með skuldbindingar umfram 90% af eiginfjárgrunni. Var ítrekað að sjóðurinn þyrfti að finna leiðir til að lækka hlutfall þessara skuldbindinga og kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði verið upplýst um þessa stöðu. Í lok árs 2009 hafði afskriftareikningur útlána verið 219 milljónir króna eða um 16,8% af heildarútlánnum og ábyrgðum. Sama hlutfall fyrir árið 2010 var 13,2%. Í lok árs 2011 var einn aðili með skuldbindingu umfram 25% af eiginfjárgrunni. Framlag í afskriftareikning útlána á árinu nam 335 milljónum króna samanborett við 18 milljónir króna frá árinu á undan. Hækkun

42. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 26. september 2012.

43. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

framlagsins skýrðist af því að lagt var til hliðar vegna lána í erlendri mynt en samhliða var lántaka sparisjóðsins við Seðlabankann gerð upp og tekjufærði sparisjóðurinn 391 milljón króna vegna þess.⁴⁴

24.2.2 Útlánareglur

Stjórn Sparisjóðs Strandamanna samþykkti útlánareglur sparisjóðsins 29. desember 2003 með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þágildandi reglna nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Frá sama degi giltu einnig reglur Sparisjóðs Strandamanna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra sem var ætlað að setja skýrari ramma um lánveitingar hjá sparisjóðnum. Þær voru síðar uppfærðar og endurútgefnar 26. janúar 2007. Í nóvember 2007 var gerður viðauki við útlánareglur sjóðsins og útlánaheimildir rýmkaðar eins og nánar er fjallað um hér aftar.

Útlánareglur Sparisjóðs Strandamanna höfðu ekki að geyma ítarleg ákvæði um lánveitingar og heimildir. Samkvæmt reglunum bar útlánnum að þjóna þeim meginmarkmiðum að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri sjóðsins og að traustri eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu yrði viðhaldið. Jafnframt skyldi leitast við að veita þeim sem óskuðu eftir fyrirgreiðslu sem besta þjónustu á hverjum tíma.

Við ákvörðun um fyrirgreiðslu til viðskiptamanna bar að gæta þess að heildarfyrirgreiðsla viðkomandi væri í hæfilegu hlutfalli við eigið fé sparisjóðsins⁴⁵ með hliðsjón af þeim tryggingum sem til staðar voru og fjárhag viðskiptaaðilans. Sama gildi um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila sem væru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu yrði að skoða skuldbindingar þeirra við sparisjóðinn í einu lagi. Samkvæmt útlánareglunum mátti heildarskuldbinding eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila aldrei vera umfram 25% af eigin fé sparisjóðsins.

Engin ákvæði voru í útlánareglum sparisjóðsins um hámarksveðsetningarhlutfall eigna (lágmarkstryggingarþekju) en samkvæmt reglunum bar að jafnaði að taka fullnægjandi tryggingar. Þó var tilgreint sérstaklega í útlánareglunum að raunmat á tryggingarandlagi skyldi fara fram og gögn því til staðfestingar skyldu skjalfest, án þess að tilgreint væri í reglunum hvernig meta bæri veðandlögin.

Undanþága frá töku trygginga var heimil en óljóst var í útlánareglunum við hvaða aðstæður það væri heimilt. Þó var gerð krafa um að fjárhagsupplýsingar viðkomandi viðskiptamanns lægju fyrir og að fylgst væri með afkomu og fjárhag viðkomandi. Þá var heimilt að veita lán án trygginga ef um var að ræða smávægilega fyrirgreiðslu miðað við eigið fé sparisjóðsins og fyrir lægi fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Enga skilgreiningu var þó að finna á því í útlánareglunum hvað teldist vera smávægileg fyrirgreiðsla eða hvaða upplýsingar teldust fullnægjandi um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Almennt bar að taka mið af fyrri viðskiptum lántaka við sparisjóðinn og meta greiðsluhæfi einstaklinga og afla upplýsinga um fjárhag og rekstur lögaðila þegar lán voru veitt. Ef viðskiptamaður sparisjóðsins var atvinnufyrirtæki, bar eftir því sem unnt var að afla ársreikninga, rekstrar- og greiðsluáætlana og annarra fjárhagslegra upplýsinga.

Sparisjóðsstjóri gat tekið ákvörðun um útlán ef heildarskuldbindingar viðkomandi og fjárhagslega tengdra aðila voru innan við 2,5% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins en í samráði við stjórnarformann sparisjóðsins ef heildarskuldbinding viðkomandi aðila var á bilinu 2,5% til 5% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Til að heildarskuldbinding eins viðskiptamanns gæti farið fram úr 5% af eiginfjárgrunni sjóðsins þurfti samþykki sparisjóðsstjórnar. Samkvæmt lánareglunum bar sparisjóðsstjórn, að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, að tilnefna staðgengil sparisjóðsstjóra til að annast lánveitingar og ábyrgðir en sparisjóðsstjóri hafði jafnframt heimild til að taka ákvörðun um skipulag lánveitinga og heimildir þeirra starfsmanna sem komu að útlánnum með umboði frá sparisjóðsstjóra. Í Sparisjóði Strandamanna var ekki starfandi lánanefnd.

44. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2011, 12. apríl 2012.

45. Um skilgreiningu á eigin fé vísast til 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Tafla 11. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Strandamanna 2003–2007.⁴⁶

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	2,5% af eiginfjárgrunni
Sparisjóðsstjóri í samráði við stjórnarformann	2,5-5% af eiginfjárgrunni
Þjónustufulltrúi	kr. 100.000

Stjórn Sparisjóðs Strandamanna samþykkti á fundi 7. nóvember 2007 auknar útlánaheimildir starfsmanna sparisjóðsins og var breytingin gerð með viðauka við útlánareglurnar frá árinu 2003. Samkvæmt viðaukanum hafði stjórn sparisjóðsins heimild til að samþykkja heildarfyrirgreiðslu viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila sem nam allt að 25% af eiginfjárgrunni og var heimild sparisjóðsstjóra hækkuð í 5% af eiginfjárgrunni og allt að 10% af eiginfjárgrunni í samráði við stjórnarformann.

Tafla 12. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Strandamanna samkvæmt viðauka frá 7. nóvember 2007.⁴⁷

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Stjórn	Allt að 25% af eiginfjárgrunni
Sparisjóðsstjóri í samráði við stjórnarformann	5–10% af eiginfjárgrunni
Sparisjóðsstjóri	16,9 milljónir króna eða 5% af eiginfjárgrunni
Staðgengill sparisjóðsstjóra	3 milljónir króna eða 0,9% af eiginfjárgrunni
Þjónustufulltrúi	1 milljón króna eða 0,3% af eiginfjárgrunni
Afgreiðslustjóri á Norðurfirði	1 milljón króna eða 0,3% af eiginfjárgrunni

Samkvæmt reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra bar að taka fyrir skýrslu um útlánaáættu á þriggja mánaða fresti að minnsta kosti sem fæli meðal annars í sér yfirlit yfir skuldbindingar stærstu viðskiptaaðila sjóðsins og yfirlit yfir lánveitingar og ábyrgðir þeirra sem fóru fram úr 2,5% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Viðmiðið við mat á stærstu viðskiptaaðilum sparisjóðsins var að heildarskuldbinding væri hærri en 2,5% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.

Samkvæmt reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra bar stjórn að sjá til þess að sparisjóðsstjóri og aðrir stjórnendur fylgdu útlánastefnu sjóðsins og inntu af hendi þær aðgerðir sem þörf væri á til að fylgja áhættustefnu og mörkum áhættutöku í rekstri. Reglur um áhættustýringu höfðu ekki verið settar.⁴⁸

Reglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána voru samþykktar af stjórn árið 2003. Samkvæmt 3. gr. þeirra skyldi færa sérstök afskriftaframlög í afskriftareikning útlána til að mæta áætluðu tapi vegna skuldbindinga lánþega sem á uppgjörsdegi væru metnar í sérstakri tapshættu. Lánþegar sem kæmu til skoðunar væru þeir sem a) hefðu verið í vanskilum í 3 mánuði eða lengur, b) væru komnir í greiðslustöðvun, c) gert hefði verið árangurslaust fjárnám hjá, d) væru gjaldþrota, e) hefðu lagt inn beiðni um nauðasamninga, eða f) aðrar aðstæður ættu við sem skertu gjaldþol eða greiðslugetu þeirra og gerðu það líklegt að ekki yrði staðið að fullu við lánasamninga.

24.2.3 Stærstu lántakendur

Útlán voru stærsta eign sparisjóðsins á árunum 2005–2011 og höfðu afskriftir útlána nokkur áhrif á rekstrarárangur sparisjóðsins. Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántakenda til sérstakrar skoðunar og greiningar. Markmiðið með skoðuninni var að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti útlánastarfsemi og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga sparisjóðsins, auk þess sem skoðuð voru lán með há afskriftaframlög.⁴⁹ Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sem skila bar til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálfyrirtækis af útlánum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.⁵⁰ Úrtak rannsóknarnefndarinnar samanstóð af lántakendum

46. Útlánareglur Sparisjóðs Strandamanna, 29. desember 2003.

47. Viðauki við útlánareglur Sparisjóðs Strandamanna frá 2003 gerður 7. nóvember 2007.

48. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 10. maí 2013.

49. Nánari umfjöllun um aðferðafræði, forsendur og gögn má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

50. Sjá nánari umfjöllun í 6. og 9. kafla.

sem voru tilgreindir sem stærstu áhættuskuldbindingarnar á ársfjórðungsskýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2007 til 2011. Til viðbótar við helstu áhættuskuldbindingar sjóðsins voru í úrtakinu lántakendur þar sem fært hafði verið sérgreint á afskriftareikning á árunum 2007–2011. Úrtakið nær til 32% til 43% útlánasafns og 35% til 93% af sérgreindum afskriftaframlögum eftir því til hvaða árs er litið. Í úrtakinu voru 8 lánaþópar⁵¹ sem allt voru lögaðilar, ásamt tengdum aðilum.

Tafla 13. Úrtak rannsóknarnefndar af lánaþópum Sparisjóðs Strandamanna 2007–2011.⁵²

Pús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	273.249	548.068	540.322	499.597	368.855
Heildarútlán sparisjóðsins	854.461	1.311.840	1.255.248	1.178.341	958.170
Hlutfall úrtaks af heild	32%	42%	43%	42%	38%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	11.004	55.163	81.381	48.678	177.601
Sérgreindar afskriftir alls	11.783	124.018	201.297	137.728	243.952
Afskriftareikningur útlána (sémgr. og alm.)	20.307	136.430	218.709	160.140	266.364
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	93%	44%	40%	35,3%	72,8%

Þau félög sem sparisjóðurinn lánaði til fengu einkum fyrirgreiðslu til þess að fjárfesta í rekstri sínum. Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar voru fimm stærstu aðilarnir sjávarútvegsfyrirtæki. Í flestum tilvikum voru fyrirtækin með fyrirgreiðslur í formi yfirdráttarlána og skuldabréfa sem voru veitt til fjárfestinga í bátum, aflaheimildum, húsnæði og tækjum eða til almenns rekstrar. Öll voru félögin með lán í erlendri mynt sem hækkuðu gríðarlega á árinu 2008. Í flestum tilvikum greiddu félögin af lánum sínum og fengu ekki aðrar niðurfærslur en þær sem veittar voru vegna lána í erlendri mynt. Aðeins einn aðili í úrtakinu fékk aðra og meiri afskrift en vegna erlendra lána.⁵³ Almennt var ekki að sjá sérstaka annmarka á lánveitingum til þessara félaga né heldur að þær hafi verið með óeðlilegum hætti.

Þátttaka sparisjóðsins í verkefnum Sp-ráðgjafar ehf. var einn helsti veikleikinn í útlánasafninu.⁵⁴ Tvö af félögunum í úttekt rannsóknarnefndarinnar á lánasafni Sparisjóðs Strandamanna voru með skuldbindingar vegna þeirra verkefna en hlutur sparisjóðsins í lánum á vegum Sp-ráðgjafar ehf. var yfirleitt um 10%. Þau félög sem fengu lán fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. í úrtaki rannsóknarnefndar voru nýstofnuð einkahlutafélög sem fengu lán í erlendri mynt til kaupa á öðru einkahlutafélagi. Var um 100% fjármögnun að ræða og sameinuðust hin nýstofnuðu einkahlutafélög hinu yfirtekna félagi með öfugum samruna í kjölfar skuldsettrar yfirtöku. Til tryggingar lánunum voru veð í hlutabréfum yfirtekna félagsins (keypta félagsins) með 100% veðsetningarhlutfalli. Aðspurður um tryggingar fyrir þessum lánum sagði Björn Torfason, stjórnarformaður sparisjóðsins: „Þetta voru bara 2007 tryggingar, held ég.“⁵⁵ Að sögn hans var áhætta af lánunum og vegna lántakendanna metin af Sp-ráðgjöf ehf. sem hafði jafnframt alla umsýslu lánanna á sínum höndum. Á árinu 2008 tvöfölduðust þessi lán sökum veikingar íslensku krónunnar. Eignir hinna yfirtekna félaga höfðu þá rýrnað verulega sökum skuldsetningarinnar frá yfirtökufélögunum og höfðu þau ekki nægjanlegt sjóðstreymi til að greiða af lánum sínum. Lántakendurnir urðu á endanum gjaldþrota og neyddist Sparisjóður Strandamanna, ásamt öðrum sparisjóðum sem voru þátttakendur í Sp-ráðgjöf ehf., til að afskrifa stóran hluta af lánunum.

51. Lánaþópar samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. glaga nr. 161/2002 um fjármálaýrirtæki. Um nánari skilgreiningu á lánaþópi vísast til umfjöllunar í 9. kafla.

52. Byggt á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Strandamanna og á upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sjóðsins.

53. Í athugasemdum sparisjóðsstjóra, Guðmundar B. Magnússonar, til rannsóknarnefndarinnar í tölvupósti 18. október 2013 kom fram að niðurfærslan hefði verið vegna „Beinu brautarinnar“, sérstaks samkomulags um fjárhagslega endurskipulagningu.

54. Sp-ráðgjöf ehf. var samstarfsverkefni fimm sparisjóða af landsbyggðinni og starfaði sem þjónustueining þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Sp-ráðgjöf ehf. veitti ekki útlán heldur var milligönguaðili milli sparisjóðanna og lántakenda og skiptust lánin milli þeirra eftir ákveðnu hlutfalli hverju sinni. Sjá nánari umfjöllun um Sp-ráðgjöf ehf. í 9. kafla.

55. Skýrsla Björns Torfasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. apríl 2013. Í athugasemd Björns til rannsóknarnefndarinnar með tölvuskeyti 7. mars 2014 benti hann á að með þessum orðum sínum átti hann við að um hafi verið að ræða tryggingar í bréfum, fasteignum og rekstri, sem sparisjóðurinn hafi metið gildar á þeim tíma. Í athugasemdum Guðmundar B. Magnússonar til rannsóknarnefndarinnar 17. október 2013 kom fram að tryggingar vegna annarra verkefna hefðu yfirleitt verið rekstrartryggingar (veð í tækjum og tölum) eða fasteignaveð.

Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar voru tveir aðilar með áhættuskuldbindingar umfram 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins frá árslokum 2008 til 2011. Í svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar um það hvort Sparisjóður Strandamanna hefði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um það þegar skuldbindingar fóru yfir 25% af eiginfjárgrunni sagði:

Sparisjóður Strandamanna tilkynnti ávallt um það til FME þegar áhættur vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila fóru yfir 25% af eigin fé sparisjóðsins. Orsakavaldurinn var á þessum tíma mikil hækkun gengisbundinna útlána sjóðsins við gengisfall krónunnar. FME var þannig meðvitað um stöðu sjóðsins í þessum efnum.⁵⁶

Rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að gera frekari grein fyrir málum eftirfarandi þriggja lánahópa, sem og því hvort unnið hefði verið í samræmi við lög og lánareglur sparisjóðsins, og hvernig afskriftarþörf var metin. Að öðru leyti gaf skoðun á öðrum lánahópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

DGN ehf.

DGN ehf. var fasteignafélag stofnað árið 2007 sem keypti fasteignir á höfuðborgarsvæðinu sem síðan voru leigðar Hróa Hetti ehf. undir veitingarekstur.⁵⁷ Sp-ráðgjöf ehf. kom á viðskiptum milli sparisjóðanna og félagsins.⁵⁸ Sparisjóður Strandamanna gerði ekki grein fyrir skuldbindingum DGN ehf. á ársfjórðungsskýrslum til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar þar sem eiginleg lánveiting var í raun hlutdeild í láni Sparisjóðs Bolungarvíkur til DGN ehf.

DGN ehf. og Sparisjóður Bolungarvíkur undirrituðu lánasamning 26. september 2007 um lán í erlendum myntum að andvirði 160 milljóna króna til kaupa á fasteignum við Smiðjuveg 4a í Kópavogi og Hjallahraun 13 í Hafnarfirði. Gerðir voru samningar milli Sparisjóðs Bolungarvíkur og annarra sparisjóða sem voru þátttakendur í þessari sameiginlegu lánveitingu⁵⁹ undir forystu Sp-ráðgjafar ehf. Sparisjóður Strandamanna fjármagnaði 10% hlut í verkefninu, um 16 milljónir króna. Til tryggingar heildarláninu var 1. veðréttur í hinum keyptu fasteignum. Lánveitingin var samþykkt af stjórn Sparisjóðs Strandamanna á fundi 10. október 2007.

Lán DGN ehf. hækkaði talsvert á árinu 2008 sökum óhagstæðra gengisbreytinga en í árslok 2008 nam heildarskuldbinding félagsins hjá Sparisjóði Strandamanna 38 milljónum króna. Í árslok 2009 nam heildarskuldbindingin hjá sparisjóðnum tæpri 41 milljón króna og rúmum 44 milljónum króna í árslok 2010. Sérgreind afskrift, 23 milljónir króna, var færð vegna skuldbindingar félagsins í árslok 2008 og var staðan óbreytt út árið 2010. Ástæðan fyrir sérgreindu afskriftinni var hækkun á láni félagsins vegna gengisfalls íslensku krónunnar auk samdráttar á tekjum félagsins. Af þeim sökum og vegna efasemda sem upp voru komnar um lögmati lána sem bundin voru gengi erlendra mynta þótti nauðsynlegt að færa sérgreinda afskrift vegna lánsins.⁶⁰ Árið 2011 afskrifaði Sparisjóður Strandamanna endanlega rúmar 43 milljónir króna af skuldbindingu DGN ehf. og nam heildarskuldbinding félagsins 17 milljónum króna í árslok 2011.⁶¹ DGN ehf. var úrskurðað gjaldþrota í september 2012.

Hexa ehf.

Hexa ehf.⁶² var félag sem starfaði við innflutning og sölu á vinnufatnaði.⁶³ Sp-ráðgjöf ehf. hafði milligöngu um fjármögnun upphaflegra kaupa Arnarmúla ehf. á öllu hlutfé Hexa ehf. í maí 2007 fyrir 277 milljónir króna en Sparisjóður Strandamanna tók ekki þátt í þeirri fjármögnun. Hexa ehf. leitaði síðan til Sp-ráðgjafar ehf. með beiðni um fjármögnun vegna

56. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 13. september 2012.

57. Félagið var í eigu Dagbjarts Bjarnasonar, Gísla Ingasonar og Nikulásar K. Jónssonar en sömu aðilar áttu einnig Hróa Hött ehf. sem rak veitingahúsaðeju.

58. Sjá nánari umfjöllun um starfsemi Sp-ráðgjafar ehf. í 9. kafla.

59. Sambærilegar fyrirgreiðslur ganga oft undir heitinu sambankalán.

60. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 26. september 2012.

61. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 7. febrúar 2013.

62. Nafni félagsins var breytt í KK 1905 ehf. í maí 2009.

63. Samkvæmt hlutfjármíðum fyrir árið 2007 var félagið í meirihlutaeigu Guðmundar Sigþórssonar, en aðrir eigendur voru BYR sparisjóður, Kontakt ehf., Sp-ráðgjöf ehf., Sigurður Guðjónsson, Sigurlaug Kristín Sævarsdóttir, Jón Baldvin Haraldsson og Ársæll Óskar Steinmóðsson. Svipað eignarhald var árið 2008, en miðað er við eignarhaldið árið 2007 þegar lánveiting átti sér stað.

Árslok (m. kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	17	–
2008	38	23
2009	41	23
2010	44	23
2011	17	–

Afskrifað 2011: 43 milljónir króna
Gjaldþrot 2012

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	17	–
2008	37	22
2009	33	34
2010	0	–

Gjaldþrot 2009

Afskrifað 2010: 34 milljónir króna

kaupa á einkahlutafélaginu Kolti ehf. sem átti og rak vinnufataverslun undir nafninu Þjarkur. Heildar kaupverðið var 240 milljónir króna. Lagt var til að Protinus ehf., eignarhaldsfélag í eigu þeirra sparisjóða sem áttu Sp-ráðgjöf ehf.,⁶⁴ keypti til viðbótar lánveitingunni fasteign Kolts ehf. að Smiðjuvegi 6 á 46 milljónir króna og leigði síðan Kolti ehf. þar til svigrúm gæfist hjá félaginu að kaupa fasteignina til baka.

Hexa ehf. fékk samtals 240 milljóna króna lán 7. september 2007 fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. Þar af voru 194 milljónir króna til kaupa á rekstri, lager og tækjum Kolts ehf., 30 milljónir króna til að endurfjármagna eldri skuldir Kolts ehf. og 16 milljónir króna til að greiða kostnað við lántöku og þóknun til Sp-ráðgjafar ehf. Um 100% fjármögnun var að ræða og var ekkert eiginfjárframlag af hálfu kaupanda. Fjármögnunin samanstóð af þremur lánasamningum í erlendri mynt milli Hexa ehf. og Sparisjóðs Bolungarvíkur. Sparisjóður Bolungarvíkur gerði svo samning við aðra sparisjóði sem voru þátttakendur í þessari sameiginlegu lánveitingu fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. um aðild þeirra að verkefninu og fjármögnun þess. Hlutur Sparisjóðs Strandamanna var 7% í heildarfjármögnuninni en til tryggingar var 1. veðréttur í öllum hlutum Hexa ehf. í Kolti ehf. og óútfyllt tryggingarvaxilform útgefin af Hexa ehf.

Tafla 14. Lán vegna kaupa Hexa ehf. á Kolti ehf. í september 2007.⁶⁵

Kr.	Höfuðstóll	Hlutur sparisjóðsins 7%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	134.000.000	9.380.000	7 ár	Mánaðarl.
Lán 2	90.000.000	6.300.000	3 ár	Mánaðarl.
Lán 3	16.000.000	1.120.000	3 ár	Einn gjalddagi
Samtals	240.000.000	16.800.000		

Tæpum þremur mánuðum eftir undirritun lánasamninganna leitaði Hexa ehf. aftur til Sp-ráðgjafar ehf. með beiðni um viðbótarfjármögnun upp á 43 milljónir króna en Sparisjóður Strandamanna tók ekki þátt í þeirri lánveitingu.

Lán Hexa ehf. hækkuðu töluvert á árinu 2008 vegna óhagstæðra gengisbreytinga og í lok ársins nam heildarskuldbinding félagsins hjá Sparisjóði Strandamanna 37 milljónum króna. Voru 22 milljónir króna færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinganna í árslok 2008. Ástæðan fyrir sérgreindu afskriftaframlagi var hækkun á lánum félagsins við gengisfall íslensku krónunnar auk samdráttar sem hafði orðið á tekjum félagsins. Af þeim sökum og vegna efasemda sem upp voru komnar um lögmæti lána sem bundin voru erlendri mynt þótti nauðsynlegt að færa sérgreinda afskrift vegna lánsins.⁶⁶

Í árslok 2009 nam heildarskuldbinding Hexa ehf. hjá Sparisjóði Strandamanna rúmum 33 milljónum króna og var fjárhæðin að fullu færð í sérgreindan afskriftareikning í árslok. Krafan var endanlega afskrifuð á árinu 2010, þá að fjárhæð 34 milljónir króna, en Hexa ehf. var úrskurðað gjaldþrota í september 2009. Í janúar 2010 var Koltur ehf. einnig úrskurðað gjaldþrota.

Félagasamtök í landbúnaði

Félagasamtök sem þjónustuðu landbúnaðinn í Strandasýslu voru með eitt skuldabréfalán og eitt yfirdráttarlán hjá sparisjóðnum. Fyrirgreiðslan var upphaflega til komin vegna útgáfu bókar um byggðasögu Strandamanna. Vinnu við bókina var ekki lokið þegar sparisjóðsstjóri gerði athugasemdir við þessa skýrslu 17. október 2013.

Samtökin gáfu út 4 milljóna króna skuldabréf 16. mars 2001 sem endurgreiða átti ári síðar. Bréfið var ekki greitt upp á gjalddaga heldur var skilmálum þess breytt árlega og greiðslum frestað til næsta árs að viðbættum áföllnum vöxtum.⁶⁷ Þá voru félagasamtökin með yfirdrátt hjá sparisjóðnum sem ekkert var greitt af að frátöldum innborgunum einstakra styrkveitinga vegna útgáfu bókarinnar. Ekki var aukið við yfirdráttarheimildina en vaxtakostnaður hlóðst upp milli ára.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	25	11
2008	30	10
2009	37	15
2010	44	16
2011	49	26

64. Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðs Strandamanna.

65. Byggt á upplýsingum úr lánasamningum.

66. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 26. september 2012.

67. Bréf Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 6. september 2012.

Í árslok 2008 nam heildarskuldbinding samtakanna 30 milljónum króna; þar af voru rúmar 11 milljónir króna vegna skuldabréfsins og tæpar 19 milljónir króna vegna yfirdráttarláns. Þá voru 10 milljónir króna á sérgreindum afskriftareikningi vegna skuldbindingar samtakanna. Hún hækkaði á árunum 2009 og 2010 vegna uppsafnaðs vaxtakostnaðar og nam tæpum 37 milljónum króna í árslok 2009 og tæpum 44 milljónum króna í árslok 2010. Árið 2009 voru færðar 5 milljónir króna til viðbótar á sérgreindan afskriftareikning vegna félagsins og milljón króna til viðbótar árið eftir. Í árslok 2011 nam heildarskuldbinding sambandsins 49 milljónum króna og sérgreind afskrift 26 milljónum króna. Skuldabréfið var með sjálfskuldarabyrgð forsvarsmanna bókarinnar og félagasamtakanna en félagasamtökin skrifuðu undir víxil vegna yfirdráttarins.

Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðsstjóra var fjallað um stöðu félagasamtakanna á mörgum stjórnarfundum sparisjóðsins og málið rætt við ytri endurskoðendur sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri setti sig margoft í samband við forsvarsmenn samtakanna og höfunda byggðasögunnar sem voru jafnan bjartsýnir á að verkefninu færi að ljúka. Forsvarsmenn félagasamtakanna hófu jafnframt viðræður við sveitarfélögin á Ströndum um hugsanlega aðkomu þeirra að máli samtakanna.⁶⁸

24.2.4 Lán til stjórnar, starfsmanna og tengdra aðila

Samkvæmt 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir þeim reglum sem stjórn setti. Samkvæmt útlánareglum sparisjóðsins frá 2003 skyldi leggja lán til stjórnarmanna fyrir stjórn til samþykktar ef heildarskuldbinding viðkomandi stjórnarmanns og maka fór yfir 5 milljónir króna. Um lánveitingar til sparisjóðsstjóra og maka hans var vísað til 1. mgr. 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið var á um að stjórn skyldi samþykkja fyrirgreiðslur og að þær ættu að hlíta sömu reglum og giltu um viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum. Um almenna starfsmenn gildi sú regla að lán til þeirra urðu að lúta sömu reglum og útlán til annarra viðskiptamanna sjóðsins og bar sparisjóðsstjóra að gera stjórn grein fyrir slíkum lánnum og færa í gerðabók.

Í reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra voru ákvæði sem kváðu á um að stjórnarmenn skyldu ekki taka þátt í meðferð mála sem vörðuðu viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir áttu virkan eignarhlut í, fyrirtækja þar sem þeir sátu í stjórn eða voru fyrirsvarsmenn fyrir eða áttu verulegra hagsmuna að gæta í viðskiptum við sparisjóðinn. Þá bar ávallt að gæta þess að stjórnarmenn fengju ekki aðgang að gögnum er vörðuðu afgreiðslu máls sem þeir voru vanhæfir til að taka þátt í. Vanhæfum stjórnarmanni bar að víkja sæti áður en efni máls var kynnt.

Sjá má af fundargerðum sparisjóðsins að þegar stjórn fjallaði um lánveitingar til félaga sem tengdust stjórnarmönnum lýstu þeir sem í hlut áttu sig vanhæfa við afgreiðslu máls og viku af fundi meðan á afgreiðslu stóð. Sem dæmi má nefna að Jenný Jensdóttir stjórnarmaður Sparisjóðs Strandamanna lýsti sig vanhæfa og vék sæti þegar fjallað var um lánafyrirgreiðslur til Fiskvinnslunnar Drangs ehf. og Útgerðarfélagsins Skúla ehf. þar sem hún sat í stjórn, svo og þegar fjallað var um lán til Kaldrananeshrepps, þar sem hún var oddviti.

Rannsóknarnefndin kannaði hvort venslaðir aðilar Sparisjóðs Strandamanna, það er stjórnarmenn í sparisjóðnum, makar þeirra, félög í eigu stjórnarmanna eða maka,⁶⁹ eða félög þar sem stjórnarmenn sparisjóðsins sátu í stjórn, hefðu notið óvenjulegrar lánafyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum. Athuginin var framkvæmd með þeim hætti að kennitölur umræddra aðila voru keyrðar saman við lánagrunn sparisjóðsins.⁷⁰ Enginn venslaður aðili var með óvenjulega fyrirgreiðslu og enginn stjórnarmaður var með fyrirgreiðslu yfir 10 milljónum króna á tímabilinu. Aðeins tvö vensluð félög, Fiskvinnslan Drangur ehf. og Útgerðarfélagið Skúli ehf., voru með heildarfyrirgreiðslur yfir 10 milljónir króna á tímabilinu, en ekki verður séð að fyrirgreiðslur til þeirra hafi verið óvenjulegar.

68. Bréf Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 6. september 2012.

69. Miðað var við 20% lágmarks eignarhlut.

70. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingarnar því settar fram með þeim fyrirvara.

Tafla 15. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Strandamanna sem hlutfall af útlánnum 2005–2011.⁷¹


Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	494.512	1.994	0,40%
31.12.2006	561.681	2.657	0,47%
31.12.2007	834.154	2.709	0,32%
31.12.2008	1.175.410	2.018	0,17%
31.12.2009	1.036.539	2.299	0,22%
31.12.2010	1.018.201	2.586	0,25%
30.06.2011	727.302	2.473	0,34%

Hjá sparisjóðnum störfuðu samtals átta starfsmenn á árunum 2005–2011. Þar af höfðu fimm starfsmenn tekið lán í sparisjóðnum. Enginn starfsmanna var með óvenjulega fyrirgreiðslu eða háa skuldbindingu hjá sparisjóðnum á tímabilinu en heildarfyrirgreiðsla til starfsmanna var á bilinu 2 til 3 milljónir króna. Skuldbindingarnar námu aldrei meira en 0,5% af heildarlánnum sparisjóðsins. Lán til starfsmanna gáfu ekki tilefni til athugasemda.

24.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Strandamanna setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar en í reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra⁷² kom fram að heimildir sparisjóðsstjóra til fjárfestingar í verðbréfum færu eftir reglum stjórnar sparisjóðsins um áhættustýringu. Þá skyldi stjórnin fjalla um meiriháttar eða óvenjulegar fjárfestingar, auk fjárfestinga í öðrum fasteignum en fullnustueignum. Sparisjóðurinn, eða stjórn hans, hafði þó ekki sett neinar reglur um áhættustýringu.⁷³

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2005–2011.⁷⁴



Árið 2005 nam samanlögð verðbréfaeign minni sparisjóða 157% af samanlögðu eigin fé þeirra en hæst varð þetta hlutfall 401% í árslok 2008.⁷⁵ Hlutfall fjáreigna af eigin fé Sparisjóðs Strandamanna varð hæst 121% í árslok 2009 en lægst 68% árið 2011. Fjáreignir voru óvenju hátt hlutfall af eignum sparisjóðsins miðað við sama hlutfall hjá minni spari-

71. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.

72. Ákvæði um fjárfestingar voru samhljóða í reglunum frá 2003 og í nýrri útgáfu þeirra frá árinu 2007.


73. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til rannsóknarnefndarinnar 10. maí 2013.

74. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011; ársreikningar minni sparisjóða 2001–2011.

75. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

sjóðunum í heild á árunum 2005–2009, en þær urðu mest 52% af eignum sparisjóðsins árið 2007. Þetta hlutfall fór síðan lækkandi hjá Sparisjóði Strandamanna þegar leið á tímabilið og í árslok 2010 og 2011 var það orðið svipað og heildarhlutfallið fyrir litlu sparisjóðina.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2005–2011.⁷⁶



Fjáreignir Sparisjóðs Strandamanna voru einkum í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum en markaðsskuldabréf námu mest 146 milljónum króna árið 2007. Stærsta fjáreign sparisjóðsins í árslok 2005 var í hlutabréfum Kaupþings banka hf., 172 milljónir króna, en á sama tíma átti sparisjóðurinn um 80 milljónir króna í verðbréfasjóðum Íslenskra verðbréfa hf. og 106 milljónir króna í sjóðum Byrs sparisjóðs. Í byrjun árs 2006 seldi Sparisjóður Strandamanna megnið af hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi banka hf. og nam söluhagnaður af bréfunum 15,9 milljónum króna. Í árslok 2006 átti sparisjóðurinn 843 milljónir í sjóðum hjá Íslenskum verðbréfum hf. og 246 milljónir króna í sjóðum Byrs sparisjóðs.

Tafla 16. Fjáreignir Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2005–2011.⁷⁷

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	6.863	8.792	72.998	–	–	–	–
Reiknistofa bankanna	1.274	1.274	1.274	1.274	1.273	1.273	–
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	1.002	580	1.533	2.388	2.388	2.388	3.952
Önnur hlutdeildarfélög	–	–	3.250	2.895	2.689	1.583	1.510
Samtals	9.139	10.646	79.055	6.557	6.350	5.244	5.462
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	–	–	50.000	43.478	16.087	8.696	–
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	15.400	18.172	53.513	1.752	–	–	–
FSP Holding ehf.	–	–	4.401	8.581	1.761	599	349
Íslensk verðbréf hf.	810	810	4.405	7.786	5.755	5.755	4.455
Samtals	16.210	18.982	112.319	61.597	23.603	15.050	4.804
Sparisjóður Vestfirðinga	1.051	1.107	38.470	12.142	–	–	–
Samtals	1.051	1.107	38.470	12.142	–	–	–
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	187.231	328.628	500.964	228.892	120.446	102.129	76.224
Hlutabréf skráð í Kauphöll	171.675	29.363	39.010	18	10	–	–
MP Fjárfestingarbanki hf.	–	–	22.838	15.000	11.250	6.000	–
SP-Fjármögnun hf.	2.287	2.287	14.670	–	–	–	–
Stoðir hf.	–	–	–	–	9.425	9.425	2.425
Annað (niðurfærslur og fleira)	7.283	9.012	14.843	4.809	-5.186	5.335	13.563
Samtals	368.476	369.290	592.325	248.719	135.945	122.889	92.212
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	34.501	75.026	146.017	134.838	95.648	63.504	60.384
Samtals	429.377	475.051	968.186	463.853	261.546	206.687	162.862

76. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

77. Byggt á sundurliðunum frá Sparisjóði Strandamanna sem afhentar voru rannsóknarnefndinni.

Um fjárfestingar sparisjóðsins sagði sparisjóðsstjóri í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að sparisjóðurinn hefði átt talsvert af hlutabréfum í Kaupþingi eins og margir sparisjóðir, en menn hefðu haft áhyggjur af svo stórrí áhættu, bundinni í þeim bréfum. Með vaxandi verðmæti þeirra hefði verið ákveðið að dreifa áhættunni og fjárfesta meðal annars í öðrum fjármálafyrirtækjum smátt og smátt, samhliða sölu Kaupþingsbréfanna. Sparisjóðurinn hefði fjárfest meðal annars í stóru bönkunum og öðrum félögum og átt verðbréfasöfn hjá nokkrum verðbréfafyrirtækjum, svo sem Íslenskum verðbréfum, VSP, sem síðar fluttist til Byrs, Sparisjóðabankanum og MP banka. Það hafi verið markviss ákvörðun að dreifa eignunum og hafi sparisjóðurinn lagt talsverða fjármuni í peningamarkaðssjóði hjá Íslenskum verðbréfum, Byr og MP banka, enda talið að minnsta áhættan lægi í þeim. Endurheimtarnar úr þeim hafi síðan orðið um 70–80% hjá Byr og MP banka, en miklu minni hjá Íslenskum verðbréfum. Það hafi farið illa með sparisjóðinn, því eignin þar var einna stærst.⁷⁸

Sparisjóður Strandamanna hafði lengi átt hlut í Sparisjóðabanka Íslands hf. og FSP hf. Stjórn sparisjóðsins samþykkti 11. febrúar 2006 að taka þátt í hlutfjárfestingu FSP hf. og á sama fundi var samþykkt að taka þátt í hlutfjárfestingu í Sparisjóðabankanum. Árið 2007 sameinuðust FSP hf. og VBS Fjárfestingarbanki hf. og sama ár sameinaðist Sparisjóður Vestfirðinga Sparisjóðnum í Keflavík. Stjórn Sparisjóðs Strandamanna samþykkti á fundi 14. desember 2007 að taka þátt í stofnfjárfestingu í Sparisjóði Vestfirðinga í tengslum við samrunann en átti forkaupsrétt að stofnfé sem nam 4,5 milljónum króna. Í ársreikningi 2007 hóf Sparisjóður Strandamanna að bókfæra bréf í óskráðum félögum eins og Sparisjóðabankanum, VBS Fjárfestingarbanka hf. og Sparisjóðnum í Keflavík á gangvirði. Matsbreytingar á markaðsverðbréfum og eignarhlutum í félögum vegna þessarar breytingar hækkuðu þessar eignir um 95 milljónir króna á árinu.

Tafla 17. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.⁷⁹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Íslensk verðbréf hf.	420	370	2.893	3.446	(65.857)	257	(1.036)	(59.507)
Saga Capital hf. / Saga Eignarhaldsfélag hf.				(6.522)	(27.391)	(7.391)	(8.696)	(50.000)
ÍV - Verðbréfasjóðir / Fjárvarsla (-stýring)	21.821	10.873	4.468	(47.212)	(13.295)	(6.303)	(7.492)	(37.140)
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.		34.195	3.840	(72.998)				(34.963)
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)		4.910	26.735	(50.605)	(1.752)			(20.712)
MP Fjárfestingarbanki hf.			2.346	(7.433)	(3.210)	(5.250)	(5.900)	(19.447)
Hlutdeildarskírteini í Sparisjóðabankanum		27.440	23.093	(48.223)	(18.422)	2.608		(13.504)
SP-Fjármögnun hf.		3.532	290	(14.670)				(10.848)
Sparisjóðurinn í Keflavík / Sparisj. Vestfirðinga		8.263	16.802	(23.739)	(12.142)			(10.816)
FSP Holding ehf.					(6.821)	(1.162)		(7.983)
Premium innheimtuvakt ehf.				(3.600)				(3.600)
Greiðslumiðlun hf. (Valitor hf.)	33	664	51		(770)			(22)
VSP-sjóðir / Byr-verðbréfasjóðir	16.085				16.414		3.756	36.255
Kaupþing hf.	55.738	18.616						74.354
Önnur hlutdeildarfélög	128	(422)	580	405		(1.106)	1.491	1.076
Annað	5.943	3.659	4.756	(13.928)	1.788	257	(23.397)	(20.922)
Samtals	100.168	112.100	85.854	(285.079)	(131.458)	(18.090)	(41.274)	(177.779)

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Strandamanna 15. mars 2007 var samþykkt að kaupa hlutafé í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. fyrir 50 milljónir króna. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson framkvæmdastjóri Saga Capital hafði þá kynnt félagið fyrir sparisjóðsstjóra og Sigurði Jónssyni stjórnarmanni. Þegar fyrrum sparisjóðsstjóri var spurður hvort fjárfest hefði verið í félaginu til þess að auka þjónustuframboð og fara í fjárfestingu á sameiginlegum vettvangi sparisjóðanna, líkt og hafði tíðkast um nokkur önnur félög sagði hann: „Ég man ekki eftir því að Saga Capital ætti að verða eitthvert þjónustufyrirbæri fyrir sparisjóðina, þarna var fyrst og fremst verið að fjárfesta, en auðvitað kann það að vera þótt ég minnst þess ekki.“⁸⁰


78. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

79. Byggt á sundurliðunum frá Sparisjóði Strandamanna sem afhentar voru rannsóknarnefndinni. Sundurliðanir fyrir árið 2006 voru fyrir samanburðartölur ársins 2006 úr ársreikningum 2007. Sundurliðanir stemmu ekki fyllilega við ársreikninga en skekkjur eru litlar.

80. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

Í árslok 2007 var um 501 milljón króna af eignum Sparisjóðs Strandamanna í verðbréfasjóðum, þar af 274 milljónir í umsjón Íslenskra verðbréfa hf. og 325 milljónir í hlutabréfasjóðum Sparisjóðabankans. Hjá Íslenskum verðbréfum hf. átti sparisjóðurinn um 229 milljónir króna í peningamarkaðssjóði og hjá Sparisjóðabankanum um 87 milljónir króna í sams konar sjóði.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.⁸¹



Sparisjóður Strandamanna hagnaðist um 74 milljónir króna á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi banka hf. á árunum 2005 og 2006. Árið 2006 hafði sparisjóðurinn jafnframt góðar tekjur af eignarhlut sínum í Sparisjóðabanka Íslands hf. eða um 34 milljónir króna og árið 2007 skilaði eignarhlutur sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka hf. 27 milljóna króna tekjum. Árið 2008 tapaði sparisjóðurinn 288 milljónum króna á verðbréfaeign sinni, einkum á Sparisjóðabankanum, VBS Fjárfestingarbanka hf., Sparisjóðnum í Keflavík og SP-Fjármögnun hf.

Afkoma af fjáreignum hafði mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011. Hún átti stóran þátt í hagnaði árunum 2005–2007 og í tapi árunum 2008 og 2009. Árið 2008 var tap af fjáreignum um 290 milljónir króna en heildartap á rekstri sparisjóðsins um 420 milljónir króna og ári síðar var tap af fjáreignum enn um helmingur taps af rekstri sparisjóðsins. Afkoma Sparisjóðs Strandamanna af fjáreignum á árslokaverðlagi ársins 2011 var jákvæð um 586 milljónir króna yfir tímabilið 2001 til 2007 en neikvæð um 560 milljónir króna frá 2008 til 2011.

Sparisjóðsstjóri tjáði rannsóknarnefndinni að tekjur af verðbréfum hefðu átt sinn þátt í að halda rekstrinum á réttu róli. Hann hefði óskað eftir álit starfsmanns Sparisjóðabankans á verðbréfasafni sparisjóðsins ekki löngu fyrir fall bankanna 2008, einkum hvort honum þætti það áhættusækið, en matið hafi verið að svo væri ekki. Forsvarsmenn sparisjóðsins hafi gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgdi slíkum eignum og var ljóst að hagnaður síðustu ára hafi fyrst og fremst verið til kominn af verðbréfaeign sjóðsins, enda hefðu tekjur af vaxtamun og þjónustutekjum verið „þverrandi tekjulind“. Eftir á að hyggja taldi sparisjóðsstjórinn að þeir hefðu átt að haga málum með öðrum hætti, en á þeim tíma hefðu þeir talið sig vera að gera rétt. Hugmyndin hafi ekki verið sú að taka of mikla áhættu, en ytri aðstæður kunni að hafa mótað viðhorfin að einhverju leyti.⁸²

81. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

82. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

24.4 Fjármögnun

Efnahagur Sparisjóðs Strandamanna tæplega þrefaldaðist frá árslokum 2005 til ársloka 2010. Þær skuldir sem fjármögnuðu vöxtinn voru einkum innlán og lántaka. Á tímabilinu 2005–2011 voru innlán á bilinu 50–99% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé, hæst var hlutfall þeirra árið 2011 og lægst árið 2008.⁸³

Tafla 18. Skuldir Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2005–2011.⁸⁴

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir	–	–	–	–	–	–	–
Innlán samtals	480.491	440.790	559.998	825.619	1.412.766	1.833.768	1.950.199
Lántaka samtals	161.860	199.698	394.735	778.314	799.356	828.881	–
Aðrar skuldir	8.160	19.107	14.282	22.182	19.844	20.794	17.633
Reiknaðar skuldbindingar samtals	9.961	13.003	46.495	9.157	9.676	10.282	10.820
Víkjandi skuldir	–	–	–	–	–	–	–
Samtals	660.472	672.598	1.015.510	1.635.272	2.241.642	2.693.725	1.978.652

Að meðaltali áttu heimili um 76% innlána í sparisjóðnum og fyrirtæki 12%.⁸⁵ Bundin innlán voru að meðaltali 14% innlána, lægst var hlutfall þeirra 7% í nóvember 2005 og hæst 27% í ágúst 2011.⁸⁶ Innlán voru á bilinu 67–282% af útlánnum sparisjóðsins 2005–2011, hlutfallið var lægst árið 2007 og hæst 2011. Lántaka sparisjóðsins var næststærsti fjármögnunarpáttur hans, en hún jókst töluvert á árunum 2005–2008. Rammasamningur við Sparisjóðabanka Íslands hf. um lánsheimild í erlendum gjaldmiðlum var eina lántaka sparisjóðsins.

Hinn 13. apríl 2010 undirritaði Sparisjóður Strandamanna samkomulag við Seðlabanka Íslands um uppgjör krafna sem Seðlabankinn eignaðist sem gagngjald vegna yfirfærslu innlána Sparisjóðabanka Íslands til hans í mars 2009. Sparisjóðurinn gerði kröfurnar upp í byrjun september 2011 með því að greiða um 526 milljónir króna.⁸⁷

Sparisjóður Strandamanna gerði tvo lánasamninga við Íbúðalánasjóð. Sá fyrri var gerður í desember 2004 og var upphafleg lánsupphæð rúmar 17 milljónir króna. Að baki honum stóðu þrjú lán í eigu sparisjóðsins. Seinna lánið, sem var veitt í apríl 2005, var með sama sniði en þar var lánsupphæðin rúmar 22 milljónir króna og að baki því voru fimm lán í eigu sparisjóðsins.⁸⁸

24.5 Stofnfé, stofnfjáreigendur og sameiningarhugmyndir

Í samþykktum sparisjóðsins frá 26. júní 1999 kom fram að við samruna Sparisjóðs Árnes-hrepps og Sparisjóðs Strandamanna væri stofnfé sjóðsins 1.202.250 krónur og skiptist í 75 hluti. Stofnfjáreigendur ættu einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og hefðu atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Einstökum stofnfjáraðilum væri þó aldrei heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum fyrir sjálfs sín hönd eða annarra. Enginn atkvæðisréttur skyldi fylgja þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóðurinn kynni að eiga sjálfur, en að öðru leyti væru allir stofnfjárhlutir jafnréttáir. Þá var sala eða framsal stofnfjárhlutar óheimil nema með samþykki sparisjóðsstjórnar og veðsetning stofnfjárhlutar var óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnféð umfram það sem kveðið væri á um í samþykktunum og var heimilt að auka stofnfé með endurmati. Verð nýrra stofnfjárhluta skyldi ekki vera lægra en nafnverð áður útgefina hluta að viðbætti ónýttri heimild til endurmats stofnfjár. Við aukningu stofnfjár skyldu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína. Stofnfjáraðilum var jafnframt heimilt að framselja forkaupsrétt sinn, kysu þeir ekki að nýta hann sjálfir.

83. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

84. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

85. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

86. Lausafjaryfirlit Sparisjóðs Strandamanna, skýrsla unnin af sparisjóðnum og skilað til Seðlabanka Íslands mánaðarlega frá janúar 2005 til desember 2011.

87. Töluskeyti Hauks C. Benediktssonar til Guðmundar Björgvins Magnússonar 1. september 2011.

88. Nánar er fjallað um fjármögnun íbúðalána sparisjóðanna hjá Íbúðalánasjóði í 11. kafla.

Samþykktunum var breytt á aðalfundi stofnfjáreigenda sparisjóðsins 3. maí 2003. Þá var ákveðið að stofnfé skyldi ekki vera lægra en 1.723.680 krónur og skiptast í ekki færri en 84 hluti. Þá skyldu stofnfjáreigendur ekki vera færri en 30. Heimilað var að auka stofnfé með ráðstöfun hluta hagnaðar en í eldri samþykktum var aðeins minnst á heimild til að auka stofnfé með endurmati. Aðrar breytingar voru ekki gerðar á ákvæðum samþykktanna um stofnfé sparisjóðsins.

Hinn 23. nóvember 2007 var samþykktum sparisjóðsins aftur breytt og kveðið á um að stofnfé skyldi ekki vera lægra en 9.294.880 krónur og skiptast í margfeldi einnar krónu. Skipting í aðrar einingar var þó heimil með samþykki aðalfundar. Öðrum ákvæðum um stofnfé var ekki breytt.

Næst voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins 18. apríl 2010. Þá var ákveðið að fundur stofnfjáreigenda gæti ákveðið að auka stofnfé umfram það sem kveðið væri á um í samþykktum með áskrift nýrra stofnfjárhluta. Lágmarksverð nýrra stofnfjárhluta skyldi vera jafnhátt nafnverði stofnfjárhluta í sparisjóðnum. Einnig var samþykkt að fundur stofnfjáreigenda gæti, að tillögu stjórnar, ákveðið að lækka stofnfé sjóðsins til jöfnunar taps sem ekki yrði jafnað á annan hátt. Aðalfundi sparisjóðsins var einnig gert kleift að heimila stjórn hans að ráðstafa allt að 50% hagnaðar til hækkunar á nafnverði stofnfjár í sjóðnum og til arðgreiðslu til stofnfjáreigenda. Þó gátu arðgreiðslur ekki orðið hærri en stjórn sparisjóðsins legði til. Heimild til að ráðstafa hagnaði með þessum hætti var háð því að fyrir hendi væri óráðstafað eigið fé í sparisjóðnum.

Frá árinu 2001 til 2004 fjölgaði stofnfjáreigendum Sparisjóðs Strandamanna lítillega, úr 75 í 87, og áttu allir stofnfjáreigendur jafnan hlut.⁸⁹ Í árslok 2005 voru stofnfjáreigendur 86 talsins og áttu þrjú stærstu allir jafnstóran hlut í sparisjóðnum. Að öðru leyti var stofnfjáreignin dreifð og áttu aðrir stofnfjáreigendur einn eða tvo hluti hver. Ári síðar dreifðist stofnfjáreignin enn meira vegna stofnfjárukningar, auk þess sem stofnfjáreigendum fjölgaði um sex. Frá 2007 til 2011 voru stofnfjáreigendur 102 talsins.⁹⁰

Einungis tveir lögaðilar áttu stofnfé í sjóðnum frá árinu 2001, Varða hf. átti stofnfjárhlut í sparisjóðnum til ársins 2007 og árið 2010 eignaðist Arion banki hf. 1,4% stofnfjárhlut í sparisjóðnum. Viðskipti með stofnfjárnbréf voru fátíð og helstu ástæður eigendaskipta voru í tengslum við erfðaskipti.

Tafla 19. Stærstu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2005–2011.⁹¹

	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arinbjörn Bernharðsson	4,0%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%
Guðjón Jónsson	2,7%	2,7%	2,7%	2,7%	–	–
Guðjón H. Sigurgeirsson	2,7%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%
Guðmundur R. Guðmundsson	2,7%	2,7%	2,7%	2,7%	2,7%	2,7%
Ingibjörg Jónsdóttir	–	–	–	–	2,7%	2,7%
Matthildur Guðbrandsdóttir	2,7%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%
Sigurður Jónsson	2,7%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	2,7%	2,7%	2,7%	2,7%	2,7%	2,7%
Viðir Álfgeir Sigurðsson	2,7%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%
Aðrir	77,3%	76,6%	76,6%	76,6%	76,6%	76,6%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Á aðalfundi Sparisjóðs Strandamanna 31. mars 2005 var borin upp tillaga um greiðslu arðs vegna ársins 2004 sem næmi 50% af stofnfjáreign eins og hún var 31. desember 2004, en hagnaður vegna ársins var 110 milljónir króna. Arðinn átti að greiða út 18. maí 2005. Jafnframt var borin upp tillaga um að auka stofnfé sparisjóðsins um tæpar 2,3 milljónir króna og tvöfalda fjölda stofnfjárhluta. Báðar tillögurnar voru samþykktar á fundinum án umræðu og með atkvæðum allra fundarmanna. Undir lok aðalfundarins kom fram fyrirspurn um áhuga annarra fjármálastofnana á yfirtöku sparisjóðsins. Fundarstjóri svaraði því

89. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2001–2004.

90. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2001–2004.

91. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Strandamanna í árslok 2005–2011.

til „að víst hefði komið fyrirspurn frá Landsbanka þess efnis en verið hafnað“.⁹² Sumarið 2005 var nýja stofnféð selt en heimild til kaupa skiptist á milli stofnfjáreigenda í hlutfalli við stofnfjáreign. Stofnfjárakningin nam rúmlega 1,4 milljónum króna, eða tæpum 62% af því sem í boði var⁹³ og var stofnfé sparisjóðsins í árslok 2005 3,7 milljónir króna.

Tafla 20. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Strandamanna í lok árs 2005–2011.⁹⁴

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé	3.690	0,9%	8.275	1,8%	204.487	24,6%	223.181	53,2%	259.693	•	259.693	•	259.693	•
Varasjóður	410.735	99,1%	462.865	98,2%	625.351	75,4%	196.008	46,8%	(42.961)	•	(39.211)	•	(21.681)	•
Eigið fé samtals	414.425	100%	471.140	100%	829.838	100%	419.189	100%	216.732	•	220.482	•	238.012	•

Á aðalfundi sparisjóðsins 11. apríl 2006 var að nýju lögð fram tillaga um aukningu og sölu stofnfjár. Tillagan var tvíþætt: annars vegar að stofnfé sparisjóðsins yrði aukið um 4.027.264 krónur og fjöldi stofnfjárhluta tvöfaldaður; hins vegar að stjórn sjóðsins fengi heimild til að selja 35 stofnfjárhluti til nýrra aðila án forkaupsréttar, en það voru hlutir sem ekki höfðu gengið út við stofnfjárakninguna árið áður. Samkvæmt fundargerð urðu einhverjar umræður um tillögurnar en þeirra er ekki getið nánar. Tillögurnar voru síðan samþykktar.⁹⁵ Við sölu á stofnfjárhlutum var nokkuð um að stofnfjáreigendur óskuðu eftir að kaupa hluti umfram forkaupsrétt sinn, og einnig voru sex nýir stofnfjárhafar í hópi kaupendanna og fékk hver þeirra að kaupa einn hlut.⁹⁶

Sameiningu við aðra sparisjóði bar á góma á fundi stjórnar sparisjóðsins 26. janúar 2007. Sparisjóðsstjóri greindi frá fundi með fulltrúum Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðs Bolungarvíkur og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 16. janúar „þar sem rædd voru sameiningarmál sparisjóða og hvort leggja ætti til að skoðun færi fram á því hvort vilji væri til að sameina þessa fjóra sjóði í einn öflugan sjóð“.⁹⁷ Sameiningarmálin voru svo tekin fyrir á aðalfundi sparisjóðsins 15. apríl 2007, en þar var fært til bókar að almenn andstaða væri við slíkar hugmyndir, bæði meðal fundarmanna, stjórnar og sparisjóðsstjóra. Þá segir í fundargerð að fram hafi komið fyrirspurn „um hvort og hvernig yrði brugðist við lækkun gengis verðbréfa“ og henni verið svarað á þá leið „að ekki lægi neitt fyrir, en hvert tilvik fyrir sig yrði skoðað“. Einnig var borin upp fyrirspurn um „hækkun ýmissa skulda milli ára, en sundurliðað svar fékkst ekki“.

Á stjórnarfundum 14. ágúst 2007 voru teknar fyrir óskir þriggja einstaklinga um kaup á stofnfé í sparisjóðnum, en öllum umsóknunum var hafnað með vísan til „fyrri ákvörðunar stjórnar um meðferð stofnfjár“. Tveir umsækjendanna voru stjórnarmenn eða nátengdir þeim, en sá þriðji, sem falaðist eftir ótilgreindum fjölda stofnfjárhluta, var sagður til heimilis á Húsvík og var ekki meðal stofnfjáreigenda. Á næsta fundi stjórnarinnar, 11. september 2007, var á hinn bóginn samþykkt samhljóða að selja stofnfjárhlut til dóttur stjórnarformanns sparisjóðsins. Á fundinum var einnig rætt bréf frá Sparisjóðnum í Keflavík þar sem óskað var eftir viðræðum sem miða skyldu að „nánara samstarfi og sameiningu til að styrkja sparisjóðina í landinu“. Í fundargerð lýsti stjórn sparisjóðsins sig „reiðubúna til viðræðna við Sparisjóð Keflavíkur til að fylgjast með framvindu þessara mála og kanna hverjir kostir [væru] á samstarfi og til að ræða framtíð sparisjóðanna í landinu“.

Björgvin G. Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, skipaði nefnd 28. ágúst 2007 sem ætlað var að skýra lagaumhverfi sparisjóða.⁹⁸ Á fundi stjórnar sparisjóðsins 10. október sama ár voru málefni sparisjóðanna rædd og skýrt frá þessari nefndarskipan. Í fundargerð var bókað: „Þar til niðurstaða fæst hefur stjórnin ákveðið að heimila ekki viðskipti með stofnfjárbréf. Á það bæði við um sölu nýrra stofnfjárbréfa og viðskipti með eldri bréf. Þessi ákvörðun er einnig tekin í ljósi þess umróts sem er í umhverfi sparisjóðanna.“ Þrátt fyrir

92. Aðalfundur Sparisjóðs Strandamanna, 31. mars 2005. Engar upplýsingar um þessa fyrirspurn Landsbankans er að finna í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins frá þessum tíma.

93. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 14. júní 2005.

94. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.

95. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Strandamanna, 11. apríl 2006.

96. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 18. júní 2006.

97. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 26. janúar 2007.

98. Nefndin var síðar leyst frá störfum án þess að skila frumvarpsdrögum, sbr. ummæli í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 76/2009.

Þetta var ákveðið á fundi stjórnar sparisjóðsins tæpum mánuði síðar, eða 7. nóvember, þar sem rætt var um stöðu og framtíð sparisjóðsins, að boða til stofnfjáreigendafundar 23. nóvember sama ár þar sem lagt yrði til að auka stofnfé um allt að 210 milljónir króna.

Á stofnfjáreigendafundinum 23. nóvember 2007 lagði Helgi F. Arnarsson, endurskoðandi sparisjóðsins, fram árhlutareikning sparisjóðsins og sagði í fundargerð að hann væri „nú gerður eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum“. Þá skýrði hann fyrir fundinum tilkomu tillögu stjórnar um 210 milljóna króna stofnfjárukningu ásamt breytingum í starfsumhverfi sparisjóða í landinu. Tillaga stjórnar um stofnfjárukninguna sem sparisjóðsstjórinn lagði fram á fundinum var svo samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Einnig var samþykkt heimild til veðsetningar stofnfjár í sparisjóðnum að tilskildu samþykki stjórnar sparisjóðsins og breytingu á nafnverði hlutar þar sem hver stofnfjárhlutur skyldi framvegis vera ein króna í stað 25.000 króna. Að loknum fundi stofnfjáreigenda fundaði stjórn sparisjóðsins og samþykkti að nýta sér strax heimild til stofnfjárukningar upp á rúmar 195 milljónir króna að nafnverði og var áskriftartíminn frá 30. nóvember til 11. desember 2007.⁹⁹

Fyrir rannsóknarnefndinni var Björn Torfason, stjórnarformaður Sparisjóðs Strandamanna, spurður um ástæður þess að ráðist var í stofnfjárukninguna. Björn kvað sjóðinn ekki hafa skort fé á þessum tíma, en stofnfé hafi verið lítil hluti af eigin fé sparisjóðsins, eða 8 milljónir króna og varasjóðurinn 550 milljónir. Stofnfjárukningin hafi frekar komið til af því að rétt hafi þótt að huga að hagsmunum stofnfjáreigenda sem hefðu ekki verið „að fá mikið út úr peningunum sínum“ og að mikilvægt hefði þótt að „þeir fengju hluta af arðinum“. Spurður nánar um það hvaðan hugmyndin um stofnfjárukninguna hefði komið svaraði Björn því til að hún hefði komið „frá endurskoðandanum“ sem hefði komið á fund stjórnar og talað um „að við ættum að fara í stofnfjárukningu“. Spurður um rök endurskoðandans fyrir þessari skoðun kvaðst Björn telja að „hann hafi viljað að stofnfjáraðilar eignuðust meiri hlutdeild í sjóðnum“, en eitthvað hafi verið um það að hringt hafi verið í stofnfjáraðila og boðið í hluti þeirra á yfirverði. Sagði Björn stofnfjáraðilana sjálfa ekki hafa sýnt af sér óþolinmæði í þessu efni eða sýnt frumkvæði að stofnfjárukningu. Sú hugmynd hefði komið upp á fundi með endurskoðanda sparisjóðsins að leggja fyrir stofnfjáreigendur tillögu um að auka stofnfé og „verjast þannig inn gripi utanaðkomandi aðila í sjóðinn“. Þannig „yrði starfsemin áfram tryggð í heimabyggð“.¹⁰⁰

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni var Guðmundur B. Magnússon sparisjóðsstjóri spurður um ástæður stofnfjárukningarinnar. Í svarinu vísaði hann til þess að flestir sparisjóðir hafi á þessum tíma verið að auka stofnfé sitt eða verið búnir að því. Sótt hafi verið í að kaupa lágt metið stofnfé, einkum af fólki utan svæðisins. Heyrst hefði af því að hringt hefði verið í fólk og það spurt út í stofnfjáreign sína og falast eftir stofnfé. Með hliðsjón af því hvað aðrir sparisjóðir hefðu verið að aðhafast í þessum efnum hafi þótt ástæða til að kanna hvort stofnfjáreigendurnir hefðu áhuga á að auka stofnfé sitt og efla sparisjóðinn. Björn Torfason bar einnig fyrir rannsóknarnefndinni að hringt hefði verið í stofnfjáreigendur og falast eftir stofnfjárbréfum en kvaðst ekki viss um hvort þeir sem það gerðu hefðu verið á sjálfs sín vegum eða annarra aðila, svo sem fjármálastofnana.

Útboðinu lauk 11. desember 2007 og tóku 99 af 102 stofnfjáreigendum þátt í aukningunni. Vegna stofnfjárukningarinnar bauðst stofnfjáreigendum lánsfjármögnun hjá Kaupþingi og var lánsúmsóknarblað sent til stofnfjáreigenda samhliða greiðsluseðlum.¹⁰¹ Nokkuð var um það að stofnfjáreigendur notfærðu sér það.

Á árinu 2008 báru umræður í stjórn sparisjóðsins og á aðalfundi þess merki að nokkur óvissa væri um stöðu sparisjóða í landinu og samstarf þeirra. Á aðalfundi sparisjóðsins 13. apríl 2008 kom fram nokkur óánægja með rekstrarafkomu ársins 2007 og spurt „hvort ekki hefði verið gert ráð fyrir betri rekstrarafkomu ársins þegar stofnfjárukning var samþykkt undir lok ársins“. Fram kom í svári að verðfall á fjármálamörkuðum hefði valdið því að afkoman varð ekki betri. Afkoma sparisjóðsins hefði þó „ekki verið verri en annarra fjármálastofnana nema síður væri“ og var það rakið til hagstæðrar samsetningar verð-

99. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 23. nóvember 2007.

100. Skýrsla Björns Torfasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. apríl 2013.

101. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 14. desember 2007.

brefasafns sparisjóðsins.¹⁰² Á fundi stjórnar 15. júlí 2008 greindi sparisjóðsstjóri frá fundi sparisjóðsstjóra sem haldinn var á vegum Sambands íslenskra sparisjóða þar sem farið var yfir stöðu sparisjóðanna. Í fundargerð var bókað: „Fagleg greining hefur ekki farið fram en vísað í umræður í þjóðfélaginu. Hjá sumum sparisjóðum er útlitið mjög dökkt.“

Umræða um möguleg kaup sparisjóðsins á útibúi Kaupþings banka hf. á Hólmavík og húsnæði þess hafði átt sér stað í stjórn sparisjóðsins frá árinu 2007. Á stjórnarfundum 21. ágúst 2008 var fært til bókar að Kaupþing banki hf. hefði komið þeirri ósk á framfæri við Helga F. Arnarson, endurskoðanda sparisjóðsins, að „yfirtakan“ færi fram 1. nóvember það ár en drög að kaupsamningi höfðu legið fyrir frá því í desember 2007. Ekkert varð úr þeim áformum en á stjórnarfundum 28. september 2008 var fært til bókar að Kaupþing hefði ítrekað við endurskoðanda sparisjóðsins hvort sparisjóðurinn héldi sig við fyrri áform um kaup á rekstri útibúsins.

Þá var greint frá því á fundi stjórnar 31. ágúst 2008 að stjórnarformaður og sparisjóðsstjóri hefðu átt fund með forsvarsmönnum MP Fjárfestingarbanka hf. þar sem vilji bankans til yfirtöku á sparisjóðnum eða samstarfs við hann var ræddur. Lagði bankinn „fram þrjár leiðir sem stjórn spsj. [skyldi] fjalla um“ og voru eftirfarandi leiðir skráðar í fundargerð:

1. MP er til í að kaupa Sparisjóð Strandamanna, þ.e.a.s. allt stofnfé sjóðsins og um leið tryggja bankaþjónustu á Ströndum.
2. MP er til í að aðstoða við sameiningu sparisjóðsins og höfðu þeir þá áhuga á að kaupa kennitölu sjóðsins og ýmsa aðganga s.s. RB, Visa o.fl. sem veruleg verðmæti eru í. Þannig mætti auka verðmæti sjóðsins.
3. MP er til í að gera þjónustusamning við sparisjóðinn um afnot af aðgangi sjóðsins að Reiknistofunni fái til þess leyfi sem eru háð lögum og reglum og einnig reglum Reiknistofunnar. Slíkur samningur fæli í sér greiðslur til sparisjóðsins og hugsanlega einhver bakvinnsluverkefni.

Frekari útfærsla á hugmyndum MP Fjárfestingarbanka hf. var lögð fyrir fund stjórnar sparisjóðsins 28. september sama ár og fólst í hugmyndum um kaup á sparisjóðnum og að stofnað yrði „Rekstrarfélag Sparisjóðs Strandamanna“. Fundur var fyrirhugaður með fulltrúum bankans í Reykjavík 7. október og fór sparisjóðsstjóri ásamt þremur stjórnarmönnum til fundarins. Í fundargerð stjórnarfundar sparisjóðsins frá 21. október 2008 var ritað um förina: „Rétt áður en fundurinn átti að byrja var hann afboðaður og hefur MP-fjárfestingabanki ekki haft samband aftur.“¹⁰³

24.6 Viðbrögð við breyttum aðstæðum eftir fall íslensku bankanna 2008

Í upphafi árs 2008 var staða Sparisjóðs Strandamanna nokkuð góð. Hagnaður af rekstri sparisjóðsins árið 2007 var 67 milljónir króna, eigið fé sjóðsins í árslok nam 830 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 32,4%. Sparisjóðurinn hafði aukið við stofnfé sitt undir lok árs 2007 um 195 milljónir króna og var stofnféð í árslok rúmar 204 milljónir króna. Þótt staða sjóðsins hafi verið sterk í upphafi árs fór sjóðurinn ekki varhluta af þróun á fjármálamörkuðum á árinu 2008. Hafði fall íslensku viðskiptabankanna þar mikil áhrif. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 varð tap á rekstri sjóðsins upp á 356 milljónir króna, eigið fé sparisjóðsins í árslok nam rúmum 419 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 23,3%.

Með 2. gr. laga nr. 125/2008 var fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilað að leggja sparisjóðunum til fjárhæð sem nam allt að 20% af bókfærðu eigin fé viðkomandi sparisjóðs vegna sérstakra og óvenjulegra aðstæðna á fjármálamarkaði. Nánar var kveðið á um útfærslu og skilyrði eiginfjárframlags í reglum sem settar voru 18. desember 2008.¹⁰⁴ Meðal skilyrða var að eiginfjárlutfall viðkomandi sparisjóðs yrði ekki lægra en 12% að

102. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Strandamanna, 13. apríl 2008.

103. MP Banki hf. keypti nb.is-sparisjóð hf. í lok mars 2009 og fékk þannig viðskiptabankanúmer og aðgang að Reiknistofu bankanna.

104. Reglur um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. frá 18. desember 2008.

meðtöldu eiginfjárframlagi ríkissjóðs, en þó ekki hærra en 15%.¹⁰⁵ Flestir sparisjóðanna sóttu um eiginfjárframlag á grundvelli laganna en Sparisjóður Strandamanna gerði það ekki. Eiginfjárhlutfall hans var vel yfir lögbundnu lágmarki og hærra en svo að sparisjóðurinn félli undir reglurnar til að hljóta eiginfjárframlag úr ríkissjóði eða þyrfti að leita eftir slíku framlagi.

Þótt sparisjóðurinn hafi ekki undirgengist fjárhagslega endurskipulagningu á sama hátt og margir hinna sparisjóðanna, gekk hann til samninga við Seðlabanka Íslands vegna uppgjors á kröfum á hendur sparisjóðnum. Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða, þegar ljóst var að sparisjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparisjóða.¹⁰⁶ Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðunum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparisjóði Strandamanna sem námu 774 milljónum króna.¹⁰⁷ Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparisjóðunum tillögu um meðferð krafna á hendur sparisjóðunum og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn. Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn síðan sparisjóðunum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹⁰⁸ Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárhlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹⁰⁹ Auknar kröfur Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall tóku þó ekki til Sparisjóðs Strandamanna þar sem hann sótti ekki um slíkt eiginfjárframlag.

24.6.1 Aðdragandi að samkomulagi við Seðlabanka Íslands

Í bréfi sparisjóðsins til Seðlabankans 5. febrúar 2010 var lýst áhuga á að gera samning um uppgjör skuldanna, en talið var óhjákvæmilegt að líta til fleiri þátta en fram komu í bréfi Seðlabankans, enda væri um verulega fjárhæð að ræða. Meðal þeirra leiða sem bent var á í bréfi Seðlabankans 1. febrúar 2010 var að gera upp kröfur gegn 12% afslætti. Í tillögum sparisjóðsins var aðeins gert ráð fyrir að hluti yrði gerður upp og þá gegn hámarksafslætti en að öðru leyti yrði kröfum breytt í stofnfé, víkjandi og almenn lán, og að hluti yrði felldur niður. Seðlabankinn féllst ekki á tillögu sparisjóðsins og benti á að 12% afsláttur yrði aðeins veittur ef allar kröfur yrðu greiddar, afsláttur yrði ekki veittur á uppgreiðslu hluta skuldarinnar.¹¹⁰

Í kjölfar fundar fyrirvarsmanna sparisjóðsins með fulltrúum Seðlabankans 8. mars 2010 sendi sparisjóðurinn Seðlabankanum nýja tillögu að uppgjöri skulda 12. mars 2010.¹¹¹ Í henni voru lagðar til sambærilegar breytingar á kröfunni og áður, nema hvorki var gert ráð fyrir afskriftum né uppgreiðslu að hluta. Tillaga var gerð um að lækka stofnfé um 93 milljónir króna, eða sem samsvaraði neikvæðri stöðu varasjóðs auk eignfærðrar skatt-inneignar, í samræmi við skilyrði bankans. Yrði skuld sjóðsins við bankann gerð upp með þessum hætti yrði eiginfjárhlutfallið um 19%. Þá stæði sparisjóðnum til boða að greiða upp skuld sína við bankann með afföllum og var þá gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins í árslok 2010 yrði um 17%. Seðlabankinn samþykkti tilboð sparisjóðsins en veitti honum jafnframt frest til að ákveða hvort um endurgreiðslu á kröfum bankans yrði að ræða eða ekki.¹¹²

105. Nánar er fjallað um lög nr. 125/2008 og reglur um eiginfjárframlög til sparisjóða í 13. kafla.

106. Bréf Seðlabanka Íslands til sparisjóða 8. september 2009.

107. Minnisblað Seðlabanka Íslands um vinnu með kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðunum, 21. ágúst 2009.

108. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um bréf Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

109. Bréf Fjármálaeftirlitsins til sparisjóða 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

110. Tölvuskeyti Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Strandamanna 4. mars 2010.

111. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til Seðlabanka Íslands 12. mars 2010.

112. Tölvuskeyti starfsmanns Seðlabanka Íslands til starfsmanna Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytisins 18. mars 2010.

Á stjórnarfundi 26. mars 2010 samþykkti stjórn sparisjóðsins að greiða upp skuldina við Seðlabankann. Á sama fundi var lagður fram ársreikningur fyrir árið 2009, þar sem fram kom að tap af rekstri nam tæpum 190 milljónum króna og eiginfjárlutfallið 12,7%. Áhrif þess að greiða kröfu Seðlabankans með 12% afslætti, miðað við stöðu í árslok 2009, væru að eiginfjárlutfallið hefði hækkað úr 12,7% í 17,7%. Af hálfu sparisjóðsins var undirritað samkomulag um uppgjör á skuldum við Seðlabanka Íslands 13. apríl 2010. Í samkomulaginu fólst uppgjör á kröfum í erlendum myntum samkvæmt „Rammasmunni um lánsheimild milli Sparisjóðs Strandamanna og Sparisjóðabanka Íslands hf.“ frá 21. janúar 2005, sem framseldar höfðu verið Seðlabanka Íslands og skyldi krónufjárhæð krafanna lækka um 12% við greiðslu miðað við stöðu þeirra á uppgjörstegi.

Áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna var háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Á fundum fulltrúa Seðlabanka og fjármálaráðuneytis með fulltrúum Eftirlitsstofnunarinnar 26. maí 2010 kom fram að forsvarsmenn hennar ættu erfitt að sjá fyrir sér að 12% afsláttur sem Seðlabankinn hygðist veita þremur smærri sparisjóðum á uppgjöri krafna Seðlabankans, þeirra á meðal Sparisjóði Strandamanna, stæðist reglur um ríkisaðstoð. Að óbreyttu myndi eftirgjöf af því tagi ekki verða samþykkt.¹¹³ Eftir að sú niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA lá fyrir kom fram í tölvupósti frá Stefáni Þór Sigtryggssyni, starfsmanni á fjármálasviði Seðlabanka Íslands, til Guðmundar Björgvins Magnússonar sparisjóðsstjóra, að nú lægi fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA hefði ekki samþykkt þá aðgerð og því yrði uppgreiðslunni frestað þar til samþykki eftirlitsstofnunarinnar lægi fyrir.¹¹⁴

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, um lögmæti lánskuldbindinga í íslenskum krónum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla, sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafrýrtækjum tilmæli vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða 30. júní 2010. Fjármálafrýrtækjum var síðan gert að endurmeta eiginfjárbörf sína í ljósi þessara aðstæðna og tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur hefði í för með sér.¹¹⁵ Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna leit svo á að með þessu hefði Seðlabankinn einnig lagt mat á gengistrygðna skuld sjóðsins. Vegna tilmælanna og þeirra dóma Hæstaréttar sem þar var vísað til, óskaði hann eftir staðfestingu á því með hvaða hætti Seðlabankinn mæti skuld sparisjóðsins.¹¹⁶

Á haustmánuðum 2010 var aftur farið að huga að frágangi samkomulags milli sparisjóðsins og Seðlabankans en þar sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði ekki samþykkt fyrra fyrirkomulag var nú lagt upp með að lækka afslátt við uppgjör krafanna í 11% í stað 12% áður.¹¹⁷ Stjórn sparisjóðsins vildi að í samkomulaginu yrði fyrirvari um mögulegt ólögmæti lántökunnar hjá Sparisjóðabankanum. Með fyrirvaranum hefði sjóðurinn rétt til að krefja Seðlabankann um endurgreiðslu reyndust erlendar lánveitingar sjóðsins til viðskipavina hans ólöglegar. Stjórn heimilaði sparisjóðsstjóra að ganga til samninga við Seðlabankann undir þessum formerkjum.¹¹⁸ Ekkert varð af gerð samkomulagsins á þessum tíma og var Sparisjóður Strandamanna eini sparisjóðurinn sem ekki hafði lokið við gerð samkomulags við Seðlabankann um uppgjör krafna í lok árs 2010.

Fyrir rannsóknarnefndinni sagði Guðmundur B. Magnússon sparisjóðsstjóri að sparisjóðurinn hefði lengi verið í samningaviðræðum við Seðlabankann með það sjónarmið að það þyrfti að „flytja þetta niður“. Komin hefðu verið drög að samningi en á Þorláksmessu 2010 hefði komið tölvupóstur frá starfsmanni Seðlabankans þar sem hann bað Guðmund um að hafa samband við sig vegna krafna bankans á hendur sparisjóðnum.¹¹⁹ Kvaðst Guð-

113. Tölvuskeyti Stefáns Þórs Sigtryggssonar, starfsmanns Seðlabanka Íslands, til Más Guðmundssonar seðlabankastjóra 26. maí 2010.

114. Tölvuskeyti starfsmanns Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Strandamanna 22. júní 2010. Nánar er fjallað um Eftirlitsstofnun EFTA og ákvarðanir hennar í 13. kafla.

115. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálafrýrtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>. Sjá nánar í 13. kafla.

116. Tölvuskeyti Sparisjóðs Strandamanna til starfsmanns Seðlabanka Íslands 30. júní 2010.

117. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 14. desember 2010.

118. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 14. desember 2010.

119. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013; tölvuskeyti Stefáns Þórs Sigtryggssonar til Guðmundar B. Magnússonar 23. desember 2010.

mundur hafa heyrt í honum á milli hátíðanna og fengið að vita að ákveðið hefði verið að gera ekki upp við sparisjóðinn. Hann hefði svo samband við stjórnarformanninn og kynnt honum málið án þess að vita í raun hvað það þýddi fyrir sparisjóðinn. Málið hafi svo verið rætt á næsta stjórnarfund. Í mars hafi síðan verið hafnar viðræður við Eignasafn Seðlabankans sem enduðu með uppgjöri í september sama ár.¹²⁰ Guðmundur sagði að ekki hefðu verið tilgreindar sérstakar ástæður þess að ekki hefði verið gengið frá uppgjöri við sparisjóðinn, aðeins að „við hefðum ekki fallið inn í þetta mynstur eða eitthvað svoléiðis“.¹²¹ Um samningaviðræðurnar við Seðlabankann sagði hann: „Mér fannst allan tímann að lítið tillit væri tekið til okkar sjónarmiða þótt þetta ættu að heita samningaviðræður. Við reyndum að fá viðtal við herra setta aðila í bankanum, en það gekk ekki.“¹²²

24.6.2 Endurútreikningur og uppgjör krafna Seðlabanka Íslands

Í byrjun árs 2011 voru kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðnum seldar Eignasafni Seðlabanka Íslands með 11% afslætti, en þó með þeim fyrirvara að ef minna fengist fyrir kröfuna myndi kaupverðið til Seðlabankans lækka.¹²³

Í ársreikningi fyrir árið 2010 kom fram að óvissa væri vegna dóma Hæstaréttar um gengisbundin lán sem leiddi af sér óvissu um fjárhagsstöðu sparisjóðsins. Ekki hafði verið gengið frá samkomulagi milli sparisjóðsins og Seðlabankans um uppgjör á skuldum við bankann þrátt fyrir að legið hefði fyrir óstaðfestur samningur þar að lútandi. Þá hefðu í febrúar 2011 fallið dómur í Hæstarétti þar sem tiltekin gengistryggð lán til fyrirtækja voru dæmd ólögmat. Vegna þessa ríkti því eftir sem áður óvissa um lögmæti ýmissa útlána, lánasamninga og annarra fjármálagerna sem tengdir voru erlendum myntum, og áhrif þessara dóma á fjárhagsstöðu sparisjóðsins. Fram kom það álit stjórnar sjóðsins að yrðu gengisbundin útlán sjóðsins dæmd ólögmat kynni slíkt hið sama að eiga við um lán sjóðsins hjá Seðlabankanum og því kynni slík niðurstaða um gengisbundin lán að verða sjóðnum hagstæð.¹²⁴ Sparisjóður Strandamanna fékk Teris til að endurreikna kröfu Seðlabankans og var sá útreikningur tilbúinn í byrjun maí 2011. Staða kröfu Seðlabanka Íslands nam þá tæpum 832 milljónum króna en eftir endurreikning 395 milljónum króna sem var um 52,5% lækkun.¹²⁵

Í byrjun júlí 2011 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsskoðun hjá Sparisjóði Strandamanna. Skoðunin leiddi í ljós að staða sparisjóðsins væri ekki sterk og að hann myndi „standa og falla“ með því hve mikinn afslátt hann fengi af kröfum Seðlabankans. Jafnframt kom fram að fengi sparisjóðurinn umbeðinn afslátt, myndi eiginfjárstaða hans batna og rekstrargrundvöllur yrði tryggður að sinni. Lögfræðingar Seðlabankans væru að fara yfir málið og líklegt væri að fallist yrði á hugmyndir sparisjóðsins.¹²⁶ Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til sparisjóðsins 28. júlí 2011 kom fram að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins samkvæmt eiginfjárskýrslu væri 8,57% og taldi Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að eiginfjárgrunnur sparisjóðsins kynni að vera undir 8% í ljósi óvissu um mat á útlánum og lántöku vegna gengistryggðra lánasamninga sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum því frest til 31. ágúst 2011 til að skila endurskoðuðu reikningsuppgjöri miðað við 30. júní 2011. Væri niðurstaðan sú að sparisjóðurinn uppfyllti ekki ákvæði laga um lágmarks eiginfjárhlutfall var óskað eftir ítarlegri greinargerð um þær ráðstafanir sem sjóðurinn hygðist grípa til fyrir 15. september 2011.¹²⁷

Á 20. stjórnarfund Eignasafns Seðlabanka Íslands sem haldinn var 19. og 22. ágúst 2011 var fjallað um málefni Sparisjóðs Strandamanna. Í minnisblaði sem lagt var fram á fundinum sagði að Sparisjóður Strandamanna hefði farið fram á að upphafleg krafa Seðlabankans

120. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

121. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

122. Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

123. Tölvaskeyti Jónasar Þórðarsonar, starfsmanns Seðlabanka Íslands, til Tryggva Pálssonar, starfsmanns Seðlabanka Íslands, 28. desember 2010; tölvaskeyti Jónasar Þórðarsonar, starfsmanns Seðlabanka Íslands, til Tryggva Pálssonar, starfsmanns Seðlabanka Íslands, 30. desember 2010.

124. Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna 2010.

125. Tölvaskeyti Guðmundar Björgvins Magnússonar til Hauks C. Benediktssonar 2. maí 2011.

126. Vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins hjá Sparisjóði Strandamanna – Minnisblað Seðlabanka Íslands, 4. júlí 2011.

127. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Strandamanna 28. júlí 2011.

yrði talin falla undir að vera ólögmaett gengistryggt lán.¹²⁸ Ef ekki yrði fallist á það myndi eiginfjárlutfall sparisjóðsins falla undir lögbundið 8% lágmark. Í minnisblaðinu kom einnig fram að sparisjóðurinn hefði frest frá Fjármálaeftirlitinu til ágústloka til að skila endurskoðuðu reikningsuppgjöri, en þyrfti ella að fara fram á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu, leggja fram áætlun um framtíðarrekstur og hvernig hann hygðist ná upp eiginfjárlutfallinu og þá upp í 16% í stað 8%.¹²⁹ Stjórn Eignasafns Seðlabankans var því vandi á vöndum en samþykkti 19. ágúst 2011 að láta endurreikna kröfu á hendur Sparisjóði Strandamanna miðað við lægstu óverðtryggnu vexti Seðlabanka Íslands. Var það gert í ljósi þess að Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. taldi það hámarka og flýta endurheimtum sínum.¹³⁰ Var litið svo á að þetta væri leið til að ljúka málinu en væri ekki viðurkenning á því að um ólögmaett lán væri að ræða.¹³¹

Samkvæmt stjórnarfundargerð sparisjóðsins 22. ágúst 2011 var sparisjóðnum tilkynnt að kröfur Seðlabankans yrðu endurreiknaðar og til grundvallar endurútreikningi yrði lagður útreikningur Teris, sem þó ætti eftir að yfirfara. Endanlegar niðurstöður lægju ekki fyrir, en í drögum að ársreikningi hefði verið gert ráð fyrir að eftirstöðvar þessarar skuldar, eftir endurútreikning, næmu um 490 milljónum króna.¹³²

Vegna uppgjors á kröfum vegna ádráttarlána í erlendum myntum greiddi Sparisjóður Strandamanna rúmar 526 milljónir króna og var krafa Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. á hendur Sparisjóði Strandamanna þar með að fullu greidd.¹³³

Í lok árs 2011 nam hagnaður af rekstri Sparisjóðs Strandamanna 17,5 milljónum króna, en þá hafði eftirgjöf skulda að fjárhæð 391 milljón króna verið tekjufærð. Bókfært eigið fé í árslok 2011 nam 238 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið 16,5%.¹³⁴

24.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Strandamanna greiddi stofnfjárhöfum jafnan arð af stofnfé þeirra. Á árunum 2001 til 2009 námu arðgreiðslur vegna næstliðinna rekstrarára samtals 71,7 milljónum króna. Greiddur var svo mikill arður sem reglur Tryggingasjóðs sparisjóða leyfðu og stundum umfram það.¹³⁵ Vegna ársins 2004 var arðgreiðsluhlutfallið 49,4% af stofnfé meðan hámarkið, raunarðsemi eigin fjár, var 47,8%. Eftir það var það aðeins vegna ársins 2006 sem arðgreiðslan var í samræmi við reglur Tryggingasjóðs. Arðgreiðslan vegna ársins 2007 var 41,8 milljónir króna umfram það sem heimilt var samkvæmt reglunum. Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt en eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.¹³⁶ Sparisjóðurinn greiddi ekki arð vegna árana 2009 til 2011. Arðgreiðslur og forsendur þeirra eru tíundaðar í töflu 21.

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.¹³⁷ Árin 2005–2009 var stofnfé Sparisjóðs Strandamanna hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga samtals um 49,7 milljónir króna. Endurmatið árið 2008 var lægra en nam verðlagsbreytingum innan ársins. Það hefði mátt nema 34,5 milljónum króna en ekki voru nýttar til þessa nema 12,3 milljónir króna. Mismunurinn, 22,1 milljón króna, var svo nýttur til hækkunar á stofnfénu árið 2009. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2009.

128. Minnisblaðið er ódagsett og óundirritað en barst rannsóknarnefndinni frá Seðlabanka Íslands og ber með sér að það sé unnið í bankanum.

129. Minnisblað Seðlabanka Íslands, lagt fram á stjórnarfundum Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf., 19. ágúst 2011.

130. Tölvuskeyti framkvæmdastjóra Sölvhóls ehf. (eignaumsýslufélags í eigu Seðlabanka Íslands) til Sparisjóðs Strandamanna 29. ágúst 2011.

131. Tölvuskeyti Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Strandamanna 1. september 2011.

132. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Strandamanna, 22. ágúst 2011.

133. Tölvuskeyti Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Strandamanna 1. september 2011.

134. Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna 2011. Ekki var fjallað sérstaklega um uppgjör krafna Seðlabanka Íslands í ársreikningi sparisjóðsins, aðeins var getið um tekjufærða eftirgjöf skulda og fjárhæð eftirgjafar.

135. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

136. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

137. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.¹³⁸ Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðalfundum sparisjóðsins 2001–2008 var samþykkt að hækka stofnfé í lok næstliðins árs um 5%, nema hvað hækkunin var ákveðin 3,1% vegna ársins 2007, þar sem ekki mátti verja meira en 10% af hagnaði ársins til sérstaks endurmats. Sérstakt endurmat vegna þessara ára nam samtals 7,3 milljónum króna og var í samræmi við reglur. Auk þessa var stofnféð hækkað um 36,5 milljónir króna árið 2009 og þess getið í ársreikningi að það væri „endurmat stofnfjár vegna ársins 2008“. Þetta gat ekki verið sérstakt endurmat vegna 2008 því það var óheimilt vegna tapsins það ár. Hér hlaut því að vera um að ræða það sem ónýtt var af verðbótahækkuninni vegna 2008, en það voru eins og áður sagði 22,1 milljón króna. Ekki er að sjá að heimild hafi verið í reglunum til að hækka stofnfé um 14,4 milljónir króna sem stofnféð var hækkað umfram það.

Í töflu 21 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 21. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011.¹³⁹

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	1.107	829	54.875	12.985	—	—	—
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	—	—	—	—	—	—	—
Stofnfé í árslok	3.690	8.275	204.487	223.181	259.693	259.693	259.693
Arður sem hlutfall af stofnfé	30,0%	10,0%	26,8%	5,8%	—	—	—
Arður sem hlutfall af hagnaði	1,1%	1,5%	82,0%	-3,6%	—	—	—
Afkoma ársins	99.128	53.574	66.920	(355.774)	(189.472)	3.750	17.530
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	26,3%	10,0%	10,0%	5,0%	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	26,3%	5,5%	5,8%	•	•	•	2,6%
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	185	414	6.339	—	—	—	—

Um arðinn vegna 2007 og endurmatið 2009

Stjórn Sparisjóðs Strandamanna lagði til fyrir aðalfund 13. apríl 2008 að greiddur yrði 25,35% arður vegna ársins 2007. Tillagan var samþykkt. Þegar til kom var greiddur út 26,8% arður af stofnfjáreign í árslok. Rannsóknarnefndinni reiknast til að raunarðsemi ársins 2007 hafi verið 5,5% og arðgreiðsluhlutfallið því of hátt. Sparisjóðsstjórnin „vissi ekki annað en að [arðgreiðslur] væru alltaf innan þeirra marka sem Tryggingasjóður sparisjóða gaf út“ en útreikningarnir hefðu verið unnir af endurskoðanda sparisjóðsins.* Í endurskoðunarskýrslu um ársreikning sjóðsins 2007 stóð um heimild til arðgreiðslu: „Raunarðsemi eigin fjár á árinu nam 25,35% og heimild til arðgreiðslu sama hlutfall.“** Var vísað til þess að heimilt væri að greiða arð sem væri jafnhár raunarðsemi sjóðsins, auk þess sem heimilt væri að greiða arð vegna hækkunar á eigin fé vegna breytinga á reikningskilaaðferðum sparisjóðsins.

Stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða samþykkti viðmið fyrir hámark arðgreiðslu árið 2008 vegna rekstrarársins 2007. Þar gildi áfram sú meginregla að arðshlutfallið mætti „ekki vera hærra en raunarðsemi sparisjóðsins og reiknast af endurmetnu stofnfé eins og það [væri] í lok reikningsárs“. Fjórða viðmiðið sem fara skyldi eftir var svohljóðandi:

Hafi breyting á reikningskilaaðferðum með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskila leitt til þess að fjárhæðir hafi verið færðar til hækkunar á eigin fé sem annars hefðu komið fram sem hagnaður í rekstrarreikningi er heimilt að reikna út hver er ónýtt arðgreiðsla fyrra árs og greiða hana út sem arð á næstu fjórum árum.

138. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

139. Ársreikningar Sparisjóðs Strandamanna 2005–2011. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.

Í bréfi Tryggingasjóðs frá 10. desember 2007 til allra sparisjóða var greint frá þessari samþykkt stjórnarinnar. Þar var sérstaklega vakin athygli á nýmælum í samþykktinni. Um fjórða viðmiðið sagði:

[F]jórði punkturinn er nýr og hefur í raun takmarkaðan líftíma. Hann er settur inn í ljósi þess að margir sparisjóðir hafa verið að breyta reikningsskilum sínum en enn eiga nokkrir eftir að gera það. Dæmi eru um að við innleiðingu IFRS séu einstaka eignaliðir færðir upp og uppfærslan komi til hækkunar á eigin fé en hefði samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum farið yfir rekstur og haft þannig áhrif á arðsemi ársins. Er óþað fyrir að arðsemi fyrra árs sé endurreiknuð og geti komið til úthlutunar árið eftir eða sé frestað með þeim hætti sem áður greinir.

Sparisjóður Strandamanna tók upp breyttar reikningsskilaaðferðir í ársreikningi 2007. Ekki var um að ræða innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) að fullu, enda þótt breytingunni svipaði um margt til þess að svo hefði verið. Þetta leiddi til þess að eigið fé í ársbyrjun 2007 var hækkað um 87,3 milljónir króna.

Í endurskoðunarskýrslunni var þessari leiðréttingu eigin fjár bætt við afkomuna 2007 sem þýddi að arðsemi eigin fjár varð hærri en ella, og enn hækkaði hún vegna þess að leiðréttingunni var ekki bætt við nefnarann við útreikning arðseminnar. Arðsemi eigin fjár er hagnaður ársins deilt með veginni meðalstöðu eigin fjár á árinu. Hlutfallið sem þannig fæst er síðan leiðrétt fyrir verðbólgu ársins og þá kemur fram raunarðsemi. Raunarðseminni var síðan beitt á stofnfé í árslok 2007 sem hafði meira en tuttugufaldast á árinu vegna stofnfjárukningar í lok desember.

Reglur Tryggingasjóðs kváðu skýrt á um að heimilt væri að reikna út *ónýtta arðgreiðslu fyrra árs með því að endurreikna arðsemi fyrra árs*. Sparisjóður Strandamanna leit á leiðréttingu eigin fjár vegna afkomu fyrri ára sem viðbótarafkomu á árinu 2007 og horfði fram hjá leiðréttingunni á eigin fé við árslok. Þarna var teljarinn því hækkaður en nefnarinn ekki. Síðan var því hlutfalli beitt á stofnféð eftir stofnfjárukninguna í lok ársins 2007. Þannig fengu stofnfjáreigendur notið leiðréttrar arðsemi vegna fyrri ára út á nýgreitt stofnfé.

Endurmatið á stofnfénu í ársreikningi 2009 var ekki í samræmi við reglur, svo sem fyrr var getið. Umrædd endurmatsfjárhæð, 36,5 milljónir króna, fæst með því að margfalda stofnfé í árslok 2008 (eða ársbyrjun 2009) með vísitöluhækkun ársins 2008 sem var 16,36%. Þetta bendir til þess að ætlunin hafi verið að verðbæta stofnféð að fullu vegna 2008. Í árslok 2008 höfðu samt þegar verið reiknaðar verðbætur, reyndar lægri en heimilt var að reikna, svo sem greint var frá hér framar. Þannig var um að ræða verðbætur á verðbætur ofan þegar stofnfé var endurmetið með tilliti til verðlagsbreytinga samkvæmt ársreikningi 2009. Hækkun stofnfjár umfram það sem getur í reglum nam 14,4 milljónum króna.

Tafla 22. Tvenns konar útreikningur arðs til stofnfjáreigenda í Sparisjóði Strandamanna vegna ársins 2007.***

Samkvæmt endurskoðunarskýrslu 2007:				Útreikningur rannsóknarnefndar vegna 2007:				Arðsemi 2006 endurreiknuð:		
Hagnaður ársins		66.920						Hagnaður ársins		53.574
Leiðrétting v/breyttra reglna		87.337						Viðbót við hagnað ársins		87.337
Heildarafkoma á árinu		154.257		Hagnaður ársins		66.920		Leiðréttur hagnaður		140.911
Eigið fé 31. des. 2007	Nafn- fjárhæð	Hluti úr árinu	Vegin fjárhæð	Eigið fé 31. des. 2007	Nafn- fjárhæð	Hluti úr árinu	Vegin fjárhæð	Vegin meðalstaða eigin fjár		416.427
Eigið fé 1.1.	471.140	1,00	471.140	Eigið fé 1.1.	471.140			Nafnarðsemi		33,8%
				Leiðr. v/ br. reglna	87.337			Raunarðsemi m.v. 6.95% verbólgu		25,1%
				Leiðr. eigið fé 1.1.	558.477	1,00	558.477	Endurmetið stofnfé í árslok 2006		8.275
Arðgreiðsla	(829)	0,67	(553)	Arðgreiðsla	(829)	0,67	(553)	Leyfileg arðgreiðsla		2.080
Nýtt eigið fé	205.270	0,01	1.140	Nýtt eigið fé	205.270	0,01	1.140	Greitt var		(829)
Meðalstaða eigin fjár án hagnaðar		471.727		Meðalstaða eigin fjár án hagnaðar		559.064		Ógreiddur arður v/leiðr. á eigin fé		1.251
Nafnarðsemi eigin fjár á árinu		32,7%		Nafnarðsemi eigin fjár á árinu		12,0%		Arðgreiðsla vegna 2007		
Hækkun vísitölu á árinu		5,86%		Hækkun vísitölu á árinu		5,86%				
Raunarðsemi eigin fjár		25,4%		Raunarðsemi eigin fjár		5,77%				
Endurmetið stofnfé í árslok 2007		204.487		Endurmetið stofnfé í árslok 2007		204.487				
Leyfileg arðgreiðsla skv. ofangreindu		51.847		Leyfileg arðgreiðsla skv. ofangreindu		11.803		Greiða mátti því samtals v/ 2007		13.054

*Skýrsla Guðmundar B. Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. apríl 2013.

**Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2007, 19. mars 2008.

*** Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna 2007; skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Strandamanna 2007, 19. mars 2008.

24.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu almennt er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Strandamanna og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2011.

24.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Strandamanna starfrækti ekki eigin endurskoðunardeild á tímabilinu sem var til skoðunar. Fjármálaeftirlitið hafði veitt honum undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar frá árinu 1995. Undanþágan var endurnýjuð í desember 2008 með því skilyrði að stjórn Sparisjóðs Strandamanna gerði Fjármálaeftirlitinu árlega grein fyrir þeim þáttum í innra eftirliti sem fjallað er um í 4. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 4/2003. Í janúar 2006 kallaði Fjármálaeftirlitið eftir skýrslum um innra eftirlit vegna árána 2004 og 2005 og lagði stjórn og sparisjóðsstjóri fram umbeðin gögn í júní 2006. Um var að ræða greinargerð frá stjórn um innra eftirlit 2004–2005 og var meðal annars vísað til skýrslu ytri endurskoðanda um atriði á borð við varðveislu og meðferð fjármuna sparisjóðsins, fjárfestingarstefnu, skýrslur til opinberra yfirvalda, stöðu stærstu skuldara og dreifingu útlána. Engin frávik, athugasemdir eða ábendingar komu fram um innra eftirlit sjóðsins. Í bréfi stjórnar og sparisjóðsstjóra til Fjármálaeftirlitsins 18. júní 2006 sagði meðal annars:

Eins og fram kemur í meðfylgjandi greinargerð stjórnar sjóðsins varðandi innra eftirlit og skýrslu endurskoðanda sjóðsins vegna hans athugana á rekstri sjóðsins þá er þessum þáttum eins vel sinnt hjá sjóðnum og hægt er. Hluti af endurskoðun ytri endurskoðanda sjóðsins hefur verið að kanna þá þætti sem annars falla undir eftirlit innri endurskoðanda. Vegna smæðar sjóðsins er hætt við að eftirlit innri og ytri endurskoðanda skarist það mikið að í raun verði um hreinan tvíverknað að ræða, það er báðir aðilar verði í raun að skoða sama hlutinn. Ávinningur sjóðsins af eftirlitinu verði því lítill en kostnaður hans þeim mun meiri.¹⁴⁰

Í bréfinu var jafnframt óskað eftir áframhaldandi undanþágu frá því að gera sérstakan samning við ytri aðila um innra eftirlit hjá sjóðnum þrátt fyrir að sparisjóðurinn væri kominn yfir viðmiðunarmörk sem Fjármálaeftirlitið hafði sett sparisjóðnum. Í september 2006 veitti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum umbeðna undanþágu með sömu skilyrðum og áður og skilaði stjórn sparisjóðsins samsvarandi skýrslum um innra eftirlit vegna árána 2006–2010. Skýrslurnar voru efnislega sambærilegar þeim fyrri og var ekki að finna nein frávik, athugasemdir eða ábendingar um virkni innra eftirlits. Í skýrslu stjórnar vegna innra eftirlits ársins 2010 kom fram að stjórninni væri ljóst að á yfirstandandi ári þyrfti sjóðurinn að uppfylla kröfur um fyrirkomulag innri endurskoðunar með því að gera samning við þar til bærán aðila um innri endurskoðun sjóðsins í samræmi við lög og reglur og gerði sparisjóðurinn svo samning í september 2011 við Ernst og Young hf. um innri endurskoðun sparisjóðsins frá árinu 2011. Fékk sparisjóðurinn svo undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar frá Fjármálaeftirlitinu 15. desember 2011.

Enginn innri endurskoðandi var því starfandi hjá Sparisjóði Strandamanna á árunum 2005 til 2010, en Ernst & Young hf. önnuðust innri endurskoðun frá og með 2011. Í verk lýsingu, sem var hluti af ráðningarsamningum, kom fram að vinna Ernst & Young yrði unnin á grundvelli endurskoðunaráætlunar sem samþykkt væri af stjórn. Einnig kom fram að úttektir Ernst & Young á innra eftirliti sparisjóðsins skyldu reglulega ná til þeirra

140. Bréf Sparisjóðs Strandamanna til Fjármálaeftirlitsins 18. júní 2006.

25. SPARISJÓÐUR SVARFDÆLA

Sparisjóður Svarfdæla var stofnaður 1. maí árið 1884. Í fyrstu stjórn sjóðsins sátu þeir Sigurður Sigurðsson formaður, Baldvin Þorvaldsson varaformaður og Jóhann Jónsson gjaldkeri sem jafnframt gegndi stöðu sparisjóðsstjóra.¹

Hinn 1. maí 1993 sameinuðust Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Hriseyjar og Sparisjóður Árskógsstrandar undir merkjum Sparisjóðs Svarfdæla.² Í gildandi samþykktum sjóðsins sem dagsettar eru 26. september 2012 segir í 3. grein að tilgangur sjóðsins sé að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki. Samfélagslegt hlutverk hans sé að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð á starfssvæði sínu.

Frá því í júní 1979 hefur sparisjóðurinn verið til húsa í Ráðhúsinu á Dalvík auk þess sem útibú er starfrækt að Norðurvegi 6–8 í Hrisey.³ Sparisjóðsstjóri er Jónas M. Pétursson og hefur hann gegnt því starfi frá árslokum 2008. Áður hafði Friðrik Friðriksson gegnt stöðu sparisjóðsstjóra frá árinu 1985.

Núverandi stjórn Sparisjóðs Svarfdæla var tilnefnd af Bankasýslu ríkisins og kjörin á aðalfundi 29. maí 2012.⁴ Stjórnarmenn eru Helga Björk Eiríksdóttir formaður, Borghildur Freyja Rúnarsdóttir, Jón Ingi Sveinsson, Valdimar Snorrason og Þröstur Jóhannsson en tveir þeir síðastnefndu hafa báðir setið í stjórn sparisjóðsins frá 2009.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.⁵

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Anna Sigríður Hjaltadóttir				x	x	x	x	x			
Borghildur Rúnarsdóttir											x
Finnbogi Valur Reynisson									x	x*	
Helga Eiríksdóttir											x
Jóhann Antonsson	x	x	x	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	
Jón Ingi Sveinsson											x**
Katrín Sigurjónsdóttir						x	x	x	x	x	
Kristján Kristjánsson											x**
Mikael Sigurðsson	x	x	x	x	x	x	x	x			
Óskar Gunnarsson	x	x	x	x	x	x	x	x			
Sveinbjörn Steingrímsson	x	x	x	x	x						
Sveinn Jónsson	Form.	Form.	Form.								
Valdimar Snorrason									x	x	x
Þröstur Jóhannsson									x	x	x

* Finnbogi Valur Reynisson fékk frið frá stjórnarstörfum á fundi 2. mars 2011 vegna persónulegra ástæðna og mætti ekki á fund eftir það. Enginn varamaður kom í hans stað.

** Kristján Kristjánsson sagði sig úr stjórn í janúar 2012. Jón Ingi Sveinsson tók sæti hans í stjórn.

Í lok árs 2007, fyrir fall bankanna, voru stofnfjárhafar 150 og heildareignir sjóðsins námu 6,3 milljörðum króna.⁶ Sparisjóður Svarfdæla var einn af minnstu sparisjóðum hér á landi með um 1% af heildareignum sparisjóðanna. Samanlagðar eignir allra sparisjóða voru þá 614 milljarðar króna.

Með sviptingum á fjármálamarkaði árið 2008 varð tap á rekstri sjóðsins sem nam rúmlega 2,1 milljarði króna. Skýrðist það að mestu af 2,2 milljarða króna gengistapi af hlutabréfum og skuldabréfum. Í lok árs 2008 var eiginfjárhlutfall sjóðsins neikvætt um 10,8% en lög- bundið lágmark var 8%. Bókfært eigið fé var þó jákvætt um 33 milljónir króna.⁷

1. „Sparisjóður stofnaður í Svarfaðardal“, spar.is, <http://www.spar.is/category.aspx?catID=432>, sótt 10. janúar 2012.
2. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Svarfdæla, skýrsla unnin fyrir Fjármálaráðuneytið, 16. júní 2009.
3. „Sparisjóður Svarfdæla“, spar.is, <http://www.spar.is/spsv-svarfdaela/sparisjodur-svarfdaela>.
4. „Aðalfundur Sparisjóðs Svarfdæla 2012“, bankasysla.is 13. júní 2012, <http://www.bankasysla.is/fjolmidlar/frettit/nr/300/>.
5. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.
6. Ársreikningur Sparisjóðs Svarfdæla 2007.
7. Ársreikningur Sparisjóðs Svarfdæla 2008.

lagi í afskriftareikning útlána voru 24 milljónir króna vegna svokallaðs gengislánadóms (dómur Hæstaréttar nr. 600/2011). Nokkurrar óvissu hefur gætt um erlend lán sjóðsins og afskriftir vegna þeirra.¹³

Tafla 2. Samandregning rekstrarreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.¹⁴


Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	115.196	127.244	157.313	159.338	138.849	113.816	62.819	23.933	93.992	153.694	181.083
Hreinar þjónustutekjur	34.592	38.736	39.611	38.124	35.673	34.769	35.761	32.779	31.896	32.119	31.538
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	4.422	4.388	8.503	20.410	63.353	130.251	25.383	42.596	23.159	(1.888)	4.260
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(23.809)	(25.348)	9.153	70.913	359.746	1.021.049	197.322	(2.188.067)	(326.604)	(29.075)	(38.318)
Aðrar rekstrartekjur	61.785	20.933	48.503	103.150	66.139	1.116	4.293	10.524	10.368	9.138	14.435
Hreinar rekstrartekjur	192.186	165.953	263.083	391.935	663.760	1.301.001	325.578	(2.078.235)	(167.189)	163.988	192.998
Almennur rekstrarkostnaður	(99.246)	(105.195)	(116.047)	(124.953)	(158.624)	(195.883)	(190.385)	(211.549)	(164.492)	(155.246)	(168.684)
Fjárhagsleg endurskipulagning	-	-	-	-	-	-	-	-	229.287	343.078	-
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(37.735)	(39.529)	(64.015)	(41.693)	(20.002)	(14.353)	(18.695)	(198.401)	(231.259)	(169.494)	(56.010)
Rekstrargjöld samtals	(136.981)	(144.724)	(180.062)	(166.646)	(178.626)	(210.236)	(209.080)	(409.950)	(166.464)	18.338	(224.694)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	55.205	21.229	83.021	225.289	485.134	1.090.765	116.498	(2.488.185)	(333.653)	182.326	(31.696)
Skattar samtals	(4.401)	(4.680)	(14.778)	(41.802)	(81.836)	(188.530)	(9.998)	337.933	63.535	(47.337)	(16.198)
Hagnaður (tap) ársins	50.804	16.549	68.243	183.487	403.298	902.235	106.500	(2.150.252)	(270.118)	134.989	(47.894)

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur sparísjóðsins hækkuðu frá 2001 til 2006. Gengishagnaður af fjáreignum átti þar stærstan hlut að máli, einkum árin 2005 og 2006. Þá voru fjáreignir meginástæða lækkunar hreinna rekstrartekna á árunum 2007 og 2008. Hreinar vaxta- og þjónustutekjur breyttust ekki í sama mæli og fjáreignatekjurnar umrædd ár. Fjárfestingarstarfsemi var þannig allsráðandi um afkomu sparísjóðsins.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagum, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.¹⁵



Samanlögð afkoma sparísjóðsins af fjáreignum á tímabilinu 2001–2011 var neikvæð um 973 milljónir króna. Gengishagnaðurinn árið 2006 var að mestu til kominn vegna 597 milljóna króna gangvirkisbreytingar á hlutabréfum Meiðs ehf./Exista hf. Þá varð einnig 380

13. Skýrsla Bankasýslu ríkisins um starfsemi sína 2012.

14. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011. Í viðauka C má sjá sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi.

15. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

milljóna króna gangvirðishækkun á bréfum Kaupþings banka hf. Gengishagnaður var lítil árið 2007 í samanburði við fyrra ár vegna niðurfærslu á eignarhlut í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Á árinu 2008 varð hins vegar tæplega 2,2 milljarða króna tap af fjáreignum og var liðlega helmingur tapsins til kominn vegna verðbréfaeignar í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Stærsta eign Kistu voru bréf í Exista hf.

Arðs- og hlutdeildartekjur Sparisjóðs Svarfdæla hækkuðu umtalsvert á árinu 2006 og mátti rekja þá þróun til hlutdeildar í afkomu Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Á árinu 2007 var eign sparisjóðsins í bankanum færð meðal veltuhlutabréfa og skýrði það lækkingu á þessum lið eftir árið 2006. Gangvirðistap vegna bankans á árinu 2008 nam 670 milljónum króna. Önnur hlutdeildarfélög sparisjóðsins voru Reiknistofa bankanna og Tölvumiðstöð sparisjóðanna hf./Teris hf.

Hreinar þjónustutekjur breyttust nánast ekkert milli ára frá 2001 til 2011. Vægi þeirra fór hæst í 23% af hreinum rekstrartekjum árið 2002 en lægst í 3% árið 2006. Hreinar þjónustutekjur voru 16% hreinna rekstrartekna í árslok 2011.

Aðrar rekstrartekjur voru óverulegur hluti hreinna rekstrartekna eftir árið 2005 en fram að því samanstóðu þær að mestu af söluhagnaði af eignarhlutum í félögum, til dæmis voru færðar 102 milljónir króna vegna söluhagnaðar árið 2004.

Hreinar vaxtatekjur fóru hækkandi á árunum 2001–2004 en lækkuðu svo töluvert árin 2007 og 2008. Síðara árið voru þær 85% lægri en árið 2004. Stærstur hluti vaxtatekna Sparisjóðs Svarfdæla kom frá útlánum eða að jafnaði 88%. Vaxtatekjur af kröfum á lána- stofnanir voru á bilinu 6–22% af vaxtatekjum en vaxtatekjur af skuldabréfum fóru aldrei yfir 6% á tímabilinu.

Vaxtagjöld voru að stærstum hluta vegna almennra innlána. Frá 2001 til 2007 voru greiddir vextir af innlánum um og yfir 90% vaxtagjalda en á árinu 2008 lækkaði það hlutfall í 65% þegar heildarvaxtagjöld hækkuðu um rúmlega 286 milljónir króna. Hækkunina mátti einkum rekja til vaxtagjalda vegna endurhverfra lána við Seðlabankann, erlendra endurlána frá Sparisjóðabankanum og aukinnar lántöku þegar sparisjóðurinn tók lán hjá Kaupþingi vegna fjárfestingar í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Vaxtagjöld til lánastofnana voru hæst 14% af vaxtagjöldum árið 2009 og vaxtagjöld vegna lántöku voru hæst 11% árið 2005. Vaxtagjöld vegna víkjandi skulda voru óveruleg nema árin 2008 og 2009 þegar sparisjóðurinn tók víkjandi lán til að bæta eiginfjárstöðu sína, en þá voru þau 16% og 9% af vaxtagjöldum hvors árs.

Vaxtamunur Sparisjóðs Svarfdæla var allt tímabilið talsvert meiri en hjá sparisjóðunum í heild. Eftir 2003 minnkaði vaxtamunurinn töluvert og náði lágmarki árið 2007 í 2,8%. Mestu munaði á vaxtamun sparisjóðsins og sparisjóðanna í heild árið 2003 þegar hann var 12,6% hjá Sparisjóði Svarfdæla en 5,9% að meðaltali hjá sparisjóðunum í heild.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Svarfdæla 2001–2011.¹⁶

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Svarfdæla											
Meðalvextir útlána	19,7%	17,2%	17,2%	15,1%	13,7%	14,5%	13,7%	20,4%	14,6%	9,9%	10,8%
Meðalvextir innlána	8,8%	6,3%	4,1%	4,1%	5,7%	8,6%	10,5%	13,0%	10,2%	4,4%	3,0%
Vaxtamunur	10,0%	10,3%	12,6%	10,6%	7,6%	5,4%	2,8%	6,5%	4,1%	5,3%	7,5%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum auk framlags í afskriftareikning útlána.


Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Sparisjóðs Svarfdæla breyttust tiltölulega lítið fyrr en árið 2008 þegar þau nærri tvöfölduðust. Framlag í afskriftareikning útlána gerði útslagið á árunum 2008–2010. Á tímabilinu 2001–2011 nam framlag í afskriftareikninginn samtals 891 milljón króna, en þar af voru 599 milljónir króna á árunum 2008–2010.

16. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011. Í viðauka B er tafla sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða.

Framlag í afskriftareikning útlána hækkaði mikið árið 2008. Í lok ársins höfðu þau meira en tífaldast frá fyrra ári og námu 198 milljónum króna. Framlagið hækkaði enn árið 2009 og nam rúmri 231 milljón króna og hélst áfram hátt árið 2010 þegar það nam liðlega 169 milljónum króna. Í árslok 2007 var niðurfærsluhlutfall¹⁷ útlána sjóðsins 3,4%. Til samanburðar var hlutfallið 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Í lok árs 2010 var niðurfærsluhlutfallið orðið 13,6% hjá Sparisjóði Svarfdæla en var á sama tíma 21,3% hjá sparisjóðunum í heild.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.¹⁸



* Rekstrargjöld samtals eru án sértaekra aðgerða, fjárhagslegrar endurskipulagningar 2009 og 2010.

Almennur rekstrarkostnaður hækkaði í samræmi við vöxt sjóðsins frá 2001 til 2006. Hækkun rekstrarkostnaðar á árinu 2008 skýrðist einkum af aðkeyptri sérfræðiaðstoð við árshlutauppgjör, verðmat og áform um hlutfélagsvæðingu sjóðsins.¹⁹ Eftir árið 2008 lækkaði kostnaðurinn í samræmi við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins, þar af lækkaði hann um 22% árið 2009 þegar dregið var úr útgjöldum tengdum markaðsmálum, framlögum og styrkjum. Á tímabilinu 2001–2011 þróaðist hlutfall rekstrarkostnaðar af heildareignum²⁰ Sparisjóðs Svarfdæla með nokkuð sambærilegum hætti og hjá öllum sparisjóðunum. Hlutfallið var hins vegar talsvert hærra hjá Sparisjóði Svarfdæla. Mest bar á milli árið 2005 þegar hlutfallið var 5% hjá Sparisjóði Svarfdæla og 3,2% hjá sparisjóðunum í heild.

Launakostnaður hjá Sparisjóði Svarfdæla var á bilinu 34–44% af almennum rekstrarkostnaði á umræddum árum. Lægst var hlutfallið 34% árið 2009 þegar dregið hafði verið úr starfshlutfalli nokkurra starfsmanna í því skyni að lækka launakostnað, en annars hafði fjöldi stöðugilda haldist nánast óbreyttur frá árinu 2001.²¹ Í töflu 4 er yfirlit um launakostnað hjá sparisjóðnum og fjölda stöðugilda miðað við heilsdagsstörf í lok hvers reikningsárs 2001–2011.

Launakostnaður á stöðugildi hækkaði um 32% árið 2004 og 20% árið 2005. Þá hækkuðu laun sparisjóðsstjóra einnig um 43% árið 2005. Launakostnaður vegna sparisjóðsstjóra var að jafnaði um 20% af heildarlaunakostnaði á árunum 2003 til 2007. Á árinu 2008 var launakostnaður vegna sparisjóðsstjóra um 24% af heildarlaunakostnaði og nam tæpum 20 milljónum króna. Skýrðist það af starfslokagreiðslu til fráfarandi sparisjóðsstjóra, en nýr

17. Staða afskriftareiknings útlána sem hlutfall af heildarútlánunum.

18. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.


19. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Svarfdæla 2008, 20. maí 2009.

20. Hér er átt við rekstrarkostnað sem hlutfall af meðaltali heildareigna í upphafi og lok ársins.

21. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Svarfdæla 2009, mars 2010.

sparisjóðsstjóri tók við í árslok 2008. Þóknanir til stjórnar hækkuðu jafnframt á árinu 2008 vegna sérstakrar 800 þúsund króna greiðslu til stjórnarformanns vegna vinnu í tengslum við hlutafélagsvæðingu, stofnfjárukningu og tengda þætti.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.²²



Launakostnaður á stöðugildi þróaðist á svipaðan hátt hjá Sparisjóði Svarfdæla og sparisjóðunum í heild. Líkt og hjá sparisjóðunum í heild hækkuðu laun umfram almenna hækkun meðalvísitölu launa frá 2004 til 2008, en eftir 2009 var lækkunin ívið minni hjá Sparisjóði Svarfdæla.²³

Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.²⁴

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í árslok	12	12	11	11	11	11	11	11	9	9	9
Launakostnaður	41.365	42.778	45.298	54.845	66.052	70.842	72.514	82.090	55.910	56.216	61.261
Meðallaunakostnaður pr. stöðugildi	3.447	3.565	4.118	4.986	6.005	6.440	6.592	7.463	6.212	6.246	6.807
Laun og þóknanir til yfirstjórnar	9.600	9.300	10.741	11.989	17.252	18.035	17.362	24.958	15.520	15.803	17.233
Þar af til sparisjóðsstjóra	8.941	9.889	14.132	14.363	13.126	19.838	11.620	12.203	13.758

Að ákvörðun stjórnar sparisjóðsins voru greiddir kaupaukar til allra starfsmanna sjóðsins vegna góðrar afkomu á árunum 2004–2006. Árið 2005 voru greiddar 150 þúsund krónur til almennra starfsmanna miðað við fullt starf á árinu 2004 en sparisjóðsstjóri og skrifstofustjóri fengu hvor um sig 1,2 milljónir króna. Jafnframt fékk sparisjóðsstjóri viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð upp á 2 milljónir króna. Árið 2006 voru greiddar 200 þúsund krónur til almennra starfsmanna miðað við fullt starf á árinu 2005 en sparisjóðsstjóri og skrifstofustjóri fengu hvor um sig 1,8 milljónir króna. Á grundvelli afkomu ársins 2006 voru greiddar 300 þúsund krónur til almennra starfsmanna miðað við fullt starf og ennfremur voru greiddir kaupaukar til sparisjóðsstjóra og skrifstofustjóra, 1,2 milljónir króna til hvors um sig. Á síðasta ársfjórðungi 2007 voru enn greiddir kaupaukar til sparisjóðsstjóra og skrifstofustjóra og fékk hvor um sig 1,5 milljónir króna.

Í apríl 2008 var gerður viðbótarsamningur við starfssamning sparisjóðsstjóra þar sem gert var ráð fyrir að hann léti af störfum sem sparisjóðsstjóri þegar sparisjóðurinn yrði að hluta


22. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna, 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.

23. Um launaþróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

24. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

félagi en sinnti sérverkefnum fyrir sjóðinn og héldi óbreyttum launum og starfskjörum til ágústloka 2010. Sá samningur kom ekki til framkvæmda þar sem sparisjóðsstjórnin veiktist í september 2008 og naut í kjölfarið af því samningsbundinna réttinda sinna.

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Svarfdæla og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.²⁵



Starfsmenn Sparisjóðs Svarfdæla nutu engra óhefðbundinna hlunninda né heldur hlunninda sem tengdust íbúðarhúsnæði eða sumarhúsi og fengu engan einkakostnað greiddan, svo sem vegna sumarleyfa. Um stórar gjafir til starfsmanna var ekki að ræða.²⁶

Kjarnarekstur

Hagnaður var af kjarnarekstri sparisjóðsins 2001–2004 en tap öll árin þar á eftir.²⁷ Tapið á árunum 2005–2007 stafaði einkum af lækkandi vaxtatekjum og hækkandi rekstrarkostnaði. Tap á kjarnarekstri á árunum 2008–2011 skýrðist hins vegar að mestu af framlagi í afskriftareikning útlána. Vaxta- og þjónustutekjur stóðu undir almennum rekstrarkostnaði öll árin nema 2006–2009. Árið 2008 var einkar slæmt, þá vantaði 152 milljónir króna upp á að samanlagðar vaxta- og þjónustutekjur stæðu undir almennum rekstrarkostnaði. Afkoma af fjáreignum hafði því mest að segja um heildarafkomu sparisjóðsins 2006–2009. Þess má geta að afkoma af kjarnarekstri sparisjóðanna í heild var neikvæð á árunum 2001–2011.²⁸

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingastarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýmum útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðs-skuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.²⁹

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	115.196	127.244	157.313	159.338	138.849	113.816	62.819	23.933	93.992	153.694	181.083
Hreinar þjónustutekjur	34.592	38.736	39.611	38.124	35.673	34.769	35.761	32.779	31.896	32.119	31.538
Almennur rekstrarkostnaður	(89.172)	(100.101)	(108.564)	(121.654)	(156.806)	(191.653)	(187.777)	(208.499)	(134.814)	(153.079)	(166.950)
Afskr. rekstrarfjárm., rekstrarl.eigna o.fl.	(10.074)	(5.094)	(7.483)	(3.299)	(1.818)	(4.230)	(2.608)	(3.050)	(3.483)	(2.167)	(1.734)
Framlag í afskriftareikning útlána o.fl.	(37.735)	(39.529)	(64.015)	(41.693)	(20.002)	(14.353)	(18.695)	(198.401)	(231.259)	(169.494)	(56.010)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	12.807	21.256	16.862	30.816	(4.104)	(61.651)	(110.500)	(353.238)	(243.668)	(138.927)	(12.073)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatta	55.205	21.229	83.021	225.289	485.134	1.090.765	116.498	(2.488.185)	(333.653)	182.326	(31.696)

25.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Svarfdæla í lok áruna 2001–2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á árunum 2001–2011 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

25. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

26. Upplýsingar um kaupakgreiðslur og hlunnindi eru úr svari sparisjóðsstjóra við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar 6. desember 2012.

27. Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla.

28. Í viðauka B er tafla sem sýnir afkomu af kjarnarekstri allra sparisjóðanna á tímabilinu 2001 til 2011.


29. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Svarfdæla tæplega tveimur milljörðum króna en í árslok 2011 voru þær 3,4 milljarðar króna. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 3,5 milljarðar króna. Þannig hafði stærð sjóðsins haldist nærri óbreytt á þessum ellefu árum, þrátt fyrir að sjóðurinn hefði stækkað mikið á árunum 2001–2007. Mynd 5 sýnir hvernig eignir sparisjóðsins í lok árunna 2001–2011 skiptust. Á myndinni sést greinilega hvernig hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum þöndust út og stuðluðu að miklum vexti sjóðsins 2001–2007.

Útlán voru stærsti eignaliður sjóðsins allan tímann og var vægi þeirra af heildareignum að meðaltali 56%. Í árslok 2007 varð hlutfall útlána lægst eða 39%, þegar mikil aukning varð á hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum. Árið 2011 hafði hlutur útlána í eignum sparisjóðsins aukist í 70%, þrátt fyrir að þau hefðu lækkað um 598 milljónir króna frá árinu 2008.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Svarfdæla í lok árunna 2001–2011.³⁰



Stærstur hluti útlána Sparisjóðs Svarfdæla voru skuldabréfalán til einstaklinga, eða á bilinu 63–75%.³¹ Önnur lán sparisjóðsins voru nær eingöngu til fyrirtækja, einkum í landbúnaði og sjávarútvegi, og námu þau 24–35% af heildarútlánunum.

Eins og fram kemur í töflu 6 hækkaði staða afskriftareiknings útlána mikið á árunum 2008–2010.³² Í árslok 2007 stóð reikningurinn í 87 milljónum króna sem jafngilti 3,4% af heildarútlánunum. Með umtalsverðu framlagi í afskriftareikning á árunum 2008 og 2009 hafði staðan nánast fimmfaldast í árslok 2009 og nam svo 13,6% af heildarútlánunum í árslok 2010.

Kröfur á lánastofnanir voru næststærsti eignaliður sparisjóðsins frá 2001 til 2004 en þær drógust heldur saman á árunum 2005–2007 þegar þær voru að jafnaði 6% heildareigna. Árið 2008 fjórfölduðust þær hins vegar og voru rúmum milljarður króna í árslok eða 20% af heildareignum sjóðsins. Þar af voru 620 milljónir króna í innistæðubréfum sem voru fjármögnuð að hluta með endurhverfum daglánaviðskiptum við Seðlabanka Íslands, og 148 milljónir króna á viðskiptareikningi hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. Í árslok 2008 hafði sparisjóðurinn lagt íbúðabréf sem námu rúmlega 338 milljónum króna inn í Seðlabankann í sambærilegum endurhverfum viðskiptum.

30. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

31. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

32. Ástæða þess að fjárhæð útlána hér er lægri en í efnahagsreikningi er að í efnahagsreikningi eru fullnustueignir taldar með útlánunum.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Svarfdæla í árslok 2001–2011.³³

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	1.192.071	1.151.028	1.205.235	1.461.386	1.950.614	2.137.090	2.470.941	2.949.667	2.732.985	2.494.232	2.351.882
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	100.932	105.696	113.427	83.875	76.538	73.583	87.227	195.686	415.248	392.505	191.090
Heildarútlán án fullnustueigna	1.293.003	1.256.724	1.318.662	1.545.261	2.027.152	2.210.673	2.558.168	3.145.353	3.148.233	2.886.737	2.542.972
Niðurfærsluhlutfall	7,8%	8,4%	8,6%	5,4%	3,8%	3,3%	3,4%	6,2%	13,2%	13,6%	7,5%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Hlutfall fjáreigna af heildareignum var einnig nokkru hærra hjá Sparisjóði Svarfdæla en hjá sparisjóðunum í heild á öllu tímabilinu og var munurinn einkum áberandi 2005–2008. Bókfært virði fjáreigna sjóðsins nærri nifaldaðist á árunum 2001–2007 og nam 3,6 milljörðum króna í árslok 2007. Þetta var langt umfram vöxt heildareigna sjóðsins sem þrefölduðust á sama tímabili. Bókfært virði fjáreigna lækkaði um 68% árið 2008 og munaði þar mest um 2,4 milljarða gangvirðislækkun hlutabréfa. Fjáreignir drógust svo enn frekar saman á árunum 2009–2010 og námu 396 milljónum króna í árslok 2011 eða 12% heildareigna.

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum voru stærsti hluti fjáreigna á árunum 2001–2010. Í árslok 2007 nam bókfært virði þessa eignaliðar 3,4 milljörðum króna sem jafngilti 54% heildareigna sparisjóðsins. Hann var þannig stærsti eignaliður sjóðsins á árinu 2007. Þessi mikla aukning stafaði einkum af breyttri reikningshaldslegri meðhöndlun á eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Frá haustinu 2008 rýrnaði virði hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum í eigu sparisjóðsins og í lok árs 2011 nam bókfært virði þeirra 100 milljónum króna, eða 3% af heildareignum sjóðsins, sem jafnframt var 97% lækkun frá árinu 2007.

Markaðsskuldabréf breyttust tiltölulega lítið á árunum 2001–2007 og voru á bilinu 60–107 milljónir króna. Vægi þeirra var því 3–20% af fjáreignum og aldrei yfir 4% af heildareignum sparisjóðsins á þessum árum. Virði skuldabréfanna lækkaði um 70% frá 2007 til 2009, en í kjölfarið hækkaði það til muna og nam 277 milljónum króna árið 2011. Þar með var þessi eignaliður orðinn sá stærsti af fjáreignum og 8% af heildareignum.

Eign Sparisjóðs Svarfdæla í hlutdeildarfélagum var ekki stór á umræddu tímabili. Árin 2005 og 2006 hækkaði virði liðarins hins vegar töluvert, fyrst og fremst vegna hlutdeildar sparisjóðsins í afkomu Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Engu að síður var þessi liður þá aðeins 4% af heildareignum sjóðsins. Í árslok 2011 átti Sparisjóður Svarfdæla 0,4% hlut í Reiknistofu bankanna og 2,8% hlut í Tölvumiðstöð sparisjóðanna hf./Teris hf. og var bókfært verð þessara eigna samtals 19 milljónir króna sem jafngilti 0,6% af heildareignum sjóðsins.

Skuldir

Innlán voru alltaf stærsti fjármögnunarpáttur Sparisjóðs Svarfdæla á tímabilinu 2001–2011. Hlutfall innlána á móti útlánum var yfir 100% allt tímabilið og fór hæst í 142% árið 2003. Lægst var hlutfallið árið 2008 eða 101%. Útlán sparisjóðsins voru því að fullu fjármögnuð með innlánum.

Skuldir Sparisjóðs Svarfdæla við lánastofnanir jukust mikið á árinu 2008 eða úr 261 milljón króna í 1,3 milljarða króna. Aukninguna mátti rekja til erlendra endurlána sparisjóðsins hjá Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., endurhverfra viðskipta við Seðlabanka Íslands og lántöku hjá Kaupþingi hf. vegna fjárfestingar í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Hækkun erlendra endurlána sparisjóðsins hjá Sparisjóðabankanum var að mestu leyti tilkomin vegna gengisfalls krónunnar, en nýjar lánveitingar á árinu 2008 námu 55 milljónum króna. Endurhverf viðskipti við Seðlabankann námu rúmlega 338 milljónum króna í árslok 2008. Nánar er fjallað um fjármögnun sjóðsins hér aftar.


Lántaka var ekki stór hluti af skuldum sparisjóðsins en árið 2004 nærri fimmfaldaðist liðurinn og nam 154 milljónum króna í árslok 2004. Skýrðist það af lánasamningi sem sparisjóðurinn gerði við Íbúðalánasjóð upp á 153,9 milljónir króna. Samningurinn var gerður upp árið 2009 og var engin lántaka bókuð eftir það.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrtækjum.

Hlutdeildarfélag eru þau félag þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð.

33. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Svarfdæla í lok árunna 2001–2011.³⁴



Aðrar skuldir samanstóðu af víkjandi skuldum, reiknuðum skuldbindingum og öðrum skuldum. Árin 2005 og 2006 hækkaði tekjuskattskuldbinding mikið og tvöfölduðust þá aðrar skuldir á hvoru ári fyrir sig. Árið 2007 bættust við ógreiddar skuldir vegna Menningarhúss upp á 185 milljónir króna og ógreitt kaupverð eignarluta að fjárhæð 133 milljónir króna. Engin tekjuskattsskuldbinding var færð eftir 2007 en í mars 2008 gaf sparisjóðurinn út skuldabréf með víkjandi rétti upp á 350 milljónir króna. Ári síðar, samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu, var hluti bréfsins greiddur að fengnum afslætti sem tekjufærður var í rekstrarreikning og námu aðrar skuldir þá 249 milljónum króna í árslok 2009. Í lok árs 2011 voru aðrar skuldir einungis 56 milljónir króna.

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Svarfdæla jókst mikið á árunum 2005–2007. Góð rekstrarafkoma árin 2005 og 2006 skilaði sér í mikilli hækkun varasjóðs úr 616 milljónum króna í lok árs 2004 í 1,9 milljarða króna í árslok 2006. Ráðist var í mikla stofnfjárukningu árið 2007 og var stofnfé þá aukið um 514 milljónir króna. Stofnfé var einungis um 1% af eigin fé 2001–2006 en hækkaði í 23% eftir stofnfjárukninguna 2007. Í árslok 2007 nam eigið fé sjóðsins 2,3 milljörðum króna og var eiginfjárlutfallið þá 36,8%.


Á stjórnarfundi 28. desember 2006 var samþykkt ályktun um að leggja til við aðalfund sparisjóðsins að Sparisjóður Svarfdæla léti reisa um 660 m² menningarhús sem afhent yrði Dalvíkurbyggð til afnota fyrir hönd íbúa byggðarlagsins. Áætlað var að húsið myndi kosta 200 milljónir króna með öllum búnaði og var það sú fjárhæð sem stjórn sparisjóðsins hafði í hyggju að leggja til verkefnisins. Á árinu 2007 var teikningum af menningarhúsinu breytt og það stækkað. Kostnaður var þá áætlaður 276 milljónir króna án húsbúnaðar. Stjórn sparisjóðsins lagði því til við aðalfund að framlag til byggingar menningarhússins yrði hækkað um 100 milljónir króna og var það samþykkt á aðalfundi 17. apríl 2008.

Þegar hugmyndin um menningarhúsið kom upp var hún kynnt Fjármálaeftirlitinu og varð það sameiginlegur skilningur að litið skyldi á menningarhúsið sem framlag til nærsamfélagsins. Í kjölfar falls viðskiptabankanna þriggja og Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. uppfyllti Sparisjóður Svarfdæla ekki kröfur um lágmarks eiginfjárlutfall. Hinn 3. júlí 2009 ákvað stjórn sparisjóðsins að leggja til við bæjarráð Dalvíkurbyggðar að menningarhúsið yrði fært í bækur sparisjóðsins vegna versnandi stöðu hans. Þannig yrði húsið

34. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.


eignfært á kostnaðarverði og þær 300 milljónir króna sem þá höfðu verið færðar út af öðru eigin fé bakfærðar. Allur byggingarkostnaður umfram þá upphæð yrði svo eignfærður og nýr samningur gerður við Dalvíkurbyggð þar sem bæjarfélagið tæki húsið til rekstrar.³⁵

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Svarfdæla í lok árunna 2001–2011.³⁶



Í hálfársuppgjöri 2009 var menningarhúsið eignfært í efnahagsreikning og eigið fé hækkað að sama skapi um 300 milljónir króna. Þrátt fyrir þetta var eiginfjárlutfall sparisjóðsins neikvætt um 3,6% í árshlutauppgjörinu. Í skýringu með árshlutareikningi kom fram að ekki hefði verið leitað samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir eignfærslunni. Samkvæmt bréfi frá sparisjóðnum til rannsóknarnefndarinnar lýsti Fjármálaeftirlitið sig síðar andsnúið þessari tilhögun og eftir aðkomu Seðlabanka Íslands að endurfjármögnun sjóðsins var menningarhúsið fært aftur úr bókum sjóðsins.³⁷

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Svarfdæla og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2011.³⁸



35. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til rannsóknarnefndarinnar 7. maí 2012.

36. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011.

37. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til rannsóknarnefndarinnar 7. maí 2012.

38. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2001–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

Með samkomulagi milli sparisjóðsins og Dalvíkurbyggðar 27. janúar 2010 tók sveitarfélagið að sér rekstur menningarhússins og greiðslu gjalda sem jafnan eru innt af hendi af þinglýstum eiganda. Á þeim tíma sem sparisjóðurinn var þinglýstur eigandi hússins, skyldu aðilar beita sér sameiginlega fyrir því að húsið yrði fullgert. Sparisjóður Svarfdæla afhenti Dalvíkurbyggð menningarhúsið Berg að gjöf með útgáfu afsals 22. júní 2010.³⁹

Mikið tap var á rekstri sparisjóðsins á árinu 2008 eða 2,2 milljarðar króna. Eigið fé hrapaði þá niður í 33 milljónir króna vegna gengistaps á fjáreignum og virðisrýrnunar útlána. Í árslok var eiginfjárlutfallið orðið neikvætt um 10,8%. Árið 2009 varð einnig tap upp á 270 milljónir króna. Þá varð eigið fé sparisjóðsins neikvætt um 237 milljónir króna og eiginfjárlutfallið neikvætt um 15,2%. Á stjórnarfundum í mars 2009 var ákveðið að sækja um eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli reglna sem settar voru af fjármálaráðherra 18. desember 2008 um framlag til sparisjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008. Hluti af skilyrðum fjármálaráðuneytisins var að óháð endurskoðunarfélag yrði fengið til að meta eignir og reikninga sparisjóðsins. Slíkt mat á eignum Sparisjóðs Svarfdæla leiddi í ljós 16. júní 2009 að færa þyrfti eigið fé niður um 150 milljónir króna til viðbótar. Þar með þyrfti sparisjóðurinn á aðkomu kröfuhafa að halda til að fjárhagsleg endurskipulagning væri möguleg.⁴⁰

25.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar


Frá 2005 til 2011 námu útlán Sparisjóðs Svarfdæla um það bil helmingi af heildareignum hans. Lægst var hlutfallið á árinu 2007 en hæst 2011. Útlán jukust á árunum 2006–2008 en fóru þá lækkandi á nýjan leik. Að meðaltali voru þau 60% af eignum sparisjóðsins á árunum 1997–2001 en eftir það lækkaði hlutfallið og var lægst 39% árið 2007. Útlán voru 70% af heildareignum sparisjóðsins árið 2011.

Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Svarfdæla sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.⁴¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	1.950.614	2.137.090	2.470.941	2.949.667	2.732.985	2.494.232	2.351.882
Heildareignir	3.542.551	4.909.416	6.346.628	5.244.634	4.194.214	3.749.551	3.378.028
Útlán sem hlutfall af eignum	55%	44%	39%	56%	65%	67%	70%

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum Sparisjóðs Svarfdæla um útlán og vanskil hófust gengisbundin útlán ekki hjá sjóðnum fyrr en á fyrsta ársfjórðungi ársins 2007 og voru þau orðin 267 milljónir eða 10% af útlánasafni hans í árslok. Gengisbundin útlán námu 687 milljónum eða 21% af heildarútlánnum sparisjóðsins í árslok 2008.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.⁴²



39. „Menningarhús í Dalvíkurbyggð“, nordurland.is, http://www.nordurland.is/index.php?option=com_content&view=article&id=2571:menningarhus-i-dalvikurbyggde-&catid=14&Itemid=39.

40. Minnisblað Seðlabanka Íslands um samninga um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Svarfdæla, 23. desember 2010.

41. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

42. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Staða útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 miðast við 31. október 2008.

Stærsti hluti útlána Sparisjóðs Svarfdæla á árunum 2005–2011 var í formi skuldabréfa eða að meðaltali um 85% af öllum útlánnum. Þar fyrir utan lánaði sjóðurinn aðallega í formi yfirdráttarlána.

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.⁴³

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	283.710	288.684	326.676	303.804	418.256	518.530	433.928
Vixlar	3.068	806	–	–	–	–	–
Skuldabréf	1.663.836	1.847.600	2.144.265	2.645.863	2.314.729	1.975.702	1.917.954
Útlán til viðskiptamanna samtals	1.950.614	2.137.090	2.470.941	2.949.667	2.732.985	2.494.232	2.351.882

Útlán til einstaklinga námu að meðaltali um 69 % af lánasafni sparisjóðsins en lán til atvinnustarfsemi um 31%. Í árslok 2011 hafði hlutfall útlána til einstaklinga hækkað og voru þau um 75% heildarútlána sjóðsins. Af atvinnugreinum lánaði sparisjóðurinn mest til landbúnaðar.

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Svarfdæla eftir atvinnugreinum 2005–2011.⁴⁴

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ríkissjóður	1,0%	0,8%	1,1%	2,0%	2,0%	1,7%	1,5%
Bæjar- og sveitarfélög	0,1%	–	–	–	–	–	–
Atvinnugreinar	30,6%	24,2%	32,4%	35,3%	35,0%	29,3%	23,8%
Landbúnaður	11,8%	7,9%	10,1%	11,9%	12,1%	12,7%	10,5%
Sjávarútvegur	6,9%	6,7%	12,1%	7,7%	6,1%	9,8%	7,9%
Verslun	1,0%	0,9%	0,8%	1,1%	1,3%	1,2%	0,3%
Iðnaður og verktakar	5,4%	4,3%	5,1%	10,6%	10,0%	1,8%	2,1%
Þjónusta	5,5%	4,4%	4,3%	4,0%	5,5%	3,8%	3,0%
Einstaklingar	68,3%	75,0%	66,5%	62,7%	63,0%	69,0%	74,7%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Á árunum 2005–2007 var staðan á afskriftareikningi útlána að meðaltali 3,5% af heildarútlánnum sparisjóðsins en niðurfærsluhlutfallið hafði lækkað verulega frá árslokum 2003 þegar það var 8,5%. Framlag í afskriftareikning varð mun meira en áður hafði verið eftir gengisfall íslensku krónunnar og nam tæpum 197 milljónum króna árið 2008, um 415 milljónum króna árið 2009 og 2010 var það tæpar 393 milljónir króna. Í lok árs 2010 var niðurfærsluhlutfallið hæst eða 13,6%.

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Svarfdæla og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.⁴⁵

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	2.027.152	2.210.673	2.558.168	3.145.353	3.148.233	2.886.737	2.542.972
Staða afskriftareiknings í árslok	76.538	73.583	87.227	195.686	415.248	392.505	191.090
Útlán til viðskiptavina	1.950.614	2.137.090	2.470.941	2.949.667	2.732.985	2.494.232	2.351.882
Niðurfærsluhlutfall	3,8%	3,3%	3,4%	6,2%	13,2%	13,6%	7,5%
Framlag ársins í afskriftareikn.	20.002	14.353	18.695	198.401	231.259	169.494	56.010
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	(27.339)	(17.308)	(5.051)	(89.942)	(11.697)	(192.237)	(257.425)

25.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Fjármálaeftirlitið gerði ekki sérstaka eftirlitsskýrslu um Sparisjóð Svarfdæla á árunum 2005–2011. Í skýrslum um innri endurskoðun árunum 2005–2007 var bent á að afkoma sparisjóðsins hefði á árunum þar á undan verið borin uppi af gengishagnaði og söluhagnaði hlutabréfa sem óvarlegt væri að treysta á til lengri tíma. Þriðjungur af heildareignum sjóðsins væru veltuhlutabréf og sparisjóðurinn því viðkvæmur fyrir breytingum á verðbréfamörkuðum þar sem sveiflur í verði bréfanna kæmu yfirleitt fyrir fram en breyting á innláns- og útlánsvöxtum. Í skýrslunum var ítrekað mikilvægi þess að stjórn sjóðsins tæki formlega ákvörðun um með hvaða hætti og í hvaða mæli hún vildi að sjóðurinn stundaði viðskipti með hlutabréf. Í skýrslu KPMG um endurskoðun ársreiknings 2007,

43. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

44. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

45. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

frá mars 2008, sagði að þrátt fyrir þessi varnaðarorð hefði hlutabréfaeign sjóðsins aukist verulega á árinu 2007 eða úr rétt rúmum 2 milljörðum króna í tæpa 3,5 milljarða króna, allt í íslenskum hlutafélögum. Í sömu skýrslu kom fram að meðalvextir útlána hefðu farið lækkanði meðan meðalvextir innlána hefðu farið hækkandi. Var svo komið að grunnrekstur sparisjóðsins, útlánastarfsemi og þjónusta var hætt að standa undir sér á árunum 2006 og 2007.⁴⁶

Í skýrslu um innri endurskoðun ársins 2008 kom fram að vanskil viðskiptamanna sparisjóðsins sem voru með útlán yfir einni milljón króna hefðu numið alls rúmum 85 milljónum króna, en við skoðun í október 2007 hefðu vanskilin verið um 30 milljónir króna. Þá var bent á að heildarfyrirgreiðsla til tíu stærstu viðskiptaaðila sjóðsins hefði hækkað úr um 23% í 35% af heildarútlánum og því hefði samþjöppunaráhætta aukist verulega hjá sjóðnum. Einnig kom fram að sparisjóðurinn hefði veitt Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. 130 milljóna króna ábyrgð án trygginga. Þá hefði skoðun leitt í ljós að skuldbindingar fimm viðskiptamanna væru umfram 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins eða umfram leyflegt hámark samkvæmt lögum. Þar af hefðu skuldbindingar fjögurra aðila hækkað vegna gengisbreytinga erlendra lána viðkomandi. Bent var á að þegar slíkar aðstæður kæmu upp bæri að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir þeim og til hvaða aðgerða sparisjóðurinn hygðist grípa. Sambærilega greiningu var ekki að finna í skýrslum innri endurskoðunar vegna árána 2009 og 2010 þar sem eigið fé sparisjóðsins var orðið neikvætt. Árið 2011 voru fjórar áhættuskuldbindingar yfir 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Í svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar um hvort sjóðurinn hefði tilkynnt um þær skuldbindingar sem fóru yfir 25% markið, kom fram að eiginfjárgrunnur sparisjóðsins hafi verið neikvæður í árslok 2008 og 2009 og við þær aðstæður ættu viðmiðanir við eigið fé illa við. Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins hefðu því beinst að því að sjá til þess að viðkomandi fjármálafyrirtæki kæmi eiginfjárgrunni sínum í lögmætt horf.⁴⁷

Fjármálaeftirlitið vissi af viðræðum sparisjóðsins við Seðlabanka Íslands á þessum tíma um uppgjör krafna Seðlabankans á hendur sparisjóðnum. Samkomulag milli sparisjóðsins og Seðlabankans var samþykkt á fundi stofnfjárhafa sjóðsins í júní 2010, en með því varð eiginfjárgrunnur sparisjóðsins aftur jákvæður. Í skýrslu sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar í lok annars og þriðja ársfjórðungs 2011 kom hins vegar í ljós að fjórir aðilar voru með áhættuskuldbindingar yfir 25% hámarkinu. Fjármálaeftirlitið sendi sparisjóðnum fyrirspurn vegna þessa og í svari hans kom meðal annars fram að sparisjóðurinn væri í sölufæri sem meðal annars miðaði að því að auka eiginfjárgrunn hans.⁴⁸ Samningur um kaup Landsbankans hf. á sparisjóðnum var gerður á fyrsta ársfjórðungi 2012, með fyrirvörum, meðal annars um samþykki viðeigandi stjórnvalda. Fallið var frá kaupsamningnum í september 2012 og samtímis var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins styrktur með aðkomu Tryggingasjóðs sparisjóða.

25.2.2 Útlánareglur

Reglur um útlán í Sparisjóði Svarfdæla var einkum að finna á tveimur stöðum, annars vegar í reglum sjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og hins vegar útlánareglum Sparisjóðs Svarfdæla. Báðar reglurnar voru samþykktar af stjórn sparisjóðsins 19. desember 2003 og settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og með vísan til þágildandi reglna nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar. Reglurnar um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra voru endurnýjaðar í lok árs 2007 en ekki útlánareglurnar, þrátt fyrir tilkomu nýrra reglna um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum nr. 216/2007.

Meginreglur um útlán sparisjóðsins var að finna í 2. gr. útlánareglanna. Þar kom fram að markmið með útlánum og ábyrgðarveitingum væri að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri sjóðsins og að viðhalda traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu ásamt því að veita sem besta þjónustu. Við ákvörðun um fyrirgreiðslu til viðskiptamanna bar að gæta þess að

46. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Svarfdæla 2007.

47. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 31. janúar 2012.

48. Tölvuskeyti Sparisjóðs Svarfdæla til Fjármálaeftirlitsins 9. nóvember 2011.

heildarfyrirgreiðsla viðkomandi aðila væri í hæfilegu hlutfalli við eigið fé sparisjóðsins⁴⁹ með hliðsjón af þeim tryggingum sem til staðar væru og fjárhag viðskiptaaðilans. Sama gildi um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila sem væru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáættu yrði að skoða skuldbindingar þeirra við sparisjóðinn í einu lagi. Samkvæmt útlánareglunum mátti heildarskuldbinding eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila aldrei vera umfram 25% af eigin fé sparisjóðsins.

Engin ákvæði voru í útlánareglum Sparisjóðs Svarfdæla um lágmarks tryggingaþekju mismunandi veðandlaga en samkvæmt reglunum bar að jafnaði að taka fullnægjandi tryggingar. Þess skyldi gæta við ákvörðun um lánveitingar eða ábyrgðir að fram færi raunmat á tryggingarandlagi og að gögn því til staðfestingar yrðu varðveitt. Heimilt var að veita undanþágu frá tryggingatöku ef upplýsingar sem fyrir lágu sýndu að ekki væri þörf sérstakra trygginga enda væri fylgst með afkomu og fjárhag viðskiptaaðilans á meðan skuldbinding varði. Ekki var sérstaklega skilgreint hvaða upplýsinga skyldi aflað. Þá var einnig heimilt að veita lán án trygginga ef um var að ræða smávægilega fyrirgreiðslu miðað við eigið fé sparisjóðsins og að fyrir lægi fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Í útlánareglum var þó hvorki til skilgreining á því hvað teldist vera smávægileg fyrirgreiðsla né hvaða upplýsingar teldust fullnægjandi.

Lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla við atvinnufyrirtæki átti að taka mið af viðskiptum þeirra við sparisjóðinn ásamt upplýsingum um rekstur þeirra og fjárhag. Eftir því sem unnt væri, skyldi aflað ársreikninga, rekstrar- og greiðsluáætlana og annarra fjárhagslegra upplýsinga frá viðskiptavinum og úr þeim skyldi unnið á skipulegan hátt.

Engin útlánaefnd var í sparisjóðnum heldur tók sparisjóðsstjóri ákvarðanir um lánveitingar og ábyrgðarveitingar ef heildarskuldbinding viðkomandi viðskiptamanns og fjárhagslega tengdra aðila var innan við 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Það þýddi að útlánaheimild hans á tímabilinu frá janúar 2005 fram á mitt ár 2008 var á bilinu 32 til 43 milljónir króna.

Ef heildarskuldbinding við einn aðila eða fjárhagslega tengda aðila fór fram úr 10% af bókfærðu eigin fé sjóðsins þurfti samþykki sparisjóðsstjórnar. Var því ákveðið misræmi milli heimilda sparisjóðsstjóra og stjórnar, þar sem annars vegar var vísað til 10% af eiginfjárgrunni og hins vegar til 10% af bókfærðu eigin fé. Heimild staðgengils sparisjóðsstjóra var sú sama og sparisjóðsstjóra samkvæmt útlánareglunum. Þá átti sparisjóðsstjóri að halda skrá yfir útlánaheimildir starfsmanna og breytingar á skránni þurftu samþykki hans. Í reglunum var ekki að finna ákvæði um hámark lánveitinga til einnar atvinnugreinar til dreifingar á áhættu.

Tafla 11. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Svarfdæla.

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	10% af CAD eigin fé
Staðgengill sparisjóðsstjóra	10% af CAD eigin fé

Grunnheimildin um útlánareglur sparisjóðsins fyrir tímabilið 2005–2011 voru reglur Sparisjóðs Svarfdæla um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra sem fyrst voru settar 19. desember 2003 en uppfærðar með nýjum reglum 13. febrúar 2007. Reglurnar voru settar með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2001 um fjármálafyrirtæki, sem og samþykktu sparisjóðsins, og tóku til verkaskiptingar stjórnar og sparisjóðsstjóra. Stjórnarfundir, sem sparisjóðsstjóri sat, skyldu vera haldnir einu sinni í mánuði að jafnaði og var útlánaeftirlit á ábyrgð sparisjóðsstjórnar. Svólíttill munur var á reglunum frá 2003 og 2007 um það hvenær reglubundin verkefni skyldu tekin fyrir og með nýrri reglunum var þeim málefnum fjölgað sem taka skyldi fyrir á stjórnarfundum. Samkvæmt reglunum frá 2003 voru ákveðin mál ýmist tekin fyrir á eins, þriggja eða tólf mánaða fresti, en frá og með 2007 voru mál tekin fyrir að minnsta kosti á þriggja eða tólf mánaða fresti. Samkvæmt reglunum frá 2007 skyldu teknar fyrir skýrslur um útlánaáættu á minnst þriggja mánaða fresti sem meðal annars fælu í sér yfirlit yfir skuldbindingar stærstu viðskiptaaðila sjóðsins, sundurliðaðar eftir útlánaformum, ásamt vanskilum, en stærstu viðskiptaaðilarnir voru

49. Um skilgreiningu á eigin fé vísast til 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

þeir sem voru með heildarskuldbindingar sem námu 25 milljónum króna eða meira. Þá skyldi einnig lagt fram yfirlit yfir lán veitt milli stjórnarfunda, auk yfirlits yfir lánveitingar eða ábyrgðir til einstakra aðila sem námu 25 milljónum króna eða meira. Leggja skyldi fram skýrslur um lausfjár-, rekstrar- og markaðsáhættu, um vanskil eftir einstökum útlánaformum og öll afgreidd viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir voru í forsvari fyrir.

Í reglunum kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði veitt sjóðnum undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003. Skilyrði þess var að gerður yrði samningur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um árlega úttekt á innra eftirliti. Þá var sérstaklega tekið fram í reglunum að innra eftirlit væri hluti af skipulagi sparisjóðsins og þáttur í áhættu- og eftirlitskerfi hans og að sparisjóðsstjórninni bæri að afgreiða tillögur sem undirbúnar væru af sparisjóðsstjóra um innra eftirlit sjóðsins.

Í starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra voru hæfisskilyrði stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra og einnig ákvæði um hæfi stjórnarmanna til afgreiðslu einstakra mála. Skýrt var kveðið á um meðferð mála sem snertu viðskipti stjórnarmanna sjálfra og fyrirtækja á þeirra vegum sem og þeirra sem teldust venslaðir þeim eða samkeppnisaðilar þeirra. Stjórn sparisjóðsins þurfti einnig að samþykkja þá samninga sem sparisjóðurinn gerði við sparisjóðsstjóra.

Í starfsreglum sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra var vísað til útlánareglna sem taka áttu til framkvæmdar lánveitinga og ábyrgðir, og skyldu mörk heimilda sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna auk fleiri mikilvægra atriða sem snertu útlánareglur sjóðsins vera þar að finna. Starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra heimilugu sparisjóðsstjóra að veita öðrum starfsmönnum sjóðsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar. Á hinn bóginn skyldi sparisjóðsstjórn ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra væri verulegt miðað við stærð sparisjóðsins, en um mörkin var nánar kveðið á í útlánareglum sjóðsins.

Starfsreglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána voru frá desember 2003. Þær voru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki og reglna nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana sem og samþykktu sparisjóðsins. Markmið með reglunum var að tryggja fagleg og vönduð vinnubrögð við mat á útlánum sparisjóðsins og að færðar væru í afskriftareikning útlána nægilegar fjárhæðir með hliðsjón af niðurstöðu slíks mats. Samkvæmt reglunum skyldu þeir lánþegar koma til skoðunar við mat á sérstökum afskriftarframlögum sem eftirfarandi atriði ættu við um: a) vanskil í 3 mánuði eða lengur, b) greiðslustöðvun, c) árangurslaust fjárnám, d) gjaldþrot, e) beiðni um nauðasamninga eða f) aðrar aðstæður sem skertu gjaldþol eða greiðslugetu og gerðu það líklegt að ekki yrði staðið að fullu við lánsamning.

Fjárhæð sérstaks framlags í afskriftareikning útlána skyldi metið með tilliti til heildarskuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingarandlaga.

Endanlegar afskriftir útlána skyldu ákveðnar þegar eitthvert af eftirtöldum skilyrðum væri uppfyllt: a) við lok gjaldþrotaskipta, b) við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu skulda, eða c) við árangurslaust fjárnám þegar fyrir lægi mat lögmanns Sparisjóðs Svarfdæla um að frekari innheimtuaðgerðir myndu ekki skila árangri.

25.2.3 Stærstu áhættuskuldbindingar

Rannsóknarnefndin valdi úrtak stærstu lántakenda sparisjóðsins til sérstakrar skoðunar og greiningar til þess að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins og ástæður fyrir afskriftum útlána. Kannað var hvort útlánastarfsemi sparisjóðsins hefði verið í samræmi við reglur sjóðsins og gildandi lög og reglur. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga við sparisjóðinn, auk þess sem skoðuð voru sérstaklega lán þar sem sparisjóðurinn færði háar afskriftir.⁵⁰

50. Nánari umfjöllun um aðferðafræði, forsendur og gögn má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt reglum nr. 216/2007 er ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálfyrirtækis af útlánnum og öðrum álíka skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.⁵¹ Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar eru lántakendur sem voru tilgreindir sem stærstu áhættuskuldbindingarnar í ársfjórðungs-skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2008–2011.

Auk skoðunar á stórum áhættuskuldbindingum eru í úrtakinu lántakendur þar sem fært var sérgreint framlag í afskriftareikning á árunum 2008–2011. Eins og sést í töflu 10 um hlutfall afskrifta af útlánasafninu jukust afskriftir hjá Sparisjóði Svarfdæla frá árinu 2009. Úrtakið nær frá 12,8% til 27,4% útlánasafns og 0% til 91,3% af sérgreindum afskriftaframlögum eftir því til hvaða árs er litið. Úrtakið sem er hér til umfjöllunar nemur aðeins um 20% af útlánasafni sparisjóðsins og er ástæðan sú að lán til einstaklinga voru að meðaltali um 67% af heildarútlánnum á árunum 2007–2011.

Tafla 12. Úrtak af stórum áhættuskuldbindingum/sérgreindum niðurfærslum hjá Sparisjóði Svarfdæla 2007–2011.⁵²

<i>Þús. kr.</i>	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	348.784	863.247	779.509	510.198	324.825
Heildarútlán sparisjóðsins	2.558.168	3.145.353	3.148.233	2.886.737	2.542.972
Hlutfall úrtaks af heild	13,6%	27,4%	24,8%	17,7%	12,8%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	–	70.000	297.000	216.000	–
Sérgreindar afskriftir alls	21.150	100.202	325.140	331.807	136.370
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	87.227	195.686	415.248	392.505	191.090
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	–	69,9%	91,3%	65,1%	–

Þrjár af fimm stærstu skuldurum sjóðsins fengu lánað fyrir rekstri í grunnatvinnuvegum, þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði, með veði í rekstrareignum. Í úrtakinu voru tveir einstaklingar og fjórir lögaðilar, þar af tvö útgerðarfélag, félag sem seldi sjávarafurðir og stundaði ráðgjafarstarfsemi og fjárfestingarfélag. Allir lántakendurnir nema fjárfestingarfélagið voru innan starfssvæðis sparisjóðsins.

Einstaklingarnir tveir voru bændur sem fengu lán í erlendum myntum þó tekjur þeirra væru eingöngu í íslenskum krónum. Lánin voru veitt til kaupa á jörðum og mjólkurkvóta með veði í rekstareignum. Aðeins með annarri lánsumsókninni fylgdi mat á hugsanlegu söluverði jarðarinnar sem gert var af starfsmanni bókhaldsfyrirtækis í nóvember 2007. Annar lántakendanna var stjórnarmaður í sparisjóðnum og þurfti á árinu 2009 að færa 15 milljóna króna framlag í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga hans.

Útlán til stærstu skuldara Sparisjóðs Svarfdæla tvöfölduðust á árinu 2008 vegna lækkunar á gengi íslensku krónunnar en á sama tíma rýrnaði eigið fé sparisjóðsins. Stór hluti afskriftareiknings Sparisjóðs Svarfdæla frá og með árinu 2008 skýrðist af efasemdum um lögmæti gengistryggðra lána. Fimm stærstu skuldbindingar Sparisjóðs Svarfdæla á árinu 2008 námu samtals 732 milljónum króna eða um 25% af útlánasafninu. Í árslok 2009 höfðu um 299 milljónir króna verið færðar á sérgreindan afskriftareikning vegna þessara sömu lána en það voru rúm 90% af heildar afskriftum á sérgreinda aðila.

Útgerðarfélagin fengu lán í erlendum myntum og yfirdráttarlán til að fjárfesta í rekstri sínum. Þá veitti sparisjóðurinn einnig fiskmarkaðsábyrgðir. Í einu tilviki var fjárveiting upp á um 100 milljónir króna til kaupa á bát og kvóta sem samþykkt var af stjórn sparisjóðsins gegn því að veðhlutfallið væri ekki hærra en 65%. Ekkert mat virðist hins vegar hafa legið fyrir á verðmæti kvótans. Ekki er þó talin ástæða til að vefengja tryggingarverðmætið. Ákveðið var að selja bát og kvóta en sparisjóðurinn lagði fyrir 170 milljónir

51. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veitra ábyrgða fjármálfyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálfyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálfyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálfyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálfyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálfyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

52. Byggt á upplýsingum úr skýrslum sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar og útlán og vanskil sem skilað var til Fjármálaeftirlitsins og upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sjóðsins.

króna í sérgreindan afskriftareikning í árslok 2010, sem má að mestum hluta rekja til falls íslensku krónunnar. Í öðru tilviki útgerðarfélags var skuldbindingin tryggð með tryggingarvixlum og sjálfskuldarábyrgð eiganda án þess að fyrir lægi mat á raungildi trygginga. Gerðar voru athugasemdir við þetta í skýrslum um innri endurskoðun sparisjóðsins á árunum 2007–2010 og bent á nauðsyn þess að tryggingar væru metnar og að sparisjóðurinn aflaði sér frekari trygginga. Sparisjóðurinn fékk viðbótartryggingu með veði í afurðum og rekstrarvörum félagsins á árinu 2010.

Einkahlutafélag, sem seldi sjávarafurðir en fékkst einnig við verðbréfavíðskipti, fékk tvö eingreiðslulán í erlendri mynt árið 2007, samtals að jafnvirði 65 milljóna króna, til að kaupa hlutabréf í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og voru sömu hlutabréf lögð að veði. Ekki var að sjá að fyrir hafi legið mat á markaðsvirði bréfanna þegar lánin voru veitt. Þó var á árinu 2009 aukið við veðin 30 milljónum að nafnvirði í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Önnur veð voru ekki til tryggingar skuldinni. Skuldbindingin hækkaði árið 2008 við gengisfall íslensku krónunnar og bréfin féllu mikið í verði við hræringar á íslenskum fjármálamarkaði haustið 2008. Þurfti sparisjóðurinn því að færa talsverðar fjárhæðir í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins á árunum 2009 og 2010. Á árinu 2011 var lánnum félagsins myntbreytt í íslenskar krónur en töluverður hluti þeirra endanlega afskrifaður.

Rannsóknarnefndin taldi ástæðu til þess að gera grein fyrir viðskiptum sparisjóðsins við Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og þá sérstaklega hvort unnið hafi verið í samræmi við lög og reglur og hvernig afskriftarþörf var metin. Að öðru leyti gaf rannsókn á öðrum lánaþópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Kista – fjárfestingarfélag ehf.

Sparisjóður Svarfdæla átti 7,1% í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. í árslok 2007 en félagið hafði skuldbetta sig til kaupa á bréfum í Exista hf. með veði í þeim bréfum. Á árinu 2008, þegar gengi hlutabréfa í Exista hf. fór að síga og virði trygginga að baki lánnum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. rýrnaði að sama skapi, óskuðu lánardrottinnar Kistu – fjárfestingarfélags ehf. eftir því að eigendur félagsins gengju í ábyrgð vegna skulda þess.

Hinn 4. febrúar 2008 undirritaði stjórn Sparisjóðs Svarfdæla tvær 100 milljóna króna sjálfskuldarábyrgðir til handa Kaupþingi banka hf. og Glitni banka hf. vegna skulda Kistu – fjárfestingarfélags ehf., samtals 200 milljónir króna. Ábyrgðirnar voru samþykktar á stjórnarfundi sparisjóðsins sama dag og áttu þær að gilda til 22. febrúar 2008. Ábyrgðin gagnvart Kaupþingi banka hf. rann út en 20. febrúar 2008⁵³ undirritaði stjórn sparisjóðsins nýja 100 milljóna króna ábyrgðaryfirlýsingu vegna skulda Kistu – fjárfestingarfélags ehf. við Glitni banka hf. og gildi sú ábyrgð til 15. apríl 2008.

Þá gekkst Sparisjóður Svarfdæla einnig í 80 milljóna króna ábyrgð fyrir skuldum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. við Straum-Burðarás Fjárfestingabanka hf. með undirritun stjórnar á ábyrgðaryfirlýsingu 31. mars 2008. Ábyrgðin gildi til 15. júlí 2008. Sama dag, 31. mars 2008, undirritaði stjórnin jafnframt 132 milljóna króna ábyrgðaryfirlýsingu gagnvart Glitni banka hf. vegna skulda Kistu – fjárfestingarfélags ehf. og gildi sú ábyrgð til 1. júlí 2008. Þessar ábyrgðir voru samþykktar á stjórnarfundi 14. apríl 2008. Á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar 31. mars 2008 kom fram 132 milljóna króna áhættuskuldbinding gagnvart Glitni banka hf. sem nam þá 13,7% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.⁵⁴ Ábyrgðin gagnvart Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf. kom ekki fram á þeirri skýrslu.

Ábyrgðirnar tvær voru framlengdar 25. júní 2008 og var gildistími ábyrgðar gagnvart Glitni banka hf. til 30. desember 2008 en gagnvart Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf. til 15. október 2008. Framlengingarnar voru samþykktar á stjórnarfundi sparisjóðsins sama dag. Þessar ábyrgðir koma ekki fram á skýrslum sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar

53. Sparisjóðurinn tók á sig skuldir Kistu – fjárfestingarfélags ehf. gagnvart Kaupþingi banka hf. sem samsvöruðu hlutfallslegri eign sparisjóðsins í félaginu í stað ábyrgðarinnar.

54. Eiginfjárgrunnur samkvæmt skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar 31. mars 2008 var 966,8 milljónir króna. Í skýrslum um eiginfjárlutfall á sama tíma var eiginfjárgrunnurinn 875,5 milljónir króna og í árshlutareikningi 31. mars 2008 var eiginfjárgrunnurinn 867,2 milljónir króna.

30. júní 2008 en þær námu þá tæpum 49% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.⁵⁵ Á sama tíma var ein önnur skuldbinding sparisjóðsins stærri en 25% af eiginfjárgrunni. Skuldbinding vegna ábyrgðanna var utan efnahags í árshlutauppgjöri ársins 2008.

Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. barst tilkynning frá Straumi-Burðarás Fjárfestingabanka hf. 8. október 2008 um gjaldfellingu lánasamnings og fullnustu gjaldfallinna krafna. Í þeirri tilkynningu var vísað til sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsinga Sparisjóðs Svarfdæla og annarra eigenda félagsins frá því í júní 2008 til tryggingar á öllum skuldum og skuldbindingum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. við Straum-Burðarás Fjárfestingabanka hf. Formlegt innheimtuferli væri hafið til þess að fá fullnustu á gjaldfallinni fjárhæð og yrði í því skyni gengið að tryggingum og ábyrgðum. Í bréfi fjárfestingarbankans til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. 21. október 2008 kom fram að félögin hefðu komist að samkomulagi um að gegn greiðslu fjárhæða sem svöruðu til veittra ábyrgða og því að Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. leysti til sín handveðsett bréf í Exista hf. væri lán Straums-Burðarás Fjárfestingarbanka hf. til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. uppgert. Staðfest var að umræddar greiðslur og innlausn hefðu farið fram. Hlutur Sparisjóðs Svarfdæla í þessu uppgjöri voru 80 milljónir króna sem voru færðar á afskriftir útlána í árslok 2008.

Í skýrslu Sparisjóðs Svarfdæla um stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins frá 31. október 2008 kom fram 130 milljóna króna ábyrgð vegna Kistu – fjárfestingarfélags ehf. og nam sú ábyrgð 15,1% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Þessi ábyrgð hafði í sambærilegri skýrslu sem miðaðist við 31. mars 2008 verið færð sem áhættuskuldbinding á Glitni banka hf. Ábyrgð Sparisjóðs Svarfdæla gagnvart Glitni banka hf. vegna skulda Kistu – fjárfestingarfélags ehf. rann út án þess að reyndi á hana. Kista – fjárfestingarfélag ehf. var tekin til gjaldþrotaskipta 20. febrúar 2013.

25.2.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna

Starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra fólu stjórn sjóðsins að setja reglur um viðskipti starfsmanna hans að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, og mættu þær koma fram í almennum útlánareglum. Þar kom fram að sparisjóðsstjóra var heimilt að veita starfsmönnum lán enda væri slík fyrirgreiðsla á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptavina. Sparisjóðsstjóra bar samt að gera stjórn grein fyrir fyrirgreiðslunni á fyrsta stjórnarfundum á eftir og skyldi hún færð inn í gerðabók. Í starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra kom ennfremur fram að samningar sparisjóðsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við sparisjóðsstjóra væru háðir samþykki stjórnar og skyldu líka bókaðir í gerðabók. Ákvæðið gilti einnig um maka sparisjóðsstjóra. Í útlánareglum sjóðsins var sérstaklega tiltekið að lánveitingar til stjórnarmanna þar sem heildarskuldbinding þeirra og maka færi yfir 5 milljónir króna skyldi leggja fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar.

Stjórnnum sparisjóða bar að setja sér starfsreglur þar sem meðal annars skyldi fjallað um framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Jafnframt bar sparisjóðum að skila hálfárslega til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila, það er stjórnarmanna, maka þeirra, barna og félaga tengdra þeim, yfir 10 milljónum króna. Tekið var fram í starfsreglum stjórnar að þess skyldi sérstaklega gætt að ekki sköpuðust hagsmunaaðrekstrar við fyrirgreiðslu til þessara aðila þannig að þeir nytu stöðu sinnar umfram aðra viðskiptamenn sparisjóðsins.⁵⁶ Viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir væru í forsvari fyrir skyldu lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar til að tryggja að stjórnarmenn gætu ekki í krafti stöðu sinnar komið á viðskiptum sem ella hefðu ekki verið samþykkt. Heimilt var að setja skýr töluleg viðmið í útlánareglum sparisjóðsins um undanþágu frá þessu.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2006,⁵⁷ um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, átti sparisjóðurinn að leggja fyrir innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera

55. Ábyrgðin gagnvart Glitni hf. nam rúmum 30% af eiginfjárgrunni og ábyrgðin gagnvart Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf. nam rúmum 18%.

56. Sjá 25. gr. reglna Sparisjóðs Svarfdæla um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá 19. desember 2003 og í endurnýjaðri útgáfu frá 13. febrúar 2007.

57. Síðar leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010 um efni reglna samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2006.

þær saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina. Rannsóknarnefndin kannaði hvort aðilar venslaðir Sparisjóði Svarfdæla⁵⁸ hefðu notið óvenjulegrar lánaþyrngreiðslu hjá sparisjóðnum. Athuginin var framkvæmd með þeim hætti að kennitölur umræddra aðila voru keyrðar saman við lánagrunn sparisjóðsins.⁵⁹ Alls voru 18 venslaðir aðilar með fyrirgreiðslur hjá Sparisjóði Svarfdæla á árunum 2005–2011 en ekki verður séð að þær hafi verið óvenjulegar. Eitt venslað félag var með heildarfyrirgreiðslu yfir 15 milljónum króna á tímabilinu, og einn stjórnarmaður og einn maki stjórnarmanns voru með fyrirgreiðslu lítilla yfir 10 milljónum króna á tímabilinu. Einn stjórnarmaður og eigandi stofnfjár var með háa fyrirgreiðslu á tímabilinu eða um 56 milljónir króna í erlendum myntum í byrjun árs 2008 sem í lok sama árs stóðu í 104 milljónum króna. Á árinu 2011 voru erlendu lánin umreiknuð og rúmar 64 milljónir króna afskrifaðar.

Samtals voru 35 starfsmenn hjá Sparisjóði Svarfdæla á árunum 2005–2011. Á því tímabili voru 26 starfsmenn með lán frá sparisjóðnum. Útlán til starfsmanna námu samtals frá tæpum 14 milljónum króna til 20 milljóna króna í árslok árunum 2005–2010. Þar af var einn starfsmaður með útlán sem nam að meðaltali um 11 milljónum króna á sömu tímabilum. Rannsóknarnefndin gerir ekki athugasemdir við lán til starfsmanna Sparisjóðs Svarfdæla á þessum tíma.

Tafla 13. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Svarfdæla sem hlutfall af útlánnum 2005–2010.⁶⁰

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	1.950.614	18.536	0,95%
31.12.2006	2.137.090	19.970	0,93%
31.12.2007	2.470.941	17.287	0,70%
31.12.2008	2.949.667	16.263	0,55%
31.12.2009	2.732.985	14.394	0,53%
31.12.2010	2.494.232	13.986	0,56%

25.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Svarfdæla setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar en í reglum um störf sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra var fjallað um mörk fjárfestingarheimilda. Þar segir að um mörk heimilda sparisjóðsstjóra til fjárfestingar í verðbréfum fari samkvæmt reglum stjórnar sparisjóðsins um áhættustýringu og ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni. Stjórn skyldi einnig fjalla um meiriháttar eða óvenjulegar fjárfestingar, auk fjárfestinga í öðrum fasteignum en fullnustueignum. Í síðari útgáfu reglna um sama efni frá árinu 2007 var ekki getið um aðrar takmarkanir á fjárfestingum en þær að fjárfestingaráform sem teldust meiriháttar eða óvenjuleg skyldu borin upp í stjórn. Í svari við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar til sparisjóðsstjóra kom fram að ekki hefðu verið settar sérstakar reglur um áhættustýringu aðrar en þær sem sneru að útlánnum.


Árið 2005 nam samanlögð verðbréfaeign allra minni sparisjóða 157% af samanlögðu eigin fé þeirra en mest varð hún 401% í árslok 2008.⁶¹ Verðbréfaeign Sparisjóðs Svarfdæla var á bilinu 82–152% af eigin fé hans frá 2005 til 2011, ef frá eru talin árin 2008 og 2009 þegar eigið fé lækkaði mikið. Árið 2008 voru fjáreignir tæplega 3.500 prósent af eigin fé sparisjóðsins en árið 2009 var eigið fé neikvætt og hlutfall fjáreigna af því ekki marktækt. Hjá Sparisjóði Svarfdæla var hlutfall fjáreigna af eignum mun herra en sama hlutfall hjá minni sparisjóðunum í heild. Stærsta fjáreign Sparisjóðs Svarfdæla var í Exista hf., bæði í beinni eign og í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. Töluvert tap varð á þessum eignum árin 2008 og 2009 og minnkaði hlutfall fjáreigna í eignasafni sparisjóðsins vegna þess.

58. Það er stjórnarmenn, makar þeirra, félög í meira en 10% eigu stjórnarmanna eða maka eða félög þar sem stjórnarmenn sátu í stjórn.


59. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingarnar því settar fram með fyrirvara.

60. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.

61. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Svarfdæla í árslok 2005–2011.⁶²

Fjáreignir Sparisjóðs Svarfdæla voru nær eingöngu í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum. Árið 2001 hafði sparisjóðurinn selt eignarhluti í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. og Kaupþingi hf. með 59 milljóna króna hagnaði. Árið 2002 seldi sparisjóðurinn hlut sinn í SP-Fjármögnun hf. og hagnaðist um 19 milljónir króna á því og ári síðar seldi sjóðurinn hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og hagnaðist við það um 48 milljónir króna. Árið 2004 hafði sparisjóðurinn 102 milljóna króna söluhagnað, einkum af bréfum Kaupþings Búnaðarbanka hf., og gengishagnaður ársins vegna flutnings hlutabréfa sparisjóðsins í Meiði ehf. (síðar Exista hf.) í veltubók var 59 milljónir króna á sama ári.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Svarfdæla í árslok 2005–2011.⁶³

Á árinu 2005 voru öll bréf Sparisjóðs Svarfdæla í Exista hf. færð í veltubók en helmingur eignarhlutarins hafði verið í fjárfestingarbrók. Bókfærðar tekjur vegna þessa voru 306 milljónir króna sem var uppistaða í gengishagnaði sjóðsins það ár. Sama ár seldi sparisjóðurinn hluti í Alþjóða líftryggingafélaginu hf. og Kaupþingi banka hf. og hagnaðist um 61 milljón króna á því. Í árslok 2005 voru stærstu verðbréfaeignir sparisjóðsins í Exista hf., Sparisjóðabanka Íslands hf., Kaupþingi banka hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf. Sparisjóðurinn fjárfesti einnig í verðbréfasjóðum og átti 302 milljónir króna í hlutdeildarskírteinum þeirra í lok árs 2005.

Verðbréfaeignir sparisjóðsins hækkuðu mikið árin 2006 og 2007, bæði vegna verðhækkana á hlutabréfamarkaði sem höfðu áhrif á skráð bréf í eigu sparisjóðsins og breytinga á uppgjörsaðferðum einstakra eigna. Þannig hækkaði virði Sparisjóðabankans í bókum sparisjóðsins töluvert á árinu 2007 vegna þess að hætt var að færa hann sem hlutdeildar-

62. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

63. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

félag og farið að færa hann á gangvirði. Hlutdeild sparisjóðsins í góðri afkomu Sparisjóðabankans árin 2005 og 2006, ásamt hlutafjárukningu í bankanum, juku einnig bókfært virði bréfanna. Á fundi 13. desember 2007 ákvað stjórn sparisjóðsins að kaupa hlutabréf í Sparisjóðabanka Íslands hf. fyrir tæpar 427 milljónir króna. Sjóðurinn átti fyrir um 18,3 milljónir hluta í Sparisjóðabankanum en átti eftir þetta 33,5 milljónir hluta. Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri að hlutdeildarskírteini sparisjóðsins í verðbréfasjóðum Rekstrarfélags Spron hf. hefðu verið seld til þess að fjármagna þessi hlutafjárkaup.⁶⁴ Þess má geta að fyrrum sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla, Friðrik Friðriksson, sat í stjórn Sparisjóðabankans frá 2005 til 17. október 2008.

Tafla 14. Fjáreignir Sparisjóðs Svarfdæla í árslok 2005–2011.⁶⁵

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Exista hf.	495.884	808.513	58.580	-	-	-	-
Kista – fjárfestingarfélag ehf.	-	266.236	339.000	-	-	-	-
Samtals	495.884	1.074.749	397.580	-	-	-	-
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icbank hf.*	91.585	193.307	670.651	-	-	-	-
Reiknistofa bankanna	6.318	6.318	6.318	6.318	6.318	6.318	6.318
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	3.553	2.324	5.420	9.857	10.819	8.931	13.000
Samtals	101.456	201.949	682.389	16.176	17.137	15.249	19.318
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	-	-	345.000	244.800	113.000	60.000	-
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	75.000	88.862	280.400	87.625	-	-	-
FSP Holding ehf.	-	-	22.003	29.176	25.000	-	-
Íslensk verðbréf hf.	24.958	24.958	60.958	237.710	-	-	-
Samtals	99.958	113.820	708.361	599.311	138.000	60.000	-
Sparisjóðurinn í Keflavík / Sparisjóður Vestfirðinga	2.144	2.342	23.452	14.159	-	-	-
Sparisjóður Höfðhverfinga	-	-	-	8.506	-	8.506	8.506
Sparisjóður Vestmannaeyja / Sparisjóður Hornafjarðar	1.333	1.333	-	-	-	1.467	1.467
Samtals	3.477	3.675	23.452	22.665	-	9.973	9.973
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	302.239	300.024	1.441.243	389.877	121.097	67.031	77.362
Valitor Holding hf.	6.951	6.951	6.951	22.951	22.951	-	-
Kaupþing banki hf.	81.470	468.942	146.608	-	-	-	-
Bakkavör hf.	57.008	50.758	-	-	-	-	-
Annað	19.217	23.197	40.454	24.033	16.114	13.571	12.674
Samtals	466.885	849.872	1.635.256	436.861	160.162	80.602	90.036
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	100.277	104.302	106.511	73.684	31.548	62.397	277.146
Samtals	1.267.937	2.348.367	3.553.549	1.148.697	346.847	228.221	396.473

*Hlutdeildarfélag fram til ársins 2007.

Í árslok 2006 átti Sparisjóður Svarfdæla um 809 milljónir króna að bókfærðu virði í Exista hf. en þá hafði sparisjóðurinn flutt hluta eignar sinnar í félaginu í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Lítið er fjallað um Exista hf. í stjórnarfundargerðum Sparisjóðs Svarfdæla frá árinu 2005 nema hvað hlutafjárukning í Exista hf. var tekin fyrir í stjórninni 15. desember 2005. Var þá lagt fyrir erindi um hækkun á hlutafé um 2,6 milljarða króna á genginu 7,5492 eða samtals hækkun um 20 milljarða króna. Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla samþykkti þáttöku í þessari hlutafjárukningu og við það jókst hlutur sparisjóðsins í Exista um 109,7 milljónir króna.

Hinn 29. nóvember 2006 kynnti sparisjóðsstjóri Kistu – fjárfestingarfélag ehf. fyrir stjórn sparisjóðsins. Á fundinum fékk hann umboð stjórnar til þess að leggja í félagið annað tveggja: eina milljón króna eða 25% af hlutabréfum sparisjóðsins í Exista hf. í skiptum fyrir hlutabréf í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Við skýrslutöku rannsóknarnefndarinnar af fyrrum sparisjóðsstjóra gat hann ekki staðfest hvort lögð hefði verið fram ein milljón króna eða hlutabréf. Af öðrum gögnum má þó sjá að sparisjóðurinn lagði um 12 milljónir hluta í Exista hf. inn í Kistu – fjárfestingarfélag ehf. 22. desember 2006 og átti þá 7,97% í Kistu. Sama dag tók Kista 3,1 milljarð króna að láni frá Kaupþingi banka hf. til þess að kaupa bréf í Exista hf. af eignum sínum, samtals um 201 milljón hluta. Í þeim kaupum

64. Skýrsla Jónasar M. Péturssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 7. ágúst 2012.

65. Byggt á sundurliðunum frá Sparisjóði Svarfdæla til rannsóknarnefndarinnar.

voru fá bréf keypt af Sparisjóði Svarfdæla. Hluttur sparisjóðsins í Kistu á árunum 2007 og 2008 var 7,01% samkvæmt ársreikningi Kistu fyrir sömu ár.⁶⁶ Friðrik Friðriksson sat í stjórn Kistu – fjárfestingarfélags ehf.

Á stjórnarfundum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. 22. mars 2007 var samþykkt hlutfjárlaukning í félaginu og sex dögum síðar samþykkti stjórn Sparisjóðs Svarfdæla að leggja 25% af eign sparisjóðsins í Exista hf. inn í Kistu. Á fundi 13. júní 2007 samþykkti stjórn sparisjóðsins síðan að færa öll bréf sín í Exista hf. yfir í Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og seldi sparisjóðurinn bréf sem námu um það bil 940 milljónum króna að markaðsvirði (23,9 milljónir hluta) 25. júlí 2007. Kista hafði þá tekið að láni 16,4 milljarða króna frá Glitni, Kaupþingi og Straumi-Burðarási á árinu 2007, til viðbótar þeim 3,1 milljarði sem Kaupþing hafði lánað Kistu á árinu 2006.⁶⁷

Gengi hlutabréfa í Exista hf. náði hámarki um mitt ár 2007 en bréf í félaginu höfðu verið lögð að veði fyrir lánum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. Lánveitendur Kistu fóru fram á auknar tryggingar í kjölfar virðisrýrnunar fyrirbyggjandi trygginga í byrjun árs 2008. Á stjórnarfundum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. í janúar 2008 var lagt fram minnisblað um að eigið fé félagsins væri uppurið og lögð fram tillaga um hlutfjárlaukningu. Á stjórnarfundum Sparisjóðs Svarfdæla 17. janúar 2008 var fyrirhuguð hlutfjárlaukning Kistu kynnt stjórninni og var þá gert ráð fyrir að hluttur Sparisjóðs Svarfdæla í aukningunni yrðu 705,6 milljónir króna. Heildarframlag Sparisjóðs Svarfdæla í hlutfjárlaukningunni varð hins vegar tæpar 778 milljónir króna eða rúmlega 1/3 af eigin fé sparisjóðsins í lok árs 2007.

Sparisjóður Svarfdæla fjármagnaði eiginfjárlag sitt í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. að megninu til með sölu hlutdeildarskírteina í peningamarkaðssjóði SPRON en tók lán fyrir hluta aukningarinnar, að fjárhæð 255 milljónir króna, hjá Kaupþingi 19. febrúar 2008. Lánið var veitt til 15. júní 2008 en var þá framlengt til 15. júní 2009. Álagið á fyrri lána-samningi var 2,75% en varð 3,5% við framlenginguna. Þetta lán var í raun skuldskeyting láns Kistu – fjárfestingarfélags ehf. yfir á sparisjóðinn og kom í stað ábyrgðarinnar til Kaupþings banka hf. sem sparisjóðurinn hafði veitt.

Önnur stór eign Sparisjóðs Svarfdæla var hluttur í VBS Fjárfestingarbanka hf. Sparisjóðurinn hafði, líkt og margir aðrir sparisjóðir, átt hlutafé í FSP hf. en varð hluthafi í VBS Fjárfestingarbanka hf. við samruna þessara tveggja félaga. Sparisjóðurinn tók þátt í tveimur hlutfjárlaukningum í FSP hf. á árunum 2005 og 2006 og átti 4,4% hlut í félaginu í árslok 2006. Hluttur sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka hf. nam tæplega 2% frá 2007 til 2009. Á árinu 2007 kom upp hugmynd um að selja Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. allt hlutafé sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka hf. og FSP Holding ehf. og var hún samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins í desember það ár. Þau áform gengu þó ekki eftir. Á árinu 2008 gerði Sparisjóðabanki Íslands hf. (Icebank hf.) tilboð í bréf Sparisjóðs Svarfdæla í VBS Fjárfestingarbanka hf. og var tilboðið kynnt fyrir stjórn sparisjóðsins en ekkert varð þó af sölu. Gengistap sparisjóðsins af VBS Fjárfestingarbanka hf. á árunum 2008 og 2009 nam rúmlega 280 milljónum króna.

Stærsta nýfjárfesting Sparisjóðs Svarfdæla á árunum 2005–2011 var í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Á stjórnarfundum sparisjóðsins 27. maí 2005 var tekið til umfjöllunar bréf Halldórs Jóhannssonar um stofnun fjárfestingarbanka á Akureyri, sem síðar varð Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. Í bréfinu kom fram að stofnaðilar yrðu KEA, Íslensk verðbréf hf., sparisjóðir á Norðurlandi og lífeyrissjóðir á landsbyggðinni. Í mars 2006 undirritaði stjórn sparisjóðsins viljayfirlýsingu um stofnun fjárfestingarbanka með aðsetur á Akureyri og skuldbatt stjórnin sig til þess að leggja fram 100 milljónir króna, en síðar í mánuðinum var sú upphæð hækkuð í 125 milljónir, eða 27,8% af hlutfé bankans. Hinn 25. september 2006 samþykkti stjórnin svo að framlag Sparisjóðs Svarfdæla yrði allt að 260 milljónir króna. Í árslok 2006 átti Sparisjóður Svarfdæla 27,8% í Saga Capital.

66. Minnisblað til stjórnar Kistu – fjárfestingarfélags ehf. frá Guðmundi Haukssyni sparisjóðsstjóra SPRON, 8. mars 2007; ársreikningur Kistu – fjárfestingarfélags ehf. 2008; ársreikningur Kistu – fjárfestingarfélags ehf. 2007.

67. Ársreikningur Kistu – fjárfestingarfélags ehf. 2007.

Á árinu 2007 var hlutfé Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. aukið um 10 milljarða króna og fleiri fjárfestar keyptu sig inn í félagið, en Sparisjóður Svarfdæla jók hlutfé sitt um 46 milljónir króna á árinu 2007.⁶⁸ Í lok árs 2007 átti Sparisjóður Svarfdæla 3,1% í fjárfestingarbankanum. Jóhann Antonsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Svarfdæla, var spurður að því fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra hvers vegna sparisjóðurinn hefði ekki bætt við sig hlutfé í Saga Capital í samræmi við eignarhlut sinn fyrir hlutfjárukninguna og svaraði því til að þetta hefði verið það magn hlutfjár sem fulltrúum sparisjóðsins hefði þótt eðlilegt að eiga og að þeir hefðu talið sig vera búna að leggja mikið í félagið fram að hlutfjárukningunni.⁶⁹

Stjórnendur og stjórnarmenn Sparisjóðs Svarfdæla voru tengdir inn í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Þannig átti Jóhann Antonsson fyrrum stjórnarformaður sparisjóðsins 0,7% hlut í bankanum og sat í stjórn hans. Félag í eigu Friðriks Friðrikssonar fyrrum sparisjóðsstjóra og Jónasar Péturssonar þáverandi skrifstofustjóra sparisjóðsins átti 1% í Saga Capital á árunum 2007 og 2008.

Tafla 15. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.⁷⁰

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Kista – fjárfestingarfélag ehf.	–		(582.152)	(1.116.523)	5.000			(1.693.675)
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.*	39.160	91.922	50.682	(670.651)				(488.887)
Saga Capital Fjárfestingabanki hf.			39.000	(100.200)	(131.800)	(53.000)	(60.000)	(306.000)
VBS Fjárfestingarbanki hf.			191.538	(186.995)	(87.625)			(83.082)
FSP Holding ehf.				(13.730)	(4.177)	(25.000)		(42.907)
SPRON hf.				(29.055)				(29.055)
Sparisj. í Keflavík / Sparisj. Vestfirðinga			200	(5.037)	(14.156)			(18.993)
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	19.818	25.288	88.109	(95.281)	(42.755)	1.246	(9.432)	(13.007)
Eignarhaldsfélagið Flúðir ehf.				(5.000)	(7.500)			(12.500)
Sparisjóður Höfðhverfinga					(8.506)	8.506		0
Bakkavör hf.	18.383	17.000	2.358					37.741
Valitor Holding hf. (Greiðslumiðlun hf.)	526	864	2.430	16.000		35.358		55.178
Íslensk verðbréf hf.	18.819	16.602	20.683	184.741	7.338			248.183
Kaupþing banki hf.	3.141	400.982	78.974	(28.784)				454.313
Exista hf.	305.833	597.308	338.119	(63.394)				1.177.866
Annað	16.719	2.545	(8.966)	(32.864)	(20.585)	3.815	31.305	(8.031)
Önnur hlutdeildarfélag	700	(1.229)	1.730	1.302	962	(1.888)	4.069	5.646
Samtals	423.099	1.151.282	222.705	(2.145.471)	(303.804)	(30.963)	(34.058)	(717.210)

*Hlutdeildarfélag fram til ársins 2007.

Sparisjóður Svarfdæla bókfærði töluverðan hagnað af verðbréfaeign sinni og hafði góðar tekjur af hlutdeildarfélagum á árunum 2005 og 2006. Árið 2007 dró úr hagnaði sparisjóðsins af verðbréfum, einkum vegna taps á Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Á árinu 2007 seldi sparisjóðurinn bréf í Exista hf. inn í Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og hafði þó nokkrar tekjur af því. Gengi bréfa í Exista hf. náði hámarki í júlí 2007 en í árslok 2007 var það svipað og það hafði verið í árslok 2006. Kista – fjárfestingarfélag ehf. tapaði á bréfunum sem félagið keypti, meðal annars af Sparisjóði Svarfdæla, á árinu 2007. Tap sparisjóðsins á Kistu var 1,1 milljarður króna árið 2008.

Sparisjóðabanki Íslands hf. hafði jákvæð áhrif á afkomu Sparisjóðs Svarfdæla allt fram til ársins 2008. Á því ári varð mikið tap á rekstri Sparisjóðabankans og eign Sparisjóðs Svarfdæla í honum var færð niður um 670 milljónir króna í rekstrarreikningi sjóðsins fyrir árið 2008. Þar töpuðust að fullu þeir fjármunir sem sparisjóðurinn hafði lagt fram til hlutfjárukningar á árinu 2007.

Á árinu 2007 tapaði Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. rúmunum milljarði króna og árið 2008 rétt rúmunum 5,5 milljörðum króna. Tapið má einna helst rekja til taps á markaðsverðbréfum. Árið 2009 tapaði Saga Capital um það bil einum milljarði króna, en afskriftir

68. Um var að ræða 40 milljón hluti á genginu 1,15.


69. Endurrit úr vitnamáli V-2/2011 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra, 13.–14. september 2011.

70. Byggt á sundurliðun frá sparisjóðnum til rannsóknarnefndarinnar.

af útlánum félagsins voru þá helsti gjaldaliðurinn.⁷¹ Sparisjóður Svarfdæla bókfærði 39 milljóna króna gengishagnað af Saga Capital 2007 en gengistap árunum 2008–2011 var samtals 345 milljónir króna.

Sparisjóðurinn hagnaðist töluvert á eign sinni í Kaupþingi banka hf. og Exista hf. á árunum 2005–2007. Þessi bréf voru að fullu færð á gangvirði á árinu 2006, sem skilaði miklum gengishagnaði á því ári. Sala á bréfum í þessum fyrirtækjum á sömu árum gerði það að verkum að gengistap vegna þessara bréfa var minna á árinu 2008 en ella hefði orðið. Sparisjóðurinn seldi bréf í Exista hf. til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. með hagnaði á árunum 2006 og 2007 og árið 2007 var hagnaður af seldum bréfum í Kaupþingi banka hf. 79 milljónir króna.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.⁷²



Afkoma Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011 hélst í hendur við afkomu af fjáreignum hans. Fjáreignir voru töluvert stærri hluti eignasafns Sparisjóðs Svarfdæla en annarra minni sparisjóða og því hafði hagnaður eða tap af fjáreignum mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu sparisjóðsins. Stærstur hluti fjáreigna Sparisjóðs Svarfdæla var í bréfum Exista hf., Kaupþings banka hf., Kistu – fjárfestingarfélags ehf., VBS Fjárfestingarbanka hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Fjáreignir sparisjóðsins voru nær eingöngu hlutabréf og var nær einvörðungu fjárfest í fjármálafyrirtækjum og eignarhaldsfélögum. Um þetta sagði núverandi sparisjóðsstjóri í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni:

Jú, það er alveg rétt [...] að svona eftir á að hyggja má kannski segja að sú dreifing hafi ekki verið nægileg. Ekki hvað sist í ljósi þess hvernig fór, því við vorum með of mikið í sama geiranum, í fjármálageiranum og tengdum félögum. Það er nú kannski það sem maður sér eftir, eftir á, að hafa ekki verið með víðtækari dreifingu á eignasafninu í öðrum geirum.⁷³

Samanlagður hagnaður sparisjóðsins af verðbréfaeign á árunum 2001–2007 á verðlagi ársins 2011 var 2,7 milljarðar króna, en tap árunum 2008–2011 var 3,1 milljarður króna miðað við sama verðlag.

25.4 Fjármögnun

Sparisjóður Svarfdæla var einkum fjármagnaður með innlánum, en þau námu 101–137% af útlánum sparisjóðsins á árunum 2005–2011, lægst var hlutfallið árið 2008 og hæst árið 2011. Önnur fjármögnun sparisjóðsins var einkum fólgin í skuldum við lánastofnanir en lántaka sparisjóðsins og vijkandi lán komu þar næst á eftir.

71. Miðað er við tap fyrir skatta og stuðst við ársreikning hvers árs fyrir sig. Í ársreikningi fyrir árið 2009 eru tölur fyrir árið 2008 aðrar en í ársreikningi fyrir árið 2008.

72. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

73. Skýrsla Jónasar M. Péturssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 7. ágúst 2012.

Tafla 16. Skuldir Sparisjóðs Svarfdæla í árslok 2005–2011.⁷⁴

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir	20.061	46.334	261.288	1.303.714	725.040	–	–
Innlán samtals	2.107.247	2.352.881	2.849.426	2.971.205	3.456.956	3.415.750	3.089.596
Lántaka samtals	214.866	201.836	202.018	226.950	–	–	–
Aðrar skuldir	35.901	56.009	359.071	266.620	41.834	33.917	35.397
Reiknaðar skuldbindingar	139.936	327.935	337.933	–	–	–	–
Víkjandi skuldir	–	–	–	443.093	207.450	20.000	21.045
Samtals	2.518.011	2.984.995	4.009.736	5.211.582	4.431.280	3.469.667	3.146.038

Innlán voru minnst 57% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé árið 2008 en mest 98% árið 2011.⁷⁵ Heimili áttu að meðaltali 76% innlána og fyrirtæki 11%.⁷⁶ Búndin innlán voru að meðaltali 24% allra innlána frá ársbyrjun 2005 til ársloka 2011, hæst var hlutfall þeirra 38% í mars 2007 og lægst 17% í janúar 2008.⁷⁷

Skuldir Sparisjóðs Svarfdæla við lánastofnanir á árunum 2005–2007 voru við Sparisjóðabanka Íslands hf. Um var að ræða erlenda ádráttarlínu sem notuð var til að fjármagna lán sparisjóðsins til viðskiptavina sinna í erlendri mynt. Á árinu 2008 jukust skuldir sparisjóðsins um rúman milljarð króna og í lok ársins nam skuld hans við Sparisjóðabanka Íslands hf. 682 milljónum króna, skuld við Seðlabankann 339 milljónum króna í daglánnum með veðum í íbúðabréfum (HFF flokkum) og við Kaupþing banka hf. 282 milljónum króna vegna skuldskeytingar sem framkvæmd var vegna Kistu – fjárfestingarfélagsh. Erlend endurlán sparisjóðsins hjá Sparisjóðabankanum jukust aðallega vegna gengisfalls krónunnar en nýjar lánveitingar á árinu 2008 námu 55 milljónum króna. Skuldir sparisjóðsins við Seðlabankann voru gerðar upp á árinu 2010 með samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu hans.

Árið 2008 tók Sparisjóður Svarfdæla víkjandi lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. sem nam 350 milljónum króna. Í árslok 2008 voru útistandandi af því láni rétt tæpar 450 milljónir króna en skuldin var færð niður um tæpar 230 milljónir króna á árinu 2009. Þetta lán var tekið til þess að bæta eiginfjárlutfall sparisjóðsins, en víkjandi lán má telja til eiginfjárbáttar B samkvæmt 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002.⁷⁸ Eiginfjárbáttur B má hins vegar hæst nema 50% af eiginfjárbætti A, en hjá Sparisjóði Svarfdæla samanstóð hann eingöngu af bókfærðu eigin fé sem í árslok 2008 nam 33 milljónum króna. Víkjandi lán að fjárhæð 350 milljónir króna nýttist því lítið sem ekkert til þess að bæta eiginfjárlutfall sparisjóðsins á þeim tíma. Hefði víkjandi lánið ekki komið til hefði eiginfjárlutfall sparisjóðsins um mitt ár 2008 hins vegar verið 1,3% en ekki 13,3% eins og raunin var samkvæmt skýrslum sem þá var skilað inn til Fjármálaeftirlitsins.

Vextir á víkjandi láninu frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. voru 11% fastir verðtryggðir ársvextir. Skýrslutökur af Jónasi Péturssyni sparisjóðsstjóra leiddu í ljós að fjármunirnir sem teknir voru að láni voru nýttir til þess að kaupa hlutdeildarskírteini í skuldaþréfasjóðum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.⁷⁹

Sparisjóður Svarfdæla gerði tvo lánasamninga við Íbúðalánasjóð sem flokkuðust undir lántöku sparisjóðsins. Sá fyrri var gerður í desember 2004 og var upphafleg lánsfjárhæð tæpar 154 milljónir króna. Seinna lánið, sem var veitt í apríl 2005, var að fjárhæð 61 milljón króna. Að baki þessum lánasamningum voru 25 fasteignalán í eigu sparisjóðsins.⁸⁰

74. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

75. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

76. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

77. Byggt á lausafjaryfirlitum Sparisjóðs Svarfdæla fyrir árin 2005–2011.

78. Um þetta er fjallað í 6. kafla og 11. kafla.

79. Skýrsla Jónasar M. Péturssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 7. ágúst 2012.

80. Nánar er fjallað um fjármögnun íbúðalána sparisjóðanna hjá Íbúðalánasjóði í 11. kafla.

25.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Samkvæmt samþykktum Sparisjóðs Svarfdæla frá 2003 skyldi stofnfé hans eigi vera minna en 3 milljónir króna, skiptast í eigi færri en 30 jafnháa hluti og eitt atkvæði fylgja hverjum hlut. Atkvæðisréttur stofnfjáreigenda var í réttu hlutfalli við stofnfjáreign og einstökum stofnfjáreigendum var óheimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Sparisjóðurinn mátti ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé og atkvæðisréttur fylgdi ekki þeim stofnfjárbréfum sem sjóðurinn kunnir að eiga. Sala eða annað framsal stofnfjárhluta í sparisjóðnum var óheimilt, nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Þá var veðsetning stofnfjárhlutar í sjóðnum óheimil. Fundur stofnfjáreiganda gat ákveðið að auka stofnfé umfram það sem kveðið var á um í samþykktum með áskrift nýrra stofnfjárhluta. Auk þess var heimilt að auka stofnfé með endurmati og með ráðstöfun hluta hagnaðar. Verð sem greiða skyldi fyrir nýjan stofnfjárhlut átti að vera nafnverð hans að viðbætti ónýttri heimild til endurmats stofnfjár. Við aukningu stofnfjár skyldu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína.

Samþykktunum var breytt í tvígang árið 2007, 26. september og 28. desember. Eftir fyrri breytinguna var kveðið á um að stofnfé sparisjóðsins væri 18.007.500 krónur og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti og eitt atkvæði skyldi fylgja hverjum hlut. Þá skyldi stjórn sparisjóðsins vera heimilt að hækka stofnfé um allt að 500.000.000 króna eða um jafnmarga hluti. Stjórn skyldi ákveða hvenær og hvernig hækkunarheimildinni yrði beitt en gildistími hennar var til loka ágúst 2012. Einnig var veðsetning stofnfjárhlutar heimilud að tilskyldu samþykki stjórnar sparisjóðsins. Eftir seinni breytinguna var kveðið á um að stofnfé skyldi vera 535.883.017 krónur og skiptast í jafnmarga einnar krónu hluti og eitt atkvæði skyldi fylgja hverjum hlut. Hin sérstaka hækkunarheimild sem finna mátti í samþykktunum frá 26. september, var þar ekki áfram og frekari breytingar á ákvæðum um stofnfé voru ekki gerðar.

Á stofnfjáreigendafundi 16. júní 2010 var samþykktum sjóðsins enn breytt. Þar kom fram að stofnfé væri 424.400.000 krónur og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti, og eitt atkvæði skyldi fylgja hverjum hlut. Ákvæði um að einstökum stofnfjáraðilum væri óheimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum var fellt brott. Þá skyldi stjórn sparisjóðsins vera heimilt að auka stofnfé sjóðsins um allt að 381.960.000 krónur með áskrift jafnmarga nýrra stofnfjárhluta. Ef til stofnfjárukningar kæmi skyldu stofnfjáreigendur falla frá forgangsrétti til að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Áskriftargengi var 1,0 og var stjórninni heimilt að bjóða Seðlabanka Íslands eða fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að skrá sig fyrir hinu nýja stofnfé. Þá kom fram að gefa mætti út stofnfjárbréf sparisjóðsins í verðbréfamiðstöð með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa nr. 131/1997. Jafnframt gæti fundur stofnfjáreigenda, að tillögu stjórnar, ákveðið að lækka stofnfé sparisjóðsins til jöfnunar taps sem ekki yrði jafnað á annan hátt.⁸¹ Einnig kom þar fram að aðalfundur sparisjóðsins gæti heimilað stjórn að ráðstafa allt að 50% hagnaðar hans til hækkunar á nafnverði stofnfjár í sjóðnum og til arðgreiðslna. Aðalfundur mætti ekki úthluta meiri arði en stjórn sparisjóðsins legði til og heimild til ráðstöfunar hagnaðar með þessum hætti væri aðeins fyrir hendi ef um oráðstafað eigið fé væri að ræða í sparisjóðnum.

Tafla 17. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Svarfdæla í lok árs 2005–2011.⁸²

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé	8.406	1%	12.136	1%	532.435	22,8%	650.513	•	650.613	•	424.439	•	424.439	•
Varasjóður	1.016.134	99%	1.912.285	99%	1.804.457	77,2%	(617.461)	•	(887.579)	•	(144.555)	•	(192.449)	•
Eigið fé samtals	1.024.540	100%	1.924.421	100%	2.336.892	100,0%	33.052	•	(236.966)	•	279.884	•	231.990	•

Stofnfé Sparisjóðs Svarfdæla var 8,4 milljónir króna að nafnverði í lok árs 2005 og áttu allir 150 stofnfjáreigendur 0,67% hlut. Engir lögaðilar voru meðal stofnfjáreigenda á þeim tíma. Eigendaskipti stofnfjárbréfa voru óalgeng og komu helst til við skipti dánarbúa.

81. Heimild til að lækka stofnfé kom inn í lög nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki árið 2009 með lögum nr. 76/2009. Áður var slíkt ekki mögulegt fyrir sparisjóði. Sjá nánari umfjöllun í 4. og 12. kafla.

82. Ársreikningar Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.

Sparisjóðurinn nýtti sérstaka heimild til endurmats stofnfjár á árinu 2006, auk þess sem 20% af greiddum arði fór til hækkunar stofnfjár. Stofnfé var því 12,1 milljón króna að nafnverði í árslok.⁸³ Stofnfjáraðilar voru áfram 150 með jafnan hlut og eingöngu tvö framsöl voru samþykkt af stjórn en í báðum tilvikum hélst eignin innan sömu fjölskyldu.⁸⁴

Á stofnfjárfundi Sparisjóðs Svarfdæla 13. júní 2007 samþykkti stjórn sjóðsins að hefja undirbúning að því að breyta sparisjóðnum í hlutafélagssjóð. Formanni stjórnar ásamt endurskoðanda sjóðsins var falið að móta tillögu um hvernig ætti að standa að breytingunni. Boðað var til fundar stofnfjáreigenda 26. september 2007 þar sem tillagan var kynnt, borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Auk þess var á fundinum samþykkt heimild til stjórnar til stofnfjárukningar að nafnvirði 500 milljónir króna. Heimildin gildi til ársins 2012 og höfðu stofnfjáreigendur forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við stofnfjáreign sína. Að því marki sem stofnfjáreigendur kusu að nýta sér ekki áskriftarrétt sinn, skyldi hann ganga til annarra stofnfjáreigenda sem vildu nýta hann. Samhliða tillögunni var lagt fram árshlutauppgjör miðað við 30. júní 2007.

Stjórn sparisjóðsins nýtti 500 milljóna króna heimildina til stofnfjárukningar með útboði í desember 2007. Í útboðslýsingu frá 30. nóvember sagði að stofnfjárukningin væri liður í fyrirhugaðri hlutafélagsvæðingu sparisjóðsins sem væri ætlað að styrkja sparisjóðinn og gera hann betur í stakk búinn að takast á við breytingar í fjármálaumhverfinu.⁸⁵ Hins vegar bar fyrrverandi stjórnarformaður sparisjóðsins, Jóhann Antonsson, því við að ekkert í rekstri sjóðsins hefði kallað á stofnfjárukningu, heldur hefði ætlunin verið að verjast yfirtöku manna sem buðu hátt verð í stofnfé á þessum tíma.⁸⁶

Í minnisblaði endurskoðanda sem lagt var fyrir stjórnarfund sparisjóðsins 15. ágúst 2007 kom fram að best væri að auka stofnfé áður en sjóðnum yrði breytt í hlutafélag til þess að auka hlut stofnfjáreigenda í væntanlegu hlutafélagi. Í sama minnisblaði var fjallað um mögulegar arðgreiðslur í framhaldi af stofnfjárukningunni og ýjað að því að hægt væri að greiða út 100% arð þannig að stofnfjáreigendur myndu koma út á sléttu í þessum viðskiptum. Þó voru settir mikilvægir fyrirvarar við þetta: „Útilokað er að segja til um hver arðsemi eigin fjár verður þegar árið verður gert upp, ekki síst í því ljósi að afkoman er borin uppi af gengishagnaði skráðs félags, Exista hf.“⁸⁷ Auk þess stóð í bréfinu: „Ríka áherslu verður þó að leggja á að fyrirfram er ekki hægt að tryggja tiltekna ávöxtun [...] til dæmis vegna skyndilegs verðfalls á verðbréfamörkuðum.“

Í útboðslýsingu 30. nóvember 2007 var birt fjárhagsstaða sparisjóðsins miðað við lok júní 2007.⁸⁸ Hagnaður var á rekstrinum fyrstu sex mánuðina, einkum vegna gengisbreytinga á bréfum í Exista hf. sem sparisjóðurinn átti í beinni eign og í gegnum hlut sinn í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Gengi bréfa í Exista hf. náði hámarki í júlí 2007 og var þá rúmar 40 krónur á hlut. Í desember 2007 var meðalgengi Exista hins vegar tæpar 22 krónur á hlut. Fram kom í skýrslutöku af þáverandi stjórnarformanni sparisjóðsins fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra að stjórnin hafi ekki talið ástæðu til að vara við verri útkomu en gert hefði verið ráð fyrir við gerð útboðslýsingarinnar meðan á útboðinu stóð, þrátt fyrir mikið fall á bréfum í Exista hf. frá gerð útboðslýsingarinnar fram að lokadegi útboðs. Taldi stjórnin gengisfall bréfanna vera tímabundna sveiflu, en svo reyndist ekki vera.⁸⁹

Stofnfjárútboðinu lauk 14. desember 2007 og átti að greiða fyrir stofnféð fyrir 21. desember 2007. Í útboðslýsingu kom fram að hlutur þeirra stofnfjáreigenda sem ekki nýttu rétt sinn í útboðinu myndi skerðast um 96,5% ef allt stofnféð seldist. Stjórn sparisjóðsins hafði milligöngu um það að stofnfjáreigendur gætu fjármagnað stofnfjárkaupin með lánnum frá Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Af 150 stofnfjáreigendum skrifuðu 145 sig fyrir stofnfé

83. Ársreikningur Sparisjóðs Svarfdæla 2006; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla, 28. apríl 2005.

84. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Svarfdæla.

85. Útboðslýsing Sparisjóðs Svarfdæla, 30. nóvember 2007.

86. Endurrit úr vitnamáli V-2/2011 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra, 13.–14. september 2011.

87. Bréf KPMG hf. til stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla 4. ágúst 2007.

88. Þó má finna upplýsingar um samsetningu fjármögnunar sparisjóðsins fyrir 30. september 2007.

89. Endurrit úr vitnamáli V-2/2011 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra, 13.–14. september 2011.

og því breyttist eignarhlutfall milli stofnfjáreigenda, sem hafði verið jafnt fram að útboði. Í lok árs 2007 var hlutfallsleg stærð stofnfjárluta á bilinu 0,02–0,71% og heildarstofnfé 535.883.017 krónur.⁹⁰

Við skýrslutökur af fyrrum stjórnarformanni sparisjóðsins í vitnamáli V-2/2011 í Héraðsdómi Norðurlands eystra kom meðal annars fram að ýmsir aðilar hefðu boðið stofnfjáreigendum hátt verð í stofnfé á þessum tíma og að stofnfjárukning og hlutafélagsvæðing hefðu hugsanlega getað komið í veg fyrir yfirtöku á sparisjóðnum. Hann sagðist ekki vita nákvæmlega hvaða menn þetta hefðu verið en þeir hefðu meðal annars auglýst eftir bréfum í blöðunum. Með því að auka hlut stofnfjáreigenda og breyta sparisjóðnum í hlutafélag, þar sem sjálfseignarstofnun eignaðist þann hluta sparisjóðsins sem ekki yrði í eigu stofnfjáreigenda eftir hlutafjársvæðingu, hefði verið hægt að koma í veg fyrir að einn aðili gæti náð yfirráðum yfir sparisjóðnum. Stefnt var að því að sjálfseignarstofnunin eignaðist meirihluta í sparisjóðnum eftir hlutafélagsvæðingu og að stjórn hennar yrði ekki heimilt að selja hluta af eigninni. Þannig hefði verið hægt að koma í veg fyrir að utanaðkomandi aðilar eignuðust sparisjóðinn.⁹¹

Sparisjóður Svarfdæla hf. var stofnaður 26. mars 2008. Sparisjóður Svarfdæla átti að renna inn í þetta hlutafélag og hlutabréf í honum að skiptast eftir hlutfallslegri eign stofnfjáreigenda og sjálfseignarstofnunar sem sett skyldi á stofn við breytingu á sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 74., sbr. 73. og 76. gr. þágildandi laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.⁹² Á stjórnarfundum sparisjóðsins 30. maí 2008 var kynnt skýrsla um mat Capacent á virði sparisjóðsins en hann var þá metinn á 1.890 milljónir króna. Skiptihlutfall milli stofnfjáreigenda og sjálfseignarstofnunar var 55,13% á móti 44,87%.⁹³ Þetta mat var endurskoðað 7. ágúst 2008, en þá hafði stjórnarformaður óskað eftir því við Capacent að virði sjóðsins yrði metið miðað við 30. júní 2008, en fyrra mat miðaði við 31. mars 2008. Varð niðurstaðan sú að sparisjóðurinn væri 1.146 milljóna króna virði og næmi hlutur stofnfjáreigenda 75,45% og hlutur sjálfseignarstofnunarinnar 24,55%.⁹⁴ Virði sparisjóðsins hafði því lækkað um 744 milljónir króna á þremur mánuðum. Þar sem tapið félli á varasjóð en stofnfé stóð óbreytt breyttust hlutföll milli stofnfjáreigenda og sjálfseignarstofnunarinnar.

Stjórnin ákvað 1. júlí 2008 að leggja til við fund stofnfjáreigenda að ákvörðun um hlutafélagsvæðingu yrði slegið á frest, en tók þó fram að ekki hefði verið hætt við þau áform sem samþykkt voru á fundi stofnfjáreigenda í september 2007.⁹⁵ Hinn 9. október sama ár samþykkti stjórn að fresta stofnfjáreigendafundi og ætlaðri hlutafélagsvæðingu um óákveðinn tíma.⁹⁶ Af hlutafélagsvæðingu Sparisjóðs Svarfdæla varð ekki þótt hlutafélagið hafi verið stofnað.

Stofnfé breyttist á árinu 2010 þegar sparisjóðurinn gerði upp kröfur Seðlabanka Íslands á hendur honum, meðal annars með umbreytingu hluta þeirra í stofnfé. Á stofnfjáreigendafundi 16. júní 2010 voru samþykktar breytingar á samþykktum sjóðsins þar sem heimilað var að færa niður stofnfé til jöfnunar taps sem ekki yrði mætt á annan hátt. Gefið var út nýtt stofnfé að fjárhæð 381.960.000 krónur og varð heildarstofnfé 424.400.000 krónur. Seðlabanki Íslands fékk nýja stofnféð upp í kröfur sínar en stofnfjáreigendur sem fyrir voru í sparisjóðnum færðu niður stofnfjáreign sína þannig að þeir ættu 10% stofnfjár eftir þessa stofnfjárukningu. Stofnfé Seðlabanka Íslands var síðan framselt til fjármálaráðherra sem tók við því fyrir hönd íslenska ríkisins og fól Bankasýslu ríkisins að fara með eignarhald þess.

90. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Svarfdæla; útboðslýsing Sparisjóðs Svarfdæla, 30. nóvember 2007.

91. Endurrit úr vitnamáli V-2/2011 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra, 13.–14. september 2011.

92. Með lögum nr. 76/2009, sem tóku gildi 16. júlí 2009, var lögum um fjármálafyrirtæki breytt þannig að heimild til að breyta sparisjóði í hlutafélag var felld brott. Sú heimild var svo endurvakin með lögum nr. 77/2012.

93. Matsgerð Capacent ehf. við breytingu Sparisjóðs Svarfdæla í hlutafélag, maí 2008.

94. Matsgerð Capacent ehf. við breytingu Sparisjóðs Svarfdæla í hlutafélag, ágúst 2008.

95. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla, 1. júlí 2008.

96. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla, 9. október 2008.

25.5.1 Lán frá Saga Capital vegna stofnfjárukningar

Í nóvember 2007 sendi Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. stofnfjáreigendum í Sparisjóði Svarfdæla bréf þar sem fram kom að stjórn sparisjóðsins hefði óskað eftir því við bankann að hann tæki að sér fjármögnun stofnfjárkaupa þeirra sem þess óskuðu í stofnfjárukningu sjóðsins.⁹⁷ Ekkert er bókað í stjórnarfundargerðum um þá ákvörðun stjórnar að óska eftir aðkomu bankans að þessari fjármögnun.

Af þeim 145 stofnfjáraðilum sem tóku þátt í stofnfjárukningunni fengu 108 lánað fyrir stofnfénu hjá Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., samtals 388 milljónir króna eða 75% af heildargreiðslu útboðsins. Lánin voru til fjögurra og hálfis árs með tryggingar í stofnfjárbréfum í sparisjóðnum. Aðrir sem tóku þátt í útboðinu fengu lánað hjá öðrum fjármála-stofnunum eða nýttu sparnað sinn í fjárfestinguna.⁹⁸

Við fall viðskiptabankanna haustið 2008 og gengishrun bréfa í Exista hf. varð ljóst að staða sparisjóðsins væri slæm og virði stofnfjárbréfa ekki hið sama og þegar ráðist var í stofnfjárukninguna. Þeir sem tekið höfðu lán vegna stofnfjárukningarinnar sáu fram á að arðgreiðslur af bréfunum yrðu mun minni en gert hafði verið ráð fyrir, auk þess sem veð að baki lánunum höfðu rýrnað til muna. Þá höfðu lán í mörgum tilfellum hækkað þar sem einhver þeirra voru gengistryggð.

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. og sparisjóðurinn, ásamt SPRON-Verðbréfum hf., unnu að því á árunum 2009 og 2010 að finna lausn á vanda þeirra stofnfjáreigenda sem höfðu tekið lán vegna stofnfjárkaupa. Mál stofnfjárhafa voru mikið rædd í stjórn sparisjóðsins. Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. sendi í desember 2010 bréf til þeirra sem höfðu tekið lán vegna stofnfjárkaupa og tilkynnti að greiðslur af lánunum ættu að hefjast í janúar 2011. Lántökum var boðið að lengja afborganir lánsins úr 18 mánuðum í 180 mánuði og að fyrstu greiðslu yrði frestað til 1. febrúar 2011.⁹⁹ Fulltrúar Saga Capital mættu á fundi með samtökum stofnfjáreigenda í Sparisjóði Svarfdæla 25. janúar 2011 þar sem úrlausn skuldamála var rædd. Komu þar fram sjónarmið starfsmanna Saga Capital um að lagaleg óvissa ríkti um lán sem bundin væru við erlenda mynt. Þó að dómur hefðu fallið í málum sem svipaði til þeirra sem voru til umræðu á fundinum, væri ekki um fyllilega sambærilega samninga að ræða. Vilji Saga Capital væri þó að leysa lánamál þeirra sem skulduðu bankanum vegna stofnfjárukningar í Sparisjóði Svarfdæla.¹⁰⁰

Við endurskipulagningu Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. í lok árs 2009 var stofnað félagið Hilda hf. sem tók yfir ákveðnar eignir Saga Capital, þar á meðal lánin til stofnfjáreigenda í Sparisjóði Svarfdæla og skuldir við Seðlabanka Íslands. Í janúar 2011 sendu stofnfjáreigendur tilboð til Hildu hf. um uppgjör á lánunum. Þessu tilboði var ekki svarað formlega en á árinu 2011 tók dótturfélag Seðlabankans, Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf., yfir Hildu hf.¹⁰¹

Á stofnfjáreigendafundi í ágúst 2011 var lagt fram tilboð frá Seðlabanka Íslands um uppgjör krafanna. Að sögn formanns samtaka stofnfjáreigenda svipaði því tilboði mjög til tilboðs samtakanna til Hildu í janúar sama ár. Formaður samtakanna bað um að fá að bera tilboðið undir stofnfjáreigendur áður en því yrði svarað formlega.¹⁰² Áður en til þess kom hófust vitnaleiðslur í vitnamáli fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra í máli stofnfjáreigenda í Sparisjóði Svarfdæla gegn Sögu fjárfestingarbanka hf. (áður Saga Capital), Hildu hf., KPMG ehf. og Sparisjóði Svarfdæla. Þá auglýsti Bankasýsla ríkisins sparisjóðinn til sölu í september 2011. Lögmaður samtaka stofnfjáreigenda var í samskiptum við Seðlabankann frá því samtökunum var gert tilboðið en engin niðurstaða náðist.¹⁰³

97. Bréf Saga Capital Fjárfestingarbanka til stofnfjáreigenda Sparisjóðs Svarfdæla 29. nóvember 2007.

98. Yfirlit yfir lántakendur Sparisjóðs Svarfdæla. Gögn afhent rannsóknarnefndinni af Saga Capital vegna fyrirspurnar frá 16. nóvember 2011; stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Svarfdæla; lánasamningur í erlendum myntum milli Saga Capital Fjárfestingarbanka og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Svarfdæla, desember 2007.

99. Bréf Saga Capital Fjárfestingarbanka til stofnfjáreigenda Sparisjóðs Svarfdæla 28. desember 2010.

100. Fundargerð Samtaka stofnfjáreigenda í Sparisjóði Svarfdæla, 25. janúar 2011.

101. Ársskýrsla Seðlabanka Íslands 2011, bls. 53.

102. Fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Svarfdæla, 11. ágúst 2011.

103. Skýrsla Jóhanns Ólafssonar, formanns samtaka stofnfjáreigenda Sparisjóðs Svarfdæla fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 7. ágúst 2012.

Það var svo 23. janúar 2012 sem Hilda hf. gerði stofnfjáreigendum í sparisjóðnum tilboð um að falla frá kröfunum. Skilyrði niðurfellingarinnar var að meira en 95% stofnfjáreigenda samþykktu tilboð Landsbankans hf. í allar eignir sparisjóðsins á fundi stofnfjáreigenda sem fór fram 24. janúar sama ár.¹⁰⁴ Nærri 100% stofnfjáreigenda samþykktu tilboðið og voru skuldir stofnfjáreigenda við Hildu hf. felldar niður.¹⁰⁵

25.6 Fjárhagsleg endurskipulagning

Í upphafi árs 2008 var staða Sparisjóðs Svarfdæla ágæt, hagnaður af rekstri sjóðsins árið 2007 nam 107 milljónum króna, eigið fé sjóðsins í árslok 2007 nam 2.337 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 21,1%. Stofnfjárukningin á árinu 2007 skýrði að hluta góða stöðu sparisjóðsins. Hann fór þó ekki varhluta af þeirri þróun sem varð á fjármálamörkuðum á árinu 2008 og mikill viðsnúningur varð í rekstri sparisjóðsins þá. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 var tap á rekstri sparisjóðsins 2.150 milljónir króna. Eigið fé sparisjóðsins í árslok 2008 nam 33 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var neikvætt um 10,8%. Meginástæða þessa mikla rekstrartaps var verðfall á ýmsum eignarhlutum í félögum sem sparisjóðurinn hafði fjárfest í auk þess sem nauðsynlegt reyndist að hækka framlag í afskriftareikning útlána verulega.¹⁰⁶ Stærstu einstöku niðurfærslur vegna eignarhluta í félögum voru vegna Kistu – fjárfestingarfélags ehf., 1.117 milljónir króna, og vegna Sparisjóðabanka Íslands hf., 671 milljón króna.

Í október 2008 var hugað að því að styrkja stöðu Sparisjóðs Svarfdæla og á stjórnarfundi hans 27. október 2008 var samþykkt að veita stjórnarformanni heimild til að vinna að umsókn um eiginfjárframlag frá ríkissjóði.¹⁰⁷ Aðrar leiðir voru einnig til skoðunar og í kjölfar birtingar yfirlýsingar um sameiningaráform Byrs sparisjóðs, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðsins í Keflavík urðu miklar umræður um framtíð sparisjóðanna á stjórnarfundi Sparisjóðs Svarfdæla 4. desember 2008.¹⁰⁸ Stjórnin fól formanni að kanna vilja til sameiningar sparisjóða á Eyjafjarðarsvæðinu. Óformlegar sameiningarviðræður sparisjóða á svæðinu voru til umræðu á stjórnarfundi sparisjóðsins í upphafi árs 2009 en forsvarsmenn sparisjóðanna á Grenivík, Siglufirði og Ólafsfirði höfðu samþykkt að gerð yrði áætlun um sameiginlegan sjóð með Sparisjóði Svarfdæla. Taldi stjórn Sparisjóðs Svarfdæla æskilegt að vinnu við áætlanagerð yrði hraðað sem frekast væri unnt svo hægt yrði að hefja formlegar sameiningarviðræður, gæfu niðurstöður tilefni til.¹⁰⁹ Ekkert varð þó af formlegum sameiningarviðræðum á þeim tíma.

25.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag

Sparisjóður Svarfdæla sótti um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli reglna um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. 18. mars 2009.¹¹⁰ Óskaði sparisjóðurinn eftir eiginfjárframlagi sem næmi allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans eins og það var í árslok 2007, en það var 2.337 milljónir króna og var því óskað eftir rúmlega 467 milljónum króna framlagi.

Í umsókn sparisjóðsins voru raktar meginástæður rekstrartaps ársins 2008, svo sem verðfall á eignarhlutum í félögum, auk hærri framlaga í afskriftareikning útlána. Mikil óvissa væri um eignamat í ljósi stöðu á fjármálamörkuðum, auk þess sem erfitt væri að meta greiðslugetu lántakenda, sem og rekstrarhæfi fyrirtækja. Auk umsóknar um eigin-

104. Sátt utan réttar og afsal vegna tilboðs Hildu hf. til stofnfjáreigenda Sparisjóðs Svarfdæla um að falla frá kröfum, 23. janúar 2012.

105. „Sala á rekstri Sparisjóðs Svarfdæla samþykkt á stofnfjárhafafundi“, bankasysla.is 6. febrúar 2012, <http://www.bankasysla.is/fjolmidlar/frettir/nr/289/>.

106. Bréf fjármálaráðuneytisins til Seðlabanka Íslands 19. mars 2009.

107. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla, 27. október 2008. Á þeim tíma höfðu reglur um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., en 2. gr. laga nr. 125/2008 heimilaði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að leggja sparisjóði til fjárhæð sem næmi allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans.

108. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla, 4. desember 2008.

109. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Svarfdæla, 8. janúar 2009.

110. Fjallað er um reglur um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. í 13. kafla.

fjárframlag úr ríkissjóði hugðist sparisjóðurinn grípa til hagræðingar í rekstri og gerði í rekstraráætlun fyrir árin 2009–2012 ráð fyrir hagnaði af rekstri á tímabilinu. Hvorki var gert ráð fyrir eftirgjöf skulda sparisjóðsins né sameiningu við aðra sparisjóði. Sparisjóðurinn hefði kannað ýmsa kosti í sameiningarmálum en taldi rétt að bíða, enda yrði „góður jarðvegur“ til að huga að sameiningu eða nánari samvinnu sparisjóðanna þegar þeir hefðu fengið úrlausn sinna mála. Greint var frá því að viðræður hefðu átt sér stað við Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. um aðkomu hans að úrlausn skuldavanda viðskiptamanna sparisjóðsins vegna stofnfjárkaupa árið 2007, en þetta kynni að leiða til þess að bankinn yrði eigandi meirihluta stofnfjár í sparisjóðnum.¹¹¹

Í staðfestingu endurskoðanda sem fylgdi umsókninni kom fram að hefði sparisjóðurinn fengið 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði í árslok 2008 hefði eiginfjárhlutfall verið 13,2%. Samkvæmt drögum að ársreikningi fyrir árið 2008 væri eiginfjárhlutfallið hins vegar neikvætt um 11,1% og þyrfti eiginfjárgrunnurinn að hækka um 553 milljónir króna til að ná lögbundnu 8% lágmarki. Bókfærð staða víkjandi lána nam þá 443 milljónum króna en lág eiginfjárstaða sparisjóðsins setti því takmörk að hve miklu leyti væri hægt að telja þau til eiginfjárgrunns. Með 20% framlaginu myndi eiginfjárstaðan batna og hægt yrði að nýta meira af víkjandi lánum í eiginfjárgrunninn. Því myndi 467 milljóna króna framlag leiða til 701 milljónar króna hækkunar á eiginfjárgrunni, og eiginfjárhlutfallið yrði 13,2%.¹¹²

Umsókn Sparisjóðs Svarfdæla var vísað til Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins til umsagnar 19. mars 2009.¹¹³ Fjármálaeftirlitið taldi rekstraráætlun sparisjóðsins nokkuð raunhæfa og spár um kostnaðarliði áreiðanlegar, spá um tekjuinnflæði væri ekki óraunhæf en háð meiri óvissu. Benti Fjármálaeftirlitið á að langt væri síðan það hefði metið útlána-safn sparisjóðsins og mat á virðisrýrnun útlána væri alltaf háð einhverri óvissu. Engu að síður lagði Fjármálaeftirlitið til að Sparisjóði Svarfdæla yrði veitt 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.¹¹⁴

Seðlabanki Íslands sendi fjármálaráðuneytinu sameiginlega umsögn um umsóknir sparisjóðanna um eiginfjárframlag úr ríkissjóði 21. apríl 2009. Í umsögn sinni lagði Seðlabanki Íslands ríka áherslu á að breytingar yrðu gerðar á yfirstjórn viðkomandi fjármála fyrirtækja, þar sem það ætti við, að framtíðar arðgreiðslur yrðu takmörkunum háðar og að nýjar viðskiptaáætlanir myndu liggja fyrir. Þá lagði Seðlabankinn áherslu á að leitað yrði leiða til að fá fleiri aðila til að leggja sparisjóðunum til nýtt eigið fé, til að styrkja þá og dreifa eignarhaldi, og að tryggt yrði að fyrirliggjandi tap yrði borið af þáverandi eigendum áður en ríkið legði til nýtt eigið fé. Mikilvægt væri að Fjármálaeftirlitið og endurskoðendur sparisjóðanna mætu eigið fé þeirra og að það yrði fært niður eins og þörf væri á, áður en ríkissjóður legði til nýtt eigið fé.¹¹⁵

25.6.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar

Fjármálaráðuneytið fór fram á að sparisjóðir sem sóttu um stofnfjárframlag fengju óháð endurskoðunarfyrirtæki til að fara yfir reikninga sína og verðmæti eigna. Endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera fjárhagslega áreiðanleikakönnun á ákveðnum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi sparisjóða og skilaði skýrslu um Sparisjóð Svarfdæla 16. júní 2009. Helstu niðurstöður voru að virðisrýrnun eigna væri meiri en sparisjóðurinn hefði gert ráð fyrir í ársreikningi ársins 2008 sem nam um 185 milljónum króna eða 152 milljónum króna eftir skattáhrif. Eigið fé sjóðsins væri því neikvætt um 119 milljónir króna.¹¹⁶

111. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til fjármálaráðuneytisins 17. mars 2009.

112. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til fjármálaráðuneytisins 17. mars 2009.

113. Bréf fjármálaráðuneytisins til Seðlabanka Íslands 19. mars 2009; bréf fjármálaráðuneytisins til Fjármálaeftirlitsins 19. mars 2009.

114. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 20. apríl 2009.

115. Bréf Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009. Nánar er fjallað um umsögn Seðlabankans um umsóknir sparisjóðanna í 13. kafla.

116. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á áfmrökuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Svarfdæla, skýrsla unnin fyrir Fjármálaráðuneytið, 16. júní 2009.

Tafla 18. Virðisrýrnun samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers hf.¹¹⁷

Pús. kr.	Bókfærð staða 31.12.2008	Niðurfærsla Sparisjóðs Svarfdæla	Mat PwC á niðurfærslu	Mismunur
Útlán 18 stærstu	1.066.244	70.000	257.840	187.840
Önnur útlán	1.883.423	125.686	125.686	–
Útlán samtals	2.949.667	195.686	383.526	187.840
Skuldabréf með föstum tekjum	73.684	–	14.782	14.782
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	1.058.837	–	62.957	62.957
Hlutir í hlutdeildarfélagum	16.176	–	(41.000)	(41.000)
Skatteign	–	–	(40.000)	(40.000)
Samtals	4.098.364	195.686	380.265	184.579
Tekjuskattshagræði (15%)	–	–	–	(33.063)
Samtals eignaliðir skoðaðir (78% af EH)	4.098.364	195.686	380.265	151.516

Samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers hf. leiddi virðisrýrnunin til þess að eiginfjárlutfallið lækkaði og varð neikvætt um 16,24%. Eigið fé sparisjóðsins hefði þurft að hækka um 605 milljónir króna til þess að 12% eiginfjárlutfall næðist, eins og áskilið var í reglum um eiginfjárlag til sparisjóða.¹¹⁸ Því var ljóst að frekari endurskipulagning fjárhags sparisjóðsins þyrfti að koma til svo sparisjóðurinn fengi eiginfjárframlag úr ríkissjóði.

Menningarhúsið Berg á Dalvík

Á árinu 2006 samþykkti Sparisjóður Svarfdæla að gefa Dalvíkurbyggð menningarhús sem síðar hlaut nafnið Berg. Um 300 milljónir króna af eigin fé sparisjóðsins voru lagðar fram til byggingar hússins fram til ársins 2008. Í bréfi Sparisjóðs Svarfdæla til Fjármálaeftirlitsins 7. ágúst 2009 sagði að sparisjóðurinn hefði þá eignfært menningarhúsið og bókfært verðmæti þess væri 300 milljónir króna. Forsvarsmenn sparisjóðsins óskuðu síðar eftir því að Fjármálaeftirlitið staðfesti skilning þeirra á að fasteignin teldist að fullu til eiginfjár sparisjóðsins. Í minnisblaði Fjármálaeftirlitsins frá 12. október 2009, þar sem fjallað var um málið, er greint frá tveimur sjónarmiðum. Þegar leitað hefði verið áhlits Fjármálaeftirlitsins árið 2006 þegar hugmyndin um að gefa menningarhúsið kom fyrst fram, hefði verið vísað til 103. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, þar sem segir, að hluthafafundur geti ákveðið að gefa af fjármunum félags til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti sem slíkt teldist hæfilegt með hliðsjón af tilgangi með gjöfinni, fjárhagsstöðu félags og atvika að öðru leyti. Nú væri komin upp sú staða að gjöfin gæti haft neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu sparisjóðsins. Þá væri ljóst að það félli ekki að starfsheimildum sparisjóðsins að eiga fasteign sem ekki tengdist starfsemi hans á neinn hátt. Með tilliti til þessa og í ljósi þeirrar stöðu sem sparisjóðurinn var kominn í, skyldi honum gefinn tólf mánaða frestur til að losa eignina út af efnahagsreikningi sínum. Þá þyrfti að fara fram verðmat á fasteigninni áður en hún yrði færð á efnahagsreikninginn og eðlilegast væri að óháður endurskoðandi sæi um það mat. Í greinargerð endurskoðanda sparisjóðsins um verðmæti menningarhússins 12. nóvember 2009 sagði að bókfært verð hússins væri jafnt kostnaðarverði og væri gert ráð fyrir að kostnaðarmatsreglunni yrði beitt við mat á húsinu þar til annað yrði ákveðið.* Menningarhúsið var fært á bækur sparisjóðsins í hálfársuppgjöri 2009 en ekki í öðrum reikningum hans. Í bréfi sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar 7. maí 2012 kom fram að forsvarsmenn hans hefðu talið að Fjármálaeftirlitið væri andsnúið eignfærslunni en auk þess hefðu nýjar línur verið lagðar um aðkomu Seðlabanka Íslands að endurfjármögnun sparisjóðsins og var menningarhúsið því fært aftur út úr bókum sparisjóðsins.**

*Bréf KPMG hf. til Fjármálaeftirlitsins 12. nóvember 2009.

**Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til rannsóknarnefndarinnar 7. maí 2012.

Fjármálaeftirlitið greip fyrst til formlegra aðgerða vegna eiginfjárstöðunnar með bréfi 11. júní 2009 og veitti Sparisjóði Svarfdæla þriggja vikna frest til að auka við eiginfjárgrunn sinn. Í bréfinu var vísað til ársuppgjörs sparisjóðsins og skýrslu um eiginfjárlutfall frá

117. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Svarfdæla, skýrsla unnin fyrir Fjármálaráðuneytið, 16. júní 2009.

118. Samningar um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Svarfdæla, samantekt fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 16. júní 2009; skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Svarfdæla, skýrsla unnin fyrir Fjármálaráðuneytið, 16. júní 2009.

31. mars 2009, en hlutfallið var neikvætt um 11,5%.¹¹⁹ Í svarbréfi sparisjóðsins 30. júní var óskað eftir viðbótarfresti, sem var veittur, en í bréfinu sagði að sparisjóðurinn hefði ráðið Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. til að vinna að tillögu að lausn á eiginfjárvanda sparisjóðsins. Lausnin ætti meðal annars að felast í því að menningarhúsið Berg á Dalvík yrði eignfært í bókum sparisjóðsins, samið yrði við lánardrottna og nýtt stofnfé sem næmi 50–100 milljónum króna yrði lagt fram af Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og öðrum. Sparisjóðurinn hugðist jafnframt freista þess að semja við helstu lánardrottna sína, Seðlabankann, sem hafði fengið framseldar kröfur Sparisjóðabanka Íslands hf. á hendur sparisjóðnum, og Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. sem hafði veitt sparisjóðnum víkjandi lán.¹²⁰

Hinn 29. júlí 2009 óskaði sparisjóðurinn með bréfi enn á ný eftir auknum fresti, en áform sparisjóðsins voru enn hin sömu og áður. Í bréfinu kom fram að ekki lægi fyrir hver tæki ákvörðun um meðhöndlun krafna Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðnum og væri beðið eftir þeirri ákvörðun, en samskipti við fjármálaráðuneytið hefðu bent til þess að niðurstaða í málinu lægi fyrir í ágúst.¹²¹ Fjármálaeftirlitið framlengdi síðan frest sparisjóðsins til að auka við eiginfjárgrunn sinn ítrekað, allt til 11. júní 2010.

Fjármálaeftirlitið skipaði Sparisjóði Svarfdæla sérstakan sérfræðing til að hafa eftirlit með rekstri sparisjóðsins 15. júlí 2009, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Í skipunarbréfi Árna Pálssonar hæstaréttarlögmanns í stöðuna kom fram að honum væri ætlað að hafa sérstakt eftirlit með rekstri sparisjóðsins og gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir starfi sínu. Samkvæmt skipunarbréfinu gildi skipunin til 12. ágúst 2009 eða þar til ákvörðun yrði tekin um annað.¹²² Skipunin var framlengd ellefu sinnum, allt til 7. júlí 2010. Á tímabilinu skilaði Árni reglulega skýrslum til Fjármálaeftirlitsins.

Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða, þegar ljóst var að sparisjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparisjóða.¹²³ Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðunum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparisjóði Svarfdæla sem námu 694 milljónum króna.¹²⁴ Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparisjóðunum tillögu um meðferð krafna á hendur sparisjóðunum og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn. Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn síðan sparisjóðunum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹²⁵ Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹²⁶

Sparisjóður Svarfdæla svaraði boði Seðlabanka Íslands með bréfi 8. febrúar 2010 og lýsti þar vonbrigðum sínum með það að kjör Seðlabankans gerðu einungis ráð fyrir 12% lækkun krafna gegn eingreiðslu, en sparisjóðurinn hafði ítrekað óskað eftir að fá að greiða kröfuna upp með 25–33% niðurfærslu og taldi ýmsa vankanta fylgja því að staðgreiða kröfurnar.¹²⁷

Sparisjóðurinn sendi Fjármálaeftirlitinu útreikninga vegna skilyrða um eiginfjár- og lausafjárkröfur þess sem settar voru fram í bréfinu. Fjármálaeftirlitið taldi að yfirferð gagna gæfi ekki tilefni til annars en að álykta að sparisjóðurinn stæðist gerðar kröfur að lokinni

119. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Svarfdæla 11. júní 2009.

120. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til Fjármálaeftirlitsins 30. júní 2009.

121. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til Fjármálaeftirlitsins 29. júlí 2009. Niðurstaðan lá svo fyrir um miðjan ágúst 2009.

122. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Árna Pálssonar 15. júlí 2009.

123. Bréf Seðlabanka Íslands til sparisjóða 8. september 2009.

124. Minnisblað Seðlabanka Íslands um vinnu með kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðunum, 21. ágúst 2009.

125. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um bréf Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

126. Bréf Fjármálaeftirlitsins til sparisjóða 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

127. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til Seðlabanka Íslands 8. febrúar 2010.

fjárhagslegri endurskipulagningu. Því samþykkti Fjármálaeftirlitið, miðað við fyrirbyggjandi gögn, að sparisjóðurinn gengi til endanlegra samninga við Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu.¹²⁸

25.6.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu

Seðlabanka Íslands barst áætlun Sparisjóðs Svarfdæla um fjárhagslega endurskipulagningu 5. mars 2010 og samþykkti hana, en með fyrirvara um hlut stofnfjárhafa í sparisjóðnum eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Seðlabankinn fór fram á að hlutur þeirra yrði ekki meiri en 10% af heildarstofnfé sparisjóðsins.¹²⁹ Hinn 19. mars lagði Sparisjóður Svarfdæla fram lítillaga breytta tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu sem samþykkt var af Seðlabankanum. Breytingin fólst í því að stofnfé sem fyrir var yrði fært niður um 93,74%; um 207 milljónir króna af víkjandi lánnum greiddar upp með 45% afslætti; Seðlabankinn afskrifaði rúmar 343 milljónir króna, og tæpum 382 milljónum króna af kröfum Seðlabankans yrði breytt í stofnfé. Að lokum tæki sparisjóðurinn nýtt 120 milljóna króna víkjandi lán.¹³⁰ Seðlabanki Íslands samþykkti tilboð Sparisjóðs Svarfdæla 19. mars 2010, en endanlegur frágangur samnings beið samþykkis annarra kröfuhafa og Fjármálaeftirlitsins. Áform stjórnvalda um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna voru einnig háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem samþykkti áformin 21. júní 2010.¹³¹ Þá samþykkti stofnfjäreigendafundur í sparisjóðnum 16. júní 2010 áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins og nauðsynlegar breytingar á samþykktum.¹³²

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, varðandi lögmati lánskuldbindinga í íslenskum krónum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla, sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálfyrirtækjum tilmæli 30. júní 2010 vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða. Í kjölfarið var fjármálfyrirtækjum gert að endurmeta eiginfjárþörf sína í ljósi aðstæðna og að tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur hefði í för með sér.¹³³ Í ljós kom að sparisjóðurinn uppfyllti ekki eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins eftir að tekið hafði verið tillit til niðurfærslna lána sökum óskuldbindandi gengistryggingarákvæða. Í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 frá 16. september 2010 var lokið við að meta áhrif dómanna á eiginfjástöðu sparisjóðsins. Í ljós kom að enn skorti eigið fé til að uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins.¹³⁴

Sparisjóðurinn lagði fram uppfærða áætlun að fjárhagslegri endurskipulagningu 16. desember 2010 þar sem fram kom að eigið fé sparisjóðsins væri neikvætt um tæpar 296 milljónir króna. Þá voru eldri víkjandi lán þegar upp gerð. Í áætluninni var gert ráð fyrir niðurfærsla stofnfjár með sama hætti og áður; Seðlabankinn myndi afskrifa 363 milljónir króna af kröfu sinni og breyta 382 milljónum króna í stofnfé. Þá myndi sparisjóðurinn taka nýtt 20 milljóna króna víkjandi lán hjá Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. Auk þessa var gert ráð fyrir hagnaði vegna sölu á eignarhlut í Valitor Holding hf. upp á rúmar 35 milljónir króna, og að ölögmæt, gengistryggð lán yrðu niðurfærð um 70 milljónir króna. Að þessum aðgerðum loknum yrði eiginfjárhlutfall Sparisjóðs Svarfdæla 16,25%.¹³⁵ Í endanlegu samkomulagi, 21. desember 2010, sem gert var á grundvelli áætlunarinnar var miðað við stöðu krafna 31. desember 2009 en þá námu þær 725 milljónum króna. Fól það í sér að Seðlabankinn afskrifaði aðeins 343 milljónir króna.

Samkomulagið kom í stað eiginfjárframlags úr ríkissjóði á grundvelli laga nr. 125/2008 og afturkallaði stjórn sparisjóðsins umsóknina um eiginfjárframlagið. Samkomulagið tók til krafna samkvæmt „Rammamningi um reikningslán milli Sparisjóðs Svarfdæla og Sparisjóðabanka Íslands hf.“ frá 6. desember 2004, sem voru meðal krafna sem Seðla-

128. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Svarfdæla 24. mars 2010.

129. Bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Svarfdæla 8. mars 2010.

130. Áætlun Sparisjóðs Svarfdæla um fjárhagslega endurskipulagningu, 31. mars 2010.

131. Nánari umfjöllun um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er í 13. kafla.

132. Fundargerð stofnfjäreigendafundar Sparisjóðs Svarfdæla, 16. júní 2010.

133. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálfyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>. Nánari umfjöllun er að finna í 13. kafla.

134. Minnisblað Seðlabanka Íslands um samninga um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Svarfdæla, 23. desember 2010.

135. Sparisjóður Svarfdæla – Endurskipulagning, skjal frá Sparisjóði Svarfdæla í hefti Seðlabanka Íslands um samninga um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Svarfdæla, 16. desember 2010.

bankinn fékk framseldar í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009. Meðal skilyrða fyrir samkomulaginu var að stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Svarfdæla samþykkti niðurfærslu eldra stofnfjár, en þær breytingar höfðu þegar verið samþykktar á fundi stofnfjáreigenda 16. júní 2010.

Niðurfelling skulda við Seðlabankann að fjárhæð 343 milljónir króna var tekjufærð í ársreikningi Sparisjóðs Svarfdæla 2010 og nam hagnaður ársins 135 milljónum króna. Bókfært eigið fé var 280 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 10,5%. Fjármálaeftirlitið hafði krafist 16% eiginfjárhlutfalls hjá þeim sparisjóðum sem gengu í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og því uppfyllti Sparisjóður Svarfdæla ekki skilyrði Fjármálaeftirlitsins.¹³⁶ Sparisjóðurinn uppfyllti heldur ekki eiginfjárkröfurnar á árinu 2011 en tap af rekstri sjóðsins var 48 milljónir króna á því ári. Bókfært eigið fé í lok árs 2011 nam 232 milljónum króna og var eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 12,5%.¹³⁷ Sparisjóðurinn var því áfram rekinn á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu.

25.6.4 Eftirmálar fjárhagslegrar endurskipulagningar

Í febrúar 2011, að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Svarfdæla, var orðið ljóst að sparisjóðurinn uppfyllti ekki kröfur Fjármálaeftirlitsins um 16% eiginfjárhlutfall. Í bréfi sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2011 var bent á að helstu ástæður þess væru viljayfirlýsing um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna (110% leiðin), lækkun á mati á eignarhlutum í Saga fjárfestingarbanka hf. og FSP Holding hf. og niðurfærsla á útláni sem tryggt var með eignarhluta í Saga fjárfestingarbanka hf.¹³⁸ Fjármálaeftirlitið óskaði því eftir greinargerð sparisjóðsins um þær ráðstafanir sem stjórn sparisjóðsins hygðist grípa til.¹³⁹ Í greinargerð sparisjóðsins 8. apríl 2011 kom fram að á vettvangi Bankasýslu ríkisins væri unnið að hagræðingaradgerðum í starfsemi. Ef sú vinna leiddi ekki til lausnar á vanda sparisjóðsins hygðist sjóðurinn skoða aðrar leiðir. Visað var til þess að háar fjárhæðir hefðu verið lagðar sem varúðarframlag í afskriftareikning útlána vegna óvissu í mati á gengistryggðum lánum, 110% leiðinni og úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Var þess vænst að eitthvað af því myndi skila sér til baka í sex mánaða uppgjöri. Þá kom fram að umsókn um 50 milljóna króna stofnfjárframlag frá Tryggingasjóði sparisjóðanna hefði verið endurnýjuð og til skoðunar væri að fá fjárfesta á Eyjafjarðarsvæðinu til að koma að stofnfjáruakningu. Þá höfðu verið skoðaðir möguleikar á nýju 80 milljóna króna víkjandi láni.¹⁴⁰ Hinn 16. maí 2011 veitti Fjármálaeftirlitið Sparisjóði Svarfdæla frest til að auka við eiginfjárgrunn sinn til 31. júlí 2011.

Í júní 2011 lagði sparisjóðurinn til við Bankasýslu ríkisins að hlutur ríkisins í sparisjóðnum yrði seldur. Bankasýslan, sem fór með 90% stofnfjár í sparisjóðnum, fékk heimild fjármálaráðuneytisins til að hefja söluferli með fyrirvara um samþykki Alþingis.¹⁴¹ Á grundvelli þessa framlengdi Fjármálaeftirlitið frest sparisjóðsins til að bæta eiginfjárhlutfallið til 1. október 2011.¹⁴² Hlutur ríkisins var settur í opið söluferli í lok ágúst 2011 og voru áhugasamir aðilar beðnir um að skila inn óskuldbindandi tilboðum og bástur þrjú tilboð. Í kjölfarið fengu bjóðendur aðgang að gagnaherbergi með ítarlegum upplýsingum um starfsemi sparisjóðsins. Í síðari hluta söluferlisins skilaði aðeins Landsbankinn hf. inn skuldbindandi tilboði og var gengið til samninga við hann. Hópur stofnfjáreigenda taldi sig eiga kröfu á hendur sparisjóðnum vegna stofnfjárútboðsins 2007 og var ágreiningur uppi um þessa kröfu.¹⁴³ Sparisjóðurinn var talinn síður álitlegur fjárfestingarkostur vegna þessarar kröfu sem gæti fallið á hann og varð úr að samið var um kaup Landsbankans hf. á öllum eignum og rekstri Sparisjóðs Svarfdæla, en ekki stofnfénu sjálfu sem auglýst hafði verið til sölu. Samkomulag þess efnis var undirritað 29. desember 2011.

136. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Svarfdæla 2010, 30. mars 2011.

137. Ársreikningur Sparisjóðs Svarfdæla 2011.

138. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2011.

139. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Svarfdæla 25. febrúar 2011.

140. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til Fjármálaeftirlitsins 8. apríl 2011.

141. Bréf Sparisjóðs Svarfdæla til Fjármálaeftirlitsins 31. júlí 2011.

142. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Svarfdæla 5. ágúst 2011.

143. Meðal annars var farið fram á skýrslutökur fyrir dómi vegna ágreinings aðila, sbr. vitnamál fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra 13.–14. september 2011 í máli nr. V-2/2011.

Stofnfjáreigendafundur 24. janúar 2012 samþykkti tillögu stjórnar um söluna og í framhaldi af því tillögu um heimild til að slíta sparisjóðnum. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA.¹⁴⁴ Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA samþykktu kaupin en frumathuganir Samkeppniseftirlitsins leiddu í ljós að samruninn raskaði samkeppni á fjármálamarkaði. Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins sem birt var aðilum 28. ágúst 2012 var talið að samruninn samrýmdist ekki samkeppnislögum. Bent var á að til greina kæmi að endurskoða þá afstöðu ef bætt yrði úr ágöllum í söluferlinu. Annars vegar væri hægt að kanna hvort fjárfestar sem tóku þátt í fyrri hluta söluferlisins væru reiðubúnir að ganga til samninga um kaup á eignum og rekstri sparisjóðsins á sömu forsendum og samið var um við Landsbankann. Hins vegar mætti leita svara hjá Tryggingasjóði sparisjóða um hvort sjóðurinn væri reiðubúinn að taka þátt í stofnfjárukningu Sparisjóðs Svarfdæla eða veita honum vikjandi lán.¹⁴⁵ Í september 2012 komust Sparisjóður Svarfdæla og Landsbankinn hf. að samkomulagi um að fallið yrði frá kaupunum þar sem Tryggingasjóður sparisjóða hefði samþykkt að leggja honum til nýtt eigið fé og veita víkjandi lán þannig að sparisjóðurinn uppfyllti eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins. Gekk það eftir því samkvæmt ársreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2012 var eiginfjárlutfall sparisjóðsins 16,9%. Áður en nýtt stofnfé var gefið út til Tryggingasjóðsins þurfti að færa niður stofnfé sparisjóðsins sem nam neikvæðum varasjóði. Við það lækkaði eignarhlutur ríkisins í sparisjóðnum úr 90,0% í 86,3% en Tryggingasjóður sparisjóðanna eignaðist 4,1% stofnfjár.¹⁴⁶

Tilkynnt var um sameiningu Sparisjóðs Svarfdæla og Sparisjóðs Þórshafnar 26. mars 2013 og á aðalfundum sparisjóðanna 4. júlí 2013 var lögð fram tillaga um samruna sparisjóðanna sem samþykkt var einróma. Fjármálaeftirlitið samþykkti samrunann fyrir sitt leyti sama dag en beðið var afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA. Sparisjóðirnir voru sameinaðir undir nafni Sparisjóðs Norðurlands ses.¹⁴⁷

25.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Svarfdæla greiddi stofnfjárhöfum lengst af arð af stofnfé þeirra. Á árunum 2001–2008 námu arðgreiðslur vegna næstliðinna rekstrarára samtals 73,4 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð var samtals 8,6 milljónum króna varið til hækkunar á stofnfé, en það átti sér stað þrisvar sinnum á þessum átta árum. Greiðsla arðs á þessum árum rúmaðist alltaf innan útgefina reglna Tryggingasjóðs sparisjóða hverju sinni um hámarksarðgreiðsluhlutfall.¹⁴⁸ Sparisjóðurinn greiddi engan arð eftir 2008.¹⁴⁹

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.¹⁵⁰ Árin 2001–2008 var stofnfé Sparisjóðs Svarfdæla hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um 98 milljónir króna. Framkvæmdin var í samræmi við reglur. Endurmati var sleppt árið 2003 en það var leiðrétt árið 2005. Stofnfé var aukið um tæpar 514 milljónir króna árið 2007 en það ár nam endurmat vegna verðlagsbreytinga 4,5 milljónum króna. Árið 2008 var stofnfé hækkað um 16,36% vegna verðlagsbreytinga. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2008.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.¹⁵¹ Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Sparisjóður Svarfdæla nýtti þessa heimild til sérstaks endurmats og hækkaði stofnfé jafnan um 5% á ári. Á árunum 2001 til 2007 nam þetta sérstaka endurmat samtals 28,7 milljónum króna.

144. Skýrsla Bankasýslu ríkisins um starfsemi sína 2012.

145. Ákvörðun nr. 18/2012. Kaup Landsbankans hf. á rekstri og eignum Sparisjóðs Svarfdæla.

146. Skýrsla Bankasýslu ríkisins um starfsemi sína 2013.

147. „Samruni Sparisjóðs Svarfdæla við Sparisjóð Norðurlands ses. (áður Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis)“, fme.is 9. júlí 2013, <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/1863>.

148. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

149. Arðgreiðslur og forsendur þeirra eru tíundaðar í töflu 19.

150. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

151. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Árið 2007, síðasta árið sem sérstakt endurmat var framkvæmt, var stofnfé hækkað um tæpar 16 milljónir króna umfram það sem reglur heimiluðu en ekki var heimilt að ráðstafa meira en 10% af hagnaði til þessa sérstaka endurmats. Sérstakt endurmat var ekki framkvæmt eftir þetta.

Í töflu 19 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 19. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Svarfdæla 2005–2011.¹⁵²

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	2.353	4.369	53.588	–	–	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	2.521	4.855	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	8.406	12.136	532.435	650.513	650.513	424.439	424.439
Arður sem hlutfall af stofnfé	58,0%	76,0%	10,1%	–	–	–	–
Arður sem hlutfall af hagnaði	1,2%	1,0%	50,3%	–	–	–	–
Afkoma ársins	403.298	902.235	106.500	•	(270.118)	134.989	(47.894)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) - % af stofnfé	58,3%	76,0%	10,0%	•	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009 - % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	58,3%	76,0%	0,1%	•	•	•	•
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	420	607	26.622	–	–	–	–
Endurmat stofnfjár v/verðlagsbreytinga	580	789	4.497	91.456	–	–	–

25.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparísjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparísjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Svarfdæla og áhrif þeirra á rekstur sparísjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2007.

25.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Svarfdæla starfrækti ekki eigin innri endurskoðunardeild á því tímabili sem til athugunar var, en Fjármálaeftirlitið veitti sparísjóðnum undanþágu frá rekstri eigin endurskoðunardeildar í kjölfar þess að sparísjóðurinn gerði samning við KPMG endurskoðun hf.¹⁵³ um innri endurskoðun.¹⁵⁴ Annaðist KPMG innri endurskoðun sparísjóðsins á því tímabili sem til athugunar var og sá félagið einnig um ytri endurskoðun sparísjóðsins á sama tímabili. Í ráðningarbrefi innri endurskoðanda frá 21. janúar 2004 sagði að framkvæmdar skyldu reglulegar athuganir á tilteknum þáttum í innra eftirliti sparísjóðsins og var það í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2003.

Margar athugasemdir innri endurskoðanda beindust að því að eftirlitsaðgerðir stjórnenda væru ekki nægjanlega sýnilegar eða formlegar. Við innri endurskoðun vegna ársins 2007 var bent á að vanskil eldri en eins mánaðar gömul væru að aukast og væru meiri en hjá lána-stofnunum almennt. KPMG taldi því nauðsynlegt að fylgja vanskilamálum vel og tímanlega eftir. Í desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem tóku mið af nýjum alþjóðlegum reglum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit, svonefndum Basel II staðli um eigið fé fjármálafyrirtækja. Í lögnum voru ákvæði til bráðabirgða um aðlögun að nýjum reglum sem fólu meðal annars í sér að fjármálafyrirtæki höfðu val um að beita eldri reglum um eigið fé og áhættugrunn. Spari-

152. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.

153. Nú KPMG ehf.

154. Samkvæmt skýrslu um innri endurskoðun sparísjóðsins vegna ársins 2005 kom fram að sparísjóðurinn og KPMG hefðu gert með sér samning í desember 2003.


sjóður Svarfdæla nýtti sér framangreint frestunarákvæði og hafði ekki lokið innleiðingu nýrra reglna og framkvæmd sjálfsmats í janúar 2008 þegar skýrsla innri endurskoðanda vegna ársins 2007 var lögð fram, en þeirri vinnu átti að vera lokið 1. janúar 2008. Innri endurskoðandi taldi nauðsynlegt að þessari vinnu lyki sem fyrst.

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2008 var bent á að samþjöppunaráhætta hefði aukist verulega þar sem heildarfyrirgreiðslur til tíu stærstu aðila hefðu hækkað úr um 23% í 35% af heildarútlánnum. Þá voru skuldbindingar fimm viðskiptamanna sparisjóðsins komnar umfram 25% af eigin fé sparisjóðsins eins og það var skilgreint í reglum um stórar áhættuskuldbindingar. KPMG taldi brýnt að skuldbindingar einstakra viðskiptamanna færu ekki yfir þau mörk og ef slíkar aðstæður kæmu upp yrði að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart. Í sömu skýrslu benti KPMG á að engar tryggingar væru fyrirbyggjandi vegna þeirrar ábyrgðar sem sparisjóðurinn hafði veitt Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. upp á 130 milljónir króna og taldi innri endurskoðandi óvissu um hvort sparisjóðurinn þyrfti að greiða ábyrgðina. Vanskil héldu áfram að aukast á árinu 2008, auk vaxtafrystra lána og lagði KPMG áherslu á að vanskilamálum yrði fylgt vel eftir.

Í skýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2009 greindi innri endurskoðandi frá því að eigið fé sparisjóðsins, eins og það er skilgreint samkvæmt eiginfjárgrunni, væri neikvætt og starfaði sparisjóðurinn á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu vegna þessa. Sami texti er í skýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2010. Þá taldi innri endurskoðandi óvissu ríkja um verðmæti trygginga einstakra lána og því væri ekki hægt að meta hvort þörf væri á frekari afskriftum. Þá benti KPMG á að stjórnarmönnum bæri að víkja af fundi þegar rædd væru mál sem tengdust þeim persónulega eða fyrirtækjum sem þeir tengdust, en ekki væri hægt að sjá af fundargerðum að formaður stjórnar sparisjóðsins hefði vikið af fundi þegar fjallað hefði verið um vanskil fyrirtækja sem tengdust honum.

Innri endurskoðandi gagnrýndi nokkur atriði í starfsemi sparisjóðsins endurtekið. Bendir það til þess að stjórn hafi ekki sinnt úrbótum vegna ábendinga innri endurskoðanda með skilvirkum hætti. Í skýrslum innri endurskoðanda fyrir árin 2007 og 2008 var bent á að sjóður í hraðbanka væri ekki talinn reglulega og að áritun vantaði á vanskilalista til að staðfesta yfirferð. Í skýrslum innri endurskoðanda vegna árána 2008 og 2009 var bent á að leggja ætti endanlegar afskriftir einstakra krafna fyrir stjórn til staðfestingar þegar fyrir lægi að þær væru tapaðar, en ekki safna þeim saman til afgreiðslu við reikningsskil sparisjóðsins. Þá væri nauðsynlegt að fara yfir aðgangsheimildir starfsmanna að tölvukerfum sparisjóðsins reglulega og þyrfti sú vinna að vera sýnileg. Í skýrslum innri endurskoðanda vegna árána 2007 til 2009 var bent á að skriflegar verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja vantaði. Einnig var bent á að fjárfestingarstefnu sparisjóðsins um lausafé og ávöxtun þess vantaði sem og að viðskiptabréf sparisjóðsins væru ekki talin reglulega, en þær athuga-semdir voru einnig í skýrslu vegna ársins 2010.

26. Sparisjóður Höfðhverfinga



26. SPARISJÓÐUR HÖFÐHVERFINGA

Sparisjóður Höfðhverfinga var stofnaður 1. janúar 1879 og er því ein elsta starfandi fjármálastofnun á landinu. Það voru sex efnaðir bændur í Grýtubakkahreppi í Eyjafirði sem stóðu að stofnun sparisjóðsins, en þá voru aðeins fjórir sparisjóðir í landinu: í Reykjavík, á Siglufirði, í Álftaneshreppi og á Ísafirði.¹

Fyrstu árin og áratugin var Sparisjóður Höfðhverfinga, líkt og flestir íslenskir sparisjóðir, ekki meira fyrirtæki en svo að hann rúmaðist hæglega í einni skúffu í skattholi gjaldkera síns og óþarft þótti að fá honum sérstakt húsnæði. Á aðalfundi sjóðsins 9. maí 1971 urðu tímamót en þá var tilkynnt að sjóðurinn myndi flytja í nýtt leiguhúsnæði að Reynimel á Grenivík.² Árið 1981 flutti sparisjóðurinn síðan í eigið húsnæði og árið 1999 urðu miklar breytingar þegar sjóðurinn keypti og flutti í húsnæði Íslandspósts hf. á Grenivík. Í framhaldinu tók sparisjóðurinn við rekstri póstafréiðslunnar og sinnti því hlutverki til janúarloka árið 2005. Í lok árs 2011 störfuðu fimm starfsmenn hjá sparisjóðnum. Í upphafi árs 2012 opnaði sparisjóðurinn útibú á Akureyri.³

Í samþykktum sparisjóðsins frá 2003 og 2008 segir að sparisjóðurinn starfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og stundi sparisjóðastarfsemi eins og hún sé skilgreind í þeim lögum. Í samþykktum sparisjóðsins frá 2010 segir síðan að hlutverk sparisjóðsins sé að vera mikilvæg þjónustu- og fjármálastofnun á sínu nærsvæði þannig að íbúar þess geti stundað viðskipti við sparisjóð í sinni heimabyggð og þurfi þess vegna ekki að sækja slíka þjónustu um langan veg. Með skilvirkni í rekstri og ábyrgri stjórnun muni það samfélag sem sjóðurinn starfi í njóta tilvistar hans þar sem hann miðli fjármagni milli fyrirtækja og einstaklinga. Sparisjóðurinn styðji við uppbyggileg samfélagsleg verkefni eftir því sem afkoma hans og fjárhagsstaða leyfi. Á heimasíðu sparisjóðsins segir síðan að bæði fyrirtæki og einstaklingar séu í viðskiptum við sjóðinn sem oftast en ekki séu ýmist búsettir á nánasta starfssvæði sjóðsins eða tengist því með einum eða öðrum hætti. Þá segir þar að Sparisjóður Höfðhverfinga hafi í gegnum tíðina stutt hvers kyns menningar-, íþrótt- og æskulýsistarf á starfssvæði sínu.⁴

Ingvi Þór Björnsson tók við starfi sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Höfðhverfinga 28. apríl 2005 eftir að Jón Helgi Pétursson forveri hans sagði starfi sínu lausu, en hann hafði starfað sem sparisjóðsstjóri frá því í mars 2000. Í desember 2011 var gert samkomulag við Ingva Þór um að hann léti af störfum og tók Jenný Jóakimsdóttir við starfi hans. Frá ágúst 2012 hefur Jón Ingvi Árnason verið sparisjóðsstjóri.⁵

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga 2001–2011.⁶

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ari Laxdal	x	x	x	x	x	x					
Fjóla Valborg Stefánsdóttir									x	x	x
Heimir Ásgeirsson						x	x	x	x	x	x
Helgi Jóhannesson									x	x	x
Jakob H. Þórðarson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	x	x	x
Jenný Jóakimsdóttir					x						
Jón Stefán Ingólfsson			x	x							
Jón Þorsteinsson	x	x	x	x	x	x	x	x			
Juliane Brigitte Kauertz							x	x			
Margrét S. Jóhannsdóttir	x	x	x	x	x	x					
Oddný Jóhannsdóttir							x	x			
Sigríður Sverrisdóttir	x										
Sigurður Jóhann Ingólfsson									Form.	Form.	Form.
Þorsteinn Jóhannesson		x									

1. Björn Ingólfsson, *Bankinn í sveitinni: Sparisjóður Höfðhverfinga 1879–2004*, Akureyri 2005, bls. 24.
2. Björn Ingólfsson, *Bankinn í sveitinni: Sparisjóður Höfðhverfinga 1879–2004*, Akureyri 2005, bls. 60–62.
3. „Sparisjóður opnaður á Akureyri“, *ruv.is*, <http://www.ruv.is/frett/sparisjodur-opnadir-a-akureyri>.
4. „Sparisjóður Höfðhverfinga, um sparisjóðinn“, *spar.is*, <http://www.spar.is/spsh-hofdhverfinga---grenivik/sparisjodur-hofdhverfinga>.
5. Fundargerðir stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga.
6. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

Í lok árs 2007 var Sparisjóður Höfðhverfinga einn minnsti sparisjóður landsins með um 0,25% af heildareignum sparisjóðanna. Heildareignir sjóðsins námu þá 1,6 milljarði króna en heildareignir allra sparisjóða voru 614 milljarðar króna. Efnahagsreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga hefur tekið markverðum breytingum frá aldamótum. Sparisjóðurinn gekk í gegnum hremmingar árin 2005 og 2006 vegna taps á útlánum og því gætti nokkurs aðhalds í útlánum eftir það. Hann lánaði afar lítið í erlendri mynt og fór varlega í fjárfestingar, en tapaði engu að síður á þeim árið 2008 eins og aðrir sparisjóðir. Fall krónunnar og síðan bankanna hitti hann þó ekki jafnilla fyrir og aðra sparisjóði.

Umræður um framtíðarhorfur og mögulega hlutafélagsvæðingu Sparisjóðs Höfðhverfinga fóru fram á stjórnarfundum á haustmánuðum 2007. Sparisjóðurinn hóf samningaviðræður við KEA eignir ehf. og gerði skilyrtan samning við félagið 12. mars 2008 um kaup þess á öllu stofnfé í sparisjóðnum. Fjármálaeftirlitið taldi hugmyndirnar ekki samrýmast ákvæðum laga, þar sem lög gerðu ekki ráð fyrir því að tiltekinn aðili gæti eignast virkan eignarhlut í sparisjóði nema sýnt þætti að það væri nauðsynlegt í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu. Stjórn sparisjóðsins fékk þá PricewaterhouseCoopers til að meta stöðu sjóðsins. Niðurstaðan var sú að staða sparisjóðsins væri erfið í ljósi aðstæðna á fjármálamarkaði á þeim tíma.

Fram eftir árinu 2008 var enn uppi ágreiningur um það hvort skilyrði fjárhagslegrar endurskipulagningar væru fyrir hendi og svo fór að samningurinn milli Sparisjóðs Höfðhverfinga og KEA eignir ehf. gekk ekki eftir. Stofnfjárukning upp á 150 milljónir króna sem ákveðin hafði verið á haustdögum 2008 gekk þess vegna ekki eftir nema að litlu leyti en um 36,5 milljónir króna fengust í nýtt stofnfé.

Í kjölfar falls íslensku bankanna á haustmánuðum 2008 rýrnaði eigið fé sjóðsins umtalsvert og eiginfjárlutfallið lækkaði. Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum frest fram á nýtt ár til að koma eiginfjárgrunninum í tilskilið horf. Sparisjóðurinn sótti í framhaldinu um eiginfjárframlag úr ríkissjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 125/2008. Ekkert varð úr því og hófust samningaviðræður við Seðlabanka Íslands um uppgjör erlendra lána sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum en Seðlabankinn varð helsti kröfuhafi sparisjóðsins við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Sparisjóðabankanum og færði tiltekna eignir og skuldir bankans til Seðlabankans. Um var að ræða ádráttarlínur sem nýttar voru til að fjármagna útlán sparisjóðsins í erlendri mynt. Samkomulag sem fól í sér uppgjör á þessum lánum var undirritað milli Seðlabankans og sparisjóðsins 21. desember 2010.

Á árinu 2010 gerði sparisjóðurinn samkomulag við KEA svf. um aukningu stofnfjár í sparisjóðnum og mögulegan samruna við AEK hf., dótturfélag KEA svf. Samkomulagið fól í sér að KEA svf. keypti stofnfé í sparisjóðnum í þeim tilgangi að tryggja fjárhagslegan grundvöll hans. Frá árinu 2010 hefur KEA svf. verið stærsti stofnfjáreigandi í sparisjóðnum með 35% stofnfjárhlut. Í lok árs 2011 voru stofnfjáraðilar Sparisjóðs Höfðhverfinga 81 talsins. Heildareignir sjóðsins voru þá 1,9 milljarðar króna og námu um 3% af heildareignum sparisjóðanna.

26.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga og helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001–2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.⁷

26.1.1 Rekstrarreikningar

Afkoma Sparisjóðs Höfðhverfinga var sveiflukennd á árunum 2001–2011. Árið 2004 skilaði sparisjóðurinn mesta hagnaði frá upphafi, um 40 milljónum króna, en það var meira en tvöföldun frá árinu áður þegar hagnaðurinn nam 16,2 milljónum króna. Helsta skýringin á þessari hækkun var 42 milljóna króna söluhagnaður af eignarhlutum, sem færður var á liðinn aðrar rekstrartekjur. Tap varð á rekstri sjóðsins árið 2005 og nam það 53 milljónum króna sem skýrðist að mestu af framlögum í afskriftareikning útlána, þrátt fyrir 39 milljóna

7. Fjallað er um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

króna söluhagnað af eignarhlutum og háar arðs- og hlutdeildartekjur. Á árinu 2007 nærri tvöfaldaðist hagnaður frá fyrra ári og nam tæpum 39 milljónum króna, einkum vegna 46 milljóna króna gengishagnaðar af fjáreignum. Tap ársins 2008 nam 148 milljónum króna og skýrðist aðallega af gengistapi af fjáreignum og af framlagi í afskriftareikning útlána.

Tafla 2. Samandregning rekstrarreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga 2001–2011.⁸


Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	29.635	35.521	50.963	61.471	50.723	43.691	33.968	9.838	58.443	44.095	51.426
Hreinar þjónustutekjur	8.402	10.450	8.011	8.939	9.723	9.775	8.934	10.055	9.523	8.985	8.053
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	1.906	1.682	2.848	2.673	21.245	22.433	2.421	3.838	2.378	655	1.204
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(4.822)	(7.981)	(186)	1.588	(601)	6.286	46.342	(99.161)	(38.575)	7.222	30.367
Aðrar rekstrartekjur	285	15.764	12.416	47.365	38.979	1.631	1.007	11.523	979	2.435	303
Hreinar rekstrartekjur	35.406	55.436	74.052	122.036	120.069	83.816	92.672	(63.907)	32.748	63.392	91.353
Almennur rekstrarkostnaður	(28.688)	(32.677)	(35.934)	(48.106)	(58.008)	(58.148)	(60.210)	(76.056)	(56.358)	(58.378)	(81.599)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(3.394)	(7.637)	(21.918)	(33.674)	(115.636)	(6.146)	(5.650)	(27.583)	25.017	(8.153)	(8.215)
Rekstrargjöld samtals	(32.082)	(40.314)	(57.852)	(81.780)	(173.644)	(64.294)	(65.860)	(103.639)	(31.341)	(66.531)	(89.814)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	3.324	15.122	16.200	40.256	(53.575)	19.522	26.812	(167.546)	1.407	(3.139)	1.539
Skattar samtals	–	–	–	–	–	–	11.751	19.189	404	4.348	(1.080)
Hagnaður (tap) ársins	3.324	15.122	16.200	40.256	(53.575)	19.522	38.563	(148.357)	1.811	1.209	459

Hreinar rekstrartekjur

Á árinu 2004 hækkuðu hreinar rekstrartekjur um 65% frá fyrra ári og skýrðist hækkunin einkum af söluhagnaði.⁹ Árið 2005 varð einnig dágóður söluhagnaður af eignarhlutum. Á árinu 2006 lækkuðu hreinar rekstrartekjur um 30% frá fyrra ári og skýrðist það aðallega af lækkun á öðrum rekstrartekjum. Mikill viðsnúningur varð á árinu 2008 þegar hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 64 milljónir króna vegna 99 milljóna króna gengistaps af fjáreignum og lækkunar á hreinum vaxtatekjum. Aðrar rekstrartekjur og gengisáhrif fjáreigna vógu því þyngst í sveiflum á hreinum rekstrartekjum á tímabilinu.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Höfðhverfinga 2001–2011.¹⁰



Lengst af var gengishagnaður af fjáreignum lítill þáttur í rekstri sparisjóðsins en eftir 2006 fór hann að hafa mikil áhrif á afkomu sjóðsins. Hann nam 6,3 milljónum króna árið 2006 en 46,3 milljónum króna árið eftir og hafði því rúmlega sjöfaldast milli ára. Ástæða hækkunarinnar lá meðal annars í breyttri aðferð við mat á eignarhlut sparisjóðsins í VBS

8. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011. Í viðauka C eru sömu rekstrarreikningar sýndir á föstu verðlagi.

9. Sjá nánari umfjöllun í kafla 26.3.

10. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

Fjárfestingarbanka hf., Sparisjóði Vestfirðinga og í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Eignarhluturinn í tveimur fyrstnefndu félögum hafði verið færður á kostnaðarverði en var nú færður upp miðað við gengi. Hluturinn í Sparisjóðabankanum hafði verið færður með hlutdeildaraðferð en var í árslok 2007 færður sem fjáreign á gangvirði.¹¹ Á árunum 2008 og 2009 varð mikill viðsnúningur á afkomu fjáreigna þegar gengistap af þeim nam annars vegar 99,2 milljónum króna og hins vegar 38,6 milljónum króna. Tap af fjáreignum á árunum 2008 og 2009 skýrðist aðallega af niðurfærslu á eignarhlutum í Sparisjóðabankanum um 73 milljónir króna, Saga Capital hf. um 34 milljónir króna, Sparisjóðnum í Keflavík um 24 milljónir króna og VBS Fjárfestingarbanka hf. um 10 milljónir króna. Sparisjóðurinn tapaði samtals 46 milljónum króna á eign sinni í Saga Capital hf. á árunum 2008–2010. Árið 2011 nam gengishagnaður af fjáreignum um 30 milljónum króna og var hann að mestu tilkominn vegna eignarhluta í Sænesi hf.

Arðs- og hlutdeildartekjur voru óverulegar í rekstri Sparisjóðs Höfðhverfinga á tímabilinu ef árin 2005 og 2006 eru undanskilin. Þær nærri áttfölduðust á árinu 2005 og voru 21 milljón króna og árið 2006 voru arðs- og hlutdeildartekjurnar rúmar 22 milljónir króna. Mestu munaði þessi árin um hlutdeild í hagnaði Sparisjóðabankans.

Aðrar rekstrartekjur voru að jafnaði ekki stór hluti hreinna rekstrartekna hjá Sparisjóði Höfðhverfinga. Þó höfðu þær umtalsverð áhrif á hreinar rekstrartekjur ef til kom söluhagnaður af eignarhlutum í félögum. Árið 2004 námu þær til að mynda 47 milljónum króna og var það að mestu vegna söluhagnaðar af bréfum í Hlöðum hf.¹² Á árinu 2005 námu aðrar rekstrartekjur 39 milljónum króna en sparisjóðurinn seldi þá hlutabréf sín í Íslenskum verðbréfum hf. og Sænesi ehf.

Hreinar vaxtatekjur voru sveiflukenndar á þessu ellefu ára tímabili og breyttust að nokkru leyti í samræmi við þróun á vaxtamun. Stærstur hluti þeirra kom frá útlánum eða á bilinu 52–99%. Vaxtatekjur af skuldabréfaeign voru ekki umtalsverðar nema árið 2007 þegar þær námu 30% af heildarvaxtatekjum.

Stærstur hluti vaxtagjalda sparisjóðsins var vegna almennra innlána frá viðskiptavinum, eða milli 59% og 88% á tímabilinu. Hluti vaxtagjalda til lánastofnana óx úr 13% í 35% á árunum 2001–2006. Eftir 2008 lækkuðu þau hins vegar og voru einungis 1% af vaxtagjöldunum í árslok 2011. Vaxtagjöld vegna víkjandi lána komu fyrst til árið 2006 og námu á bilinu 7–13 milljónum króna til ársloka 2011.

Vaxtamunur Sparisjóðs Höfðhverfinga var að jafnaði hærri en sparisjóðanna í heild, ef frá er talið árið 2005 þegar hann varð lægstur eða um 2% í samanburði við 3,7% hjá sparisjóðunum í heild. Mestur varð munurinn árið 2009 þegar hann var 8,6% hjá Sparisjóði Höfðhverfinga en 0,5% hjá sparisjóðunum í heild. Í lok árs 2011 var vaxtamunur 8% hjá sparisjóðnum og hafði aukist töluvert frá fyrra ári, en á sama tíma var vaxtamunur allra sparisjóða 5,5%.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 2001–2011.¹³

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Höfðhverfinga											
Meðalvextir útlána	19,2%	13,9%	13,6%	12,5%	13,2%	14,0%	14,4%	23,1%	20,4%	10,0%	12,1%
Meðalvextir innlána	10,4%	7,3%	4,6%	5,4%	11,0%	8,7%	11,6%	15,0%	10,8%	5,0%	3,8%
Vaxtamunur	8,0%	6,2%	8,6%	6,7%	2,0%	4,9%	2,5%	7,0%	8,6%	4,7%	8,0%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%

Rekstrargjöld


Rekstrargjöld Sparisjóðs Höfðhverfinga voru mjög sveiflukennd á tímabilinu 2001–2011. Framlag í afskriftareikning útlána hafði þar mest að segja. Á tímabilinu nam það samtals um 213 milljónum króna en þar af var framlagið 116 milljónir króna árið 2005.

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum, auk framlags í afskriftareikning útlána.


11. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2007.

12. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 20. desember 2004.

13. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011. Í viðauka B er tafla sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Höfðhverfinga 2001–2011.¹⁴

Framlag í afskriftareikning útlána hækkaði talsvert á árunum 2001–2004, einkum þó 2005. Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi árið 2004 var bent á að sparisjóðurinn ætti að fara með varúð í lánveitingar til aðila utan starfssvæðis sparisjóðsins.¹⁵ Framlag í afskriftareikninginn meira en þrefaldaðist árið 2005 og varð þá hæst á umræddu ellefu ára tímabili. Í árslok 2005 nam sérgreind niðurfærsla vegna aðila utan starfssvæðis sparisjóðsins um 120 milljónum króna. Sparisjóður Höfðhverfinga færði hlutfallslega lítið í afskriftareikning útlána eftir fall bankanna miðað við aðra sparisjóði, enda hafði sparisjóðurinn farið í gegnum lánasafn sitt og fært töluvert niður árið 2005. Árið 2009 voru bakfærð framlög í afskriftareikning útlána þar sem nokkrir útlánasamningar voru gerðir upp og komu betur út en áætlað hafði verið. Tryggingastaðan hafði einnig batnað verulega hjá stórum lántakendum. Þetta hafði þau áhrif að í stað þess að tap yrði af rekstrinum það árið varð hagnaður upp á 1,8 milljónir króna. Niðurfærsluhlutfall sparisjóðsins var á bilinu 8,9–18,8% á árunum 2001–2007. Í árslok 2007 var það 12,2% hjá sparisjóðnum, en 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Niðurfærsluhlutfall sjóðsins var á milli 11,8% og 12,4% á árunum 2008–2012 (sjá töflu 6) en á sama tíma var niðurfærsluhlutfall sparisjóðanna í heild á bilinu 14–24,6%.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Höfðhverfinga 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.¹⁶

14. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

15. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2004.

16. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna, 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.

Almennur rekstrarkostnaður fór hækkandi á árunum 2001–2008. Skörp hækkun varð árið 2008 þegar liðurinn annar rekstrarkostnaður nam 45 milljónum króna, samanborið við 31 milljón króna árið áður. Munaði þar mestu um aðkeypta sérfræðisþjónustu, meðal annars í tengslum við vinnu vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar og samskipta við eftirlitsaðila. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildareignum sparisjóðsins fór hins vegar lækkandi til ársins 2010, að undanskildu árinu 2008, en var engu að síður hærri en hjá sparisjóðunum í heild á öllu tímabilinu.

Launakostnaður hjá Sparisjóði Höfðhverfinga á tímabilinu var 40–54% af almennum rekstrarkostnaði. Hækkun launakostnaðar vegna yfirstjórnar á árinu 2005 skýrðist af starfslokum Jóns Helga Péturssonar sparisjóðsstjóra á miðju ári og námu launategd gjöld þá rúmlega 7,2 milljónum króna, eða um 26% af launakostnaði ársins. Hækkun launakostnaðar á árinu 2011 skýrðist af kostnaði vegna starfsloka Ingva Þórs Björnssonar sparisjóðsstjóra í lok árs, samtals að fjárhæð 8,7 milljónir króna.¹⁷


Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Höfðhverfinga 2001–2011.¹⁸

Pús kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í lok árs	3	3	3	5	4	4	4	4	4	4	5
Launakostnaður	14.710	16.848	18.385	25.822	27.099	29.072	29.220	30.787	29.717	30.873	39.518
Meðallaunakostn. á stöðugildi	4.903	5.598	6.128	5.738	6.452	6.922	6.957	7.330	7.075	7.718	7.904
Laun og bóknar til yfirstjórnar	...	7.242	8.219	10.075	13.067	10.861	12.610	13.424	11.782	11.557	18.322
þar af til sparisjóðsstjóra	...	6.622	6.879	8.425	11.087	8.671	10.210	10.634	9.190	9.075	15.622

Starfsmenn nutu ekki annarra fríðinda en þeirra almennu fríðinda sem getið er um í umfjöllun um risnu og fríðindi í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna. Ekki var um að ræða neinar árangurstengdar greiðslur eða hvatagreiðslur sem ekki heyrðu til hefðbundinna launagreiðslna á tímabilinu. Þá voru ekki gerðir neindir starfslokasamningar sem fólu í sér réttindi umfram þau sem bundin voru í kjarasamningum.

Launakostnaður á hvert stöðugildi hjá Sparisjóði Höfðhverfinga hélt ekki í við hækkun almennrar launavísitölu. Launakostnaður sparisjóðanna í heild hækkaði einnig langt umfram launakostnað sparisjóðsins á árunum 2004–2009.¹⁹

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Höfðhverfinga og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.²⁰



17. Í athugasemdum Ólafs Rúnars Ólafssonar, lögmanns sparisjóðsins, til rannsóknarnefndarinnar 4. október 2013 kom fram að við starfslok kom til uppgjörs á réttindum sparisjóðsstjóranna beggja sem þeir áttu samkvæmt ráðningarsamningum.

18. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011. Upplýsingar um launakostnað og fjölda stöðugilda taka mið af heildsdagsstörfum í lok hvers reikningsárs.

19. Um launaþróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla.

20. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna, 2001–2011.

Kjarnarekstur

Tap var af kjarnarekstri Sparisjóðs Höfðhverfinga 2004–2008.²¹ Tapið 2004 og 2005 skýrðist fyrst og fremst af háu framlagi í afskriftareikning útlána en árin 2006–2008 mátti rekja það til lækkandi hreinnar vaxtatekna og hækkandi almenns rekstrarkostnaðar. Árið 2008 féll þó til kostnaður vegna aðkeyptar sérfræðipjónustu sem var óvenjulegur. Árið 2009 varð svo algjör viðsnúningur í kjarnarekstri sparisjóðsins þegar hreinar vaxtatekjur margfölduðust og almennur rekstrarkostnaður lækkaði. Bakfært framlag í afskriftareikning útlána bætti afkomuna einnig um 25 milljónir króna.

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingastarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýmum útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðs-skuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Höfðhverfinga 2001–2011.²²

Pús kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	29.635	35.521	50.963	61.471	50.723	43.691	33.968	9.838	58.443	44.095	51.426
Hreinar þjónustutekjur	8.402	10.450	8.011	8.939	9.723	9.775	8.934	10.055	9.523	8.985	8.053
Almennur rekstrarkostnaður	(27.087)	(31.226)	(34.530)	(47.833)	(57.760)	(57.899)	(59.996)	(75.746)	(56.082)	(58.102)	(81.323)
Afskr. rekstrarfjárm., rekstrarl.eigna o.fl.	(1.601)	(1.451)	(1.404)	(273)	(248)	(249)	(214)	(310)	(276)	(276)	(276)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(3.394)	(7.637)	(21.918)	(33.674)	(115.636)	(6.146)	(5.650)	(27.583)	25.017	(8.153)	(8.215)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	5.955	5.657	1.122	(11.370)	(113.198)	(10.828)	(22.958)	(83.746)	36.625	(13.451)	(30.335)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	3.324	15.122	16.200	40.256	(53.575)	19.522	26.812	(167.546)	1.407	(3.139)	1.539

26.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Höfðhverfinga í lok árunna 2001–2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C er að finna efnahagsreikninga sparisjóðsins fyrir sömu ár á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Höfðhverfinga 509 milljónum króna en í árslok 2011 voru þær 1,9 milljarðar króna á verðlagi hvors árs um sig. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 893 milljónir króna og hafði sjóðurinn því rúmlega tvöfaldast á þessum ellefu árum. Mynd 5 sýnir hvernig eignir sparisjóðsins skiptust í lok árunna 2001–2011. Þar sést að útlán uxu hratt til og með 2004 en hafa síðan dregist saman. Kröfur á lánastofnanir tóku að vaxa 2005, og frá og með 2010 hafa þær verið langstærsti eignaliður sparisjóðsins. Reyndar drógust þær saman á árinu 2007 en það ár uxu fjáreignir verulega; annars hafa fjáreignir ekki leikið stórt hlutverk hjá Sparisjóði Höfðhverfinga. Heildareignir sjóðsins hafa vaxið umtalsvert þótt hann hafi verið aðhaldssamur í útlánunum og lítið stundað fjárfestingar.

Útlán voru stærsti einstaki eignaliður sparisjóðsins fram til ársins 2009. Hlutfall útlána af heildareignum hækkaði úr 72% í 88% frá 2001 til ársloka 2004, en eftir það drógust þau lítillega saman í kjölfar gagn Gerrar endurskoðunar á útlánamálum sjóðsins á árinu 2005. Þá varð stjórn kunnugt um stór útlán til nokkurra aðila utan starfssvæðis sparisjóðsins sem veitt voru gegn litlum eða engum tryggingum. Stjórnin hafði ekki vitneskju um þessi lán á þeim tíma sem þau voru veitt. Vanskil af þessum lánunum voru mikil og framlag í afskriftareikning var stórhækkað vegna þessa.²³ Þetta leiddi til tapreksturs árið 2005. Á næstu tveimur árum afskrifaði sparisjóðurinn endanlega útlán upp á 110 milljónir króna. Vægi útlána af heildareignum í lok árunna 2006–2008 var rétt um 55% og fór enn lækkandi næstu ár eftir. Í lok árs 2011 námu þau 677 milljónum króna eða 35% af heildareignum.


Langstærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa, eða á bilinu 58–84%. Árið 2001 voru 60% útlána til einstaklinga og 40% til fyrirtækja, einkum í landbúnaði og sjávarútvegi, en í árslok 2011 voru 86% útlána til einstaklinga og 13% til fyrirtækja í landbúnaði, iðnaði og þjónustustarfsemi.

21. Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

22. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

23. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Höfðhverfinga í árslok 2001–2011.²⁴



Staðan á afskriftareikningi útlána nam á bilinu 8,9–18,8% af heildarútlánnum í lok árunna 2001–2007.²⁵ Eins og fram kemur í töflu 6 hækkaði staða afskriftareiknings umtalsvert árin 2004 og 2005. Staða afskriftareiknings sem hlutfall af heildarútlánnum, þ.e. niðurfærslu-hlutfallið, þróaðist með nokkuð öðrum hætti hjá Sparisjóði Höfðhverfinga en hjá öðrum sparisjóðum á sama tíma. Þetta hlutfall var mun hærra hjá Sparisjóði Höfðhverfinga en hjá sparisjóðunum í heild, allt til ársins 2008, og varð það til þess að afskriftareikningur útlána hækkaði mun minna í kjölfar efnahagshrunsins en hjá öðrum sparisjóðum. Niðurfærsluhlutfall sjóðsins hélst svipað, eða um 12%–13%, frá árslokum 2007 til ársloka 2011.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Höfðhverfinga í árslok 2001–2011.²⁶

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	367.593	453.546	607.757	896.774	879.350	841.999	863.105	898.643	684.236	659.840	645.852
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	42.270	46.848	66.091	87.602	203.753	169.354	119.910	137.204	97.288	88.094	86.144
Heildarútlán án fullnustueigna	409.863	500.394	673.848	984.376	1.083.103	1.011.353	983.015	1.035.847	781.524	747.934	731.996
Niðurfærsluhlutfall	10,3%	9,4%	9,8%	8,9%	18,8%	16,7%	12,2%	13,2%	12,4%	11,8%	11,8%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Kröfur á lánastofnanir voru óverulegur hluti eigna sparisjóðsins á árunum 2001–2004. Árið 2005 tóku þær að vaxa og í lok árs 2006 voru þær orðnar 488 milljónir króna, og munaði þar mest um innstæðubréf sem sparisjóðurinn átti hjá Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Frá árinu 2008 jukust kröfur á lánastofnanir til muna og voru orðnar stærsti eignaliðurinn árið 2010. Í lok árs 2011 námu þær rúmum milljarði króna eða 54% af heildareignum sjóðsins. Þar af voru 957 milljónir króna í innstæðubréfum og öðrum kröfum á Seðlabanka Íslands, en kröfur á aðrar lánastofnanir námu 100 milljónum króna.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum, auk eignarhluta í hlutdeildarvirrtækjum.

Fjáreignir voru jafnan lítill hluti heildareigna Sparisjóðs Höfðhverfinga. Mestar urðu þær í árslok 2007, um 342 milljónir króna eða 22% af eignum sjóðsins. Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum voru yfirleitt stærsti hluti fjáreigna, og námu þau 250 milljónum króna árið 2007. Fjáreignir voru 6–21% af heildareignum sparisjóðsins á árunum 2001–2011. Hlutfall þeirra af heildareignum lækkaði eftir 2007 og nam 8% í lok árs 2011 eða 148 milljónum króna.

24. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

25. Ástæða þess að útlán eru hér lægri en í efnahagsreikningi er að þar eru fullnustueignir taldar með útlánnum.

26. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

Hlutabréf og önnur verðbréf tæplega þrefölduðust á árinu 2004. Skýrðist það af sölu á eignarhlut í Hlöðum ehf. þar sem söluverðið fékkst greitt með eignarhlut í Sænesi ehf. Á árinu 2005 voru eignarhlutir í Sænesi ehf. og Íslenskum verðbréfum hf. seldir og dróst þessi liður þá saman. Á árinu 2006 fjárfesti sparisjóðurinn að nýju í Sænesi ehf. Eignir í hlutabréfum og öðrum verðbréfum tæplega þrefölduðust á árinu 2007 og skýrist það af gengishagnaði af eignarhlutum í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. sem hafði verið færður sem hlutdeildarfélag þar til árið 2007 er hann var skráður á gangvirði. Mikil lækkun varð svo á gangvirði hlutabréfa og annarra verðbréfa á árunum 2008–2011 og hafði hlutabréfaeign sparisjóðsins dregist saman í lok árs 2011 um 49% frá árinu 2007. Meginskýring þeirrar lækkunar lá í eignarhlutum í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., Saga Capital hf. og Sparisjóðnum í Keflavík.

Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum voru óverulegur hluti eigna sparisjóðsins, eða yfirleitt 1–3%. Í árslok 2001 átti sjóðurinn þó talsvert af skuldabréfum, fyrir um 56 milljónir króna, sem var 11% heildareigna. Árið 2007 varð skuldabréfaeignin mest, 89,5 milljónir króna eða 6% af heildareignum.

Hlutur sparisjóðsins í hlutdeildarfyrirtækjum var óverulegur umrætt tímabil ef árin 2005 og 2006 eru frátalin. Eignin nam 24 milljónum króna í árslok 2005 og 49 milljónum króna í árslok 2006, samanborið við 2 milljónir króna í árslok 2004 og 2,7 milljónir króna í árslok 2007. Eignir í hlutdeildarfyrirtækjum drógust saman þegar farið var að færa eign sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. á gangvirði árið 2007 í stað þess að færa hana með hlutdeildaraðferð eins og áður var gert.²⁷


Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

Í þessari umfjöllun eru „aðrar eignir“ samtala rekstrarfjármuna, annarra eigna og skattinneignar. Sparisjóðurinn átti fyrst skattinneign í ársreikningi ársins 2007 en hún hækkaði talsvert árið eftir vegna taps. Í árslok 2011 nam skattinneignin 34,6 milljónum króna.

Skuldir

Innlán voru langstærsti fjármögnunarbáttur Sparisjóðs Höfðhverfinga á árunum 2001–2011. Hlutfall innlána af heildarskuldum lá á bilinu 49–94% og jukust þau nokkurn veginn jafnt og þétt á tímabilinu. Í árslok 2007 námu innlánin 888 milljónum króna eða 65% af heildarskuldum sjóðsins. Innlán námu 1,7 milljörðum króna í árslok 2011 og voru þá 93% af heildarskuldum sjóðsins. Innlán höfðu því vaxið um 91% á þessum fjórum árum.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Höfðhverfinga í árslok 2001–2011.²⁸



27. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2007.

28. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

Hlutfall innlána á móti útlánnum var nokkuð sveiflukennt. Samhliða miklum vexti innlána og minnkandi útlánnum eftir 2004 hækkaði hlutfallið úr 48% í árslok 2004 í 263% í árslok 2011. Það hlutfall var næsthæst meðal sparisjóða á tímabilinu en hæsta hlutfallið var hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga í árslok 2009.

Lántökur voru annar meginþáttur fjármögnunar sparisjóðsins. Árið 2004 gerði sparisjóðurinn samning við Íbúðalánasjóð um fjármögnun íbúðalána upp á 186 milljónir króna og annan samning árið eftir upp á 30 milljónir króna. Sparisjóðurinn var einnig með lánalínu hjá Sparisjóðabankanum til að fjármagna lán í erlendri mynt og gaf einnig út nokkuð af bankabréfum. Lántökur námu um 21–33% af heildarskuldum 2004–2008 en undir lok umrædds tímabils voru þær hins vegar að mestu horfnar.

Skuldir við lánastofnanir voru næststærsti fjármögnunarþáttur sparisjóðsins frá 2001 til 2004. Mikil hækkun átti sér stað árið 2004 þegar skammtímalán til allt að þriggja mánaða jukust um 124 milljónir króna. Á árinu 2009 gerði sparisjóðurinn upp allar skuldir sínar við Seðlabanka Íslands.

Eigið fé


Eigið fé Sparisjóðs Höfðhverfinga sveiflaðist mikið á árunum 2001–2011. Stofnfé hækkaði yfirleitt á milli ára við endurmat en sérstök stofnfjárukning átti sér stað árin 2002, 2008 og 2010. Árið 2010 var stofnfé aukið um 33 milljónir króna og varð KEA svf. þá stærsti stofnfjáreigandi sjóðsins með 35% hlut. Helstu breytingar á eigin fé mátti rekja til varasjóðs. Frá 2001 til 2007 var varasjóðurinn 78–97% af eigin fé en frá 2008 var hann nærri uppurinn vegna 148 milljóna króna taps á rekstri sparisjóðsins það ár. Varasjóðurinn nam í árslok 2008 aðeins 1,7 milljónum króna og til ársloka 2011 var hann einungis 2–4% af eigin fé.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Höfðhverfinga í árslok 2001–2011.²⁹



Sparisjóður Höfðhverfinga uppfyllti lögbundna lágmarkskröfu sem gerð var um eiginfjárhlutfall (CAD-hlutfall) allt tímabilið 2001–2011. Tap ársins 2008 setti þó mikið strík í reikninginn og lækkaði hlutfallið þá niður í 8,16%. Unnið var að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins frá byrjun árs 2008. Eiginfjárhlutfallið hækkaði á árinu 2009 og stofnfjárukning í sparisjóðnum á árinu 2010 styrkti eiginfjárstöðu hans enn frekar. Á aðalfundi sparisjóðsins 25. maí 2010 kom fram í skýrslu stjórnar að hún teldi að með aðkomu KEA svf. að sjóðnum hefði stjórnin náð því markmiði að tryggja fjárhagslegan stöðugleika, tilvist sparisjóðsins í heimabyggð og fjárhagslega hagsmuni stofnfjáreigenda.

29. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Höfðhverfinga og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2011.³⁰


26.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán Sparisjóðs Höfðhverfinga voru um 80% af heildareignum sparisjóðsins á árunum 2001–2005. Hlutfallið lækkaði verulega á árunum þar á eftir, 2006–2008, þegar aðrar eignir sparisjóðsins jukust verulega, t.d. kröfur á lánastofnanir, markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum. Útlán voru þá að meðaltali rúmlega helmingur eigna sparisjóðsins. Hlutfall þeirra lækkaði enn á árunum 2009–2011, meðal annars vegna þess að Íbúðalánasjóður tók á árunum 2008 og 2009 til sín þau íbúðalán sem voru að baki lánasamningum og skuldabréfum frá 2004 og 2005.³¹ Í árslok 2011 voru útlán 33% af heildareignum Sparisjóðs Höfðhverfinga.

Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Höfðhverfinga sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.³²

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	879.350	841.999	863.105	898.643	684.236	659.840	645.852
Eignir samtals	1.133.278	1.542.304	1.562.425	1.677.179	1.576.652	1.907.979	1.942.879
Útlán sem hlutfall af eignum	77,6%	54,6%	55,2%	53,6%	43,4%	34,6%	33,2%

Gengisbundin lán voru óverulegur hluti af útlánnum Sparisjóðs Höfðhverfinga á tímabilinu 2005–2010. Mest urðu gengisbundin útlán um 19,6 milljónir króna í lok árs 2008 og námu þá tæpum 2% af heildarútlánasafni sparisjóðsins.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005–2011.³³

30. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2001–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

31. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2009, mars 2010.

32. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

33. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Staða útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 miðast við 31. október 2008.

Yfirdráttarlán og skuldabréf voru rúmlega 90% útlána Sparisjóðs Höfðhverfinga á árunum 2005–2011 en 100% útlána árið 2011. Skuldabréf voru á bilinu 67–84% af útlánnum á árunum 2005–2011 en yfirdráttarlán 9–32%. Á sama tíma voru afurða- og rekstrarlán og víxlar mun minni hluti útlánasafnsins.

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005–2011.³⁴

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	203.095	182.343	80.540	105.959	152.620	208.533	188.736
Afurða- og rekstrarlán	57.852	57.838	50.386	43.257	39.203	4.712	–
Víxlar	15.410	11.243	3.409	3.882	3.814	4.010	–
Skuldabréf	602.993	590.574	728.770	745.546	488.598	442.585	457.116
Samtals	879.350	841.998	863.105	898.644	684.235	659.840	645.852

Stærstur hluti útlánasafns sparisjóðsins var til einstaklinga en lán til þeirra voru að meðaltali 78% af heildarútlánnum. Lán til fyrirtækja og atvinnustarfsemi voru að meðaltali 20,5% af lánasafninu. Í árslok 2011 hafði hlutfall útlána til einstaklinga enn hækkað og var þá 86% heildarútlána en 13% útlána voru til atvinnustarfsemi. Sparisjóðurinn lánaði mest til fyrirtækja í landbúnaði og þar á eftir voru lán til fyrirtækja í þjónustustarfsemi.

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Höfðhverfinga eftir atvinnugreinum 2005–2011.³⁵

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ríki og sveitarfélög	1,4%	1,8%	4,3%	0,7%	1,1%	0,9%	1,0%
Atvinnugreinar	20,1%	22,3%	33,2%	17,4%	21,5%	15,6%	13,2%
Landbúnaður	5,0%	12,1%	11,7%	8,5%	11,2%	6,2%	4,5%
Sjávarútvegur	2,0%	1,1%	3,9%	0,2%	0,0%	0,0%	0,0%
Verslun	3,6%	2,4%	4,2%	1,2%	2,0%	1,7%	1,8%
Iðnaður og verktakar	8,5%	3,9%	6,0%	2,6%	4,3%	4,1%	4,5%
Þjónustustarfsemi	1,0%	2,8%	7,4%	4,9%	4,0%	3,6%	2,4%
Einstaklingar	78,5%	75,9%	62,5%	81,9%	77,4%	83,5%	85,8%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Í samanburði við aðra sparisjóði var óvenju hátt hlutfall af útlánnum Sparisjóðs Höfðhverfinga fært í afskriftareikning útlána á árunum 2005–2007 eða að meðaltali 14% af heildarútlánnum. Ástæða þessa voru áföll sem sjóðurinn varð fyrir á árinu 2005 en þá þurfti að afskrifa tæp 19% af útlánasafninu sökum ófullnægjandi trygginga og taps af útlánnum hjá tilteknum lántakendum. Þetta, ásamt varfærni í útlánnum upp frá því leiddi til þess að sjóðurinn þurfti ekki að afskrifa viðlíka mikið af lánnum eftir fall bankanna og aðrir sparisjóðir.

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Höfðhverfinga og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.³⁶

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	1.083.103	1.011.353	983.015	1.035.847	781.524	747.934	731.996
Staða afskriftareiknings í árslok	203.753	169.354	119.910	137.204	97.288	88.094	86.144
Útlán til viðskiptavina	879.350	841.999	863.105	898.643	684.236	659.840	645.852
Niðurfærsluhlutfall	18,8%	16,7%	12,2%	13,2%	12,4%	11,8%	11,8%
Framlag ársins í afskriftareikning	115.636	6.146	5.650	27.584	(25.018)	8.153	8.215
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	(10)	55.447	55.094	10.290	14.897	619	10.165

26.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á starfsemi Sparisjóðs Höfðhverfinga í nóvember 2005. Það hafði í júlí 2003 framkvæmt skoðun á sparisjóðnum þar sem niðurstöður voru meðal annars þær að ekki væru nægjanlegar tryggingar að baki stórra áhættuskuldbindinga, skilgreiningar á tengdum aðilum hefðu ekki verið réttar, auk þess sem sparisjóðsstjóri hefði ekki farið með tiltekin útlán fyrir stjórn líkt og lánareglur gerðu ráð fyrir. Athugun

34. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

35. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

36. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

Fjármálaeftirlitsins í nóvember 2005 beindist fyrst og fremst að útlánnum sparisjóðsins og tryggingum fyrir þeim, vanskilum og afskriftum. Leiddi athugunin í ljós verulega veikleika í útlánasafni sparisjóðsins. Svo virtist sem í mörgum tilfellum hafi mikið vantað upp á tryggingar að baki skuldbindingum og að í sumum tilfellum hefðu lánveitingar ekki byggst á eðlilegum viðskiptasjónarmiðum. Var það mat Fjármálaeftirlitsins að sparisjóðurinn þyrfti að leggja 115 milljónir króna til viðbótar í sérstakan afskriftareikning útlána. Í skýrslunni var sérstaklega fjallað um verklag fyrrverandi sparisjóðsstjóra og fundið að því að í kjölfar heimsóknar Fjármálaeftirlitsins í júlí 2003 hefði sparisjóðsstjórinn haldið áfram að lána aðilum tengdum einum af stærstu lántakendum sjóðsins háar fjárhæðir án þess að bera þær undir stjórn, líkt og útlánareglur kváðu á um. Þá voru miklir vankantar á því að tengingar skuldbindinga í stórum áhættum væru í samræmi við reglur þar um. Taldi Fjármálaeftirlitið að fyrrverandi sparisjóðsstjóra hefðu átt að vera þessir vankantar ljósir og vísaði í því samhengi til fundargerðar stjórnar sparisjóðsins frá 24. júlí 2003 þar sem sérstaklega hefði verið fjallað um heimsókn Fjármálaeftirlitsins það ár og hvernig tengja ætti saman stórar áhættur. Upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins vegna stórra áhættuskuldbindinga hefði þar af leiðandi verið röng. Taldi Fjármálaeftirlitið að verklagi hjá sparisjóðnum undir stjórn fyrrum sparisjóðsstjóra og eftirlitshlutverki stjórnar hefði verið verulega ábótavant.³⁷

Stjórn sparisjóðsins sendi Fjármálaeftirlitinu rökstutt svar 23. febrúar 2006 þar sem tekið var undir margt af því sem fram kom í skýrslu Fjármálaeftirlitsins, sérstaklega að því er útlánaákvæðanir varðaði og tryggingar fyrir útlánnum. Stjórnin var þó ósammála skilgreiningum Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslega tengdum aðilum hjá sjóðnum. Taldi hún eftirlitið ganga of langt í tengingum milli aðila og kom með skýringar og færði rök fyrir þeirri skoðun sinni að gagnrýni Fjármálaeftirlitsins ætti ekki við nægjanleg rök að styðjast. Í svarinu sagði m.a.:

Fyrir stjórn liggur að taka afstöðu til þess hvort reglur um stórar áhættuskuldbindingar tengdra aðila samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 2. og 3. gr. reglna FME hafi verið brotnar. Kemur þar til skoðunar hvort aðilar séu fjárhagslega tengdir eða ekki. Að ofan hefur verið rakið að ekki sé yfir skynsamlegan vafa hafið að allir aðilar sem FME nefnir í skýrslu sinni séu tengdir Hótel Express á Íslandi ehf. Það er álit stjórnarinnar að við mat á fjárhagslegum tengslum aðila verði að gera kröfu um að tengslin séu skýr og vafalaus þar sem brot á reglunum varðar sektum eða fangelsi eins og FME bendir á í skýrslu sinni, sbr. 111. gr. laga 161/2002. Ekkert svigrúm er því til að beita matskenndum sjónarmiðum eða sjónarmiðum um það hvort aðilar séu „að minnsta kosti lauslega tengdir“.³⁸

Svo sem fyrr var getið sagði Jón Helgi Pétursson fyrrverandi sparisjóðsstjóri starfi sínu lausu snemma árs 2005, nánar tiltekið 23. mars. Á aðalfundi 28. apríl sama ár var hann hins vegar kosinn í stjórn sparisjóðsins. Sama dag hóf Ingvi Þór Björnsson eftirmaður hans störf hjá sparisjóðnum. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði Ingvi Þór eftirfarandi um upphafið á hinu nýja starfi:

[Þ]að sem ég heyrði í samfélaginu var að það væri erfitt að taka við starfinu því [sparisjóðurinn] hafði verið svo vel rekinn. Það var góður hagnaður, einhverntímann sagði [Jakob, stjórnarformaður] við mig: „Ja, við bara bjuggumst við því að byggja við sjóðinn peningageymslur!“ [...] Það var bara mjög snemma sem ég fer að átta mig á því að hlutirnir voru ekkert eðlilegir. [...] Lán án góðra trygginga. Það voru heimildir í gangi sem komu fljótlega inn á borð til mín, sem voru allt of háar, og tryggingalausar, miðað við efnahag sjóðsins. [...] En þetta tikkaði alltaf inn sem vaxtatekjur, sem dæmi. Ég framlengdi ekkert heimildir nema ég hefði tryggingar og það endaði svo á fyrstu þremur mánuðunum þannig að ég fékk rautt ljós frá Hrefnu í Tryggingasjóði sparisjóðanna. Hún spyr af hverju sé svona mikil aukning á heimildarlausum heimildum, það er að segja eitthvað sem ég framlengdi ekki. Ég varð bara að spyrja forvera minn um þær og reyna að fá skýringar á þessu [...]. Síðan líða aðrir þrjú mánuðir og þá kemur símhringingin frá FME: „Við ætlum að kíkja í

37. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

38. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2006.

heimsókn!“ Ég tek á móti þeim og lít nú alltaf á það þannig að bækurnar séu opnar Fjármálaeftirlitinu. Þeir koma og þá fæ ég nú svona svolítið á baukinn fljótlega af því að ég hafði verið afvegaleiddur af forvera mínum.

Eftir að nýi sparisjóðsstjórinn hafði gert úttekt á stöðu mála hvað útlánin varðaði með aðstoð lögfræðings sparisjóðsins kom í ljós að tengingu aðila var ábótavant. Þar er öðru fremur átt við þá tvo lánahópa sem nánari grein er gerð fyrir hér aftar. Fyrir rannsóknarnefndinni kvað stjórnarformaður sparisjóðsins stjórnina hafa verið grunlausu um stöðuna þar til uppgjör ársins 2005 lá fyrir og athugasemdir Fjármálaeftirlitsins bárust. Reksturinn hefði gengið vel, það hefði verið methagnaður árið á undan, en síðan þurft að leggja 115 milljónir króna í afskriftareikning sem hefði verið stór biti að kyngja fyrir lítinn sparisjóð. Spurður um það hvort sparisjóðsstjórinn hefði hætt vegna þessara mála sagði formaðurinn að hann hefði verið farinn áður en þessi slæma staða kom upp, og að hann hefði hætt að eigin frumkvæði.³⁹ Hann lýsti viðbrögðum stjórnarinnar við þessari stöðu fyrir rannsóknarnefndinni:

Fjármálaeftirlitið fór að vinna í þessu og við náttúrulega fengum lögmenn og endurskoðendur á staðnum til þess að vinna í sambandi við innheimtumál og svona, eftir því sem hægt var. Mér er minnisstætt að Fjármálaeftirlitið sendi okkur bréf og sagði: „Hvað ætlið þið að gera við sparisjóðsstjórnann?“ [...] Það kom upp hugmynd um að kæra hann [...]. Eftir mjög ítrekaða skoðun hjá okkur, ákváðum við að gera það ekki að svo stöddu. Það var framtíð sparisjóðsins og samfélagsins sem réði því. [...] En auðvitað veit maður ekkert hvort við gerðum rétt eða ekki rétt, en þetta gerðum við.⁴⁰

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 19. júní 2006 var rætt um „starfshætti fyrrum sparisjóðsstjóra“ og voru lögfræðingar sparisjóðsins viðstaddir. Fram kom í máli þeirra að þeir teldu fyrrverandi sparisjóðsstjóra hafa „brotið gegn sparisjóðnum og stjórn hans með því að rangfæra skýrslur til FME, veita lánafyrirgreiðslu gegn vilja stjórnar og reglum sparisjóðsins og með því að færa 12 millj. kr. af eigin reikningi sparisjóðsins [og] inn á tékkareikning [...] í eigu Hotel Express, án þess að á móti kæmu tryggingar eða önnur skilríki fyrir því að skuld hafi myndast hjá Hotel Express gagnvart sparisjóðnum“. Tekið var fram að ekki yrði séð að sparisjóðsstjórinn hefði sjálfur „notið persónulegs ávinnings af málinu“ en engu að síður ráðlögðu lögfræðingarnir stjórn sparisjóðsins að kæra hann til lögreglu og óska eftir opinberri rannsókn á starfsháttum hans. Samkvæmt fundargerð óskaði stjórnin eftir áliti lögfræðinganna á því „hvort forsvaranlegt [væri] að kæra ekki strax“ og leita þess í stað eftir fundi með fyrrum sparisjóðsstjóra. Þannig mætti „mögulega [af]fla frekari og betri upplýsinga áður en kært yrði“ og jafnframt væri þannig „viðhöfð eðlileg nærgætni í samskiptum aðila“. Lögfræðingur sparisjóðsins sá engin tormeiki á þessum fyrirætlunum.

Á fundi með stjórn sparisjóðsins 20. júní 2006 gekkst sparisjóðsstjóri við því að hafa „brotið reglur sjóðsins um útlán með því að veita Hótel Express á Íslandi ehf. og tengdum aðilum fyrirgreiðslu án trygginga“. Í framhaldinu urðu nokkrar umræður um hugsanlegar bótakröfur á hendur sparisjóðsstjóranum en slíkum hugmyndum var hafnað. Niðurstaða fundarins var færð til bókar:

Stjórn ákveður eftir fund með JHP, að fram komnum hans sjónarmiðum, sé það ekki endilega í þágu heildarhagsmuna sparisjóðsins að kæra JHP til yfirvalda. Því sé rétt að bíða með þá ákvörðun að svo stöddu og kanna málið frekar.

Stjórnin hittist að nýju til fundar 3. júlí 2006 og kom þar fram að Jón Helgi hefði sagt á fundinum 20. júní 2006 að hluti ástæðu þess að hann sagði upp störfum hafi verið hvernig komið var. Á fundinum var rætt ítarlega um þá valkosti sem stjórn sparisjóðsins stóð frammi fyrir. Niðurstaðan varð sú að halda að sér höndum:

Það er mat stjórnarinnar að hagsmuna Sparisjóðs Höfðhverfinga og stofnfjáraðila sé best gætt með því að óska ekki eftir athugun opinberra aðila á starfsháttum fyrrverandi sparisjóðsstjóra, Jóns Helga Péturssonar. Hvað sem slík athugun eða rannsókn kynni að leiða í ljós verður staða sjóðsins í raun engu bætt. Framhald málsins, með mögulegri opinberri málsmeðferð er til þess fallin að valda óróleika í starfsemi sparisjóðsins að mati stjórnar.

39. Skýrsla Jakobs H. Þórðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 19. apríl 2013.

40. Skýrsla Jakobs H. Þórðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 19. apríl 2013.

Þá er það mat stjórnar að veruleg hætta sé á að margir og einnig stórir viðskiptamenn gætu horfið með viðskipti sín frá sparisjóðnum. Jón Helgi hefur lýst því yfir að hann hafi ekki gengið erinda Hotel Express og annarra aðila sem að ofan voru nefndir og persónulegan ávinning kveður hann engan hafa verið af viðskiptum við þessa aðila. Enda hefur ekki komið í ljós að Jón Helgi hafi í nokkru notið hins minnsta af því fé sem aðilunum var veitt að láni.

Eftir umræður á þessum og fyrri stjórnarfundum og að fram komnum ofangreindum sjónarmiðum, er það sameiginleg og samróma niðurstaða stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga að leggja ekki fram kærú á hendur Jóni Helga Péturssyni vegna ofangreindra mála, enda hafi hann í engu notið persónulegs ávinnings af því sem aflaga fór í starfi hans. Skýringar Jóns Helga eru trúverðugar. Það er mat stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga að nú sé mál að linni og málinu verði að ljúka til að skapa frið um starfsemi sparisjóðsins. Ómældum tíma hefur verið varið í málið og hefur uppbygging og þróun sjóðsins liðið vegna þess. Slíkt er ekki í þágu sjóðsins eða stofnfjáreignenda.

Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2004 var ekkert sem gaf á nokkurn hátt til kynna að ekki væri allt með felldu í útlánamálum sparisjóðsins, þrátt fyrir áherslu hennar á skoðun útlána. Um framlag í afskriftareikning útlána sagði í sömu skýrslu:

Framlagið sem hlutfall af útlánnum er nú 4,5% en til lengri tíma litið teljum við að stefna ætti að því að framlagið sé ekki hærra en sem nemur 1,0% af útlánnum. [...] Eins og að framan greinir er talið nauðsynlegt að leggja í afskriftareikning vegna eins aðila sem starfar utan starfssvæðis sparisjóðsins 20 millj. kr. Mikilvægt er að sparisjóðurinn fari með varúð í lánveitingu til aðila, sérstaklega þeirra sem eru fyrir utan starfssvæði sparisjóðsins.⁴¹

Í skýrslu um innri endurskoðun sjóðsins fyrir árið 2005 kom fram að heildarfyrirgreiðsla til tíu stærstu viðskiptaaðila sjóðsins næmi 372 milljónum króna og var talið að tapsáhætta vegna þeirra gæti numið allt að 90 til 100 milljónum króna. Þá var einnig vakin athygli á því að vanskil eldri en einn mánuður hefðu hækkað verulega og næmu um 9,6% af heildarútlánnum. Auk þess var bent á að utanumhald gagna vegna veittra ábyrgða væri ófullnægjandi hjá sjóðnum.

Við innri endurskoðun ársins 2006 var gerð úrtakskönnun á því hvort lánareglum væri fylgt við lánveitingar. Jafnframt voru lánveitingar kannaðar með tilliti til heimilda starfsmanna. Voru ekki gerðar athugasemdir undir þessum liðum. Vanskil eldri en einn mánuður voru við skoðunina 17,2% af heildarútlánnum. Var bent á að hjá lánastofnunum almennt væri þetta hlutfall um 1,0% og því ljóst að staðan hjá sjóðnum væri verulega frábrugðin því sem almennt væri. Við innri endurskoðun ársins 2007 hafði hlutfallið lækkað í 10,6%. Ekki voru gerðar athugasemdir við skoðun á útlánaferli en bent var á að nauðsynlegt væri að útlánareglur sjóðsins væru skýrar og hverjum starfsmanni þyrfti að vera ljóst hverjar útlánaheimildir hans væru. Var þessi ábending ítrekuð við innri endurskoðun ársins 2008. Þá höfðu vanskil eldri en einn mánuður lækkað í 6,2% af heildarútlánnum. Ekki var gerð skýrsla um innri endurskoðun fyrir árið 2009 en í skýrslu fyrir árið 2010 var áfram ítrekuð nauðsyn þess að útlánareglur væru skýrar og hverjar útlánaheimildir starfsmanna væru. Vanskil eldri en einn mánuður voru sem fyrr há og námu um 8,3% af heildarútlánnum í lok september 2010. Við innri endurskoðun ársins 2011 kom fram að á skoðunardegi hefðu tveir aðilar verið með áhættuskuldbindingar umfram 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins og að sjóðnum hefði verið veittur frestur til 30. mars 2012 til að hækka eiginfjárgrunn sinn. Var tekið fram að lánin hefðu verið innan marka þegar þau voru upphaflega veitt. Vanskil eldri en einn mánuður höfðu aukist enn á ný og voru 11,4% af heildarútlánnum í lok september 2011.

Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2005 kom fram að framlag í afskriftareikning á árinu væri 115,6 milljónir króna eða um 228% af hreinum vaxtatekjum ársins. Ljóst væri að sparisjóðurinn hefði orðið fyrir „verulegum áföllum“ hvað varðaði afskriftir útlána á árinu. Í lok ársins stóðu sérgreindar afskriftir á afskriftareikningnum í 184 milljónum króna. Benti endurskoðandi sparisjóðsins á að þar af væri sparisjóðurinn að leggja 119,5 milljónir króna í afskriftareikning vegna aðila utan starfssvæðis sjóðsins. Var ítrekuð sú skoðun

41. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2004.

að sparisjóðurinn ætti að fara varlega í lánveitingar til aðila utan starfssvæðis hans nema gegn tryggingum sem metnar væru traustar, en við yfirferð hafði komið fram að nokkuð vantaði upp á að tryggingataka væri nægjanleg. Jafnframt var bent á að samþykki stjórnar hefði vantað fyrir nokkrum lánveitingum. Var í því sambandi m.a. bent á skuldbindingar Hótel Express á Íslandi ehf. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2006 hafði framlag í afskriftareikning lækkað úr 115,6 milljónum króna í 6,1 milljón króna vegna þess að almennt hefði útlánasafn sjóðsins verið að batna og lán með fasteignaveði hefðu aukist til muna. Sama þróun var í gangi á árinu 2007 samkvæmt endurskoðunarskýrslu þess árs. Ein af helstu niðurstöðum í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2008 var að útlánastarfsemi sparisjóðsins og þjónusta henni tengd stæði ekki undir rekstrarkostnaði. Einnig kom fram að við endurskoðun ársreikningsins hefðu prófanir á eftirlitsþáttum leitt í ljós að starfsmenn sem ekki höfðu útlánaheimildir gátu veitt fyrirgreiðslu í gegnum afgreiðslukerfi sparisjóðsins. Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2009 kom fram að útlán hefðu lækkað um 23,9% á milli ára og væri ástæða þess sú að Íbúðalánasjóður hefði á árinu tekið til sín þau útlán sem hann hefði fjármagnað fyrir sjóðinn á árunum 2004 og 2005. Á árinu 2009 var einn aðili með áhættuskuldbindingu umfram 25% af eiginfjárgrunni og hafði Fjármálaeftirlitið veitt sjóðnum frest til að laga sig að gildandi mörkum. Sparisjóðsstjóri hefði síðar óskað eftir framlengingu á þeim fresti en ekki hefði borist svar við þeirri ósk. Taldi endurskoðandinn mikilvægt að sjóðurinn leitaði allra leiða til að lækka áhættuskuldbindingu sína. Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2010 kom fram að tryggingastaða einstakra viðskiptavina hefði í sumum tilfellum batnað frá fyrra ári.

26.2.2 Útlánareglur

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga samþykkti útlánareglur sparisjóðsins í desember 2003 með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þágildandi reglur nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Útlánareglur Sparisjóðs Höfðhverfinga höfðu ekki að geyma ítarleg ákvæði um lánveitingar og heimildir. Samkvæmt lánareglunum bar útlánnum að þjóna þeim meginmarkmiðum að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri sjóðsins og að viðhaldið yrði traustri eiginfjárstöðu og lausafjástöðu. Jafnframt skyldi leitast við að veita þeim er óskuðu eftir fyrirgreiðslu sem besta þjónustu á hverjum tíma. Við ákvörðun um fyrirgreiðslu til viðskiptamanna bar að gæta þess að heildarfyrirgreiðsla viðkomandi aðila væri í hæfilegu hlutfalli af eigin fé⁴² sparisjóðsins með hliðsjón af tryggingum og fjárhag viðskiptaaðilans. Sama gildi um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila sem væru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu yrði að skoða skuldbindingar þeirra við sparisjóðinn í einu lagi. Samkvæmt útlánareglunum mátti heildarskuldbinding eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila aldrei vera umfram 25% af eigin fé sparisjóðsins.

Ekki voru nein ákvæði í útlánareglum Sparisjóðs Höfðhverfinga um lágmarks tryggingaþekju mismunandi veðandlaga en samkvæmt reglunum bar að jafnaði að taka fullnægjandi tryggingar. Tilgreint var þó sérstaklega í útlánareglunum að raunmat á tryggingarandlagi skyldi fara fram og gögn því til staðfestingar skyldu skjalfest þegar um veð væri að ræða án þess að tilgreint væri hvernig meta bæri veðandlögin. Heimilt var að veita undanþágu frá tryggingatöku en óljóst var í reglunum við hvaða aðstæður slíkt væri heimilt. Þá var einnig heimilt að veita lán án trygginga ef um var að ræða smávægilega fyrirgreiðslu miðað við eigið fé sparisjóðsins og fyrir lægi fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Í útlánareglum var þó hvorki skilgreining á því hvað teldist vera smávægileg fyrirgreiðsla né hvaða upplýsingar teldust fullnægjandi um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

Almennt bar við lánveitingar að taka mið af fyrri viðskiptum lántaka við sparisjóðinn og meta í því skyni greiðsluhæfi einstaklinga og afla upplýsinga um fjárhag og rekstur lögaðila. Ef lántaki var atvinnufyrirtæki bar eftir því sem unnt var að afla ársreikninga, rekstrar- og greiðsluáætla og annarra fjárhagslegra upplýsinga um viðskiptamanninn.

Sparisjóðsstjóri mátti taka ákvörðun um veitingu láns ef heildarskuldbindingar viðkomandi viðskiptamanns og fjárhagslega tengdra aðila voru innan við 5% af eigin fé sparisjóðsins, en við lánveitingar umfram þau mörk þurfti samþykki sparisjóðsstjórnar.

42. Um skilgreiningu á eigin fé vísast til 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt lánareglunum hafði sparisjóðsstjóri heimild til að taka ákvörðun um skipulag lánveitinga og lánaheimildir einstakra starfsmanna, en í töflu 11 má sjá samantekt á þeim heimildum. Starfsmönnum bar að leita samþykkis sparisjóðsstjórnar áður en lán umfram heimildir voru veitt.

Tafla 11. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Höfðhverfinga frá 2003.⁴³

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	5% af eiginfjárgrunni
Staðgengill sparisjóðsstjóra	kr. 500.000,-

Samkvæmt reglum sjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá 2003 skyldi mánaðarlega leggja fyrir stjórn yfirlit yfir skuldbindingar stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins, sundurliðað eftir útlánaformum. Var miðað við að stærstu viðskiptaaðilar væru aðilar með heildarskuldbindingu yfir 3% af eigin fé sjóðsins. Einnig skyldi mánaðarlega gera grein fyrir heildarlánveitingum sem orðið hefðu milli stjórnarfunda, auk lánveitinga og ábyrgða til einstakra aðila sem færu fram úr 6% af eigin fé sjóðsins. Í uppfærðum reglum frá árinu 2007 kom fram að stjórn skyldi á þriggja mánaða fresti taka fyrir skýrslu um útlánaáættu sem fæli m.a. í sér yfirlit yfir skuldbindingar stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins, sundurliðað eftir útlánaformum, ásamt vanskilum ef einhver væru. Stærstu viðskiptaaðilar voru þá skilgreindir sem aðilar með heildarskuldbindingu hjá sjóðnum er næmi að minnsta kosti 2% af eigin fé sjóðsins. Skýrslan skyldi einnig innihalda yfirlit yfir heildarlánveitingar sem orðið hefðu milli stjórnarfunda.

Sparisjóður Höfðhverfinga setti sér í desember 2003 starfsreglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána frá desember 2003 til að fara eftir við mat á sérstöku og almennu framlagi í afskriftareikning útlána og mat á fullnustueignum og hvernig staðið skyldi að færslu á endanlegum afskriftum. Samkvæmt reglunum skyldu þeir lánþegar koma til skoðunar við mat á sérstöku afskriftarframlögum sem eftirfarandi atriði ættu við um: a) vanskil í 3 mánuði eða lengur, b) greiðslustöðvun, c) árangurslaust fjárnám, d) gjaldþrot, e) beiðni um nauðasamninga eða f) aðrar aðstæður sem skertu gjaldþol eða greiðslugetu og gerðu það líklegt að ekki yrði staðið að fullu við lánsamning.

26.2.3 Stærstu áhættuskuldbindingar

Mikið tap varð af útlánnum hjá Sparisjóði Höfðhverfinga á árinu 2005. Staða afskriftareiknings í árslok var um 19% af heildarútlánnum það ár en ástæður afskriftaframlaga voru fyrst og fremst ófullnægjandi tryggingar hjá tilteknum lántakendum. Eins og framar greinir framkvæmdi Fjármálaeftirlitið í nóvember 2005 athugun á útlánnum sjóðsins, tryggingum fyrir þeim, vanskilum og afskriftum og var helsta niðurstaðan sú að verulegir veikleikar væru til staðar í útlánasafni hans.

Í skýrslu um athugunina kom fram að Fjármálaeftirlitið hafði einnig framkvæmt skoðun á sparisjóðnum í júlí 2003 þar sem niðurstaðan var meðal annars sú að ekki voru taldar nægjanlegar tryggingar að baki stórra áhættuskuldbindinga og voru gerðar við það athugasemdir, auk þess sem á skorti að fjárhagslega tengdir aðilar væru taldir sem ein áhætta. Jafnframt kom í ljós að þáverandi sparisjóðsstjóri hefði brotið gegn lánareglum sjóðsins. Á fundi stjórnar sparisjóðsins 24. júlí 2003 lýsti stjórnin yfir stuðningi við sparisjóðsstjórnann og taldi að hann hefði ekki brotið lánareglur sjóðsins af ásetningi heldur af vanþekkingu eða gáleysi. Í framhaldinu voru tengingar á stórum áhættum lagfærðar og tryggingastaða bætt og taldi Fjármálaeftirlitið að staða útlána væri komin í gott horf á þeim tíma. Við athugun eftirlitsins árið 2005 kom hins vegar í ljós að aftur hefði sigið á ógæfuhliðina í útlánamálum sjóðsins.⁴⁴

Rannsóknarnefndin valdi úrtak úr hópi lántakenda til sérstakrar skoðunar og greiningar. Markmiðið með skoðuninni var að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti útlánastarfsemi og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga sparisjóðsins auk þess sem skoðuð voru útlán með há framlög í afskriftareikning.

43. Útlánareglur Sparisjóðs Höfðhverfinga, desember 2003.

44. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sem skila bar til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánunum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.⁴⁵ Úrtak rannsóknarnefndarinnar samanstóð af lántakendum sem voru tilgreindir sem stærstu áhættuskuldbindingar í ársfjórðungsskýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2007 til 2011. Til viðbótar við helstu áhættuskuldbindingar sjóðsins voru í úrtakinu lántakendur þar sem fært hafði verið sérgreint framlag í afskriftareikning á árunum 2007 til 2011. Úrtakið nær til 19,7–24,3% útlánasafns og 64–78% af sérgreindum afskriftaframlögum eftir því til hvaða árs er litið.

Eins og sést í töflu 10 hér frammar var hlutfall afskrifta af útlánasafninu hátt á árinu 2005 og var því litið sérstaklega til lántakenda sem fengu stór afskriftaframlög á því ári.

Tafla 12. Úrtak rannsóknarnefndarinnar af útlánunum Sparisjóðs Höfðhverfinga 2007–2011.⁴⁶

<i>Þús. kr.</i>	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	208.854	212.335	190.132	150.487	144.375
Heildarútlán sparisjóðsins	983.015	1.035.848	781.524	747.934	731.996
Hlutfall úrtaks af heild	21,2%	20,5%	24,3%	20,1%	19,7%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	63.300	81.200	49.200	44.200	51.304
Sérgreindar afskriftir alls	98.177	113.459	73.108	66.830	66.060
Afskriftareikningur útlána (sérg. og alm.)	119.910	137.204	97.288	88.094	86.144
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	64%	72%	67,3%	66,1%	77,7%

Í úrtakinu voru sex lánahópar⁴⁷ sem samanstóðu bæði af einstaklingum og lögaðilum. Ástæða þess að úrtakið nemur aðeins rúmum 22% af útlánasafni sparisjóðsins er samsetning útlánasafnsins, en sem fyrr segir voru lán til einstaklinga á bilinu 60–80% af heildarútlánunum á árunum 2008–2011. Úrtakið nær hins vegar til verulegs hluta afskrifta og skýrir það að miklu leyti áhrif útlána á rekstur sparisjóðsins.

Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar samanstóðu tveir stærstu lánahóparnir af einstaklingum sem voru með fyrirgreiðslur hjá sparisjóðnum til persónulegra nota. Til tryggingar skuldbindingunum voru veð í íbúðarhúsnæði og persónulegar ábyrgðir. Í tilviki annars lánahópsins var stór hluti heildarskuldbindinganna án trygginga og var um mikil vanskil að ræða. Færa þurfti sérgreint afskriftaframlag vegna lánanna allt frá árinu 2005 og fram til ársins 2011.

Þau félög sem sparisjóðurinn lánaði til fengu einkum fyrirgreiðslu til þess að fjárfesta í rekstri. Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar voru tvö félög sem starfræktu loðdýrabú og eitt félag starfaði á sviði sjávarútvegs. Einn lánahópurinn samanstóð af ferðapjónustufyrirtæki, flugfélagi, heildverslun og félagi sem gaf út alþjóðleg afsláttarkort. Í flestum tilvikum voru lánahóparnir með fyrirgreiðslu í formi yfirdráttarlána og skuldabréfa sem veitt voru til kaupa á afurðum eða til fjárfestinga í rekstri. Tvö félög voru með lán í erlendri mynt en þau höfðu jafnframt tekjur í erlendri mynt. Talsvert var um að lánahópar fengju fyrirgreiðslu hjá Sparisjóði Höfðhverfinga án fullnægjandi trygginga en stór hluti afskrifta hjá sparisjóðnum var til kominn vegna skorts á tryggingum hjá stærstu lántakendum.

Stærstu útlán sparisjóðsins voru ekki nægilega vel tryggð og algengt var að yfirdrættir væru án trygginga. Í útlánareglum Sparisjóðs Höfðhverfinga kom fram sú almenna regla að taka bæri fullnægjandi tryggingar fyrir útlánunum. Ljóst er að ekki var farið eftir lánareglunum sem skyldi. Fjármálaeftirlitið, ásamt innri og ytri endurskoðendum sparisjóðsins, gerði

45. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veitra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. sömu laga er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laganna og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

46. Byggt á skýrslum Sparisjóðs Höfðhverfinga um stórar áhættuskuldbindingar. Einnig byggt á upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sjóðsins

47. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um nánari skilgreiningu á lánahópi vísast til umfjöllunar í 9. kafla.

athugasemdir við stöðu útlána hjá sparisjóðnum allt frá árinu 2003. Veikleikar lánasafnsins leiddu til mikilla afskrifta sem voru umfangsmestar árið 2005. Þrátt fyrir að upp hefðu komið veikleikar á útlánasafni sem leiddu til töluverðrar rýrnunar safnsins, var ekki bætt nægilega úr stöðunni og var talsvert um að útlán væru áfram veitt án fullnægjandi trygginga.

Áhættuskuldbinding einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mátti ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni.⁴⁸ Færi áhættuskuldbinding yfir þau mörk bar að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu án tafar. Á árinu 2005 fóru nokkrir stærstu lántakendur sparisjóðsins yfir 25% hámarkið. Auk þess benti Fjármálaeftirlitið á að fjárhagslega tengdir aðilar hefðu ekki verið réttilega tengdir saman sem ein áhættuskuldbinding en hefði það verið gert hefðu skuldbindingar þeirra verið yfir 25% hámarkinu. Fjármálaeftirlitinu var kunnugt um þessi atriði og gerði athugasemdir við stöðu þessara lántakenda í skýrslu sinni um athugun á útlánum sjóðsins í nóvember 2005.⁴⁹

Í skýrslum Sparisjóðs Höfðhverfinga um stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2008 og 2009 var enn að finna dæmi þess að áhættuskuldbindingar lánahópa færu yfir 25% hámarkið. Rannsóknarnefndin sendi fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins um það hvort Sparisjóður Höfðhverfinga hefði tilkynnt þær skuldbindingar sem fóru yfir 25% markið. Í svari Fjármálaeftirlitsins sagði:

Á árinu 2009 voru 5–7 aðilar yfir 25% mörkunum við ársfjórðungsleg skýrsluskil, mest 48,7%. Meginskýringin er sú að bókfært eigið fé sparisjóðsins fór niður í 87,1 m.kr. í árslok 2008 úr 203,9 m.kr. í árslok 2007. Tap ársins 2008 var 148,4 m.kr. Umræddir lánþegar voru áður vel innan 25% markanna en fóru yfir þau mörk við fall eiginfjástöðu sparisjóðsins, þ.e. vegna óviðráðanlegra atvika af hálfu stjórnenda sjóðsins. FME var kunnugt um á þessum tíma að sparisjóðurinn var í umleitunum um sölu á nýju stofnfé, m.a. til KEA, til að rétta af eiginfjástöðu sína þannig að umræddir lánþegar færu [svo] aftur innan 25% markanna. Í árslok 2010 voru allir þessir aðilar innan 25% markanna.⁵⁰

Hér á eftir fylgir umfjöllun um tvo lánahópa hjá Sparisjóði Höfðhverfinga sem rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að gera nánari grein fyrir. Farið er yfir helstu lánveitingar til umræddra aðila, hvort þær hafi verið í samræmi við lánareglur og gildandi lög og reglur á fjármálamarkaði og fjallað um mat sparisjóðsins á afskriftaþörf vegna þeirra. Að öðru leyti gaf skoðun á öðrum lánahópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Lánahópur fimm einstaklinga

Stærsta áhættuskuldbinding sparisjóðsins á árunum 2008–2011 var jafnframt lengi stærsti vanskilaaðili sjóðsins. Lánahópurinn samanstóð af fimm einstaklingum sem tengdir eru fjölskylduböndum. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2005 að heildarskuldbinding lánahópsins næmi tæpum 43 milljónum króna, meira en helmingur skuldbindinganna væri í vanskilum og tryggingar með öllu ófullnægjandi. Til tryggingar skuldbindingum lánahópsins var einungis tryggingarbréf með 7. veðrétti í fasteign á höfuðborgarsvæðinu að fjárhæð 7,5 milljónir króna og tryggingarbréf með 3. veðrétti í annarri fasteign á sama svæði að fjárhæð 15 milljónir króna, auk trygginga í formi ábyrgða frá tengdum aðilum. Skuldir hópsins voru vegna greiðslukorta, víxla og yfirdráttu og voru aðilar innan hópsins í ábyrgð hver fyrir annan.⁵¹ Í árslok 2005 voru tæpar tvær milljónir króna færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga lánahópsins en eftir það stóð áhættuskuldbindingin í tæpum 20% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Þá voru skuldir vaxtafrýstar.

Í árslok 2004 lá fyrir að greiðslustaða [eins úr lánahópnum] var slæm. Ekki var lagt í afskriftareikning vegna hans á þeim tíma þar sem fyrir lá samkvæmt upplýsingum frá fyrrum sparisjóðsstjóra að hann átti von á greiðslu frá ríkissjóði að fjárhæð 10 millj. kr. vegna vinnu [...]. Framangreind greiðsla hefur enn ekki borist [honum].⁵²

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	49	28
2008	54	32
2009	55	32
2010	60	32
2011	64	45

48. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

49. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

50. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 28. janúar 2013.

51. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

52. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005.

Í árslok 2006 hafði heildarskuldbinding lánaþópsins hækkað í rúmar 46 milljónir króna og var 11,7% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Enn var stór hluti fyrirgreiðslunnar í vanskilum og án fullnægjandi trygginga. Rúmar 20 milljónir króna voru færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna taphættu.

Í árslok 2007 hafði heildarskuldbinding hækkað í rúmar 49 milljónir króna en eftir að dregið hafði verið frá sérgreint afskriftaframlag upp á tæpar 28 milljónir króna var áhættuskuldbindingin 15,3% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Enn voru tryggingar aðeins fyrir hluta af skuldum lánaþópsins og vanskil töluverð.

Í skýrslum innri endurskoðunar á árunum 2007–2011 var farið yfir eðli og upphæðir heildarfyrirgreiðslu til lánaþópsins ásamt upplýsingum um færslur í sérgreindan afskriftareikning á sama tímabili. Skuldbindingar allra í lánaþópnum voru í vanskilum á skoðunardegi innri endurskoðunar og allir nema einn í hópnum voru með óheimilan yfirdrátt⁵³ hjá sparisjóðnum. Sérgreind afskrift var færð vegna hvers einstaklings í lánaþópnum þar sem tryggingar voru einungis fyrir hluta fyrirgreiðslunnar og veruleg tapsáhætta talin vera fyrir hendi.⁵⁴ Þrátt fyrir að þetta hafi verið með þessum hætti um nokkurra ára skeið var nýrra trygginga ekki aflað.⁵⁵

Heildarskuldbinding lánaþópsins var 54–60 milljónir króna frá 2008–2010 og staða vegna lánanna á sérgreindum afskriftareikningi var 32 milljónir króna öll árin. Áhættuskuldbindingin var 28% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins í árslok 2009, þ.e. yfir 25% hámarkinu samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í árslok 2011 nam heildarskuldbindingin tæpum 64 milljónum króna eða 16,4% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins, eftir að tekið hafði verið tillit til 45 milljóna króna afskriftaframlags.

Hótel Express á Íslandi ehf. og tengdir aðilar

Þessi lánaþópur samanstóð af Hótel Express á Íslandi ehf., fyrirtæki sem gaf út afsláttarkort sem meðal annars voru seld til viðskiptavina Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis⁵⁶ og þremur einstaklingum. Í skýrslu um athugun Fjármálaeftirlitsins á Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005 taldi Fjármálaeftirlitið fimm aðra aðila tengjast hópnum, einn einstakling og fjögur einkahlutafélög. Þar á meðal voru fyrirtækin Kjörbók ehf., félag utan um verslunarrekstur, og heildverslunin ÍP innflutningur ehf. Önnur fyrirtæki voru ráðgjafarfyrirtæki og ferðaskrifstofa. Í svarbréfi sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2006 vegna athugasemda í skýrslunni var fallist á að ferðaskrifstofan hefði getað talist til lánaþópsins.

Stjórn sparisjóðsins hafnaði því að rekstrarráðgjafarfélagið gæti tengst lánaþópnum, en félagið var með 14,4 milljóna króna skuld í vanskilum þegar Fjármálaeftirlitið gerði sína athugun árið 2005. Ráðgjafarfyrirtækið var stofnað af Hótel Express á Íslandi ehf. í júní 2004 en var selt öðrum í nóvember sama ár. Hins vegar skal bent á að stuttu eftir að bréf sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins var ritað, var samþykkt á stjórnarfundum ráðgjafarfélagsins 10. ágúst 2005 að annar af eigendum Hótel Express á Íslandi ehf. keypti helmingshlut í ráðgjafarfélaginu og yrði framkvæmdastjóri þess.

Í sama bréfi til Fjármálaeftirlitsins taldi stjórn sparisjóðsins Kjörbók ehf., sem hafði verið í eigu foreldra annars af eigendum Hótel Express á Íslandi ehf., ekki tengt lánaþópnum. Sonurinn hefði keypt félagið og selt það áður en til skoðunar Fjármálaeftirlitsins kom. Það væri því ekki tengt lánaþópnum. Hins vegar blandaðist félagið síðar á árinu með afgerandi hætti inn í viðskipti Hótel Express á Íslandi ehf. með fasteign í Vestmannaeyjum, eins og greinir frá hér aftar.

Þá taldi stjórn sparisjóðsins heildverslunina ÍP innflutning ehf. ekki tengjast hópnum þar sem engin eigna- eða stjórnendatengsl væru við lánaþópin. Hins vegar var það bókað í fundargerð stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 2. nóvember 2003 að Hótel Express á Íslandi ehf. hefði óskað eftir því að heildverslunin yfirtæki skuldir sínar vegna kaupa á

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	26	18
2008	25	20
2009	6	11

Gjaldprot 2006 – Hótel Express á Íslandi ehf.
Gjaldprot 2006 – Kjörbók ehf.
Gjaldprot 2007 – ÍP innflutningur ehf.
Afskrifað samtals: 96 milljónir króna

53. Um er að ræða yfirdrátt þar sem yfirdráttarheimild hefur fallið niður.

54. Byggt á upplýsingum úr skýrslum sjóðsins um innri endurskoðun 2008–2011.

55. Í athugasemdum Ólafs Rúnars Ólafssonar, lögmanns Sparisjóðs Höfðhverfinga, til rannsóknarnefndarinnar kom fram að sparisjóðurinn hefði ekki haft vitneskju um frekari tryggingar sem hald hefði verið í.

56. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

Hótel Express í Vestmannaeyjum. Skuldabréfið yrði til 14 ára með einum gjalddaga á ári. Stjórnin samþykkti erindið og fékk heildverslunin lánið. Til tryggingar var 2. veðréttur í fasteigninni í Vestmannaeyjum. Láninu var ráðstafað til Hótel Express á Íslandi ehf. (13,9 milljónir króna), ÍP innflutnings ehf. (8 milljónir króna), annars eigenda Hótel Express á Íslandi ehf. (6,4 milljónir króna), föður hans og fyrrverandi eiganda Kjörbókar ehf. (1,2 milljónir króna) og þess sem í nóvember 2004 hafði keypt áður nefnt rekstrarráðgjafarfyrtæki sem Fjármálaeftirlitið taldi eiga að tilheyra lánahópnum (1 milljón króna).⁵⁷

Fjármálaeftirlitið taldi augljóst að lánafyrirgreiðslan tengdist Hótel Express á Íslandi ehf. og eigendum þess og því bæri að skilgreina aðilana sem fjárhagslega tengda.⁵⁸ Í svarbréfi stjórnar sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2006 sagði:

Sérstaklega var leitað skýringa á því við vinnu þessara athugasemda hverju það sætir að kaupverðinu sem ÍP [innflutningur ehf.] greiddi hafi verið ráðstafað til Hótel Express og tengdra aðila. Mun það hafa verið vegna þess að kaupsamningur var gerður milli Kjörbókar, fyrrum afsalshafa hússins og Hótel Express sem keypti raunverulega eignina af Kjörbók. Áður en formlega var gengið frá málum keypti ÍP innflutningur fasteignina af Hótel Express. [Annar eigenda þess] hefur aðspurður upplýst að raunverulega hafi Hótel Express verið búíð að tryggja sér fyrirfram endursölu eignarinnar til ÍP innflutnings. Til að spara gjöld vegna stimplunar skjala og annars kostnaðar virðist sem samningur milli Hótel Express annars vegar og Kjörbókar og ÍP innflutnings hins vegar hafi aldrei orðið opinber. Mun hér komin skýring á því hvers vegna [annar eigenda Hótel Express] ritar bréf til Sparisjóðs Höfðhverfinga og útskýrir að ÍP muni ráðstafa kaupverðinu til lækkunar á skuldum Hótel Express. Stjórnin er því ekki í stakk búin til að fullyrða hér eða taka undir að um hafi verið að ræða málamyndagerninga.⁵⁹

Af þeim gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði varð ekki ráðið að Hótel Express á Íslandi ehf. hafi nokkurn tíma verið eigandi fasteignarinnar í Vestmannaeyjum. Hins vegar hafði tveimur tryggingarbréfum útgefnum til Sparisjóðs Höfðhverfinga 15. júlí 2003 verið þinglýst á fasteignina; annars vegar 16,5 milljóna króna tryggingarbréfi á 2. veðrétti, útgefnu af Hótel Express á Íslandi ehf.; og hins vegar 15,5 milljóna króna tryggingarbréfi á 3. veðrétti þar sem útgefandi var annar eigenda sama félags fyrir skuldum hans sjálfs „eða“ hins eigenda félagsins, eins og það var orðað í bréfinu.

Hvað kaup ÍP innflutnings ehf. á fasteigninni varðar þá keypti Kjörbók ehf. 2., 3. og 4. hæð (en ekki 1. hæð) hússins, sem er frystihús, 15. nóvember 2003 fyrir 20 milljónir króna. Kaupverðið var greitt með yfirtöku 7,3 milljóna króna veðskulda og 12,8 milljóna króna inneign í vöruskiptabanka. Með kaupsamningi 7. nóvember 2003, þ.e. átta dögum fyrr, seldi Kjörbók ehf. ÍP innflutningi ehf. sömu fasteign, nákvæmlega eins tilgreinda í kaupsamningi, á 51 milljón króna. Báðum kaupsamningum var þinglýst 20. nóvember 2003. ÍP innflutningur ehf. greiddi með yfirtöku þeirra veðskulda sem áður var getið, veðskulda-bréfi að fjárhæð 31,5 milljónir króna, auk greiðslu með hlutafé í óskráðu einkahlutafélagi að fjárhæð 13 milljónir króna. Þannig var sama eign seld, áður en hún var keypt, á verði sem var 31 milljón króna hærra en kaupverðið. Hinn 9. júní 2004 afsalaði svo félagið sem verslunarfélagið keypti eignina af, 1. hæð í sama húsi til áður nefnds ráðgjafarfyrtækisins gegn yfirtöku veðskulda.⁶⁰

Á árinu 2005 hafði lán sparisjóðsins til ÍP innflutnings ehf. tapast og leysti sparisjóðurinn til sín fasteignina fyrir hluta af skuldbindingum félagsins. Samkvæmt uppboðsafsali frá 26. október 2005 keypti ráðgjafarfyrtækið, sem þá var að hluta í eigu annars eigenda Hótel Express á Íslandi ehf., 2., 3., og 4. hæð fasteignarinnar á uppboði fyrir 7,5 milljónir króna. Ráðgjafarfyrtækið gerði kröfu um greiðslu af andvirði kaupverðsins fyrir veðkröfu sinni að andvirði rúmlega 3,8 milljóna króna. Með samningi 5. ágúst var boðið framselt sparisjóðnum. Sparisjóðurinn fékk ekkert upp í sína kröfu þar sem hann átti aftari veðrétt. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins vegna ársins 2005

57. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

58. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

59. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2006.

60. Upplýsingar um þetta byggja á afsali frá 9. júní 2004 þar sem kaupverð kemur ekki fram en kaupsamningur lá ekki fyrir hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum.

að sjóðurinn hefði gengið inn í kaupin á eigninni.⁶¹ Eignarhlutur sparisjóðsins var síðan seldur Vestmannaeyjabæ með kaupsamningi 30. október 2008 fyrir 18,5 milljónir króna. Með uppboðsafsali 20. október 2008 eignaðist Vestmannaeyjabær svo 1. hæð hússins, en hún hafði verið í eigu ráðgjafafyrirtækisins, fyrir 10,3 milljónir króna. Ekki verður séð að verðmat hafi farið fram á fasteigninni þegar lánið var upphaflega veitt í nóvember 2003 heldur virðist sparisjóðsstjóri hafa byggt á forsendum sem annar eigenda Hótel Express á Íslandi ehf. lagði fyrir hann. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins sagði:

Athygli vekur einnig að í lánsbeiðni sem [annar eigenda Hótel Express á Íslandi ehf.] sendir [þáverandi sparisjóðsstjóra] að eignin í Vestmannaeyjum sé metin á 58 millj.kr., sem ætla má að sé ofmetið miðað við ástand eignarinnar. Núverandi sparisjóðsstjóri hefur ítrekað leitað að verðmati á fyrrgreindri eign en það hefur ekki fundist. Að sögn núverandi sparisjóðsstjóra segja heimamenn í Eyjum að þessi eign sé óný!⁶²

Lánahópurinn, eins og hann var skilgreindur af Fjármálaeftirlitinu, var lengi vel stærsta áhættuskuldbinding í Sparisjóði Höfðhverfinga en að mestum hluta voru skuldir aðilanna í formi yfirdráttarlána. Þá voru einnig fyrirgreiðslur í formi greiðslukortalána og skulda-bréfalána en stærsti hluti skuldbindinga lánahópsins var án trygginga. Á árinu 2003 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga og kom þá í ljós að fyrirgreiðslur til Hótel Express á Íslandi ehf. væru án trygginga og að sparisjóðsstjórinn hefði ekki farið með fyrirgreiðslubeiðni félagsins fyrir stjórn eins og honum hefði borið að gera samkvæmt lánareglum sjóðsins.⁶³ Sparisjóður Höfðhverfinga brást við athugasemd Fjármálaeftirlitsins og hélt stjórnarfund 24. júlí 2003 þar sem farið var yfir málið og eftirfarandi bókað:

Við skoðun FME kom í ljós að skilningur sparisjóðsstjóra á fjárhagslega tengdum aðilum var ekki réttur og 4 aðilar sem sparisjóðsstjóri taldi ekki vera tengda, þar af eitt fyrirtæki, voru það skv. skilgreiningu reglugerðar. Aðilarnir sem um ræðir eru Hótel Express ehf., [tveir eigendur þess og faðir annars eigendanna]. Þetta þýddi það að heildarskuldbindingar þessara tengdu aðila við sjóðinn voru rúmar 37 m.kr. sem er langt umfram þær heimildir sem sparisjóðsstjóri hefur til að taka ákvarðanir um, en heimild hans til ákvarðanatöku miðast við rúmar 12 m.kr. Auk þess voru mál þessara aðila ekki fullfrágengin og ekki fannst trygging að upphæð 10 m.kr. og hefur hún ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Þess skal getið að sparisjóðsstjóri braut lánareglur sjóðsins ekki af ásetningi heldur vanþekkingu eða gáleysi.

Í framhaldi af þessu hafði sparisjóðsstjóri samband við viðkomandi aðila og krafðist veðtryggingar fyrir öllum skuldum. Slíkar tryggingar voru veittar auk þess, sem nýjar tryggingar urðu þess valdandi að einn þessara 3 aðila, [faðir annars eigendanna] var ekki lengur fjárhagslega tengdur hinum eða fyrirtækinu og heildarskuldbinding því um 31 m.kr. [...]

Niðurstaða stjórnar er að sparisjóðsstjóri njóti fulls trausts til að halda starfi sínu áfram. Sparisjóðsstjóri vék af fundi meðan stjórn fór yfir málið.

Rúmu ári síðar, við gerð ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga fyrir árið 2004, var ljóst að lán til lánahópsins væru í mikilli tapshættu og gert ráð fyrir að færa þyrfti nær alla fyrirgreiðsluna í sérgreindan afskriftareikning. Þrátt fyrir þessa slæmu stöðu voru veitt frekari lán til aðila í hópnum á árinu 2005 og þau auk þess ekki borin undir stjórn sparisjóðsins til samþykktar.⁶⁴ Ytri endurskoðandi sparisjóðsins, KPMG, gerði athugasemd við þessa stöðu í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2005 og sagði meðal annars:

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur fyrrum sparisjóðsstjóri veitt þessum aðilum aukin útlán í þeirri von að öll fyrirgreiðslan yrði gerð upp. Þessi ráðstöfun er ekki óþekkt í fjármálageiranum en reynslan er því miður sú að oftar en ekki verður tapið meira. Þó er rétt að benda á að fyrir liggja drög að samkomulagi þar sem aðilar að Hótel Express ehf. ætla að greiða sjóðnum 20 millj. kr. upp í fyrirgreiðslu þessara aðila.⁶⁵

61. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005, 23. febrúar 2006.

62. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

63. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.

64. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005.

65. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005.

Á árinu 2005 voru allar skuldbindingar lánaþópsins í vanskilum eða gjaldfallnar og búið var að loka á öll viðskipti þeirra hjá sparisjóðnum. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun árið 2005 að Hótel Express á Íslandi ehf. væri með óheimilan yfirdrátt upp á tæpar 25 milljónir króna og tæpra tveggja milljóna króna skuld vegna greiðslukorta. Engar tryggingar voru fyrir skuldbindingum félagsins og þurfti sparisjóðurinn að færa 23 milljónir króna í sérgreindan afskriftareikning á árinu 2005 sökum tapsáhættu. Á sama tíma voru eigendur félagsins með 11,5 milljóna króna og 11 milljóna króna óheimila yfirdrætti. Annar þeirra var að auki með rúmlega 4 milljóna króna kreditkortaskuld. Yfirdráttarlán eigendanna höfðu verið nýtt til greiðslu á skuldum félagsins við sparisjóðinn og voru án trygginga. Í skýrslu innri endurskoðanda kom fram að heildarskuldbinding lánaþópsins 24. nóvember 2005 næmi rúmum 76 milljónum króna á skoðunardegi en tryggingar væru einungis 9,3 milljóna króna virði.⁶⁶ Í skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í árslok 2005 var heildarskuldbinding lánaþópsins rúmar 85 milljónir króna og áhættuskuldbindingin 30,1% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins eftir að færð hafði verið sérgreind afskrift að fjárhæð 23 milljónir króna.

Hefðu vinnubrögð sparisjóðsins verið í samræmi við það sem Fjármálaeftirlitið taldi að hefði átt að vera, hefðu skuldbindingarnar verið enn hærri. Að viðbættum skuldum ÍP innflutnings ehf. hefði heildarskuldbinding lánaþópsins numið 127 milljónum króna og áhættuskuldbindingin þá 61,7% af eiginfjárgrunni sjóðsins. Á endanum færði sparisjóðurinn tæpar 127 milljónir króna sem sérgreint framlag í afskriftareikning útlána vegna skuldbindinga lánaþópsins í árslok 2005.⁶⁷

Á árinu 2006 batnaði tryggingastaða þópsins ekki en fram kom í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2006 að vonir stæðu til þess að ná niðurstöðu í málum lánaþópsins á árinu 2007.⁶⁸ Hótel Express á Íslandi ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2006, Kjörbók ehf. í nóvember sama ár og ÍP innflutningur ehf. í febrúar 2007. Stjórn sparisjóðsins samþykkti á fundi 12. mars 2007 að afskrifa endanlega rúmar 36 milljónir króna vegna ÍP innflutnings ehf. og tæpar 12 milljónir króna vegna Kjörbókar ehf. Á fundi stjórnar 24. október 2007 var samþykkt að afskrifa endanlega tæpar 27 milljónir króna vegna Hótel Express á Íslandi ehf. og rúmar 6 milljónir króna hjá öðrum eigenda ráðgjafarfyrirtækisins, þeim sem ekki var jafnframt eigandi Hótel Express ehf. Síðar samþykkti stjórnin á fundi 27. desember 2007 að afskrifa rúmar 4 milljónir króna af skuldum annars eigenda Hótel Express ehf. eftir að gengið hafði verið að fasteignaveði og eignin seld. Samtals voru því 85 milljónir króna endanlega afskrifaðar hjá þessum aðilum á árinu 2007.

Þegar fyrirtækin í lánaþópnum höfðu verið tekin til gjaldþrotaskipta stóðu aðeins einstaklingarnir eftir með lán hjá Sparisjóði Höfðhverfinga. Á árinu 2008 var önnur stærsta sérgreinda afskrift Sparisjóðs Höfðhverfinga vegna fyrirgreiðslu sjóðsins til þess eiganda Hótel Express á Íslandi ehf. sem ekki hafði fengið endanlega afskrifað árið 2007 og eigin konu hans. Skuldir þeirra voru óheimilir yfirdrættir, greiðslukortaskuldir og skuldabréfalán. Skuldir eigin konunnar voru tryggðar með fasteignaveði. Í árslok 2008 nam heildarskuldbinding þeirra tæpum 25 milljónum króna og sérgreind afskrift af skuldum þeirra 20 milljónir króna, sökum þess að stór hluti skuldbindinganna var ótryggður.⁶⁹

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 23. september 2009 kom fram að samnings-tilboð hefði borist um uppgjör á skuldum hjónanna og samþykkt að ljúka samningi um uppgjörið. Undirritaður var greiðslusamningur 7. október 2009 og voru afskrifaðar samtals rúmar 11 milljónir króna af skuldum þeirra en eftir stóð skuldabréfalán að fjárhæð tæpar 6 milljónir króna.

26.2.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna

Samkvæmt 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir þeim reglum sem stjórn setti. Samkvæmt útlánareglum Sparisjóðs Höfðhverfinga bar að leggja lán til stjórnarmanna fyrir stjórn til samþykktar ef

66. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005, 23. febrúar 2006.

67. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005.

68. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Höfðhverfinga 2006.

69. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Höfðhverfinga 2008, 25. janúar 2009.

heildarskuldbinding viðkomandi stjórnarmanns og maka fór yfir 5 milljónir króna. Um lánveitingar til sparisjóðsstjóra og maka hans var vísað til sömu lagagreinar þar sem kveðið er á um að stjórn skuli samþykkja fyrirgreiðslur og að þær eigi að hlíta sömu reglum og gilda um viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum. Um almenna starfsmenn gildi sú regla að lánveitingar til þeirra urðu að lúta sömu reglum og útlán til annarra viðskiptamanna sjóðsins og bar að færa í gerðabók ef lánið nam hærri fjárhæð en tveimur milljónum króna.

Í skýrslum um innri endurskoðun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga á árunum 2005–2008 og 2010–2011⁷⁰ voru ekki gerðar athugasemdir við skuldbindingar starfsmanna hjá sparisjóðnum.

Á árinu 2005 voru fyrrum sparisjóðsstjóri, Jón Helgi Pétursson, og aðilar tengdir honum (venslaðir aðilar) með skuldbindingu sem nam meira en 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Þar af voru skuldir sparisjóðsstjórans sjálfs um 7 milljónir króna tryggðar með 4. veðrétti í fasteign hans og sjálfskuldarábyrgðum skyldmenna.⁷¹ Skuldir aðila sem tengdust sparisjóðsstjóranum námu 22 milljónum króna og voru tryggðar með sjö milljóna króna allsherjarveði í sauðfé, sauðfjárafurðum, rekstrarvörum og hefyng en annað tryggt með sjálfskuldarábyrgðum. Fjármálaeftirlitið mæltist til þess í skýrslu um athugun á útlánnum sparisjóðsins í nóvember 2005 að betri tryggingar yrðu fengnar vegna skuldbindinga lánaþópsins þar sem um talsvert háa fjárhæð væri að ræða.⁷² Ekki verður betur séð en að þessar skuldbindingar hafi fallið utan viðmiðunarreglnanna sem settar voru í lánareglum um lán til starfsmanna og tengdra aðila.

Samtals störfuðu 12 manns hjá Sparisjóði Höfðhverfinga á árunum 2001–2010. Rannsóknarnefndin kannaði útlán til starfsmanna og keyrði kennitölur þeirra saman við lánagrunn sparisjóðsins.⁷³ Voru tíu starfsmenn með lán hjá sparisjóðnum á einhverjum tímamarki. Enginn starfsmaður annar en sparisjóðsstjórinn fyrrverandi var með óvenjulega fyrirgreiðslu eða háar skuldbindingar á tímabilinu 2005–2010

Tafla 13. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Höfðhverfinga sem hlutfall af útlánnum 2005–2010.⁷⁴

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	879.350	18.496	2,10%
31.12.2006	841.999	18.303	2,17%
31.12.2007	863.105	23.093	2,68%
31.12.2008	898.643	27.220	3,03%
31.12.2009	684.236	14.247	2,08%
31.12.2010	659.840	3.393	0,51%

26.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Höfðhverfinga setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar, en í reglum um störf stjórnar og framkvæmdastjóra frá 8. febrúar 2007 var kveðið á um að fjárfestingar í fasteignum skyldu bornar upp í stjórn, sem og önnur fjárfestingaráform sem telja mætti meiriháttar eða óvenjuleg. Sem dæmi voru nefnd kaup á meiriháttar tölvubúnaði og fyrirhuguð opnun afgreiðslustaða. Á tímabilinu 2005–2011 voru hlutafjárukningar og nýfjárfestingar teknar fyrir og samþykktar af stjórn sparisjóðsins.

Árið 2005 var samanlögð verðbréfaeign allra litlu sparisjóðanna 154% af samanlögðu eigin fé þeirra en hæst varð hlutfallið 401% í árslok 2008.⁷⁵ Hlutfall verðbréfaeignar af eigin fé Sparisjóðs Höfðhverfinga var á bilinu 53% til 215% á árunum 2005–2011, hæst í lok árs 2008 og lægst í lok árs 2005. Fjáreignir voru á bilinu 6–22% af eignum sparisjóðsins 2005–2011.

70. Skýrsla um innri endurskoðun vegna ársins 2009 var ekki gerð.


71. Umbreyting 7 milljóna króna yfirdráttarláns hans í skuldabréfalán var samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins 12. nóvember 2001.

72. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 16.–17. nóvember 2005, 9. janúar 2006.


73. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingar því settar fram með þeim fyrirvara.

74. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur.

75. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Höfðhverfinga í árslok 2005–2011.⁷⁶

Árið 2002 seldi sparisjóðurinn öll hlutabréf sín í SP-Fjármögnun hf. til Scandinavian Holding og Alþjóða líftryggingarfélagsins hf. Þá seldi sparisjóðurinn 60% af hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi banka hf. Söluhagnaður viðskiptanna var um 15,7 milljónir króna. Á árinu 2005 seldi sparisjóðurinn hlutabréf sín í Íslenskum verðbréfum hf.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Höfðhverfinga í árslok 2005–2011.⁷⁷

Stærstu fjáreignir Sparisjóðs Höfðhverfinga voru í Sænesi ehf. og Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. en gott gengi Sparisjóðabankans á árunum 2005 og 2006 hækkaði töluvert virði hans í bókum sparisjóðsins. Þá hafði breyting á matsaðferðum á árinu 2007 í för með sér töluverða gengishækkun fjáreigna, þá einkum í Sparisjóðabankanum, VBS Fjárfestingarbanka og Sparisjóðnum í Keflavík. Meðal annarra stórra eigna voru hlutir í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og Sveitahótelinu ehf. Skuldabréf sparisjóðsins námu mest 89 milljónum króna í árslok 2007 en voru annars um 19– 31 milljón króna.

Eignin í Exista ehf. sem tilfærð er í árslok 2010 í töflu 14 er skuldabréf sem félagið gaf út í kjölfar nauðasamnings 17. október 2010 vegna markaðsvíxils útgefnum af Exista hf. sem sparisjóðurinn hafði keypt. Sparisjóður Höfðhverfinga átti tæp 12% í Sænesi ehf. á móti 88% hlut Grýtubakkahrepps⁷⁸ en Sænes ehf. var meðal stærri lántakenda hjá sparisjóðnum. Pharmarctica ehf., sem sparisjóðurinn átti einnig hlut í, var skilgreint sem hluti af lánahópi Sæness ehf. þar sem Sænes átti tæp 95% í félaginu.

76. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

77. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

78. Ársreikningur Sæness ehf. 2007.

Tafla 14. Fjáreignir Sparisjóðs Höfðhverfinga í árslok 2005–2011.⁷⁹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Exista hf.						2.452	
Samtals						2.452	
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	22.074	46.825	72.871	447	–	–	–
Reiknistofa bankanna	1.321	1.321	1.321	1.321	1.321	1.321	
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	917	590	1.380	2.188	2.751	2.302	2.302
Samtals	24.312	48.736	75.572	3.956	4.072	3.623	2.302
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	–	–	50.600	44.000	16.280	4.400	–
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	3.711	2.966	10.410	325	–	–	–
FSP Holding ehf.			817	1.593	327	–	–
Samtals	3.711	2.966	61.827	45.918	16.607	4.400	
Sparisjóðurinn í Keflavík / Sparisjóður Vestfirðinga	1.000	1.000	24.137	8.517	–	–	–
Sveitahótelid ehf.	6.729	6.729	6.729	6.729	6.729		
Tækifæri hf.	2.988	2.866	2.866	2.866	2.866	2.866	2.866
Pharmarctica ehf.	6.000	3.000	3.000	3.000	–	–	1.000
Sænes ehf.		74.200	74.200	74.200	74.200	74.200	108.154
Annað	2.967	4.439	4.342	11.363	11.315	11.215	14.971
Samtals	18.684	91.234	91.137	98.158	95.110	88.281	126.991
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	31.171	37.390	89.497	30.552	19.600	21.942	19.243
Samtals	78.878	181.326	342.170	187.101	135.388	120.698	148.536

Sparisjóðurinn eignaðist 11,5% hlut í Sænesi ehf. Þegar félagið keypti 13,54% eignarhlut sparisjóðsins í Hlöðum ehf. og greiddi fyrir hann með eigin hlutum. Þessi viðskipti voru samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins 20. desember 2004:

Sala á hlut SPSH í Hlöðum ehf. Búið er að gera verðmat á hlut SPSH í Hlöðum ehf. og er niðurstaða matsins að eðlilegt gengi bréfanna sé 28,6 til 31,5 (hlutur SPSH 74,4 til 81,9 m.kr.). Samið hefur verið við Sænes ehf. um að Sænes ehf. kaupi hlutinn á genginu 31,5 og greiði með 11,46% hlut í Sænesi ehf. á genginu 13. Óskar sparisjóðsstjóri eftir umboði stjórnar til að ganga frá samningum eða sölu á hlutum. *Sparisjóðsstjóra falið umboð til að ganga frá samningi.*⁸⁰

Í ársreikningi Sparisjóðs Höfðhverfinga 2004 koma viðskiptin með bréfin fram að því leyti til að bréfin í Hlöðum ehf., sem í ársreikningi sparisjóðsins 2003 voru að nafnverði 2,6 milljónir króna en bókfærð á rétt rúmar 9 milljónir króna, voru farin og í þeirra stað komin bréf í Sænesi ehf., að nafnverði 4,8 milljónir króna en bókfært verð þeirra var skráð 51 milljón króna. Söluhagnaður af Hlaða-bréfunum var tilgreindur í skýringarliði 14 í sama reikningi og nam tæpum 42 milljónum króna. Það sýnir að sparisjóðurinn hefur fengið 51 milljón króna fyrir bréfin í Hlöðum ehf., eða öllu minna en gert var ráð fyrir í samþykkt stjórnar. Samkvæmt henni átti að selja bréfin á 81,9 milljónir króna. Munurinn var því 30,9 milljónir króna. Ástæða þess að bókfært virði bréfanna var svo miklu lægra var sú að fjárhæðin takmarkaðist af hámarksfjárhæð áhættuskuldbindingar af eiginfjárgrunni í samræmi við ákvæði 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Sjóðurinn mátti ekki eiga nema 25% af eigin fé í viðkomandi og þar af leiðandi neitaði endurskoðandinn að uppfæra virðið hærra heldur en sem nam því. Þetta flokkaðist sem stór áhættuskuldbinding og þá er sjóðnum ekki heimilt að eiga hlut sem er yfir 25% af eigin fé vegna þess að hlutafjáreign er áhættuskuldbinding líkt og útlán. Þá koma endurskoðendurnir og segja að við getum ekki bókfært virðið og innleyst söluhagnað af þessu nema upp að þessu marki vegna þess að sjóðurinn getur ekki haldið á bréfunum öðruvísi. Hlutirnir að nafnvirði eru eftir sem áður til þarna [...]. Það var ástæðan, þú gast ekki haldið á eigninni sem hún var metin á samkvæmt þessu. [...] Ég veit ekkert hvort það sé svo eitthvað sem má ekki bókhaldslega séð en það fer í gegnum endurskoðandann. [...] Það tapast ekkert virðið. Þú ert í rauninni með dulda eign í bókum sjóðsins sem nemur

79. Samkvæmt sundurliðun sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar.

80. Leturbreyting í fundargerð.

mismuninum á þessu og þú getur ekki innleyst hana vegna þess að þá ferðu yfir 25% og þá ertu krafinn um að þú verðir að selja eignina, sem var svo sem á þessum tíma ekkert hlaupið að í rauninni.⁸¹

Þrátt fyrir að bókfært verð bréfanna í Hlöðum ehf. hafi verið mun lægra en umsamið söliverð, þá forðudu þessi viðskipti sparisjóðnum frá tapi á árinu 2004 og sýndi hann þess í stað methagnað.

Hlaðir ehf. var útgerðarfyrirtæki á Grenivík í eigu þriggja systkina, þar á meðal maka eins stjórnarmanns í sparisjóðnum, en sparisjóðurinn hafði eignast hlut í félaginu árið 2001 sem fullnustueign þegar Kaldbakur hf. varð gjaldþrota. Sænes ehf. var eignarhaldsfélag sem leigði út fasteignir og veiðiheimildir, auk þess sem það átti eignarhluti í öðrum félögum, þar á meðal 11,46% hlut í Hlöðum. Sænes var að 94,9% í eigu Grýtubakkahrepps. Í skýringarlið 22 í ársreikningi Sæness ehf. fyrir árið 2004 sagði:

Á hluthafafundi 30. desember 2004 var samþykkt að kaupa hlutabréf í Hlöðum ehf. að nafnverði allt að 2,6 millj. kr. á kaupverði allt að 81,9 millj. kr., af Sparisjóði Höfðhverfinga. Hlutabréfin voru greidd með eigin hlutum Sæness ehf. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki stjórnar og hluthafa Hlaða ehf. Þar sem framangreint samþykki liggur ekki fyrir er kaupverðið 81,9 millj. kr. fært meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi.⁸²

Skýringarliður 18 í ársreikningi Sæness 2004 sýndi yfirlit um eiginfjárreikninga. Þar var greint frá kaupum og sölu félagsins á eigin bréfum. Keypt voru eigin bréf fyrir tæpa 61 milljón króna og seld eigin bréf fyrir 81,9 milljónir króna. Kaupgengið var 13,3 en sölugengið 17,0. Við þetta hækkaði eigið fé Sæness um rúmar 20,9 milljónir króna. Í skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra í sama ársreikningi er þess getið að hluthafar séu nú aðeins tveir, Grýtubakkahreppur með 88,5% og Sparisjóður Höfðhverfinga með 11,5% hlut. Sænes hefur því keypt 6,4% hlut af hreppnum og alla hluti annarra eigenda til þess að greiða sparisjóðnum með fyrir bréfin í Hlöðum. Engu að síður var eignarhald beggja félaganna, Sæness og Hlaða, óbreytt í árslok 2004 frá því sem var ári fyrir samkvæmt innsendum hlutafjármiðum til fyrirtækjaskrár. Þess má geta að sami endurskoðandi áritaði umrædda ársreikninga sparisjóðsins og félaganna beggja 2004.

Af ársreikningum Sæness ehf. og Hlaða ehf. má ráða að Sænes hélt ekki þessum aukna hlut í Hlöðum því á árinu 2005 afsalaði félagið nær öllum hinum keypta hlut sparisjóðsins í Hlöðum til systkinanna þriggja og maka þeirra. Eignarhlutann var ekki að finna í ársreikningi Sæness ehf. 2005. Um var að ræða 11,75% því Sænes átti 13,25% í Hlöðum í árslok 2005. Þá var engan söluhagnað að sjá í ársreikningnum. Þetta kom heim og saman við ársreikning Hlaða 2005, því þar var Sænes sagt eiga 13,25% meðan 86,75% skiptust jafnt milli systkinanna þriggja og maka þeirra. Systkinin og makar þeirra hafa því keypt hlut sparisjóðsins í Hlöðum ehf. í gegnum Sænes ehf. sem í leiðinni hækkaði eigið fé sitt um 20,9 milljónir króna.

Sænes ehf. seldi síðan hlut sinn í Hlöðum ehf., 13,25%, um mitt ár 2006 til útgerðarfélagsins Frosta ehf. á genginu 53,7 þegar Frosti keypti Hlaðir að fullu, en Frosti ehf. var í eigu systur systkinanna þriggja og eiginmanns hennar, en þau voru tengdforeldrar fyrrverandi sparisjóðsstjóra. Gengi bréfanna hækkaði því umtalsvert á einu og hálfu ári frá fyrri viðskiptum, eða úr 19,6 í 53,7 en meginverðmætið í Hlöðum fólst í aflaheimildum. Kvótaverð hækkaði reyndar nokkuð á árinu 2005 sem skýrt gæti gengishækkunina að einhverju leyti.⁸³ Fyrir rannsóknarnefndinni skýrði fyrrverandi sparisjóðsstjóri svo frá málinu:

Ég tek það fram að ég vissi ekki að það stæði til að selja Hlaðir á þessum tíma, hvað þá að útgerð tengdforeldra minna ætlaði að fara að kaupa það. Hefði maður vitað það, hefði maður frekar beðið og selt þetta fyrir „cash“ og þetta hefði verið frábært. Það sem gerist í rauninni er að virði Sæness, ef Sænes hefði selt allan sinn kvóta á sama tíma og Frosti kaupir Hlaðir, þá hefði þessi 80 milljóna hlutur sparisjóðsins verið miklu meira virði. Hann

81. Skýrsla Jóns Helga Péturssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. október 2013.

82. Ársreikningur Sæness ehf. 2004.

83. Gengið er fundið út frá ársreikningi Sæness ehf. 2004 og 2005 og ársreikningi Frosta ehf. 2006.

hefði farið álíka mikið upp því á endanum er þetta bara kvótaverð sem stýrir verðmatinu. Ég vil ekki meina að við höfum selt frá okkar eignina í Hlöðum á einhverjum spottprís og orðið af allri þessari hækkun.⁸⁴

Eignarhlutur sparisjóðsins í Sænesi ehf. var seldur Sparisjóði Norðfjarðar í árslok 2005 en keyptur til baka hálfu ári síðar. Fyrrum sparisjóðsstjóri var spurður út í þau viðskipti og sagði hann að tilgangurinn hefði verið „að fá þá, að okkar mati, rétt verð á þau bréf“.⁸⁵ Sænesi lýsti hann á þessa leið: „Sænes er félag í eigu samfélagsins á Grenivík, sér um kvótaeign og annað og náttúrulega bara pólitísk stjórn þar á bakvið.“⁸⁶ Þessi viðskipti fóru annars fram með eftirfarandi hætti:

Á stjórnarfundum 28. desember 2005 var samþykkt að taka víkjandi lán hjá Sænesi ehf., allt að 65 milljónir króna. Reyndin varð svo 50 milljónir króna. Á stjórnarfundum daginn eftir var samþykkt að veita Sparisjóði Norðfjarðar 70 milljóna króna lán og jafnframt að selja 11,5% hlut sjóðsins í Sænesi ehf. Á stjórnarfundum 18. janúar 2006 var greint frá samningi sem gerður hafði verið 30. desember 2005 um kaup Sparisjóðs Norðfjarðar á 11,5% hlutnum í Sænesi fyrir 70 milljónir króna. Samningurinn var með kauprétti Sparisjóðs Höfðhverfinga til 3. júlí 2006 á sömu bréfum fyrir 74,2 milljónir króna. Greint var frá þessum viðskiptum á stjórnarfundum Sparisjóðs Norðfjarðar 12. janúar 2006 og kaupin samþykkt með vísan til samþykktar stjórnar frá 29. des. 2005. Þar hafði verið rætt um að frestaður söluhagnaður vegna bréfa í Kaupþingi kæmi þá til skattlagningar. Sparisjóðsstjóri óskaði eftir heimild til að fá að kaupa hlutabréf fyrir allt að 70 milljónir króna fyrir áramót. Stjórnin frestaði ákvörðun um þetta. Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar rifjaði þessi viðskipti upp fyrir rannsóknarnefndinni:

Ég held að þeir hafi sennilega verið eitthvað yfir mörkum með að eiga svona stóran hlut í þessu félagi. Og við höfum bara vistað þetta hjá okkur gegn einhverri þóknun. Og selt það síðan aftur seinna [...]. Ég reikna með að þetta hafi sigið eitthvað í CAD-ið hjá þeim þarna.⁸⁷

Fram kom í skýrslu fyrrverandi stjórnarformanns Sparisjóðs Höfðhverfinga að sú hefði verið raunin:

Ástæðan var sú og ég man það nú vel, að Reynir endurskoðandi, hann ráðlagði okkur að gera þetta til þess að lagfæra CAD-hlutfallið yfir áramótin. Og ég man það vel, hann hringdi í mig sérstaklega út af þessu til að byrja með og við hlýddum ráðleggingum endurskoðandans í þessu. Nú, þetta er kannski, já ... ja, þetta er bara eins og það liggur fyrir. Það er ekkert öðruvísi.⁸⁸

Sparisjóður Höfðhverfinga hafði 19 milljóna króna söluhagnað af þessum viðskiptum í ársreikningi 2005, en greiddi svo Sparisjóði Norðfjarðar 4,2 milljónir króna fyrir „hýsingu“ bréfanna á árinu 2006.

Sparisjóður Höfðhverfinga átti 0,4% eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. sem var metinn á 72,8 milljónir króna í lok árs 2007 og hafði þá hækkað um rúmar fimmtíu milljónir frá því tveimur árum áður. Sú hækkun var til komin vegna góðs gengis Sparisjóðabankans og hlutafjárútkningar í honum en stjórn sparisjóðsins samþykkti á fundi sínum 11. apríl 2006 að kaupa um 319 þúsund hluti á genginu 7,5 krónur á hlut í hlutafjárútbóði Sparisjóðabanka Íslands hf. Fyrrum sparisjóðsstjóri tjáði rannsóknarnefndinni að hann hefði gjarnan viljað selja þennan eignarhlut um það leyti sem Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. seldu eignarhluti sína í bankanum haustið 2007. Hann kvaðst hafa orðað hugsanleg kaup Sparisjóðsins í Keflavík á hlutnum við Geirmund Kristinsson sparisjóðsstjóra þar og hann hefði tekið „ágætlega í það. Ég sagði að ég vildi bara minnka eignarhlutinn og við þyrftum bara að eiga aðeins þannig að við yrðum nú

84. Skýrsla Jóns Helga Péturssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. október 2013.

85. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

86. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

87. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 19. apríl 2013.

88. Skýrsla Jakobs H. Þórðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. október 2013.

gjaldgengir á fundum, við værum hvort eð er það litlir og mér fannst þetta nú náttúrulega orðið þínu glórulest og hann tók mjög vel í það en svo þegar að gengisfallið verður þarna í kringum þáskana, þá sagði hann: [...] þetta er dottið út af borðinu, ég get ekkert gert“.⁸⁹

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga samþykkti á fundi 12. apríl 2007 að kaupa hlutafé í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., alls 44 milljónir hluta á genginu 1,15 krónur á hlut. Fyrrum sparisjóðsstjóri lýsti því fyrir rannsóknarnefndinni að sparisjóðurinn hefði átt töluvert laust fé sem sífellt hefði verið falast eftir, t.d. með því að bjóða víxlakaup, þátttöku í sjóðum og þvíumlikt. Þegar Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. varð til hefði hann talið ráðlegt að taka stöðu í því fyrirtæki. Þannig hefði mátt slá tvær flugur í einu höggi, þ.e. koma peningunum í vinnu og mynda tengingu við nærumhverfið.⁹⁰ Sparisjóðurinn eignaðist 0,45% eignarhlut í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. með þessum kaupum.

Sparisjóðurinn átti stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga þegar kom að sameiningu þess síðarnefnda við Sparisjóðinn í Keflavík á árinu 2007. Í aðdraganda þeirrar sameiningar var ráðist í stofnfjárukningu í Sparisjóði Vestfirðinga til þess að jafna út skiptihlutföll milli sparisjóðanna og tók Sparisjóður Höfðhverfinga þátt í henni. Hlutur hans í aukningunni var fjórar milljónir króna að nafnverði.

Tafla 15. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005–2011.⁹¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.				(6.600)	(27.720)	(11.880)	(4.400)	(50.600)
Sparisjóðurinn í Keflavík (Sparisjóður Vestfirðinga)			13.246	(13.332)	(8.517)			(8.603)
Sparisjóðabanki Íslands hf. (Icebank hf.)	17.861	22.361	26.045	(72.424)	(447)			(6.604)
Pharmarctica ehf.		(3.000)			(3.000)		1.000	(5.000)
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)			7.443	(9.870)	(325)			(2.752)
FSP Holding ehf.					(1.266)	(327)		(1.593)
Verðbréfabjónusta sparisjóðanna hf.				(974)				(974)
Greiðslumiðlun hf. (Valitor hf.)	133	219	616	7.748	1.683			10.398
Sænes ehf.	482		1.204	1.204	1.204	1.204	35.158	40.454
Önnur hlutdeildarfélag	192	(327)	437		563	(549)		315
Aðrir liðir	1.977	9.467	(3.228)	(1.075)	1.630	19.424	(186)	28.009
Samtals	20.644	28.720	45.763	(95.323)	(36.197)	7.872	31.572	3.051

Á árinu 2005 bókfærði Sparisjóður Höfðhverfinga sérstakan 38,7 milljóna króna söluhagnað af eignarhlutum í félögum. Hann var færður á liðinn aðrar rekstrartekjur. Þar munaði mestu um 12,5 milljóna króna hagnað vegna sölu á hlutabréfum Íslenskra verðbréfa hf. og 19 milljóna króna hagnað vegna sölu á hlutabréfum Sæness ehf. Frá 2005 til 2007 hafði sparisjóðurinn talsverðar tekjur af eignarhlutum í Sparisjóðabanka Íslands hf. og Sparisjóðnum í Keflavík.

Sparisjóðurinn tapaði mest á eign sinni í Sparisjóðabankanum en hún var niðurfærð næstum að fullu í lok árs 2008, eða um 72 milljónir króna. Sparisjóðurinn tapaði jafnframt allri eign sinni í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., en það tap dreifðist á árin 2008–2011 og var mest árið 2009, eða tæpar 28 milljónir króna. Þá tapaði sparisjóðurinn talsvert á eignarhlutum í Sparisjóðnum í Keflavík og VBS Fjárfestingarbanka hf. á árunum 2008 og 2009.

Af mynd 12 má sjá að afkoma af hlutabréfum var ekki jafn afgerandi í heildarafkomu Sparisjóðs Höfðhverfinga og hjá mörgum minni sparisjóðum. Hreinar vaxtatekjur sparisjóðsins, sem falla hér undir aðrar hreinar rekstrartekjur, voru töluverðar 2005–2007 og aftur 2009–2011. Afkoma af fjáreignum var einungis betri en af öðrum liðum árið 2007 og má það einkum rekja til breytinga á matsaðferðum eigna. Þær matsaðferðir höfðu svo sitt að segja ári síðar þegar virðisrýrnun verðbréfaeignar lék stórt hlutverk í stærsta tapi sparisjóðsins á tímabilinu. Aftur varð tap af fjáreignum á árinu 2009, mest vegna virðisrýrnunar eignar sparisjóðsins í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og Sparisjóðnum í Keflavík. Aðrar hreinar rekstrartekjur voru góðar á því ári og kom rekstur sparisjóðsins

89. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

90. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

91. Byggt á sundurliðunum frá sparisjóðnum til rannsóknarnefndarinnar. Sundurliðun vegna ársreiknings 2007 stemmir ekki fullilega við ársreikning.

nokkurn veginn út á sléttu. Afkoma af fjáreignum var lítil á árinu 2010 en sýnu meiri ári síðar vegna eignarhlutarins í Sænesi ehf. Frá og með árinu 2001 til 2007 var uppsafnaður hagnaður sparisjóðsins af fjáreignum 136 milljónir króna á árslokaverðlagi ársins 2011 en heildartap sjóðsins af sömu eignum á árunum 2008–2011 nam um 119 milljónum króna. Á þessu ellefu ára tímabili var því nettóhagnaður af fjáreignum sparisjóðsins.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005–2011.⁹²



26.4 Fjármögnun

Skuldir Sparisjóðs Höfðhverfinga tæplega tvöfölduðust frá árinu 2005 til ársins 2011. Fjármögnun á starfsemi sjóðsins var með skuldum og eigin fé. Innlán voru stærsti skuldaliður sparisjóðsins á tímabilinu eða 58–95% af heildarskuldum að undanskildu eigin fé.⁹³ Lægst var hlutfall þeirra árið 2005 og hæst árið 2011. Innlán sem hlutfall af útlánum voru á bilinu 65–263%, lægst 2005 og hæst árið 2011.

Tafla 16. Skuldir Sparisjóðs Höfðhverfinga í árslok 2005–2011.⁹⁴

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir	29.460	37.341	40.230	86.304	–	–	–
Innlán samtals	570.683	928.203	887.892	1.001.371	1.304.987	1.679.014	1.699.398
Lántaka samtals	321.795	339.165	353.913	401.870	95.384	10.715	15.544
Aðrar skuldir	11.710	14.956	19.700	34.877	16.045	19.059	26.976
Vikjandi skuldir	50.191	53.679	56.825	65.675	71.343	76.243	77.554
Samtals	983.839	1.373.344	1.358.560	1.590.097	1.487.759	1.785.031	1.819.472

Innlán voru stærsti þátturinn í fjármögnun Sparisjóðs Höfðhverfinga á árunum 2005–2011. Á skoðunartímabilinu áttu heimili að meðaltali 71% af innlánum sjóðsins, fyrirtæki um 15% og eignarhaldsfélög um 9%. Innlán frá eignarhaldsfélögum hækkuðu töluvert í lok árs 2009 og enn frekar á árinu 2011.⁹⁵ Hlutfall bundinna innlána var að meðaltali 20% á tímabilinu, hæst 25% í febrúar 2009 og lægst 13% frá september til desember 2005.⁹⁶ Tíu stærstu innlánseigendur sparisjóðsins áttu að meðaltali 45% allra innlána hjá sjóðnum.

Skuldir Sparisjóðs Höfðhverfinga við lánastofnanir voru nær eingöngu vegna ádráttarlínu í erlendum myntum. Sjóðurinn undirritaði rammasamning um lánsheimildir við Sparisjóðabanka Íslands hf. 20. desember 2004.⁹⁷ Samningur var gerður um lánsheimild í formi

92. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011. Ekki eru birtar tölur fyrir veltuhlutabréf árin 2005 og 2006 þar sem í ársreikningum 2005 og 2006 voru tekjur vegna inneignar í peningamarkaðsþjóði færðar sem vaxtatekjur en í ársreikningi 2007 voru þær færðar sem gengishagnaður.

93. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

94. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

95. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins, sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

96. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

97. Nánari grein er gerð fyrir þessum samningum sparisjóðanna við Sparisjóðabankann í 11. kafla.

reikningsláns í erlendum gjaldmiðlum að jafnvirði allt að 130 milljónir króna. Lánsfjárhæðina mátti endurlána viðskiptavinum eða nýta hana til kaupa á fjármálagerningum.⁹⁸ Lánsheimild rammasamningsins var hækkuð í 200 milljónir króna 1. janúar 2008 og fór sparisjóðurinn aldrei út fyrir skilgreindan lánaramma. Eftir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Sparisjóðabankanum í mars 2009 voru skuldir sparisjóðsins við Sparisjóðabankann fluttar til Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn bauð sparisjóðnum afslátt af skuldinni ef hún yrði gerð upp í einu lagi með greiðslu.⁹⁹ Krafan nam 84 milljónum króna og var gerð upp 29. desember 2010 með greiðslu sem nam tæpum 75 milljónum króna.¹⁰⁰

Tafla 17. Lántaka Sparisjóðs Höfðhverfinga frá árslokum 2005 til ársloka 2011.¹⁰¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Íbúðalánasjóður	197.915	206.810	213.573	252.023	—	—	—
Sparisjóðabanki Íslands	48.284	51.068	53.570	59.156	94.790	—	—
Landsbanki Íslands	—	—	939	820	594	305	—
Útgefin bankabréf	75.595	81.287	85.831	99.872	—	—	—
Byggðastofnun	—	—	—	—	—	9.010	8.287
Jöfnunarkerfi	—	—	—	—	—	1.401	7.257
Samtals	321.795	339.165	353.913	411.870	95.384	10.715	15.544

Sparisjóður Höfðhverfinga gerði tvo lánasamninga við Íbúðalánasjóð. Sá fyrri var gerður í desember 2004 og var upphafleg lánsfjárhæð rúmar 186 milljónir króna. Með þessum samningi fékk Íbúðalánasjóður greiðsluflæði af íbúðalánnum sem sparisjóðurinn hafði veitt viðskiptavinum sínum og í þessu tilviki voru lánin að baki fjármögnuninni 20 talsins. Seinna lánið, sem var veitt í apríl 2005, var með sama sniði en þar var lánsfjárhæðin rúmar 30 milljónir króna og að baki henni stóðu þrjú lán í eigu sparisjóðsins.¹⁰²

Eins og greint var frá hér á undan voru skuldir sparisjóðsins við lánastofnanir einkum vegna lánalínu hjá Sparisjóðabankanum. Til viðbótar henni var lántaka Sparisjóðs Höfðhverfinga til lengri tíma hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. en hún var vegna fjármögnunar frá Íbúðalánasjóði. Sparisjóðabankinn gaf út skuldabréf með veði í söfnum fasteignaveðlana nokkurra sparisjóða og seldi til Íbúðalánasjóðs. Átta fasteignaveðlán Sparisjóðs Höfðhverfinga að fjárhæð um 47 milljónir króna voru meðal þeirra sem voru að baki þessu skuldabréfi. Að baki útgefnu skuldabréfi Sparisjóðabanka Íslands hf. voru skuldabréf 17 sparisjóða.¹⁰³

Sparisjóður Höfðhverfinga gaf út sjö verðtryggð skuldabréf árið 2004, hvert að fjárhæð 10 milljónir króna, en þau voru að fullu greidd árið 2009. Skuldabréfin voru gefin út til Íslenskra verðbréfa hf. og báru 5,5% fasta ársvexti.¹⁰⁴

Árið 2005 gaf Sparisjóður Höfðhverfinga út víkjandi skuldabréf að nafnverði 50 milljónir króna. Um var að ræða verðtryggt skuldabréf til 6 ára sem bar 6,5% fasta vexti og var keypt af Sænesi ehf. Skilmálum bréfsins var breytt 29. október 2008 og var gjalddaga þess frestað til ársins 2016, eða um 5 ár.¹⁰⁵

26.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Stofnfé í Sparisjóði Höfðhverfinga var rúmar 3,7 milljónir króna í árslok 2001 og skiptist á 41 aðila. Á árinu 2002 var stofnfé aukið um nærri 20 milljónir króna og stofnfjárhöfum fjölgað þannig að þeir voru 79 í árslok. Stofnféð var síðan eingöngu hækkað í samræmi við verðlagsbreytingar og með svo kölluðu sérstöku endurmati þar til næst var ráðist í stofnfjárauvingu árið 2008.

98. Rammasamningur um lánsheimild í erlendum myntum milli Sparisjóðs Höfðhverfinga og Sparisjóðabanka Íslands, 20. desember 2004.

99. Samkomulag um uppgjör reikningsláns, Sparisjóður Höfðhverfinga, 21. desember 2010.

100. Bréf Seðlabanka Íslands til Rannsóknarnefndar Alþingis 7. febrúar 2013.

101. Sundurlitun sjóðsins til rannsóknarnefndarinnar. Heildartalan fyrir árið 2008 stemmir ekki við ársreikning sparisjóðsins.

102. Yfirlit lánasamninga Íbúðalánasjóðs við sparisjóði, útbúið af Íbúðalánasjóði, 3. júlí 2012.

103. Yfirlit lánasamninga Íbúðalánasjóðs við sparisjóði, útbúið af Íbúðalánasjóði, 3. júlí 2012. Nánar er fjallað um fjármögnun íbúðalána sparisjóðanna hjá Íbúðalánasjóði í 11. kafla.

104. Tölvuskeyti Sparisjóðs Höfðhverfinga til rannsóknarnefndarinnar 13. mars 2013.

105. Skilmálabreyting víkjandi skuldabréfs Sparisjóðs Höfðhverfinga, 29. október 2008.

„Í þessu sambandi ber að hafa í huga að stofnfjáreigendur eru ekki eigendur sparisjóðs með sama hætti og hluthafar eru eigendur hlutafélags.“

Úr bréfi Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Höfðhverfinga 7. maí 2008.

Í samþykktum sparisjóðsins frá 2003 kom fram að stofnfé skyldi eigi vera minna en þrjár milljónir króna og allt að tuttugu milljónir króna sem skiptast skyldi í jafnháa hluti, eigi færri en 120 og allt að 800. Sparisjóðsstjórn skyldi sjá til þess að stofnfjáreigendur væru aldrei færri en þrjátíu og skyldi eitt atkvæði fylgja hverjum hlut. Þá var veðsetning stofnfjárhlutar óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé umfram það sem kveðið var á um í samþykktum með áskrift nýrra stofnfjárhluta. Við aukningu stofnfjár skyldu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína.¹⁰⁶

Á aðalfundi sparisjóðsins árið 2008 var samþykkt að hámark stofnfjár yrði hækkað upp í einn milljarð króna auk þess sem veðsetning stofnfjárhluta varð heimil að fengnu samþykki stjórnar sparisjóðsins. Þá var fellt úr samþykktum ákvæðið um að sparisjóðsstjórn skyldi sjá til þess að stofnfjáreigendur yrðu aldrei færri en 30.¹⁰⁷ Um haustið sama ár stefndi í að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins færi undir lögbindið lágmark. Í því skyni að hækka hlutfallið samþykkti stjórn sparisjóðsins á fundi sínum 26. nóvember 2008 að nýta nýtilkomna heimild í samþykktum til stofnfjáraukningar. Leitað var til fjárhagslega sterkra aðila á starfssvæði sparisjóðsins um kaup á hlut í sparisjóðnum auk þess sem áhugi þáverandi stofnfjáreigenda var kannaður. Í bréfi sem stjórnin sendi frá sér til stofnfjáreigenda 9. desember 2008 var framkvæmd útboðsins kynnt:

Nú liggur fyrir sú afstaða KEA að félagið telur ekki fært að koma að rekstri sjóðsins með þeim hætti sem áður var áformað vegna aðstæðna á fjármálamarkaði. Þó telur KEA enn að ekki sé fullreynt með rekstur [sparisjóðsins]. Hefur stjórn [sparisjóðsins] átt í viðræðum við KEA, Sænes og Sparisjóð Svarfdæla um aðkomu þessara aðila að stofnfjáraukningunni. Tekið hefur verið jákvaðt í það af hálfu þessara aðila, en ekki liggur fyrir á þessari stundu í hvaða mæli það yrði. Stjórn hefur uppi áform og hefur kynnt þau hjá FME, að leita eftir því að ríkissjóður nýti heimild í svokölluðum neyðarlögum til að koma að rekstri sjóðsins með því að leggja honum til stofnfé. Hvernig þessi heimild ríkissjóðs verður útfærð og henni beitt liggur ekki fyrir og því enn nokkur óvissa um þennan þátt málsins.

Þá taldi stjórn sparisjóðsins ljóst að auka þyrfti stofnfé um að minnsta kosti 30 milljónir króna til að ná eiginfjárhlutfalli upp fyrir lögbindið lágmark. Það eitt og sér var þó ekki talið nægjanlegt því nauðsynleg stofnfjáraukning væri á bilinu 90 til 150 milljónir króna. Í boði voru því 2.415 stofnfjárhlutir á 62.090 krónum á hlut eða um 150 milljónir króna að nafnverði. Stjórnin áréttaði jafnframt við stofnfjáreigendur að kaup á stofnfé væri áhættufjárfesting. Útboðinu lauk 19. desember 2008 og bárust skráningar fyrir 35,6 milljónum króna að nafnverði, þær hæstu frá KEA svf. og Sparisjóði Svarfdæla sem skráðu sig fyrir 8,5 milljónum króna hvor.¹⁰⁸ Hvorugur þessara aðila átti stofnfé í sparisjóðnum fyrir útboðið og voru þeir einu stofnfjáreigendurnir sem bættust við listann. Sænes ehf. skráði sig fyrir 6,3 milljónum króna og voru þessir þrír lögaðilar þar með orðnir stærstu stofnfjáreigendur í sparisjóðnum.¹⁰⁹ Við stofnfjáraukninguna náði eiginfjárhlutfall sparisjóðsins yfir lögbindið lágmark og varð 8,2% samkvæmt ársreikningi 2008.¹¹⁰ Árið 2009 urðu litlar breytingar á stofnfjáreigendalista sparisjóðsins og engin breyting á fjölda stofnfjárhafa eða stofnfé.

Á aðalfundi árið 2010 var samþykkt tillaga um breytingar á samþykktum sparisjóðsins.¹¹¹ Stjórn skyldi heimilt að auka stofnfé sjóðsins annars vegar um allt að 563 hluti að nafnverði samtals 34.956.670 krónum á genginu 1,0 með sölu nýs stofnfjár til KEA svf. í samræmi við samkomulag milli sparisjóðsins og KEA svf. frá því fyrr á árinu.¹¹² Forkaupsréttur stofnfjáreigenda skyldi falla niður við þessa aukningu. Hins vegar yrði heimilt að hækka stofnfé um allt að 1.610 hluti að nafnverði samtals 99.964.900 krónum með sölu nýs stofnfjár á genginu 1,0. Stofnfjáreigendur hefðu forkaupsrétt við þessa aukningu í samræmi

106. Samþykktir fyrir Sparisjóð Höfðhverfinga, 23. apríl 2003.

107. Aðalfundargerð Sparisjóðs Höfðhverfinga, 3. apríl 2008.

108. Þessarar stofnfjáraukningar er ekki getið í sjóðstreymi í ársreikningi 2008. Rannsóknarnefndin fékk það staðfest að féð var innborgað fyrir áramót og er því skekkja í sjóðstreyminu hvað þetta varðar.

109. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Höfðhverfinga 2003–2010.

110. Samkvæmt innsendri COREP-skýrslu til Fjármálaeftirlitsins 31. desember 2008 var eiginfjárhlutfallið 8,16%.

111. Samþykktir fyrir Sparisjóð Höfðhverfinga, 25. maí 2010.

112. Samkomulag milli KEA svf. og Sparisjóðs Höfðhverfinga vegna stofnfjár, 8. febrúar 2010.

við samþykktir. Heimild stjórnar til að ákveða aukningu stofnfjár gildi til ársloka 2012.¹¹³ Stofnfé var aukið síðar á árinu um 32,8 milljónir króna og keypti KEA svf. allan þann hlut sem eftir það átti 35% stofnfjár í Sparisjóði Höfðhverfinga. Engar breytingar urðu á stofnfé sparisjóðsins á árinu 2011.

Tafla 18. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Höfðhverfinga í lok árs 2005–2011.¹¹⁴

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé / hlutfé	31.276	20,9%	36.576	21,6%	40.655	19,9%	85.311	98,0%	85.311	96,0%	118.157	96,1%	118.157	95,7%
Varasjóður	118.163	79,1%	132.384	78,4%	163.210	80,1%	1.771	2,0%	3.582	4,0%	4.791	3,9%	5.250	4,3%
Eigið fé samtals	149.439	100,0%	168.960	100,0%	203.865	100,0%	87.082	100,0%	88.893	100,0%	122.948	100,0%	123.407	100,0%

Tafla 19 sýnir svo hverjir áttu stærstan hlut stofnfjár í Sparisjóði Höfðhverfinga í árslok 2007 til 2010. Þar kemur glögg fram hve hlutur lögaðila í eignarhaldinu varð stór eftir stofnfjárukninguna 2008, en þá áttu fjórir lögaðilar meira en þriðjung stofnfjárins. Sá einstaklingur sem átti langstærstan eignarhlut var Sveinn Jóhannesson. Hann hafði lengi farið með virkan eignarhlut í sparisjóðnum, tæp 20% árið 2001 og 12,5% eftir stofnfjárukninguna 2002 og allt til aukningarinnar 2008.

Tafla 19. Stærstu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Höfðhverfinga 2007–2010.¹¹⁵

	2007	2008	2009	2010
KEA svf.	–	10,0%	10,0%	35,0%
Sparisjóður Svarfdæla	–	10,0%	10,0%	7,2%
Sænes ehf.	4,0%	9,7%	9,7%	7,0%
Hlaðir ehf.	4,0%	2,3%	2,3%	1,7%
Sveinn Jóhannesson	12,5%	9,1%	9,1%	6,6%
Darri ehf.	4,0%	7,3%	7,3%	5,3%
Þórsteinn Jóhannesson	5,4%	3,1%	3,1%	2,3%
Guðjón Þórsteinsson	5,3%	3,1%	3,1%	2,2%
Ari Laxdal	5,1%	3,0%	3,0%	2,2%
Frosti ehf.	5,0%	2,9%	2,9%	2,1%
Rósa Jóakimsdóttir	5,0%	2,9%	2,9%	2,1%
Sigurlaug Sigurðardóttir	5,0%	2,9%	2,9%	2,1%
Samtals	55,3%	66,2%	66,2%	75,6%

26.6 Viðbrögð sparisjóðsins við erfiðleikum í rekstri

26.6.1 Hugmyndir um hlutfjárvæðingu

Þegar kom fram á haust árið 2007 mátti greina merki um erfiðleika í rekstri sparisjóðsins; hreinar vaxtatekjur höfðu dregist verulega saman og vaxtamunur fór lækkaði. Árið 2007 kom þó út með dagóðum hagnaði upp á tæpar 39 milljónir króna, en það mátti fyrst og fremst rekja til breyttra uppgjörsaðferða við mat á eignarhlutum sparisjóðsins í Icebank, VBS Fjárfestingarbanka og Sparisjóði Vestfirðinga. Þeir voru færðir upp miðað við áætlað markaðsverð og nam gengishagnaður vegna þessa tæpum 47 milljónum króna. Tap hefði vísast orðið af rekstrinum ella.

Á stjórnarfundum haustið 2007 voru ræddar hugmyndir um hvernig tryggja mætti framtíðarrekstur sparisjóðsins. Ein þeirra var að breyta sparisjóðnum í hlutafélag. Í nóvember fóru lögmáður sparisjóðsins og stjórnarformaður á fund Fjármálaeftirlitsins til að ræða þau áform¹¹⁶ og var ákveðið að sparisjóðurinn héldi Fjármálaeftirlitinu upplýstu um framgang mála.¹¹⁷ Hinn 3. júlí 2009 barst Fjármálaeftirlitinu bréf frá lögmanni sparisjóðsins, fyrir hönd stjórnar, þar sem óskað var eftir heimild til að breyta sparisjóðnum í hlutafélag

113. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 25. maí 2010.

114. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011.

115. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Höfðhverfinga 2003–2010.

116. Skýrsla Ólafs Rúnars Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

117. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Höfðhverfinga 7. maí 2008.

en stjórn sparisjóðsins mat stöðuna svo að hagsmunum hans yrði annars ekki borgið.¹¹⁸ Á sama tíma var unnið að breytingum á lögum um fjármálfyrirtæki og stóð til að fella heimild til að breyta sparisjóði í hlutafélag úr lögum. Fjármálaeftirlitið svaraði umsókninni með bréfi 23. júlí 2009 þar sem bent var á að gögn frá sparisjóðnum skorti til að hægt væri að vinna umsóknina og leit því svo á að formleg umsókn hefði ekki borist sér. Nefnd lagabreyting tók síðan gildi 10. júlí 2009 og var þá ekki lengur heimilt að breyta sparisjóði í hlutafélag.¹¹⁹ Málinu var því lokað hjá Fjármálaeftirlitinu og bærust engin mótmæli frá stjórn sparisjóðsins.¹²⁰

26.6.2 Áform um fjárhagslega endurskipulagningu

Þegar uppgjör vegna ársins 2007 lá fyrir var ljóst að nauðsynlegt væri að auka eigið fé sparisjóðsins. Hinn 1. febrúar 2008 barst stjórn sparisjóðsins minnisblað frá KEA þar sem lýst var áhuga á því að kaupa allt stofnfé í sparisjóðnum en að lágmarki 70% með milligöngu stjórnar sjóðsins. Markmiðið með kaupunum var „að búa til öflugan sparisjóð á smásölustigi með kjölfestueignarhald í Eyjafirði“¹²¹ en meðal forsendna fyrir kaupunum var að hafist yrði handa við að breyta sparisjóðnum í hlutafélag eigi síðar en 24 mánuðum frá kaupum.¹²² Hugmyndin var kynnt á stofnfjárhafafundi 25. febrúar 2008 og lýsti Halldór Jóhannsson forstjóri KEA því yfir þar „að KEA væri tilbúið að koma með verulega fjármuni inn í [spari]sjóðinn og verða kjölfestuaðili (fjárfestir) í stækkuðum SPSH með t.d. 25–35% eignarhlut til framtíðar“.¹²³ Á fundinum var einnig kynnt hugsanleg aðkoma Sæness ehf. að sparisjóðnum og að félagið „væri tilbúið að vera 5–10% aðili að sjóðnum“.¹²⁴

„Við vorum bara sveitamennt á stígvélum!“

Úr skýrslu Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 18. apríl 2013.

Stjórn sparisjóðsins og forstjóri KEA eigna ehf. undirrituðu síðan skilyrtan kaupsamning um stofnfé 12. mars 2008. Með samningnum skuldbatt KEA eignir ehf. sig til að kaupa og sparisjóðurinn til að selja allt stofnfé sem sjóðurinn ætti eða hefði rétt á að kaupa af þáverandi stofnfjáreigendum, þ.e. 100% stofnfjár sparisjóðsins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Meðal þeirra skilyrða sem sett voru af hálfu KEA eigna ehf., var að Fjármálaeftirlitið samþykkti að KEA eignir ehf. færi með virkan eignarhlut og atkvæðisrétt í sparisjóðnum.¹²⁵ Hugmyndir um kaupin og fyrirhuguð áform KEA eigna voru kynnt á fundi stjórnarformanns og lögmanns sparisjóðsins með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins 17. mars 2008 þar sem fram kom að markmið KEA væri að efla starfsemi sparisjóðsins, fyrst með því að auka stofnfé um 500–1.000 milljónir króna og væri lagt kapp á að stækka starfsvæði sparisjóðsins inn á Akureyri og um allan Eyjafjörð. Í framhaldinu væri fyrirhugað að hlutafélagsvæða sparisjóðinn og stefnt á að laða að fleiri fjárfesta er fram liðu stundir, bæði með sölu hlutafjár og hlutafjárukningu. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði Ingvi Þór Björnsson sparisjóðsstjóri:

Þetta var gjörólik hugmyndafræði miðað við hvað aðrir voru að gera, það er að hlutafélagavæðast, reyna að sameinast banka, fá ákveðið gengi á stofnfé í kringum hlutabréf í bönkunum, en þarna ætluðu KEA-menn að koma inn og taka niútiú og eitthvað prósent og vera með fimm prósentu atkvæðavægi og þeir bara hristu hausinn í FME.¹²⁶

Í framhaldinu vísaði hann til þeirra orða sem fallið hefðu um þá sparisjóðamenn innan stjórnkerfisins að þeir væru „bara sveitamennt á stígvélum“.

Fjármálaeftirlitið taldi að ekki yrði séð að hugmyndir sparisjóðsins um kaup KEA eigna ehf. á stofnfé sparisjóðsins væru í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og vísuðu meðal annars til þágildandi 40. gr. laganna um virkan eignarhlut í fjármálfyrirtækjum og sérreglna um sparisjóði. Meginreglan væri sú að ekki væri gert ráð

118. Bréf Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 3. júlí 2009. Í athugasemdum Ólafs Rúnars Ólafssonar, lögmanns Sparisjóðs Höfðhverfinga, til rannsóknarnefndarinnar 4. október 2013 kom fram að sparisjóðnum hafi þótt rétt að freista þess að halda möguleikanum um hlutafélagsvæðingu opnum ef ske kynni að sú leið kæmi til greina á rekstri sjóðsins. Engin ákvörðun hefði verið tekin um það þarna.

119. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Ólafs Rúnars Ólafssonar 23. júlí 2009.

120. Minnisblað Fjármálaeftirlitsins, 29. september 2009.

121. Minnisblað KEA svf. til stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 1. febrúar 2008.

122. Minnisblað KEA svf. til stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 1. febrúar 2008.

123. „Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Höfðhverfinga“.

124. „Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Höfðhverfinga“.

125. Skilyrtur kaupsamningur um stofnfé, 12. mars 2008.

126. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

fyrir að hægt væri að eiga virkan eignarhlut í sparisjóði, nema í tilteknum tilvikum.¹²⁷ Sýna þyrfti fram á nauðsyn þess að ráðast í fjárhagslega endurskipulagningu og síðan þyrfti að sýna fram á að henni yrði ekki við komið með öðrum hætti en að tiltekinn aðili eignaðist virkan eignarhlut í sparisjóðnum.¹²⁸ Fjármálaeftirlitið benti jafnframt á að samkvæmt þágildandi 64. gr. laga um fjármálafyrirtæki væri sala eða annað framsal stofnfjárhluta í sparisjóði óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Ákvæðinu væri ætlað að koma í veg fyrir að aðilar gætu farið framhjá reglum um virka eignarhluti. Þá var vísað til þess að stofnfjáreigendur væru ekki eigendur sparisjóðs með sama hætti og hluthafar væru eigendur hlutafélags og að meginskyldur stjórnar sparisjóðs við afgreiðslu framsalsbeiðna væru að gæta hagsmuna þess hluta eigin fjár sparisjóðsins sem stofnfjáreigendur ættu ekki tilkall til. Ennfremur var bent á fyrirmæli laga um dreifða eignaraðild sparisjóða og að stofnfjáreigendur í sparisjóði skyldu vera minnst þrjátíu og óskaði Fjármálaeftirlitið því einnig upplýsinga um það hvernig sparisjóðurinn hygðist uppfylla það skilyrði.¹²⁹

Í svari sparisjóðsins kom fram að með samningnum við KEA eignir ehf. hefði stjórn sparisjóðsins leitast við að uppfylla þau markmið sem hún hefði sett sér, sem væru i) að efla starfsemi sparisjóðsins með aukningu stofnfjár eða eftir atvikum hlutafjárukningu; ii) að tryggja að starfsstöð með öflugri starfsemi yrði áfram á Grenivík; iii) að komið yrði á fót sjálfseignarstofnun eða samfélagssjóði sem starfaði í þágu samfélagsins á þáverandi starfssvæði sparisjóðsins; og iv) að gæta möguleika stofnfjáreigenda til að fá álag á stofnfé sitt gegnum sölu. Það hefði ekki verið ætlun sparisjóðsins að fara framhjá reglum um virka eignarhluti, auk þess sem kaupsamningurinn hefði ekki verið efndur. Þó var áréttað að áform væru óbreytt og að almenn samstaða væri meðal stofnfjárhafa um málið. Þar sem ekki lægi fyrir hvort skilyrðum a-liðar 2. mgr. 70. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki væri fullnægt, væri ekki tímabært fyrir stjórn sjóðsins að beina erindi til Fjármálaeftirlitsins um heimild til að samþykkja KEA eignir ehf. sem eiganda virks eignarhluta.¹³⁰

Í kjölfarið óskaði Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um það hvort sparisjóðurinn hefði skoðað aðrar leiðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar en það taldi að almennt ætti ekki að orka tvímælis hvort nauðsyn væri á fjárhagslegri endurskipulagningu í rekstri sparisjóðs eða ekki. Ef hennar væri þörf hlyti slíkt að liggja ljóst fyrir. Því var óskað upplýsinga um það hvenær stjórn sparisjóðsins hefði orðið þess áskynja að mögulega væri þörf á fjárhagslegri endurskipulagningu.¹³¹

Í svari sparisjóðsins 19. júní 2008 sagði að leitað hefði verið annarra leiða til fjárhagslegrar endurskipulagningar áður en viðræður við KEA hófust, m.a. hefðu verið kannaðir möguleikar á sameiningu bæði við aðra sparisjóði með starfssvæði fyrir austan starfssvæði sparisjóðsins sem og aðra. Taldi stjórnin að þessir kostir tryggðu hvorki hagsmuni viðskiptamanna sparisjóðsins, varasjóðs né starfsemi hans í heild. Var litið svo á að með sameiningu við aðra sparisjóði kynni starfsstöð sparisjóðsins á Grenivík að vera í hættu sem og hætta á að varasjóðurinn nýttist ekki á starfssvæði sjóðsins. Því hefði stjórn sjóðsins talið réttast að kanna möguleika á að auka eigið fé sjóðsins og treysta afkomugrundvöll hans. KEA hafi verið tilbúið til að mæta sjónarmiðum sparisjóðsins, starfaði eftir áherslum um byggðafestu og byggji yfir verulegum fjárhagslegum styrk. Um það skilyrði að stofnfjáreigendur yrðu að vera að lágmarki þrjátíu var vísað til þess að til stæði að gera viðauka við skilyrtan kaupsamning aðila til að tryggja lágmarksfjölda stofnfjáreigenda.

Stjórn sparisjóðsins taldi engan vafa leika á því að þörf væri á fjárhagslegri endurskipulagningu. Á haustdögum 2007 þótti sýnt að sparisjóðurinn hefði ekki nægan fjárhagslegan styrk til að starfa til lengri tíma og var þá einkum litið til þróunar á fjármálamarkaði þar sem borið hafði á sameiningum smærri sparisjóða. Á þeim tíma taldi stjórn sparisjóðsins hann þó ekki í bráðri hættu, hins vegar hefði margt breyst síðan þá og með ítarlegri skoðun á fjármálum sparisjóðsins hefði komið í ljós að staðan væri verri en stjórn taldi í upphafi.

127. Þau voru tilgreind í þágildandi a- og b-lið 2. mgr. 70. gr. laganna. Skilyrði a-liðar var að um væri að ræða lið í fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og að sýnt þætti að slíki fjárhagslegri endurskipulagningu yrði ekki við komið nema með því að stofnfjáreigandi eignaðist virkan eignarhlut. Þótti b-liður ekki eiga við í þessu tilviki.

128. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 7. maí 2008.

129. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 7. maí 2008.

130. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 19. maí 2008.

131. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 30. maí 2008.

Nú væri svo komið að eiginfjárstaðan væri óviðunandi og nálgadist hættumörk. Því væri óhjákvæmilegt að auka eigið fé sjóðsins og vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu með þeim hætti en stjórnin taldi ekki forsendur fyrir því að leita til stofnfjárhafa til að auka stofnfé.¹³²

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 8. júlí 2008 kom fram að uppi væri ágreiningur við Fjármálaeftirlitið um túlkun ákvæða í lögum um fjármálafyrirtæki. Ágreiningurinn snerist einkum um hvað fælist í fjárhagslegri endurskipulagningu og hver ætti að meta nauðsyn slíkrar endurskipulagningar. Ljóst væri að stjórnarmenn bæru ábyrgð á rekstri og afkomu sjóðsins. Sú ábyrgð væri persónuleg og að uppfylltum ákveðnum lagaskilyrðum gætu stjórnarmenn borið fjárhagslega ábyrgð gagnvart sparisjóðnum. Slík ábyrgð gæti hins vegar aldrei hvílt á Fjármálaeftirlitinu. Því leit stjórnin svo á að mat á þörf fyrir fjárhagslega endurskipulagningu lægi hjá stjórn sjóðsins og að ekki væru lagaskilyrði fyrir því að Fjármálaeftirlitið endurmæti afstöðu stjórnar að því leyti.¹³³

Sparisjóður Höfðhverfinga sótti formlega um heimild fyrir KEA eignir ehf. til að eiga virkan eignarhlut í sparisjóðnum 20. ágúst 2008. Í umsókninni kom fram að fyrir lægi að stofnfé yrði í dreifðri eignaraðild þar sem stofnfjárhafar yrðu að minnsta kosti þrjátíu og að enginn þeirra hefði meira en 5% atkvæðavægi, en að minnsta kosti tveir aðilar réðu þó slíkum hlut hvor um sig, KEA eignir ehf. og Sænes ehf.¹³⁴ Með umsókninni fylgdi óendurskoðað árschlutauppgjör fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, en sparisjóðsstjóri taldi það gefa raunsanna mynd af stöðu sjóðsins. Í svari Fjármálaeftirlitsins var ítrekað að til þess að það gæti metið hvort skilyrði 70. gr. laga um fjármálafyrirtæki væru uppfyllt, þyrftu ákveðin grunn gögn að liggja fyrir og taldi því nauðsynlegt að óska eftir sama árschlutauppgjöri sparisjóðsins, en árituðu af endurskoðanda.¹³⁵

Lögmaður sparisjóðsins kvaðst hafa fengið símhringingu í byrjun október 2008 frá Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, þar sem hann upplýsti að ekki yrði lagst gegn áformum KEA eigna ehf., en þá var félagið hins vegar búið að draga sig í hlé.¹³⁶ Stjórn sparisjóðsins sendi Fjármálaeftirlitinu bréf 7. október 2008 þar sem greint var frá því að sparisjóðurinn og KEA eignir ehf. hefðu rift samningi sínum með vísan til framvindu mála á fjármáلامarkaði og breytt lagaumhverfis. Eftir sem áður væri þörf á fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins og væru aðilar sammála um að halda samningaumleitunum áfram en markmið þeirra viðræðna væri að KEA kæmi að eignarhaldi sparisjóðsins með því að leggja honum til fjármuni sem tryggja myndu starfhæfi hans og sjálfstæði.¹³⁷

26.6.3 Rekstur sparisjóðsins eftir fall íslensku bankanna 2008

Í árschlutareikningi fyrir tímabilið 1. janúar til 10. október 2008, sem sparisjóðurinn lét gera að beiðni Fjármálaeftirlitsins til að kanna áhrifin af falli bankanna á fjárhagsstöðu og eiginfjárhlutfall sjóðsins, kom fram að tap á rekstri sjóðsins á tímabilinu nam 134,8 milljónum króna og var bókfært eigið fé í lok tímabilsins orðið 65 milljónir króna. Það hafði verið tæpar 204 milljónir króna í árslok 2007. Árschlutareikningurinn leiddi í ljós slæma eiginfjárstöðu og var eiginfjárhlutfallið komið niður í 5%. Mikilvægt var því talið að auka stofnfé sjóðsins til þess að koma eiginfjárhlutfallinu í lögmætt horf. Samkvæmt árschlutauppgjörinu vantaði um 19,5 milljónir króna af nýju stofnfé til þess að hlutfallið kæmist upp fyrir 8%. Hinn 7. nóvember 2008 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir greinargerð frá sparisjóðnum um þær ráðstafanir sem hann hygðist grípa til í þessu ljósi, auk upplýsinga um það hvort stjórn sparisjóðsins hefði kannað hvort 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki gæti komið að gagni sem úrræði í þeirri stöðu sem upp væri komin, en í þeirri grein er fjallað um endurskipulagningu fjárhags lánastofnana.

132. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 19. júní 2008.

133. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 19. maí 2008.

134. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 20. ágúst 2008.

135. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 25. ágúst 2008.

136. Skýrsla Ólafs Rúnars Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013. Í skýrslu Ólafs fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að samtalið hefði verið sama dag og bankarnir féllu, eða 6. október 2008.

137. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 7. október 2008.

Stjórn sparisjóðsins sendi Fjármálaeftirlitinu greinargerð 26. nóvember 2008 þar sem fram kom að fyrst og fremst væri horft til stofnfjárukningar og hefðu KEA, Sænes hf. og Sparisjóður Svarfdæla lýst áhuga á að koma þar að. Framkvæmdin yrði með þeim hætti að stjórn nýtti sér heimild í samþykktum sparisjóðsins til að auka stofnfé um allt að 150 milljónir króna. Með þeim aðgerðum yrði hægt að hækka eiginfjárlutfall sparisjóðsins upp fyrir lög bundið lágmark.¹³⁸ Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum í kjölfarið frest til 12. janúar 2009 til að koma eiginfjárgrunninum í viðeigandi horf.¹³⁹

Leitað var til lögaðila á starfssvæði sparisjóðsins, auk þess sem áhugi stofnfjáreigenda var kannaður á stofnfjáreigendafundi 19. nóvember 2008. Á fundinum var samþykkt að veita stjórn umboð til að leita leiða til að tryggja starfsgrundvöll sparisjóðsins og hækka eiginfjárlutfallið, eftir atvikum með stofnfjárukningu eða hlutafjárnvæðingu og hlutafjárukningu, eða leita eftir samstarfi eða samvinnu við aðra aðila.¹⁴⁰ Í desember 2008 hafði stjórnin aflað samþykkis fyrir nýju stofnfé fyrir um 35,6 milljónir króna og var nýtt stofnfé allt greitt inn í sama mánuði, þar af keypti KEA svf. stofnfé fyrir 8,5 milljónir króna og sömuleiðis Sparisjóður Svarfdæla. Þáverandi stofnfjáreigendur keyptu stofnfé fyrir um 18,6 milljónir króna.¹⁴¹ Í árslok 2008 var eiginfjárlutfallið svo komið í 8,2%.

26.6.4 Umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði

Hinn 20. mars 2009 sótti sparisjóður Höfðhverfinga um eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli reglna um framlag til sparisjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlög).¹⁴² Óskað var eftir eiginfjárframlagi sem næmi allt að 20% af bókfærðu eigin fé eins og það var í árslok 2007, eða 40,8 milljóna króna framlagi, en bókfært eigið fé í árslok 2007 var 203,9 milljónir króna. Í staðfestingu endurskoðanda sem fylgdi umsókninni kom fram að hefði sparisjóðurinn fengið slíkt eiginfjárframlag fyrir árslok 2008 hefði eiginfjárlutfallið verið 14,9% í árslok í stað 8,2%.¹⁴³ Í umsókninni sagði að reynt hefði verið að selja eignir í öðrum fjármálafyrirtækjum, en aðstæður væru erfiðar og engin tilboð hefðu borist. Þá væri í skoðun að lækka áhættugrunn sparisjóðsins með því að selja íbúðalán til Íbúðalánasjóðs.¹⁴⁴

Beiðni Sparisjóðs Höfðhverfinga var vísað til Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins 24. mars 2009 til umsagnar. Fjármálaeftirlitið taldi rekstraráætlun sjóðsins raunhæfa en benti á að virðisyrnun útlána hjá sparisjóðnum árið 2008 væri í lægri kantinum miðað við aðra sparisjóði og gæti það leitt til meiri afskrifta hjá sparisjóðnum síðar en Fjármálaeftirlitið lagði til að Sparisjóði Höfðhverfinga yrði veitt 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.¹⁴⁵

Seðlabanki Íslands sendi fjármálaráðuneytinu sameiginlega umsögn um umsóknir sparisjóðanna um eiginfjárframlag úr ríkissjóði 21. apríl 2009. Í umsögn sinni lagði Seðlabanki Íslands ríka áherslu á að breytingar yrðu gerðar á yfirstjórn viðkomandi fjármálafyrirtækja, þar sem það ætti við, að framtíðar arðgreiðslur yrðu takmörkunum háðar og að nýjar viðskiptaáætlanir myndu liggja fyrir. Þá lagði Seðlabankinn áherslu á að leitað yrði leiða til að fá fleiri aðila til að leggja sparisjóðunum til nýtt eigið fé, til að styrkja þá og dreifa eignarhaldi, og að tryggt yrði að fyrirliggjandi tap yrði borið af þáverandi eigendum áður en ríkið legði til nýtt eigið fé. Mikilvægt væri að Fjármálaeftirlitið og endurskoðendur sparisjóðanna mætu eigið fé þeirra og að það yrði fært niður eins og þörf væri á, áður en ríkissjóður legði til nýtt eigið fé.¹⁴⁶

138. Bréf Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 26. nóvember 2008.

139. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga 9. desember 2008.

140. Fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 19. nóvember 2008.

141. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 20. mars 2009.

142. Nánar er fjallað um lög nr. 125/2008 og reglur um eiginfjárframlag til sparisjóða í 13. kafla.

143. Bréf KPMG hf. til Sparisjóðs Höfðhverfinga 19. mars 2009.

144. Bréf stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga til Fjármálaeftirlitsins 20. mars 2009.

145. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 16. mars 2009.

146. Bréf Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009. Nánar er fjallað um umsögn Seðlabankans um umsóknir sparisjóðanna í 13. kafla.

26.6.5 Samkomulag við Seðlabanka Íslands um uppgjör krafna

Fleiri sparisjóðir sóttu um eiginfjárframlag úr ríkissjóði og í kjölfarið fór fjármálaráðuneytið fram á að þeir fengju óháð endurskoðunarfyrtæki til að fara yfir reikninga sína og verðmæti eigna. Endurskoðunarfyrtækið PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera fjárhagslega áreiðanleikakönnun á ákveðnum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi sparisjóðsins og skilaði skýrslu sinni 24. júní 2009. Helstu niðurstöður voru þær að virðisrýrnun eigna væri meiri en sparisjóðurinn hefði gert ráð fyrir og næmi mismunurinn 11,6 milljónum króna. Eigið fé sparisjóðsins væri því 75,4 milljónir króna. Áhrif aukinnar niðurfærslu væru að eiginfjárlutfall sjóðsins lækkaði í 7,62% og því þyrfti eigið fé að hækka um 30 milljónir til að 12% eiginfjárlutfall næðist.¹⁴⁷

Tafla 20. Virðisrýrnun samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers hf.¹⁴⁸

Pús. kr.	Bókfærð staða 31.12.2008	Niðurfærsla Sparisjóðs Höfðhverfinga	Mat PwC á niðurfærslu	Mismunur
Útlán 10 stærstu	276.090	63.100	63.100	–
Önnur útlán	622.554	74.104	74.104	–
Útlán samtals	898.644	137.204	137.204	–
Skuldabréf og önnur verðbréf, fastar tekjur	30.552	–	–	–
Hlutabréf og önnur verðbréf, breytilegar tekjur	153.040	–	21.635	21.635
Hlutir í hlutdeildarfélagum	3.509	–	(10.000)	(10.000)
Skatteign	30.940	–	–	–
Samtals	1.116.685	137.204	148.839	11.635
Tekjuskattshagræði (15%)	–	–	–	–
Samtals eignaliðir skoðaðir (67% af EH)	1.116.685	137.204	148.839	11.635

Helstu ástæður niðurfærslunnar voru að hlutabréfaeignin var færð meira niður, eða um 21,6 milljónir króna. Hins vegar leiddi endurmat á eignarhlutum í hlutdeildarfélagum til þess að verðmæti þeirra hækkaði um 10 milljónir króna.¹⁴⁹

Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða, þegar ljóst var að sparisjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparisjóða.¹⁵⁰ Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðunum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparisjóði Höfðhverfinga sem námu 88,3 milljónum króna.¹⁵¹ Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparisjóðunum tillögu um meðferð krafna á hendur sparisjóðunum og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn. Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn síðan sparisjóðunum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹⁵² Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹⁵³ Þar sem Sparisjóður Höfðhverfinga valdi þá leið að gera upp kröfur sínar við Seðlabankann tóku auknar kröfur Fjármálaeftirlitsins ekki til sparisjóðsins.

147. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í rekstri Sparisjóða Höfðhverfinga, 24. júní 2009. Eitt skilyrði reglna um framlag til sparisjóða var að eiginfjárlutfallið yrði ekki lægra en 12% að meðtöldu framlagi ríkissjóðs.

148. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í rekstri Sparisjóða Höfðhverfinga, 24. júní 2009.

149. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í rekstri Sparisjóða Höfðhverfinga, 24. júní 2009.

150. Bréf Seðlabanka Íslands til sparisjóða 8. september 2009.

151. Minnisblað Seðlabanka Íslands um vinnu með kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðunum, 21. ágúst 2009.

152. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um bréf Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

153. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

Í svarbréfi Sparisjóðs Höfðhverfinga til Seðlabanka Íslands 26. febrúar 2010 sagði að stjórn sparisjóðsins hefði ákveðið fela sparisjóðsstjóra að vinna að uppgjöri krafna þannig að allar kröfur Seðlabankans yrðu greiddar upp fyrir 1. júlí 2010 gegn 12% lækkun krafna í endanlegu uppgjöri.¹⁵⁴

Áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna var háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Á fundum fulltrúa Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytis með fulltrúum Eftirlitsstofnunarinnar 26. maí 2010 kom fram að forsvarsmenn stofnunarinnar ættu erfitt með að sjá fyrir sér að 12% afsláttur sem Seðlabankinn hygðist veita þremur smærri sparisjóðum á uppgjöri krafna, þeirra á meðal Sparisjóði Höfðhverfinga, stæðist reglur stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Að óbreyttu myndi eftirgjöf af því tagi ekki verða samþykkt.¹⁵⁵ Þegar ljóst varð að Eftirlitsstofnun EFTA hefði ekki samþykkt að kröfur Seðlabanka Íslands yrðu gerðar upp með 12% afslætti af krónufjárhæð þeirra, var uppgreiðslu frestað þar til samþykki Eftirlitsstofnunarinnar lægi fyrir.¹⁵⁶

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, um lögmati lánskuldbindinga í íslenskum krónum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla, sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafyrirtækjum tilmæli 30. júní 2010 vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða. Í kjölfarið var fjármálafyrirtækjum gert að endurmeta eiginfjárförf sína í ljósi þeirra aðstæðna og tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur hefði í för með sér.¹⁵⁷ Á stjórnarfundum Sparisjóðs Höfðhverfinga 11. ágúst 2010 var fjallað um áhrif dóma Hæstaréttar á útreikning á eiginfjárhlutfalli fjármálafyrirtækja. Niðurstaðan var sú að að teknu tilliti til útreikninga væri eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 14,14%.¹⁵⁸

Í lok nóvember 2010 komst aftur skriður á viðræður um uppgjör krafna Seðlabankans á hendur sparisjóðnum og ítrekaði stjórn sparisjóðsins vilja sinn til að gera upp kröfurnar gegn 12% lækkun krónufjárhæðar. Á sama tíma var sparisjóðsstjóra falið að ganga frá sölu stofnfjár til KEA svf. í samstarfi við lögmann sparisjóðsins og Fjármálaeftirlitið.¹⁵⁹ Þar sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði ekki samþykkt fyrirkomulagið sem lagt hafði verið upp með í fyrra samkomulagi var til skoðunar að lækka afslátt af krónufjárhæð krafanna í 11% í stað 12%, en stefnt var að því að ljúka gerð samkomulags fyrir árslok 2010.

Seðlabankinn sendi Sparisjóði Höfðhverfinga tilboð um uppgjör 9. desember 2010 og á stjórnarfundum sparisjóðsins 14. desember 2010 var samþykkt að ganga að því.¹⁶⁰ Samkomulag var síðan undirritað 21. desember 2010 og fól í sér uppgjör á kröfum í erlendum myntum samkvæmt „Rammasamningi um reikningslán milli Sparisjóðs Höfðhverfinga og Sparisjóðabanka Íslands hf. frá 20. desember 2004“. Við uppgjör skyldi Seðlabankinn lækka krónufjárhæð krafanna um 11% miðað við stöðu þeirra á uppgjorsdegi, enda myndi sparisjóðurinn sýna fram á að lausafjárstaða hans héldist viðunandi og engin önnur atvik hefðu átt sér stað sem leiddu til þess að sjóðurinn uppfyllti ekki skilyrði bankans fyrir uppgjöri og fjárhagslegri endurskipulagningu. Þá skyldi Sparisjóður Höfðhverfinga draga til baka umsókn sína um eiginfjárframlag úr ríkissjóði. Staða krafna Seðlabanka Íslands á hendur Sparisjóði Höfðhverfinga nam 84 milljónum króna við uppgjör og greiddi Sparisjóður Höfðhverfinga 74,6 milljónir króna í samræmi við samkomulagið.¹⁶¹

Fram kom hjá Ingva Þór Björnssyni sparisjóðsstjóra að honum hefði fundist uppgjörið taka langan tíma og að miklu þúðri hefði verið eytt í það miðað við efnahag sparisjóðsins. Taldi hann að Sparisjóður Höfðhverfinga, ásamt Sparisjóði Suður-Þingeyinga, ætti í

154. Bréf Sparisjóðs Höfðhverfinga til Seðlabanka Íslands 26. febrúar 2010. Í athugasemdamynd til rannsóknarnefndarinnar 4. október 2013 sagði Jón Ingvi Árnason sparisjóðsstjóri að sparisjóðurinn hefði alla tíð gert kröfu um að uppgjör yrði í samræmi við lögmati krafna og hefði ekki litið á lækkun krafanna sem afslátt.

155. Tölvaskeyti Stefáns Þórs Sigtryggssonar, starfsmanns Seðlabanka Íslands, til Más Guðmundssonar seðlabankastjóra 26. maí 2010.

156. Nánar er fjallað um Eftirlitsstofnun EFTA og ákvarðanir hennar í 13. kafla.

157. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálafyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>. Nánari umfjöllun er að finna í 13. kafla.

158. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 11. ágúst 2010.

159. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 30. nóvember 2010. Nánar er fjallað um stofnfjárkaup KEA svf. í kafla 26.5.

160. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 14. desember 2010.

161. Yfirlit um stöðu láns Sparisjóðs Höfðhverfinga 17. desember 2010; bréf Seðlabanka Íslands til rannsóknarnefndarinnar 7. febrúar 2013.

viðræðum við Seðlabankann á öðrum forsendum en þeir sparisjóðir sem fengu kröfum Seðlabankans á hendur þeim breytt í stofnfé. Því fannst honum sparisjóðurinn ekki njóta jafnræðis hvað það varðaði frá hendi Seðlabankans.¹⁶²

Hagnaður af rekstri sparisjóðsins á árinu 2010 nam 1,2 milljónum króna. Bókfært eigið fé í árslok nam 122,9 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 13,7%.¹⁶³ Hagnaður af rekstri sparisjóðsins á árinu 2011 nam 459 þúsund krónum. Bókfært eigið fé í árslok nam 123,4 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 14,63%. Sparisjóðurinn krafðist síðar leiðréttingar á uppgjöri því sem gert var í desember 2010 með vísan til þess að skuld sparisjóðsins samkvæmt rammamningi við Sparisjóðabanka Íslands hf. hefði verið með ólögætum hætti bundin gengi erlendra gjaldmiðla.¹⁶⁴ Skrifað var undir samkomulag við Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. 7. mars 2013. Fól samkomulagið í sér að Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. endurgreiddi Sparisjóði Höfðhverfinga 32,6 milljónir króna og væri það fullnaðaruppgjör milli aðila.¹⁶⁵

26.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Höfðhverfinga greiddi stofnfjárhöfum 10% arð af stofnfé þeirra á árunum 2001–2005 vegna næstliðinna rekstrarára. Samþykkt var á aðalfundi 2006 að greiða engan arð vegna ársins 2005 en þá var 53,6 milljóna króna tap af rekstri sparisjóðsins. Heimilt hefði þó verið samkvæmt reglum Tryggingasjóðs sparisjóða að greiða 5% arð. Arður var greiddur árin 2007 og 2008 vegna næstliðinna rekstrarára, 10% af stofnfé í lok árs í báðum tilfellum. Heimilt hefði þó verið að greiða 16,3% arð af stofnfé í lok árs 2007 í samræmi við raunávöxtun eigin fjár sparisjóðsins á því ári. Engar arðgreiðslur voru eftir þetta. Arðgreiðslur Sparisjóðs Höfðhverfinga á tímabilinu 2001–2008 námu samtals 16,8 milljónum króna og fóru ekki í bága við reglur Tryggingarsjóðs sparisjóðanna um hámarkshlutfall arðgreiðslu.¹⁶⁶

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreignenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.¹⁶⁷ Árin 2005 til 2008 var stofnfé Sparisjóðs Höfðhverfinga hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um rúmar 14 milljónir króna. Endurmatið var fyllilega í samræmi við gildandi reglur. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2008.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.¹⁶⁸ Hækkunin mátti þó ekki vera hærri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Sparisjóðurinn nýtti heimildina til sérstaks endurmats fyrir rekstrarárin 2005, 2006 og 2007 og nam aukningin samtals 5,5 milljónum króna. Sparisjóðnum var óheimilt samkvæmt gildandi lögum að reikna sérstakt endurmat vegna ársins 2005 því tap var af rekstrinum það ár. Hin árin var sérstaka endurmatið í samræmi við lög og reglur.

Í töflu 21 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

162. Skýrsla Ingva Þórs Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 18. apríl 2013.

163. Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga 2010.

164. Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga 2011.

165. Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga 2012. Nánari umfjöllun um uppgjör krafna Seðlabanka Íslands er í 13. kafla.

166. Nánari grein fyrir reglum um greiðslu arðs er gerð í 12. kafla.

167. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

168. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Tafla 21. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Höfðhverfinga 2005–2011.¹⁶⁹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	–	3.657	4.066	–	–	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	31.276	36.576	40.655	85.311	85.311	118.157	118.157
Arður sem hlutfall af stofnfé	–	10,0%	10,0%	–	–	–	–
Arður sem hlutfall af hagnaði	–	18,7%	10,5%	–	–	–	–
Afkoma ársins	(53.575)	19.522	38.563	(148.357)	1.811	1.209	459
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	5,0%	10,0%	16,3%	5,0%	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	-29,1%	5,7%	16,3%	•	•	•	•
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	1.629	1.829	2.033	–	–	–	–
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga*	1.121	3.672	2.250	6.983	–	–	–

* Endurmat féll niður 2004 en var bætt við stofnféð 2005, en endurmatið vegna 2005 bættist við 2006 ásamt endurmati þess árs.

26.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Höfðhverfinga og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2010.

26.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Höfðhverfinga starfrækti ekki eigin innri endurskoðunardeild á því tímabili sem til athugunar var, en Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri eigin endurskoðunardeildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning um innri endurskoðun við KPMG hf. í apríl 2005 og annaðist KPMG innri endurskoðun fyrir sparisjóðinn það tímabil sem til skoðunar var.¹⁷⁰ Í skýrslum KPMG kom fram að innri endurskoðun fælist meðal annars í könnun á ýmsum þáttum í innra eftirliti sjóðsins, könnun á því hvort unnið hefði verið í samræmi við ákvarðanir stjórnar og hvort starfsreglur hefðu verið virtar, svo og lög og aðrar viðmiðanir.¹⁷¹

Í niðurstöðum skýrslanna kom fram að innri endurskoðunin fól fyrst og fremst í sér athugun á innra eftirliti sparisjóðsins auk úttektar á stærstu skuldurum og vanskilaaðilum. Þá voru framkvæmdar bókhaldskannanir að því marki sem talið var nauðsynlegt. Fylgiskjöl voru skoðuð með úrtakskönnunum, bókhaldsskráning könnuð og virkni innra eftirlits. Innri endurskoðun beindist fyrst og fremst að útlánnum og vanskilum en áhætta sjóðsins var þar talin mest. Skoðaðir voru ferlar vegna lánveitinga, annars vegar áhættur í ferlum og hins vegar þær eftirlitsaðgerðir sem taldar voru geta dregið úr áhættunni.¹⁷²

Í skýrslum sínum benti innri endurskoðandi á ýmis atriði sem betur mættu fara í innra eftirliti sparisjóðsins, meðal annars var bent á að sökum smæðar sparisjóðsins hefði ekki alltaf verið unnt að koma við nægjanlegri aðgreiningu starfa en reynt hefði verið að hafa eins virkt innra eftirlit og unnt var. Þá hafi einnig vantað upp á formlegar og skjalfestar eftirlitsaðgerðir.

Nokkuð var um að sömu athugasemdir væru gerðar ár eftir ár. Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2005 var gerð athugasemd um að vanskil, sem væru eldri en einn mánuður, væru hátt hlutfall heildarútlána og var sama athugasemd ítrekað gerð í skýrslum endurskoðandans allt tímabilið. Taldi KPMG mikilvægt að stjórnendur sýndu varkárni í útlánnum og gættu að tryggingastöðu til að reyna að lágmarka tapsáhættu sparisjóðsins.

169. Ársreikningar Sparisjóðs Höfðhverfinga, 2005–2011. Verðbólga ársins er reiknuð út frá á tölum frá Hagstofunni með aðferð sem skilgreind er í 8. kafla.


170. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Höfðhverfinga 2010, 19. janúar 2011.

171. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Höfðhverfinga 2010, 19. janúar 2011. Sama skilgreining er í skýrslum um innri endurskoðun frá 2005 til 2010.

172. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Höfðhverfinga 2010, 19. janúar 2011. Sama texta er að finna í skýrslum frá 2005 til 2008.

Í skýrslum innra endurskoðanda vegna áraanna 2007 til 2010 var bent á nauðsyn þess að útlánareglur væru skýrar og ljóst hverjar útlánaheimildir starfsmanna væru hverju sinni. Einnig var lagt var til að sparisjóðurinn kæmi sér upp skriflegum verklagsreglum um útlutun styrkja starfsmönnum sparisjóðsins til leiðbeiningar og að eftirlit sparisjóðsstjóra með launakeyrlum yrði bætt þannig að sá eftirlitsþáttur yrði sýnilegri. Í skýrslum innri endurskoðanda vegna áraanna 2007 og 2008 var bent á að gott væri að til væri fjárfestingarstefna um lausafé og ávöxtun þess sem rammi fyrir stjórnendur til að vinna eftir. Í skýrslu vegna áraanna 2008 og 2010 var ennfremur bent á að brýnt væri að til væri skipurit sem skýrði ábyrgðarsvið hvers og eins. Ekki var gerð skýrsla um innri endurskoðun fyrir árið 2009.

27. Sparisjóður Suður-Píngeyinga



27. SPARISJÓÐUR SUÐUR-ÞINGEYINGA

Sparisjóður Suður-Þingeyinga varð til úr fimm sparisjóðum í Suður-Þingeyjarsýslu. Elstur þeirra var Sparisjóður Kinnunga, sem var stofnaður árið 1889, en hinir voru Sparisjóður Aðaldæla, stofnaður 1940; Sparisjóður Fnjóskdæla, stofnaður 1943; Sparisjóður Mývetninga, stofnaður 1945, og Sparisjóður Reykdæla, stofnaður 1952. Árið 1988 sameinuðust Sparisjóður Kinnunga og Sparisjóður Fnjóskdæla undir nafni Sparisjóðs Kinnunga. Í árslok 1989 voru Sparisjóður Aðaldæla, Sparisjóður Kinnunga og Sparisjóður Reykdæla síðan sameinaðir undir nafni Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. Í lok árs 1996 sameinuðust svo Sparisjóður Mývetninga og Sparisjóður Suður-Þingeyinga undir nafni hins síðarnefnda.¹

Sparisjóðurinn skilgreinir sig sem sjálfseignarstofnun er hafi það hlutverk að stunda sjálfbæra svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar. Starfsemin á að standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð svæðisins og lánveitingar skulu hafa jákvæð áhrif á umhverfi og framtíð svæðisins.² Afkoma af rekstri sparisjóðsins á að standa undir stöðugri þróun sjóðsins, þátttöku hans í góðu mannlífi á svæðinu og hóflegum arði af stofnfé. Starfsemin byggir á nálægð við viðskiptavinum, þekkingu á aðstæðum og þörfum viðskiptavina og svæðis, hóflegum vaxtamun, skynsamlegum útlánunum og samstarfi við aðra sparisjóði um að hámarka hagkvæmni og þekkingu í starfi sjóðsins.³

Sparisjóður Suður-Þingeyinga hefur aðalstöðvar að Laugum í Reykjadal en útibú í Reykjahlíð og á Húsavík. Hjá sparisjóðnum starfa 13 starfsmenn. Guðmundur E. Lárússon gegndi starfi sparisjóðsstjóra frá 1. janúar 2006 til miðs árs 2012 er hann lét af starfi og Anna Dóra Snæbjörnsdóttir tók við starfi hans. Formaður stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er Ari Teitsson og hefur hann verið það óslitið frá 1990.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.⁴

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ari Teitsson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.
Björn G. Yngvason				x	x	x	x	x	x	x	x
Dagur Jóhannesson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Kolbrún Úlfssdóttir											x
Margrét Hólm Valsdóttir								x	x	x	x
Sigtryggur Vagnsson	x	x	x	x	x	x	x				
Skarphéðinn Sigurðsson	x	x	x								
Þórhallur Hermannsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	

Í lok árs 2007, fyrir fall bankanna, voru stofnfjárfarar 255. Sparisjóður Mýrasýslu var stærsti stofnfjárfarafi með 12,6% hlut og Sparisjóður Bolungarvíkur átti 9,4% hlut. Heildareignir sjóðsins námu þá 2,9 milljörðum króna. Sparisjóðurinn var einn af minni sparisjóðunum í landinu með um 0,5% af samanlögðum eignum allra sparisjóða, en heildareignir sparisjóðanna voru þá um 614 milljarðar króna. Í árslok 2011 námu heildareignir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 6,7 milljörðum króna og voru þá um 11% af samanlögðum eignum sparisjóðanna.

Sparisjóðurinn stóð að mörgu leyti af sér áhrif falls íslensku bankanna haustið 2008 og þarfnadist ekki eiginfjárframlags úr ríkissjóði á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008. Þá gerði sparisjóðurinn upp kröfur Seðlabanka Íslands á hendur honum sem færðust yfir til Seðlabankans við fall Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. í mars 2009, en nokkrir

1. Uppruni Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, skjal útbúið af Sparisjóði Suður-Þingeyinga fyrir rannsóknarnefndina samkvæmt beiðni, 21. janúar 2013.
2. Samþykktir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 8. maí 2011. Í þeim samþykktum segir að sparisjóðurinn sé sjálfseignarstofnun, en þess hafði ekki verið getið í fyrri samþykktum. Þá var samfélagslegs hlutverks sparisjóðsins heldur ekki getið með sambærilegum hætti í fyrri samþykktum sparisjóðsins. Í samþykktunum er víðað til starfssvæðis sparisjóðsins eða svæðisins án þess að það sé sérstaklega afmarkað eða skilgreint.
3. „Frá starfi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga“, spar.is 12. maí 2011, <http://www.spar.is/spthin-sudur-thingeyinga/frettir/nanar/267/fra-starfi-sparisjods-sudur-thingeyinga>.
4. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

sparisjóðanna sem ekki gerðu upp við Seðlabankann með sama hætti og Sparisjóður Suður-Þíngeyinga fengu kröfunum breytt í stofnfjáreign sem fluttist til Bankasýslu ríkisins fyrir hönd íslenska ríkisins.

Fyrir fall bankanna höfðu verið uppi hugmyndir um sameiningu sparisjóðsins við aðra sparisjóði en ekkert varð úr þeim. Þegar þetta er ritað er enn inni í myndinni að sparisjóðurinn muni sameinast öðrum, þar sem það er talið rekstrarlega hagkvæmt, en engar ákvarðanir hafa þó verið teknar í þá veru. Sameining við aðra sparisjóði þarf hins vegar ekki að vera nauðsynlegur þáttur í framtíð og rekstri sparisjóðsins eins og hann stendur núna.⁵

27.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Suður-Þíngeyinga, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001–2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.⁶

27.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Suður-Þíngeyinga var rekinn með hagnaði frá 2001 til 2011, að undanskildum árunum 2008 og 2009. Afkoma af fjáreignum hafði töluverð áhrif á heildarafkomu sjóðsins og gerði hana sveiflukenndari. Tekjur af fjáreignum voru grunnurinn að methagnaði sjóðsins árið 2006, sem nam 62 milljónum króna. Tap af fjáreignum, einkum af hlutdeildarfélagum, olli hins vegar viðsnúningi árið 2008 þegar sjóðurinn tapaði 127 milljónum króna. Það ár var 235 milljóna króna tap af hlutdeildarfélagum. Sjóðurinn tapaði enn árið 2009. Það skýrðist af áframhaldandi tapi af fjáreignum og háu framlagi í afskriftareikning útlána.

Samanlagður hagnaður Sparisjóðs Suður-Þíngeyinga á 7 ára tímabili fyrir efnahagshrunið (á árunum 2001–2007) var 334 milljónir króna miðað við meðalverðlag ársins 2011. Tap hans á árunum 2008 og 2009 nam 204 milljónum króna á meðalverðlagi ársins 2011.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs Suður-Þíngeyinga 2001–2011.⁷

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	89.502	91.689	92.811	87.850	80.796	102.571	104.751	188.608	194.288	244.977	204.743
Hreinar þjónustutekjur	21.380	26.942	27.654	31.779	28.075	26.910	30.333	30.294	31.142	32.511	32.417
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	1.139	2.459	4.396	12.675	33.116	73.078	22.450	(234.872)	(59.587)	(20.239)	(2.083)
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(5.738)	(718)	2.793	28.764	21.368	11.301	2.951	20.048	(4.288)	893	14.778
Aðrar rekstrartekjur	5.853	43.031	1.998	2.019	3.741	2.139	2.244	3.324	4.127	5.876	6.061
Hreinar rekstrartekjur	112.136	163.403	129.652	163.087	167.096	215.999	162.729	7.402	165.682	264.018	255.916
Almennur rekstrarkostnaður	(79.511)	(88.125)	(89.198)	(101.624)	(112.109)	(121.375)	(123.646)	(135.574)	(140.876)	(152.679)	(193.628)
Önnur rekstrargjöld	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(15.354)	(27.499)	(19.239)	(14.686)	(26.282)	(18.766)	(15.010)	(38.462)	(63.341)	(76.156)	(38.829)
Rekstrargjöld samtals	(94.865)	(115.624)	(108.437)	(116.310)	(138.391)	(140.141)	(138.656)	(174.036)	(204.217)	(228.835)	(232.457)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	17.271	47.779	21.215	46.777	28.705	75.858	24.073	(166.634)	(38.535)	35.183	23.459
Skattar samtals	(537)	(9.691)	(6.527)	(8.386)	(5.084)	(13.744)	(4.070)	39.838	(3.505)	(9.641)	(6.645)
Hagnaður (tap) ársins	16.734	38.088	14.688	38.391	23.621	62.114	20.003	(126.796)	(42.040)	25.542	16.814

Í viðauka C má sjá sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi.

Hreinar rekstrartekjur


Hreinar rekstrartekjur sparisjóðsins hækkuðu tiltölulega lítið frá 2001 til 2007. Sveiflurnar á þeim stöfuðu aðallega af fjáreignum. Árið 2002 varð hækkun vegna sölu hlutabréfa og 2004–2006 uxu tekjur af fjáreignum. Þær drógust hins vegar mikið saman árið 2007. Þrátt fyrir mikla hækkun hreinna vaxtatekna árið 2008 dugðu þær ekki til að vega upp tapið af fjáreignum það ár. Hreinar vaxtatekjur héldust áfram háar eftir 2008 og hafa verið uppistaðan í hreinum rekstrartekjum sparisjóðs Suður-Þíngeyinga síðan.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

5. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

6. Nánar er fjallað um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla.

7. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þíngeyinga 2001–2011.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.⁸

Tap af hlutdeildarfélögum árið 2008 var fyrst og fremst fólgið í 177 milljóna króna hlutdeild í tapi Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Eignarhluturinn í bankanum vó einnig mest í arðs- og hlutdeildartekjum árána 2005–2007. Undir þessum lið var auk þess færð niðurfærsla hlutabréfaeignar sem að réttu lagi hefði átt að færa undir gengishagnað (-tap) af fjáreignum, enda færðu aðrir sparisjóðir hana með þeim hætti. Á árinu 2008 var eign sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. færð niður um samtals 61 milljón króna. Árið eftir varð einnig liðlega 60 milljóna króna tap af hlutabréfum sem skýrðist helst af niðurfærslu eignarhlutar í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., FSP Holding hf. og Sparisjóðnum í Keflavík. Það sem fært var sem gengishagnaður (-tap) af fjáreignum voru breytingar á gjaldeyristengdum eignum og á veltuverðbréfum. Þessi liður var yfirleitt óverulegur hluti hreinna rekstrartekna á tímabilinu. Stærstur varð hann árið 2004.

Hreinar þjónustutekjur námu 21 milljón króna á árinu 2001 og voru 19% af hreinum rekstrartekjum. Vægi þessara tekna var að meðaltali 17% og í árslok 2011 námu þær 32 milljónum króna eða 13% af hreinum rekstrartekjum. Aðrar rekstrartekjur voru óverulegur hluti hreinna rekstrartekna hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga allt tímabilið, nema árið 2002 en þá var færður söluhagnaður af eignarhlutum í félögum upp á 41 milljón króna. Um var að ræða bréf í Kaupþingi hf. og Alþjóða líftryggingafélaginu hf.

Hreinar vaxtatekjur voru stærsti liður hreinna rekstrartekna á umræddu tímabili og breyttust að jafnaði lítið á milli ára. Árið 2006 hækkuðu þær um 27%, en mest var hækkuð árið 2008 þegar þær jukust um 80%. Stærstur hluti vaxtatekna sparisjóðsins kom frá útlánum, að undanskildum árunum 2009 og 2010 þegar vaxtatekjur vegna krafna á lánastofnanir vógu þyngst. Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir námu minnst 5% af vaxtatekjum árið 2006 en urðu hæstar 58% árið 2010. Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum voru nánast engar á tímabilinu.

Vaxtagjöld voru að langstærstum hluta vegna almennra innlána. Þau gjöld sem ekki voru vegna innlána fóru til lánastofnana en vægi þeirra var aldrei meira en 2%, nema árið 2001 þegar það var 9%. Vaxtagjöld vegna innlána námu 94 milljónum króna árið 2001 og fóru hæst í 651 milljón króna árið 2009. Í árslok 2011 voru þau 266 milljónir króna.

8. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

Vaxtamunur sparisjóðsins breyttist mun minna en hjá sparisjóðunum í heild á tímabilinu.⁹ Engu að síður var hann yfirleitt meiri hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga, nema árin 2004, 2010 og 2011. Mestu munaði árið 2007 þegar vaxtamunurinn var 4,6% hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga en 1,2% hjá sparisjóðunum í heild. Í lok árs 2011 var vaxtamunurinn 5,5% hjá sparisjóðunum í heild en ekki nema 2,9% hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga, en það var jafnframt lægsta gildi hans á tímabilinu 2001–2011.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga 2001–2011.¹⁰

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Suður-Þingeyinga											
Meðalvextir útlána	18,7%	14,9%	13,9%	13,4%	12,8%	15,1%	15,1%	23,8%	15,9%	9,6%	10,5%
Meðalvextir innlána	9,2%	6,4%	4,4%	4,6%	6,0%	8,7%	10,2%	12,9%	11,2%	5,2%	4,1%
Vaxtamunur	8,7%	8,0%	9,1%	8,4%	6,4%	5,9%	4,4%	9,7%	4,3%	4,1%	6,2%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%


Í viðauka B er að finna töflu sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða.

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjárum og óefnislegum eignum, auk framlags í afskriftareikning útlána.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fóru vaxandi á árunum 2001–2011. Vöxturinn stafaði jafnan af hækkuðum almennum rekstrarkostnaði en framlag í afskriftareikning útlána jókst einnig talsvert á árunum 2008–2010. Á tímabilinu 2001–2011 nam framlag í afskriftareikninginn samtals 354 milljónum króna, þar af 217 milljónum króna á árunum 2008–2011.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.¹¹




Árið 2008 riflega tvöfaldaðist framlag í afskriftareikning útlána hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga. Framlagið var hækkað enn frekar á árunum 2009–2010 og varð hæst 76 milljónir króna á árinu 2010. Niðurfærsluhlutfallið hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga var á bilinu 4,4–6,9% á árunum 2001–2007.¹² Í árslok 2007 var niðurfærsluhlutfallið hjá sjóðnum 4,2% en 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Frá 2008 til 2012 var niðurfærsluhlutfall sparisjóðsins á bilinu 4,9–7,1% en á sama tíma var niðurfærsluhlutfall sparisjóðanna í heild á bilinu 14–24,6%.¹³

9. Útreikningur á vaxtamun er skýrður í 8. kafla um reikningsskil sparisjóðanna.
10. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.
11. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.
12. Staða afskriftareiknings útlána sem hlutfall af heildarútlánunum.
13. Nánar er fjallað um útlán sparisjóðsins í kafla 27.2.

Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Suður-Þingeyinga hækkaði jafnt og þétt á árunum 2001–2011. Um 27% hækkun varð árið 2011, sem skýrðist af hækkun annars almenns rekstrarkostnaðar, en þar var einkum um að ræða tölvukostnað og gjald til Tryggingarsjóðs innistæðueigenda. Eins og sjá má á mynd 3 var hlutfall rekstrarkostnaðar sjóðsins af meðaleignum á árunum 2001–2007 talsvert hærra en hjá sparisjóðunum í heild. Frá 2008 fór þessi munur minnkandi og í árslok 2011 var hlutfallið orðið hærra hjá sparisjóðunum í heild. Mest bar á milli á árinu 2005 þegar hlutfallið var 5,9% hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga en 3,2% hjá sparisjóðunum í heild.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.¹⁴



Launakostnaður hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga var á bilinu 44–48% af almennum rekstrarkostnaði allt tímabilið, að undanskildu árinu 2011 þegar hann nam 38% vegna hækkunar annarra kostnaðarliða.

Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.¹⁵

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í árslok	11	10	11	11	12	11	11	11	11	11	11
Launakostnaður	37.719	38.820	42.276	48.642	54.176	56.413	56.412	59.166	65.960	70.778	74.231
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	3.429	3.882	3.843	4.422	4.515	5.128	5.128	5.379	5.996	6.434	6.748
Laun og þóknar til yfirstjórnar	5.300	6.800	6.521	8.208	10.400	11.263	11.114	11.656	12.903	13.705	16.622
Þar af til sparisjóðsstjóra	5.318	6.847	8.918	9.657	9.404	9.616	9.903	10.105	12.542

Fjöldi stöðugilda stóð nánast í stað á tímabilinu en meðallaunakostnaður á stöðugildi jókst jafnt og þétt milli ára. Laun sparisjóðsstjóra hækkuðu um 30%, bæði árið 2004 og 2005, og um 24% árið 2011. Launakostnaður sjóðsins nam tæpum 74 milljónum króna á árinu 2011.


Launaþróun hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga var mjög frábrugðin því sem þekktist hjá sparisjóðunum í heild sinni. Launin fylgdu nær algjörlega almennri launavísitölu á árunum 2001–2011 og hækkuðu því ekki eins mikið og hjá öðrum sparisjóðum.¹⁶

14. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.

15. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011. Upplýsingar um launakostnað og fjölda stöðugilda taka mið af heilsdagsstörfum í lok hvers reikningsárs.

16. Um launaþróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna. Þar má jafnframt lesa almennt um risnu og fríðindi starfsmanna sparisjóðanna.

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.¹⁷



Starfsmenn nutu ekki annarra fríðinda en almennra fríðinda hjá sparisjóðunum. Á árinu 2010 var greidd 100 þúsund króna launauppbót fyrir hvern starfsmann í fullu starfi og hlutfallslega fyrir starfsmenn í hlutastörfum. Heildarfjárhæð greiðslanna var um 1,1 milljón króna. Á tímabilinu voru ekki greiddar árangurstengdar greiðslur eða hvatagreiðslur sem töldust ekki til hefðbundinna launagreiðslna. Þá voru ekki gerðir neindir starfslokasamningar sem fólu í sér réttindi umfram þau sem bundin voru í kjarasamninga.

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingastarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðs-skuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Kjarnarekstur

Hagnaður varð af kjarnarekstri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga frá árinu 2001 til 2011, nema árin 2005 til 2007.¹⁸ Tap þessara ára skýrðist af hækkandi almennum rekstrarkostnaði sem fór saman við ónógan vöxt hreinna vaxta- og þjónustutekna. Vaxta- og þjónustutekjur stóðu undir almennum rekstrarkostnaði allt tímabilið, nema árið 2005 þegar upp á vantaði rúma eina milljón króna. Kjarnarekstur sjóðsins stóð vel á árunum 2008–2010 en þau ár var hagnaður af kjarnarekstri einnig mestur á tímabilinu. Tap af fjáreignum setti hins vegar strik í heildarrekninginn á þeim árum.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.¹⁹

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	89.502	91.689	92.811	87.850	80.796	102.571	104.751	188.608	194.288	244.977	204.743
Hreinar þjónustutekjur	21.380	26.942	27.654	31.779	28.075	26.910	30.333	30.294	31.142	32.511	32.417
Almennur rekstrarkostnaður	(75.562)	(84.709)	(86.600)	(98.057)	(110.075)	(120.085)	(122.524)	(134.241)	(139.543)	(151.346)	(192.295)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(3.949)	(3.416)	(2.598)	(3.567)	(2.034)	(1.290)	(1.122)	(1.333)	(1.333)	(1.333)	(1.333)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(15.354)	(27.499)	(19.239)	(14.686)	(26.282)	(18.766)	(15.010)	(38.462)	(63.341)	(76.156)	(38.829)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	16.017	3.007	12.028	3.319	(29.520)	(10.660)	(3.572)	44.866	21.213	48.653	4.703
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	17.271	47.779	21.215	46.777	28.705	75.858	24.073	(166.634)	(38.535)	35.183	23.459

27.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í lok árana 2001–2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á sömu árum á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.


Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 1,4 milljörðum króna en í árslok 2011 voru þær 6,7 milljarðar króna á verðlagi hvors árs um sig. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 2,5 milljarðar króna. Þannig hafði sjóðurinn nærri þrefaldast að stærð á þessum ellefu árum. Útlán voru vaxandi liður en kröfur á lánastofnanir áttu stærstan þátt í mikilli hækkun eigna frá árinu 2008.

17. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011.

18. Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

19. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í árslok 2001–2011.²⁰

Lausafjárstaða sparisjóðsins var þröng, einkum á árunum 2006–2009 eins og sjá má af stöðu sjóðs og óbundinna innistæðna í Seðlabanka. Á árinu 2006 var m.a. rætt um lántöku sparisjóðsins til að mæta þessum lausafjárskorti.²¹ Þrátt fyrir mikla innlánaaukningu leystist þessi vandi ekki fyrr en á árunum 2010–2011 þegar mikil breyting varð á stöðu sjóðs og óbundnum innistæðum í Seðlabankanum.

Útlán voru stærsti einstaki eignaliður sjóðsins frá 2001 til 2007 og var vægi þeirra af heildareignum þá á bilinu 58–75%. Mesta aukning útlána á tímabilinu átti sér stað árið 2005 þegar þau hækkuðu um 43%. Frá 2008 minnkaði vægi útlána í 34–49% en þá hækkuðu kröfur á lánastofnanir til muna. Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa, eða að meðaltali 73%, og að mestu leyti til einstaklinga. Útlán til einstaklinga fóru vaxandi á tímabilinu, fóru úr 44% af heildarútlánum árið 2001 í 63% árið 2011. Lán til fyrirtækja, einkum í iðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi og þjónustustarfsemi, fóru lækkanði á sama tíma, úr 55% í 37% af heildarútlánum.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga í árslok 2001–2011.²²

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	964.757	889.849	929.178	1.000.685	1.431.901	1.754.523	2.056.958	2.314.530	2.531.305	2.836.768	3.144.472
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	48.235	60.454	69.293	60.989	72.844	81.378	89.881	119.695	182.571	217.524	233.248
Heildarútlán án fullnustueigna	1.012.992	950.303	998.471	1.061.674	1.504.745	1.835.901	2.146.839	2.434.225	2.713.876	3.054.292	3.377.720
Niðurfærsluhlutfall	4,8%	6,4%	6,9%	5,7%	4,8%	4,4%	4,2%	4,9%	6,7%	7,1%	6,9%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Eins og fram kemur í töflu 6 hækkaði staða afskriftareiknings á árunum 2008 til 2011, mest árið 2009 um 53%. Niðurfærsluhlutfallið breyttist hins vegar lítið á öllu tímabilinu og lægst varð það 4,2% árið 2007 en fór hæst í 7,1% árið 2010. Framan af var niðurfærsluhlutfall annarra sparisjóða mun lægra en hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga en eftir árið 2008 færðu aðrir sparisjóðir mun meira af lánum sínum niður.

20. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

21. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 30. mars 2006.

22. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

Kröfur á lánastofnanir meira en áttfölduðust á árinu 2008 og námu 2,6 milljörðum króna í árslok. Þar með urðu þær stærsti eignaliður sparisjóðsins og voru það til ársloka 2010. Þessar kröfur voru tilkomnar vegna aukinna innlána hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga í kjölfar falls viðskiptabankanna. Stórum hluta þessara auknu innlána var komið fyrir í ávöxtun hjá öðrum fjármálastofnunum, þar á meðal Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og Seðlabanka Íslands. Kröfur á lánastofnanir námu 4,4 milljörðum króna í árslok 2010, en í árslok 2011 hafði hluti þessara fjármuna verið færður á sjóð og óbundnar innistæður í Seðlabanka.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Fjáreignir voru ekki stór hluti af efnahagsreikningi sparisjóðsins. Vægi þeirra af heildareignum var á bilinu 1–19% á tímabilinu og fóru hæst í 417 milljónir króna í árslok 2007. Munaði þar mest um hækkun á bókfærðu virði hlutabréfa og hlutdeildarfélaga. Í árslok 2008 höfðu fjáreignir lækkað um rúman helming og vægi þeirra farið úr 14% af heildareignum í 4%. Í lok árs 2011 nam bókfært virði þeirra 74 milljónum króna, eða 1% heildareigna. Til samanburðar má geta þess að hlutfall fjáreigna af heildareignum allra sparisjóðanna var 6,6% í árslok 2011.

Hlutabréf voru meginhluti fjáreigna hjá sparisjóðnum á umræddu tímabili. Bókfært virði hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum sveiflaðist þó talsvert. Árið 2004 rúmlega tvöfaldaðist þessi liður en lækkaði svo um 67% árið 2006 þegar sparisjóðurinn leysti út stöðu sína í hlutabréfasjóði hjá Íslenskum verðbréfum hf. upp á 175 milljónir króna. Árið 2007 tvöfaldaðist eignin aftur, einkum vegna 53 milljóna króna fjárfestingar í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og 22 milljóna króna aukningar á stofnfé í Sparisjóðnum í Keflavík. Í lok árs 2011 nam bókfært virði hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum 32 milljónum króna eða 0,5% af heildareignum.

Markaðsskuldabréf voru að meðaltali um fjórðungur fjáreigna á árunum 2001–2011. Vægi þeirra óx þó eftir 2007 í 37–46% af fjáreignum. Í árslok 2008 varð heildarvirði markaðsskuldabréfa einnig hæst á tímabilinu, eða 73 milljónir króna, en lægst var bókfært virði þeirra í lok árs 2002 þegar það nam 11 milljónum króna.

Hlutdeildarfélag eru þau félag þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

Eign í hlutdeildarfélögum breyttist lítið frá 2001 til 2004. Árið 2005 hækkaði þessi liður um 66%, í 82 milljónir króna, og fór hæst í 185 milljónir króna í árslok 2007. Skýrðist hækkunin nær algjörlega af eign sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Í árslok 2007 nam bókfært virði hlutdeildarfélaga 185 milljónum króna, en þar af var 177 milljóna króna eignarhlutur í Sparisjóðabankanum. Vegna falls íslensku bankanna og sviptinga á fjármálamörkuðum lækkaði virði eigna í fjármálafyrirtækjum mikið og birtist það í 100% niðurfærslu á eignarhlutum í Sparisjóðabankanum. Í lok árs 2011 nam eign í hlutdeildarfélögum 12 milljónum króna.

Á mynd 5 samanstanda aðrar eignir af rekstrarfjármunum, skattinneign og öðrum eignum. Rekstrarfjármunir voru eignfærðir á 37 milljónir króna í lok árs 2011. Aðrar eignir námu 7,1 milljón króna í lok árs 2011 og skattinneign, sem kom til á árunum 2008–2010, var óveruleg.


Skuldir

Sparisjóður Suður-Þingeyinga var nær eingöngu fjármagnaður af innlánnum en hlutfall innlána af heildarskuldum sparisjóðsins í lok áruna 2001–2011 var á bilinu 93–97%. Frá 2001 til 2007 uxu innlánin jafnt og þétt en árið 2008 tóku þau stökk og námu 4,6 milljörðum króna, sem var tvöföldun frá fyrra ári. Ári síðar hækkuðu þau enn frekar og náðu hámarki í sjö milljörðum króna. Samhliða auknum innlánnum hækkaði hlutfall milli innlána og útlána og náði það hámarki 278% árið 2009. Þetta hlutfall varð hvergi hærra hjá sparisjóðnum allt umrætt tímabil. Lægst var hlutfallið 106% árið 2006 og því voru útlán aldrei hærri en innlán allt tímabilið 2001–2011.

Skuldir sparisjóðsins við lánastofnanir fóru aldrei upp fyrir 3% af heildarskuldum sjóðsins. Skuldirnar voru fyrst og fremst erlend lán í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. sem voru svo endurlánuð til viðskiptavina sparisjóðsins. Alls námu skuldir sparisjóðsins við lánastofnanir 164 milljónum króna í árslok 2008 og höfðu rúmlega tvöfaldast frá fyrra ári vegna lækkunar á gengi krónunnar. Skuldir við lánastofnanir lækkuðu síðan eftir 2009 og námu 119 milljónum króna í árslok 2011.

Aðrar skuldir eru hér samtala reiknaðra skuldbindinga, víkjandi skulda og ýmissa skulda. Þessi liður fór aldrei upp fyrir 5% af heildarskuldum sparisjóðsins. Víkjandi skuldir voru einungis til staðar frá 2001 til 2003 en tekjuskattskuldbinding sem hafði vaxið fram til ársloka 2007 dróst saman eftir 2008. Þar með voru ýmsar skuldir og áfallin gjöld meginhluti skuldaliðarins frá 2008 til 2011.


Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í lok árunna 2001–2011.²³



Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga breyttist ekki að marki á árunum 2001–2011, þrátt fyrir jafna hækkun til 2007. Stofnfé hækkaði á milli ára, fyrst og fremst við endurmat. Árið 2008 lækkaði eigið fé um 20% vegna rekstrartaps upp á 127 milljónir króna, sem rekja mátti til afskrifta útlána og fjáreignataps. Á því ári var stofnfé aukið um 39 milljónir króna en fram að því hafði stofnfé verið um 1% af eigin fé, nema árið 2001 er það var 3%. Varasjóðurinn myndaði því stærstan hluta eigin fjár á tímabilinu. Eftir stofnfjárukninguna varð hlutfall stofnfjár af eigin fé á bilinu 14–18%.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í lok árunna 2001–2011.²⁴




23. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

24. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

Sparisjóður Suður-Þingeyinga uppfyllti lágmarkskröfuna um 8% eiginfjárlutfall (CAD-hlutfall) allt tímabilið 2001–2011 en hlutfallið fór þó lækkandi. Þannig var eiginfjárlutfallið 21,5% árið 2001 en 9% í lok árs 2011. Samkvæmt lögum nr. 125/2008 (neyðarlögunum) var heimilað að veita framlag til sparisjóða í fjárhagsvandræðum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem sett voru af fjármálaráðherra.²⁵ Sparisjóður Suður-Þingeyinga sótti ekki um slíkt eiginfjárframlag enda taldi sparisjóðsstjóri hann ekki vera í þeim vandræðum að þörf væri fyrir þess háttar aðstoð.²⁶

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2011.²⁷



27.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Frá 2005 til 2011 námu útlán sparisjóðsins 33–73% af heildareignum hans, lægst var hlutfallið 2009 og hæst 2006. Þó höfðu útlán tekið nokkurt stökk milli árunna 2004–2005, um 440 milljónir, úr rúnum milljarði króna í tæpan einn og hálfan milljarð. Frá 2005 til 2007 námu útlánin um 71–73% af heildareignum en höfðu verið um 60% á árunum þar á undan. Fyrir rannsóknarnefndinni bar Guðmundur E. Lárusson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, sem tók til starfa á árinu 2005, að stefnt hefði verið að því að auka útlán sparisjóðsins á þessum tíma en útlánin takmörkuðust af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.²⁸ Á árinu 2008 lækkaði hlutfallið í 44% en á móti jukust kröfur á lánastofnanir og lækkaði hlutfall útlána af heildareignum næstu árin, bæði sökum þess og vegna afskrifta. Sparisjóðurinn gerði samning við Seðlabanka Íslands á árinu 2010 um lækkingu krafna Seðlabankans vegna ádráttarlína í erlendri mynt sem áður höfðu tilheyrt Sparisjóðabankanum og voru útlán sparisjóðsins í erlendri mynt færð niður að sama skapi.

Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Suður-Þingeyinga sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.²⁹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	1.431.901	1.754.523	2.056.958	2.314.530	2.531.305	2.836.768	3.144.472
Eignir samtals	2.008.818	2.413.577	2.886.421	5.226.307	7.647.493	7.482.627	6.666.820
Útlán sem hlutfall af eignum	71%	73%	71%	44%	33%	38%	47%

Lítill hluti útlána Sparisjóðs Suður-Þingeyinga var í erlendum gjaldmiðlum og höfðu gengissveiflur því minni áhrif á útlánastöðu sjóðsins en margra annarra sparisjóða á landinu. Hæst fór vægi gengisbundinna lána í 6,3% af heildarútlánum í lok árs 2008 og námu þau þá um 144 milljónum króna.


25. Settur fjármálaráðherra setti reglur 18. desember 2008 um framlag til sparisjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008.

26. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

27. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

28. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

29. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.³⁰

Stærstur hluti lána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa. Gengistryggð skuldabréf voru flokkuð með skuldabréfum í ársreikningum sparisjóðsins 2005 til 2011. Á árinu 2008 hækkuðu þessi lán talsvert vegna falls íslensku krónunnar og má rekja aukningu þess árs nær eingöngu til gengisfallsins.

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.³¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	424.314	432.706	490.902	420.043	525.330	759.455	936.874
Vixlar	5.307	2.849	239	1.806	–	–	–
Skuldabréf	1.002.280	1.318.968	1.565.817	1.892.682	2.005.975	2.077.313	2.207.598
Samtals	1.431.901	1.754.523	2.056.958	2.314.531	2.531.305	2.836.768	3.144.472

Stærstur hluti lána sparisjóðsins á þessum tíma var til einstaklinga, eða á bilinu 62–68%. Önnur lán voru nær eingöngu til fyrirtækja og voru fyrirtæki á sviði þjónustustarfsemi langstærsti hópur lántakenda hjá sparisjóðnum.

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Suður-Þingeyinga eftir atvinnugreinum 2005–2011.³²

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bæjar- og sveitarfélög	0,9%	0,2%	0,4%	0,2%	1,7%	0,8%	–
Fyrirtæki	32,9%	36,3%	32,0%	31,6%	35,1%	36,4%	37,0%
Landbúnaður	4,7%	5,1%	4,7%	4,9%	4,6%	4,2%	5,0%
Sjávarútvegur	1,9%	2,7%	2,9%	4,1%	4,9%	5,9%	7,0%
Verslun	8,1%	5,0%	3,6%	2,8%	3,2%	3,1%	3,0%
Iðnaður	5,5%	5,9%	6,8%	8,0%	10,7%	8,9%	8,0%
Samgöngur	–	0,3%	0,1%	–	–	–	–
Þjónustustarfsemi	12,7%	17,3%	13,9%	11,8%	11,7%	14,3%	14,0%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	66,2%	63,5%	67,6%	68,2%	63,2%	62,8%	63,0%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Staða á afskriftareikningi útlána sem hlutfall af útlánasafni Sparisjóðs Suður-Þingeyinga nam á bilinu 4–5% á árunum 2005–2008 en hún hækkaði í tæp 7% á árinu 2009 og hélt á því bili að meðaltali til ársloka 2011.

30. Upplýsingar fengnar frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga að beiðni rannsóknarnefndarinnar.

31. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

32. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.³³

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	1.504.745	1.835.901	2.146.839	2.434.225	2.713.876	3.054.292	3.377.720
Staða afskriftareiknings í árslok	72.844	81.378	89.881	119.695	182.571	217.524	233.248
Útlán til viðskiptavina	1.431.901	1.754.523	2.056.958	2.314.530	2.531.305	2.836.768	3.144.472
Niðurfærsluhlutfall	4,8%	4,4%	4,2%	4,9%	6,7%	7,1%	6,9%
Framlag ársins í afskriftareikning	26.282	18.766	15.010	38.462	63.341	76.156	38.829
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	14.427	10.232	6.507	9.289	465	41.203	23.105

27.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Fjármálaeftirlitið gerði athugun hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga 16. nóvember 2005 og kannaði útlán sparisjóðsins og tryggingar ásamt vanskilum, afskriftum og vaxtafrystingu sjóðsins. Allir lántakendur með áhættuskuldbindingu yfir 10 milljónum króna voru til skoðunar, svo og öll skuldabréf og víxlar sem höfðu verið í vanskilum í 30 daga eða meira, allir tékkareikningar í vanskilum og öll vanskil á kreditkortum.³⁴ Helstu niðurstöður athugunarinnar voru þær að áhættuskuldbindingar þriggja lánþega væru umfram 10% af eigin fé sparisjóðsins og var fjallað sérstaklega um þær í skýrslunni, en enginn þeirra var í vanskilum við sparisjóðinn á skoðunardegi.³⁵ Tryggingarstaða sparisjóðsins gagnvart stærstu lántakendum var almennt talin vera í lagi. Þó var bent á að framtíðarrekkstrarhorfur stærsta lántakans væru óvissar og talsverð hætta á að fyrirgreiðslan kallaði fyrr en síðar á framlag í afskriftareikning, sérstaklega þegar litið væri til þess hversu há hún væri. Mikilvægt væri fyrir sparisjóðinn að minnka fyrirgreiðsluna eins mikið og hægt væri.³⁶ Þá var tekið fram að sparisjóðurinn virtist vera á réttri leið og að erfið skuldamál og vanskil færu minnkandi, þó að nokkur skuldamál kynnu að kalla á framlag í afskriftareikning útlána „á næstunni“. Að mati Fjármálaeftirlitsins ættu þau framlög hins vegar ekki að hafa veruleg áhrif á rekstur sparisjóðsins „á næstu misserum“. (Nánar er fjallað um þessar athugasemdir hér aftar.) Fjármálaeftirlitið gerði ekki aðra úttekt á Sparisjóði Suður-Þingeyinga á tímabilinu 2005–2011.

Í skýrslum innri endurskoðunar komu meðal annars fram athugasemdir við það að áhættuskuldbindingar hjá sjóðnum væru yfir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins. Sams konar athugasemdir komu fram í skýrslu ytri endurskoðanda og í skýrslum fyrir árin 2009 og 2010 var bent á að sjóðurinn þyrfti að fá ábyrgð á móti þeim skuldbindingum sem væru yfir 25% af eiginfjárgrunni eða lækka þær með öðrum hætti.

27.2.2 Útlánareglur

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga samþykkti útlánareglur 2. janúar 2004. Þær voru settar með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þágildandi reglna nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra voru samþykktar af stjórn sjóðsins 6. febrúar 2007 og var þeim einnig ætlað að setja ramma um lánveitingar hjá sparisjóðnum.

Útlánareglur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga höfðu ekki að geyma ítarleg ákvæði um lánveitingar og heimildir. Samkvæmt lánareglunum bar útlánnum að þjóna þeim meginmarkmiðum að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri sjóðsins og að traustri eigin- og lausafjástöðu yrði við haldið. Í sömu reglum sagði að leitast skyldi við að veita þeim er óskuðu eftir fyrirgreiðslu sem besta þjónustu á hverjum tíma.

Við ákvörðun um fyrirgreiðslu til viðskiptamanna bar að gæta þess að heildarfyrirgreiðsla til viðkomandi væri í hæfilegu hlutfalli af eigin fé sparisjóðsins³⁷ með hliðsjón af tryggingum og fjárhag viðskiptaaðilans. Sama gilti um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila sem

33. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

34. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði S-Þingeyinga 16. nóvember 2005.

35. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði S-Þingeyinga 16. nóvember 2005.

36. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði S-Þingeyinga 16. nóvember 2005.

37. Í lánareglunum var tekið fram að miðað væri við eigið fé eins og það var skilgreint í 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

væru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáættu yrði að skoða skuldbindingar þeirra við sparisjóðinn í einu lagi. Heildarskuldbinding eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila mátti aldrei fara fram úr 25% af eigin fé sparisjóðsins.

Engin ákvæði voru í útlánareglum sparisjóðsins um hámarksveðsetningarhlutfall mismunandi eigna (lágmarkstryggingarþekju) en samkvæmt reglunum bar að jafnaði að taka fullnægjandi tryggingar vegna skuldbindinga. Þó var tilgreint sérstaklega í útlánareglunum að raunmat á tryggingarandlögum skyldi fara fram og gögn því til staðfestingar skyldu skjalfest þegar um veð væri að ræða, án þess að tilgreint væri hvernig bæri að meta veðandlögin.

Undanþága frá töku trygginga var heimil ef upplýsingar sem fyrir lágu sýndu að ekki væri þörf sérstakra trygginga, án þess að það væri skilgreint nánar í reglunum, enda væri fylgst með afkomu og fjárhag viðkomandi viðskiptamanns meðan skuldbinding varði. Þá var heimilt að veita lán án trygginga ef um smávægilega fyrirgreiðslu væri að ræða miðað við eigið fé sparisjóðsins og fyrir lægi fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Enga skilgreiningu var þó að finna í útlánareglunum á því hvað teldist smávægileg fyrirgreiðsla eða hvaða upplýsingar teldust fullnægjandi hvað greiðslugetu viðskiptaaðilans varðaði. Að sögn fyrrum sparisjóðsstjóra óskaði sparisjóðurinn almennt eftir tryggingum við lánveitingar yfir 1 milljón króna.³⁸

Almennt bar að taka mið af fyrri viðskiptum lántaka við sparisjóðinn, meta greiðsluhæfi einstaklinga og afla upplýsinga um fjárhag og rekstur lögaðila þegar lán voru veitt. Væri lántakinn atvinnufyrirtæki, bar eftir því sem unnt var að afla ársreikninga, rekstrar- og greiðsluáætlana og annarra fjárhagslegra upplýsinga.

Sparisjóðsstjóri gat tekið ákvörðun um lán til viðskiptamanns og fjárhagslega tengdra aðila sem voru lægri en 3% af eigin fé sparisjóðsins. Ef lánveiting fór umfram 3% af bókfærðu eigin fé þurfti samþykki stjórnar til. Var því ákveðið misræmi milli heimilda sparisjóðsstjóra og stjórnar, þar sem annars vegar var vísað til 3% af eigin fé samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og hins vegar til 3% af bókfærðu eigin fé.³⁹ Stjórnin tilnefndi svo staðgengil sparisjóðsstjóra til að annast lánveitingar og ábyrgðir í fjarveru hans. Þá tók sparisjóðsstjóri ákvörðun um skipulag lánveitinga og lánaheimildir þeirra starfsmanna sem komu að útlánum með hans umboði.

Tafla 11. Lánaheimildir starfsmanna Sparisjóðs Suður-Pingeyinga frá 2004.⁴⁰

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	3% af eiginfjárgrunni
Staðgengill sparisjóðsstjóra	Kr. 1.000.000
Afgreiðslustjórar	Kr. 750.000

Samkvæmt reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra bar að taka fyrir skýrslu um útlánaáættu að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti og skyldi hún meðal annars fela í sér yfirlit yfir skuldbindingar stærstu viðskiptaaðila sjóðsins og yfirlit yfir lánveitingar og ábyrgðir einstakra aðila sem fóru fram úr 1% af eigin fé sparisjóðsins. Viðmiðið við mat á stærstu viðskiptaaðilum sparisjóðsins var að heildarskuldbinding væri hærri en 5% af eigin fé sparisjóðsins.

Samkvæmt sömu reglum bar stjórn að sjá til þess að sparisjóðsstjóri og aðrir stjórnendur fylgdu útlánastefnu sjóðsins og inntu af hendi þær aðgerðir sem þörf væri á til að fylgja áhættustefnu og mörkum áhættutöku í rekstri. Reglur um áhættustýringu höfðu ekki verið innleiddar í lok árs 2011.

Reglur um framlög á afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána voru samþykktar af stjórn 2. janúar 2004. Samkvæmt 3. gr. þeirra skyldi færa sérstök afskriftaframlög í afskriftareikning útlána til að mæta áætluðu tapi vegna skuldbindinga lánþega sem á uppgjörsdegi væru metnar í sérstakri tapshættu. Lánþegar sem kæmu til skoðunar væru þeir sem a) hefðu verið í vanskilum í 3 mánuði eða lengur, b) væru komnir í greiðslustöðvun,

38. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

39. Nánari umfjöllun um þetta misræmi má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

40. Útlánareglur Sparisjóðs Suður-Pingeyinga, janúar 2004.

c) gert hefði verið árangurslaust fjárnám hjá, d) væru gjaldþrota, e) hefðu lagt inn beiðni um nauðasamninga, eða f) aðrar aðstæður ættu við sem skertu gjaldþol eða greiðslugetu þeirra og gerðu það líklegt að ekki yrði staðið að fullu við lánasamninga.

27.2.3 Stærstu lántakendur

Útlán voru stærsta eign sparisjóðsins á árunum 2005–2011 og afskriftir af þeim höfðu nokkur áhrif á rekstur sparisjóðsins. Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántaka til sérstakrar skoðunar og greiningar. Markmiðið með skoðuninni var að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti útlánastarfsemi og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga sparisjóðsins, auk þess sem skoðuð voru útlán með há afskriftarframlög.⁴¹

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sem skila bar til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.⁴² Úrtak rannsóknarnefndarinnar samanstóð af lántakendum sem voru tilgreindir sem stærstu áhættuskuldbindingarnar í ársfjórðungsskýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2007–2011. Til viðbótar við helstu áhættuskuldbindingar sjóðsins voru í úrtakinu lántakendur þar sem fært hafði verið sérgreint framlag í afskriftareikning á árunum 2007–2011. Úrtakið nær til 21–32% útlánasafns og 31–59% af sérgreindum afskriftaframlögum eftir því til hvaða árs er litið.

Tafla 12. Úrtak rannsóknarnefndar af lánahópum Sparisjóðs Suður-Pingeyinga 2007–2011.⁴³

Pús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	459.689	673.114	737.134	977.856	870.989
Heildarútlán sparisjóðsins	2.146.839	2.434.225	2.713.876	3.054.292	3.377.720
Hlutfall úrtaks af heild	21,4%	27,7%	27,2%	32,0%	25,8%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	15.000	30.000	48.000	62.337	56.000
Sérgreindar afskriftir alls	48.314	51.061	105.311	113.213	153.287
Afskriftareikningur útlána (sérrg. og alm.)	89.881	119.695	182.571	217.524	233.248
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	31,0%	58,8%	45,6%	55,1%	36,5%

Í úrtakinu voru 16 lánahópar⁴⁴ sem samanstóðu af sjö einstaklingum og níu félögum ásamt tengdum aðilum. Einstaklingarnir voru með skuldabréfalán eða yfirdráttarlán, auk annarra smærri skuldbindinga og ábyrgða. Til trygginga voru fasteignir eða innistæður á reikningum. Af úrtakinu að dæma voru ekki greinanleg merki um veruleg vanskil eða ófullnægjandi tryggingar. Sérgreint afskriftarframlag var ekki fært vegna lána til þessara einstaklinga 2007–2011.

Tafla 13. Heildarskuldbindingar sjö einstaklinga í árslok 2007–2011.⁴⁵

Pús. kr.	2007	2008	2009	2010	2011
Einstaklingur 1	37.270	42.817	45.868	46.361	48.205
Einstaklingur 2	17.546	38.667	41.001	43.914	50.358
Einstaklingur 3	–	–	–	62.632	44.153
Einstaklingur 4	41.446	59.727	65.449	69.087	62.151
Einstaklingur 5	67.282	71.354	78.351	79.759	83.459
Einstaklingur 6	2.738	26.395	31.867	35.306	38.406
Einstaklingur 7	23.118	18.474	19.609	–	–
Samtals	189.400	257.434	282.145	337.059	326.732

Þau félög sem sparisjóðurinn lánaði til fengu einkum fyrirgreiðslu til rekstrar. Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar voru ferðapjónustufyrirtæki, flugfélag, fiskeldi, rafmagnsverkstæði og

41. Nánari umfjöllun um aðferðafræði, forsendur og gögn má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

42. Sjá nánari umfjöllun í 6. og 9. kafla.

43. Byggt á skýrslum Sparisjóðs Suður-Pingeyinga um stórar áhættuskuldbindingar.

44. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um nánari skilgreiningu á lánahópi visast til umfjöllunar í 9. kafla.

45. Byggt á skýrslum Sparisjóðs Suður-Pingeyinga um stórar áhættuskuldbindingar.

svínabú. Í flestum tilvikum voru félögin með fyrirgreiðslu í formi yfirdráttarlána og skulda-
bréfalána sem veitt voru til fjárfestinga í húsnæði og tækjum og svo til almenns rekstrar.

Sparisjóðurinn virðist af úrtakinu að dæma hafa sýnt varfærni í útlánastefnu sinni að
mati rannsóknarnefndar. Hafa má í huga að vöxtur útlána takmarkast af stærð eiginfjár-
grunns fjármálafyrirtækis. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki mega hvorki einstök
lán fara umfram ákveðið hlutfall af eiginfjárgrunni né samtala þeirra lána sem teljast til
stórra áhættuskuldbindinga.⁴⁶ Þar sem ekki var ráðist í stofnfjárukningar í sparisjóðnum
á tímabilinu jókst eigið fé hægt og að sama skapi útlánageta sparisjóðsins. Sparisjóðurinn
lánaði sjö lán í erlendri mynt sem voru veitt á tímabilinu frá júlí 2005 til september 2007.
Þá var ekki um miklar afskriftir að ræða hjá sjóðnum og voru skuldbindingar almennt
vel tryggðar af úrtaki lánaþópa að dæma.

Rannsóknarnefndin fann dæmi um að sparisjóðurinn framlengdi eða veitti aukna fyr-
irgreiðslu til félaga sem áttu í fjárhagslegum erfiðleikum. Tryggingarstaða nokkurra
félaga var ófullnægjandi en sjóðurinn gekk á eftir auknum tryggingum, meðal annars
eftir athugasemdir frá innri endurskoðanda sjóðsins, og gat því bætt stöðu sína gagnvart
tilteknum lántakendum. Þrátt fyrir að einstakir lántakendur hafi lent í fjárhagslegum
erfiðleikum og vanskilum virðast fyrirgreiðslur til þeirra ekki hafa haft marktæk áhrif á
heildarútlánasafn sparisjóðsins. Þá var gripið til aðgerða ef vanskil voru yfirvofandi. Al-
mennt var fjallað um þau útlánamál sem rannsóknarnefndin kannaði á fundum stjórnar
sparisjóðsins, jafnvel í tilvikum þar sem samþykki sparisjóðsstjóra hefði nægt. Á hinn
bóginn fann rannsóknarnefndin dæmi þess að heildarskuldbinding lánaþópa væri yfir 25%
af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Má nefna að stærsta áhættuskuldbinding sparisjóðsins fór
ítrekað fram úr þeim mörkum, allt frá árinu 2006 til ársloka 2011. Þá voru þrír lánaþópar
með skuldbindingu umfram 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins í árslok 2011.

Úrtak rannsóknarnefndarinnar náði til um 31–59% af sérgreindum afskriftareikningi
Sparisjóðs Suður-Þingeyinga á árunum 2007–2011. Fram kom í endurskoðunarskýrslum
á árunum 2007–2011 að ytri endurskoðandi sparisjóðsins taldi að mat sjóðsins á af-
skriftarþörf hefði tekið tillit til þeirrar áhættu sem væri í útlánum. Í flestum tilvikum
var rökstuðningurinn fyrir sérgreindum afskriftarframlögum á þá leið að um tapshættu
væri að ræða af tilteknum lántakendum, til dæmis sökum fjárhagserfiðleika eða vegna
ófullnægjandi trygginga.

Það vakti athygli rannsóknarnefndar að stærsta einstaka framlagið í sérgreindan af-
skriftareikning var metið með það að leiðarljósi að lækka skuldbindingu félagsins á
skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar. Þannig sagði fyrrum sparisjóðsstjóri í skýrslu
fyrir rannsóknarnefndinni: „Við settum á afskriftareikning að kröfu ytri endurskoðenda
sem leiddi til þess að áhætta jafnaðist þar sem við vorum komnir yfir mörk gagnvart
áhættuskuldbindingum.“⁴⁷ Áhættuskuldbinding félagsins sem um ræðir fór umfram 25%
hámarkið í árslok 2006 og var þá 26,8%. Skuldbindingin var innan marka í árslok 2007 og
2008 en var orðin rúm 35% í árslok 2009, tæp 35% í árslok 2010 og rúm 31% í árslok 2011.
Svo virðist sem lítil áhersla hafi verið lögð á greiðslugetu félagsins eða fjárhagslega stöðu
þess við mat sparisjóðsins á framlagi í afskriftareikning. Bæði fyrrum sparisjóðsstjóri og
stjórnarformaður sparisjóðsins ítrekuðu við rannsóknarnefndina að félagið væri mjög
vel státt í dag.⁴⁸ Mat á þörf sérgreindrar afskriftar vegna félagsins virðist því ekki hafa
byggt á þeim forsendum sem áttu að liggja til grundvallar mati á afskriftum samkvæmt
reglum sparisjóðsins.⁴⁹

Annar af stærstu lánþegum sparisjóðsins var ekki talinn í tapshættu árið 2010 en á árunum
2011 og 2012 voru allar eignir félagsins sem veðsettar voru sjóðnum yfirteknar á matsvirði
og afgangur skuldanna afskrifaður.

46. Sjá 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

47. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

48. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013; skýrsla Ara Teitssonar
fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013. Í athugasemd til rannsóknarnefndarinnar 4. mars 2014
benti Guðmundur á að þetta hefði verið gert að kröfu ytri endurskoðanda til að jafna áhættuna þar sem sparisjóðurinn
var kominn yfir mörk hvað áhættuskuldbindingar áhræði.

49. Starfsreglur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána, desember 2003.

Rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að gera frekari grein fyrir málum þessara lánaþópa, sem og því hvort unnið hafi verið í samræmi við lög og lánareglur sparisjóðsins, og hvernig afskriftarþörf var metin. Að öðru leyti gaf skoðun á öðrum lánaþópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Ferðaþjónustufyrirtæki og tengdir aðilar

Ferðaþjónustufyrirtæki nokkurt sem rekur minjagripaverslun, hótél og veitingasölu og fleira var stærsti skuldari sparisjóðsins á árunum 2002–2011.⁵⁰ Á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins 2004–2009 tilheyrðu lánaþópnum tveir eigendur félagsins sem hvor um sig átti 38% hlut í félaginu. Árið 2010 eignaðist einn aðili 62% hlut í félaginu en annar átti áfram 38% hlut.

Félagið hafði verið í rekstrarvanda í allnokkur ár eftir aldamót og samkvæmt fundargerðum stjórnar sparisjóðsins var tímabundnum fyrirgreiðslum til félagsins reglulega breytt í langtímalán. Bróðir annars aðaleiganda félagsins sat í stjórn sparisjóðsins auk þess sem Ari Teitsson stjórnarformaður sparisjóðsins sat í stjórn félagsins á árunum 2006–2012.

Annað félag, sem var skráð eigandi fasteignarinnar sem starfsemin var rekin í, var ekki talið til lánaþópsins á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins, en var skráð með lánaþópnum á skýrslum um innri endurskoðun sparisjóðsins. Ari Teitsson, stjórnarformaður sparisjóðsins, sat í stjórn félagsins á árunum 2006–2012. Félagið var ekki með lán í sparisjóðnum.

Innri endurskoðandi sparisjóðsins gerði athugasemdir við stöðu ferðaþjónustufélagsins í skýrslu um innri endurskoðun í nóvember 2005:

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í atvinnurekstri þessa aðila og hefur sparisjóðurinn tekið þátt í fjármögnun þessarar uppbyggingar. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um rekstur félagsins má ljóst vera að töluverð útlánaáhætta er tengd þessum rekstri. Sparisjóðurinn hefur samþykkt að kaupa hlutabréf að verðmæti 10 millj. kr. í félaginu sem nota á til að greiða upp skammtímaskuldir félagsins. Undanfarin ár höfum við bent sparisjóðnum á að hann ætti að leitast við að minnka áhættu sína. Við viljum ítreka þá skoðun okkar nú. Í því sambandi ber meðal annars að líta til þess að fasteignin sem sparisjóðurinn er með veð í virðist hátt veðsett og er sparisjóðurinn með síðasta veðrétt.⁵¹

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 8. nóvember 2005 var tekin fyrir ósk félagsins um „aðstoð við útvegum fjármagns til rekstrar fyrirtækisins“. Í fundargerð var bókað: „Stjórnin samþykkti að fela Ara og Margréti að skoða hugsanlegar lausnir. Stjórnin heimilaði þeim að kaupa hlutafé í [ferðaþjónustufélaginu] kr. 10.000.000 ef um semst um gengi hlutafjár.“ Á næsta fundi stjórnar, 29. nóvember 2005, var svo bókað: „Stjórnin samþykkti að Sparisjóður Suður-Þingeyinga kaupi hlutafé í [félaginu sem átti fasteignina sem reksturinn fór fram í] að fjárhæð kr. 14.000.000.– Seljandi er [ferðaþjónustufyrirtækið]. Gengi hlutafjár við kaupin er 0,7142857 og kaupverð því 10.000.000 kr., samanber bókun síðasta fundar 8. nóv. 2005.“⁵² Að sögn stjórnarformanns sparisjóðsins var ekki lögð mikil vinna í að meta gengi bréfanna þar sem kaupverðið gekk upp í skuldir við sjóðinn, auk þess sem óánægja var með reksturinn og því talið æskilegt að fá beina aðkomu að stjórnun fyrirtækjanna.⁵³ Í kjölfar kaupanna var Brynjar Sigtryggsson tilnefndur af stjórn sparisjóðsins í stjórn ferðaþjónustufyrirtækisins. Á fundi stjórnar sparisjóðsins 4. ágúst 2006 var lesin upp skýrsla frá Brynjari þar sem hann gerði ýmsar athugasemdir við rekstur félagsins. Jafnframt óskaði hann eftir því að hætta sem fulltrúi sparisjóðsins í stjórn þess. Í framhaldi af því tók stjórnarformaður sparisjóðsins, Ari Teitsson, sæti í stjórnnum bæði ferðaþjónustufyrirtækisins sem og félagsins sem átti fasteignina utan um reksturinn og sat þar fram á haustið 2012.⁵⁴

50. Byggt á skýrslum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga um stórar áhættuskuldbindingar.

51. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005, 13. desember 2005.

52. Um sölu á þegar útgefnu hlutafé var að ræða en ekki hlutafjárukningu með nýju hlutafé. Hins vegar má líta til þess að hlutafé félagsins var skráð 500.000 krónur á árinu 1999. Samkvæmt ársreikningum félagsins nam hlutafé þess 64.481.271 krónu árið 2003, 64.500.000 krónum árið 2004 og 138.500.000 krónum árið 2005 o.áfr. Hins vegar var ekki tilkynnt um hækkun hlutafjár til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra fyrr en 15. desember árið 2010, úr 500.000 krónum í 138.500.000 krónur.

53. Tölvuskeyti Ara Teitssonar til rannsóknarnefndar Alþingis 3. júlí 2013.

54. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 21. september 2006; „Fyrirtækjaskrá“, rsk.is, <http://www.rsk.is/fyrirtækjaskra/arsreikn/felog>.

Hjá sparisjóðnum var litið á félögin tvö sem fjárhagslega tengd við mat á áhættu sparisjóðsins vegna þeirra.⁵⁵ Ari Teitsson, stjórnarformaður sparisjóðsins, sagði fyrir rannsóknarnefndinni að það hefði verið bókhaldsatriði að keyptur hefði verið hlutur í félaginu sem átti fasteignina, en fulltrúi sparisjóðsins hefði á þeim forsendum setið í stjórn ferðaþjónustufyrirtækisins. Í raun hefðu fyrirtækin verið rekin sem eitt fyrirtæki enda þótt annað hafi séð um reksturinn en hitt átt eignirnar.⁵⁶ Í skýrslum um innri endurskoðun vegna ára 2006 og 2007 voru gerðar athugasemdir við setu stjórnarformanns sparisjóðsins í stjórn félaganna:

Það er mat okkar að þetta fyrirkomulag sé ákaflega óheppilegt þar sem með setu í stjórn félagsins verður stjórnarformaður sparisjóðsins vanhæfur til þátttöku í ákvarðanatöku sem snýr að stærsta viðskiptavini sparisjóðsins. [...] [V]irðist losarabragur á rekstri félagsins, að minnsta kosti að því er varðar eðlilega upplýsingagjöf til sparisjóðsins og viljum við í því sambandi benda á að mikil ábyrgð fylgir setu í stjórnnum fyrirtækja s.s. ábyrgð á færslu bókhalds, gerð ársreikninga og skilum vörsluskatta.⁵⁷

Í sparisjóðnum var litið á félögin sem eitt félag „rekstrarlega séð“⁵⁸ þrátt fyrir að hlutafjäreign sjóðsins og tryggingar hafi verið í öðru félaginu en skuldir við sparisjóðinn í rekstri hins. Innri endurskoðandi gerði ekki athugasemd við þetta fyrirkomulag fyrr en með skýrslu sinni vegna ársins 2008:⁵⁹

Öll útlán sparisjóðsins til félaganna eru skráð sem skuldir [ferðaþjónustufyrirtækisins] en hlutabréfaeign sjóðsins er í [félaginu sem á fasteignina utan um reksturinn]. Svo virðist vera að ekki sé sami skilningur á því hjá félögnum hvað varðar það hvort þeirra sé skuldari lána sparisjóðsins.⁶⁰

Skuldbindingar ferðaþjónustufyrirtækisins við sparisjóðinn voru yfirdráttur, skuldbréf og lán í erlendri mynt, auk hlutafjárins í félaginu sem átti fasteignina. Í árslok 2006 nam heildarskuldbindingin 100 milljónum króna og var þá um 26,8% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins að teknu tilliti til frádráttarliða.⁶¹ Á sama tíma námu formlegar tryggingar 122 milljónum króna, 100 milljóna króna fasteignaveð og 22 milljónir króna í sjálfskuldarábyrgðir eigenda félagsins. Sparisjóðurinn keypti 15 milljóna króna ábyrgð af Sparisjóði Norðlendinga vegna skuldbindinga ferðaþjónustufyrirtækisins á árinu 2006 en hún dugði ekki til að lækka skuldbindinguna niður fyrir lögbundið hámark.⁶² Í skýrslu um innri endurskoðun sjóðsins fyrir árið 2006 sagði:

Undanfarin ár höfum við bent stjórnendum sparisjóðsins á að leitast við að minnka áhættu tengda þessum aðila. Við viljum enn ítreka þessa skoðun okkar þar sem ljóst má vera að veruleg útlánaáhætta er tengd þessum rekstri. Auk þess er það skoðun okkar að yfirsýn yfir reksturinn sé ófullnægjandi en engin gögn lágu fyrir hjá sjóðnum um rekstur félagsins á árunum 2005 og 2006. Er það mat okkar að veruleg óvissa sé um rekstrarhæfi félagsins og verðmæti trygginga og leggjum við því til að stjórn sjóðsins íhugi alvarlega þörf á að hækka framlag í afskriftarreikning vegna [ferðaþjónustufyrirtækisins].⁶³

Um vorið 2007 gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að útlán sparisjóðsins til ferðaþjónustufyrirtækisins væru yfir þeim mörkum sem heimilt væri.⁶⁴ Í lok sama árs nam heildarskuldbinding lánahópsins tæpum 80 milljónum króna og var ekki yfir mörkum miðað við stöðu eigin fjár samkvæmt skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar í lok ársins. Fjármálaeftirlitið gerði enn athugasemd en í þetta skipti við mat á eigin fé sjóðsins. Ekki

55. Tölvuskeyti Sparisjóðs Suður-Þingeyinga til rannsóknarnefndarinnar 4. apríl 2013.

56. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013.

57. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2006. Í athugasemd frá sparisjóðnum 17. september 2013 var bent á að Ara Teitsyni hafi sérstaklega verið falið af stjórn sparisjóðsins að fylgjast með rekstri fyrirtækjanna vegna stöðu þeirra gagnvart sparisjóðnum og því nauðsynlegt að hann gerði stjórn reglulega grein fyrir stöðu fyrirtækjanna.

58. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 11. júní 2013.

59. Sama athugasemd var gerð í skýrslum innri endurskoðanda á árunum 2009 og 2010. Ekki var fjallað sérstaklega um stærstu viðskiptamenn sjóðsins í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2011.

60. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2008, 26. mars 2009.

61. Í 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er hámarkið 25%. Sjá nánari umfjöllun í 6. kafla.

62. Ábyrgðir á skuldbindingum aðila við fjármálastofnun koma til frádráttar á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sbr. 4. gr. þágildandi reglna nr. 531/2003.

63. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2006.

64. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 13. apríl 2007.

væri samræmi á mati sparisjóðsins á eiginfjárgrunni á skýrslum um eiginfjárlutfall annars vegar og stórar áhættuskuldbindingar hins vegar. Eiginfjárgrunnur á skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar hefði verið of hár og lutfall skuldbindinga af grunninum því of lágt metið. Var það mat Fjármálaeftirlitsins að þrír aðilar, þar á meðal ferðaþjónustufyrirtækið, hefðu verið yfir mörkum um stórar áhættuskuldbindingar í lok ársins 2007. Óskað var eftir upplýsingum um það hvernig sparisjóðurinn ætlaði sér að mæta kröfum laga og reglna um stórar áhættur.⁶⁵ Þá benti Fjármálaeftirlitið á að 31. mars 2008 hefðu þrír aðilar verið með áhættuskuldbindingu sem næmi 24–25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.⁶⁶

Í árslok 2007 voru engin vanskil hjá lánaþópnum en stjórn sparisjóðsins taldi ástæðu til að færa 5 milljónir króna í sérgreindan afskriftareikning vegna hans. Í skýrslu um innri endurskoðun 2007 kom fram að stjórn sparisjóðsins teldi tapshættu vegna lánaþópsins ekki vera meiri.⁶⁷ Í árslok 2008 var heildarskuldbinding hópsins tæpar 124 milljónir króna, eða 22% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins að teknu tilliti til frádráttarliða, en tekið var fram í skýrslu um innri endurskoðun að keypt hefði verið 34,5 milljóna króna ábyrgð hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna lánaþópsins.⁶⁸ Í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2008 var sérgreind afskrift vegna skuldbindinga lánaþópsins um 20 milljónir króna og töldu stjórnendur sparisjóðsins ekki vera tapshættu af skuldbindingunum umfram það.⁶⁹ Rekstur félagsins var ræddur á fundum stjórnar sparisjóðsins og kom fram að hann hefði verið erfiður á árinu og útlit fyrir hallarekstur.⁷⁰

Ári síðar námu skuldbindingar hópsins rúmum 128 milljónum króna og var áhættuskuldbindingin 35,4% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins⁷¹ en engar ábyrgðir voru þá lengur til staðar sem komu til lækkunar skuldbindingunum, eins og verið hafði í árslok 2008, en Sparisjóðabankinn var þá kominn í slitameðferð. Engin vanskil voru hjá félaginu en á sérgreindum afskriftareikningi stóðu 20 milljónir króna vegna skuldbindinga lánaþópsins. Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2009 var lagt til að við mat á framlagi í afskriftareikning krafna yrði farið vel yfir það hvort ástæða væri til að auka framlagið. Þar mætti líta til hækkunar skuldbindinga og virði og seljanleika þeirra fasteigna sem væru til tryggingar skuldbindingum félaganna. Þrátt fyrir að skuldbindingar lánaþópsins væru yfir leyfilegum mörkum í árslok 2009 var samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins 12. janúar 2010 að hækka yfirdrátt félagsins um 5 milljónir króna frá 15. janúar til 1. maí 2010. Sú ákvörðun var hvorki í samræmi við reglur sparisjóðsins um hámark áhættuskuldbindinga né ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um takmarkanir á stórum áhættum. Á hinn bóginn höfðu Fjármálaeftirlitið og sparisjóðurinn verið í samskiptum vegna stórra áhættuskuldbindinga sparisjóðsins um nokkurt skeið og var Fjármálaeftirlitið því upplýst um stöðu málsins.⁷²

Á fyrri hluta árs 2009 sendi sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga Fjármálaeftirlitinu bréf þar sem bent var á að útlán sparisjóðsins til ferðaþjónustufyrirtækisins hefðu verið umfram 25% af eigin fé sparisjóðsins um dágóðan tíma.⁷³ Sparisjóðurinn hefði leitað eftir ábyrgðum frá öðrum fjármálafyrirtækjum til að áhættuskuldbinding vegna félagsins færi ekki yfir leyfileg mörk, síðast með ábyrgð frá Sparisjóðabanka Íslands hf. Þá var þess getið að sparisjóðurinn leitaði leiða til að leysa málið og hefði meðal annars hafið viðræður við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis um sameiningu, en jafnframt væri beðið

65. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 22. apríl 2008.

66. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 3. júní 2008.

67. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2007.

68. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2008, 26. mars 2009. Á skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar í árslok 2008 var ábyrgð vegna lánaþópsins 52 milljónir króna. Í tölvuskeyti frá Önnu Dóru Snæbjörnsdóttur sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 1. ágúst 2013 kemur fram að sú ábyrgð hafi öll verið veitt af Sparisjóðabankanum.

69. Samkvæmt skýrslu innri endurskoðunar var framlag í afskriftareikning vegna hópsins 15 milljónir króna í árslok 2008.

70. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 7. október 2008; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 12. nóvember 2008.

71. Skýrsla Sparisjóðs Suður-Þingeyinga um stórar áhættuskuldbindingar, 31. desember 2008.

72. Bréf Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 23. ágúst 2013. Í bréfinu kemur fram að á þessum tíma hafi sparisjóðurinn verið í sameiningarviðræðum við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis auk þess sem uppi voru álitamál um lögmæti eins lánsins sem var í erlendra mynt og hélt Fjármálaeftirlitið því að sér höndum til að biða niðurstöðu í þeim málum. Samkvæmt bréfinu voru öll lán innan marka í lok árs 2012.

73. Bréf Sparisjóðs Suður-Þingeyinga til Fjármálaeftirlitsins 8. maí 2009.

nýrra laga um sparisjóði sem til stæði að setja þá um sumarið. Óskaði sparisjóðurinn því eftir undanþágu frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar vegna ferðaþjónustufyrirtækisins þar til úr réttist.

Samkvæmt 5. gr. þágildandi reglna nr. 216/2007 bar fjármálafyrirtækjum að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar áhættuskuldbinding færi vegna sérstakra aðstæðna yfir 25% af eiginfjárgrunni þeirra og var Fjármálaeftirlitinu þá heimilt, ef aðstæður leyfðu, að veita fjármálafyrirtækjum tiltekinn frest til að laga sig að gildandi takmörkum.⁷⁴ Með bréfi Fjármálaeftirlitsins 11. maí 2009 var sparisjóðnum veittur slíkur frestur til 16. júlí 2009.⁷⁵ Í kjölfarið þurfti sjóðurinn að leita ítrekað til Fjármálaeftirlitsins til að sækja um undanþágu vegna stórra áhættuskuldbindinga sem voru umfram lögbundið hámark. Á árinu 2011 var svo uppi réttaróvissa um erlent lán lánaþópsins og var þá ekki veittur frekari formlegur frestur heldur ákveðið að bíða niðurstöðu málsins.⁷⁶

Skuldbindingar lánaþópsins við sparisjóðinn í lok árs 2010 voru rúmar 135 milljónir króna og áhættuskuldbindingin 34,9% af eiginfjárgrunni. Engin vanskil voru en samkvæmt skýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings 2010 stóð sérgreint afskriftarframlag í 30 milljónum króna í árslok vegna skuldbindingarinnar.⁷⁷ Ári síðar nam heildarskuldbindingin rúmum 130 milljónum króna og áhættuskuldbindingin 31,3% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Engin vanskil voru og sérgreint afskriftaframlag óbreytt frá fyrra ári. Í árslok 2012 voru allar stórar áhættur sparisjóðsins innan lögbodinna marka.⁷⁸

Í fundargerð stjórnarfundar sparisjóðsins 6. desember 2011 kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði gert athugasemd við það að sparisjóðurinn ætti 10,1% í félaginu utan um fasteignina og fulltrúa í stjórn félagsins að auki. Var þá ákveðið að sparisjóðurinn seldi 0,2% hlut í félaginu og að Ari Teitsson, sem sat í stjórn fyrir hönd sparisjóðsins, segði sig úr stjórninni.

Fyrrum sparisjóðsstjóri og stjórnarformaður sparisjóðsins ítrekuðu við rannsóknarnefndina að félögin væru traust og í góðum rekstri. Lánin væru vel tryggð þrátt fyrir rekstrarerfiðleika fyrir nokkrum árum.⁷⁹ Stjórnarformaður sagði ástæður þess að hann hefði samþykkt að leggja 30 milljónir króna í afskriftareikning vegna skuldbindinga hópsins hafa verið tvær: Rekstur sparisjóðsins hefði leyft það og auk þess hefði sparisjóðurinn þurft að halda skuldbindingum lánaþópsins undir 25% mörkunum en 30 milljón króna afskriftarframlagið kom til lækkunar á áhættuskuldbindingum á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins. Þá kom einnig fram hjá stjórnarformanni að endurskoðendur sjóðsins hefðu þrýst á um afskriftarframlag vegna skuldbindinga ferðaþjónustufyrirtækisins.⁸⁰

Einstaklingur og lánaþópur tengdur honum

Einstaklingur og félag sem var að fullu í hans eigu fram á síðari hluta árs 2011 og rak mótuneyti, gistiþjónustu og veitingasölu fengu fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum. Skuldbindinga félagsins við sparisjóðinn var ekki getið á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar fyrr en í lok árs 2007. Á þeim tíma var eigandinn ekki skilgreindur sem aðili fjárhagslega tengdur félaginu. Hvor aðili um sig var með stóra áhættuskuldbindingu hjá sjóðnum í lok júní 2010 en þrátt fyrir það voru þeir ekki tengdir saman á skýrslum sjóðsins. Þetta breyttist í lok ársins 2010 þegar eigandinn og félagið mynduðu einn lánaþópur.

Félagið tók 30 milljóna króna lán hjá sparisjóðnum vorið 2010 til kaupa á fasteign á Egilsstöðum undir veitingarekstur. Til tryggingar láninu var 40 milljóna króna tryggingarbréf áhvílandi á 1. veðrétti í fasteigninni. Um haustið fékk félagið nýtt 27 milljóna króna lán sem tryggt var með 2. veðrétti í fasteigninni, og samkvæmt fundargerð stjórnar sparisjóðsins 13. október 2010 var aukið fyrirgreiðsla til félagsins samþykkt, þannig að heildarfyrirgreiðsla næmi tæpri 61 milljón króna. Hinn 7. desember 2010 samþykkti stjórn sparisjóðsins svo 4 milljóna króna hækkun á yfirdrætti félagsins. Í árslok 2010 nam heildarskuldbinding

Árslok (m. kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	30	–
2008	23	–
2009	24	–
2010	106	10
2011	20	20

Afskrifað 2012: 40 milljónir króna
Gjaldþrot 2012

74. Sambærilegt ákvæði er að finna í 7. gr. gildandi reglna nr. 625/2013 um stórar áhættur hjá fjármálafyrirtækjum.

75. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 11. maí 2009.

76. Bréf Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 23. ágúst 2013.

77. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2010, 29. apríl 2011.

78. Bréf Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 23. ágúst 2013.

79. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013; skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

80. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013.

lánahópsins rúmunum 106 milljónum króna og var áhættuskuldbindingin 27,6% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins að teknu tilliti til frádráttarliða. Áætlað verðmæti trygginga lána- hópsins nam þá um 105 milljónum króna, að frátalinni 5 milljón króna sjálfskuldarábyrgð. Samkvæmt skýrslu um innri endurskoðun á árinu 2010 taldi stjórn sparisjóðsins að ekki væri tapshætta vegna þessara skuldbindinga en í árslok voru samt sem áður færðar 10 milljónir króna sem framlag í sérgreindan afskriftareikning vegna lána- hópsins sökum tapshættu, aðeins mánuði eftir að félagið hafði fengið viðbótarfyrirgreiðslu.

Töluverðra erfiðleika gætti hjá félaginu á árinu 2011. Á fundi stjórnar sparisjóðsins 22. mars 2011 var bókað að „fjárhagslegt uppgjör“ væri fyrirsjáanlegt, staða félagsins væri erfið og ljóst að hún kallaði á afskriftir hjá sparisjóðnum. Um það bil mánuði síðar, 20. apríl 2011, samþykkti stjórnin hækkun á fyrirgreiðslu til félagsins um 10 milljónir króna sem nýta átti að mestu til að greiða opinber gjöld. Áhættuskuldbinding félagsins nam 25,4% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins á skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í lok mars 2011. Þá var enn aukin fyrirgreiðsla til félagsins 14. júní 2011 um 8 milljónir króna. Voru þessar lánveitingar án viðbótartrygginga. Í stjórnarfundargerð frá 24. ágúst 2011 sagði að fyrirsjáanlegt væri að rekstur félagsins væri að stöðvast. Sparisjóðurinn yfirtók fasteign félagsins á Egilsstöðum árið 2011, ásamt öllum lausamunum félagsins, á matsvirði, eða 75 milljónir króna, og voru eignirnar notaðar til lækkunar skulda félagsins.⁸¹

Í árslok 2011 var heildarskuldbinding lána- hópsins í rúmunum 20 milljónum króna og stóðu þá 20 milljónir króna á sérgreindum afskriftareikningi vegna skuldbindinga lána- hópsins. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta 7. febrúar 2012 og hafði sparisjóðurinn endanlega afskrifað 40,1 milljón króna árið 2012 vegna félagsins.⁸²

Auknar fyrirgreiðslur sparisjóðsins við félagið virðast hvorki hafa verið í samræmi við útlánareglur sparisjóðsins né ákvæði laga um takmarkanir á stórum áhættum. Vekur sérstaka athygli að félagið naut frekari fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum þegar slæm staða þess var stjórn sparisjóðsins vel kunn, auk þess að vera umfram lögbundið hámark. Á hinn bóginn verður hér að hafa í huga þann frest sem sparisjóðurinn fékk hjá Fjármálaeftirlitinu til að laga sig að gildandi takmörkum samkvæmt reglum um stórar áhættuskuldbindingar.⁸³

27.2.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna

Samkvæmt 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir þeim reglum sem stjórn setti. Samkvæmt útlánareglum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga bar að leggja lán til stjórnarmanna fyrir stjórn til samþykktar ef heildarskuldbinding viðkomandi stjórnarmanns og maka fór yfir 5 milljónir króna. Um lánveitingar til sparisjóðsstjóra og maka hans var vísað til áðurnefndrar 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem kveðið var á um að stjórn skyldi samþykkja fyrirgreiðslur og að þær ættu að hlíta sömu reglum og giltu um viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum. Um almenna starfsmenn gilti sú regla að lánveitingar til þeirra urðu að lúta sömu reglum og útlán til annarra viðskiptamanna sjóðsins og bar að færa í gerðabók ef lánið nam hærri fjárhæð en 2 milljónum króna.

Ekki kom fram í skýrslum innri endurskoðanda Sparisjóðs Suður-Þingeyinga vegna áranna 2005 og 2006 að farið hafi verið yfir fyrirgreiðslur til starfsmanna eða venslaðra aðila. Á árunum 2007–2011 kom fram í skýrslum innri endurskoðanda að skuldbindingar starfsmanna sparisjóðsins væru án athugasemda og að ekkert óeðlilegt hefði komið fram við skoðun á viðskiptum þeirra við sjóðinn.⁸⁴ Rannsóknarnefndin kannaði útlán til starfsmanna og keyrði kennitölur þeirra saman við lánagrunn sparisjóðsins. Skoðun á lánum til starfsmanna gaf ekki tilefni til frekari umfjöllunar.

81. Tölvuskeyti Sparisjóðs Suður-Þingeyinga til rannsóknarnefndarinnar 20. febrúar 2013.

82. Tölvuskeyti Sparisjóðs Suður-Þingeyinga til rannsóknarnefndarinnar 27. ágúst 2013.

83. Sjá nánari umfjöllun framar, þar sem rætt er um lánahóp í ferðabjónustu.

84. Skýrslur um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

Tafla 14. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Suður-Þingeyinga sem hlutfall af útlánnum 2005–2010.⁸⁵

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.05	1.431.901	25.153	1,76%
31.12.06	1.754.523	16.230	0,93%
31.12.07	2.056.958	17.603	0,86%
31.12.08	2.314.530	17.157	0,74%
31.12.09	2.531.305	17.676	0,70%
31.12.10	2.836.768	18.504	0,65%

Rannsóknarnefndin kannaði hvort venslaðir aðilar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, það er stjórnarmenn í sparisjóðnum, makar þeirra, félög í eigu stjórnarmanna eða maka,⁸⁶ eða félög þar sem stjórnarmenn sparisjóðsins sátu í stjórn, hefðu notið óvenjulegrar lána-fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum. Athuginin var framkvæmd með þeim hætti að kennitölur umræddra aðila voru keyrðar saman við lánagrunn sparisjóðsins.⁸⁷ Sú athugin gaf ekki tilefni til athugasemda.

Félag í ferðaþjónustu og einkahlutafélagið sem átti fasteignina sem sú starfsemi var rekin í voru ekki skilgreind sem venslaðir aðilar á skýrslum sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu við venslaða aðila. Stjórnarformaður sat í stjórn félaganna og sparisjóðurinn átti 10% hlut í fasteignafélaginu. Í skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins fyrir árið 2009 var bent á að gæta þyrfti þess að allir sem skilgreindir væru sem venslaðir aðilar kæmu fram í skýrslu um fyrirgreiðslu við venslaða aðila.

27.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Suður-Þingeyinga setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar. Í reglum sjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá því í febrúar 2007 var kveðið á um að fjárfestingar í fasteignum skyldu bornar upp í stjórn, sem og önnur fjárfestingaráform sem telja mætti meiriháttar eða óvenjuleg. Í sömu reglum kom fram að stjórn sjóðsins skyldi á að minnsta kosti þriggja mánaða fresti taka fyrir skýrslu um markaðsáhættu, sem fæli meðal annars í sér niðurstöður um hvort markaðsáhætta væri innan viðmiðunarmarka stjórnar og hvort stefnu stjórnar væri fylgt í þeim efnunum. Ekki er að sjá af fundargerðum stjórnar að slíkar skýrslur um markaðsáhættu hafi verið teknar fyrir reglulega, en stærri fjárfestingaráform voru rædd í stjórn eins og fram kemur hér aftar.

Árið 2005 nam samanlögð verðbréfaeign minni sparisjóðanna 157% af samanlögðu eigin fé þeirra en mest varð hún í árslok 2008 er hún nam 401% af eigin fé.⁸⁸ Í árslok 2011 var verðbréfaeignin 100% af eigin fé. Verðbréfaeign Sparisjóðs Suður-Þingeyinga var mest 111% af eigin fé sparisjóðsins árið 2005. Þrátt fyrir að hlutfall fjáreigna færi yfir 100% af eigin fé hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga var það yfirleitt lægra en hjá öðrum minni sparisjóðum og áhættan og áhrif á rekstur sparisjóðsins því takmarkaðri.

Ólíkt mörgum öðrum sparisjóðum átti Sparisjóður Suður-Þingeyinga ekki hlutabréf í Kaupþingi hf. eða Exista hf. á tímabilinu sem er til skoðunar. Árið 2000 seldi sparisjóðurinn hluta af eign sinni í Kaupþingi hf. og nam söluhagnaðurinn tæpum 88 milljónum króna.⁸⁹ Á árinu 2002 seldi hann það sem eftir stóð af hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi og nam söluhagnaðurinn rúmri 41 milljónum króna á árinu.⁹⁰

85. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.

86. Miðað var við 20% lágmarks eignarhlut.

87. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingarnar því settar fram með þeim fyrirvara.


88. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

89. Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2002. Sjá skýringu nr. 16.

90. Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2002. Í endurskoðunarskýrslu þess árs gagnrýndi endurskoðandi að söluhagnaður af verðbréfum væri látinn bera uppi hagnað sjóðsins. Gerði hann sérstaklega athugasemd við framlag í afskriftareikning sem hann taldi of hátt og hafði talið það of hátt síðustu tvö ár þar á undan.


Í lok árs 2005 var stærsta verðbréfaeign sparisjóðsins í hlutabréfasjóði Íslenskra verðbréfa hf. Sú eign var seld á árinu 2006 en heildarfjárfesting sparisjóðsins í verðbréfum breyttist lítið á árinu þrátt fyrir þessa sölu. Sparisjóðurinn minnkaði áhættu sína í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum á árinu 2006 en góð afkoma Sparisjóðabankans hf. hækkaði á sama tíma bókfært virði hans sem hlutdeildarfélags sparisjóðsins.

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í árslok 2005–2011.⁹¹



Eignarhlut Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í VBS Fjárfestingarbanka hf. má rekja til sameiningar FSP hf. og fjárfestingarbankans árið 2007, en sparisjóðurinn hafði átt 2,5% eignarhlut í FSP hf. og átti rúmlega 1,1% í VBS Fjárfestingarbanka hf. eftir sameininguna.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í árslok 2005–2011.⁹²



91. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011.

92. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

Tafla 15. Fjáreignir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í árslok 2005–2011.⁹³

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	74.753	156.368	177.376	–	–	–	–
Reiknistofa bankanna	4.110	4.110	4.110	4.111	4.111	4.111	4.111
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	3.030	1.905	3.065	5.725	8.245	8.245	12.294
Samtals	81.893	162.383	184.551	9.836	12.356	12.356	16.405
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	–	–	52.500	38.500	12.950	5.250	–
Verðbréfabjónusta sparisjóðanna	1.823	1.823	1.823	–	382	–	–
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	44.000	51.922	51.923	5.007	2.503	–	–
FSP Holding ehf.	–	–	12.573	23.824	–	–	–
Samtals	45.823	53.745	118.819	67.331	15.835	5.250	
Sparisjóðurinn í Keflavík (Sparisjóður Vestfirðinga)	2.102	2.102	24.134	24.134	6.947	–	–
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis	380						
Sparisjóður Vestmannaeyja						489	489
Samtals	2.482	2.102	24.134	24.134	6.947	489	489
Hlutabréfasjóður ÍV	174.997	–	–	–	–	–	–
Valitor hf. (Greiðslumiðlun hf.)	2.328	2.328	2.328	2.328	15.759	15.759	15.759
Grand hótél Mývatn ehf.	10.000	10.000	10.000	7.000	7.000	7.000	7.000
SP-Fjármögnun hf.	5.942	5.942	5.943	5.944	–	–	–
Önnur hlutabréf	6.120	7.563	6.377	7.455	4.742	3.742	4.204
Samtals	199.387	25.833	24.648	22.727	27.501	26.501	26.963
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	60.537	64.860	65.096	72.719	52.872	33.470	30.577
Samtals	390.122	308.923	417.248	196.747	115.511	78.066	74.434

Í apríl 2005 samþykkti stjórn sparisjóðsins að taka þátt í hlutafjárútkningu í FSP hf. fyrir 20 milljónir króna að nafnverði⁹⁴ og í febrúar 2006 samþykkti stjórnin að taka þátt í annarri hlutafjárútkningu í FSP hf., að þessu sinni fyrir 5,6 milljónir króna.⁹⁵

Sparisjóður Suður-Þingeyinga tók þátt í stofnfjárútkningu Sparisjóðs Vestfirðinga á árinu 2007. Sparisjóður Suður-Þingeyinga hafði eignast hlut í Sparisjóði Vestfirðinga vegna stofnfjár sem hann átti fyrir í einum þeirra sparisjóða sem mynduðu Sparisjóð Vestfirðinga með sameiningu. Þegar Sparisjóður Vestfirðinga sameinaðist Sparisjóðnum í Keflavík á árinu 2007 var stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga aukið til að jafna skiptihlutfall milli vara-sjóðs og stofnfjár við samrunann.⁹⁶

Á sama ári fjárfesti sparisjóðurinn fyrir rúmar 50 milljónir króna í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Ástæður fjárfestingarinnar voru annars vegar samstarf um þjónustu vegna verðbréfavíðskipta og hins vegar skattalegt hagræði. Fyrrum sparisjóðsstjóri tjáði rannsóknarnefndinni að vegna tilkomu nýrra reglna um verðbréfavíðskipti (MiFID) hefði sparisjóðurinn gert samning við Saga Capital um að bankinn annaðist verðbréfavíðskipti viðskiptavina sparisjóðsins.⁹⁷ Þá skýrði sparisjóðsstjóri frá því á fundi stjórnar sparisjóðsins 26. september 2007 að til að fresta skattlagningu söluhagnaðar annarra verðbréfa væri nauðsynlegt fyrir sjóðinn að kaupa hlutabréf á árinu. Kaupa þyrfti fyrir 45 milljónir króna. Var sparisjóðsstjóra og stjórnarformanni falið að ganga frá kaupum á þessu hlutafé. Í fundargerðinni voru ekki tilgreind nein ákveðin hlutabréf sem kaupa ætti en stjórnarformaður sparisjóðsins staðfesti í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni að keypt hefði verið í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. í þessum tilgangi.⁹⁸

Í mars 2007 var upplýst í stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga að sjóðnum hefði borist tilboð um að nýta forkaupsrétt á hlutafé í FSP Holding ehf. og var samþykkt að taka tilboðinu. Sparisjóðurinn átti 12,5 milljónir króna í FSP Holding ehf. í lok árs 2007 og í ársbyrjun 2008

93. Samkvæmt sundurliðunum sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar.

94. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 26. apríl 2005.

95. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2. febrúar 2006. Nánar er fjallað um málefni VBS Fjárfestingarbanka hf. í 10. kafla, um fjárfestingar sparisjóðanna.

96. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013.

97. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

98. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013.

samþykkti stjórn sjóðsins að nýta forkaupsrétt í annarri hlutafjárukningu félagsins fyrir samtals 9,5 milljónir króna.⁹⁹ Tap sparisjóðsins vegna eignarhlutar í FSP Holding ehf. nam 23,8 milljónum króna á árinu 2009 en það ár tapaði félagið tæplega 603 milljónum króna.

Á árinu 2008 dróst verðbréfaeign Sparisjóðs Suður-Þingeyinga töluvert saman og vó þar þvingst alger virðisrýrnun hlutdeildarfélagins Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf.

Tafla 16. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.¹⁰⁰

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.				(14.000)	(25.550)	(7.700)	(5.250)	(52.500)
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)				3.303	(2.504)	(2.504)		(1.705)
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	32.235	73.671	21.008	(177.376)				(50.462)
FSP Holding ehf.				(46.914)	(23.823)			(70.737)
Sparisjóðurinn í Keflavík / Sparisjóður Vestfirðinga	102	112	476	4.938	(17.187)	(6.944)		(18.503)
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna				(1.823)	382			(1.441)
SP-Fjármögnun hf.					(5.942)			(5.942)
Innlend hlutdeildarskírteini VSP	3.331	7.732	423					11.486
Markaðssjóðir (Hedge funds)	6.438		(860)					5.578
Verðbréfasjóðir ÍV	10.607							10.607
Mývatn ehf.				(3.000)				(3.000)
Sala hlutabréfa Lí og Kaupþings	1.504							1.504
Íbúðabréf og húsbref	(2.040)	(48)	(265)		(1.807)			(4.160)
Veltuskuldabréf fyrirtækja	738		678					1.416
Skuldabréfasjóður ÍV		2.488	543					3.031
Stofnlánadeild	132		972		1.717			2.821
Valitor hf. (Greiðslumiðlun hf.)	256	420	1.182		13.432			15.290
Önnur hlutdeildarfélög	423	(1.125)			2.521		4.048	5.867
Annað	758	1.129	1.244	20.048	(5.114)	(2.198)	13.897	(3.695)
Samtals	54.484	84.379	25.401	(214.824)	(63.875)	(19.346)	12.695	(154.545)

Fjárfestingar sparisjóðsins í verðbréfum skiluðu honum töluverðum hagnaði á árunum 2001–2007, einkum fyrst eftir aldamótin. Á föstu verðlagi ársins 2011 voru tekjur sparisjóðsins af verðbréfaeign¹⁰¹ samtals rúmar 314 milljónir króna á árunum 2001–2007 en tap af þeim tæpar 345 milljónir króna frá árslokum 2008 til ársloka 2011. Eftir áföll á fjármála-mörkuðum haustið 2008 urðu allar stærstu eignir sparisjóðsins nánast verðlausar. Þannig rýrnðu eignir sparisjóðsins í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., VBS Fjárfestingarbanka hf., Sparisjóðabanka Íslands hf., Sparisjóðnum í Keflavík og fleiri fjármálafyrirtækjum á árunum 2008–2010. Í lok árs 2011 nam verðbréfaeign sparisjóðsins 32 milljónum króna og hafði dregist saman um 82% frá árinu 2007.

Þó að verðbréfaeign Sparisjóðs Suður-Þingeyinga væri ekki stór hluti af heildareignasafni hans, höfðu tekjur og gjöld vegna hennar töluverð áhrif á afkomu sjóðsins. Á mynd 12 má sjá að rekstrarniðurstaða tímabilsins 2005–2011 sveiflaðist mikið með afkomu verðbréfaeignar og var nær allur hagnaður árána 2006 og 2007 afkoma af verðbréfaeign. Tap af verðbréfaeign árin 2008 og 2009 var mildað í rekstrarniðurstöðu ársins af góðum vaxtatekjum og sami tekjuliður bætti rekstrarniðurstöðu ársins 2010 þrátt fyrir tap af verðbréfaeign. Á árinu 2011 varð hagnaður af verðbréfaeign einkum vegna gjaldeyristengdra eigna en sparisjóðurinn átti tæpum 230 milljónum króna meira af eignum en skuldum í erlendri mynt í árslok 2011.¹⁰²

Verðbréfaeign sparisjóðsins var fyrst og fremst í félögum sem sparisjóðirnir fjárfestu í sameiginlega og skiptu máli fyrir þjónustuframboð þeirra. Þetta voru félög á borð við Sparisjóðabanka Íslands hf., Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., VBS Fjárfestingarbanka hf. og svo aðra sparisjóði. Áhugi forsvarsmanna sparisjóðsins á fjárfestingum í verðbréfum kom fram í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni. Þar sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri meðal annars: „Ég hef aldrei haft mikla trú á íslenskum hlutabréfamarkaði, ég tel að við séum alltof fámenn þjód til þess að reka svona stórt kerfi og hef verið ófeiminn við að segja

99. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 30. janúar 2008.


100. Samkvæmt sundurliðunum sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar.

101. Gengishagnaður, arðstekjur og hlutdeildartekjur.

102. Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2011. Sjá skýringu 13.

skoðanir mínar á því. [...] Þegar Lánasjóður landbúnaðarins var seldur til Landsbankans hófu stóru bankarnir skipulagða herferð til að fá bændur í aukin viðskipti. Við urðum að geta boðið viðskiptavinum okkar sambærilega þjónustu, og það var gott tækifæri til þess að selja öll hlutabréf sem sparisjóðurinn átti og voru ekki í beinum tengslum við fyrirtæki á vegum sparisjóðsins, svo sem í öðrum sparisjóðum, Sparisjóðabankanum eða öðrum rekstrartengdum aðilum.¹⁰³

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.¹⁰⁴



27.4 Fjármögnun

Efnahagur Sparisjóðs Suður Þingeyinga eflist hratt eftir fall bankanna, einkum vegna ásóknar fjármagnseigenda í að leggja fé sitt á innlánsreikninga í sparisjóðnum. Innlán voru því meginhluti fjármögnunar sparisjóðsins, eða 86–97% af heildarskuldum hans að undanskildu eigin fé.¹⁰⁵

Tafla 17. Skuldir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í árslok 2005–2011.¹⁰⁶

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir samtals	12.341	55.618	72.202	163.730	229.283	144.766	119.006
Innlán samtals	1.593.060	1.863.532	2.295.181	4.643.383	7.024.574	6.912.206	6.117.054
Lántaka samtals	–	–	–	–	–	–	–
Aðrar skuldir	19.874	35.441	36.396	74.192	90.612	89.405	88.916
Reiknaðar skuldbindingar samtals	31.424	45.168	49.238	–	3.498	12.729	8.158
Víkjandi skuldir	–	–	–	–	–	–	–
Samtals	1.656.699	1.999.759	2.453.017	4.881.305	7.347.967	7.159.106	6.333.134

Bundin innlán voru að meðaltali 31% af öllum innlánnum sparisjóðsins frá janúar 2005 til desember 2011, en mest voru þau 36% og minnst 25%.¹⁰⁷ Heimili áttu að meðaltali 80% innlána og fyrirtæki 14%.¹⁰⁸ Innlán sparisjóðsins rífllega tvöfölduðust á árinu 2008 og hækkuðu enn um rúm 50% á árinu 2009. Mestur vöxtur var í innlánnum á peningamarkaðsreikninga sjóðsins en jafnframt voru innistæður á verðtryggðum reikningum hátt hlutfall bundinna innlána. Hlutfallið milli innlána og útlána var á bilinu 106–278%, hæst í lok árs 2009.

103. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

104. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

105. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

106. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

107. Byggt á lausafjárfirlitum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga.

108. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins, sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

Skuldir við lánastofnanir voru að mestu leyti lán frá Sparisjóðabanka Íslands hf. Sparisjóður Suður-Þingeyinga var með lánalínu hjá bankanum vegna erlendra endurlána, þ.e. erlend lán sparisjóðsins hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. voru endurspegluð með erlendum lánnum sparisjóðsins til viðskiptavina sinna. Sparisjóðurinn var með ákveðna heimild hjá Sparisjóðabankanum til ádráttar á þessa lánalínu og fór aldrei út fyrir hana frá janúar 2005 til febrúar 2009.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabanka Íslands 21. mars 2009 voru innistæður sparisjóðanna í Sparisjóðabankanum og vissar eignir framseldar Seðlabanka Íslands, þeirra á meðal voru kröfur vegna erlendra endurlána sparisjóðanna. Í lok árs 2009 voru kröfur Seðlabankans vegna þessa á Sparisjóð Suður-Þingeyinga 162 milljónir króna en ári síðar voru þær gerðar upp. Stærstur hluti útistandandi skulda sparisjóðsins við lánastofnanir á árunum 2010 og 2011 voru innistæður á uppgjörsreikningum hjá kortafyrirtækjum.

27.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Í samþykktum sparisjóðsins frá 2003 kom fram að stofnfé skyldi ekki vera minna en 2.500.000 krónur og skiptast í jafnháa hluti. Stofnfjáreigendur ættu jafnan atkvæðisrätt án tillits til fjölda hluta og skyldi sparisjóðsstjórn sjá til þess að stofnfjáreigendur væru aldrei færri en 60. Einstökum stofnfjáreigendum var ekki heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Árið 2008 voru gerðar þær breytingar á samþykktum sparisjóðsins að stofnfé skyldi ekki vera lægra en 6.410.815 krónur og skyldi nafnverð hvers hlutar vera ein króna.

Tafla 18. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í lok árs 2005–2011.¹⁰⁹

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé	4.931	1,4%	5.260	1,3%	6.411	1,5%	46.868	13,6%	54.709	18,3%	53.162	16,4%	59.199	17,7%
Varasjóður	347.188	98,6%	408.558	98,7%	426.993	98,5%	298.134	86,4%	244.817	81,7%	270.359	83,6%	274.487	82,3%
Eigið fé samtals	352.119	100,0%	413.818	100,0%	433.404	100,0%	345.002	100,0%	299.526	100,0%	323.521	100,0%	333.686	100,0%

Stofnfé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga var 4,9 milljónir króna í lok árs 2005 og var Sparisjóður Mýrasýslu stærsti stofnfjáreigandinn með 13% hlut. Þá átti Sparisjóður Bolungarvíkur 9,7% en 241 stofnfjáraðili skipti með sér öðru stofnfé og átti hver um sig 0,32%. Meðal annarra stofnfjáreigenda voru Sparisjóður Vestmannaeyja, Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður vélstjóra. Stofnfjáreign sparisjóða í öðrum sparisjóðum skýrist jafnan að einhverju leyti af samvinnu sparisjóða sem komu öðrum til aðstoðar þegar illa áraði. Stofnfjáreign annarra sparisjóða í Sparisjóði Suður-Þingeyinga var til komin vegna aðstoðar þeirra við þá sparisjóði sem mynduðu Sparisjóð Suður-Þingeyinga og sameinuðust honum; öll stofnfjáreign annarra sparisjóða í Sparisjóði Suður-Þingeyinga var arfleifð frá samruna sparisjóðsins við Sparisjóð Mývetninga í lok árs 1996.¹¹⁰

Á árinu 2006 bættust fimm nýir einstaklingar í hóp stofnfjáreigenda sparisjóðsins en þeir keyptu stofnfé af sparisjóðnum sjálfum og fengu 0,32% hlut hver. Ári síðar bættust níu nýir stofnfjáreigendur í hópinn og var hlutur þeirra jafn stór og annarra stofnfjáreigenda sem fyrir voru. Í lok ársins 2007 nam stofnfé sparisjóðsins 6,4 milljónum króna. Hækkun stofnfjárins á þessum árum var til komin vegna endurmats í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki.¹¹¹

Í desember 2008 var stofnfé aukið með stofnfjárútboði til stofnfjárhafa. Í útboðinu söfnuðust 39 milljónir króna og var stofnfé í lok árs 46,9 milljónir króna. Engin fjölgun varð í stofnfjáreigendahópnum við útboðið. Næstu tvö árin fjölgaði stofnfjáraðilum um tvo og stofnfé hækkaði um 6,3 milljónir króna. Í lok árs 2010 voru stofnfjáreigendur 257 og stofnfé 53

109. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

110. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 11. júní 2013.

111. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 2005–2011; ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.

milljónir króna. Á aðalfundi sparisjóðsins í maí 2011 var samþykkt að nýta arðgreiðslu vegna ársins 2010 til hækkunar stofnfjár um 12% að nafnverði. Stofnfé í árslok 2011 var 59,2 milljónir króna.¹¹²

27.5.1 Stofnfjárukning árið 2008

Hinn 11. mars 2008 var samþykkt á stjórnarfundum Sparisjóðs Suður-Þingeyinga að vinna að tillögum til aukningar stofnfjár sparisjóðsins. Á stjórnarfundum 2. apríl 2008 var svo samþykkt að leggja tillögu fyrir aðalfund um að stofnfé yrði aukið um allt að 170 milljónir króna. Samhliða því var samþykkt að nýta heimild til endurmats stofnfjár og hækka það um 5% og framreikna stofnféð í samræmi við verðlagsbreytingar, auk þess sem samþykkt var að greiða 10% arð af stofnfjárhlutum fyrir árið 2007.

Á aðalfundi stofnfjáreigenda Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 29. apríl 2008 voru gerðar breytingar á samþykktum sparisjóðsins. Ein þeirra var að heimila veðsetningu stofnfjárbréfa en með henni varð mögulegt að fjármagna stofnfjárbréfakaup með veði í stofnfjárbréfunum sjálfum. Á aðalfundinum gerði stjórnarformaður grein fyrir tillögu stjórnar um stofnfjárukningu og að sparisjóðurinn myndi „lána til kaupanna þeim sem það óska“.¹¹³ Þá var tillaga um 170 milljón króna aukningu stofnfjár í sparisjóðnum samþykkt samhliða. Stofnfjáreigendur áttu forgang til áskriftar í samræmi við stofnfjáreign sína og var stjórn heimilt að ákvarða nánara fyrirkomulag stofnfjárukningarinnar.

Fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði stjórnarformaður sparisjóðsins tilgang stofnfjárukningarinnar hafa verið að styrkja eiginfjárstöðu sparisjóðsins en jafnframt að gera honum kleift að greiða út arð, jafnvel „einhverja tugi prósent“a. Til skýringar bætti hann því við að á þessum tíma hefði þessi aðferð verið „alþekkt meðal sparisjóðanna“ sem margir hverjir „belgdu út [...] efnahagsreikninginn og greiddu stofnfjáreigendum 10–20% arð“. Fram að þessu hefðu stjórnendur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga hins vegar ekki þótt „mjög framsæknir eða til fyrirmyndar“ hvað þetta áhræði. Einhverjir stofnfjáreigendur hefðu lýst yfir óánægju sinni yfir því að sparisjóðurinn skyldi ekki „dansa með“. Forsvarsmenn sparisjóðsins hafi því ákveðið að elta hina sparisjóðina „en á mjög hóflegum forsendum“.¹¹⁴ Guðmundur E. Lárusson, sparisjóðsstjóri á þessum tíma, hélt því hins vegar fram, að stofnfjárhækkunin hefði aðallega verið hugsuð til að hækka eiginfjárgrunn sparisjóðsins svo hann gæti aukið útlán. Hann hefði barist fyrir aukningu stofnfjár frá því hann kom til starfa hjá sparisjóðnum. Stofnfjárukningin hefði því ekki komið til vegna þarfar sparisjóðsins á auknu fé til rekstrar.¹¹⁵

Við fall íslensku bankanna í október 2008 breyttust þær forsendur sem verið höfðu fyrir stofnfjárukningunni um vorið. Í skýrslu þáverandi sparisjóðsstjóra hjá rannsóknarnefndinni kom fram að lítil eftirspurn hefði verið eftir stofnfé í kjölfar hrunsins enda hefðu menn óttast um afdrif sparisjóðsins.¹¹⁶ Á aukastofnfjáreigendafundi 24. nóvember 2008 var fallist á að heimild til stofnfjárukningarinnar yrði ekki nýtt nema að hluta í útboði í desembermánuði og í kynningu á tillögunni var lögð áhersla á að stofnfjárukningin væri til komin vegna bankahrunsins haustið 2008. Skyldi umfang stofnfjárukningarinnar ráðast af því hversu miklu stofnfé stofnfjáreigendur skráðu sig fyrir, en hámark áskriftar var ákveðið 500.000 krónur og gátu stofnfjáreigendur nú ekki keypt aukinn hlut ef aðrir stofnfjáreigendur nýttu sér ekki rétt sinn til áskriftar fyrir nýjum hlut. Lokafrestur til skráningar var 15. desember 2008 og lokafrestur til greiðslu 30. desember. Í fundargerð stofnfjáreigendafundarins var tillaga stjórnar um skerta nýtingu heimildar til stofnfjárukningar sett fram ásamt greinargerð:

Miklar sviptingar hafa orðið í íslensku fjármálaumhverfi á síðari hluta þessa árs. Sú óvissa hefur valdið því að ákvörðunum varðandi framkvæmd stofnfjárukningar hefur verið frestað eins lengi og mögulegt er.

112. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2001–2011; aðalfundur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 8. maí 2011.

113. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 29. apríl 2008.

114. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013.

115. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

116. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

Ljóst virðist að þau áform um arð til stofnfjáreigenda sem kynnt voru á aðalfundi á liðnu vori ganga ekki eftir.

Þá hefur umræða um þýðingu og hlutverk sparisjóða sem sjálfstæðrar fjöldahreyfingar á fjármálamarkaði farið vaxandi og verður að skoða tillögur um breytt fyrirkomulag stofnfjárukningar í því ljósi.

Í kjölfar fundarins var stofnfjáreigendum sent bréf 26. nóvember þar sem tilkynnt var um ákvörðun stofnfjáreigendafundarins og fyrirkomulag stofnfjárukningarinnar. Þá sagði þar:

Nýtt stofnfé bætist við skráð stofnfé viðkomandi í sparisjóðnum og verður þannig grunnur að arðgreiðslum sparisjóðsins v. ársins 2008, en líklegt virðist að þær verði nálægt 10% af stofnfé. [...]

Sparisjóðurinn mun lána þeim sem þess óska andvirði stofnfjárukningarinnar að hluta eða öllu leyti.

Í útboðinu skráðu 126 aðilar sig fyrir samtals um 39 milljónum króna en 255 aðilar voru á stofnfjáreigendalistanum. Engin lán voru veitt fyrir stofnfjárkaupunum að því undanskildu að einn kaupandi fékk 200.000 króna yfirdráttarlán fyrir kaupnum sem var greitt fljótt til baka.¹¹⁷ Með stofnfjárukningunni rúmlega sjöfaldaðist stofnfé sjóðsins og breyttist hlutfall stofnfjáreigenda í sjóðnum nokkuð. Hluttur Sparisjóðs Mýrasýslu fór úr 12,6% í 2,1% en Byr sparisjóður bætti við sig stofnfé og varð stærsti stofnfjáreigandinn með 2,2% stofnfjár. Byr sparisjóði ásamt tveimur öðrum sparisjóðum¹¹⁸ var boðið að kaupa stofnfé umfram 500.000 króna hámarkið, eða fyrir allt að eina milljón króna og réðst sú fjárhæð af fyrri stofnfjáreign sparisjóðsins.¹¹⁹ Þá var skipting stofnfjáreignar milli einstaklinga ekki lengur jöfn, en 60 einstaklingar áttu hver um sig 1,1% hlut og aðrir minna. Engir lögaðilar bættust í hóp stofnfjáreigenda við stofnfjárukninguna.¹²⁰

27.6 Viðbrögð við breyttum aðstæðum eftir fall íslensku bankanna 2008

Tap varð á rekstri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga árið 2008 og hafði það ekki gerst frá 1998. Hallinn nam 127 milljónum króna, einkum vegna taps á verðbréfaeignum. Eiginfjárlutfallið var engu að síður 13,4% í lok ársins.¹²¹

Eiginfjárlutfall sparisjóðsins fór ekki undir lögbindið lágmark á tímabilinu 2005–2011 en sparisjóðurinn var þó ekki ónæmur fyrir áhrifum af falli viðskiptabankanna. Innlán jukust mjög frá því síðla árs 2008, en stjórnendur sparisjóðsins litu frekar á þau sem viðbrögð við breyttum aðstæðum á fjármálamarkaði en að þau yrðu til langframa í sparisjóðnum. Vegna þessa og þar sem eiginfjárgrunnur sparisjóðsins setti umsvifum útlána hans nokkur takmörk, var þessum innlánnum ekki veitt til útlána í miklum mæli. Auk þess var „eftirspurn eftir lánsfé takmörkuð í kjölfar hrunsins“.¹²² Sparisjóðurinn ávaxtaði féð meðal annars hjá Seðlabanka Íslands.

27.6.1 Samkomulag við Seðlabanka Íslands

Með 2. gr. laga nr. 125/2008 var fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilað að leggja sparisjóðnum til fjárhæð sem nam allt að 20% af bókfærðu eigin fé viðkomandi sparisjóðs vegna sérstakra og óvenjulegra aðstæðna á fjármálamarkaði. Nánar var kveðið á um

117. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

118. Hinir tveir voru Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóður Bolungarvíkur. Samkvæmt tölvuskeyti frá Ara Teitssyni til rannsóknarnefndarinnar 10. ágúst 2013 tók hvorugur þeirra þátt í stofnfjárukningunni.

119. Bréf Guðmundar E. Lárussonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 27. nóvember 2008. Í bréfinu var vísað til þess að hefðbundnir stofnfjáreigendur væru 252 talsins, allir með jafnan hlut. Hins vegar ættu þrjár sparisjóðir stofnfé í sparisjóðnum sem væri arfur frá rekstrarerfiðleikum Sparisjóðs Mývetninga. Var þeim boðið aukðið stofnfé til kaupa umfram hámarkið eða í hlutfalli við fyrra stofnfé sitt. Samkvæmt tölvuskeyti Ara Teitssonar til rannsóknarnefndarinnar 9. ágúst 2013 áttu allir stofnfjáreigendur jafnan stofnfjárhlut í sparisjóðnum, upp á 17.714 krónur, í lok árs 2007, nema Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóður Bolungarvíkur. Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar áttu því hvor um sig 17.714 króna stofnfjáreign í sparisjóðnum á þeim tíma en þeir sameinuðust í Byr sparisjóð á síðari hluta árs 2008.

120. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 2005–2011.

121. Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2008.

122. Tölvuskeyti Sparisjóðs Suður-Þingeyinga til rannsóknarnefndarinnar 21. ágúst 2013.

útfærslu og skilyrði eiginfjárframlags í reglum frá 18. desember 2008.¹²³ Flestir sparisjóða sóttu um eiginfjárframlag á grundvelli laganna en þó ekki Sparisjóður Suður-Þingeyinga. Í stjórnarfundargerð sparisjóðsins frá 27. janúar 2009 var bókað að samþykkt væri að sækja um eiginfjárframlag úr ríkissjóði, en ekkert varð úr því.¹²⁴ Fyrir rannsóknarnefndinni sagði Ari Teitsson, stjórnarformaður sparisjóðsins, að rætt hefði verið að sækja um eiginfjárframlag úr ríkissjóði en sparisjóðurinn hefði fallið illa undir reglurnar. Stofnfjárframlag frá ríkinu hefði þýtt að Bankasýsla ríkisins hefði eignast meirihluta í sparisjóðnum. Þar með hefðu heimamenn misst forræði yfir sparisjóðnum og jafnvel hefði verið hægt að selja hann öðrum. Þessi kostur hefði því ekki verið til þess fallinn að styrkja stöðu sparisjóðsins.¹²⁵

Þótt sparisjóðurinn hafi ekki gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu eins og margir aðrir sparisjóðir, gekk hann til samninga við Seðlabanka Íslands um uppgjör á kröfum á hendur sér. Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða, þegar ljóst var að sparisjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparisjóða.¹²⁶ Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðunum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparisjóði Suður-Þingeyinga sem námu 155 milljónum króna á yfirfærsludegi sem var 24. mars 2009.

Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparisjóðunum tillögu um meðferð krafna á hendur sparisjóðunum og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn. Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn síðan sparisjóðunum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹²⁷ Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárhlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹²⁸ Auknar kröfur Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall tóku þó ekki til Sparisjóðs Suður-Þingeyinga þar sem hann sótti ekki um slíkt eiginfjárframlag.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga samþykkti á fundi 15. febrúar 2010 að greiða upp skuldir við Seðlabanka Íslands og var samningur þar að lútandi undirritaður 24. mars sama ár. Í samningnum var kveðið á um að sparisjóðurinn gerði upp allar kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðnum fyrir 1. júlí 2010. Við uppgjörinu átti krónufjárhæð krafna að lækka um 12% miðað við stöðu þeirra á uppgjörstegi.

Áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna var háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Á fundum fulltrúa Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytis með fulltrúum Eftirlitsstofnunarinnar 26. maí 2010 kom fram að forsvarsmenn stofnunarinnar ættu erfitt með að sjá fyrir sér að sá 12% afsláttur á uppgjörinu krafna sem Seðlabankinn hugðist veita þremur smærri sparisjóðum, þeirra á meðal Sparisjóði Suður-Þingeyinga, stæðist reglur stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Að óbreyttu myndi slík eftirgjöf ekki verða samþykkt.¹²⁹ Þegar ljóst var orðið að Eftirlitsstofnun EFTA mundi ekki samþykkja að kröfur Seðlabanka Íslands yrðu gerðar upp með 12% afslætti af krónufjárhæð þeirra, var uppgreiðslu frestað þar til samþykki Eftirlitsstofnunarinnar lægi fyrir.¹³⁰

123. Nánar er fjallað um lög nr. 125/2008 og reglur um eiginfjárframlög til sparisjóða í 13. kafla.

124. Tölvuskeyti fjármálaráðuneytisins til rannsóknarnefndarinnar 20. ágúst 2013.

125. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013.

126. Bréf Seðlabanka Íslands til sparisjóða 8. september 2009.

127. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um bréf Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

128. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

129. Tölvuskeyti Stefáns Þórs Sigtryggssonar, starfsmanns Seðlabanka Íslands, til Más Guðmundssonar seðlabankastjóra 26. maí 2010.

130. Nánar er fjallað um Eftirlitsstofnun EFTA og ákvarðanir hennar í 13. kafla.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, varðandi lög-
mæti lánskuldbindinga í íslenskum krónum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla, sendu
Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafyrirtækjum tilmæli vegna óskuldbindandi
gengistryggingarákvæða 30. júní 2010. Fjármálafyrirtækjum var síðan gert að endurmeta
eiginfjárför sín á ljósi þessara aðstæðna og tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að
mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur lána hefði í för með sér.¹³¹
Í svarbréfi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga við fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins um lög-
mæti gengisbundinna lána sparisjóðsins var gerð grein fyrir þeim lánnum sem sparisjóðurinn
hafði veitt í erlendum gjaldmiðlum og var ekki talin hætta á að réttarframkvæmdin hefði
áhrif á uppgjör þeirra.¹³²

Áfram var unnið að gerð samkomulags milli sparisjóðsins og Seðlabanka Íslands og var
stefnt að því að ljúka því fyrir árslok 2010. Þar sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði ekki sam-
þykkt það fyrirkomulag sem lagt hafði verið upp með í fyrra samkomulagi frá 13. apríl
2010 var kannaður sá möguleiki að lækka afslátt af krónufjárhæð krafanna í 11% í stað
12% áður.

Undirritað var samkomulag milli Seðlabanka Íslands og Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 28.
desember 2010. Fól samkomulagið í sér uppgjör á kröfum í erlendum myntum samkvæmt
„Rammasamningi um reikningslán milli Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og Sparisjóðabanka
Íslands hf.“ frá 12. apríl 2005. Við uppgjör skyldi krónufjárhæð krafanna lækka um
11% miðað við stöðu þeirra á uppgjörstegi, ef sparisjóðurinn sýndi fram á að lausafjár-
staða hans héldist viðunandi og engin atvik leiddu til þess að skilyrði Seðlabankans fyrir
uppgjöri og fjárhagslegri endurskipulagningu kröfuhafa yrðu ekki uppfyllt. Undirritun
samkomulagsins fól einnig í sér að sparisjóðurinn afsalaði sér rétti til eiginfjárframlags
á grundvelli laga nr. 125/2008.¹³³ Staða krafna við uppgjör nam 162 milljónum króna og
greiddi sparisjóðurinn 146 milljónir króna í samræmi við samkomulagið og voru kröfurnar
greiddar upp í lok árs 2010.¹³⁴

Útlán sparisjóðsins í erlendri mynt voru fjármögnuð með ádráttarlínum frá Sparisjóðabanka
Íslands hf. eins og framfar greinir. Að sögn Ara Teitssonar, stjórnarformanns sparisjóðsins,
var fullyrt við forsvarsmenn sparisjóðsins á þeim tíma sem gera átti kröfurnar upp að
millibankalán yrðu aldrei dæmd ólögmet. Þegar niðurstöður Hæstaréttar um ólögmeti
lána í erlendri mynt lágu fyrir, fór stjórnarformaður sparisjóðsins á fund með fulltrúum
Seðlabanka Íslands og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf., sem fór með kröfur á hendur
sparisjóðunum. Óskaði hann eftir því að uppgjör sparisjóðsins við Seðlabankann yrði
tekið til endurskoðunar út frá sanngirnissjónarmiðum.¹³⁵ Niðurstæða samningaviðræðna
lá fyrir í byrjun árs 2013. Án viðurkenningar á réttmæti kröfu sparisjóðanna samþykkti
Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. að leiðrétta kröfur sparisjóðanna, í því skyni að forða
málaferlum og ljúka ágreiningi, og fékk Sparisjóður Suður-Þingeyinga tæpra 65 milljóna
króna viðbótarleiðréttingu.¹³⁶ Samkomulagið er þó háð fyrirvara um jákvæða afstöðu
Fjármálaeftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA.

27.6.2 Sameiningarhugmyndir

Sameiningarhugmyndir voru ekki einungis viðbragð við falli bankanna 2008, því sam-
eining við aðra sparisjóði hafði verið rædd á stjórnarfundum Sparisjóðs Suður-Þingey-
inga allt frá því á síðari hluta ársins 2007. Á fundi stjórnar 27. ágúst 2007 var tekið fyrir
bréf frá Sparisjóðnum í Keflavík frá 31. júlí þar sem óskað var eftir viðræðum um nánara
samstarf eða sameiningu. Í svarbréfi stjórnar sparisjóðsins sama dag lýsti stjórnin yfir
áhuga á að ræða framtíð sparisjóðanna og fagnaði frumkvæði Sparisjóðsins í Keflavík
að opinni umræðu um stöðu og möguleika sparisjóðanna í breyttu umhverfi og taldi
stjórnin brýna þörf á aukinni samvinnu sparisjóða á landsbyggðinni. Á hinn bóginn var

131. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálafyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>.

132. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 24. mars 2010.

133. Samkomulag um uppgjör reikningslána milli Seðlabanka Íslands og Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 28. desember 2010.

134. Bréf Seðlabanka Íslands til Rannsóknarnefndar Alþingis 7. febrúar 2013.

135. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013.

136. Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2012.

hugmyndum um sameiningu tekið fálega eða „afþökkuð kurteislega“¹³⁷ og lögð áhersla á að sparisjóðurinn starfaði áfram á afmörkuðu starfssvæði, undir stjórn og á ábyrgð heimamanna, auk þess sem stofnfjáreign yrði bundin starfssvæðinu. Hins vegar var tekið undir samvinnuhugmyndir, svo sem að landsbyggðarsparisjóðir eða þeir allir rækju markaðs- og þróunarstarf sem tæki mið af aðstæðum um markmið og kostnað; að unnið yrði sameiginlega að lausn flóknari úrlausnarefna varðandi samskipti við eftirlitsstofnanir og að leitað yrði sameiginlegrar fjármögnunar stærri verkefna. Vegna hraðra breytinga í formi og umhverfi sparisjóðanna þótti stjórninni eðlilegast að málin yrðu rædd á næsta aðalfundi Sambands íslenskra sparisjóða.¹³⁸

Þá voru á svipuðum tíma uppi hugmyndir um sameiningu við Sparisjóð Höfðhverfinga, Sparisjóð Þórshafnar og Nágrennis og Sparisjóð Norðfjarðar en viðræður báru ekki árangur.¹³⁹ Á fundi stjórnar 28. nóvember 2007 var rætt um samstarf og sameiningu sparisjóða í landinu og var bókað í fundargerð: „Við hér í Sparisjóði Suður-Þingeyinga biðum og erum ekki tilbúnir í hlutafélög eða sameiningar þar sem við vitum ekki hvaða rekstrarform yrði hér í framtíðinni.“

Eftir fall bankanna fengu hugmyndir um sameiningu sparisjóðanna byr undir báða vængi að nýju en einhverjir sparisjóðanna áttu þá í nokkrum erfiðleikum. Hinn 24. nóvember 2008 mætti Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, á fund stjórnar og var rætt um stöðu mála, hugsanlega aðkomu ríkisins á grundvelli neyðarlaganna og sameiningar sparisjóða.

Stjórnarformaður og sparisjóðsstjóri fóru á fund Fjármálaeftirlitsins 28. janúar 2009 ásamt nefnd sem vann að undirbúningi aðstoðar ríkisins við endurreisn sparisjóðanna. Sparisjóðurinn átti að leggja fram þriggja ára áætlun um rekstur sjóðsins til að sýna fram á rekstrarhæfi hans. Á fundinum var meðal annars rætt um sameiningu Sparisjóðs Suður-Þingeyinga við aðra sparisjóði en þó var sérstaklega rætt um sameiningu við Sparisjóð Þórshafnar og Nágrennis. Slíkar hugmyndir höfðu þegar verið ræddar í stjórn sparisjóðsins.

Á fundi stjórnar 27. apríl 2009 kom fram að staða Sparisjóðs Þórshafnar og Nágrennis væri mjög erfið og hann vart rekstrarhæfur. Því þótti ekki tímabært að taka ákvörðun um sameiningu þar sem of margir þættir málsins væru í óvissu. Engu að síður var samþykkt á aðalfundi sparisjóðsins daginn eftir að halda viðræðunum áfram, þrátt fyrir að meðal fundarmanna hafi borið á nokkrum áhyggjum af minni möguleikum á arðgreiðslum í kjölfar sameiningar. Á fundi stjórnar 5. maí 2009 var hins vegar ákveðið að fresta frekari viðræðum þar sem fyrir lægi að breyta lögum um sparisjóði.

Í júlí 2009 voru uppi hugmyndir um sameiningu sparisjóða á Norður- og Austurlandi þar sem stofnaður yrði einn öflugur sparisjóður. Á stjórnarfundi 16. júlí undirritaði stjórn viljayfirlýsingu um sameiningu sparisjóðanna. Horft var til þess að fá aðstoð ríkisins en Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. sá um undirbúning þessara mála. Ekkert varð úr þessum sameiningaráformum.

Á aðalfundi sparisjóðsins 26. apríl 2010 voru nokkrar umræður um mögulega sameiningu sparisjóðsins við Sparisjóð Þórshafnar og Nágrennis eða aðra sparisjóði, t.d. Sparisjóð Höfðhverfinga, en ekkert lá fyrir í þeim efnum á þeim tíma. Ári síðar, á aðalfundinum 8. maí 2011, var samþykkt heimild til stjórnar að hefja viðræður við „nærleggjandi sparisjóði um aukið samstarf eða sameiningu“.

Samkvæmt stjórnarfundargerð Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 14. júní 2011 var „mikill þrýstingur“ frá Bankasýslu ríkisins um sameiningu sparisjóða. Bankasýslan vildi helst sameina alla sparisjóði á landinu í einn sparisjóð en hún átti þá eignarhluti í Sparisjóði Bolungarvíkur (90,9%), Sparisjóði Svarfdæla (90%), Sparisjóði Þórshafnar og Nágrennis (75,8%), Sparisjóði Vestmannaeyja (55,3%) og Sparisjóði Norðfjarðar (49,5%). Aðrir sparisjóðir sem voru starfandi á þessum tíma voru Sparisjóður Höfðhverfinga, Sparisjóður Strandamanna og Sparisjóður Suður-Þingeyinga en Sparisjóður Ólafsfjarðar og Afl

137. Skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 11. júní 2013..

138. Bréf stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga til Sparisjóðsins í Keflavík 27. ágúst 2007.

139. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 26. september 2007; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 25. október 2007.

sparisjóður voru þá í meirihluta eigu Arion banka hf. Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga taldi sameiningu allra sparisjóða ekki koma til greina og var ákveðið að ganga til sameiningarviðræðna við Sparisjóð Svarfdæla og Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis. Fundir voru haldnir með fulltrúum sparisjóðanna, Bankasýslu ríkisins og fjármálaráðherra vegna þessa en ekki náðist samkomulag milli sparisjóðanna.¹⁴⁰ Sparisjóður Svarfdæla dró sig síðan út úr viðræðunum á haustmánuðum 2011. Sameiningarviðræður við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis héldu þó áfram fram á árið 2012 en voru í nokkrum hæðgangi framan af. Stjórnarformaður sparisjóðs Suður-Þingeyinga og fyrrverandi sparisjóðsstjóri tjáðu rannsóknarnefndinni að vegna þess hve varasjóður var stórt hlutfall af eigin fé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga miðað við aðra sparisjóði, hefði sameining verið honum óhagstæð vegna skiptihlutfalla. Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga hefðu fengið lítinn hluta af sameinuðum sparisjóði en kæmu með mikið eigið fé.¹⁴¹ Nokkur skriður komst á viðræðurnar um sumarið þegar Bankasýsla ríkisins átti aðkomu að viðræðunum og voru m.a. uppi hugmyndir um að auka hlut stofnfjáreigenda þannig að Bankasýslan og Tryggingasjóðurinn¹⁴² ættu minnihluta, og lýstu fulltrúar Bankasýslunnar yfir vilja til þess að kanna slíka sameiningarleið þótt hún rýrði eignarhlut Bankasýslunnar. Á hinn bóginn lá þá fyrir frumvarp til laga¹⁴³ um sparisjóði á Alþingi sem talið var geta haft áhrif á samrunahugmyndir sparisjóðanna.¹⁴⁴ Var óskað eftir lögfræðilíti um túlkun laganna þar sem talið var að löggin þyrftu ekki að stangast á við hugmyndir sparisjóðanna um samruna og skiptihlutföll.¹⁴⁵ Gengu sameiningarviðræðurnar svo langt að undirrituð var samrunaáætlun 20. september 2012 en drög að henni höfðu verið afhent starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins á fundi í lok ágúst.¹⁴⁶ Fjármálaeftirlitið gaf ekki upp afstöðu sína til samrunaáætlunarinnar með formlegum hætti „þó raunar lægi fyrir að stofnunin myndi ekki fallast á hana.“¹⁴⁷ Í tölvuskeyti frá Fjármálaeftirlitinu til stjórnarformanns Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 15. nóvember 2012 sagði:

Eins og fram kom í símtali okkar um daginn þá virðist mér að samrunaáætlun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis eins og hún er sett fram ekki samræmast lögum um fjármálafyrirtæki. Samrunaáætlunin miðast við það að endurgjald fyrir yfirtekna sjóðinn fari eftir eignarhlutföllum eigin fjár hins sameinaða sparisjóðs. Það virðist ekki samræmast 2. mgr. 72. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki [eftir lagabreytinguna með lögum nr. 77/2012] en samkvæmt ákvæðinu skal endurgjald til yfirtekis sjóðs, þegar um samruna sjálfseignarstofnana er að ræða, vera í samræmi við hlutdeild stofnfjár í eigin fé sparisjóðsins eins og það var samkvæmt efnahagsreikningi við sameininguna.¹⁴⁸

Sparisjóðurinn leit svo á að Fjármálaeftirlitið hefði þar með hafnað samrunaáætlun sparisjóðanna tveggja en fulltrúi hans átti þó fund með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins 8. janúar 2013 til að leita annarra leiða til að ná markmiðum áætlunarinnar og sparisjóðsins.¹⁴⁹ Í kjölfarið sendi Ari Teitsson, stjórnarformaður sparisjóðsins, Fjármálaeftirlitinu tillögu að formbreytingu vegna rekstrar sparisjóðsins sem miðaði að því að tryggja, við hugsanlegan samruna sparisjóðsins við aðra sparisjóði, „þau staðbundnu samfélagslegu markmið sem sjóðurinn hafði“. Í hugmyndinni fólst að „flytja óráðstafað eigið fé sjóðsins við breytingar á rekstrarformi yfir í sérstaka sjálfseignarstofnun sem hafi þann tilgang að vinna að fyrri samfélagslegum markmiðum.“¹⁵⁰ Í svari Fjármálaeftirlitsins 14. febrúar 2013 var greint frá

140. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 24. ágúst 2011.

141. Skýrsla Guðmundar E. Lárussonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013; skýrsla Ara Teitssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. apríl 2013; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 10. maí 2012.

142. Tryggingasjóðurinn átti aðkomu að fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis. Sjá nánari umfjöllun í 23. kafla.

143. Um er að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki sem tók sérstaklega til sparisjóðanna. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 19. júní 2012 sem lög nr. 77/2012 er tóku gildi 29. sama mánaðar.

144. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 12. júní 2012.

145. Lögfræðilít Vífils Harðarsonar, túlkun á lögum, 10. júlí 2012.

146. Tölvuskeyti Ara Teitssonar til Fjármálaeftirlitsins 7. nóvember 2012.

147. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 30. janúar 2013.

148. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til Ara Teitssonar 15. nóvember 2012.

149. Tölvuskeyti Ara Teitssonar til Ólafs Orrasonar 27. desember 2012.

150. Tillaga um formbreytingu vegna rekstrar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, 17. janúar 2013.

þeirri niðurstöðu að Fjármálaeftirlitið teldi tillögur sparisjóðsins eins og þeim var lýst ekki samræmast ákvæðum VIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, einkum 68. gr. laganna.

27.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Suður-Þingeyinga greiddi stofnfjárhöfum 10% arð af stofnfé þeirra óslitið frá 2000 til 2009 vegna næstliðinna rekstrarára, með þeirri undantekningu að arðgreiðslan árið 2001 nam 12% af stofnfé. Samtals námu þessar arðgreiðslur tæpum tíu milljónum króna, þar af voru 4,7 milljónir króna greiddar 2009 vegna ársins 2008. Greiðsla arðs á þessum árum var í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða, nema vegna ársins 2008 en þá var greiddur tvöfalt hærra arður en heimilt var samkvæmt reglunum, eða 10% í stað 5% og munaði þar rúmum 2,3 milljónum króna. Þessi skerðing á arðgreiðsluhlutfallinu var vegna þess að sparisjóðurinn var rekinn með tapi árið 2008.¹⁵¹

Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.¹⁵² Því var ekki greiddur arður vegna ársins 2009 sökum taprekstrar það ár. Vegna árána 2010 og 2011 var svo aftur greiddur arður en þá samkvæmt breyttum lögum. Vegna síðarnefnda ársins var mestur hluti arðgreiðslunnar færður til hækkunar á stofnfénu en afgangurinn greiddur stofnfjárhöfum í reiðufé. Arðgreiðslur og forsendur þeirra eru tíundaðar í töflu 19.

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreignenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.¹⁵³ Árin 2005–2009 var stofnfé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um 6,3 milljónir króna. Framkvæmdin var ekki fyllilega í samræmi við reglur. Endurmati vegna ársins 2006 var ekki bætt við stofnféð í árslok heldur var því bætt við stofnféð á árinu 2007 ásamt endurmati vegna þess árs, sem út af fyrir sig var leyfilegt. Hins vegar var endurmat á árinu 2009 upp á rúmar 4,2 milljónir króna óheimilt því samkvæmt lögum nr.76/2009 var ekki heimilt að verðbæta stofnfé ef tap var af rekstrinum. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2009.

Tafla 19. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011.¹⁵⁴

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	493	559	641	4.687	-	6.344	2.956
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	-	-	-	-	-	-	5.318
Stofnfé í árslok	4.931	5.260	6.411	46.868	54.709	53.162	59.199
Arður sem hlutfall af stofnfé	10,0%	10,6%	10,0%	10,0%	0,0%	11,9%	14,0%
Arður sem hlutfall af hagnaði	2,1%	0,9%	3,2%	•	•	24,8%	17,6%
Afkoma ársins	23.621	62.114	20.003	(126.796)	(42.040)	25.542	16.814
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), - % af stofnfé	10,0%	10,0%	10,0%	5,0%	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, - % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	2,9%	10,0%	•	•	•	5,8%	0,0%
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	250	263	321	2.343	-	-	-
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga*	195	-	746	1.101	4.247	-	-

* Endurmat féll niður 2006 en bættist við 2007 ásamt endurmati þess árs.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.¹⁵⁵ Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðalfundum sparisjóðsins 2005–2009 var samþykkt að hækka stofnfé í lok næstliðins árs um

151. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

152. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

153. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

154. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.

155. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

5%. Þetta var í samræmi við lög, að undantekinni samþykktinni 2009, því tap var af rekstri sparisjóðsins árið 2008. Af þeim sökum var hækkun stofnfjár þá um rúmar 2,3 milljónir króna með sérstöku endurmati óheimil.

Í töflu 19 eru tilfærðar allar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

27.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2011.

27.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Suður-Þingeyinga starfrækti ekki eigin endurskoðunardeild á því tímabili sem til athugunar var, en Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri eigin innri endurskoðunardeildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning við KPMG Endurskoðun hf. um innri endurskoðun.¹⁵⁶ Annaðist KPMG innri endurskoðun sparisjóðsins frá árinu 2005 til 2010 en PricewaterhouseCoopers hf. tók við innri endurskoðun sparisjóðsins frá og með starfsárinu 2011.

Í skýrslu vegna innri endurskoðunar ársins 2005 var fjallað um mikilvægi þess að stjórn og sparisjóðsstjóri væru meðvituð um þá áhættu sem fylgdi smæð sparisjóðsins og því að hafa ekki fulla aðgreiningu starfa. Talið var æskilegt að stjórn sparisjóðsins fjallaði sérstaklega um áhættustýringu og innra eftirlit að minnsta kosti einu sinni á ári. Einnig var bent á að sparisjóðurinn þyrfti að setja sér stefnu, ákveða markmið og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2005. Við innri endurskoðun ársins 2006 ítrekaði KPMG ábendingu frá árinu 2005 um að það væri á ábyrgð stjórnar sparisjóðsins að taka afstöðu til öryggisstefnu, áhættumats og reglna um öryggisráðstafanir varðandi rafræna vinnslu. Gerð var athugasemd við að formaður stjórnar sparisjóðsins sæti í stjórn eins stærsta viðskiptavinar sparisjóðsins en haft var eftir stjórn að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða til að tryggja hagsmuni sparisjóðsins. Þá var gerð athugasemd við útreikning á heildaráhættuskuldbindingu lána-hóps tengdum ferðabjónustufyrirtæki, sem tók ekki tillit til hlutfjáreignar sparisjóðsins, og lán til sveitarfélags sem var umfram samþykkt heildarfyrirgreiðslu.¹⁵⁷

Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2007 voru gerðar athugasemdir við talningar sjóðsins og að ekki væri fylgt eftir lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá var bent á nauðsyn á skýrum útlánareglum og útlánaheimildum, gefnar ábendingar um uppáskriftir og afstemmingar, skort á fjárfestingarstefnu um lausafé sparisjóðsins og skort á skriflegum verklagsreglum. Við innri endurskoðun vegna ársins 2008 var vísað til athugasemda Fjármálaeftirlitsins um upplýsingatæknimál sjóðsins og bent á að brýnt væri að þeim yrði komið í lag svo að lögum og reglum sem sett hefðu verið um upplýsingatækni væri fylgt. Könnun KPMG leiddi í ljós að skuldbindingar þriggja viðskiptamanna sparisjóðsins fóru yfir 25% af eigin fé sparisjóðsins. Í tveimur tilfellum var það vegna gengisbreytinga erlendra lána. Bent var á að þegar slíkar aðstæður kæmu upp þyrfti sparisjóðurinn að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart og greina frá til hvaða aðgerða sparisjóðurinn hygðist grípa.

156. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2006.

157. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2006.

Gerðar voru athugasemdir við útlánaheimildir í tölvukerfum við innri endurskoðun vegna ársins 2009 og að þær væru ekki í samræmi við útlánareglur sjóðsins í einhverjum tilvikum. Þá vantaði víða skriflegar verklagsreglur. Bent var á að brýnt væri að ganga frá skipuriti fyrir sparisjóðinn og skýra þannig ábyrgðarsvið hvers og eins. Sparisjóðurinn fór yfir hámark stórra áhættuskuldbindinga á árinu og leiddi könnun KPMG í ljós frávik frá skilgreiningu á vensluðum aðilum.¹⁵⁸ Við innri endurskoðun vegna ársins 2010 voru ítrekaðar ýmsar athugasemdir frá fyrri árum. Könnun KPMG leiddi í ljós að skuldbindingar tveggja viðskiptamanna sparisjóðsins voru yfir 25% af eiginfjárgrunni. Sérstök undanþága var fengin frá Fjármálaeftirlitinu vegna annars lánahópsins en ekki hins. KPMG benti á nauðsyn þess að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir of stórum áhættuskuldbindingum og hvernig sparisjóðurinn hygðist koma þeim undir tilskilið lágmark. Þá var bent á að vanda þyrfti betur gerð skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar og gæta þess að allir sem skilgreindir væru sem venslaðir aðilar kæmu fram í skýrslu um fyrirgreiðslu við venslaða aðila.


PricewaterhouseCoopers annaðist innri endurskoðun vegna ársins 2011. Helstu niðurstöður innri endurskoðunar voru að áhættumat þar sem áhættuþættir væru skilgreindir heildstætt og með formlegum hætti hefði ekki farið fram. Þá var gerð athugasemd við virkni áhættustýringar með gjaldeyrisjöfnuði. Sparisjóðurinn hafði hins vegar sett reglur um viðbrögð við helstu áhættuþáttum. Gerðar voru athugasemdir við að ekki væri til staðar skipurit hjá sparisjóðnum og að lítið væri til af skráðum verklags- og vinnureglum. Einnig að gögn sem lögju fyrir við ákvörðun einstakra lánveitinga væru ekki nægilega ítarleg til þess að einstakir stjórnarmenn gætu tekið rökstuddar ákvarðanir. Við innri endurskoðun komu fram frávik við yfirferð áreiðanleika skýrslna til opinberra aðila og við skoðun á samþykktarferli rekstrar- og launakostnaðar þar sem gögn báru ekki með sér að þau hefðu verið samþykkt.¹⁵⁹

Á þeim árum sem til skoðunar voru má sjá að ítrekað komu fram sömu ábendingar og athugasemdir í skýrslum innri endurskoðanda. Í skýrslum innri endurskoðanda vegna árana 2007 til 2010 var bent á að nauðsynlegt væri að telja viðskiptabréf sparisjóðsins reglulega og að niðurstöður talninga lögju fyrir; að gott væri að til væri fjárfestingarstefna um lausafé sparisjóðsins; og nauðsyn þess að koma upp öryggismyndavélum og að myndefni þeirra væri vistað og geymt. Einnig var bent á mikilvægi þess að starfsmenn noti einungis sinn aðgang að kerfum sparisjóðsins og gerð var athugasemd við lykilorðanotkun. Ítrekuð var sú ábending að sparisjóðurinn fylgdi þeim athugasemdum sem Fjármálaeftirlitið hefði gert árið 2008 varðandi upplýsingatæknimál sparisjóðsins og að þeim yrði komið í lag. Lagt var til að sparisjóðurinn kæmi sér upp skriflegum verklagsreglum um úthlutun styrkja starfsmönnum til leiðbeiningar í skýrslum innri endurskoðanda vegna árana 2009 og 2011. Í sömu skýrslum, og einnig skýrslu vegna ársins 2010, var bent á að brýnt væri að til væri skipurit fyrir sparisjóðinn þar sem ábyrgðarsvið hvers og eins væri skýrt. Einnig var ítrekað bent á mikilvægi þess að sparisjóðurinn héldi sig innan marka í gjaldeyrisjöfnuði og þess yrði gætt að allir sem skilgreindir væru sem venslaðir aðilar kæmu fram í skýrslu um fyrirgreiðslu til slíkra aðila.

158. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2009.

159. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2011.

28. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis



28. SPARISJÓÐUR ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis var stofnaður árið 1944. Stofnfé sjóðsins var 10.500 krónur og skiptist í 105 jafna hluti. Stofnfjárhafar voru fjórutíu talsins og fyrsti sparisjóðsstjórinn var Karl Hjálmarsson.¹

Í samþykktum sparisjóðsins frá apríl 2011 segir í 3. grein að sparisjóðurinn sé sjálfseignarstofnun sem starfi samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki og stundi sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í lögnum. Hlutverk sparisjóðsins sé að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð á starfssvæði sínu.²

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis er með starfsstöðvar á þremur stöðum í Norður-Þingeyjarsýslu þar sem jafnframt er sinnt þjónustu fyrir Íslandspóst og umboði fyrir Vátryggingarfélag Íslands hf. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru að Fjarðarvegi 5 á Þórshöfn og útibú hans eru að Bakkagötu 8–10 á Kópaskeri og Aðalbraut 23 á Raufarhöfn. Útibúin á Kópaskeri og Raufarhöfn hafa verið starfrækt frá því í mars 2006 þegar sparisjóðurinn keypti húsnæði og rekstur útibúa Landsbanka Íslands á þessum stöðum.³ Sjóðurinn starfrækti jafnframt útibú á Bakkafirði á árunum 2004 til 2008, en útibúinu var lokað 1. maí 2008 vegna íbúafækkunar á Bakkafirði og lítilla umsvifa útibúsins.⁴

Á aðalfundi Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 4. júlí 2013 var samþykkt sameining við Sparisjóð Svarfdæla og starfa sparisjóðirnir undir nafninu Sparisjóður Norðurlands. Síðasti sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Þórshafnar var Ragnar Þorgeirsson, sem gegndi því starfi frá 22. september 2012. Íris Björnsdóttir var sparisjóðsstjóri frá 2010 en hún tók við af Guðna Erni Haukssyni sem hafði verið sparisjóðsstjóri frá því í nóvember 1998.

Stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var síðast kjörin á aðalfundi 10. maí 2012 og var hún skipuð fimm stjórnarmönnum. Fjórir stjórnarmenn voru tilnefndir af Bankasýslu ríkisins, Hólmgeir Karlsson formaður, Auður Hörn Freysdóttir, Ragnar Þorgeirsson og Sigurður Skúli Bergsson.⁵ Fimmti stjórnarmaðurinn var Kristín Kristjánsdóttir, fyrrverandi stjórnarformaður.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Þórshafnar 2001–2011.⁶

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Auður Hörn Freysdóttir											x
Hólmgeir Karlsson											x
Jóhannes Jónasson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Kristín Kristjánsdóttir	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	x
Maria Lóa Friðjónsdóttir											Form.
Páll Jónasson									x	x	
Ragnar Þorgeirsson											x
Sigurður Jens Sverrisson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Þorbjörg Þorfinnsdóttir	x	x	x	x	x	x	x	x		x	
Þórunn Þorsteinsdóttir	x	x	x	x	x	x	x	x	x		

1. „Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis 50 ára“, *Morgunblaðið* 23. september 1994.

2. Samþykktir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, apríl 2011. Í eldri samþykktum voru sambærileg ákvæði um starfsemi sparisjóðsins, að því undanskildu að hlutverk sparisjóðsins var þar ekki skilgreint með sambærilegum hætti, sbr. m.a. samþykktir sparisjóðsins frá 11. apríl 2002 og 3. apríl 2003 með síðari breytingum.

3. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 15. mars 2006.

4. Aðalfundur Sambands íslenskra sparisjóða, ágúst 2008.

5. Í athugasemdum Ragnars Þorgeirssonar sparisjóðsstjóra og Kristínar Kristjánsdóttur stjórnarmanns til rannsóknarnefndarinnar 28. október 2013 kom fram að Ragnar Þorgeirsson hefði vikið sæti úr stjórn þegar hann tók við sem sparisjóðsstjóri síðar sama ár og varamaður komið inn í hans stað.

6. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

Í árslok 2007, fyrir fall bankanna, voru stofnfjárfarar 88 og stofnfé í dreifðri eignaraðild. Heildareignir sjóðsins námu þá 2,9 milljörðum króna. Sparisjóðurinn var einn af minnstu sparisjóðunum hér á landi með um 0,5% af heildareignum sparisjóðanna. Samanlagðar eignir allra sparisjóða voru þá 614 milljarðar króna. Í árslok 2011 námu heildareignir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2,6 milljörðum króna og voru þá 4,3% af samanlögðum eignum sparisjóðanna.

Árið 2007 gekk sparisjóðurinn til samstarfs við fimm aðra sparisjóði af landsbyggðinni um rekstur starfsstöðvar í Reykjavík undir nafninu Sp-ráðgjöf ehf. Samstarfið hafði nokkur áhrif á útlánasafn sjóðsins en þátttaka sparisjóðanna í verkefnum Sp-ráðgjafar ehf. leiddi yfirleitt til veikleika í útlánasafni þeirra.

Haustið 2007 hóf stjórn sparisjóðsins stefnumótunarvinnu sem lauk með kynningu á samrunaáætlun við Sparisjóðinn í Keflavík. Samrunaáætlunin var samþykkt formlega af báðum aðilum vorið 2008 en hún gerði ráð fyrir stofnfjárukningu hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis um 400 milljónir króna. Stofnfjárukningin gekk ekki eftir þar sem ekki tókst að selja nægt stofnfé í útboði. Þá höfðu aðstæður á fjármálamarkaði einnig breyst mikið frá því stofnfjárukningin var samþykkt á fundi stjórnar sparisjóðsins 29. maí 2008. Stjórn sparisjóðsins taldi því forsendur fyrir samruna sparisjóðanna brostnar.

Hinn 27. apríl 2009 ákváðu stjórnir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðs Suðurlandspingeyinga að hefja formlegar viðræður um sameiningu sjóðanna. Viðræðunum var síðar slegið á frest vegna umsóknar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um stofnfjárframlag úr ríkissjóði í samræmi við lög nr. 125/2008. Þegar ljóst var að eiginfjárframlag úr ríkissjóði eitt og sér væri ekki nægt til þess að koma eiginfjárhlutfalli í rétt horf hóf sparisjóðurinn samningaviðræður við Seðlabanka Íslands um erlend lán sem Sparisjóðabanki Íslands hf./Icebank hf. hafði veitt sparisjóðnum. Seðlabankinn var þá orðinn helsti kröfuhafi sparisjóðsins eftir að útlánnum sparisjóðanna hafði verið ráðstafað til hans með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabanka Íslands hf. 21. mars 2009. Bankinn hafði fjármagnað útlán sparisjóðsins í erlendri mynt en um þau ríkti mikil lagaleg óvissa sem torveldaði samningana. Svo fór að 21. desember 2010 var undirritað samkomulag á milli Seðlabanka Íslands og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Í samkomulaginu fólst að afskrifaðar voru 802 milljónir króna af 917 milljóna króna kröfu Seðlabankans á hendur sparisjóðnum en 105 milljónum króna var breytt í stofnfé í sparisjóðnum og afganginum í víkjandi lán.

Í lok árs 2011 voru stofnfjárfarar 92 en meðal þeirra voru Bankasýsla ríkisins sem fór með 75,8% hlut fyrir hönd ríkissjóðs og Tryggingasjóður sparisjóða með 23,3% hlut.

Stjórnir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðs Svarfdæla samþykktu í mars 2013 að sameina rekstur sparisjóðanna undir nafni Sparisjóðs Norðurlands hf. og gekk samruninn í gegn þann 4. júlí 2013 með samþykki Fjármálaeftirlitsins.⁷

28.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum frá 2001 til 2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.⁸

28.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis var rekinn með hagnaði öll árin frá 2001 til 2007 en þá varð hagnaðurinn mestur eða 97 milljónir króna. Skipti þar mestu gengishagnaður af veltuhlutabréfum upp á rúmlega 200 milljónir króna. Viðsnúningur varð í rekstrinum á árinu 2008 þegar sparisjóðurinn tapaði 525 milljónum króna. Tapið mátti rekja til nærri 300 milljóna króna gengistaps af fjáreignum og 239 milljóna króna framlags í afskriftareikning

7. „Samruni Sparisjóðs Svarfdæla við Sparisjóð Norðurlands ses. (áður Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis)“, fme.is 7. september 2013, <http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/1863>.

8. Nánar er fjallað um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

útlána. Áframhaldandi tap varð af rekstri sparisjóðsins á árinu 2009 en þá nam gengistap af fjáreignum 155 milljónum króna og framlagið í afskriftareikning útlána tæplega 203 milljónum króna.

Tafla 2. Samandregning rekstrarreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.⁹

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	44.644	56.938	57.380	58.261	54.121	48.260	3.058	12.122	53.765	92.383	102.082
Hreinar þjónustutekjur	14.217	14.259	12.685	13.152	15.312	17.135	27.714	20.046	18.224	16.570	17.702
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	133	207	559	1.289	5.408	5.576	11.079	12.125	8.179	4.297	(4.599)
Gengishagn. (-tap) af fjáreignum	(1.364)	783	10.085	13.415	34.621	89.677	213.366	(297.700)	(155.252)	4.199	(26.923)
Aðrar rekstrartekjur	541	12.246	3.447	6.068	33.246	9.861	16.712	15.135	17.054	19.042	18.203
Hreinar rekstrartekjur	58.171	84.433	84.156	92.185	142.708	170.509	271.929	(238.272)	(58.030)	136.491	106.465
Almennur rekstrarkostnaður	(42.212)	(59.347)	(65.458)	(75.315)	(83.429)	(118.381)	(144.421)	(151.480)	(160.028)	(145.169)	(142.516)
Önnur rekstrargjöld	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(7.642)	(9.925)	(10.753)	(8.471)	(18.903)	(14.848)	(11.410)	(239.308)	(202.927)	(105.210)	(33.369)
Tekjufærð eftirgjöf skuldar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	734.812	-
Rekstrargjöld samtals	(49.854)	(69.272)	(76.211)	(83.786)	(102.332)	(133.229)	(155.831)	(390.788)	(362.955)	484.433	(175.885)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	8.317	15.161	7.945	8.399	40.376	37.280	116.098	(629.060)	(420.985)	620.924	(69.420)
Skattar samtals	-	-	7.091	(2.443)	(6.982)	(5.798)	(18.972)	104.303	48.007	(110.462)	7.166
Hagnaður (tap) ársins	8.317	15.161	15.036	5.956	33.394	31.482	97.126	(524.757)	(372.978)	510.462	(62.254)

Árið 2010 batnaði afkoman vegna 735 milljóna króna tekjufærslu eftirgjafar á skuld við Seðlabanka Íslands, en sem liður í fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins var hluta krafna Seðlabankans breytt í stofnfé og annað fellt niður. Tap varð á rekstri sjóðsins á árinu 2011 upp á 62 milljónir króna. Rekstrarkostnaður nam 142 milljónum króna og hafði farið lækkanði þrjú ár í röð vegna hagræðingar í rekstri. Opinberar álögur¹⁰ og önnur gjöld höfðu hins vegar hækkað verulega og námu 13,2 milljónum króna eða 9,4% af rekstrargjöldum ársins, en höfðu verið 4,9 milljónir króna eða 3,4% af rekstrargjöldum árið 2010. Framlag í afskriftareikning útlána árið 2011 nam 33 milljónum króna, þar af voru 18 milljónir vegna óvissu um réttaráhrif svo kallaðs gengislánadóms (dóms Hæstaréttar nr. 600/2011).¹¹

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur hækkuðu umtalsvert á árunum 2005 til 2007, þar af um 60% árið 2007. Gengishagnaður af fjáreignum átti þar stærstan hlut að máli. Mikið gengistap varð hins vegar af fjáreignum á árunum 2008 og 2009 sem leiddi til tapreksturs af sparisjóðnum. Myndin sýnir einnig að hreinar vaxtatekjur lækkuðu mikið árin 2007 og 2008. Þrátt fyrir það var fjárfestingarstarfsemi meginástæða hinna miklu breytinga á hreinum rekstrartekjum 2001 til 2011.

Gengishagnaðurinn árið 2007 stafaði fyrst og fremst af 204 milljónum króna gangvirðis-hækkun á hlutabréfum. Árið 2008 nam gengistap af fjáreignum 298 milljónum króna, af hlutabréfaeign 223 milljónum króna og af veltuskuldabréfum 50 milljónum króna. Stærstur hluti gengistapsins af hlutabréfum skýrðist af 148 milljónum króna niðurfærslu á eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Áframhaldandi tap varð af fjáreignum á árinu 2009, bæði hlutabréfum og skuldabréfum. Á árinu 2011 varð enn gengistap af fjáreignum sem nam 27 milljónum króna og var stærstur hluti þeirrar fjárhæðar tap á hlutabréfaeign eða 26 milljónir króna.

Arðs- og hlutdeildartekjur vógu ekki þungt í rekstri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis. Hæstar urðu þessar tekjur árið 2008 eða liðlega 12 milljónir króna og höfðu þá hækkað um 10% frá fyrra ári. Á árinu 2011 varð 4,6 milljóna króna tap á hlutdeildarfélagum. Í þeirri tölu var 12 milljóna króna tap á 21,8% eignarhlut í Fasteignafélaginu Borg ehf. á Hvammstanga.


Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

9. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011. Í viðauka C eru sömu rekstrarreikningar sýndir á föstu verðlagi.

10. Framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta (TIF), árgjald til Fjármálaeftirlitsins, árgjald til umboðsmanns skuldara og svo nefndur bankaskattur.

11. Skýrsla Bankasýslu ríkisins um starfsemi sína 2012.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.¹²



Hreinar þjónustutekjur, sem meðal annars voru ráðgjafartekjur til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna, námu 14 milljónum króna á árinu 2001 eða 24% af hreinum rekstrartekjum. Í árslok 2011 hafði þessi liður lítið breyst og vægi hans var þá 17% af hreinum rekstrartekjum. Hæstar urðu hreinar þjónustutekjur árið 2007 eða tæpar 28 milljónir króna.

Aðrar rekstrartekjur greindust í umboðslaun og aðrar tekjur. Á árinu 2007 nam þessi tekjuliður tæplega 17 milljónum króna sem jafngildi 6% af hreinum rekstrartekjum. Vægi annarra rekstrartekna af hreinum rekstrartekjum sveiflaðist nokkuð og var hæst 23% árið 2005 þegar tekjurnar voru 33 milljónir króna. Þar vó hæst 25 milljóna króna söluhagnaður af eignarhlut sparisjóðsins í Hraðfrystistöð Þórshafnar og í Alþjóða líftryggingafélaginu.

Hreinar vaxtatekjur lækkuðu umtalsvert á árinu 2007. Lækkunin nam ríflega 45 milljónum króna og skýrðist einkum af hækkun vaxtagjalda vegna almennra innlána. Vaxtatekjur stóðu hins vegar í stað á milli ára. Árið 2008 hækkðu vaxtatekjur mikið umfram hækkun vaxtagjalda. Skýrðist það aðallega af gengishækkun á lánum viðskiptavina í erlendri mynt. Samhliða hækkun vaxtamunar hjá sparisjóðnum jukust hreinar rekstrartekjur að nýju á árunum 2009 til 2011.

Stærstur hluti vaxtatekna sparisjóðsins kom frá útlánunum. Þær hækkðu mikið árið 2008 eða um 69%. Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir voru heldur vaxandi liður á tímabilinu og var vægi þeirra mest 23% af vaxtatekjum árið 2010 en minnst 4% árið 2004. Vægi þeirra lækkaði hins vegar í 12% árið 2011. Vaxtatekjur af skuldabréfaeign voru allt tímabilið innan við 12% vaxtatekna.

Nánast öll vaxtagjöld Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á árunum 2001 til 2011 voru vegna almennra innlána. Á árinu 2005 tók sjóðurinn að fjármagna sig í auknum mæli með lántökum og voru vaxtagjöld vegna lántöku að meðaltali 15% heildarvaxtagjalda til 2009. Vaxtagjöld til lánastofnana fóru aldrei yfir 8% af vaxtagjöldum allt tímabilið.

Vaxtamunur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis þróaðist með svipuðum hætti og hjá sparisjóðnum í heild á árunum 2001 til 2011, en var þó alltaf hærri en hjá þeim allt tímabilið. Mestur var munurinn árið 2001 þegar vaxtamunur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var 9,7% en einungis 3,7% hjá sparisjóðnum í heild. Á árinu 2011 var vaxtamunurinn 5,5% hjá sparisjóðnum í heild en 7,5% hjá Sparisjóði Þórshafnar.¹³

12. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

13. Útreikningur á vaxtamun er skýrður í 8. kafla, um reikningskil sparisjóðanna.


Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis 2001 – 2011.¹⁴

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis											
Meðalvextir útlána	20,8%	15,6%	15,0%	11,4%	12,9%	14,3%	13,0%	19,6%	15,9%	10,6%	11,0%
Meðalvextir innlána	8,6%	6,1%	4,7%	4,7%	6,7%	9,3%	10,4%	13,9%	10,4%	4,6%	3,2%
Vaxtamunur	11,2%	8,9%	9,8%	6,4%	5,8%	4,6%	2,3%	5,0%	5,0%	5,8%	7,5%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fóru vaxandi á árunum 2001 til 2009, meðal annars vegna fjölgunar útibúa, en lækkuðu á árunum 2010 og 2011. Framlag í afskriftareikning útlána átti mestan þátt í mikilli hækkun árin 2008 til 2010. Á tímabilinu 2001 til 2011 nam framlag í afskriftareikning útlána samtals rúmum 660 milljónum króna, þar af 580 milljónum króna á árunum 2008 til 2011.

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjárumunum og óefnislegum eignum auk framlags í afskriftareikning útlána.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.¹⁵


Framlag í afskriftareikning útlána á árinu 2007 nam 11 milljónum króna. Árið eftir rúmlega tuttugufaldaðist framlagið frá fyrra ári og nam 239 milljónum króna. Framlagið var enn hátt árið 2009, eða 203 milljónir króna, en fór svo lakkandi eftir það. Samanlagt framlag í afskriftareikning útlána á árunum 2008 til 2010 nam 547 milljónum króna sem var 127 milljónum króna meira en bókfært virði eigin fjár sparisjóðsins í árslok 2007. Í árslok 2007 var niðurfærsluhlutfall útlána 5%. Til samanburðar var þetta hlutfall þá 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Í lok árs 2010 var niðurfærsluhlutfallið hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis orðið 20,1% en var á sama tíma 21,3% hjá sparisjóðunum í heild.

Almennur rekstrarkostnaður sparisjóðsins fór vaxandi á árunum 2001 til 2009, meðal annars vegna fjölgunar útibúa, en lækkaði á árunum 2010 og 2011. Mest var hækkunin 42% árið 2006 vegna opunar útibús á Raufarhöfn en árið eftir hækkaði kostnaðurinn áfram um 22%. Eins og sjá má á mynd 3 var hlutfall rekstrarkostnaðar sjóðsins af meðaleignum talsvert hærra en hjá sparisjóðunum í heild. Að meðaltali var munurinn 2,3% á tímabilinu en mest bar á milli árið 2002 þegar hlutfallið var 7,3% hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis en 4,1% hjá sparisjóðunum í heild.

14. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011. Í viðauka B er að finna töflu sem sýnir vaxtamun hjá einstökum sparisjóðum.

15. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.¹⁶



Launakostnaður Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var á bilinu 41% til 51% af almennum rekstrarkostnaði árin 2001 til 2011. Fjöldi stöðugilda nær þrefaldaðist frá 2001 til 2007 og störfuðu 14 manns hjá sparisjóðnum í árslok 2007. Í árslok 2011 hafði stöðugildum fækkað um fjögur en þar af hafði fækkað um þrjú stöðugildi vegna póstafréiðslu og váttryggingarþjónustu.

Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.¹⁷

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í árslok	5	7	7	9	10	13	14	13	12	12	8
Launakostnaður	17.156	25.018	31.042	36.238	42.838	59.140	70.871	71.080	65.894	72.967	65.393
Meðallaunakostnaður pr. stöðugildi	3.812	3.626	4.499	3.939	4.416	4.549	5.062	5.468	5.314	5.884	7.785
Laun og þóknar til yfirstjórnar	5.947	7.147	8.976	9.284	10.596	11.868	13.320	14.432	13.885	12.485	13.136
Þar af til sparisjóðsstjóra	...	6.455	7.541	7.814	8.997	9.879	10.761	11.672	11.145	9.338	10.156


Meðallaunakostnaður á stöðugildi fór almennt hækkandi á tímabilinu en breytingar voru ekki miklar á milli ára. Tæplega fjórðungshækkun varð þó árið 2003, en mest hækkuðu meðallaun árið 2011 um 32% þegar stöðugildum fækkaði um fjögur. Laun sparisjóðsstjóra fóru hækkandi fram til 2008 en árið 2010 höfðu þau lækkað um 20% frá árslokum 2008. Á árinu 2008 var greiddur launauki til sparisjóðsstjórans fyrir tímabilið 1. janúar 2006 til 31. desember 2007 að fjárhæð þrjár milljónir króna auk launatengdra gjalda.

Meðallaunakostnaður á stöðugildi hjá sparisjóðnum hækkandi umtalsvert minna árin 2004 til 2009 en hjá sparisjóðunum í heild. Hækkunin var þar að auki minni en hækkun almennrar launavísitölu. Á árinu 2010 lækkaði meðallaunakostnaður á stöðugildi hjá sparisjóðunum í heild en hækkandi á sama tíma hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis. Á árinu 2011 hækkandi meðallaunakostnaður á stöðugildi um ríflega 20% hjá sparisjóðnum og hafði þá hækkad um samtals 81% frá árinu 2001. Á sama tíma hafði meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkad um 62% hjá sparisjóðunum í heild.¹⁸

16. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna, 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.

17. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011. Upplýsingar um launakostnað og fjölda stöðugilda taka mið af heilsdagsstörfum í lok hvers reikningsárs.

18. Um launabróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna. Þar má jafnframt lesa almennt um risnu og fríðindi starfsmanna sparisjóðanna.

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.¹⁹

Mánaðarleg þóknun stjórnarmanna fyrir setu í stjórn var ákveðin á aðalfundi hvert ár. Starfsmenn nutu ekki annarra fríðinda en þeirra almennu fríðinda sem tíðkuðust hjá sparisjóðunum.

Engar kaupaukagreiðslur voru inntar af hendi á árunum 2001 til 2011, að frátalinni áður-nefndri eingreiðslu til sparisjóðsstjóra á árinu 2008. Á því ári 2008 var gerður viðauki við gildandi ráðningarsamning Guðna Arnar Haukssonar sparisjóðsstjóra þar sem tilgreindur var níu mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Guðni lét af störfum sparisjóðsstjóra í ágúst 2010 eftir að hafa verið í veikindafríi frá því í lok mars það sama ár. Starfslokagreiðslur voru samkvæmt gildandi ráðningarsamningi.

Kjarnarekstur

Hagnaður varð af kjarnarekstri sparisjóðsins árin 2001 og 2002 en upp frá því var tap af kjarnarekstri.²⁰ Tapið skýrðist fyrst og fremst af háum rekstrargjöldum í samanburði við vaxta- og þjónustutekjur auk hás framlags í afskriftareikning útlána á árunum 2008 til 2011. Hagnaður sparisjóðsins frá 2002 til 2007 var því borinn uppi af fjáreignatekjum, en vaxta- og þjónustutekjur stóðu undir almennum rekstrarkostnaði árin 2001 til 2004. Meira en 100 milljónir króna vantaði upp á slíkt árið 2007 þegar hreinar vaxtatekjur drógust mikið saman og rekstrargjöld hækkuðu um 22%. Mest vantaði upp á árið 2008, eða nær 115 milljónir króna, en þá margfaldaðist framlag í afskriftareikning útlána og vaxtatekurnar hækkuðu lítið frá fyrra ári. Tap af kjarnarekstri árið 2011 skýrði að mestu heildartap sparisjóðsins en þá var framlag í afskriftareikning enn hátt og rekstrargjöld umfram vaxta- og þjónustutekjur.

Með kjarnarekstri er átt við afkoma af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingastarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðs-skuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.²¹

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	44.644	56.938	57.380	58.261	54.121	48.260	3.058	12.122	53.765	92.383	102.082
Hreinar þjónustutekjur	14.217	14.259	12.685	13.152	15.312	17.135	27.714	20.046	18.224	16.570	17.702
Rekstrargjöld samtals	(39.625)	(55.874)	(61.946)	(71.195)	(78.962)	(113.808)	(139.381)	(146.719)	(155.816)	(141.010)	(139.379)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(2.587)	(3.473)	(3.512)	(4.120)	(4.467)	(4.573)	(5.040)	(4.761)	(4.212)	(4.159)	(3.137)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(7.642)	(9.925)	(10.753)	(8.471)	(18.903)	(14.848)	(11.410)	(239.308)	(202.927)	(105.210)	(33.369)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	9.007	1.925	(6.146)	(12.373)	(32.899)	(67.834)	(125.059)	(358.620)	(290.966)	(141.426)	(56.101)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	8.317	15.161	7.945	8.399	40.376	37.280	116.098	(629.060)	(420.985)	620.924	(69.420)

19. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

20. Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

21. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

28.1.2 Efnahagsreikninga


Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í lok árunna 2001 til 2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á árunum 2001 til 2011 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 758 milljónum króna en í árslok 2011 voru þær 2,6 milljarðar króna. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 1,3 milljarðar króna. Þannig hafði sjóðurinn tvöfaldast að stærð á þessum ellefu árum. Mynd 5 sýnir hvernig eignir sparisjóðsins í lok árunna 2001 til 2011 skiptust. Á myndinni sést greinilega hvernig útlán og hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum stuðluðu að miklum vexti frá 2001 til 2008. Vaxandi kröfur á lánastofnanir á árunum 2008 til 2011 unnu á móti samdrætti eigna á þessum árum eftir að útlán og hlutabréf drógust saman.

Útlán voru stærsti einstaki eignaliður sparisjóðsins á tímabilinu og var vægi þeirra af heildareignum að jafnaði 55%. Árið 2004 jukust útlán mest eða um 63% frá fyrra ári. Í lok árs 2007 námu útlán 1,5 milljörðum króna sem jafngilti 52% heildareigna. Árið 2008 jukust útlánin enn frekar og voru orðin 1,8 milljarðar króna í árslok eða 56% heildareigna. Fall krónunnar átti þar stóran hlut að máli. Hluti útlánaaukningarinnar voru lán til fyrirtækja fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf.²² Í árslok 2008 höfðu verið lánaðar samtals 413 milljónir króna fyrir tilstilli Sp-ráðgjafar ehf. en 199 milljónir króna verið færðar í afskriftareikning vegna sömu útlána.²³ Í lok árs 2009 höfðu útlán dregist saman um 336 milljónir króna frá fyrra ári. Þá breytingu má annars vegar rekja til framlags í afskriftareikning sem kom til lækkunar útlánnum og þess að Íbúðalánasjóður leysti til sín fasteignaveðbréf að baki þeirri fjármögnun sem hann hafði veitt sparisjóðnum á árunum 2004 og 2005.²⁴ Lítils háttar lækkun varð á útlánnum árin 2010 og 2011 og stóðu þau í 1,3 milljörðum króna í árslok 2011.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í lok árunna 2001–2011.²⁵



Útlán sjóðsins voru nær einvörðungu til einstaklinga og fyrirtækja og aðeins 3% heildarútlána voru að jafnaði til opinberra aðila. Skiptingin sveiflaðist nokkuð á milli ára. Þannig voru 62% af heildarútlánnum til einstaklinga árið 2001 en árið 2008 var hlutfallið komið í

22. Nánar er greint frá Sp-ráðgjöf ehf. í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

23. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2007, 28. mars 2008.

24. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2009, 30. mars 2010.

25. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

38%. Árið 2011 voru útlán til einstaklinga aftur orðin meiri hluti heildarútlána eða 63%. Lán til fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi og þjónustustarfsemi, breyttust í samræmi við þessar sveiflur og voru 35% af heildarútlánunum árið 2011.

Útlán sparisjóðsins voru jafnan í formi yfirdráttar eða skuldabréfa. Nokkur hluti lánanna var í erlendri mynt. Á árinu 2011 var öllum lánum sjóðsins í erlendri mynt breytt í íslenskar krónur, hvort sem lánin voru talin falla undir dóma um ólögmæt gengistryggð lán eða ekki.²⁶ Í árslok 2011 voru skuldabréfalán 84% af heildarútlánunum sparisjóðsins.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis í árslok 2001–2011.²⁷

Pús. kr.	395.908	483.390	564.707	919.475	1.188.721	1.458.117	1.531.511
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	49.196	58.388	54.968	60.797	64.299	70.571	80.040
Heildarútlán án fullnustueigna	445.104	541.778	619.675	980.272	1.253.020	1.528.688	1.611.551
Niðurfærsluhlutfall	11,1%	10,8%	8,9%	6,2%	5,1%	4,6%	5,0%
Niðurfærsluhlutfall annarra sparisjóða	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%

Staða á afskriftareikningi útlána hækkaði umtalsvert á árunum 2008 og 2009. Staðan í árslok 2007 nam rúmlega 80 milljónum króna eða 5% af heildarútlánunum. Með umtalsverðum framlögum í afskriftareikning á árunum 2008 og 2009 hafði staðan fimmfaldast í árslok 2009 og nam þá 407 milljónum króna eða 21,5% af heildarútlánunum.

Kröfur á lánastofnanir fjórfölduðust á árinu 2008 og námu 650 milljónum króna í árslok eða 20% af heildareignum. Þetta voru að mestu leyti innistæðubréf og aðrar innistæður í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf.²⁸ Vægi krafna á lánastofnanir af heildareignum hélt áfram að vaxa á árunum 2009 til 2011 og námu þær 821 milljón króna eða 30% heildareigna árið 2010. Í árslok 2011 námu kröfur á lánastofnanir 803 milljónum króna. Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka voru óverulegur eignaliður hjá sparisjóðnum eða að jafnaði um 1,3% af heildareignum á tímabilinu.

Fjáreignir voru stækkandi eignaliður hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis á árunum 2001 til 2007. Bókfært virði fjáreigna sjöfaldaðist á árunum 2001 til 2007 og nam í árslok 2007 nærri 1,7 milljörðum króna. Á sama tíma fjórfölduðust heildareignir sparisjóðsins. Hlutfall fjáreigna af heildareignum sjóðsins hækkaði úr 24% í árslok 2001 í 40% í árslok 2007. Bókfært virði þeirra lækkaði hins vegar um tæpan helming árið 2008. Munaði þar mestu um 390 milljóna króna gangvirðislákkun hlutabréfa en þar að auki lákkuðu markaðsskuldabréf um 145 milljónir króna. Fjáreignir drógust enn frekar saman á árunum 2009 til 2011. Í lok árs 2011 nam bókfært virði þeirra 347 milljónum króna eða sem samsvaraði liðlega 13% af heildareignum. Til samanburðar má geta þess að hjá sparisjóðunum í heild var hlutfall fjáreigna af heildareignum 6,6% í árslok 2011.

Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum voru stærsti fjáreignaliður sparisjóðsins í árslok 2001 og 2002 en eftir það sveiflaðist vægi þeirra töluvert. Árið 2005 nærri tvöfaldaðist skuldabréfaeign þegar veltuskuldabréf hækkuðu um 154 milljónir króna. Í árslok 2008 nam bókfært virði skuldabréfaeignar sparisjóðsins 161 milljón króna og hafði lækkað um tæpan helming frá fyrra ári. Meginástæða lákkunarinnar var niðurfærsla og virðisrýrnun á veltuskuldabréfum og verðbréfasjóðum.²⁹ Árið 2009 nær þrefaldaðist þessi eignaliður og nam bókfært virði skuldabréfaeignar sparisjóðsins liðlega 421 milljón króna eða 15% heildareigna í árslok. Þar af voru 125 milljónir króna eign í skuldabréfum útgefnum af opinberum aðilum. Þessi eignaliður minnkaði aftur á árunum 2010 og 2011 og jafngilti tæplega 4% af heildareignum í árslok 2011.

Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum voru vaxandi eignaliður á árunum 2001 til 2007. Í árslok 2006 námu hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum 348 milljónum króna eða 14% af heildareignum sjóðsins. Í árslok 2007 var bókfært virði þessa eignaliðar orðið 856 milljónir króna eða 29% af heildareignum. Þessi mikla aukning stafaði einkum af 132 milljóna króna gangvirðislákkun á eignarhlutanum í Sparisjóðabanka Íslands

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

26. Ársreikningur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2011.

27. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

28. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 29. maí 2009.

29. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 29. maí 2009.

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

hf./Icebank hf. auk kaupa á hlutabréfum í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., Íslenskum verðbréfum hf. og stofnfjárbrefum í Sparisjóði Vestfirðinga, samtals fyrir 72 milljónir króna.³⁰ Þá hækkaði virði verðbréfa í fjárvörslu hjá Íslenskum verðbréfum hf. um 135 milljónir króna.


Á árinu 2008 lækkaði gangvirði hlutabréfa umtalsvert og nam eign í hlutabréfum og öðrum verðbréfum 465 milljónum króna í lok árs. Stór hluti lækkunarinnar skýrðist af 148 milljónum króna niðurfærslu á eignarhlutum í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Í lok árs 2011 nam bókfært virði hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum 235 milljónum króna eða 9% af heildareignum sjóðsins. Hluttur sparisjóðsins í hlutdeildarfyrirtækjum var óverulegur á ofangreindu tímabili, en nánar er fjallað um fjárfestingar sparisjóðsins hér aftar.

Liðurinn *aðrar eignir* greindust í rekstrarfjármuni, skattinneign og aðrar eignir. Rekstrarfjármunir voru stærsti hluta þessa liðar allt tímabilið nema árin 2008 og 2009. *Aðrar eignir* hækkuðu mikið á árunum 2008 og 2009 þegar tekjuskattsinneign myndaðist vegna taprekesturs sjóðsins. Í lok árs 2008 nam skattinneignin 77 milljónum króna og hækkaði í 125 milljónir króna í lok árs 2009 sem jafngilti 4,3% heildareigna. Í lok árs 2011 nam tekjuskattsinneign 22 milljónum króna eða innan við 1% heildareigna.

Skuldir

Innlán voru stærsti fjármögnunarpáttur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis frá 2001 til 2011. Innlán uxu jafnt og þétt frá 2001, en vöxturinn var þó minni undir lok tímabilsins. Samhliða aukinni lántöku minnkaði vægi innlána í fjármögnun sjóðsins á árunum 2004 til 2008 og voru innlán lægst 64% af heildarskuldum sparisjóðsins í árslok 2008. Þá var eigið fé sjóðsins orðið neikvætt og sjóðurinn því alfarið fjármagnaður með innlánum og lántöku. Hlutfall milli innlána og útlána sveiflaðist nokkuð en var samt alltaf yfir 100% hjá sparisjóðnum á tímabilinu. Lægst varð hlutfallið 108% í árslok 2004 en eftir 2008 hækkaði það mikið og var hæst 174% í lok árs 2011.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í lok áruna 2001–2011.³¹



Lántökur sparisjóðsins voru eingöngu í formi lána frá lánastofnunum.³² Vert er því að skoða lántöku samhliða skuldum við lánastofnanir. Lántökur fóru fyrst að hafa áhrif á fjármögnun sjóðsins árið 2004. Hluti lántökunnar voru lán frá Íbúðalánasjóði sem notuð voru

30. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2007, 28. mars 2008.

31. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

32. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

til að fjármagna íbúðalán en slíkt samstarf hófst árið 2004. Greiðsluflæði lánanna var selt til Íbúðalánasjóðs og áhættan sem þeim fylgdi þannig færð frá sparisjóðnum.³³ Lántökur sparisjóðsins námu rúmum 516 milljónum króna í árslok 2007 en ríflega tvöfölduðust á árinu 2008 og námu rúmum milljarði króna í lok ársins. Hluta af hækkuninni, eða um 385 milljónir króna, mátti rekja til veikingar íslensku krónunnar en hluti lántökunnar var lánalína hjá Sparisjóðabankanum vegna útlána í erlendri mynt.³⁴


Í árslok 2009 námu lántökur, þá flokkaðar sem skuldir við lánastofnanir, samtals 914 milljónum króna og var skuldareigandinn Seðlabanki Íslands. Á árinu 2010 var gert samkomulag við Seðlabankann um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Þá var hluti skuldarinnar, eða 735 milljónir króna, tekjufærður vegna skuldauppgjörnsins í rekstrarreikningi. Eftir 2009 voru hvorki lántökur né skuldir við lánastofnanir færðar í bókum sparisjóðsins.

Aðrar skuldir greindust í reiknaðar skuldbindingar, víkjandi skuldir og aðrar skuldir. Liðurinn vó ekki þungt í heildarskuldum sparisjóðsins en fór þó hækkandi frá árinu 2006. Þá komu víkjandi lán fyrst inn í bækur sjóðsins upp á 60 milljónir króna. Sú fjárhæð óx til 2009 þegar hún náði hámarki í 133 milljónum króna. Um var að ræða lán frá Bygðastofnun. Víkjandi lán námu aldrei meira en 4% af heildarskuldum sparisjóðsins á tímabilinu. Reiknaðar skuldbindingar voru eingöngu til staðar frá 2005 til 2007 og voru að mestu óverulegar.

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis tók litlum breytingum frá 2001 til 2006. Árið 2007 hækkaði það hins vegar um 30% eftir 97 milljóna króna rekstrarhagnað og nam eigið fé 419 milljónum króna í árslok. Stofnfé hækkaði fyrst og fremst við endurmat milli ára. Eigið fé sparisjóðsins samanstóð nær algjörlega af varasjóði og var stofnfé einungis 0,4% af eigin fé að jafnaði frá 2001 til 2007. Í árslok 2007 var eiginfjárhlutfallið 14,3%. Mikill viðsnúningur varð hins vegar árið 2008 þegar sparisjóðurinn tapaði 525 milljónum króna. Eigið fé varð þá neikvætt um 105 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið neikvætt um 11,7%. Árið 2009 versnaði eiginfjárstaðan enn frekar með 373 milljóna króna tapi af rekstri sjóðsins. Eigið fé varð þá orðið neikvætt um 478 milljónir króna.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í lok árunna 2001–2011.³⁵



33. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2007, 28. mars 2008.


34. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 29. maí 2009.

35. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011.

Skuldir sparisjóðsins voru endurskipulagðar árið 2010 en þá var gert samkomulag við Seðlabanka Íslands um uppgjör 915 milljóna króna skuldar sjóðsins við bankann. Hluta skuldarinnar, eða 105 milljónum króna, var breytt í stofnfé en 735 milljónir króna felldar niður og tekjufærðar. Mismunurinn, 75 milljónir króna, var andvirði íbúðalána sem sparisjóðurinn hafði lagt að veði hjá Sparisjóðabankanum og Seðlabankinn leysti til sín. Jafnframt fór fram uppgjör á 135 milljóna króna skuld sparisjóðsins við Byggðastofnun. Henni var allri breytt í stofnfé á genginu 1,5 krónur á hlut. Við það fóru 90 milljónir til hækkunar á stofnfé og 45 milljónir króna til hækkunar á varasjóði. Bankasýsla ríkisins tók við eignarhlut Seðlabankans og Byggðastofnunar og réð hún yfir 75,9% af stofnfé sjóðsins í árslok 2010. Tryggingarsjóður sparisjóða lagði auk þess til 60 milljónir króna sem nýtt stofnfé. Heildaraukning stofnfjár á árinu 2010 nam því samtals 255 milljónum króna.³⁶

Hagnaður var af rekstri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á árinu 2010 upp á 511 milljónir króna. Meginskýringin á honum var fyrrnefnd tekjufærsla. Eigið fé í lok ársins nam tæplega 333 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið þá 16,4% eða rétt yfir því 16% lágmarki sem Fjármálaeftirlitið gerði að kröfu í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu. Árið 2011 var 62 milljóna króna tap á rekstri sjóðsins og í árslok nam eigið fé sjóðsins riflega 285 milljónum króna en eiginfjárlutfallið var 16,37%.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2011.³⁷



28.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis voru rúmlega helmingur eigna sparisjóðsins á árunum 2005–2011. Lægst var hlutfallið 50% árið 2010 en hæst 60% árið 2006. Útlán sparisjóðsins jukust jafnt og þétt á árunum 2005–2008. Mest var hækkunin um 16% á milli áruna 2007 og 2008, einkum vegna gengistryggðra lána. Útlánin fóru svo lækkandi frá árinu 2009 sökum þess að hærri framlög voru lögð í sérgreindan afskriftareikning vegna útlána.

Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.³⁸

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	1.188.721	1.458.117	1.531.511	1.813.515	1.477.460	1.352.302	1.292.225
Eignir samtals	2.062.724	2.433.820	2.937.754	3.262.584	2.888.468	2.706.302	2.577.886
Útlán sem hlutfall af eignum	58%	60%	52%	56%	51%	50%	50%


36. Skýrsla KPMG ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2010.

37. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2001–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

38. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

Hlutfall gengisbundinna lána hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis fór ört vaxandi frá árinu 2005 og fór hæst í tæp 35% af heildarútlánnum í lok árs 2008 og námu þau þá tæplega 740 milljónum króna samkvæmt skýrslum sjóðsins um útlán og vanskil.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2010.³⁹



Á árinu 2011 var öllum erlendum lánnum sjóðsins breytt í lán í íslenskum krónum án tillits til þess hvort þau voru talin ólögleg eða ekki.⁴⁰

Útlán gegn skuldabréfum voru algengasta útlánaform sparisjóðsins. Frá og með árinu 2008 voru gengistryggð skuldabréf flokkuð sér og voru þá önnur stærsta tegund útlána hjá sparisjóðnum. Þar á eftir komu yfirdráttarlán en aðrar útlánategundir voru fátíðar.

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.⁴¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	283.574	295.814	177.758	200.496	172.664	200.945	201.531
Víxlar	73	2.034	1.081	1.100	3.273	–	–
Skuldabréf	905.074	1.160.268	1.016.663	902.089	856.970	715.085	1.090.694
Gengistryggð skuldabréf	–	–	336.010	709.830	444.552	436.272	–
Samtals	1.188.721	1.458.116	1.531.512	1.813.515	1.477.459	1.352.302	1.292.225

Einstaklingar voru stærsti hluti lántakenda á árunum 2005–2007. Hæst nam hlutfall einstaklinga 62% árið 2005 en lækkaði í rúm 50% 2006–2007. Árið 2008 breyttust hlutföll lántakenda töluvert og lækkaði hlutfall einstaklinga í 38% en hlutfall útlána til fyrirtækja hækkaði á móti. Fyrirtæki voru stærsti hluti lántakenda hjá sparisjóðnum á árunum 2008–2010 en á árinu 2011 hækkuðu lán til einstaklinga á ný og upp í 65% en lán til fyrirtækja lækkuðu að sama skapi niður í 35%. Af fyrirtækjum voru útlán til sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja á sviði þjónustustarfsemi langstærst. Mjög lítil hluti útlána hjá sparisjóðnum var til landbúnaðar á árinu 2005, eða innan við 1%, en hlutur þeirrar atvinnugreinar jókst talsvert á árinu 2006 eða upp í 8% af útlánasafninu og enn frekar árið eftir. Hann hélst svo í kringum 12–14% fram til ársins 2010 þegar hlutfallið lækkaði niður í 5%.

Afskriftir námu aðeins um 5% af útlánasafni Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á árunum 2005–2007. Árið 2008 námu afskriftir tæpum 15% af heildarútlánasafni sparisjóðsins en voru tæp 22% árið 2009 og 21% árið 2010. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu ytri endur-

39. Byggt á upplýsingum úr skýrslum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um útlán og vanskil. Staða útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 miðast við 31. október 2008.

40. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2011, 19. mars 2012.

41. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

skoðanda sparisjóðsins vegna ársins 2010 voru færð framlög í afskriftareikning til að mæta hugsanlegu tapi sjóðsins vegna óvissu um lögmæti erlendra gengistryggðra lána. Á árinu 2011 hafði hlutfall afskrifta af útlánasafni sparisjóðsins lækkað í tæp 8%. Ástæða þess að afskriftareikningurinn lækkaði milli ára var sú að lán upp á 270 milljónir króna var afskrifað endanlega og fært úr bókum sjóðsins.⁴²

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis eftir atvinnugreinum 2005–2011.⁴³

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bæjar- og sveitarfélög	13,8%	12,0%	2,7%	3,7%	4,0%	3,0%	2,0%
Fyrirtæki	24,6%	36,5%	46,6%	58,4%	50,0%	52,0%	35,0%
Landbúnaður	0,1%	8,3%	11,9%	13,4%	14,0%	5,0%	1,0%
Sjávarútvegur	15,4%	13,2%	9,4%	11,8%	13,0%	14,0%	10,0%
Verslun	3,0%	2,9%	4,2%	9,6%	1,0%	7,0%	2,0%
Iðnaður	3,9%	7,2%	9,3%	5,7%	5,0%	6,0%	3,0%
Þjónustustarfsemi	2,2%	4,9%	11,8%	17,9%	17,0%	20,0%	19,0%
Einstaklingar (ibúðalán og annað)	61,6%	51,5%	50,7%	37,9%	46,0%	45,0%	63,0%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.⁴⁴

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	1.253.020	1.528.688	1.611.551	2.128.847	1.884.812	1.695.981	1.400.135
Staða afskriftareiknings í árslok	64.299	70.571	80.040	315.332	407.352	343.679	107.910
Útlán til viðskiptavina	1.188.721	1.458.117	1.531.511	1.813.515	1.477.460	1.352.302	1.292.225
Niðurfærsluhlutfall	5,1%	4,6%	5,0%	14,8%	21,6%	20,3%	7,7%
Framlag ársins í afskriftareikning	18.903	14.848	11.410	239.308	202.927	105.210	33.369
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	15.401	9.227	1.441	4.016	110.907	168.883	270.022

28.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Á tímabilinu 2005 til 2011 var ekki unnin sérstök eftirlitsskýrsla um Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Í skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fyrir árið 2005 var bent á mikilvægi þess að sjóðurinn aflaði fjárhagslegra upplýsinga frá viðskiptamönnum sínum en í nokkrum tilvikum höfðu slík gögn ekki legið fyrir. Einnig var bent á mikilvægi þess að forsvarsmenn sjóðsins öfluðu formlegra trygginga vegna skuldbindinga viðskiptamanna sinna þegar þess væri þörf.⁴⁵ Þessi ábending var ítrekuð í skýrslum um innri endurskoðun árin 2006 til 2008. Við innri endurskoðun ársins 2007 var einnig bent á að mikilvægi þess að kanna raunvirði trygginga nokkurra stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins og afla viðbótartrygginga væri þess talin þörf. Í því sambandi voru tilteknir tveir af stærstu viðskiptaaðilum sjóðsins. Þá var einnig minnt á að skýrar verkalagsreglur um aðild sparisjóðsins að lánveitingum Sp-ráðgjafar ehf. þyrftu að vera til staðar.⁴⁶ Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2008 kom fram að ljóst væri að sjóðurinn hefði orðið fyrir umtalsverðu tapi vegna lána sem veitt voru að undirlagi Sp-ráðgjafar ehf. og að nokkuð hefði vantað upp á eftirlit með starfsemi þess. Auk þess var bent á að bæta þyrfti tryggingastöðu sparisjóðsins gagnvart stærstu viðskiptaaðilum sínum til að tryggja hagsmuni hans.⁴⁷ Við skoðun ársins 2009 taldi innri endurskoðandi að kjör útlána endurspegluðu ekki áhættu sjóðsins við útlán, t.d. var einstaklingum í vanskilum veitt lán án trygginga. Var það álit innri endurskoðanda að gera þyrfti átak í innheimtumálum hjá sparisjóðnum svo hann yrði betur í stakk búinn til að taka ákvörðun um áframhaldandi innheimtuaðgerðir. Útbúa þyrfti reglur um innheimtu og skrá niður rök fyrir því ef vikið væri frá þeim.⁴⁸ Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2010 kom fram að mikill

42. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2011, 19. mars 2012.

43. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

44. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

45. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005, 3. janúar 2006.

46. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2007, 21. janúar 2008.

47. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 11. desember 2008.

48. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2009, 3. febrúar 2010.

tími sparisjóðsstjóra hefði farið í innheimtu og að lögð hefði verið áhersla á mestu vanskil. Lagði innri endurskoðandi áherslu á að þeirri vinnu yrði haldið áfram og mikilvægt væri að halda vel utan um mál í innheimtu. Í innri endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2011 kom fram að vanskil virtust heldur vera að aukast hjá sjóðnum og væri það mál sem stjórnendur þyrftu að huga vel að.

Í endurskoðunarskýrslu sparisjóðsins fyrir árið 2005 kom fram að útlánaaukning ársins væri 269,2 milljónir króna. Þar af hefðu íbúðalán aukist um 151,6 milljónir króna og næmu 259,3 milljónum króna í árslok. Hafði sparisjóðurinn selt greiðsluflæði lána að eftirstöðvum 123,1 milljón króna til Íbúðalánasjóðs og áhættan um leið verið færð frá sparisjóðnum.⁴⁹ Sama fyrirkomulag var til staðar árið 2006 en þá námu íbúðalán sparisjóðsins 292,4 milljónum króna. Í endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2007 var bent á að vaxtamunur sjóðsins hefði lækkað verulega milli ára en hann var einungis 0,1%. Helsta skýring þess væri sú að tiltölulega hátt hlutfall útlána væri með föstum vöxtum sem væru á bilinu 4,15% til 5,0%. Á sama tíma væru innlán að aukast verulega og væri þar einkum um að ræða óverðtrygð innlán á háum vöxtum. Sögðu endurskoðendur sjóðsins að frá því að sjóðurinn hefði byrjað að veita íbúðalán á allt að 4,15% vöxtum árið 2005 hefðu þeir bent á þá hættu sem því fylgdi, þ.e. að sjóðurinn næði ekki að fjármagna sig á lægri kjörum vegna smæðar sinnar. Töldu endurskoðendur ekki líklegt að þessari þróun yrði snúið við á árinu 2008.⁵⁰ Í endurskoðunarskýrslu ársins 2008 voru þessar ábendingar ítrekaðar. Þar kom fram að afskriftareikningur útlána í lok árs 2008 næmi 315,3 milljónum króna eða um 17,3% af útlánnum og veittum ábyrgðum. Stærstu afskriftarframlögin væru vegna verkefna sem sparisjóðurinn hefði tekið þátt í með Sp-ráðgjöf eða um 199 milljónir króna. Mikil óvissa væri um stöðu margra þeirra útlána svo framlag í afskriftareikning vegna þeirra gæti orðið nokkurt á árinu 2009. Taldi ytri endurskoðandi sparisjóðsins mikilvægt að farið yrði varlega í slíkar lánveitingar, sérstaklega þar sem sparisjóðurinn þekkti ekki eins vel til þeirra viðskiptavina.⁵¹ Í endurskoðunarskýrslu ársins 2009 kom fram að framlag í afskriftareikning útlána væri 202,9 milljónir króna og að það skýrðist fyrst og fremst af auknum framlögum vegna lána í erlendri mynt utan heimasvæðis sparisjóðsins.⁵² Þar var um að ræða lán á vegum Sp-ráðgjafar ehf. Í endurskoðunarskýrslu ársins 2010 kom fram að ljóst væri að meiri óvissa væri um mat á útlánnum en oftast áður. Greiðslugeta einstaklinga og fyrirtækja hefði almennt versnað á undanförunum árum; veruleg óvissa væri enn um lögmæti lána í erlendri mynt og áhrif samkomulags sem sjóðurinn átti aðild að sem ætlað var að leysa fjárhagsvanda einstaklinga og smærri fyrirtækja. Í endurskoðunarskýrslu ársins 2011 kom svo fram að enn væri óvissa um lögmæti lána sjóðsins í erlendri mynt og að sjóðurinn gæti orðið fyrir allt að 75 milljónum króna viðbótartapi ef þau reyndust öll ólögleg.

28.2.2 Útlánareglur

Stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis samþykkti útlánareglur sparisjóðsins 29. desember 2003. Reglurnar voru settar með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þágildandi reglna nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Útlánareglurnar höfðu ekki að geyma ítarleg ákvæði um lánveitingar og heimildir. Samkvæmt reglunum bar útlánnum að þjóna þeim meginmarkmiðum að eðlilegur tekjuafgangur yrði í rekstri sjóðsins og að traustri eigin- og lausafjárstöðu yrði viðhaldið. Jafnframt skyldi leitast við að veita þeim sem óskuðu eftir fyrirgreiðslu sem besta þjónustu á hverjum tíma.

Við ákvörðun um fyrirgreiðslu til viðskiptamanna bar að gæta þess að heildarfyrirgreiðsla viðkomandi aðila væri í hæfilegu hlutfalli af eigin fé sparisjóðsins⁵³ með hliðsjón af tryggingum og fjárhag viðskiptaáðilans. Sama gilti um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila sem væru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu yrði að skoða

49. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005, 29. mars 2006.

50. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2007, 28. mars 2008.

51. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 29. maí 2009.

52. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2009, 30. mars 2010.

53. Um skilgreiningu á eigin fé vísast til 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

skuldbindingar þeirra við sparisjóðinn í einu lagi. Heildarskuldbinding eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila mátti aldrei fara yfir 25% af eigin fé sparisjóðsins sem var sama hámark og fram kom í lögum um fjármálafyrirtæki.

Ekki voru nein ákvæði í útlánareglunum um lágmarkstryggingarþekju mismunandi veðandlaga (lágmarkstryggingarþekju) en samkvæmt reglunum bar að jafnaði að taka fullnægjandi tryggingar. Hjá sparisjóðnum voru í gildi leiðbeiningar um tryggingartöku fyrir útlánnum og ábyrgðum frá árinu 1998 sem tilgreindu hvernig verðmati á tryggingarandlögum skyldi háttað og hver hámarksveðsetning væri vegna mismunandi tegunda trygginga. Til dæmis mátti hámarksveðsetning þegar um íbúðarhúsnæði var að ræða nema 65% af áætluðu verðmati en 50% þegar um aðrar fasteignir var að ræða. Ekki voru þó nein ákvæði í leiðbeiningunum um hámarksveðsetningarhlutfall hlutabréfa eða við hvaða aðstæður mætti beita undanþágu frá tryggingatöku. Samkvæmt útlánareglunum var heimilt að veita undanþágu frá tryggingatöku en gerð var krafa um fjárhagsupplýsingar og að fylgst væri með afkomu og fjárhag viðkomandi viðskiptamanns.

Sparisjóðsstjóri hafði heimild til að taka ákvörðun um lánveitingar ef heildarskuldbindingar viðkomandi viðskiptamanns og fjárhagslega tengdra aðila voru innan við 5% af eigin fé sparisjóðsins. Samþykki stjórnar þurfti til ef heildarskuldbindingin fór yfir 5%. Samkvæmt lánareglunum bar sparisjóðsstjórn, að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, að tilnefna staðgengil sparisjóðsstjóra til að annast lánveitingar og ábyrgðir í fjarveru hans.

Tafla 11. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis frá árinu 2003.⁵⁴

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	5% af eiginfjárgrunni
Staðgengill sparisjóðsstjóra	kr. 4.000.000
Afgreiðslustjóri á Kópaskeri	kr. 2.000.000

Stjórn sparisjóðsins samþykkti auknar útlánaheimildir starfsmanna sparisjóðsins 18. júlí 2007 og var breytingin gerð með viðauka við útlánareglurnar frá árinu 2003. Samkvæmt viðaukanum hafði sparisjóðsstjóri áfram heimild til að samþykkja heildarfyrirgreiðslu viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila sem nam allt að 5% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins en viðmiðunarfjárhæð hámarksfyrirgreiðslu var tilgreind sem 19 milljónir króna. Heimild staðgengils sparisjóðsstjóra var hækkuð úr 4 milljónum króna í 6 milljónir króna auk þess sem fulltrúar fengu útlánaheimildir.

Í reglum sparisjóðsins um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána frá 2003⁵⁵ sagði í 4. gr. að almennum afskriftarframlögum væri ætlað að mæta tapi sem talið væri líklegt miðað við aðstæður á uppgjörstigi vegna annarra skuldbindinga en þeirra sem metnar væru í sérstakri tapshættu. Samkvæmt 3. gr. reglnanna voru sérstök afskriftarframlög ætluð til að mæta áætluðu tapi vegna skuldbindinga lánþega sem á uppgjörstigi voru metnir í sérstakri tapshættu. Þeir sem komu til skoðunar í því sambandi voru einkum þeir lánþegar sem a) hefðu verið í vanskilum í 3 mánuði eða lengur; b) væru komnir í greiðslustöðvun; c) gert hefði verið árangurslaust fjárnám hjá; d) væru gjaldþrota; e) hefðu lagt fram beiðni um nauðasamninga, eða f) aðrar aðstæður ættu við sem skertu gjaldþol eða greiðslugetu þeirra og gerðu það líklegt að ekki yrði staðið að fullu við lánasamninga.

Tafla 12. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis samkvæmt viðauka 18. júlí 2007.

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	5% af eiginfjárgrunni eða 19 milljónir króna
Staðgengill sparisjóðsstjóra	kr. 6.000.000
Afgreiðslustjóri á Kópaskeri	kr. 6.000.000
Afgreiðslustjórar á Raufarhöfn og Bakkafirði	kr. 4.000.000
Fulltrúar á Þórshöfn og Kópaskeri	kr. 2.000.000

54. Útlánareglur Sparisjóðs Þórshafnar, 29. desember 2003.

55. Það eintak sem rannsóknarnefndinni var afhent var óundirritað afrit en þar stóð að reglurnar hefðu verið samþykktar á fundi stjórnar sparisjóðsins 29. desember 2003.

Útlánareglur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis voru uppfærðar og endurútgefnar með samþykki stjórnar 11. apríl 2011. Nýju reglurnar voru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar. Á sama tíma voru settar nýjar reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra. Þá voru reglur sparisjóðsins um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir jafnframt endurnýjaðar í mars 2011.⁵⁶

Nýju reglurnar fólu í sér ítarleg ákvæði um útlánastefnu sparisjóðsins, útlánaheimildir starfsmanna og viðmið við mat á greiðslugetu lántakenda. Í nýju reglunum var þó ekki frekar en í þeim gömlu að finna nein ákvæði um lágmarkstryggingarþekju mismunandi veðandlaga en samkvæmt reglunum bar að jafnaði að taka fullnægjandi tryggingar sem skyldu jafnan vera í auðseljanlegum eignum. Þó var sérstaklega tilgreint í útlánareglunum að raunmat á tryggingarandlögum skyldi fara fram og gögn því til staðfestingar skyldu skjalfest þegar um veð væri að ræða. Útlánaheimildir sparisjóðsstjóra voru hækkaðar í 10% af eiginfjárgrunni og heimild staðgengils hans í 10 milljónir króna. Heimild forstöðumanns á Kópaskeri og annarra starfsmanna sem sparisjóðsstjóri veitti útlánaheimild var takmörkuð við 5 milljónir króna.

28.2.3 Stærstu lántakendur

Útlán voru stærsta eign Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og afskriftir af þeim höfðu teljanleg áhrif á rekstrarárangur sparisjóðsins. Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántaka til sérstakrar skoðunar og greiningar. Markmiðið með skoðun á úrtakinu var að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti útlánastarfsemi og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga við sparisjóðinn auk þess sem skoðuð voru sérstaklega lán þar sem sparisjóðurinn færði háar afskriftir.⁵⁷

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar samkvæmt reglum nr. 216/2007 er ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánum og öðrum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.⁵⁸ Úrtak rannsóknarnefndarinnar samanstóð af lántakendum sem voru tilgreindir sem stærstu áhættuskuldbindingar sparisjóðsins í ársfjórðungsskýrslum til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2007 til 2011. Eiginfjárgrunnur sparisjóðsins var orðinn neikvæður í árslok 2008 og notaðist sparisjóðurinn því við eiginfjárgrunninn eins og hann var 30. júní 2008 í skýrslum sínum allt fram til ársins 2011 samkvæmt fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins.⁵⁹

Til viðbótar við helstu áhættuskuldbindingar sjóðsins voru í úrtakinu lántakendur sem fært hafði verið sérgreint framlag í afskriftareikning vegna á árunum 2007 til 2011. Úrtakið nær til 12% til 18% útlánasafns og 0% til 63% af sérgreindum afskriftaframlögum eftir því til hvaða árs er litið. Ástæða þess að úrtakið sem er hér til umfjöllunar nemur ekki herra hlutfalli af útlánasafni sparisjóðsins er dreifing útlánasafnsins en í því var fjöldi einstaklinga með íbúðalán sem ekki þótti ástæða til að fjalla um hér. Dreifing útlánasafns annars vegar og dreifing sérgreindra afskrifta hins vegar sýnir að fá lán hafa staðið undir meirihluta rekstrarvanda í tengslum við útlán.

Í úrtakinu eru níu lánahópar sem allt voru lögaðilar. Búið var að afskrifa endanlega stóran hluta af skuldbindingum lántakenda í úrtaki rannsóknarnefndarinnar fyrir árið 2011 og voru því nánast engar skuldbindingar eða sérgreindar afskriftir til staðar hjá umræddum aðilum í árslok 2011.

56. Eintak rannsóknarnefndar var óundirritað en er dagsett 9. mars 2011. Stjórnarfundargerð frá sama degi sýnir samþykkt reglnanna.

57. Nánari umfjöllun um aðferðarfræði, forsendur og gögn má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

58. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

59. Skýrsla Ólafs Orrasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 10. júlí 2013.

Tafla 13. Úrtak rannsóknarnefndar af lánaþópum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2007–2011.⁶⁰

Pús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	191.435	376.995	319.250	205.245	30.950
Heildarútlán sparisjóðsins	1.611.551	2.128.847	1.884.812	1.695.981	1.400.135
Hlutfall úrtaks af heild	12%	18%	17%	12%	2%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	–	165.800	212.200	171.126	–
Sérgreindar afskriftir alls	39.660	264.210	355.532	298.715	75.573
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	80.040	315.332	407.352	343.679	107.910
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls		63%	60%	57%	–

Einn lánaþópurinn í úrtaki rannsóknarnefndarinnar starfaði á sviði fánaprentunar en hinir átta voru með skuldbindingar sem voru til komnar fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf.⁶¹ Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis var þátttakandi í Sp-ráðgjöf ehf. og var hlutur sparisjóðsins í heildarlánum vegna þeirra verkefna yfirleitt um 15%.⁶² Félögin sem fengu lán fyrir tilstuðlan Sp-ráðgjafar ehf. voru í flestum tilvikum nýstofnuð einkahlutafélög sem fengu lán í erlendri mynt til kaupa á öðru einkahlutafélagi í rekstri, s.s. heildverslunum með skrifstofuvörur, vinnufatnað og rafeindabúnað, veitingahúsi eða hótélrekstri. Oftast var um 100% fjármögnun að ræða og sameinuðust nýstofnuðu einkahlutafélögin keypta félaginu með öfugum samruna í kjölfar kaupanna. Til tryggingar lánunum voru ýmist veð í fasteignum eða veð í hlutabréfum yfirtekna félagsins (keypta félagsins) með 100% veðsetningarhlutfalli. Á árinu 2008 tvöfölduðust þessi lán vegna veikingar íslensku krónunnar. Mörg félögin höfðu þá ekki nægjanlegt sjóðstreymi til að greiða af skuldum sínum. Allir þessir lántakendur urðu á endanum gjaldþrota og neyddist Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis til að afskrifa stóran hluta af lánunum.

Að sögn Guðna Arnar Haukssonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, tók sparisjóðurinn ákvörðun um að taka þátt í verkefnum á vegum Sp-ráðgjafar ehf. á árinu 2007 því útlánaþega sparisjóðsins var töluverð en möguleikar til að auka útlán á eigin starfssvæði voru litlir. Sá sparisjóðurinn tækifæri í því að fara í þetta samstarf til að hagnast á þóknunartekjum og gengismun.⁶³

Þátttaka sparisjóðsins í verkefnum frá Sp-ráðgjöf ehf. var einn helsti veikleikinn í útlána-safninu af úrtaki og skoðun rannsóknarnefndarinnar að dæma.⁶⁴ Á árinu 2008 voru tæpar 199 milljónir króna færðar sem sérgreind framlög í afskriftareikning sparisjóðsins vegna lánanna eða sem nam 75% af sérgreindum niðurfærslum. Í skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins vegna árána 2007 og 2008 var lögð sérstök áhersla á að til staðar væru skýrar verklagsreglur um aðild sparisjóðsins að lánunum Sp-ráðgjafar ehf. Í innri endurskoðunar-skýrslu sparisjóðsins vegna ársins 2008 var tekið fram að ljóst væri að sjóðurinn hefði orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna lána fyrir tilstilli Sp-ráðgjafar ehf. og að vantað hefði upp á eftirlit með starfsemi.

Af öðrum lántakendum hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis sem ekki voru teknir til sérstakrar skoðunar af rannsóknarnefndinni voru útgerðarfélag áberandi á árunum 2008–2011. Samkvæmt skýrslum sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar á árunum 2008 voru skuldbindingar þessara aðila vel tryggðar, meðal annars með veðum í skipum og aflaheimildum.

60. Byggt á upplýsingum úr skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar, útlánakerfum og ársreikningum sparisjóðsins.

61. Sp-ráðgjöf ehf. var samstarfsverkefni fimm sparisjóða af landsbyggðinni og starfaði sem þjónustueining þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Sp-ráðgjöf ehf. var milligönguaðili sem veitti ekki útlán heldur voru lánin veitt af sparisjóðunum samkvæmt ákveðnu hlutfalli hverju sinni. Sjá nánari umfjöllun um Sp-ráðgjöf ehf. í 9. kafla.

62. Í athugasemdam Ragnars Þorgeirssonar sparisjóðsstjóra og Kristínar Kristjánsdóttur stjórnarmanns til rannsóknarnefndarinnar 28. október 2013 kom fram að sparisjóðurinn hefði aldrei verið í forsvari fyrir útlán frá Sp-ráðgjöf. Ragnar Þorgeirsson hefði vikið sæti úr stjórn þegar hann tók við sem sparisjóðsstjóri síðar sama ár og varamaður komið inn í hans stað.

63. Skýrsla Guðna Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

64. Í athugasemdam Ragnars Þorgeirssonar sparisjóðsstjóra og Kristínar Kristjánsdóttur stjórnarmanns til rannsóknarnefndarinnar 28. október 2013 kom fram að Kristján Hjelm, framkvæmdastjóri Sp-ráðgjafar ehf., hefði notið trausts stjórnar sparisjóðsins.

Af úrtaki rannsóknarnefndar að dæma virðist almennt hafa verið farið að útlánareglum við lánveitingar hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis. Veðsetningarhlutföll á lánum sem veitt voru í tengslum við Sp-ráðgjöf ehf. voru hins vegar ekki í samræmi við það sem fram kom í útlánareglum sparisjóðsins og leiðbeiningum um tryggingartöku fyrir útlánum.

Lán í erlendum myntum hjá sparisjóðnum meira en tvöfölduðust á árinu 2008, fyrst og fremst vegna lækkunar á gengi íslensku krónunnar en á sama tíma rýrnaði eigið fé sparisjóðsins.⁶⁵ Samkvæmt skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar á árunum 2008–2011 var hins vegar enginn lántaki skráður með skuldbindingar yfir 25% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Eins og frammar segir var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins neikvæður frá haustinu 2008 og var í skýrsluskilum eftir það miðað við eiginfjárgrunninn eins og hann var 30. júní 2008. Stærstu skuldararnir voru auk þess flestir með sérgreinda niðurfærslu á afskriftareikningi sem lækkaði áhættuskuldbindingu þeirra gagnvart sparisjóðnum.

Rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að gera frekari grein fyrir málum átta lánahópa, hvort unnið hafi verið í samræmi við lög og lánareglur sparisjóðsins og hvernig afskriftarþörf var metin. Að öðru leyti gaf rannsókn á öðrum lánahópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Hexa ehf.

Hexa ehf.⁶⁶ var félag sem starfaði við innflutning og sölu á vinnufatnaði. Stærsti hluthafi félagsins var Guðmundur Sigbórsson með tæplega 44% eignarhlut.⁶⁷ Sp-ráðgjöf ehf. hafði upphaflega haft milligöngu um fjármögnun við kaup á öllu hlutfé Hexa ehf. í maí 2007 fyrir 277 milljónir króna en Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis tók ekki þátt í þeirri fjármögnun.

Um mitt ár 2007 leitaði Hexa ehf. til Sp-ráðgjafar ehf. með beiðni um lán til kaupa á einkahlutafélaginu Kolti ehf. sem átti og rak vinnufataverslun undir nafninu Þjarkur á Smiðjuvegi 6 í Kópavogi. Heildarkaupverðið var 240 milljónir króna. Lagt var til að Protinus ehf., eignarhaldsfélag í eigu nokkurra sparisjóða,⁶⁸ myndi til viðbótar lánveitingunni kaupa fasteign Kolts ehf. að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi á 46 milljónir króna og leigja félaginu hana síðan þar til svigrúm gæfist til að kaupa fasteignina til baka.

Hinn 7. september 2007 fékk Hexa ehf. 240 milljóna króna lán fyrir tilstilli Sp-ráðgjafar ehf. Þar af voru 194 milljónir króna til kaupa á rekstri, lager og tækjum Kolts ehf., 30 milljónir króna til að endurfjármagna eldri skuldir Kolts ehf. og 16 milljónir króna til að greiða kostnað við lántöku og þóknun til Sp-ráðgjafar. Um var að ræða 100% fjármögnun og ekkert eiginfjárframlag af hálfu kaupanda. Fjármögnunin skiptist í þrjú lán í erlendum myntum. Til tryggingar lánunum var 1. veðréttur í öllum hlutum Hexa ehf. í Kolti ehf. og óútfyllt tryggingarvígilform, útgefin af Hexa ehf.

Sparisjóður Bolungarvíkur var í forsvari fyrir verkefnið og í framhaldinu voru gerðir samningar milli Sparisjóðs Bolungarvíkur og annarra sparisjóða sem voru þátttakendur í Sp-ráðgjöf ehf. um aðild þeirra og fjármögnun. Hlutur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var 14% í heildarfjármögnuninni eða 33,6 milljónir króna og fékk sparisjóðurinn hlutfallslega sama rétt til trygginga og annarra réttinda samkvæmt lánasamningunum. Lánveitingin var samþykkt af stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á fundi 12. september 2007. Í töflu 14 má sjá skiptingu lánanna og hluta Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í verkefninu.

Tæpum þremur mánuðum eftir undirritun lánasamninganna leitaði Hexa ehf. aftur til Sp-ráðgjafar ehf. með beiðni um 43 milljóna króna viðbótarlán að viðbættum kostnaði. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis tók ekki þátt í þeirri fjármögnun.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	33	9
2008	75	42
2009	82	76
2010	83	83

Gjaldþrot 2009
Afskrifað 2010: 83 milljónir króna

65. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 29. maí 2009.

66. Nafni félagsins var breytt í KK 1905 ehf. í maí 2009.

67. Samkvæmt hlutfjármiðum RSK fyrir árið 2007 voru aðrir eigendur Byr sparisjóður (3,5%), Kontakt ehf. (2,8%), Sp-ráðgjöf ehf. (3,5%), Sigurður Guðjónsson (10,4%), Sigurlaug Kristín Sævarsdóttir (19%), Jón Baldvin Haraldsson (10,2%) og Ársæll Óskar Steinmóðsson (6,9%). Svipað eignarhald var árið 2008, en miðað er við eignarhaldið árið 2007 þegar lánveiting átti sér stað.

68. Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðs Strandamanna.

Tafla 14. Lán vegna kaupa Hexa ehf. á Kolti ehf. í september 2007.

Kr.	Höfuðstóll	Hluttur Sp. Þórsh. 14%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	134.000.000	18.760.000	7 ár	Mánaðarl.
Lán 2	90.000.000	12.600.000	3 ár	Mánaðarl.
Lán 3	16.000.000	2.240.000	3 ár	Einn gjalddagi
Samtals	240.000.000	33.600.000		

Erlend lán Hexa ehf. hækkuðu talsvert á árinu 2008 sökum óhagstæðra gengisbreytinga og gat félagið ekki staðið við hækkaðar skuldbindingar sínar. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 11. desember 2008 að vanskil félagsins næmu um 7,5 milljónum króna og fyrir lægi að „afskrifa 56% af lánveitingunni og breyta 20% í hlutafé. [Það yrði] gert með því að færa eignir Hexa ehf. yfir í nýtt félag og skilja gamla félagið eftir sem þrotabú.“⁶⁹

Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding félagsins hjá sparisjóðnum rúmum 75 milljónum króna sem jafngilti tæpum 22% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.⁷⁰ Samkvæmt skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar 31. desember 2008 var áætlað verðmæti trygginga Hexa ehf. 32,5 milljónir króna. Sökum tryggingaskorts voru lagðar rúmar 42 milljónir króna á sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins.

Ekki liggja fyrir upplýsingar úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um það hvert eignir Hexa ehf., þar á meðal einkahlutafélagið Koltur ehf., voru seldar en samkvæmt skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis vegna ársins 2009 var búið að selja allar eignir félagsins fyrir lok árs 2009 og ljóst að aðeins 8% yrðu greidd upp í lán félagsins. Hexa ehf. var úrskurðað gjaldþrota í september 2009 og í lok ársins nam heildarskuldbinding við sparisjóðinn rúmum 82 milljónum króna. Þá voru færðar tæpar 76 milljónir króna á sérgreindan afskriftareikning.

Krafa Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á hendur Hexa ehf. var endanlega afskrifuð á árinu 2010 en hún nam þá rúmum 83 milljónum króna. Helsta eign Hexa ehf., Koltur ehf., var úrskurðað gjaldþrota í janúar 2010.

DGN ehf.

DGN ehf. var fasteignafélag í eigu Dagbjarts Bjarnasonar, Gísla Ingasonar og Nikulásar K. Jónssonar en sömu aðilar áttu einnig Hróa Hött ehf. sem rak veitingahúsakeðju. DGN ehf. var stofnað á árinu 2007 og útvegaði Sp-ráðgjöf ehf. fjármögnun vegna kaupa félagsins á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu sem síðan voru leigðar Hróa Hetti ehf.

DGN ehf. og Sparisjóður Bolungarvíkur undirrituðu lánasamning 26. september 2007 um lán í erlendum myntum að jafnvirði 160 milljónir króna til að kaupa fasteignirnar Smiðjuveg 4a í Kópavogi og Hjallahraun 13 í Hafnarfirði. Kaupverð fasteignanna nam samtals 161 milljón króna og var því nánast ekkert eigið fé lagt fram við kaupin. Síðan voru gerðir samningar milli Sparisjóðs Bolungarvíkur og annarra sparisjóða sem voru þátttakendur í Sp-ráðgjöf ehf. um aðild þeirra að verkefninu og fjármögnun þeirra í því. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis fjármagnaði 15% hlut í verkefninu eða sem nam um 24 milljónum króna. Tryggingar fyrir heildarfjármögnuninni voru tryggingarbréf með 1. veðrétti í hinum keyptu fasteignum og fékk Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis hlutfallslega sama rétt til trygginga og annarra réttinda samkvæmt lánasamningi. Lánveitingin var samþykkt af stjórn sparisjóðsins á fundi 26. september 2007.

Erlent lán DGN ehf. hækkaði talsvert á árinu 2008 sökum óhagstæðra gengisbreytinga en í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding félagsins hjá sparisjóðnum tæpum 58 milljónum króna sem var 16,8% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.⁷¹ Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2008 kom fram að sparisjóðsstjóri teldi að tryggingar félagsins væru í góðum

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	25	0
2008	58	33
2009	61	46
2010	66	46
2011	11	0

Afskrifað 2011: 59 milljónir króna
Gjaldþrot 2012

69. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 11. desember 2008.

70. Eins og fyrr greinir var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins neikvæður í árslok 2008 og samkvæmt fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins var miðað við stöðu eiginfjárgrunns um mitt ár 2008 við skýrsluskil.

71. Eins og fyrr greinir var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins neikvæður í árslok 2008 og samkvæmt fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins var miðað við stöðu eiginfjárgrunns um mitt ár 2008 við skýrsluskil.

eignum en hækkunin á láninu hefði valdið tryggingarvöntun sem næmi um helmingi af heildarfyrirgreiðslunni. Því voru lagðar tæpar 33 milljónir króna sem sérgreint framlag í afskriftareikning í lok árs 2008 vegna skuldbindinga félagsins.

Í lok árs 2009 nam heildarskuldbinding DGN ehf. við sparisjóðinn rúmri 61 milljón króna og voru 46 milljónir króna lagðar sem sérgreint framlag í afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins. Samkvæmt skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins vegna ársins 2009 lágu ekki fyrir fjárhagslegar upplýsingar um DGN ehf. og talið líklegt að afskrifa þyrfti 75% af láninu. Því hafi framlag í sérgreindan afskriftareikning á árinu numið um 11 milljónum króna.

Í árslok 2010 nam heildarskuldbinding DGN ehf. rúmum 66 milljónum króna og hélst 46 milljóna króna afskriftaframlagið óbreytt. Samkvæmt skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2010 vantaði enn talsvert upp á tryggingar vegna skuldbindinga félagsins.

DGN ehf. var á skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar 30. september 2011 og nam þá heildarskuldbinding félagsins rúmum 75 milljónum króna. Eftir að tekið hafði verið tillit til tæplega 49 milljóna króna afskriftaframlags var áhættuskuldbindingin 8% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Fyrir árslok 2011 hafði lán DGN ehf. verið endurreiknað og breytt í íslenskar krónur. Rúmar 59 milljónir króna voru afskrifaðar við endurútreikninginn og nam heildarskuldbinding DGN ehf. tæpum 11 milljónum króna í árslok 2011. DGN ehf. var úrskurðað gjaldþrota í september 2012.

Kollafoss ehf.

Kollafoss ehf. var fjárfestingafélag sem stofnað var í nóvember 2007 af feðgunum Péttri Inga Arnarsyni og Erni Einarssyni. Mánuði síðar, í desember 2007, leitaði Kollafoss ehf. til Sp-ráðgjafar ehf. með beiðni um lán vegna kaupa á Akron ehf., félagi sem sérhæfði sig í framleiðslu á ýmsum plastvörum. Kaupverðið var 140 milljónir króna og fékk Kollafoss ehf. 130 milljónir króna lánaðar með milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. vegna kaupanna.

Hinn 17. desember 2007 voru undirritaðir tveir lánasamningar í erlendum myntum milli Kollafoss ehf. og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Annars vegar um lán til 12 ára að jafnvirði 92 milljóna króna og hins vegar um lán til 3 ára að jafnvirði 38 milljóna króna. Til tryggingar var 106 milljóna króna tryggingarbréf með 1. veðrétti í fasteign að Síðumúla 31 í Reykjavík, og með 2. veðrétti í annarri fasteign að Síðumúla 31 á eftir 1 milljón króna frá Landsbanka Íslands hf. Þá var gefið út 44 milljóna króna tryggingarbréf með 1. veðrétti í öllum rekstrartækjum, vörubirgðum og vörureikningum sem Kollafoss ehf. átti eða kynni að eignast síðar. Þá var tekið handveð í öllum eignarhlutum Arnar og Péturs Inga í Kollafossi ehf. auk allra hluta Kollafoss ehf. í Akron ehf. Þar að auki voru handveð í tveimur bankareikningum í eigu Kollafoss ehf. hjá Sparisjóði Húnaþings og Stranda og veð í öllum almennum fjárkröfum Akron ehf. á hendur kreditkortafyrirtækjum. Þá gaf Kollafoss ehf. út tvo tryggingarvixla til handa Sparisjóði Húnaþings og Stranda, þar sem félagið var greiðandi.

Síðan voru gerðir samningar milli Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og annarra sparisjóða sem voru þátttakendur í Sp-ráðgjöf ehf. um aðild þeirra að fjármögnun verkefnisins. Hlutur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var 15% í heildarfjármögnuninni eða 19,5 milljónir króna, og fékk sparisjóðurinn sömu hlutdeild í tryggingum og öðrum réttindum samkvæmt lánasamningunum.

Tafla 15. Lánasamningar Kollafoss ehf. frá desember 2007 og hlutur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Kr.	Höfuðstóll	Hlutur Sp. Þórsh. 15%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	92.000.000	13.800.000	12 ár	Mánaðarl.
Lán 2	38.000.000	5.700.000	3 ár	Einn gjalddagi
Samtals	130.000.000	19.500.000		

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	20	0
2008	43	0
2009	46	32

Afskrifað 2010: 32 milljónir kr.
Gjaldprot 2012 – Formatlausnir ehf.
Gjaldprot 2013 – Akron ehf.

Umfjöllun um lánið til Kollafoss ehf. var ekki færð til bókar í fundargerðum stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis en fyrirgreiðslan rúmaðist innan lánaheimilda sparisjóðsstjóra samkvæmt viðauka við lánareglurnar frá júlí 2007.⁷²

Vegna veikingar íslensku krónunnar á árinu 2008 hækkuðu lán Kollafoss ehf. talsvert. Í árslok nam heildarskuldbinding Kollafoss ehf. við sparisjóðinn rúmum 43 milljónum króna sem jafngildi 12,6% af eiginfjárgrunni sjóðsins.⁷³ Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2008 að áætlað verðmæti trygginga félagsins í fasteignum væri um 22 til 24 milljónir króna en óvíst væri um verðmæti handveðs í hlutabréfum Akron ehf. og Kollafoss ehf. Ekki var getið um verðmæti annarra veða. Innri endurskoðandi áætlaði að skortur væri á tryggingum sem næmi 13 til 15 milljónum króna og að gera þyrfti ráð fyrir framlagi í afskriftareikning vegna skulda félagsins.⁷⁴ Það hafði ekki verið gert í árslok 2008.

Á miðju ári 2009 var öfugur samruni Kollafoss ehf. og Akron ehf. staðfestur og var Kollafossi ehf. slitið í kjölfarið. Í lok árs 2009 hafði heildarskuldbinding félagsins hækkað í rúmar 46 milljónir króna en eftir að tekið hafði verið tillit til 16,5 milljóna króna afskriftaframlags nam áhættuskuldbindingin 8,7% af eiginfjárgrunni sjóðsins. Akron ehf. var í vanskilum með tæpar 4 milljónir króna í árslok 2009. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2009 að gert væri ráð fyrir að endurheimtur sparisjóðsins vegna fyrirgreiðslunnar til félagsins yrðu 30% og því væri gert ráð fyrir viðbótarafskriftaframlagi sem næmi 15,5 milljónum króna. Samtals voru 32 milljónir króna færðar í afskriftareikning sparisjóðsins í lok árs 2009 vegna skuldbindinga félagsins.

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2. febrúar 2010 var fjallað um sölu á eignum plastframleiðslufélagsins til einkahlutafélags að nafni Formatlausnir ehf., sem einnig var í eigu fedganna, og segir um það í fundargerð:

Heildarskuld Akron ehf. er nú 360 milljónir/S.Þ.=47 milljónir. Eignir þess verða seldar á 120 m. til Formats en rest verður afskrifuð enda Akron ehf. þá eignalaust. Tillaga er því að afskrifa 33 milljónir en láta afgang lánsins fylgja sölunni [...]. Tillagan samþykkt.

Nýtt skuldabréf að fjárhæð rúmar 14 milljónir króna var gefið út af Formatlausnum ehf. í apríl 2010 og rúmar 32 milljónir króna endanlega afskrifaðar af skuldbindingum Akron ehf. á sama ári. Formatlausnir ehf. var úrskurðað gjaldþrota í september 2012 og Akron ehf. í nóvember 2013.

Arnarmýri ehf.

Arnarmýri ehf. var stofnað í febrúar 2007 og var fjárfestingarfélag í eigu Magnúsar Jaroslavs Magnússonar og Karls Björgvins Brynjólfssonar.⁷⁵ Þeir leituðu til Sp-ráðgjafar ehf. fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags með beiðni um lán til að kaupa heildverslunina Eico ehf.⁷⁶ sem sérhæfði sig í sölu á ýmsum rafeindabúnaði. Kaupverðið var 57 milljónir króna auk yfirtöku á heildarskuldu Eico ehf., samtals um 90 milljónir króna. Samkomulag var undirritað 1. mars 2007 þar sem Sparisjóður Húnaþings og Stranda staðfesti að sjóðurinn myndi lána allt að 90 milljónum króna til kaupanna og var kaupsamningur undirritaður milli Arnarmýrar ehf. og seljanda Eico ehf. sama dag.

Þrjár lánasamningar í erlendum myntum voru undirritaðir 27. mars 2007 milli Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og Arnarmýrar ehf., samtals að jafnvirði 95 milljóna króna eða 5 milljónum króna hærri fjárhæð en upphaflega hafði verið samþykkt. Fyrsta lánið var til sjö ára að jafnvirði 31 milljónar króna, annað til fimm ára að jafnvirði 31 milljónar króna og það þriðja var eingreiðslulán til þriggja ára að jafnvirði 33 milljóna króna. Til tryggingar voru gefin út handveð í tveimur reikningum í eigu Arnarmýrar ehf., handveð í öllum hlutum félagsins í Eico ehf. auk handveðs í öllum hlutum Karls Björgvins og Magnúsar Jaroslavs

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	20	0
2008	43	34

Afskrifað 2009: 44 milljónir króna
Gjaldprot 2010

72. Hámarksfyrirgreiðsla sem sparisjóðsstjóri mátti veita samkvæmt viðauka við lánareglur frá 2007 var 19 milljónir króna eða 5% af eiginfjárgrunni. Eiginfjárgrunnur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 31. desember 2006 var 383,7 milljónir króna samkvæmt ársreikningi og hámarksheimild miðað við eiginfjárgrunn 19,2 milljónir króna.

73. Eins og fyrr greinir var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins neikvæður í árslok 2008 og samkvæmt fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins var miðað við stöðu eiginfjárgrunns um mitt ár 2008 við skýrsluskil.

74. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 11. desember 2008.

75. Arnarmýri ehf. var stofnað af Brynhildi Bergþórsdóttur, starfsmanni hjá Kontakt ehf., ráðgjafafyrirtæki sem kom að kaupum Arnarmýrar ehf. á Eico ehf. Aldrei var skilað inn hlutafjármíðum eða ársreikningum fyrir Arnarmýri ehf. Samkvæmt fundargerð stjórnar félagsins keyptu Karl og Magnús allt hlutafé í félaginu 1. mars 2007.

76. Félag með sama heiti, Eico ehf., er einnig til. Félagið sem hér um ræðir er með kennitöluna 470879-0259.

í Arnarmýri ehf. Þá voru afhentir tveir tryggingarvixlar útgefnir af Arnarmýri ehf. auk þess sem Eico ehf. gaf út yfirlýsingu um kvöð (e. *negative pledge*) sem laut að því að allar almennar fjárkröfur, vörubirgðir og allt óskráð lausafé í eigu félagsins yrði ekki sett að veði fyrir skuldbindingum félagsins gagnvart öðrum en Sparisjóði Húnaþings og Stranda.

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis var með 22% hlut í fjármögnuninni eða samtals tæpa 21 milljón króna. Gerðir voru aðildarsamningar á milli Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og annarra sparisjóða sem tóku þátt í verkefninu þar sem fram kom að þátttakendur ættu hlutfallslegan rétt samkvæmt lánasamningunum við Arnarmýri ehf., þar á meðal til trygginga. Í töflu 16 getur að líta yfirlit yfir lánasamninga Arnarmýrar ehf. og hlut sparisjóðsins í fjármögnuninni.

Tafla 16. Lánasamningar Arnarmýrar ehf. frá mars 2007 og hlutur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Kr.	Höfuðstóll	Hlutur Sp. Þórsh. 22%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	31.000.000	6.820.000	7 ár	Mánaðarl.
Lán 2	31.000.000	6.820.000	5 ár	Mánaðarl.
Lán 3	33.000.000	7.260.000	3 ár	Einn gjalddagi
Samtals	95.000.000	20.900.000		

Lánið var kynnt á stjórnarfundum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 28. febrúar 2007 og kom þar fram að málið væri í vinnslu. Stjórn sparisjóðsins fjallaði ekki um samþykki sitt fyrir lánveitingunni. Arnarmýri ehf. og Eico ehf. voru sameinuð með öfugum samruna undir nafni Eico ehf. samkvæmt samrunaáætlun sem dagsett var 2. maí 2007 í kjölfar skuldbindingar yfirtöku Arnarmýrar ehf. á Eico ehf., en Arnarmýri ehf. var afskráð í október 2007. Eico ehf. skilaði ekki inn ársreikningi allt frá árinu 2006.

Á árinu 2008 hækkuðu lán Eico ehf. talsvert sökum óhagstæðra gengisþróunar. Fjallað var um stöðu lána félagsins á fundi stjórnar 25. júlí 2008 og var tekið fram að hún væri „erfið“. Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding félagsins rúmum 43 milljónum króna sem var 12,6% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.⁷⁷ Samkvæmt skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar 31. desember 2008 voru tryggingar félagsins metnar á tæpar 5 milljónir króna og voru tæpar 34 milljónir króna færðar á sérgreindan afskriftareikning Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Á fundi stjórnar 20. febrúar 2009 kom fram að búið væri að selja félagið, nýir aðilar hefðu tekið yfir reksturinn og að afskrifa þyrfti endanlega stóran hluta af lánum félagsins. Samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra í janúar 2009 hafði Kristján Hjelm hjá Sp-ráðgjöf ehf. tekið sæti í stjórn Eico ehf. og nafni félagsins hafði verið breytt í Steinsnef ehf.

Á árinu 2009 voru tæpar 44 milljónir króna endanlega afskrifaðar vegna lána til félagsins.⁷⁸ Eico ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2010.

Fálkamýri ehf.

Fálkamýri ehf. var stofnað árið 2007 og var eignarhaldsfélag í eigu JK Fjárfestingar ehf. sem var í eigu Magnúsar Jaroslavs Magnússonar og Karls Björgvins Brynjólfssonar. Fálkamýri ehf. leitaði til Sp-ráðgjafar ehf. með beiðni um fjármögnun til kaupa á einkahlutafélaginu Tarra ehf. sem rak heildverslun og smásölu með ýmsar skrifstofuvörur og fleiri vörur. Tarra ehf. var þá í eigu Karls.⁷⁹

Kristján Hjelm, starfsmaður Sp-ráðgjafar ehf., sendi tölvuskeyti til samstarfsaðila í Sp-ráðgjöf ehf. 8. maí 2007 og kynnti lánsbeiðnina fyrir sparisjóðsstjórum í þeim sjóðum sem voru þátttakendur í Sp-ráðgjöf ehf. en þar sagði meðal annars:

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	17	0
2008	34	31

Afskrifað 2009: 36 milljónir króna

77. Eins og fyrr greinir var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins neikvæður í árslok 2008 og samkvæmt fyrimælum Fjármálaeftirlitsins var miðað við stöðu eiginfjárgrunns um mitt ár 2008 við skýrsluskil.

78. Stjórnarfundur 2. september 2009 bókaði að staða lána til Arnarmýrar ehf. næmi 43.556.340 krónum en í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2009 kemur fram að 42.829.000 krónum voru færðar út úr bóku sparisjóðsins að fullu.

79. Ársreikningar Tarra ehf.

Strákarnir í Eico ætla að kaupa félag sem heitir Tarra ehf. [...] Í sjálfu sér á þessi starfsemi ekki beint samleið með Eico nema í þeim skilningi að framkvæmdastjóri Eico (Karl) vann áður í samskonar fyrirtæki. Hagræðingin felst í starfsmannamálum t.d. verður sameiginlegt rými notað í birgðahald og starfsmannaaðstöðu. [...] Félagið var með töluverðan fjármagnskostnað og var frekar illa fjármagnað.

Heildarfjármögnun verður um 96 m.kr. þ.a. kaupverð verður um 25 m.kr. Eiginfjárframlag verður um 20 m.kr. (Sparisjóðurinn (Protinus) með þ.a. 4 m.kr. exit eftir 24 mánuði með 2 m.kr. x gengið 5 og exit eftir 36 mánuði með 2 m.kr. með x gengið 6). Við lánum þeim fyrir eiginfjárframlaginu og þeir verða með krossveð hjá hvor öðrum (verður sett upp hluthafasamkomulag sem tekur t.d. á þessu).⁸⁰

Kaupsamningur um allt hlutafé Tarra ehf. var undirritaður 1. júlí 2007 og var kaupverðið 25 milljónir króna en samtals fékk Fálkamýri ehf. 96 milljónir króna að láni fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf., meðal annars til að endurfjármagna eldri skuldir Tarra ehf. Til viðbótar var undirritaður kaupsamningur 2. júlí 2007 þar sem Protinus ehf., eignarhaldsfélag í eigu sparisjóðanna sem stóðu að Sp-ráðgjöf ehf., keypti 20% í Tarra ehf. af Fálkamýri ehf. á 1,2 milljónir króna.

Hinn 7. nóvember 2007 voru undirritaðir þrjár lánasamningar í erlendum myntum milli Fálkamýrar ehf. og Sparisjóðs Strandamanna. Fyrsta lánið var að jafnvirði 56 milljóna króna til sjö ára, annað var eingreiðslulán til þriggja ára að jafnvirði 36 milljóna króna og það þriðja var eingreiðslulán til þriggja ára að jafnvirði 16 milljóna króna. Til tryggingar var handveðssamningur með veði í reikningi Fálkamýrar ehf. í Sparisjóði Húnaþings og Stranda, handveð í öllum hlutum Karls Björgvins og Magnúsar Jaroslavs í Fálkamýri ehf., tryggingarbréf með 1. veðrétti í öllum rekstartækjum, vörubirgðum, vörureikningum og veði í sérgreindu lausafé Fálkamýrar ehf., og handveð í öllum hlutum Fálkamýrar í Tarra ehf. (80%).

Síðan voru gerðir aðildarsamningar á milli Sparisjóðs Strandamanna og annarra sparisjóða sem tóku þátt í verkefninu. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis var með 15% hlut eða rúmar 16 milljónir króna. Þá var því lýst yfir í aðildarsamningnum að Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis fengi 15% hlutdeild í réttindum samkvæmt lánasamningum, þar á meðal tryggingum. Stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fjallaði ekki um lánið til Fálkamýrar ehf. en lánsfjárhæðin var innan lánsheimildar sparisjóðsstjóra samkvæmt viðauka við útlánareglur sparisjóðsins frá júlí 2007.⁸¹

Tafla 17. Lánasamningar Fálkamýrar ehf. í nóvember 2007 og hlutur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Lán nr.	Höfuðstóll	Hluttur Sp. Þórsh. 15%	Lánstími	Afborganir
1	56.000.000	8.400.000	7 ár	Mánaðarl.
2	36.000.000	5.400.000	3 ár	1. gjalddagi
3	16.000.000	2.400.000	3 ár	1. gjalddagi
Samtals	108.000.000	16.200.000		

Á miðju ári 2008 voru Fálkamýri ehf., Arnarmýri ehf. og JK Fjárfesting ehf. komin í fjárhagsvandráði. Fjallað var um stöðu lána félaganna á fundi stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 25. júlí 2008 og var tekið fram að hún væri „erfið“. Fálkamýri ehf. skilaði ekki inn ársreikningi allt frá stofnun þess árið 2007. Móðurfélagið, JK Fjárfesting ehf., skilaði aðeins inn ársreikningi fyrir árið 2007 en ekki fyrir síðari ár.

Lán Fálkamýrar ehf. í erlendum myntum hækkuðu talsvert á árinu 2008 vegna óhagstæðrar gengisþróunar og í lok ársins nam heildarskuldbinding félagsins tæpum 37 milljónum króna og jafngilti áhættuskuldbindingin 10,7% af eiginfjárgrunni Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.⁸² Samkvæmt skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar 31. desember 2008 var áætlað verðmæti trygginga félagsins rúmar 3 milljónir króna. Var rúm

80. Tölvuskeyti Kristjáns Hjelm til þátttakenda í Sp-ráðgjöf ehf. 8. maí 2007.

81. Hámarksfyrirgreiðsla sem sparisjóðsstjóri mátti veita samkvæmt viðauka við lánareglur frá 2007 var 19 milljónir króna eða 5% af eiginfjárgrunni. Eiginfjárgrunnur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 31. desember 2006 var 383,7 milljónir króna samkvæmt ársreikningi og hámarksheimild miðað við eiginfjárgrunn 19,2 milljónir króna.

82. Eins og fyrr greinir var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins neikvæður í árslok 2008 og samkvæmt fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins var miðað við stöðu eiginfjárgrunns um mitt ár 2008 við skýrsluskil.

31 milljón króna eða 85% af heildarskuldbindingu félagsins færð sem sérgreint framlag í afskriftareikning sparisjóðsins. Á árinu 2009 voru rúmar 36 milljónir króna endanlega afskrifaðar vegna lána til Fálkamýrar ehf.

Tarra ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2010. Fálkamýri ehf. var afskráð af hlutafélagaskrá ríkisskattstjóra í janúar 2011 á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, en slíkri heimild er beitt ef hlutafélagaskrá telur sig hafa upplýsingar um það, m.a. frá ársreikningaskrá, að einkahlutafélag hafi hætt störfum, félagið sé án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinni ekki tilkynningaskyldu sinni til skráarinnar.

Hrói Höttur ehf.

Hrói Höttur ehf. var í eigu Dagbjarts Bjarnasonar, Gísla Ingasonar og Nikulásar K. Jónssonar og rak veitingahúsakeðju undir sama nafni. Þeir keyptu reksturinn í byrjun árs 2007 og hafði Sp-ráðgjöf ehf. milligöngu um fjármögnun kaupanna. Sömu aðilar og átta Hróa Hött ehf. áttu einnig fasteignafélagið DGN ehf., sbr. umfjöllun hér framfar.

Samtals fékk Hrói Höttur ehf. lánað jafnvirði 95 milljóna króna í erlendum myntum fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar vegna kaupanna, en kaupverðið var 125 milljónir króna. Fjármögnunin skiptist í þrjú lán í erlendum myntum og voru samningar um lánin gerðir við Sparisjóð Bolungarvíkur og undirritaðir 28. febrúar 2007. Síðan voru gerðir aðildarsamningar á milli Sparisjóðs Bolungarvíkur og annarra sparisjóða sem tóku þátt í verkefninu. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis var með 15% hlut í fjármögnuninni eða sem nam rúmum 14 milljónum króna. Í tölflu 18 má sjá skiptinguna.

Til tryggingar lánunum var 1. veðréttur í rekstartækjum, vörubirgðum og vörureikningum félagsins, leigurétti Hróa Hattar ehf. í þremur fasteignum, 1. veðréttur í Toyota Aygo-bifreið ásamt þremur sjónvarpstækjum. Einnig var veð í vörumerki og léni Hróa Hattar, öllum hlutum í Hróa Hetti ehf. Þá var handveð í innstæðu tveggja reikninga félagsins þar sem Vífilfell hf. skuldbatt sig til að greiða inn viðskiptaafslátt mánaðarlega samkvæmt viðskiptasamningi við Hróa Hött ehf. á annan reikninginn en á hinn reikninginn skuldbatt Hrói Höttur ehf. sig til að leggja inn allar greiðslur frá innlendum greiðslukortafyrirtækjum. Þá voru einnig gefnir út tveir tryggingarvixlar, óútfylltir að hluta. Lánveitingin til Hróa Hattar ehf. var samþykkt af stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á fundi 28. febrúar 2007.

Tafla 18. Lán vegna kaupa á Hróa Hetti ehf. í febrúar 2007 og hlutur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Kr.	Höfuðstóll	Hlutur Sp. Þórsh. 15%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	30.000.000	4.500.000	3 ár	Einn gjalddagi
Lán 2	30.000.000	4.500.000	5 ár	Mánaðarl.
Lán 3	35.000.000	5.250.000	7 ár	Mánaðarl.
Samtals	95.000.000	14.250.000		

Lán Hróa Hattar ehf. hækkuðu mikið á árinu 2008 vegna veikingar íslensku krónunnar og í árslok nam heildarskuldbinding félagsins hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis tæpum 26 milljónum króna. Lagðar voru rúmar 14 milljónir króna á sérgreindan afskriftareikning 31. desember 2008 vegna skuldbindinga félagsins.

Í árslok 2009 nam heildarskuldbindingin tæpum 29 milljónum króna. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis vegna ársins 2009 að líklegt væri að afskrifa þyrfti allt að 75% af lánum félagsins, en þar sem félagið var í rekstri var talið hæfilegt að færa útlán félagsins niður um 50%.⁸³

Heildarskuldbinding Hróa Hattar ehf. nam tæpri 31 milljón króna í árslok 2010 og var sérgreind niðurfærsla vegna skuldbindinga félagsins hækkuð í rúmar 23 milljónir króna á afskriftareikningi 31. desember 2010. Samkvæmt skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2010 var Sparisjóðurinn í Keflavík þá að vinna með lán Hróa Hattar ehf., þar á meðal að meta veð félagsins.

Hrói Höttur ehf. var á skýrslu Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um stórar áhættuskuldbindingar 30. september 2011 og nam þá heildarskuldbinding félagsins tæpum 35 milljónum króna. Eftir að tekið hafði verið tillit til rúmlega 14 milljón króna afskrifta-

83. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2009, 3. febrúar 2010.

framlags var áhættuskuldbinding félagsins rúm 6% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Stuttu síðar var öllum lánum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í erlendum myntum breytt í lán í íslenskum krónum.⁸⁴ Heildarskuldbinding Hróa Hattar ehf. var endurreiknuð og nam tæpum 3,5 milljónum króna að honum loknum í árslok 2011 en 29 milljónir króna voru afskrifaðar endanlega.⁸⁵

Hrói Höttur ehf. var úrskurðað gjaldþrota í janúar 2012.

JK Fjárfesting ehf.

JK Fjárfesting ehf. var stofnað sem eignarhaldsfélag í apríl 2007 og var í eigu Magnúsar Jaroslavs Magnússonar og Karls Björgvins Brynjólfssonar. JK Fjárfesting ehf. átti meðal annars félögin Fálkamýri ehf. og Arnarmýri ehf. sem fjallað var um hér framar.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	18	0

Gjaldþrot 2009
Afskrifað 2009: 26 milljónir króna

JK Fjárfesting ehf. leitaði til Sp-ráðgjafar ehf. á árinu 2007 með beiðni um lán vegna kaupa á öllum rekstri, lager og viðskiptasamböndum Odda skrifstofuvara ehf. Heildar-kaupverð var 455 milljónir króna samkvæmt kaupsamningi sem dagsettur var 29. júní 2007. Samkomulag um lán fyrir allt að 395 milljónir króna til JK Fjárfestingar ehf. var undirritað 28. júní 2007 en fjármögnunin var síðar lækkuð úr 395 milljónum króna í 109 milljónir króna. Tveir lánasamningar voru undirritaðir 16. júlí 2007 milli Sparisjóðs Vestfirðinga og JK Fjárfestingar ehf., annars vegar um 85 milljóna króna lán til þriggja ára og hins vegar eingreiðslulán í erlendum myntum að jafnvirði 24 milljóna króna til þriggja ára. Til tryggingar voru settir „að handveði með 2. veðrétti“ eignarhlutir Karls Björgvins og Magnúsar Jaroslavs í JK Fjárfestingu ehf., á eftir Icebank hf. á 1. veðrétti,⁸⁶ auk tveggja tryggingarvixla að fjárhæð samtals 127 milljónir króna sem útgefnir voru af JK Fjárfestingu ehf. Í veðsamningunum kemur fram að hlutirnir hafi ekki verið gefnir út og væru því ekki í vörslum veðhafa.

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis var með 15% hlut í fjármögnuninni eða samtals rúmar 16 milljónir króna. Gerðir voru aðildarsamningar milli Sparisjóðs Vestfirðinga og annarra sparisjóða sem tóku þátt í verkefninu þar sem fram kom að þátttakendur ættu hlutfallslegan rétt samkvæmt lánasamningunum við JK Fjárfestingu ehf., þar á meðal til trygginga. Stjórn sparisjóðsins samþykkti lánsútsóknina samhljóða á fundi 22. ágúst 2007.

Tafla 19. Lánasamningar JK Fjárfestingar ehf. í ágúst 2007 og hlutur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Kr.	Höfuðstóll	Hlutur Sp. Þórsh. 15%	Lánstími	Afborganir
Lán 1	85.000.000	12.750.000	3 ár	1 gjald. á ári en 2 árið 2010
Lán 2	24.000.000	3.600.000	3 ár	Einn gjaldþagi
Samtals	109.000.000	16.350.000		

Stuttu eftir að lánin voru veitt til JK Fjárfestingar ehf. seldi fyrirtækið hinn nýkeypta rekstur Odda skrifstofuvara ehf. til Skrifstofuvara ehf.,⁸⁷ félags sem var í 100% eigu JK Fjárfestingar ehf., fyrir 455 milljónir króna.⁸⁸ Lán JK Fjárfestingar ehf. voru þó ekki greidd upp eftir söluna til Skrifstofuvara ehf.

Á miðju ári 2008 var JK Fjárfesting ehf. komið í fjárhagsvandráði. Fjallað var um stöðu lána félagsins á fundi stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 25. júlí 2008 og var tekið fram að hún væri „erfið“ og lánin endanlega töpuð. Á fundi stjórnar 18. desember 2008 var ákveðið að afskrifa heildarskuldbindingu JK Fjárfestingar ehf. sem stóð þá í rúnum 25 milljónum króna. Samkvæmt yfirliti Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis yfir sértækar afskriftir nam heildarskuldbinding JK Fjárfestingar ehf. rúnum 26 milljónum króna sem færðar voru endanlega úr bókum sparisjóðsins á árinu 2009.

JK Fjárfesting ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2009.

84. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2011, 19. mars 2012.

85. Tölvuskeyti Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis til rannsóknarnefndarinnar 23. janúar 2013.

86. Áhvílandi fjárhæð á 1. veðrétti er ekki tilgreind í handveðssamningunum.

87. Nafni Skrifstofuvara ehf. var breytt í JK-Trading ehf. í mars 2009 samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra sama dag.

88. Kaupsamningur á milli JK Fjárfestingar ehf. og Skrifstofuvara ehf., 1. ágúst 2007.

28.2.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir þeim reglum sem stjórn setti. Á hálfis árs fresti bar sparisjóðum að skila skýrslu til Fjármálaeftirlitsins þar sem fram kæmu allar fyrirgreiðslur til venslaðra aðila, það er stjórnarmanna, maka þeirra og barna, og félaga sem þeim tengdust, yfir 10 milljónum króna. Í 25. gr. reglna Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra voru venslaðir aðilar skilgreindir sem stjórnarmenn (aðalmenn og varamenn), stjórnendur og lykilstarfsmenn sem teldust til fruminnherja sem og nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila, félög sem framangreindir aðilar ættu meira en 10% hlut í, störfuðu hjá eða gegndu stjórnarstörfum fyrir, hliðstæðir aðilar í dótturfélögum og tengdum félögum, og stofnfjáreigendur sem áttu 5% eignarhlut eða meira í sparisjóðnum. Samhljóða skilgreiningu á vensluðum aðilum var að finna í uppfærðum starfsreglum sparisjóðsins frá árinu 2011.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2006⁸⁹ um efni reglna samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, átti sparisjóðurinn að leggja fyrir innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu. Þá skyldi leggja fyrir ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera þær saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina. Ennfremur sagði í 2. mgr. 25. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra að innri endurskoðandi ætti að fara reglulega yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og greina frá niðurstöðum athugana sinna í skýrslu til stjórnar. Samkvæmt skýrslum innri endurskoðanda Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var ekki farið yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila á árunum 2005–2008. Í skýrslum innri endurskoðanda vegna árána 2009 og 2010 kom fram að farið hafi verið yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og starfsmanna og væri sú skoðun án athugasemda. Þá var einnig farið yfir viðskipti venslaðra aðila og starfsmanna í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2011 og var þess getið að fáir stjórnarmenn og starfsmenn væru með skuldbindingar hjá sparisjóðnum.

Rannsóknarnefndin kannaði hvort venslaðir aðilar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, það er stjórnarmenn í sparisjóðnum, makar þeirra, félög í eigu stjórnarmanna⁹⁰ eða félög sem stjórnarmenn gegndu stjórnunarstöðum fyrir og stofnfjáreigendur sem áttu 5% eignarhlut eða meiri, hefðu notið óvenjulegrar lánaforingreiðslu hjá sparisjóðnum. Athugunin var framkvæmd með þeim hætti að kennitölur umræddra aðila voru keyrðar saman við útlánagrunn sparisjóðsins.⁹¹ Alls voru ellefu venslaðir aðilar með útlán hjá sparisjóðnum á árunum 2005–2011 og gáfu niðurstöður athugunarinnar ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Í 17. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá árinu 2007 sagði að sparisjóðsstjórn skyldi að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra setja reglur um viðskipti starfsmanna sparisjóðsins við sparisjóðinn. Þá sagði einnig í ákvæðinu að starfsmönnum sparisjóðsins væri óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart sparisjóðnum.

Í 4. gr. útlánareglna Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis sagði að sparisjóðsstjóra væri heimilt að veita starfsmönnum sparisjóðsins lán enda væri slík fyrirgreiðsla á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Sparisjóðsstjóra bar þó að gera stjórn sjóðsins grein fyrir því ef heildarskuldbinding starfsmanns færi yfir 5 milljónir króna. Allar fyrirgreiðslur til stjórnarmanna umfram 5 milljónir króna voru háðar samþykki stjórnar og þurfti stjórn einnig að samþykkja allar lánveitingar til sparisjóðsstjóra.

Alls starfaði 41 starfsmaður hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis á árunum 2002–2011. Þar af voru 30 starfsmenn með lán í sparisjóðnum á árunum 2004–2011. Enginn starfsmaður var með háa skuldbindingu og aðeins einn starfsmaður var með skuldbindingu yfir

89. Síðar leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010 um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2006.

90. Miðað var við 10% lágmarks eignarhlut, sbr. ákvæði í reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra.

91. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingarnar því settar fram með þeim fyrirvara.

10 milljónir króna. Í töflu 20 má sjá heildarskuldbindingar starfsmanna sparisjóðsins á tímabilinu 2005–2011 og hlutfall skuldbindinganna af heildarútlánunum. Rannsóknarnefndin sá ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir útlánunum til starfsmanna sjóðsins.


Tafla 20. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis sem hlutfall af útlánunum 2005–2011.⁹²

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	1.188.721	10.223	0,86%
31.12.2006	1.458.117	11.946	0,82%
31.12.2007	1.531.511	25.384	1,66%
31.12.2008	1.813.515	27.505	1,52%
31.12.2009	1.477.460	28.890	1,96%
31.12.2010	1.352.302	28.741	2,13%
30.06.2011	1.360.003	26.392	1,94%

28.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis setti sér reglur um fjárfestingarstefnu í apríl 2011. Fyrir þann tíma voru ekki til sérstakar reglur um fjárfestingar sparisjóðsins en í reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá því í febrúar 2007 var fjallað um mörk fjárfestingarheimilda. Þar kom fram að fjárfestingar í fasteignum skyldu bornar upp í stjórn, sem og önnur fjárfestingaráform sem telja mætti meiriháttar eða óvenjuleg.

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í árslok 2005–2011.⁹³



Árið 2005 nam samanlögð verðbréfaeign allra litlu sparisjóðanna 157% af samanlögðu bókfærðu eigin fé þeirra en hún náði hámarki í árslok 2008 er hún nam 401% af eigin fé.⁹⁴ Í árslok 2011 var verðbréfaeignin 100% af eigin fé. Verðbréfaeign Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var mest 277% af eigin fé hans árið 2007 og minnst 122% árið 2011, ef frá eru talin árin 2008 og 2009 þegar eigið fé sjóðsins var neikvætt. Fjáreignir sparisjóðsins voru jafnframt mun hærra hlutfall af eignasafni hans en annarra minni sparisjóða.

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis átti ekki hlutabréf í Kaupþingi banka hf., Exista hf. eða Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. á tímabilinu 2005–2011. Öll hlutabréf sparisjóðsins í Kaupþingi voru seld á árinu 2000 og nam hagnaður af sölunni tæpum 59 milljónum króna. Þá hafði sparisjóðurinn söluhagnað af Alþjóða líftryggingarfélaginu hf., 7,4 milljónir króna, og Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., 17,3 milljónir króna, á árinu 2005. Frá árslokum 2005 til ársloka 2011 átti sparisjóðurinn töluverðar eignir í skuldabréfum og á árinu 2007 var eign í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum mun meiri en


92. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.

93. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

94. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

hún hafði nokkru sinni verið áður. Kom þar til aukinn hlutur í Sparisjóðabanka Íslands hf., fjárfesting í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og fjármunir sem lagðir voru í fjárvörslu Íslenskra verðbréfa hf.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í árslok 2005–2011.⁹⁵



Tafla 21. Fjáreignir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í árslok 2005–2011.⁹⁶

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabanki Íslands hf. (Icebank hf.)	12.710	16.678	148.428	742	–	–	–
Reiknistofa bankanna	2.139	2.139	2.139	2.139	2.139	2.139	2.139
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	1.376	501	2.205	3.449	3.449	3.449	6.519
Önnur hlutdeildarfélag	–	–	–	–	–	20.000	8.254
Samtals	16.225	19.318	152.772	6.330	5.588	25.588	16.912
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	–	–	31.050	19.500	7.215	–	–
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	10.833	12.783	36.354	1.233	–	–	–
Íslensk verðbréf hf.	27.883	57.489	91.915	86.409	10.205	73.451	68.080
Samtals	38.716	70.273	159.319	107.142	17.420	73.451	68.080
Sparisjóðurinn í Keflavík (Sparisjóður Vestfirðinga)	2.102	2.342	60.711	30.556	–	–	–
Samtals	2.102	2.342	60.711	30.556			
Sjóðir og fjárvörslu hjá Íslenskum verðbréfum hf.	200.817	146.513	442.703	272.835	–	161.310	124.536
Sjóðir VSP	55.866	64.237	–	–	–	–	–
Annað	40.006	48.223	44.402	54.106	31.263	24.146	42.338
Samtals	296.690	258.972	487.105	326.941	31.263	185.456	166.874
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	254.710	368.351	306.582	161.100	421.433	138.195	95.204
Samtals	608.443	719.257	1.166.489	632.069	475.704	422.690	347.070

Líkt og margir aðrir minni sparisjóðir hafði Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis tekið þátt í sameiginlegum fjárfestingum á vettvangi sparisjóðanna, svo sem í Sparisjóðabanka Íslands hf., FSP hf., Tölvumiðstöð sparisjóðanna og Reiknistofu bankanna. Sparisjóðurinn hafði einnig komið til aðstoðar og lagt fram nýtt stofnfé í Sparisjóð Vestfirðinga þegar sá fór fram á aðstoð frá Tryggingasjóði sparisjóða, Sparisjóðabankanum og Sambandi íslenskra sparisjóða á árinu 2004.⁹⁷

Eign Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í Sparisjóðabanka Íslands hf. var ekki bókfærð með hlutdeildaraðferð og því jókst hún ekki með sama hætti og hjá ýmsum öðrum minni sparisjóðum með góðu gengi Sparisjóðabankans. Árið 2007 breytti sparisjóðurinn um matsaðferð og fór að meta hluti sína í bankanum miðað við áætlað markaðsverð. Árið 2005 var hver hlutur í Sparisjóðabankanum metinn á 3,56 krónur hjá Sparisjóði Þórshafnar og

95. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

96. Byggt á sundurliðun frá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis sem afhent var rannsóknarnefndinni.

97. Skýrsla Guðna Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013. Sjá umfjöllun um þessa aðstoð í 5. kafla, um samstarf sparisjóðanna.

nágrennis og ári síðar var hver hlutur metinn á 3,71 krónu en á sama tíma mátu flestir aðrir sparisjóðir hvern hlut í bankanum á um 17 krónur. Árið 2007 mat Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis hlut í Sparisjóðabankanum á 20 krónur líkt og margir aðrir sparisjóðir, en mat annarra sparisjóða var á bilinu 11,94 til 28,06 krónur á hlut. Sparisjóðabankinn sýndi mikinn hagnað árin 2006 og 2007 og komu nýir eigendur að honum í lok árs 2007. Árið 2008 var hins vegar slæmt í rekstri bankans og færði sparisjóðurinn nær alla sína eign í honum niður í lok þess árs.

Sparisjóðurinn átti hlut í FSP hf. og tók þátt í hlutafjárúkningum í félaginu árin 2005 og 2006 að fengnu samþykki stjórnar sparisjóðsins. Árið 2007 sameinaðist FSP hf. VBS Fjárfestingarbanka hf. og við það eignaðist sparisjóðurinn hlut í honum. Á árinu 2007 notaði sparisjóðurinn sömu aðferð til að meta hlut sinn í VBS Fjárfestingarbanka hf. og beitt var við hlut í Sparisjóðabankanum og hækkaði virði félagsins á bókum sparisjóðsins vegna þess. Þessi matsaðferð varð einnig til þess að hækka virði Sparisjóðs Keflavíkur í bókum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis en hann eignaðist hlut í honum við sameiningu Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Keflavíkur árið 2007. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis tók þátt í stofnfjárúkningu í Sparisjóði Vestfirðinga árið 2007 og jók stofnfé sitt um tæpar 22 milljónir króna á árinu. Ekki var að sjá af fundargerðum að fjallað hefði verið um þessi stofnfjárkaup á stjórnarfundum sparisjóðsins.

Tafla 22. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.⁹⁸

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. / Saga Eignarhaldsfélag hf.				(2.550)	(12.285)	3.608	(7.215)	(18.443)
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)			23.570	(34.308)	(7.276)			(18.013)
Sparisjóðabanki Íslands hf. (Icebank hf.)			131.750	(147.686)	(742)			(16.678)
Protinus ehf.				(11.138)				(11.138)
Carta Capital							(11.135)	(11.135)
Sparisjóðurinn í Keflavík / Sparisjóður Vestfirðinga	102	112	35.782	(15.377)	(30.556)			(9.937)
Byr verðbréf				(4.180)				(4.180)
Hilda hf.						(3.608)		(3.608)
Veita fjármálaþjónusta hf. (Premium)				(2.727)				(2.727)
Lónið ehf.		(1.382)						(1.382)
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf. (VSP)				(1.525)			2.292	768
Forsvar hf.						3.438	(368)	3.070
Greiðslumiðlun hf. (Visa)	128	210	591	6.229				7.159
Íslensk verðbréf hf.	4.532	35.688	25.913	1.457	(2.026)	(4.777)	(1.293)	59.494
Skuldabréf	42.824	44.304	14.038	(50.288)	(58.087)	12.208	(2.088)	2.911
Önnur hlutdeildarfélag	596	(875)	1.164				(11.746)	(10.861)
Annað (t.d. arður, gjaldryismunur)	(8.153)	15.813	(8.363)	(23.332)	(36.101)	(2.373)	31	(62.477)
Samtals	40.029	93.872	224.446	(285.423)	(147.073)	8.496	(31.522)	(97.176)

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis tók þátt í hlutafjárúkningum Íslenskra verðbréfa hf. á árinu 2006 og á stjórnarfundum í janúar var samþykkt að kaupa hlutafé fyrir um 20 milljónir króna. Í febrúar árið eftir samþykkti sparisjóðsstjórnin að kaupa hlutafé í Íslenskum verðbréfum hf. fyrir 18 milljónir króna. Í árslok 2009 samþykkti stjórnin að selja hlutabréf í Íslenskum verðbréfum fyrir 72 milljónir króna til Fræs ehf. en keypti þau síðan aftur í febrúar 2010.⁹⁹

Stærsta nýfjárfesting Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á tímabilinu var í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. en hún var samþykkt á stjórnarfundum í mars árið 2007. Á hlutahafafundi Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. 18. desember 2009 samþykktu hluthafar að afhenda allt hlutafé sitt í bankanum nýjum félögum, Hildu hf. og Sögu eignarhaldsfélagi


98. Byggt á sundurliðun frá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis sem afhent var rannsóknarnefndinni. Sundurliðun vegna ársins 2006 stemmir ekki fyllilega við ársreikning og munar þar um afkomu af Lóninu ehf.

99. Viðskipti sem þessi, sem gerð eru yfir áramót, hafa áhrif á þá mynd af efnahagi og rekstri sjóðsins sem dregin er upp í ársreikningi, sem og skýrsluskil fyrir áramótastöðu. Mörg dæmi eru um slíkt meðal sparisjóðanna og annarra fjármálastofnana. Með þessum viðskiptum hefði Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis gert slíkt hið sama. Á eiginfjárskýrslum vegna loka árs 2008 er frádráttur vegna Íslenskra verðbréfa hf. um 86 milljónir króna en ári síðar var frádrátturinn um 10 milljónir króna. Enginn frádráttur er vegna félagsins á öðrum eiginfjárskýrslum ársins 2009, en þær eru gerðar ársfjórðungslega. Í fyrstu skýrslu ársins 2010 er frádráttur vegna Íslenskra verðbréfa 82 milljónir króna. Hér er miðað við skýrslur samkvæmt Basel I, þ.e. ekki Coreþ skýrslurnar.

hf., gegn því að fá afhenta hluti í sömu félögum. Greiðsla skyldi nema einni krónu nafnverðs í hvoru félagi fyrir hvern 100 krónu hlut í fjárfestingarbankanum.¹⁰⁰ Eignin var að fullu færð niður á árinu 2011.

Af öllum fjáreignum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis hafði hluturinn í Sparisjóðabankanum mest áhrif á afkomu sparisjóðsins. Hagnaður vegna breytinga á verðmatsaðferðum á árinu 2007 og slakt gengi bankans á árinu 2008 höfðu sveiflukennd áhrif á rekstrarniðurstöðu sparisjóðsins á þessum árum. Svipaða sögu er að segja af eignarhlutum í VBS Fjárfestingarbanka hf. og Sparisjóðnum í Keflavík, en áhrif þeirra voru sýnu minni en áhrif Sparisjóðabankans. Sparisjóðurinn tapaði einnig á fjárfestingum í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og Protinus ehf. Frá 2005 til 2011 hagnaðist sparisjóðurinn um samtals 13 milljónir króna á eign sinni í Íslenskum verðbréfum hf. Þá tapaði hann um 11 milljónum króna á eign sinni í millilagslána sjóðnum Carta Capital sem margir minni sparisjóðir höfðu fjárfest í. Afkoma af veltuskuldabréfum sparisjóðsins árin 2005 og 2006 var rúmar 40 milljónir króna hvort ár en aðeins 14 milljónir króna árið 2007. Á árinu 2008 tapaði sparisjóðurinn um 90 milljónum króna á veltuskuldabréfum og um 58 milljónum króna árið 2009. Árið 2010 hafði sparisjóðurinn um 12 milljóna króna tekjur af skulda-
bréfum og 2 milljónir króna árið 2011.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.¹⁰¹



Afkoma af fjáreignum hafði töluvert að segja fyrir rekstrarniðurstöðu árána 2006–2009. Árið 2005 var hagnaður af rekstri sparisjóðsins borinn uppi af öðrum hreinum rekstrartekjum en af fjáreignum. Árið 2006 voru tekjur af fjáreignum og tekjur af öðrum liðum svipaðar en árið eftir varð umsnúningur tekjuöflun. Tekjur af fjáreignum jukust mikið, að mestu vegna breytinga á verðmatsaðferðum á eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum, en aðrar hreinar rekstrartekjur drógust saman. Afkoma ársins fyrir skatt nam 116 milljónum króna en tekjur af eignarhlut í Sparisjóðabankanum námu 132 milljónum króna á árinu. Tap af fjáreignum á árinu 2008 var rétt tæplega helmingur af tapi þess árs fyrir skatta og enn var það eignarhlutur í Sparisjóðabankanum sem hafði mest áhrif. Árið 2009 höfðu afskriftir útlána meira að segja í neikvæðri afkomu ársins en fjáreignir sem þó voru um 35% af tapi fyrir skatta. Árið 2010 sker sig úr en þá voru skuldir sparisjóðsins við Seðlabankann færðar niður sem hafði jákvæð áhrif á tekjur sjóðsins. Uppsafnaður hagnaður sparisjóðsins af verðbréfaeign á verðlagi ársins 2011 var um 550 milljónir króna frá 2001 til 2007 en samanlagt tap árána 2008–2011 nam 540 milljónum króna á sama verðlagi.

100. Bréf KPMG hf. til stjórnar Sögu eignarhaldsfélags hf. 22. janúar 2010.

101. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

Spurður um fjárfestingar sparisjóðsins, kvað fyrrum sparisjóðsstjóri enga sérstaka stefnu hafa legið þar til grundvallar. Sparisjóðurinn hefði gjarnan fjárfest á sameiginlegum vettvangi sparisjóðanna, til dæmis með því að eiga hlut í Sparisjóðabanka Íslands hf. og Tölvumiðstöð sparisjóðanna, en annars hefðu flestar fjárfestingar farið í gegnum Sparisjóðabankann eða Íslensk verðbréf hf. eða verið stýrt af þeim.¹⁰² Fyrrum stjórnarformaður sparisjóðsins staðfesti að Íslensk verðbréf hf. hefðu komið að umsjón verðbréfavíðskipta sparisjóðsins en annars hefðu þau verið í höndum sparisjóðsstjóra og akvarðanir lagðar fyrir stjórn.¹⁰³

28.4 Fjármögnun

Fjármögnun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á árunum 2005 til 2011 var einkum í formi innlána. Þau voru 64–98% allra skulda sparisjóðsins að undanskildu eigin fé, hæst var hlutfallið árin 2010 og 2011 og lægst árið 2008.¹⁰⁴ Hlutfall innlána af útlánum var á bilinu 109–272%. Aðrir skuldaliðir sem fjármögnuðu sparisjóðinn að einhverju ráði voru lántaka og víkjandi lán.

Tafla 23. Skuldir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í árslok 2005–2011.¹⁰⁵

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við fjármálafyrirtæki	1.104	1.576	1.400	2.708	914.680	–	–
Innlán samtals	1.296.940	1.650.028	1.838.709	2.162.707	2.262.587	2.330.239	2.245.788
Lántaka samtals	436.408	368.883	514.542	1.049.415	–	–	–
Aðrar skuldir	34.154	21.549	30.880	31.595	56.275	24.213	26.591
Reiknaðar skuldbindingar samtals	2.334	8.133	27.105	–	–	–	–
Víkjandi skuldir	–	60.397	104.738	120.939	132.684	19.063	19.993
Samtals	1.770.940	2.110.566	2.517.374	3.367.364	3.366.226	2.373.515	2.292.372

Bundin innlán voru að meðaltali 33% innlána í sparisjóðnum 2005–2011, mest 49% í mars og apríl 2005 og minnst 25% í júlí 2011.¹⁰⁶ Innlán heimila og einstaklinga voru að meðaltali 80% innlána og innlán fyrirtækja að meðaltali 13%.¹⁰⁷

Skuldir Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis við fjármálafyrirtæki námu 915 milljónum króna í árslok 2009 en þá var stærstum hluta langtímaskulda sparisjóðsins breytt í skammtímaskuldir. Sparisjóðurinn hafði verið fjármagnaður til langs tíma af Sparisjóðabankanum en með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda bankans frá 21. mars 2009 var skuldum sparisjóðanna við Sparisjóðabankann ráðstafað til Seðlabanka Íslands. Þær skuldir voru færðar sem skuldir við fjármálafyrirtæki árið 2009 en voru gerðar upp á árinu 2010 með samkomulagi við Seðlabankann um umbreytingu á hluta skulda í stofnfé og niðurfellingu annars hluta.¹⁰⁸

Lántaka Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis var að stærstum hluta vegna erlendar lán-töku hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. og voru fjármunirnir endurlánaðir til viðskiptavina sjóðsins.¹⁰⁹ Þessi lán hækkuðu mjög í kjölfar gengislækkunar íslensku krónunnar á árinu 2008. Sparisjóðurinn fékk fjármögnun frá Íbúðalánasjóði vegna húsnæðislána sinna á árunum 2004 og 2005 og gerði tvo lánasamninga við Íbúðalánasjóð. Sá fyrri var gerður í desember 2004 og var upphafleg lánsfjárhæð rúmar 95 milljónir króna. Þetta lán var í formi

102. Skýrsla Guðna Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

103. Skýrsla Kristínar Kristjánsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 11. apríl 2013.

104. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

105. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

106. Lausafjárfirlit Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, skýrsla sparisjóðsins sem skilað var til Seðlabanka Íslands mánaðarlega frá janúar 2005 til desember 2011.

107. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

108. Bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 8. mars 2010. Nánar er fjallað um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins síðar í þessum kafla.

109. Rammásamningur um lánsheimild í erlendum myntum milli Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðabanka Íslands hf., 22. desember 2004.

skuldabréfs en að baki því stóðu tólf lán í eigu sparisjóðsins. Seinni lánasamningurinn, sem gerður var í apríl 2005, var í sama formi en þar var lánsfjárhæðin rúm 41 milljón króna og stóðu sex lán í eigu sparisjóðsins að baki honum.¹¹⁰

Tafla 24. Lántaka Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í árslok 2005 til ársloka 2008.¹¹¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008
Seðlabanki Íslands daglán	–	–	–	103.439
Sparisjóðabanki Íslands daglán	145.888	–	–	–
Sparisjóðabanki Íslands erlend lánalína	129.982	221.930	394.315	779.752
Sparisjóðabanki Íslands verðtryggt lán	20.788	22.646	23.756	22.271
Íbúðalánasjóður	139.749	124.306	96.471	143.857
Samtals	436.407	368.882	514.542	1.049.319

Sparisjóðurinn gaf út tvö víkjandi skuldabréf á þessum tíma, hið fyrri í nóvember 2006 að nafnverði 60 milljónir króna, en hið síðara í október 2007 að nafnverði 40 milljónir króna.¹¹² Bæði bréfin voru verðtryggð til fimm ára, báru 7% ársvexti og voru keypt af Byggðastofnun. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sögðu fyrrum stjórnarformaður og sparisjóðs-stjóri tilgang þessarar lántöku hafa verið að bæta eiginfjárlutfall sparisjóðsins. Þegar þeim var bent á að sparisjóðurinn hefði ekki átt í miklum vandræðum með að uppfylla lágmarksskilyrði eiginfjárlutfalls án þeirra gáfu þau engar aðrar skýringar á lántökunni.¹¹³ Víkjandi skuldabréfunum var breytt í stofnfé við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Árið 2010 gaf Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis síðan út víkjandi skuldabréf að nafnverði 19 milljónir króna í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins í Seðlabankanum, en það bréf var keypt af Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf.

28.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Stofnfé Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fjórfaldaðist frá árinu 2001 til ársins 2008. Að mestu leyti var aukningin til komin vegna endurmats á stofnfé í samræmi við verðlagsbreytingar og sérstaks endurmats með heimild í lögum um fjármálafyrirtæki, en lítillega vegna innborgaðs stofnfjár á árunum 2003–2004. Arður var þó stundum greiddur í formi stofnfjár.

Tafla 25. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í lok árs 2005–2011.¹¹⁴

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé	1.136	0,4%	1.434	0,4%	1.754	0,4%	2.143	•	2.143	•	257.198	77,3%	257.198	90,1%
Varasjóður	290.648	99,6%	321.820	99,6%	418.626	99,6%	(106.923)	•	(479.901)	•	75.589	22,7%	28.316	9,9%
Eigið fé samtals	291.784	100,0%	323.254	100,0%	420.380	100,0%	(104.780)	•	(477.758)	•	332.787	100,0%	285.514	100,0%

Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins frá 2002 skyldi stofnfé ekki vera lægra en 210.000 krónur og skiptast í ekki færri en 105 hluti. Ári síðar var fjárhæðin hækkuð í 600.000 krónur og skiptast í ekki færri en 105 jafnháa hluti. Stjórn sparisjóðsins skyldi sjá til þess að stofnfjáreigendur yrðu aldrei færri en 30. Breytingar voru gerðar á samþykktunum 2007 þannig að 600.000 króna lágmarksstofnfé skiptist í margfeldi einnar krónu. Skipting í aðrar einingar var þó heimil með samþykki aðalfundar, en stofnfé gat hækkað í samræmi við heimildir í lögum, þ.e. með endurmati í samræmi við verðlagsbreytingar og sérstöku endurmati. Stofnfjáreigendur höfðu atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína, en engum var heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum, hvorki fyrir sína hönd né annarra, hvort sem byggt væri á beinni eða óbeinni hlutdeild í sparisjóðnum. Í samþykktum sparisjóðsins frá apríl 2011 voru gerðar ýmsar breytingar

110. Yfirlit lánasamninga Íbúðalánasjóðs við sparisjóði, útbúið af Íbúðalánasjóði, 3. júlí 2012. Nánar er fjallað um fjármögnun sparisjóðanna hjá Íbúðalánasjóði í 11. kafla.

111. Sundurliðun fengin frá sparisjóðnum sjálfum.

112. Í lok árs 2006 var eiginfjárlutfall sparisjóðsins 17,2% en hefði verið 14,5% ef víkjandi lán hefðu ekki verið til staðar. Í lok árs 2007 var eiginfjárlutfall sparisjóðsins 12,4% en hefði verið 8,4% ef víkjandi lán hefðu ekki verið til staðar.

113. Skýrsla Kristínar Kristjánsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 11. apríl 2013; skýrsla Guðna Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

114. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.

vegna aðkomu ríkisins að sparisjóðnum og í samræmi við lög nr. 76/2009, t.d. var ákvæði um hámark atkvæðamagns felld niður og skyldi atkvæðisréttur stofnfjáreigenda haldast í hendur við stofnfjáreign, en í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar sjóðsins eignaðist ríkissjóður 75,8% stofnfjár í sjóðnum. Fram til þess tíma var stofnfé afar lítt hluti eigin fjár sparisjóðsins.

Í lok ársins 2005 var stofnfé sparisjóðsins 1,1 milljón króna og jókst það jafnt og þétt fram til ársins 2008 þegar það var orðið 2,1 milljón króna. Á árunum 2005–2011 voru stofnfjáreigendur á bilinu 83 til 92 talsins, aðallega einstaklingar, en einnig áttu fjórir til sjö lögaðilar stofnfé á þessum árum. Á árunum 2005–2009 var nokkuð jöfn dreifing á stofnfjárhlutunum og áttu flestir stofnfjáreigendur aðeins einn hlut. Í árslok 2005 og 2006 átti einn einstaklingur 4,76% hlut sem var stærsti eignarhluturinn á tímabilinu 2005–2009 eða fimm hlutir. Lítil viðskipti voru með stofnfé frá árinu 2001 og fram til þess að ríkissjóður kom að sjóðnum árið 2010. Alls voru 24 nafnbreytingar samþykktar á stofnfjáreign í sparisjóðnum frá árinu 2001 til 2010. Flest viðskiptin voru á árinu 2007 eða 11 talsins.¹¹⁵ Nokkur hluti viðskiptanna varð vegna hugmynda og umræðu um sameiningu sparisjóðsins við Sparisjóðinn í Keflavík.

Tafla 26. Stærstu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis í árslok 2008–2010.¹¹⁶

	2008	2009	2010
Guðmundur Vilhjálmsson	2,86%	2,86%	0,02%
Guðni Öm Hauksson	2,86%	2,86%	0,02%
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	2,86%	2,86%	0,02%
Langanesbyggð	2,86%	2,86%	0,02%
Stefán Eggertsson	2,86%	2,86%	0,02%
Auðunn Haraldsson	1,90%	1,90%	0,02%
Ágúst Guðröðarson	1,90%	1,90%	0,02%
Geir hf.	1,90%	1,90%	0,02%
Guðmundur H. Sigurðsson	1,90%	1,90%	0,02%
Gunnar Þóroddsson	1,90%	1,90%	0,02%
Hilmar Þór Hilmarsson	1,90%	1,90%	0,02%
Ragnhildur Karlsdóttir	1,90%	1,90%	0,02%
Ríkissjóður Íslands (Bankasýsla)	–	–	40,82%
Byggðastofnun	–	–	35,01%
Tryggingasjóður sparisjóða	–	–	23,33%
Aðrir	72,38%	72,38%	0,60%
	100,00%	100,00%	100,00%

28.5.1 Sameiningarhugmyndir og tilraunir til stofnfjárukningar

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 22. ágúst 2007 var fjallað um erindi frá Sparisjóðnum í Keflavík um framtíð sparisjóðanna þar sem bent var á þörf á nánara samstarfi þeirra eða jafnvel sameiningu. Jafnframt var óskað eftir viðræðum við sparisjóðinn um þessi mál. Stjórnin tók þessari málaleitan vel og fól sparisjóðsstjóra að fá mat á verðmæti sparisjóðsins. Rúmum mánuði síðar mætti Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, á fund stjórnar sparisjóðsins. Á fundinum kom m.a. fram að sameiningarviðræðurnar næðu einnig til Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og að allir starfsmenn Sparisjóðs Þórshafnar héldu vinnu sinni og rekstur sparisjóðsins héldist í sama horfi og áður, yrði af sameiningunni. Á sama fundi var tekið fyrir erindi frá stjórnarformönnum Sparisjóðs Höfðhverfinga og Sparisjóðs Norðfjarðar þar sem hugmynd um sameiningu sjóðanna auk Sparisjóðs Suður-Þingeyinga var kynnt og boðað til fundar um málið 11. október.¹¹⁷ Stjórn sparisjóðsins sló þær hugmyndir út af borðinu í lok október þegar ákveðið var að taka ekki frekari þátt í sameiningarviðræðum þessara fjögurra sparisjóða á Norðausturlandi.¹¹⁸ Hins vegar var samkomulag um sameiningu Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðsins í Keflavík ásamt samrunaáætlun samþykkt á fundi stjórnar 16. nóvember 2007.

115. Samkvæmt listum yfir viðskipti með stofnfjárnafn frá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis.

116. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008–2010.

117. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 26. september 2007.

118. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 31. október 2007.

Hinn 4. desember 2007 fundaði stjórn sparisjóðsins með sveitarstjórnunum Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps vegna áforma um sameiningu Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðsins í Keflavík. Fundurinn var haldinn að ósk sveitarstjórnar Langanesbyggðar. Guðni Örn Hauksson sparisjóðsstjóri fjallaði um þær sameiningar sem orðið hefðu hjá sparisjóðunum. Minni sparisjóðir þyrftu að sameinast og sem ástæður fyrir því nefndi hann „minnkandi vaxtamun, hækkandi kostnað vegna tölvuþjónustu, erfiðari aðgang að fjármagni til þess að endurlána og fl.“¹¹⁹ Þá fjallaði hann um kosti sparisjóðsins í sameiningarmálum og kynnti sérstaklega Sparisjóðinn í Keflavík, starfsemi hans og áherslur. Þá kom fram að sjóður til líknar- og menningarmála upp á 70 milljónir króna yrði til í heimabyggð, alfarið í umsjá heimamanna. Næsta skref yrði að óska eftir því að auka stofnfé um allt að 500 milljónir króna. Í umræðum á fundinum kom fram að sameiningarhugleiðingar væru brýnar og nauðsynlegar en skiptar skoðanir voru um málið. Sumir töldu heldur geyst farið af stað og voru nokkrar áhyggjur af því að sparisjóðurinn færi úr stjórn heimamanna. Samkvæmt fundargerð voru þó flestir á því máli að breytinga væri þörf. Stjórn sparisjóðsins fundaði að nýju 12. desember þar sem unnið var að undirbúningi stofnfjáreigendafundar 21. desember og var í því sambandi rætt um kynningu á samrunaáætlunum, breytingar á samþykktum sjóðsins og aukningu stofnfjár. Sparisjóðsstjóri lagði fram bréf um boðun fundarins sem stjórnin samþykkti og fylgdi það fundarboði til stofnfjáreigenda.¹²⁰

Bréf stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis til stofnfjáreigenda í desember 2007

Undanfarin 63 ár hefur Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis starfað sem sjálfstæð fjármálastofnun og síðan 2006 hefur hann verið eina fjármálafyrirtækið með starfsstöð í N-Þingeyjarsýslu. Það er mat forráðamanna SP að starfsemin hafi stutt vel við fyrirtæki og íbúa svæðisins og hafi þjónustan verið sambærileg við það sem er í mun fjölmennari byggðarlögum.

Undanfarna mánuði höfum við skoðað rekstrarumhverfið og fylgst með því hvernig aðrir sparisjóðir hafa brugðist við breytingum á því. Við höfum skoðað hvaða kostir eru í stöðunni, hvað hentar rekstrinum best og hvað kemur sér best fyrir viðskiptavinum okkar. Sú ákvörðun sem við kynnum núna er niðurstaðan af þeirri vinnu.

Nokkrar staðreyndir:

Gríðarleg samþjöppun hefur orðið meðal sparisjóðanna frá aldamótum. 25 starfandi sparisjóðir ársins 2000 hafa meira og minna verið sameinaðir og eftir standa nú um 12 sjálfstæðir sjóðir:

1. Þeirra stærstir eru SPRON og Byr sparisjóður sem telja yfir 70% af viðskiptum og eignum sparisjóðanna. Þeir hafa tilkynnt að þeir taki lítinn sem engan þátt í samstarfinu lengur. Sparisjóðafjölskyldan er því ekki lengur til.
2. Sparisjóðurinn í Keflavík kemur næstur að stærð með um 14% og síðan Sparisjóður Mýrasýslu ásamt dóttursjóðum með um 8%.
3. Þá koma 8 minni sjóðir (SP þar á meðal) með samtals 8% af heildinni. Þeir hafa allir verið í sömu vinnu og SP í stefnumótunarmálum en ekki allir búnir að komast að niðurstöðu. Fyrirsjáanlega mun þeim fækka áfram með sameiningum á næstu mánuðum og eru viðræður í gangi hjá nokkrum þeirra.

Það er orðið mjög erfitt fyrir minnstu fjármálafyrirtækin að starfa sjálfstætt því löggjafinn og eftirlitsaðilar gera sífellt ríkari kröfur til fjármálafyrirtækja um fagbækkingu, innra eftirlit, aðskilnað starfa innan fyrirtækjanna, upplýsingagjöf gagnvart viðskiptavinum, neytendavernd, öryggi upplýsingakerfa og fleira. Minni fjármálafyrirtæki standa ekki undir kostnaði við mannhald og öðru því sem þessu fylgir. Að stærstum hluta kemur þetta til vegna samevrópskra reglna og af þeim er enginn afsláttur gefinn. Samvinna í mörgum þessum málum er nú auk þess bönnuð skv. samkeppnisreglum.

119. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 4. desember 2007; fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 21. desember 2007.

120. Tölvuskeyti Ragnars Þorgeirssonar til rannsóknarnefndarinnar 14. júní 2013.

Afkoman af hefðbundinni viðskiptastarfsemi er mun lakari en verið hefur og virðast þær breytingar vera varanlegar. Þar kemur bæði til aukin samkeppni í útlánnum og peningar til að endurlána eru það dýrir að vaxtamunur er nær horfinn. Þetta bitnar sérstaklega á þeim minnstu sem hafa nær enga möguleika til að fá sjálfir lán á erlendum og innlendum fjármagnsmörkuðum. Minni sparisjóðirnir hafa auk þess hvorki mannafla né markaðslega getu til að sækja sér þær þóknatekjur sem hafa tryggt stærri fjármálafyrirtækjum góða afkomu.

Samstarf sparisjóðanna hefur verið að minnka undanfarin ár og virðist nú hreinlega vera að ljúka. Við stóðum frammi fyrir því að standa ein á þessum breytingatímum án stuðnings Sparisjóðafjölskyldunnar og með mun verri afkomu en áður. Það hefði þýtt hraða hnignun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og við því varð að bregðast.

Hvað var til ráða?

Í ágúst síðastliðnum tilkynnti Sparisjóður Norðlendinga að hann stefndi að sameiningu við Byr sparisjóð. Með því varð ljóst að stór sameining sjóðanna á Norðurlandi var úr sögunni. Við skoðuðum þá mögulega sameiningu við nokkra nágrannasjóði okkar og hófum viðræður við þá. Niðurstaðan okkar var að þar væri ekki um varanlega lausn að ræða auk fleiri atriða sem að okkar mati gerðu málið erfiðara. Einnig fengum við beiðni frá Sparisjóðnum í Keflavík um að hittast með það að markmiði að reyna að ná stærri sameiningu landsbyggðarsjóða í gegn.

Eftir að hafa skoðað þessa kosti og útilokað aðra, þá varð það niðurstaðan að sameining við Sparisjóðinn í Keflavík væri farsælasta lausnin. Með því yrði til mjög öflugur landsbyggðarsjóður enda voru Spsj. Vestfirðinga auk Spsj. Húnaþings og Stranda þegar búnir að komast að sömu niðurstöðu. Þegar var búið að sameina Spsj. í Ólafsvík inn í Spkef, gekk það mjög vel og starfsemin í Ólafsvík var eflað til muna.

Forráðamenn Sparisjóðsins í Keflavík segja að nán tenging við heimabyggðina á Suðurnesjum hafi verið mikilvægasta auðlind Spkef. Útvíkkun þessarar hugmyndar til annarra landshluta skapi grunninn að nýrri Sparisjóðafjölskyldu sem sameinuð geti keppt við stóru bankana auk Byrs og SPRON. Sótt verði fram undir merkinu Sparisjóðurinn og það tengt við heimabyggð með því að segja t.d. Sparisjóðurinn á Þórshöfn, Sparisjóðurinn á Raufarhöfn o.s.frv.

Það er trú okkar að með því að taka þetta skref sé framtíð sparisjóðastarfsemi á starfssvæði okkar eins vel tryggð og hægt er að ábyrgjast nokkuð í dag. Við vonum að stofnfjáreigendur verði okkur sammála um að þetta hafi verið rétt ákvörðun.

Virðingarfyllst

Stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis

Í upphafi stofnfjáreigendafundarins 21. desember kynnti Kristín Kristjánsdóttir, stjórnarformaður sparisjóðsins, hugmyndir um samruna sparisjóðsins við Sparisjóðinn í Keflavík og setti þær í samhengi við þær breytingar sem orðið hefðu á sparisjóðnum. Stjórn hefði verið einhuga um samþykkt samrunaáætlunarinnar og kvaðst Kristín þess fullviss að sú leið væri sú besta sem til boða stæði og að óbreytt ástand hefði verið óhugsandi. Hún tók það fram að fundurinn væri til kynningar á samrunatillögum en ekki til að samþykkja hana. Hins vegar yrðu lagðar fyrir fundinn breytingartillögur á samþykktum sparisjóðsins sem nauðsynlegar þóttu til þess að af samrunanum gæti orðið, en á fundinum kom fram að það gæti orðið strax í janúarmánuði 2008. Tillögurnar fólu í sér breytingu á heildarstofnfé og skiptingu þess í margfeldi einnar krónu, eins og framar greinir, heimild til veðsetningar á stofnfé og heimild til stofnfjáraukningar.

Í umræðum um tillögurnar kom fram nokkur gagnrýni á það hvernig staðið hefði verið að samrunaáætluninni þar sem stjórnin virtist hafa verið búin að taka ákvörðun áður en hún yrði borin undir fund stofnfjáreigenda. Þá komu fram efasemdir um að staða Sparisjóðsins í Keflavík væri jafn sterk og af væri látið og ef til vill væri betri kostur að sameinast Sparisjóði Suður-Þingeyinga og Sparisjóði Norðfjarðar. Einn fundarmanna benti á að „markaðsvæðing“ sparisjóðsins gæti orðið til þess að stofnbréf yrðu seld „eftir að verðmiði [yrði] settur á þau og þá rofnar samstaðan um sparisjóðinn“. Hann bætti við: „Stofnfjár-

bréf á að vera atkvæðisréttur í sparisjóðnum en ekki féþúfa. Verði sparisjóðurinn lagður niður eiga eignir hans að renna til byggðarlagsins. Væri þá ekki betra að selja hann?“ Sparisjóðsstjóri svaraði athugasemdum meðal annars á þá leið að „flestir sparisjóðir væru búnir að gera umræddar breytingar og ekki ætti að vera neitt hættulegt að afgreiða þær núna“. Hann bætti því við að ef málinu yrði frestað myndi samrunaleiðin lokast. Þegar gengið var til atkvæða um tillögurnar voru tvær fyrstu tillögurnar samþykktar með afgerandi meiri hluta atkvæða en þriðja tillagan, um stofnfjárukningu, var felld með einu atkvæði.¹²¹

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu voru hugmyndir um samruna við Sparisjóðinn í Keflavík ekki úr sögunni. Á stjórnarfundum 9. janúar 2008 tók stjórn sparisjóðsins fyrir beiðni frá hópi stofnfjáreigenda, sem áttu samtals 34,3% stofnfjár, um að taka samrunaáætlunina til afgreiðslu. Stjórninni var skylt samkvæmt samþykktum sparisjóðsins að verða við þeirri ósk innan 14 daga og boðaði hún til stofnfjáreigendafundar sem haldinn var 19. janúar. Á fundinum var lögð fram tillaga um að Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis sameinaðist Sparisjóðnum í Keflavík undir nafni hins síðarnefnda og tæki samruninn gildi 30. júní 2007. Yrði sú tillaga samþykkt var lagt til að hækka stofnfé Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um allt að 400 milljónir króna að nafnvirði. Nokkrar umræður urðu á fundinum og skiptust menn á skoðunum. Meðal fundarmanna var Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, sem tók til máls, kynnti starfsemi og afkomu sparisjóðsins og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Hann taldi það „skyldu Sparisjóðsins í Keflavík að veita því forgöngu sem stærsti landsbyggðarsjóðurinn að reyna að þjappa sparisjóðunum á landsbyggðinni í einn öflugan sparisjóð með þétt net sparisjóða á landsbyggðinni“. Tillögurnar tvær sem lágu fyrir fundinum voru samþykktar með rúmlega ¾ hluta atkvæða.

Í maímánuði var farið að huga að stofnfjárukningunni auk þess sem sparisjóðsstjóra var falið að hefja undirbúning að stofnun líknar- og menningarsjóðs sparisjóðsins.¹²² Á fundi stjórnar 29. maí 2008 ákvað stjórnin að nýta heimild stofnfjáreigendafundar til aukningar stofnfjár um 400 milljónir króna að fullu, en það var í samræmi við viðauka við samrunaáætlun sparisjóðsins og Sparisjóðsins í Keflavík frá 30. janúar 2008. Ákveðið var að áskriftartímabilið yrði 10.–18. júní 2008 og greiðslufrestur til 30. júní. Stofnfjárútbóðið gekk ekki sem skyldi og á stjórnarfundum 25. júní kom fram að aðeins 46 af 86 stofnfjáreigendum hefðu skráð sig fyrir nýju stofnfé. Stjórnin ákvað því að framlengja áskriftartímabilið til 26. júlí 2008. Um sumarið framlengdi stjórnin síðan tímabilið tvívegis um mánuð í senn.¹²³ Á fundi sínum 25. september 2008 ákvað stjórnin svo að falla frá stofnfjárútbóðinu þar sem ekki hefði tekist að selja nægjanlega mikið stofnfé. Í fundargerð var jafnframt vísað til breyttra aðstæðna á fjármálamörkuðum frá því að ákveðið var að ráðast í stofnfjárútbóðið. Í því ljósi taldi stjórnin forsendur fyrir samruna við Sparisjóðinn í Keflavík brostnar en veitti á hinn bóginn sparisjóðsstjóra og stjórnarformanni fullt umboð til viðræðna við aðra sparisjóði um samstarf. Þá er greint frá því í fundargerð að „viðræður hafa verið undanfarnar vikur milli óháðu sparisjóðanna um hvernig háttá skal samstarfi þeirra á milli og hefur því verið lýst yfir að aðkomu okkar að þeim yrði vel tekið“. Í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni greindi Guðni Örn Hauksson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, frá rökum með og á móti því að sameinast Sparisjóðnum í Keflavík:

Menn held ég hafi verið í mjög erfiðri samkeppni við stóru bankana. Rekstrarkostnaður var orðinn hár í litlu sparisjóðunum, vaxtamunur var orðinn hverfandi lítill út af samkeppni og rekstrarhorfurnar ekkert of góðar. Einhverjir töldu líka hagnaðarvon í sambandi við möguleg viðskipti með stofnbref, seinna, og mæltu með þessu út af því. Já, menn sáu öflugan landsbyggðarsparisjóð sem væri mótvægi við höfuðborgarsvæðið og svo þær fjármálastofnanir sem voru þar. Og á móti sáu menn bara að menn misstu áhrifin í heimabyggð

„Steingrímur Sigfússon talaði næstur og sagðist alltaf hafa verið aðdáandi sparisjóðaformsins og þeirrar hugmyndafræði sem þeir byggjast á. Stofnfjáreigendur eru gæslumenn sjóðanna en ekki eigendur, sagði Steingrímur og að því miður hefðu nú margir sparisjóðir verið markaðsvæddir og væru komnir í eigu fjármagnseigenda. Það er mikill munur að vera með sjálfstæða bankastofnun, því fylgir atvinna, umsvif og vald í fjármögnun. Nú eru óvissutimar og stjórn sparisjóðsins að sjálfsögðu skylt að bregðast við því. Evrópureglur eru erfiðar enda sniðnar að stórum stofnunum. Það er til skoðunar að breyta þeim gagnvart minni stofnunum. Steingrímur sagði að mál Sparisjóðs Þórshafnar þyrfti meiri tíma og kanna ætti alla kosti sem til greina koma. Ekki má gleyma að samruni er óafturkræf ákvörðun. Ætti að halda íbúabæing, málið varðar alla íbúa ekki bara stofnfjáreigendur.“

Úr fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 21. desember 2007

121. Fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 21. desember 2007. Til að breyta samþykktum sjóðsins þurfti aukinn meiri hluta (2/3 hluta greiddra atkvæða) á stofnfjáreigendafundi, auk þess sem hinn aukni meiri hluti færi með 2/3 hluti þess stofnfjár sem farið var með atkvæði fyrir á fundinum, sbr. þágildandi 38. gr. samþykktu sparisjóðsins. Atkvæði féllu þannig að 63 sögðu já við tillögu um stofnfjárukningu en 33 sögðu nei. Af fundargerð má ráða að enginn hafi skilað auðu eða ógildu atkvæði.

122. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 6. maí 2008.

123. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 25. júlí 2008; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 28. ágúst 2008.

til að hafa áhrif á reksturinn og ýmsir höfðu ekki mikla trú á Sparisjóðnum í Keflavík og hvernig efnahagsreikningurinn hjá þeim var uppbyggður, sérstaklega gagnvart eignarhaldi þeirra í Exista og þessu dóti öllu sem eigið féð var byggt upp á.¹²⁴

Fall íslensku bankanna í október 2008 hafði sín áhrif á eiginfjárlutfall sparisjóðsins enda féllu eignir sparisjóðsins í verði með tilheyrandi áhrifum á eiginfjárgrunn sjóðsins. Fjármálaeftirlitið sendi sparisjóðnum bréf 22. október 2008 þar sem vísað var til þess að samkvæmt gögnum um efnahagsliði og eiginfjárstöðu sparisjóðsins og að teknu tilliti til rýrnunar á verðbréfaeign og útlánum hans í október 2008 virtist sem eiginfjárlutfallið væri undir því lágmarki sem kveðið væri á um í 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Því var óskað eftir reikningsuppgjöri, árituðu af endurskoðanda eigi síðar en 31. október með vísan til 2. mgr. 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá fór Fjármálaeftirlitið fram á að stjórn sparisjóðsins hugaði að því að grípa til þeirra ráðstafana sem getið væri í 3. mgr. 86. gr. laganna.¹²⁵ Samkvæmt eiginfjárskýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins var eiginfjárlutfallið 30. júní yfir 13% en í skýrslu sjóðsins um stöðuna 31. október 2008 var eiginfjárlutfallið orðið neikvætt um rúm 6%. Fjármálaeftirlitið sendi sparisjóðnum bréf 7. nóvember 2008 þar sem bent var á að samkvæmt uppgjöri sparisjóðsins miðað við 30. september 2008 hefði eiginfjárlutfallið þá verið neikvætt um 5,5%. Var því óskað eftir að stjórn sparisjóðsins gripi þegar til ráðstafana og skilaði greinargerð eigi síðar en 24. nóvember um það til hverra ráðstafna hún hygðist grípa. Þá var óskað upplýsinga um það hvort stjórnin hefði kannað hvort nýta mætti úrræði til fjárhagslegrar endurskipulagningar sjóðsins með vísan til 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki.¹²⁶ Þörfin á auknu eigin fé var því rík á þessum tíma og fékk hugmyndin um stofnfjárukningu aukinn byr undir vængi.

Á stofnfjäreigendafundi 25. nóvember 2008 var samþykkt heimild til að auka stofnfé um allt að 500 milljónir króna. Á fundinum sagði Kristín Kristjánsdóttir, stjórnarformaður sparisjóðsins, að til að tryggja rekstur sparisjóðsins þyrfti að auka stofnfé um 200 milljónir króna. Það væri erfitt en stjórn sparisjóðsins mundi leita allra leiða til að auka stofnfé sem allra fyrst. Þá reifaði hún hugmynd um sameiningu við Sparisjóð Suður-Þingeyinga sem stæði „nokkuð vel sem stendur“. Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, sat fundinn og flutti hugleiðingu um framtíð sparisjóðanna í ljósi þeirra umskipta sem orðið höfðu við fall bankanna. Guðjón kvað mörg tækifæri fyrir sparisjóðina felast í þessum nýju aðstæðum en miklu skipti að þeir stæðu saman: „Í neyðarlögum ríkisstjórnarinnar eru ákvæði þess efnis að heimildir eru fyrir því að sparisjóðnum verði veitt aðstoð þannig að pólitískur vilji er fyrir að styðja við bakið á sparisjóðnum.“ Sagði hann þá vinnu sem nú færi fram í stefnumótun sparisjóðanna miðast að nokkru við sameiningu þeirra með myndun „svæðasparisjóða þar sem hagsmunir og þarfir fólks á svæðunum eru hafðar að leiðarljósi“. Guðni Örn Hauksson sparisjóðsstjóri rakti mál sparisjóðsins og tók fram „að til að öðlast tiltrú Fjármálaeftirlitsins [væri skilýrði] að stofnfé [yrði] aukið og að stefnt [væri] að sameiningu við aðra sparisjóði“. Hann ræddi síðan um það „hvað hægt [væri] að gera til að auka stofnfé með það að markmiði að lifa af“. Síðar sagði hann „að Fjármálaeftirlitið [mundi] hafa mikið um það að segja hvort sparisjóður [væri] lífvænlegur. En krafa um sameiningu [lægi] fyrir“. Í umræðum á fundinum kom meðal annars fram sú skoðun að stofnfé yrði „opið öllum íbúum á svæðinu hér og í kringum Kópasker“ og var bent á að stofnfé stæði bæði einstaklingum og sveitarfélögum til boða. Tillagan um stofnfjárútbóðið var samþykkt með afgerandi meirihluta atkvæða á fundinum.¹²⁷

Á stjórnarfundi strax í kjölfar stofnfjäreigendafundarins ákvað stjórnin að nýta heimildina aðeins að hluta og bjóða út nýtt stofnfé að nafnvirði 300 milljóna króna og skyldi áskriftartímabilinu ljúka 8. desember 2008. Á fundinum var jafnframt ákveðið að stofnfjárloforð

124. Skýrsla Guðna Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

125. Í 3. mgr. 86. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki segir að komi fram í reikningsuppgjöri að eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skuli stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjäreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hygðist grípa af þessu tilefni. Greinargerð þessi skal afhent innan frests sem Fjármálaeftirlitið tiltekur.

126. Samkvæmt lokamálsliði ákvæðisins er með endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar með höfuðstöðvar á Íslandi átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

127. Fundargerð stofnfjäreigendafundar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 25. nóvember 2008.

yrðu ekki innheimt nema ríkissjóður legði til stofnfé¹²⁸ og yrði greiðsluseðill ekki sendur út fyrr en ljóst yrði með hvaða hætti ríkið kæmi að málinu.¹²⁹ Þremur dögum síðar kom fram á fundi stjórnar að bréf hefði verið sent til Tryggingasjóðs sparisjóðanna þar sem sótt hefði verið um 100 milljóna króna stofnfjárframlag úr sjóðnum. Þá var farið yfir efni bréfs til Fjármálaeftirlitsins um að unnið væri að því að hækka eiginfjárhlutfall sjóðsins.¹³⁰

Stofnfjárútboðið stóð yfir dagana 28. nóvember til 8. desember 2008 og söfnuðust 22,8 milljónir króna í útboðinu eða tæp 7% af því sem í boði var. Tóku 32 af þeim 88 stofnfjáreigendum sem voru á lista þátt í stofnfjárukningunni.¹³¹ Þar af voru sveitarfélögin Langanesbyggð og Svalbarðshreppur með stærstan hlut.¹³² Árangur stofnfjárukningarinnar olli vonbrigðum en var ef til vill skiljanlegur í ljósi ástands á fjármálamörkuðum á þeim tíma.¹³³ Áskriftir stofnfjárukningarinnar voru ekki innheimtar og varð því ekkert af henni.

Hinn 9. desember 2008 barst sparisjóðnum bréf þar sem Fjármálaeftirlitið fór fram á að sparisjóðurinn gripi þegar til aðgerða til þess að auka eiginfjárgrunn sinn að lögbundnu lágmarki fyrir 12. janúar 2009. Í bréfinu kom fram að Fjármálaeftirlitið taldi fyrirætlanir sparisjóðsins eins og þær hefðu verið kynntar duga til þess innan tímafrestsins. Í bréfinu sagði: „Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að líði framangreindur frestur án þess að aðgerðir sparisjóðsins hafi borið tilskilinn árangur verður ekki annað séð en að eftirlitinu beri að afturkalla starfsleyfi sparisjóðsins, sbr. 9. gr. [laga um fjármálafyrirtæki] og að þá taki við slitameðferð skv. B. hluta XII. kafla laganna.“ Stóð sparisjóðurinn því frammi fyrir miklum vanda en ákveðið var að „vinna hörðum höndum áfram að því að auka stofnfé sjóðsins“.¹³⁴ Þegar 12. janúar 2009 rann upp ákvað stjórn sparisjóðsins að sækja um lengri frest til Fjármálaeftirlitsins. Fulltrúar sparisjóðsins voru boðaðir á fund Fjármálaeftirlitsins 20. janúar en daginn áður var bókað á fundi stjórnar að hún væri sammála um að sækja um stofnfjárframlag úr ríkissjóði. Á stjórnarfundum 23. mars 2009 var farið yfir niðurstöður könnunar sem KPMG var fengið til að gera um eiginfjárstöðu sparisjóðsins og ljóst að auka þyrfti eigið fé. Þá var ákveðið á fundinum að fela formanni stjórnar og sparisjóðsstjóra að sækja um stofnfjárframlag til Fjárslu ríkisins í samræmi við fyrirliggjandi uppkast.

Samhliða tilraunum til að bæta eiginfjárhlutfall sparisjóðsins var haldið áfram að vinna að sameiningu við aðra sparisjóði. Á stjórnarfundum 6. janúar 2009 var samþykkt að fela Kristínu Kristjánsdóttur stjórnarformanni að hefja viðræður við Ara Teitsson, stjórnarformann Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, um sameiningu sparisjóðanna. Á stjórnarfundum 20. febrúar 2009 var lagt fram bréf sem sent hafði verið daginn áður til stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga þar sem óskað var eftir formlegum sameiningarviðræðum. Í marsmánuði skiptust stjórnir sjóðanna á ársreikningum og 27. apríl var haldinn sameiginlegur stjórnarfundur sparisjóðanna tveggja. Í kjölfar þess var Guðna Erni Haukssyni, sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, sagt upp störfum en hann beðinn um að vinna áfram meðan uppsagnarfresturinn liði.¹³⁵ Fyrir rannsóknarnefndinni greindi Guðni frá því að uppsögn hans hefði staðið í beinum tengslum við sameiningarviðræðurnar en þær drögust síðan á langinn.

Þetta dregst síðan allt saman varðandi það að klára þessa vinnu. Þetta var bara meira en menn héldu að taka til eftir hrúnið og þetta voru alls konar flækjur varðandi eignarhlut ríkisins hjá okkur. Það var einhvern tímann í lok árs 2009, þá var ég kallaður á fund hjá stjórn og beðinn um að fresta uppsögninni og gerður samningur við mig um að fresta henni um 6 mánuði.¹³⁶

128. Í samræmi við 2. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlög). Á þessum tíma var stjórn sparisjóðsins ekki búin að taka formlega ákvörðun um að sækja um eiginfjárframlag á grundvelli ákvæðisins.

129. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 25. nóvember 2008.

130. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 28. nóvember 2008.

131. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 28. desember 2008.

132. Bréf Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis til fjármálaráðuneytisins 25. mars 2009.

133. Sjá m.a. beiðni Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 25. mars 2009 til fjármálaráðuneytisins um eiginfjárframlag í samræmi við 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

134. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 18. desember 2008.

135. Skýrsla Guðna Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

136. Skýrsla Guðna Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. apríl 2013.

Lítið bar til tíðinda af sameiningarviðræðum um sumarið og haustið. Þegar kom að aðalfundi sparisjóðsins 7. desember 2009 var Ari Teitsson viðstaddur og urðu líflugar umræður um stöðu sparisjóðsins og framhald sameiningarviðræðnanna. Hörð gagnrýni kom fram á stjórn sparisjóðsins hvað rekstur og starfsmannahald snerti. Fram komu þrjú framboð gegn sitjandi stjórn en svo fór þó að hún var endurkjörin í heild sinni. Meginþorri fundarmanna lýsti sig fylgjandi sameiningu við Sparisjóð Suður-Þingeyinga ef til sameiningar kæmi á annað borð. Ari Teitsson skýrði stöðu mála í sameiningarviðræðunum og segir um það í fundargerð:

Ari fór yfir upphaf sparisjóðanna og líkti því umhverfi sem þá var að sumu leyti við umhverfið í dag, þ.e.a.s. lítið um innstreymi erlends fjármagns og að barist verði um lánsfé á næstunni. Ari taldi að endurfjármögnun sparisjóðanna verði að koma frá fólkinu s.s. að menn verði að fylkja sér um sparisjóðina en ríkisframlag sé ekki framtíðarlausn. Ari velti upp hugmyndum um sameiningu sparisjóða á Norðurlandi og það bæði smáa og stóra sameiningu, en nefndi einnig þann möguleika að leggja starfsemina niður og semja við ótengdan aðila um bankastarfsemi á svæðinu, og virtist þyrma yfir fundarmenn við þau orð.¹³⁷

Þrátt fyrir þann áhuga á sameiningu við Sparisjóð Suður-Þingeyinga sem fram kom á aðalfundinum bar sameiningarmál ekki á góma á stjórnarfundum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fyrr en 9. maí 2011 en þá var fært til bókar, í tilefni af umræðu um tillögur vinnuhóps um framtíð sparisjóðanna sem lagðar voru fram á fundinum, að „[f]yrstu hugmyndir“ stjórnar sparisjóðsins í sameiningarmálum væru að „leita aukins samstarfs eða sameiningar við Sparisjóð Höfðhverfinga, Sparisjóð S-Þingeyinga og Sparisjóð Norðfjarðar. Með því fengist öflug heild á stóru svæði“. Á næsta stjórnarfundum 3. júní 2011 var aftur á móti fært til bókar að „óformleg samtöl“ um sameiningu hefðu átt sér stað við fulltrúa Sparisjóðs Höfðhverfinga, Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og Sparisjóðs Svarfdæla. Nefnt hefði verið „hvort Sparisjóður Norðfjarðar kæmi að því borði, og jafnvel Vestmannaeyingar líka“. Á stjórnarfundum 21. júlí 2011 kom svo fram að Sparisjóður Svarfdæla hefði dregið sig út úr sameiningarviðræðum og ákveðið var að fresta viðræðum við Sparisjóð Suður-Þingeyinga „þar til 6 mánaða uppgjör [lægi] fyrir“.

Sameiningarhugmyndir héldu áfram og náðu hugmyndir um samruna við Sparisjóð Suður-Þingeyinga svo langt að undirrituð var samrunaáætlun sparisjóðanna 20. september 2012. Þegar til kom hafnaði Fjármálaeftirlitið samrunaáætluninni á þeirri forsendu að hún stæðist ekki lög.¹³⁸ Á fundi stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 30. janúar 2013 var rætt um þessa niðurstöðu og fram kom að formlegt svar frá Fjármálaeftirlitinu hefði raunar ekki borist. Hins vegar greindi Hólmgeir Karlsson stjórnarformaður sparisjóðsins frá því að sent hefði verið tölvuskeyti til forsvarsmanna Sparisjóðs Svarfdæla þar sem óskað var eftir viðræðum um sameiningu. Svar hefði borist frá stjórnarformanni Sparisjóðs Svarfdæla þar sem m.a. kom fram að sameiningarviðræðum sparisjóðsins við Sparisjóð Höfðhverfinga hefði verið slitið og að áhugi væri fyrir viðræðum við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis. Sameiningarviðræðurnar gengu hratt fyrir sig og á stjórnarfundum Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 20. mars 2013 kom fram að samrunaáætlun hefði verið undirrituð og send Bankasýslu ríkisins. Hinn 6. júlí 2013 var svo greint frá því í fjölmiðlum að sparisjóðirnir tveir hefðu sameinast undir nafninu Sparisjóður Norðlendinga.

28.6 Fjárhagsleg endurskipulagning

Í upphafi árs 2008 var staða Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis ágæt. Hagnaður af rekstri sjóðsins árið 2007 nam 97 milljónum króna, eigið fé sjóðsins nam rúmum 420 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 12,4%. Engu að síður fór sjóðurinn ekki varhluta af þeirri þróun sem varð á fjármálamörkuðum á árinu 2008 og hafði fall íslensku viðskiptabankanna mikil áhrif á Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis sem og aðra sparisjóði í landinu. Sam-

137. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 7. desember 2009.

138. Sjá nánari umfjöllun um þessi atriði í 27. kafla, um Sparisjóð Suður-Þingeyinga.

kvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 nam tap á rekstri sparisjóðsins tæpum 525 milljónum króna. Bókfært eigið fé sparisjóðsins í árslok 2008 var neikvætt um tæpar 105 milljónir króna og reiknað eiginfjárhlutfall neikvætt um 11,7%.

Í því skyni að kanna áhrif bankahrunsins á fjárhagsstöðu og eiginfjárhlutfall Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fór Fjármálaeftirlitið fram á að sparisjóðurinn skilaði reikningsuppgjöri fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2008 og skyldi tekið tilliti til hugsanlegrar rýrnunar á verðbréfaeign og útlánum sparisjóðsins í október 2008.¹³⁹ Reikningsuppgjörið leiddi í ljós að eiginfjárstaða sparisjóðsins var slæm, en eiginfjárhlutfallið var neikvætt um 5,5% og því undir lögbundnu lágmarki. Hinn 7. nóvember óskaði Fjármálaeftirlitið eftir greinargerð frá sparisjóðnum um þær ráðstafanir sem hann hygðist grípa til af því tilefni.¹⁴⁰

Í greinargerð sparisjóðsins 1. desember 2008 kom fram að tillögur endurskoðenda væru í fyrsta lagi að „auka stofnfé og þá einnig hugsanlega einnig víkjandi lán“, í öðru lagi að selja eignarhluti í fjármála fyrirtækjum og í þriðja lagi að lækka áhættugrunn sparisjóðsins, til dæmis með því að selja Íbúðalánasjóði íbúðalán sparisjóðsins. Sambland þessara þriggja leiða var talið heppilegast. Sparisjóðurinn hafði þegar hafið undirbúning stofnfjárukningar og kannað sölu á eignarhlutum sínum í fjármála fyrirtækjum en markaðir voru erfiðir. Á fundi stofnfjáreigenda 25. nóvember 2008 var samþykkt heimild til að auka stofnfé um allt að 500 milljónir króna að nafnverði og ákvað stjórn sparisjóðsins samdægurs að auka stofnfé um allt að 300 milljónir króna, en í stofnfjárútbodinu bárust aðeins loforð fyrir tæpum 23 milljónum króna að nafnverði. Þá var jafnframt ákveðið að stofnfjárloforð yrðu ekki innheimt nema ríkissjóður legði til stofnfé¹⁴¹ og yrði greiðsluseðill ekki sendur út fyrr en ljóst yrði með hvaða hætti ríkið kæmi að málinu.¹⁴² Þannig yrði tryggt að einstaklingar, sveitarfélög og fyrirtæki væru að kaupa stofnfé í sparisjóði sem væri yfir lögbundnum eiginfjármörkum og rekstrarhæfur. Jafnframt var leitað til Tryggingasjóðs sparisjóða og sótti sparisjóðurinn um 100 milljóna króna stofnfjárframlag. Í greinargerð sparisjóðsins var bent á þann möguleika að stórum hluta skuldar sparisjóðsins við Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna ádráttarlínu erlendrar myntar yrði breytt í stofnfé eða afskrifað, annaðhvort með frjálsum samningi eða með formlegum nauðasamningi.¹⁴³

28.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag

Hinn 25. mars 2009 sótti Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis um eiginfjárframlag á grundvelli laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Óskaði sparisjóðurinn eftir eiginfjárframlagi sem næmi allt að 20% af bókfærðu eigin fé eins og það var við árslok 2007, en bókfært eigið fé nam 420 milljónum króna á þeim tíma og var því óskað eftir 84 milljónum króna eiginfjárframlagi. Í umsókn sparisjóðsins kom fram að auk loforða um kaup á stofnfé sem bárust í stofnfjárútbóði í desember 2008, 23 milljónir króna, hefði Tryggingasjóður sparisjóða samþykkt að kaupa stofnfé fyrir 40 milljónir króna og allt að 70 milljónum króna til þrautavara. Þá hefði Bygðastofnun samþykkt að kaupa stofnfé fyrir 70 milljónir króna og greiða fyrir það með hlutabréfum í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf.¹⁴⁴ Tilboðið var skilyrt því að fjárhagsleg endurskipulagning tækist. Sparisjóðurinn hafði óskað eftir því við Sparisjóðabankann að breyta hluta af ádráttarlínu í erlendra mynt í stofnfé, 50–80 milljónum króna, en svar bankans hafði ekki borist þegar hann féll 21. mars. Í umsókninni kom fram að alls væri um 213 milljóna króna nýtt stofnfé að ræða og legði ríkissjóður til 84 milljónir króna, yrði heildarstofnfé sparisjóðsins tæpar 300 milljónir króna.¹⁴⁵

139. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 22. október 2008.

140. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 7. nóvember 2008.

141. Sbr. 2. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlög). Á þessum tíma var stjórn sparisjóðsins ekki búin að taka formlega ákvörðun um að sækja um eiginfjárframlag á grundvelli ákvæðisins.

142. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 25. nóvember 2008.

143. Bréf Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 1. desember 2008. Í athugasemdamynd Ragnars Þorgeirssonar sparisjóðsstjóra og Kristínar Kristjánsdóttur stjórnarmanns til rannsóknarnefndarinnar 28. október 2013 kom fram að þessi viðskipti hefðu ekki gengið eftir.

144. Verð á Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf. var miðað við hluta Bygðastofnunar í eigin fé félagsins sem var 19,2% og reiknaðist því um 70 milljónir króna.

145. Bréf Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis til fjármálaráðuneytisins 25. mars 2009.

Í staðfestingu KPMG, endurskoðanda sparisjóðsins sem fylgdi umsókninni kom fram að miðað við stöðu sparisjóðsins þyrfti eiginfjárgrunnur hans að vera 400 milljónum króna hærri til þess að eiginfjárhlutfallið næði lögbundnu lágmarki, eða 8%. Í staðfestingunni sagði einnig:

Eigið fé sjóðsins í árslok 2008 var neikvætt um 83 millj. kr., eins og áður hefur komið fram, og var eiginfjárhlutfall sjóðsins á sama tíma neikvætt um 10,8%. Bókfærð staða víkjandi lána nemur 121 millj. kr. og nýttist sú fjárhæð ekkert við útreikning á eiginfjárhlutfalli í árslok. Stjórn sparisjóðsins hefur unnið að því að styrkja eiginfjárgrunn sinn og hefur í því sambandi fengið vilyrði fyrir nýju stofnfé samtals að fjárhæð 163 millj.kr.¹⁴⁶ Jafnframt hefur verið samið við félag í eigu sveitarfélagsins Langanesbyggð um að veita sjóðnum sölurétt á eignarhlut sínum í Íslenskum verðbréfum hf. Það hefur þau áhrif að skerðing vegna eignarhluta í fjármálfyrirtækjum lækkar um 86,4 millj. kr. sem um leið styrkir eiginfjárgrunn sparisjóðsins. Þá hefur aukning á stofnfé og nýting á víkjandi láni þau áhrif að frádráttur lækkar um 12,1 millj.kr. en samtals nemur því lækkunin um 98,5 millj. kr. Að lokum er gert ráð fyrir framlagi frá ríkinu, samtals að fjárhæð 84 millj.kr. Samtals nemur því hækkun á eiginfjárgrunni um 333 millj. kr. en að teknu tilliti til víkjandi lána að fjárhæð 82 millj. kr. og lækkun á frádrætti vegna fjárfestinga í fjármálfyrirtækjum nemur hækkun eiginfjárgrunns samtals 440,4 millj.kr.

Þrátt fyrir þetta var ljóst að sparisjóðurinn uppfyllti ekki ákvæði í reglum um framlag til sparisjóða um 12% eiginfjárhlutfall, þar sem eiginfjárhlutfall hans færi aðeins upp í 9,92% við þessar aðgerðir. Engu að síður óskaði Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis eftir því að umsókn hans yrði tekin til afgreiðslu eins og fullgild umsókn.¹⁴⁷

Beiðni sparisjóðsins var vísað til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka til umsagnar 26. mars 2009. Yfirferð Fjármálaeftirlitsins á umsókn sparisjóðsins staðfesti að sparisjóðurinn uppfyllti ekki skilyrði um 12% lágmarkseiginfjárhlutfall að meðtöldu 20% eiginfjárframlagi ríkissjóðs. Í tölvupóstsamskiptum Ólafs Orrasonar, starfsmanns Fjármálaeftirlitsins, við Guðna Örn Hauksson sparisjóðsstjóra kom fram að unnið væri að því að sameina Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis Sparisjóði Suður-Þingeyinga, boðað hefði verið til fundar stjórna beggja sparisjóða og mikill vilji væri fyrir sameiningu. Taldi sparisjóðsstjórinn að eftir fundinn myndi liggja fyrir viljayfirlýsing um sameiningu og í kjölfarið myndi sameinaður sparisjóður sækja um 20% eiginfjárframlag. Óskað Guðni eftir því að Fjármálaeftirlitið biði með umsögn sína þar til eftir fundinn.¹⁴⁸ Sameiningin kom þó ekki til framkvæmda og ekkert varð af því að Fjármálaeftirlitið veitti fjármálaráðuneytinu umsögn um umsókn Sparisjóðs Þórshafnar um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.

Seðlabanki Íslands sendi fjármálaráðuneytinu sameiginlega umsögn um umsóknir sparisjóðanna um eiginfjárframlag úr ríkissjóði 21. apríl 2009. Í umsögn sinni lagði Seðlabanki Íslands ríka áherslu á að breytingar yrðu gerðar á yfirstjórn viðkomandi fjármálfyrirtækja, þar sem það ætti við, að framtíðar arðgreiðslur yrðu takmörkunum háðar og að nýjar viðskiptaáætlanir myndu liggja fyrir. Þá lagði Seðlabankinn áherslu á að leitað yrði leiða til að fá fleiri aðila til að leggja sparisjóðunum til nýtt eigið fé, til að styrkja þá og dreifa eignarhaldi, og að tryggt yrði að fyrirliggjandi tap yrði borið af þáverandi eigendum áður en ríkið myndi leggja til nýtt eigið fé. Mikilvægt væri að Fjármálaeftirlitið og endurskoðendur sparisjóðanna myndu meta eigið fé þeirra og að það yrði fært niður eins og þörf væri á, áður en ríkissjóður legði til nýtt eigið fé.¹⁴⁹

28.6.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar

Fjármálaráðuneytið fór fram á að sparisjóðir sem sóttu um eiginfjárframlag úr ríkissjóði fengju óháð endurskoðunarfyrrtæki til að yfirfara reikninga sína og verðmæti eigna. PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera fjárhagslega áreiðanleikakönnun á

146. Sparisjóðurinn segir í umsókn sinni að um 213 milljóna króna nýtt stofnfé sé að ræða, en í staðfestingu endurskoðanda segir að fjárhæðin nemi 163 milljónum króna. Mismuninn viðist mega rekja til þess að endurskoðandi reikni ekki með hugsanlegri formbreytingu krafna Sparisjóðabanka Íslands hf.

147. Bréf KPMG hf. til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 25. mars 2009.

148. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009.

149. Bréf Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009. Nánar er fjallað um umsögn Seðlabankans um umsóknir sparisjóðanna í 13. kafla.

ákveðnum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og skilaði það skýrslu sinni 23. júní 2009. Helstu niðurstöður PricewaterhouseCoopers voru á þá leið að virðisrýrnun eigna væri meiri en sparisjóðurinn hefði gert ráð fyrir í ársreikningi fyrir árið 2008 sem nam 172 milljónum króna eða 156 milljónum króna að teknu tilliti til skattáhrifa. Eigið fé sparisjóðsins væri því neikvætt um 260 milljónir króna að teknu tilliti til skattáhrifa.¹⁵⁰

Áhrif frekari niðurfærslu útlána voru þau að eiginfjárlutfallið varð neikvætt um 17,2%. Til þess að eiginfjárlutfall sparisjóðsins næði lágmarksviðmiði reglna um framlag til sparisjóða, eða 12%, þyrfti eigið fé að hækka um 669 milljónir króna.¹⁵¹ Til frekari endurskipulagningar á fjárhag sparisjóðsins þurfti því að koma áður en hann gæti fengið eiginfjárframlag úr ríkissjóði.

Með bréfi 22. júní 2009 veitti Fjármálaeftirlitið Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis frest til 10. júlí 2009 til að auka við eiginfjárgrunn sinn. Í bréfinu var vísað til þess að samkvæmt ársuppgjöri fyrir árið 2008 var eiginfjárgrunnur sparisjóðsins neikvæður um 251 milljón króna og eiginfjárlutfall sparisjóðsins neikvætt um 11,7%. Þá var vísað til eiginfjárskýrslu sparisjóðsins miðað við 31. mars 2009 þegar eiginfjárlutfall sparisjóðsins var neikvætt um 7,4%. Í bréfinu vísaði Fjármálaeftirlitið til þegar fram lagðrar greinargerðar sparisjóðsins.¹⁵²

Tafla 27. Virðisrýrnun samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers hf.¹⁵³

Pús. kr.	Bókfærð staða 31.12.2008	Niðurfærsla Spari- sjóðs Þórshafnar og nágr.	Mat PwC á niðurfærslu	Mismunur
Útlán til 25 stærstu	1.000.411	221.800	303.011	81.211
Önnur útlán	813.104	93.532	110.996	17.464
Útlán samtals	1.813.515	315.332	414.008	98.676
Skuldabréf og önnur verðbréf, fastar tekjur	161.100	–	11.129	11.129
Hlutabréf og önnur verðbréf, breyttil. tekjur	465.381	–	75.265	75.265
Hlutir í hlutdeildarfélögum	5.588	–	(13.000)	(13.000)
Skatteign	77.198	–	–	–
Samtals	2.522.782	315.332	487.402	172.070
Tekjuskattshagræði (15%)	–	–	–	(16.471)
Samtals eignaliðir skoðaðir (77% af EH)	2.522.782	315.332	487.402	155.599

Stjórnendur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis hófu þegar vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins og á stjórnarfundum 1. júlí 2009 kom fram að gengið hefði verið frá samningi um aðkomu Saga Capital Fjárfestingarbanka að þeirri vinnu. Í aðgerðaáætlun Saga Capital fyrir sparisjóðinn, sem lögð var fram á fundinum, kom fram að stefnt væri að því að eiginfjárgrunnur sparisjóðsins yrði 350 milljónir króna eða 550 milljónir króna með víkjandi lánum og eiginfjárlutfallið nálægt 17% að teknu tilliti til niðurfærslna PricewaterhouseCoopers hf. Í áætluninni var ráðgert að semja við kröfuhafa, meðal annars um formbreytingu lána hjá Sparisjóðabanka Íslands hf.¹⁵⁴ Þá yrði víkjandi láni Byggðastofnunar að fjárhæð 126 milljónir króna breytt í stofnfé. Fyrir lá að Byggðastofnun hafði samþykkt að kaupa stofnfé fyrir 70 milljónir króna sem greitt skyldi með hlutabréfum í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf. en óljóst var hvort af þeim kaupum yrði ef víkjandi láni yrði breytt í stofnfé. Saga Capital skyldi finna fjárfesta fyrir 125 milljóna króna stofnfjárukningu, en reiknað var með aðkomu Tryggingasjóðs sparisjóða og aðkomu þáverandi stofnfjárhafa. Þá gerði aðgerðaáætlunin ráð fyrir að ekki yrði farið fram á beint ríkisframlag.¹⁵⁵

150. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 23. júní 2009.

151. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 23. júní 2009.

152. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 22. júní 2009.

153. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 23. júní 2009.

154. Kröfur Sparisjóðabanka Íslands hf. á hendur Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis voru fluttar til Seðlabanka Íslands með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf. 21. mars 2009.

155. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 1. júlí 2009; aðgerðaáætlun Saga Capital vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóðsins, lögð fram á stjórnarfundum 1. júlí 2009.

Hinn 8. júlí 2009 fór Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis fram á að Fjármálaeftirlitið framlengdi frest sparisjóðsins til að auka við eiginfjárgrunn sinn með vísan til aðgerða-áætlunar sparisjóðsins. Samþykkti Fjármálaeftirlitið að framlengja frest sparisjóðsins til 31. júlí en þá átti að liggja fyrir hvort lánardrottinn sparisjóðsins hefðu tekið jákvætt í þær hugmyndir sem raktar voru í áætluninni.¹⁵⁶

Í bréfi Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 30. júlí 2009 var enn óskað eftir framlengingu á fresti sparisjóðsins og vísað til þess að viðræður við kröfuhafa stæðu yfir. Í bréfinu segir:

Aðkoma Bygðastofnunar er hins vegar óljós þar sem ákvarðanir um mál Bygðastofnunar virðast nú liggja hjá Fjármálaráðuneytinu. Þrátt fyrir töluverða pressu um lausn mála, er enn ekki ljóst hvort krafa Sparisjóðabankans liggja hjá Seðlabankanum, fjármálaráðuneytinu, eða færast aftur í Sparisjóðabankann.¹⁵⁷

Með vísan til þess að ekki lá fyrir hvort lánardrottinn sparisjóðsins hefðu tekið jákvætt í þær hugmyndir sem raktar voru í áætlun sparisjóðsins og þess að ekki lægi fyrir hverjir færu með kröfu Sparisjóðabanka Íslands á hendur sparisjóðnum samþykkti Fjármálaeftirlitið að framlengja frest sparisjóðsins til 7. ágúst 2009.¹⁵⁸ Fresturinn var síðar ítrekað framlengdur, síðast til 22. júní 2010.

Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða, þegar ljóst var að sparisjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparisjóða.¹⁵⁹ Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðunum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis, sem námu rúmum 874 milljónum króna.¹⁶⁰ Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparisjóðunum tillögu um meðferð krafna á hendur sparisjóðunum og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn. Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn síðan sparisjóðunum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹⁶¹ Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárhlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹⁶²

Sparisjóðurinn sendi Fjármálaeftirlitinu útreikninga vegna skilyrða þess um eigin- og lausafjárkröfur þess 17. mars 2010. Yfirferð Fjármálaeftirlitsins gaf ekki tilefni til annars en að álykta að sparisjóðurinn stæðist gerðar kröfur eftir fjárhagslega endurskipulagningu og samþykkti því, miðað við fyrirbyggjandi gögn, að Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis gengi til endanlegra samninga við Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu.¹⁶³

28.6.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis lagði fram tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu 8. mars 2010. Tillaga sparisjóðsins fól í fyrsta lagi í sér að víkjandi láni Bygðastofnunar að fjárhæð 132,7 milljónir króna yrði breytt í stofnfé; í öðru lagi myndi Seðlabanki Íslands afskrifa 561 milljón króna og breyta síðan 250 milljónum króna af kröfu sinni í stofnfé og eftirstöðvum kröfunnar, eða 106 milljónum króna, í víkjandi lán. Að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni yrði eigið fé sparisjóðsins tæplega 341 milljón króna og eiginfjárhlutfallið 17,7%. Þá miðaðist tillagan við að Seðlabankinn gæfi eftir hluta

156. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 13. júlí 2009.

157. Bréf Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 30. júlí 2009.

158. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 31. júlí 2009.

159. Bréf Seðlabanka Íslands til sparisjóða 8. september 2009.

160. Minnisblað Seðlabanka Íslands um vinnu með kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðunum, 21. ágúst 2009.

161. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um bréf Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

162. Bréf Fjármálaeftirlitsins til sparisjóða 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

163. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 24. mars 2010.

stofnfjár þannig að stofnfjárhafar héldu 10% hlut af stofnfé. Til stuðnings tillögu sinni vísaði sparisjóðurinn til þess að ella ættu stofnfjárhafar aðeins um 0,6% hlut í sjóðnum að endurskipulagningu lokinni.¹⁶⁴

Seðlabanki Íslands óskaði eftir þeirri breytingu á tilboði sparisjóðsins að stofnfjárhafar myndu, eftir fjárhagslega endurskipulagningu, ekki eiga meira en 5% af heildarstofnfé sparisjóðsins en samþykkti áætlunina að öðru leyti, þó með fyrirvara um samþykki annarra kröfuhafa og Fjármálaeftirlitsins.¹⁶⁵ Áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna voru einnig háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem samþykkti áformin 21. júní 2010.¹⁶⁶

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, varðandi lög-
mæti lánsskuldbindinga í íslenskum krónum tengdra gengi erlendra gjaldmiðla, sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafyrirtækjum tilmæli vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða hinn 30. júní 2010. Í kjölfarið var fjármálafyrirtækjum gert að endurmeta eiginfjárþörf sína í ljósi þeirra aðstæðna og tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur hefði í för með sér.¹⁶⁷

Í skýrslu KPMG hf., fyrir hönd sparisjóðsins, til Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirspurnar um óvissu um bókfært virði gengisbundinna útlána kom fram að við mat á áhrifum dóma Hæstaréttar á eigið fé sparisjóðsins hefði verið miðað við áætlað eigið fé sparisjóðsins að teknu tilliti til samnings við Seðlabanka Íslands. Miðað við þær forsendur myndi eigið fé sparisjóðsins lækka um 78 til 153 milljónir króna eftir því við hvaða vaxtaforsendur væri miðað, og yrði eiginfjárlutfallið þá á bilinu 14,5–18,4%. Væri miðað við sömu forsendur og í samningum við Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu, það er að eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum væru dregnir frá að fullu, myndi eiginfjárlutfallið lækka um 2% og yrði á bilinu 12,7–16,3%.¹⁶⁸ Því þurfti að endurskoða fyrri áætlun sparisjóðsins um fjárhagslega endurskipulagningu.

Sparisjóðurinn lagði fram uppfærða áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu 16. desember 2010. Þar sagði að eigið fé sparisjóðsins væri neikvætt um tæplega 580 milljónir króna og eiginfjárlutfallið neikvætt um 48,5%. Endurskipulagningarform sparisjóðsins fólu í sér, í fyrsta lagi að gjaldfæra yrði 41 milljón króna vegna ólögmetra erlendra lána sparisjóðsins; í öðru lagi að Bygðastofnun breytti 136,5 milljóna króna víkjandi láni í stofnfé; í þriðja lagi að Seðlabankinn afskrifaði rúmlega 751 milljón króna og breytti 105 milljónum króna af kröfu sinni í stofnfé; í fjórða lagi kæmi inn nýtt stofnfé frá Tryggingasjóði sparisjóða; og í fimmta lagi tæki sparisjóðurinn nýtt 19 milljóna króna víkjandi lán hjá Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu yrði eignarhald sparisjóðsins með þeim hætti að Seðlabanki Íslands ætti 40,67%, Bygðastofnun 35,25%, Tryggingarsjóður sparisjóða 23,24% og stofnfjäreigendur 0,83%.¹⁶⁹

Fjármálaeftirlitið staðfesti 17. desember 2010 fyrra samþykki sitt frá 24. mars 2010 um að kröfum þess varðandi fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis hefði verið fullnægt en Fjármálaeftirlitið hafði farið fram á það 8. febrúar 2010 að sparisjóðurinn sýndi fram á að hann gæti uppfyllt skilyrði eftirlitsins um eiginfjárlutfall næstu þrjú árin. Í endurnýjuðu samþykki Fjármálaeftirlitsins var þó bent á að lítið svigrúm væri í áætlunum sparisjóðsins:

Sparisjóðurinn stefnir á að skila hagnaði fyrir árið 2011. Sjóðurinn skilaði inn undirritaðri yfirlýsingu, dags. 15. desember 2010, þar sem staðfest er að áætlunin sé gerð eftir bestu vitund sjóðsins. Í yfirlýsingunni kemur fram hvaða þættir í rekstri sparisjóðsins horfi til

164. Áætlun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um fjárhagslega endurskipulagningu, 8. mars 2010.

165. Bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 8. mars 2010.

166. Nánari umfjöllun um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er í 13. kafla.

167. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálafyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>. Nánari umfjöllun er að finna í 13. kafla.

168. Skýrsla KPMG hf. vegna óvissu um bókfært virði gengisbundinna útlána, ágúst 2010.

169. Áætlun Sparisjóðs Þórshafnar um fjárhagslega endurskipulagningu, uppfærð áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins, 16. desember 2010.

batnaðar fyrir hann. Fjármálaeftirlitið telur raunhæft m.v. fyrirbyggjandi upplýsingar að sparisjóðurinn nái markmiðum sínum en ljóst er að lítið má út af bera til þess að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins fari undir þau mörk sem eftirlitið setur.¹⁷⁰

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis og Seðlabanki Íslands undirrituðu síðan samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins 21. desember 2010 sem kom í stað eiginfjárframlags úr ríkissjóði á grundvelli laga nr. 125/2008. Samkomulagið tók til krafna samkvæmt „Rammamningi um reikningslán milli Sparisjóðs Þórshafnar og nágr. og Sparisjóðabanka Íslands hf.“ frá 22. desember 2004 og til veðláns samkvæmt lánsamningi sem gerður var 18. mars 2009. Seðlabankinn hafði fengið kröfurnar framseldar frá Sparisjóðabanka Íslands hf. í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars 2009. Kröfurnar námu á framsalsdegi annars vegar 798,3 milljónum króna og hins vegar 76,1 milljón króna, eða samtals 874,4 milljónum króna, og var samkomulagið takmarkað við þessar kröfur. Uppgjörið var háð því skilyrði að Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis drægi til baka umsókn sína um eiginfjárframlag úr ríkissjóði sem hann og gerði degi síðar.

Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu varð hagnaður af rekstri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis sem nam 510 milljónum króna á árinu 2010 en þá hafði niðurfelling á 735 milljóna króna skuld við Seðlabanka Íslands verið tekjufærð. Bókfært eigið fé í árslok 2010 nam 333 milljónum króna og var eiginfjárhlutfallið 16,4%.¹⁷¹ Á árinu 2011 var hins vegar 62,3 milljóna króna tap á rekstri sparisjóðsins og nam bókfært eigið fé hans í árslok 2011 285,5 milljónum króna og var eiginfjárhlutfallið 16,4%.¹⁷²

28.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis greiddi stofnfjárhöfum lengst af arð af stofnfé þeirra. Á árunum 2001 til 2008 námu arðgreiðslur vegna næstliðinna rekstrarára samtals 1,2 milljónum króna. Þar af voru 340 þúsund krónur greiddar í formi innborgaðs stofnfjár. Arðgreiðsla vegna 2004 og 2006 var eingöngu í formi innborgaðs stofnfjár. Greiðsla arðs á þessum árum var nokkurn veginn í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða, en þó rétt umfram leyfilegt hámark vegna árána 2005 og 2007.¹⁷³ Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.¹⁷⁴ Arðgreiðslur og forsendur þeirra eru tíundaðar í töflu 28.

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.¹⁷⁵ Árin 2005 til 2008 var stofnfé Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um 593 þúsund krónur. Framkvæmdin var ekki fyllilega í samræmi við reglur því hækkan stofnfjár var lítillaga umfram verðbólgu öll árin. Mestur var munurinn tæplega sex prósentustig árið 2006. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2008.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.¹⁷⁶ Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðalfundum sparisjóðsins 2006 til 2008 var samþykkt að nýta heimild til sérstaks endurmats og hækka stofnfé í lok næstliðins árs. Alls var stofnfé þannig hækkað með sérstöku endurmati um 214 þúsund krónur. Þetta var í samræmi við lög, að undanskildu árinu 2006 þegar hækkan stofnfjár var 5,5% og því umfram 5% leyfilega hámarkshækkan.

170. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 17. desember 2010.

171. Ársreikningur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2010.

172. Ársreikningur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2011.

173. Arðgreiðsla vegna ársins 2005 var 10,4% af stofnfé en leyfilegt hámark var þá 10%. Arðgreiðsla vegna ársins 2006 var 23% af stofnfé en leyfilegt hámark var þá 22,8%. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

174. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

175. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

176. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Í töflu 28 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 28. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005–2011.¹⁷⁷

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	12	–	403	–	–	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	106	144	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	1.136	1.434	1.754	2.143	2.143	257.198	257.198
Arður sem hlutfall af stofnfé	10,4%	10,0%	23,0%	–	–	–	–
Arður sem hlutfall af hagnaði	0,4%	0,5%	0,4%	–	–	–	–
Afkoma ársins	33.394	31.482	97.126	(524.757)	(372.978)	510.462	(62.254)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) - % af stofnfé	10,0%	10,0%	22,8%	•	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009 - % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	8,4%	3,6%	22,8%	•	•	•	•
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	47	79	88	–	–	–	–
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga	50	145	97	301	–	–	–

28.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2011.

28.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis starfrækti ekki eigin innri endurskoðunardeild á því tímabili sem til athugasemja var, en Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri eigin endurskoðunardeildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning um innri endurskoðun við KPMG hf. árið 2003. Sá KPMG um innri endurskoðun fyrir sparisjóðinn allt til ársins 2010 og tók PricewaterhouseCoopers við frá og með starfsárinu 2011. Fólst innri endurskoðun meðal annars í könnun á þáttum í innra eftirliti sparisjóðsins, hvort unnið hafi verið í samræmi við ákvarðanir stjórnar, hvort starfsreglur hafi verið virtar, sem og lög og aðrar viðmiðanir.¹⁷⁸

Í skýrslu um innri endurskoðun fyrir árið 2005 var bent á mikilvægi þess að sparisjóðurinn aflaði fjárhagslegra upplýsinga frá viðskiptamönnum sínum, en í nokkrum tilvikum höfðu slík gögn ekki legið fyrir. Mikilvægt væri að forsvarsmenn sparisjóðsins öfluðu formlegra trygginga vegna skuldbindinga viðskiptamanna sinna þegar þess væri þörf og jafnframt var sett fram ábending til stjórnenda um að fylgjast grannt með þróun vanskila hjá sparisjóðnum.¹⁷⁹ Voru þessar ábendingar ítrekaðar í skýrslum um innri endurskoðun árin 2006 til 2008. Í skýrslum um innri endurskoðun vegna árána 2005 og 2006 voru jafnframt gerðar athugasemdir við tilvist tryggingarvaxla og kostnaðarreikninga, auk athugasemda við öryggismál og aðgangsheimildir. Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2007 var bent á mikilvægi þess að kanna raunvirði trygginga nokkurra stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins og afa viðbótartrygginga væri þess talin þörf og var sú ábending ítrekuð í skýrslu vegna ársins 2008. Jafnframt var minnt á að skýrar verklagsreglur vegna þátttöku sparisjóðsins í lánveitingum Sp-ráðgjafar þyrftu að vera til staðar.¹⁸⁰

177. Ársreikningar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fyrir árin 2005–2011. Verðbólga ársins er reiknuð út frá tölum frá Hagstofunni með aðferð sem skilgreind er í 8. kafla.

178. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2008, 11. desember 2008.

179. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2005, 3. janúar 2006.

180. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2007, 21. janúar 2008.

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2009 voru gerðar nokkrar athugasemdir við útlán og innheimtumál. Taldi innri endurskoðandi að kjör útlána endurspegluðu ekki áhættu sparisjóðsins við útlán, sem birtist meðal annars í því að einstaklingum í vanskilum væru veitt lán án trygginga. Leit innri endurskoðandi svo á að gera yrði átak í innheimtumálum sparisjóðsins svo hann yrði betur í stakk búinn til að taka ákvarðanir um áframhaldandi innheimtuaðgerðir. Þá yrði að útbúa reglur um innheimtu og skrá niður rök fyrir því að vikið væri frá þeim reglum.¹⁸¹

Sparisjóðsstjóri skilaði skriflegri athugasemd við skýrsluna og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum og ástæðum þess að einstaklingum, sem voru í vanskilum, voru veitt lán án trygginga en um var að ræða skuldbreytingar.¹⁸² Sparisjóðsstjórinn gerði einnig grein fyrir stöðu innheimtumála en innri endurskoðandi hafði gert athugasemd við að þeim hefði ekki verið sinnt sem skyldi. Var hann ósammála tillögu innri endurskoðanda um að mánaðarlegar afborganir væru áhættuminni fyrir sjóðinn en í nokkrum tilvikum var gert ráð fyrir að greitt væri af lánnum sjóðsins einu sinni á ári. Sparisjóðsstjóri áréttaði þó að hann teldi allar athugasemdir til góðs og að starfsmenn myndu reyna að bæta vinnubrögð í samræmi við þær.

Þegar KPMG vann að innri endurskoðun vegna ársins 2009 lá fyrir að sparisjóðsstjóri myndi láta af störfum um mitt ár 2010 og að annar starfsmaður sparisjóðsins myndi einnig láta af störfum innan tíðar. Taldi innri endurskoðandi ástæðu til að benda á í skýrslu sinni að hætta gæti fylgt því er fyrir séð væri að starfsmenn hyrfu á brott, að áhugi þeirra gæti dvínað auk þess sem hætta væri á að hagsmuna sparisjóðsins væri ekki gætt. Í nokkrum tilfellum hefðu umræddir aðilar vísað hvor á annan við öflun upplýsinga um stöðu félaga og því hefði upplýsingaöflun innri endurskoðanda orðið erfiðari.¹⁸³


Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2010 kom fram að mikið af tíma sparisjóðsstjóra hefði farið í innheimtu og yfirferð vanskila. Lagði innri endurskoðandi til að þeirri vinnu yrði haldið áfram og taldi mikilvægt að halda vel utan um mál í innheimtu. Í skýrslu vegna ársins 2011 sagði að stjórnendur sparisjóðsins þyrftu að huga vel að vanskilum sem virtust heldur vera að aukast hjá sparisjóðnum.

181. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2009, 3. febrúar 2010.

182. Skrifleg athugasemd sparisjóðsstjóra við skýrslu um innri endurskoðun 2009 frá 3. febrúar 2010.

183. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 2009, 3. febrúar 2010.

29. Sparisjóður Norðfjarðar



29. SPARISJÓÐUR NORÐFJARÐAR

Sparisjóður Norðfjarðar var stofnaður 2. maí 1920 en starfsemi hans hófst 1. september sama ár. Á þeim tíma var engin peningastofnun í Norðfirði og næstu bankaútibú voru á Eskifirði og Seyðisfirði. Á stofnfundi sjóðsins var kosin þriggja manna stjórn sem skipuð var þeim Páli G. Þormar formanni, Ingvari Pálmasyni bókara og Sigdóri V. Brekkan féhirði.

Í stofnsamþykktum sagði um tilgang sparisjóðsins:

Sparisjóðurinn er stofnaður til að geyma og ávaxta fyrir íbúa Norðfjarðar peninga; þó tekur hann einnig geymslufrétt frá utansveitarmönnum. Stjórnendur sjóðsins skulu eiga heima í Neskaupstúni.¹

Í 3. gr. gildandi samþykktu sparisjóðsins sem samþykktar voru á aðalfundi 28. júní 2010 segir:

Hlutverk sparisjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð á starfssvæði sjóðsins. Þá skal sparisjóðurinn rækja sérstakt samfélagshlutverk með stuðningi við íþrótt- og æskulýðsstarf og menningar- og líknarmál á starfssvæði sínu.

Sparisjóður Norðfjarðar hefur haft aðsetur að Egilsbraut 25 á Neskaupstað frá 1978. Útibú var starfrækt á Reyðarfirði frá 30. október 1998 fram á vormánuði 2012. Sparisjóðsstjóri er Vilhjálmur Grétar Pálsson og hefur hann gegnt því starfi frá 2004.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.²

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2010 / ágúst	2011
Ágúst Ármann Þorláksson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Árný Björg Bergsdóttir												x
Guðmundur Jónas Skúlason	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðný Sveinlaug Bjarkadóttir	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Guðrún Björg Birgisdóttir											x	
Hákon Björnsson											x	x
Jón Einar Marteinsson											Form.	Form.
Jón Kristinn Ólafsson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.		
Sigurbjörg Hjaltadóttir											x	x
Þorgeir Sæberg Sigurðsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		

Sparisjóður Norðfjarðar var einn af minnstu sparisjóðunum hér á landi árið 2007. Samkvæmt ársreikningi fyrir það ár voru heildareignir sparisjóðsins 5,7 milljarðar króna, eða tæpt 1% af heildareignum allra sparisjóða sem þá námu 614 milljörðum króna. Til samanburðar voru eignir sparisjóðsins um 5,2 milljarðar króna í árslok 2011, eða 8% af heildareignum sparisjóðanna.

Á árinu 2008 varð sparisjóður sparisjóðsins neikvæður og í októberlok var eiginfjárlutfall sjóðsins 1,08% og því undir 8% lögbundnu lágmarki. Í janúar 2009 sótti sparisjóðurinn um eiginfjárframlag úr ríkissjóði, en ekkert varð úr því. Sparisjóðurinn hóf þá samningaviðræður við Seðlabanka Íslands um uppgjör vegna erlendra lána sparisjóðsins hjá Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. til að fjármagna útlán sín í erlendri mynt og Seðlabankinn fékk framseldar við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Sparisjóðabankanum.

Forsvarsmenn Sparisjóðs Norðfjarðar og Seðlabanka Íslands undirrituðu samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins 27. júlí 2010 og lögðu heimamenn fram nýtt stofnfé í sjóðinn. Eftir þessar aðgerðir fór Bankasýsla ríkisins með 49,5% stofnfjár í sparisjóðnum og Fjarðabyggð með 22,4%.

1. Smári Geirsson, *Sparisjóður í 70 ár: Saga Sparisjóðs Norðfjarðar 1920–1990*, Norðfirði 1992, bls. 43.

2. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

29.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Norðfjarðar, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001–2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.³

29.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Norðfjarðar var rekinn með hagnaði frá 2001 til 2007. Hagnaður ársins 2007 nam 305 milljónum króna og skipti þar mestu gengishagnaður af fjáreignum upp á 389 milljónir króna. Þar var um að ræða gangvirðisbreytingu á eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., VBS Fjárfestingabanka hf., Sparisjóði Vestfirðinga (sem sameinaðist Sparisjóðnum í Keflavík á því ári) og Íslenskum verðbréfum hf. Sparisjóðurinn tók að færa þessar eignir sínar á gangvirði árið 2007 en hafði fram til þess fært eignarhlut sinn í Sparisjóðabankanum samkvæmt hlutdeildaraðferð og hinar eignirnar sem fjárfestingarhlutabréf á kostnaðarverði.

Tap varð á rekstri sjóðsins á árunum 2008 og 2009 og skýrðist það að mestu af gengistapi af fjáreignum og framlagi í afskriftareikning útlána. Tap ársins 2008 nam 816 milljónum króna og árið eftir tapaði sjóðurinn 183 milljónum króna. Á árinu 2008 varð jafnframt samdráttur í hreinum vaxtatekjum og hækkun á rekstrarkostnaði. Árið 2010 kom út með hagnaði en skýringin lá fyrst og fremst í tekjufærslu vegna niðurfellingar skulda. Ef horft er framhjá þeirri tekjufærslu hefði tap sjóðsins fyrir skatta það ár numið um 180 milljónum króna. Þá var gjaldfært 205 milljóna króna framlag í afskriftareikning útlána, meðal annars til að mæta þeirri óvissu sem svokallaðir gengislánadómar á árinu leiddu til.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.⁴

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	96.677	101.374	113.634	134.008	142.931	162.145	156.502	88.441	126.834	126.309	150.892
Hreinar þjónustutekjur	31.361	32.062	35.146	39.462	37.091	37.209	35.625	39.450	33.058	26.406	23.784
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	2.624	2.950	3.457	13.757	41.904	77.848	4.862	28.289	15.224	–	–
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(3.071)	7.570	4.208	9.052	3.345	1.200	389.106	(807.502)	(99.422)	36.654	36.261
Aðrar rekstrartekjur	4.317	50.784	70.715	8.704	21.352	21.498	20.313	16.642	26.496	20.081	17.613
Hreinar rekstrartekjur	131.908	194.740	227.160	204.983	246.623	299.900	606.408	(634.680)	102.190	209.450	228.550
Almennur rekstrarkostnaður	(100.202)	(110.387)	(131.644)	(156.066)	(159.732)	(175.588)	(201.286)	(248.129)	(158.426)	(183.360)	(193.092)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(21.953)	(11.777)	(28.683)	(32.125)	(24.471)	(25.668)	(37.294)	(114.502)	(188.737)	(205.113)	(41.978)
Rekstrargjöld samtals	(122.155)	(122.164)	(160.327)	(188.191)	(184.203)	(201.256)	(238.580)	(362.631)	(347.163)	(388.473)	(235.070)
Niðurfelling skulda við Seðlabanka	–	–	–	–	–	–	–	–	–	269.427	–
Hagnaður (tap) fyrir skatta	9.753	72.576	66.833	16.792	62.420	98.644	367.828	(997.311)	(244.973)	90.404	(6.520)
Skattar samtals	(1.409)	(13.929)	(13.465)	(2.470)	(8.361)	(15.941)	(62.993)	181.804	62.466	(3.678)	(5.659)
Hagnaður (tap) ársins	8.344	58.647	53.368	14.322	54.059	82.703	304.835	(815.507)	(182.507)	86.726	(12.179)

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur sparisjóðsins hækkuðu nokkuð og að mestu samfellt á árunum 2001–2006, en árið 2007 jukust þær til muna og fóru úr 300 milljónum króna árið 2006 í rúmar 606 milljónir króna. Arðs- og hlutdeildartekjur höfðu vaxandi áhrif á hreinar rekstrartekjur árin 2005 og 2006; næstu ár á eftir réð afkoma af fjáreignum mestu, en árið 2007 var sem fyrr sagði tekið að færa tilteknar eignir á gangvirði. Mikill viðsnúningur varð á árinu 2008 vegna gengistaps af fjáreignum. Gangvirðislækkun á eignarhlutum sjóðsins í Sparisjóðabankanum, VBS Fjárfestingarbanka hf. og Sparisjóðnum í Keflavík nam samtals 437 milljónum króna á árinu. Einnig varð rúmlega 300 milljóna króna gengistap á skuldabréfaeign og eign í verðbréfasjóðum.


Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

3. Nánar er fjallað um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla.

4. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011. Í viðauka C má sjá sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi.

Árið 2006 námu arðs- og hlutdeildartekjur sparisjóðsins 78 milljónum króna. Munaði þar mest um hlutdeild í afkomu Sparisjóðabanka Íslands/Icebank hf. sem þá var enn farið með sem hlutdeildarfélag í bókum sparisjóðsins. Þessi tekjuliður datt nær alveg út árið eftir þegar farið var að meta Sparisjóðabankahlutinn á gangvirði.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.⁵



Stærstur hluti vaxtatekna Sparisjóðs Norðfjarðar kom frá útlánum, eða á bilinu 66–94%, og stærstur hluti vaxtagjalda var vegna almennra innlána til viðskiptavina. Á árinu 2005 voru vaxtatekjur vegna útlána 94% af heildarvaxtatekjum en höfðu lækkað í 75% árið 2008 vegna aukinna vaxtatekna af markaðsskuldabréfum. Vaxtagjöld vegna lántöku rúmlega tvöfölduðust á árinu 2008 líkt og vaxtagjöld vegna innlána. Meginástæður voru gengisfall krónunnar og aukin verðbólga.

Útreikningur á vaxtamun er skýrður í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna. Vaxtamunur Sparisjóðs Norðfjarðar var að öllu jöfnu býsna hár. Árið 2009 varð mestur munur á milli hans og annarra sjóða í þeim efnum, þegar vaxtamunur hjá Sparisjóði Norðfjarðar var 4,9% meðan hann var ekki nema 0,5% hjá sparisjóðunum í heild.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Norðfjarðar 2001–2011.⁶

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Norðfjarðar											
Meðalvextir útlána	20,4%	16,4%	14,3%	13,3%	12,8%	14,9%	14,0%	21,3%	16,9%	9,5%	11,4%
Meðalvextir innlána	9,5%	6,3%	5,9%	6,7%	7,1%	9,8%	11,1%	18,9%	11,4%	5,1%	5,2%
Vaxtamunur	10,0%	9,5%	7,9%	6,2%	5,3%	4,6%	2,6%	2,0%	4,9%	4,2%	5,9%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%

Rekstrargjöld


Rekstrargjöld Sparisjóðs Norðfjarðar fóru vaxandi á árunum 2001–2010, ef frá eru talin árin 2005 og 2009 þegar þau lækkuðu lítillega. Rekstrargjöldin lækkuðu um 40% á árinu 2011 þegar framlag í afskriftareikning útlána var lækkað verulega. Sparisjóðurinn færði samtals 732 milljónir króna í afskriftareikninginn á tímabilinu 2001–2011. Þar af nam framlag árunum 2008–2010 rúmum 508 milljónum króna.

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjármunum og ófnislegum eignum auk framlags í afskriftareikning útlána.

5. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.


6. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011. Í viðauka B er tafla sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Norðfjarðar 2001-2011.⁷



Almennur rekstrarkostnaður sparisjóðsins hækkaði nokkurn veginn samfelld árin 2001–2007 en skörp hækkun varð árið 2008, eða 23%. Meginskýring þessarar hækkunar var að framlag vegna lífeyrisskuldbindingar hækkaði um 23,3 milljónir króna. Þá hækkaði tölvukostnaður um 4,8 milljónir króna. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðaleignum sparisjóðsins fór að jafnaði lækkandi fram til 2009 og var það í samræmi við þróunina hjá sparisjóðunum í heild, þó hlutfallið væri hærra hjá Sparisjóði Norðfjarðar. Frá árinu 2009 var hlutfallið svipað hjá Sparisjóði Norðfjarðar og sparisjóðunum í heild.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum í lok hvers árs, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.⁸



Launakostnaður Sparisjóðs Norðfjarðar var á bilinu 40–55% af almennum rekstrarkostnaði allt tímabilið. Launakostnaður hækkaði talsvert árið 2008 en ástæðan fyrir því var tvöföldun á lífeyrisskuldbindingu. Kostnaður á hvert stöðugildi hækkaði þá að meðaltali um

7. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

8. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.


tæp 29%. Þrátt fyrir nánast óbreyttan fjölda starfsmanna árið 2009 lækkaði meðallaunakostnaður um 42% en það má að miklu leyti rekja til þess að lífeyrisskuldbinding sem nam 45,6 milljónum króna í árslok 2008 færðist yfir til Fjarðabyggðar.

Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.⁹

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í lok árs	12	10	13	13	10	11	12	12	11	10	10
Launakostnaður	55.263	54.174	70.053	84.515	87.069	91.338	95.669	117.987	63.606	74.894	76.811
Meðallaun pr. stöðugildi	4.805	5.260	5.389	6.501	8.707	8.303	7.972	10.260	5.944	7.201	7.759
Laun og þóknar til yfirstjórnar	8.900	9.542	11.693	13.387	13.585	15.931	18.547	18.966	15.216	19.339	17.999
Þar af til sparisjóðsstjóra		7.891	9.992	11.635	11.065	13.411	15.667	15.126	11.856	15.499	15.059

Launakostnaður á stöðugildi þróaðist með sambærilegum hætti hjá Sparisjóði Norðfjarðar og sparisjóðunum í heild með nokkrum undantekningum. Árin 2005–2007 lækkaði hann og hágildið árið 2008 var lægra en hjá sparisjóðunum í heild. Árið 2009 lækkaði launakostnaður ívið meira hjá Sparisjóði Norðfjarðar þegar starfsmenn tóku á sig launaskerðingu að eigin ósk. Laun sparisjóðsstjóra lækkuðu á sama tíma um 22%.¹⁰

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Norðfjarðar og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.¹¹



Árið 2007 fengu allir starfsmenn 200 þúsund króna desemberuppbót. Um var að ræða eingreiðslu miðað við 100% starfshlutfall. Uppbótin var samþykkt á fundi sparisjóðsstjórnar 27. nóvember 2007. Allir starfsmenn sjóðsins höfðu frumkvæði að því á árinu 2009 að gera samning um 15% lækun launa vegna aðstæðna og gildi sá samningur allt árið 2009. Ekki voru gerðir neindir starfslokasamningar sem fólu í sér réttindi umfram kjarasamningsbundin réttindi. Starfsmenn nutu ekki annarra friðinda en þeirra almennu friðinda sem greint er frá í umfjöllun um risnu og friðindi í 8. kafla.

Kjarnarekstur

Tap varð á kjarnarekstri sjóðsins á árunum 2003–2011 og skýrðist það jafnan af háum rekstrargjöldum og framlagi í afskriftareikning útlána.¹² Hagnaður sjóðsins var því borinn uppi af tekjum af fjáreignum en aukið framlag í afskriftareikning útlána skýrði taprekstur

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingastarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðs-skuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

9. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011. Í töflunni er sýndur launakostnaður sparisjóðsins og fjöldi stöðugilda miðað við heilsdagsstörf í lok hvers reikningsárs. Í athugasemdum Vilhjálms G. Pálssonar sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 3. október 2013 kom fram að uppreikningur á lífeyrisskuldbindingum árið 2008 hefði hækkað launakostnað ársins. Þetta er stutt af fundargerðum stjórnar á árinu 2009 og endurskoðunarskýrslu vegna 2008 en þar kemur fram að framlag vegna lífeyrisskuldbindingar hafi hækkað um 23,3 milljónir króna frá fyrra ári.
10. Um launaþróun hjá sparisjóðunum í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.
11. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Upplýsingar um launavísitölu eru fengnar frá Hagstofu Íslands.
12. Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla.

áranna 2008–2011. Hreinar vaxta- og þjónustutekjur stóðu að jafnaði undir rekstrargjöldum, ef frá eru talin árin 2007–2008 og 2010–2011, en rekstrargjöld hækkuðu um tæp 24% árið 2008 samhliða tæplega helmingi lækkun á hreinum vaxtatekjum. Árin 2009 til 2011 jukust hreinar vaxtatekjur á ný en vegna hárra rekstrargjalda og framlags í afskriftareikning útlána var afkoma af kjarnarekstri verulega neikvæð. Ljóst þykir að sparisjóðurinn hafi kappkostað að hagræða í rekstri eins og sjá má af lækkun rekstrargjalda á árinu 2009 en frá og með þeim tíma hækkuðu ýmis gjöld sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja umtalsvert, t.d. framlög í Tryggingasjóð innistæðueigenda.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.¹³

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	96.677	101.374	113.634	134.008	142.931	162.145	156.502	88.441	126.834	126.309	150.892
Hreinar þjónustutekjur	31.361	32.062	35.146	39.462	37.091	37.209	35.625	39.450	33.058	26.406	23.784
Rekstrargjöld samtals	(94.187)	(103.844)	(125.763)	(149.817)	(152.738)	(171.167)	(196.415)	(243.034)	(153.853)	(178.994)	(189.033)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(6.015)	(6.543)	(5.881)	(6.249)	(6.994)	(4.421)	(4.871)	(5.095)	(4.573)	(4.366)	(4.059)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(21.953)	(11.777)	(28.683)	(32.125)	(24.471)	(25.668)	(37.294)	(114.502)	(188.737)	(205.113)	(41.978)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	5.883	11.272	(11.547)	(14.721)	(4.181)	(1.902)	(46.453)	(234.740)	(187.271)	(235.758)	(60.394)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	9.753	72.576	66.833	16.792	62.420	98.644	367.828	(997.311)	(244.973)	90.404	(6.520)

29.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Norðfjarðar í lok árunna 2001–2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á árunum 2001–2011 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Norðfjarðar 1,7 milljörðum króna en í árslok 2011 voru þær 5,2 milljarðar króna. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 2,9 milljarðar króna. Þannig hafði sjóðurinn nærri tvöfaldast að stærð á þessum ellefu árum. Mynd 5 sýnir hvernig eignir sparisjóðsins í lok árunna 2001–2011 skiptust. Þar sést greinilega að eignavöxtur sjóðsins var stöðugur frá 2001 til 2007 og jafnframt að eignir hans hafa staðið í stað eða lækkað frá 2008 til 2011.


Útlán voru stærsti einstaki eignaliður sparisjóðsins allt tímabilið og var vægi þeirra af heildareignum á bilinu 51–79%. Mest voru útlánin árið 2008, eða 3,5 milljarðar króna, og námu þau þá 60% af heildareignum eftir að hafa aukist jafnt og þétt frá 2001. Á árunum 2003–2006 voru útlán þó stærri hluti af heildareignum, eða á bilinu 71–79%. Vægi þeirra lækkaði svo árið 2007 þegar markaðsskuldabréf nærri tífölduðust.

Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa og voru útlánin að mestu til einstaklinga. Útlán til einstaklinga voru um 51–61% af heildarútlánnum sparisjóðsins en önnur lán voru að mestu til fyrirtækja í iðnaði, sjávarútvegi og þjónustustarfsemi.

Eins og fram kemur í töflu 6 hækkandi staða afskriftareiknings umtalsvert á árunum 2008–2011. Fram til 2005 hafði hlutfall afskriftareiknings af útlánnum sparisjóðsins farið lækandi, en frá árinu 2006 snerist þróunin við. Með umtalsverðu framlagi á árunum 2008–2010 jókst vægi afskriftareikningsins í heildarútlánnum úr 4,4% árið 2007 í 15,2% í árslok 2010, enda hækkandi hann um rúmar 300 milljónir króna á næstu þremur árum eftir 2007.

Kröfur á lánastofnanir voru tiltölulega lítill hluti eigna sparisjóðsins allt til ársins 2008 þegar þær nær þrefölduðust og námu í árslok 1,4 milljörðum króna. Kröfurnar jukust svo enn frekar árið 2009, um 57%, og námu 2,1 milljarði króna í lok árs, en í árslok 2011 höfðu þær svo lækkað í 370 milljónir króna. Eftir fall bankanna haustið 2008 ávaxtaði sparisjóðurinn laust fé sitt í innistæðubréfum Seðlabanka Íslands, sem teljast til krafna á lánastofnanir, en hóf kaup á markaðsskuldabréfum að nýju árið 2010 og hélt því áfram 2011.

13. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011. Í athugasemdum Vilhjálms G. Pálssonar sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 3. október 2013 kom fram að gjald í Tryggingasjóð innistæðueigenda og skattar á fjármálafyrirtæki sem sparisjóðurinn greiðir hafi lækkað úr 10 milljónum króna árið 2008 í um 35 milljónir króna 2009 og hafi haldist þannig síðan.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Norðfjarðar í lok árunna 2001–2011.¹⁴

Fjáreignir voru ekki stór hluti heildareigna sparisjóðsins á árunum 2001–2006. Vægi þeirra lækkaði reyndar úr 18% af heildareignum árið 2001 í 9% árið 2006. Árið 2007 nærri tí-földuðust markaðsskuldabréf á bókum sjóðsins og hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum sexfölduðust. Bókfært virði fjáreigna nam 1,8 milljörðum króna í árslok 2007 en var ári áður 387 milljónir króna. Á árunum 2008–2011 lækkaði hlutfall fjáreigna af heildareignum aftur á móti umtalsvert. Í árslok 2009 hafði bókfært virði þeirra dregist saman um 88% frá árslokum 2007 og nam 216 milljónum króna, eða 4% af heildareignum. Árin 2010 og 2011 jókst svo vægi fjáreigna á nýjan leik með kaupum á markaðsskuldabréfum.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarvirrtækjum.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Norðfjarðar í árslok 2001–2011.¹⁵

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	2.733.986	3.051.940	3.174.011	3.356.740	2.724.571	2.514.156	2.649.177
Eignir samtals	3.480.550	4.208.716	5.733.609	5.828.055	5.551.488	5.223.124	5.230.320
Útlán sem hlutfall af eignum	79%	73%	55%	58%	49%	48%	51%

Á árunum 2002–2005 fór vægi hlutabréfa af fjáreignum vaxandi á kostnað markaðsskuldabréfa. Á því varð þó viðsnúningur 2006 og ári síðar voru skuldabréfin 57% fjáreigna, 18% heildareigna og rúmur milljarður í krónum talið. Fjárfesting í peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Byrs hf. upp á 671 milljón króna skýrði að mestu þessa miklu aukningu í markaðsskuldabréfum.¹⁶

Líðurinn hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum breyttist ekki mikið á fyrri hluta tímabilsins. Í árslok 2006 nam hann um 132 milljónum króna og 3% af heildareignum sparisjóðsins. Árið eftir hækkaði hann um tæpar 647 milljónir króna og nam í árslok 14% heildareigna. Hækkunina mátti rekja til gangvirðishækkunar á eignarhlutum í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., VBS Fjárfestingarbanka hf., Saga Capital hf. og Íslenskum verðbréfum hf. Sparisjóðabankinn hafði áður verið færður sem hlutdeildarfélag en frá og með árinu 2007 var hann settur í flokk veltuhlutabréfa. Á árinu 2008 lækkaði gangvirði

14. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

15. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011. Ástæða þess að fjárhæð útlána er hér lægri en í efnahagsreikningi er að í efnahagsreikningi eru fullnustueignir talðar með útlánunum.

16. Samkvæmt upplýsingum um hlutdeildarskrifteinshafa í Rekstrarfélagi Byrs hf. frá Verdis hf.

Hlutdeildarfélag eru þau félag þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð.

hlutabréfa umtalsvert og nam gengistapið tæplega 478 milljónum króna, einkum vegna lækkunar á eignarhlutum í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., VBS Fjárfestingarbanka hf., Saga Capital hf. og vegna stofnfjárbréfa í Sparisjóðnum í Keflavík. Í árslok 2011 hafði hlutabréfaeignin dregist saman um 98% frá árinu 2007, eða um 760 milljónir króna, og stóð í 17,7 milljónum króna.


Eign í hlutdeildarfélagum nam 148 milljónum króna í árslok 2006 og var Sparisjóðabanki Íslands hf./Icebank hf. langstærsta hlutdeildarfélag sparisjóðsins. Hækkun á þessum lið til ársloka 2006 mátti því fyrst og fremst rekja til Sparisjóðabankans en með færslu hlutarins á milli eignaliða árið 2007 kom afkoman þess í stað fram í miklum gengishagnaði undir liðnum hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum.

Liðurinn „Aðrar eignir og fleira“ á mynd 5 samanstóð af rekstrarfjármunum, öðrum eignum og óefnislegum eignum. Þessi liður hækkaði nokkuð á árunum 2008 og 2009 þegar tekjuskattsinneign myndaðist vegna taps á rekstri sjóðsins. Í lok árs 2008 nam skattinneignin 83 milljónum króna og hækkaði í 146 milljónir króna árið 2009. Tekjuskattsinneignin var að mestu ónýtt í árslok 2011 og stóð þá í 144 milljónum króna. Rekstrarfjármunir voru að jafnaði um 107–139 milljónir króna á árunum 2001–2011. Um var að ræða fasteignir og búnað í eigu sparisjóðsins sem færð voru til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisyrnun.

Skuldir

Sparisjóður Norðfjarðar var að langstærstum hluta fjármagnaður með innlánum. Hlutfall innlána af skuldum í lok árunna 2001–2011 var á bilinu 65–96%. Innlán jukust jafnt og þétt á tímabilinu. Mest jukust þau árið 2007, eða um 32% frá fyrra ári, og námu þá tæpum 3,3 milljörðum króna, sem jafngildi 69% af heildarskuldum sjóðsins. Eftir fall bankanna var sparisjóðurinn nær algjörlega fjármagnaður af innlánum. Í árslok 2011 námu þau 4,4 milljörðum króna sem jafngildi 95% af heildarskuldum sjóðsins.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Norðfjarðar í lok árunna 2001–2011.¹⁷



Lántaka sjóðsins jókst til muna á árinu 2004. Í árslok 2003 námu heildarlántökur 48 milljónum króna, eða 3% af heildarskuldum sjóðsins, en ári síðar höfðu þær nær tífaldast og voru um 18% heildarskulda sparisjóðsins í lok árs 2004. Vægi lántöku í fjármögnun sjóðsins

17. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar, 2001–2011.

varð mest árið 2005 þegar hún nam 29% af heildarskuldum, en á árunum 2004 og 2005 hófst fjármögnun Íbúðalánasjóðs á fasteignalánnum sparisjóðsins. Lántökur námu hæstri fjárhæð í árslok 2008 þegar þær voru 1,4 milljarðar króna og höfðu því nær þrítugfaldast í krónum talið frá árinu 2003. Hlutfall þeirra af heildarskuldum á árinu 2008 var 24% en hlutfallið lækkaði í 3% í lok árs 2009. Lántökur sjóðsins skiptust í eftirtalda þrjá meginflokka: erlenda lánalínu hjá Sparisjóðabankanum, sem samkvæmt samkomulagi skyldi endurgreiðast í samræmi við endurgreiðslur gengistryggðra útlána sparisjóðsins; lántöku hjá Íbúðalánasjóði, sem samkvæmt samkomulagi skyldi endurgreiðast í samræmi við endurgreiðslur tilgreindra íbúðalána sparisjóðsins; og verðbréfaútgáfu sem endurgreidd var að fullu á árinu 2010.


Skuldum við lánastofnanir var aðeins til að dreifa í árslok 2009 en þær námu þá 559 milljónum króna. Um var að ræða skuld við Seðlabanka Íslands vegna yfirtöku hans á útlánnum og innlánnum sparisjóðanna hjá Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. við gjaldþrot bankans.

Víkjandi lán voru lengst af ekki fyrirferðarmikill þáttur í fjármögnun sparisjóðsins. Á fundi stjórnar sjóðsins 19. september 2007 var samþykkt að taka 150 milljóna króna víkjandi lán hjá Bygðastofnun. Í fundargerð kom fram að lánið væri verðtryggt, bæri 7% vexti og að einungis þyrfti að greiða vexti í fimm ár og síðan vexti og afborganir í fimm ár til viðbótar. Tilgangur lántökkunnar virðist hafa verið að hækka eiginfjárhlutfall sjóðsins, en víkjandi lán má telja til eiginfjárþáttar B samkvæmt 84., sbr. 85. gr. laga nr. 161/2002.

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Norðfjarðar samanstóð að langmestu leyti af varasjóði sem hækkaði jafnt og þétt frá 2001 til 2006. Stofnfé, sem var um 3% af eigin fé þessara ára, hækkaði fyrst og fremst með endurmati á milli ára. Ráðist var í mikla stofnfjárukningu árið 2007 og var stofnfé þá aukið um 201 milljón króna. Samhliða mikilli hækkun á varasjóði vegna 305 milljóna króna árshagnaðar tvöfaldaðist eigið fé og nam rúmlega einum milljarði króna í árslok 2007, sem jafngilti 18% af heildarfjármögnun sjóðsins. Árið eftir greiddi sparisjóðurinn stofnfjäreigendum tæplega 111 milljóna króna arð á grundvelli afkomunnar 2007. Eftir stofnfjárukninguna 2007 var varasjóður 79% eigin fjár. Mikill viðsnúningur varð árið 2008 vegna taps á rekstri sparisjóðsins. Eigið fé dróst þá saman um 87% og varasjóðurinn varð neikvæður um 178 milljónir króna.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Norðfjarðar í lok árunna 2001–2011.¹⁸




18. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

Um 816 milljóna króna tap varð á rekstri sparisjóðsins árið 2008 og var það gott betur en uppsafnaður hagnaður sparisjóðsins frá 2001. Í lok október 2008 sýndi ársfjórðungsleg eiginfjárskýrsla til Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárhlutfallið væri 1,08% og því langt undir lögbundnu lágmarki sem var 8%. Samkvæmt skýrslunni, sem byggð var á bráðabirgða-uppgjöri, var bókfært eigið fé þá 214 milljónir króna en í árslok 2008 var það 135 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið orðið neikvætt um 0,9%. Árið 2009 varð einnig tap af rekstri sjóðsins en vegna 170 milljóna króna stofnfjárukningar urðu áhrifin ekki eins mikil á eigið fé. Eiginfjárhlutfallið í árslok nam 4,7%. Hinn 27. júlí 2010 var undirritað samkomulag við Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins. Í kjölfarið var stofnfé sparisjóðsins fært niður að mestu leyti og nýtt stofnfé lagt fram. Þá voru gefnar eftir skuldir við Seðlabanka Íslands upp á 269 milljónir króna og eftirgjöfin tekjufærð í rekstrarreikningi ársins 2010.

Hagnaður var af rekstri Sparisjóðs Norðfjarðar á árinu 2010 sem nam tæpum 87 milljónum króna. Meginskýringin var fyrrnefnd tekjufærsla. Eigið fé í árslok var þá 591 milljón króna, hlutfall bókfærðs eigin fjár af heildareignum 11,3% og eiginfjárhlutfallið (CAD) 20,3%. Árið 2011 varð 12 milljóna króna tap á rekstri sjóðsins og varasjóðurinn enn neikvæður um 47 milljónir króna.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Norðfjarðar og eiginfjárhlutfall í árslok 2001–2011.¹⁹



29.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán voru stærsti eignaliður Sparisjóðs Norðfjarðar á árunum 2005–2011. Hæst varð hlutfall útlána 79% af heildareignum í lok árs 2005 en lægst 48% í lok árs 2010. Útlán Sparisjóðs Norðfjarðar jukust á árunum 2005–2008 en mest hækkðu útlán um rúmar 318 milljónir króna milli árana 2005 og 2006. Útlán Sparisjóðs Norðfjarðar lækkuðu talsvert á árinu 2009 sökum framlags í afskriftareikning vegna áætlaðs taps af útlánunum.


Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Norðfjarðar sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.²⁰

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	944.913	1.110.036	1.474.560	2.030.862	2.733.986	3.051.940	3.174.011	3.356.740	2.724.571	2.514.156	2.649.177
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	72.446	81.948	105.267	120.630	111.250	135.797	145.862	207.302	327.707	450.258	228.828
Heildarútlán án fullnustueigna	1.017.359	1.191.984	1.579.827	2.151.492	2.845.236	3.187.737	3.319.873	3.564.042	3.052.278	2.964.414	2.878.005
Niðurfærsluhlutfall	7,1%	6,9%	6,7%	5,6%	3,9%	4,3%	4,4%	5,8%	10,7%	15,2%	8,0%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

19. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárhlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

20. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

Lán í erlendum myntum voru ekki stór þáttur í útlánasafni Sparisjóðs Norðfjarðar. Þau voru mest tæp 15% útlána sjóðsins á 1. ársfjórðungi 2010 og námu þá um 415 milljónum króna. Í lok árs 2008 námu lánin tæpum 460 milljónum króna og voru þá um 13,5% af heildarútlánunum.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.²¹

Sparisjóður Norðfjarðar lánaði nánast eingöngu gegn skuldabréfum og í formi yfirdráttar á árunum 2005–2011.

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.²²

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	800.194	720.305	581.690	449.376	523.498	535.141	577.063
Vixlar	2.736	101	–	–	–	–	–
Skuldabréf	1.931.056	2.331.534	2.592.321	2.907.364	2.201.073	1.979.015	2.072.114
Samtals	2.733.986	3.051.940	3.174.011	3.356.740	2.724.571	2.514.156	2.649.177

Stærstur hluti lána sparisjóðsins var til einstaklinga en hlutfall lána til þeirra nam mest rúmu 61% árið 2005 og minnst 53% árið 2009. Fyrirtæki í þjónustustarfsemi og iðnaði voru næststærstu lántakendur sparisjóðsins og svo sjávarútvegsfyrirtæki. Engin lán voru veitt til landbúnaðar.

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Norðfjarðar eftir atvinnugreinum 2005–2011.²³

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bæjar- og sveitarfélög	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,2%	0,2%
Fyrirtæki	38,3%	39,4%	42,8%	40,6%	46,9%	45,2%	42,4%
Sjávarútvegur	8,4%	7,7%	5,9%	7,2%	8,0%	7,8%	9%
Verslun	3,6%	6,6%	6,1%	5%	3,9%	4,2%	4,3%
Iðnaður	14,6%	12,3%	14,3%	10,3%	10,9%	9,1%	6,9%
Samgöngur	–	2,4%	2,1%	1,7%	1,3%	1,4%	1,4%
Þjónustustarfsemi	11,7%	10,4%	14,4%	16,4%	22,8%	22,7%	20,8%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	61,4%	60,4%	57,0%	59,2%	53,0%	54,6%	57,5%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Niðurfærsluhlutfall sparisjóðsins nam um 4% á árunum 2005–2007. Eftir fall bankanna, gengishrun krónunnar og fjárhagserfiðleika lántakenda í kjölfarið jókst framlag á afskriftareikning árin 2008–2010 og í lok árs 2010 nam niðurfærsluhlutfallið rúnum 15%.

21. Byggt á upplýsingum úr bókhaldi sjóðsins og skýrslum um útlán og vanskil. Staða útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 miðast við 31. október 2008.

22. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

23. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Norðfjarðar og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.²⁴

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	2.845.236	3.187.737	3.319.873	3.564.042	3.052.278	2.964.414	2.878.005
Staða afskriftareiknings í árslok	111.250	135.797	145.862	207.302	327.707	450.258	228.828
Útlán til viðskiptavina	2.733.986	3.051.940	3.174.011	3.356.740	2.724.571	2.514.156	2.649.177
Niðurfærsluhlutfall	3,9%	4,3%	4,4%	5,8%	10,7%	15,2%	8,0%
Framlag ársins í afskriftareikning	24.471	25.668	37.294	114.502	188.737	205.113	41.978
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	33.850	1.121	27.229	53.062	68.332	82.562	263.408

29.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Í nóvember 2006 gerði Fjármálaeftirlitið athugun á starfsemi og rekstri Sparisjóðs Norðfjarðar og gaf út skýrslu með niðurstöðum sínum í febrúar 2007. Þar kom fram að enginn lánþegi væri með skuldbindingar umfram 25% af eigin fé sparisjóðsins á skoðunardeggi. Stjórnendur sjóðsins voru hvattir til að tryggja stöðu sína betur í skuldamállum tveggja af stærstu skuldurum sjóðsins með töku viðbótartrygginga. Eftir skoðunina var það mat Fjármálaeftirlitsins að rekstur Sparisjóðs Norðfjarðar væri í traustum farvegi. Mikill uppgangur hefði verið á starfsvæði sparisjóðsins misserin á undan og sjóðurinn notið góðs af því.

Í skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Norðfjarðar vegna ársins 2005 kom fram að mikilvægt væri að afla fjárhagsupplýsinga frá viðskiptamönnum vegna fyrirgreiðslu til þeirra eins og ákvæði útlánareglna kváðu á um. Þessar upplýsingar höfðu ekki verið til staðar við skoðun innri endurskoðanda á einstökum málum. Þá var bent á mikilvægi þess að forsvarsmenn sjóðsins öfluðu formlegra trygginga vegna skuldbindinga viðskiptamanna sinna og að lagt væri mat á gæði og verðmæti trygginga með reglubundnum hætti. Í skýrslum um innri endurskoðun sjóðsins vegna 2006 og 2007 var ítrekað að kalla þyrfti eftir fjárhagsupplýsingum frá viðskiptamönnum. Við athugun innri endurskoðanda árið 2007 var einn aðili með skuldbindingu umfram 25% af eigin fé sjóðsins. Mikilvægt var talið að kanna raunvirði trygginga nokkurra stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins og afla viðbótartrygginga væri þess talin þörf. Þetta var ítrekað við innri endurskoðun ársins 2008. Þá var bent á mikilvægi þess að stjórnendur hefðu aðgang að nýjustu upplýsingum um fjárhagsstöðu stærstu viðskipta- og vanskilaðila. Í skýrslu um innri endurskoðun ársins 2009 var lagt til að útlánareglur yrðu „skoðaðar“ þannig að þær tækju mið af breyttu efnahagsástandi. Var þar fyrst og fremst átt við að skýrari reglur þyrftu að gilda um heimildir vegna framlengingar lána en óljóst þótti hvað ætti að leggja fyrir stjórn vegna slíkra mála. Einn starfsmaður var með töluverð lán hjá sparisjóðnum og höfðu 3 milljónir króna verið færðar í afskriftareikning vegna þeirra. Talið var mikilvægt að sjóðurinn fengi tryggingar fyrir þessum útlánnum. Þá var lagt til að reglur yrðu settar um innheimtu og gerð grein fyrir frávikum frá þeim reglum. Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2010 kom fram að vel væri haldið utan um útlán og farið eftir lánareglum. Lánveitingar væru lagðar fyrir stjórn þegar við ætti. Við innri endurskoðun ársins 2011 kom fram að einn aðili væri með skuldbindingar umfram 20% af eigin fé sjóðsins, sem voru viðmiðunarmörk sem sjóðurinn hafði sett sér með reglum um áhættustýringu frá maí 2011. Skuldbindingar væru þó innan lögbundinna marka. Bent var á að sjóðurinn ætti að uppfæra útlánareglur sjóðsins með tilliti til vanskila og umsýslu fullnustueigna.

Samkvæmt endurskoðunarskýrslu ársins 2005 hækkuðu útlán sparisjóðsins um 703 milljónir króna á árinu, eða 25,7%. Breytinguna mátti aðallega rekja til íbúðalána en eftirspurn eftir þeim jókst töluvert með breytingum á húsnæðislánamarkaði 2003. Sparisjóðurinn hafði selt Íbúðalánasjóði greiðslufæði lána fyrir 474 milljónir króna á árinu 2005. Ekki komu fram beinar athugasemdir við útlán sparisjóðsins í endurskoðunarskýrslu ársins 2006. Ári síðar höfðu útlán sjóðsins hækkað um 166 milljónir króna og vildi endurskoðandi í skýrslu sinni meina að hækkanin skýrðist að hluta af útlánnum vegna Stapa lífeyrissjóðs. Þá hefðu íbúðalán og lán í erlendum myntum aukist. Í endurskoðunarskýrslu ársins 2008 var grunnrekstur sjóðsins, útlánastarfsemi og þjónusta tengd henni, ekki talinn standa undir rekstrarkostnaði. Afskriftareikningur útlána nam 207 milljónum króna í árslok, eða um 6% af útlánnum og ábyrgðum. Þá var bent á að starfsmenn sem ekki hefðu útlánaheimildir gætu veitt fyrirgreiðslu í gegnum afgreiðsluferfi sparisjóðsins (AKS) og mikilvægt væri að

24. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2001–2011.

skýrar reglur yrðu settar um hverjir hefðu útlánaheimildir hverju sinni. Í skýrslunni var ekki fjallað um mat á einstökum útlánnum en tekið fram að ljóst væri að meiri óvissa væri um mat á útlánnum en oftast áður. Var lagt til að samdar yrðu útlánareglur fyrir starfsmenn til að fylgja við veitingu útlána. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu ársins 2009 drógust útlán sjóðsins saman um 632 milljónir króna milli ára, eða 18,8%. Ástæður þess voru fyrst og fremst þær að Íbúðalánasjóður tók til sín þau íbúðalán sem hann fjármagnaði fyrir sjóðinn á árunum 2004 og 2005, auk þess sem framlag í afskriftareikning nam 189 milljónum króna. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu ársins 2010 nam gjaldfært framlag í afskriftareikning 205 milljónum króna. Veruleg óvissa ríkti þá um lögmæti lána í erlendri mynt og talið líklegt að hluti af lánum sjóðsins yrði dæmdur ólögmætur ef á þau reyndi fyrir dómi. Í endurskoðunarskýrslu ársins 2011 var áætlað tap sjóðsins, ef erlend lán hans yrðu dæmd ólögmæt, áætlað 154 milljónir króna. Á árinu höfðu útlán að fjárhæð 263,4 milljónir króna verið endanlega afskrifuð.

29.2.2 Útlánareglur

Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar samþykkti útlánareglur fyrir sparisjóðinn 29. desember 2003 sem voru settar með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og í samræmi við reglur nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Þær höfðu ekki að geyma ítarleg ákvæði um lánveitingar og heimildir en samkvæmt þeim skyldu útlán þjóna þeim meginmarkmiðum að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri sjóðsins og að viðhaldið yrði traustri eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu. Jafnframt skyldi leitast við að veita þeim er óskuðu eftir fyrirgreiðslu sem besta þjónustu á hverjum tíma. Við ákvörðun um fyrirgreiðslu til viðskiptamanna bar að gæta þess að heildarfyrirgreiðsla viðkomandi væri í hæfilegu hlutfalli af eigin fé sparisjóðsins²⁵ með hliðsjón af tryggingum og fjárhag viðskiptaaðilans. Sama gilti um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila sem væru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhattu yrði að skoða skuldbindingar þeirra við sparisjóðinn í einu lagi. Heildarskuldbinding eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila mátti aldrei fara fram úr 25% af eigin fé sparisjóðsins samkvæmt útlánareglunum, eins og kveðið var á um í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ekki voru ákvæði í útlánareglunum um lágmarkstryggingaþekju mismunandi veðand-laga en samkvæmt reglunum bar að jafnaði að taka fullnægjandi tryggingar. Heimilt var að veita undanþágu frá tryggingartöku ef fyrirgreiðslan var smávægileg miðað við eigin fé sjóðsins eða fyrirliggjandi upplýsingar sýndu að ekki væri þörf fyrir tryggingar, enda væri einnig fylgst með afkomu og fjárhag viðskiptaaðilans á meðan skuldbindingin væri til staðar. Óljóst var þó í hvaða tilvikum væri heimilt að veita undanþágu frá tryggingartöku en reglurnar skilgreindu ekki hvaða fyrirgreiðslur teldust smávægilegar eða hvaða upplýsingar myndu sýna fram á að ekki væri þörf á tryggingum.

Sparisjóðsstjóri tók ákvörðun um lánveitingar ef heildarskuldbinding viðkomandi viðskiptamanns og fjárhagslega tengdra aðila var innan við 5% af eigin fé sparisjóðsins. Til að heildarskuldbinding eins viðskiptamanns gæti farið fram úr þeim mörkum þurfti samþykki sparisjóðsstjórnar. Sparisjóðsstjóra og stjórnarformanni var þó heimilt að taka ákvarðanir um lánveitingar umfram 5% af eigin fé sparisjóðsins á milli stjórnarfunda, að því tilskildu að sú ákvörðun væri lögð fyrir stjórn á næsta stjórnarfundi á eftir.

Tafla 11. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Norðfjarðar frá árinu 2003.²⁶

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	5% af eiginfjárgrunni
Staðgengill sparisjóðsstjóra	kr. 10.000.000
Útibússtjóri	kr. 5.000.000
Þjónustustjórar	kr. 2.000.000
Vísafulltrúar	kr. 2.000.000

25. Um skilgreiningu á eigin fé eða eiginfjárgrunni var vísað til 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

26. Útlánareglur Sparisjóðs Norðfjarðar, 29. desember 2003.

Samkvæmt lánareglunum bar sparisjóðsstjórn, að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, að tilnefna staðgengil sparisjóðsstjóra til að annast lánveitingar og ábyrgðir. Sparisjóðsstjóri hafði jafnframt heimild til að taka ákvörðun um skipulag lánveitinga og heimilda þeirra starfsmanna sem kæmu að útlánunum.

Reglur sparisjóðsins höfðu ekki verið uppfærðar í lok árs 2011 í samræmi við reglur 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar.

29.2.3 Stærstu lántakendur

Útlán voru stærsta eign Sparisjóðs Norðfjarðar á árunum 2005–2011 og afskriftir af þeim höfðu töluverð áhrif á rekstur sparisjóðsins. Rannsóknarnefndin valdi úrtak af lántakendum til sérstakrar skoðunar og greiningar. Áhersla var lögð á að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti útlánastarfsemi og ástæður fyrir afskriftum útlána. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga sparisjóðsins, auk þess sem skoðuð voru útlán með há afskriftarframlög.²⁷ Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sem skila bar til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánunum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.²⁸ Úrtak rannsóknarnefndar samanstóð af lántakendum sem tilgreindir voru sem stærstu áhættuskuldbindingar í ársfjórðungsskýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2007–2011. Auk skoðunar á stórum áhættuskuldbindingum gerði rannsóknarnefndin greiningu á lántakendum þar sem fært hafði verið sérgreint á afskriftareikning á árunum 2007–2011.

Tafla 12. Úrtak rannsóknarnefndar af lánaþópum Sparisjóðs Norðfjarðar 2007–2011.²⁹

Pús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	464.474	704.394	628.826	526.110	412.928
Heildarútlán sparisjóðsins	3.319.873	3.564.042	3.052.278	2.964.414	2.878.005
Hlutfall úrtaks af heild	14,0%	19,8%	20,6%	18,3%	14,3%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	25.500	36.500	119.020	139.447	45.658
Sérgreindar afskriftir alls	86.165	144.656	270.084	397.260	174.042
Afskriftareikningur útlána (sémgr. og alm.)	145.862	207.302	327.707	450.258	228.828
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	29,6%	25,1%	44,1%	35,1%	26,2%

Í úrtakinu voru 11 lánaþópar³⁰ og var hlutfall þeirra af heildarútlánunum Sparisjóðs Norðfjarðar frá 14% til 20,6%. Ástæðu þess að skuldbindingar við félögin í úrtaki rannsóknarnefndarinnar námu ekki hærra hlutfalli af heildarútlánunum er að leita í dreifingu útlánasafnsins, en í því var fjöldi einstaklinga með íbúðalán sem ekki var talin ástæða til að fjalla um hér. Útlán til einstaklinga voru 59% af heildarútlánunum í árslok 2008 og voru þeir allir með lán undir 25 milljónum króna.³¹ Úrtak rannsóknarnefndarinnar náði til 25–44% af sérgreindum afskriftum í sparisjóðnum.

Lántakendur í úrtakinu voru einkum félög sem fengu lán til að fjárfesta í rekstri, en meðal þeirra voru útgerðarfélög, vélaverkstæði, verktakafyrirtæki, fasteignafélög, bifreiðaverkstæði og fataverslun. Rekstur lántakenda var á starfssvæði Sparisjóðs Norðfjarðar. Í flestum tilvikum voru félögin með fyrirgreiðslur í formi yfirdráttarlána og skuldabréfa sem voru veitt til fjárfestinga í húsnæði, tækjum og til almenns rekstrar. Þá fengu tvö félög verkábyrgð frá sparisjóðnum vegna ákveðinna verkefna, þar á meðal vegna gatnagerðar á Reyðarfirði.

27. Nánari umfjöllun um aðferðafræði, forsendur og gögn má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

28. Lánveiting hjá fjármálafyrirtæki er skilgreind sem „áhætta“, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og færi áhættuskuldbinding fram yfir þau mörk bar að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu án tafar.

29. Úr skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar fyrir árin 2007–2011 en einnig byggt á upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sparisjóðsins.

30. Lánaþópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um nánari skilgreiningu á lánaþópi vísast til umfjöllunar í 9. kafla, um útlán.

31. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Norðfjarðar, 24. júní 2009.

Hjá Sparisjóði Norðfjarðar voru þrettán aðilar með skuldbindingar umfram 10% af eiginfjárgrunni í árslok 2008 en tveir aðilar voru þá með skuldbindingar umfram 25% af eiginfjárgrunni og einn aðili í árslok 2009. Í árslok 2010 og 2011 var enginn umfram þau mörk.

Hér á eftir fer umfjöllun um þrjá lánaþópa hjá Sparisjóði Norðfjarðar sem rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að gera frekari grein fyrir, hvort unnið hefði verið í samræmi við lög og lánareglur sparisjóðsins og hvernig afskriftaþörf þeirra var metin. Að öðru leyti gaf rannsókn á lánaþópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

MCC ehf.

MCC ehf. var verktakafyrirtæki í Neskaupstað sem sérhæfði sig í jarðvinnu.³² Fyrirtækið hafði verið lengi í viðskiptum við Sparisjóð Norðfjarðar og var einn stærsti skuldari hans frá árinu 2007. Félagið var með fyrirgreiðslur í formi yfirdráttarláns og skuldabréfalána sem tryggð voru með 1. veðrétti í fasteign þess að Strandgötu í Neskaupstað auk veða í ýmsu lausafé, þar á meðal vörubifreiðum.

Á árunum 2006 og 2007 samþykkti stjórn sparisjóðsins nokkrum sinnum að veita félaginu fyrirgreiðslu umfram framlagðar tryggingar. Á fundi stjórnar 4. maí 2006 var samþykkt að hækka yfirdráttarheimild MCC ehf. um 3 milljónir króna og veita félaginu ábyrgð vegna kaupa á sandi. Fram kom á fundinum að heildarskuldbindingin næmi tæpum 44 milljónum króna með ábyrgðinni. Á sama tíma voru tryggingar aðeins metnar á rúmar 36 milljónir króna. Á fundi stjórnar 28. september 2006 var aftur samþykkt að hækka yfirdrátt félagsins um 1,5 milljónir króna þannig að heildarskuldbinding stæði í tæpum 39 milljónum króna. Á sama tíma voru tryggingar metnar á tæpar 38 milljónir króna. Nokkrum dögum síðar, 7. nóvember 2006, samþykkti stjórnin að veita félaginu verkábyrgð vegna gatnagerðar á Reyðarfirði. Stóð þá heildarskuldbinding MCC ehf. í tæpum 48 milljónum króna að ábyrgðinni meðtalinni en tryggingar voru óbreyttar. Tæpu ári síðar, á fundi stjórnar 30. ágúst 2007, var samþykkt að hækka yfirdrátt MCC ehf. um rúmar 4 milljónir króna án þess að frekari tryggingar væru lagðar fram. Heildarskuldbinding félagsins nam þá rúmri 41 milljón króna.

Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar var meðvituð um að skuldbindingar MCC ehf. væru hærri en þær tryggingar sem lagðar höfðu verið fram. Í skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins vegna ársins 2007 var fjallað um stöðu MCC ehf. sem eins stærsta skuldara sparisjóðsins. Þar var haft eftir sparisjóðsstjóra að tryggingar stæðu ekki fyllilega undir fyrirgreiðslu sparisjóðsins til félagsins.³³

Á fundi stjórnar 27. desember 2007 var samþykkt að veita MCC ehf. lán til að greiða upp yfirdrátt félagsins. Þá nam heildarskuldbinding félagsins 50 milljónum króna en tryggingar námu 44 milljónum króna. Fram kom á fundi stjórnar að fyrir skuldinni yrði sett tryggingarbréf með veði í eignum félagsins, þar á meðal fasteign að Strandgötu í Neskaupstað sem MCC ehf. hafði þá nýlega keypt sem fullnustueign af sparisjóðnum. Mánuði síðar, í lok janúar 2008, fékk sparisjóðurinn tryggingarbréf að fjárhæð 8 milljónir króna með 1. veðrétti í fasteigninni. Heildarverðmæti trygginga félagsins hækkaði því í 52 milljónir króna og nam heildarskuldbinding á sama tíma um 50 milljónum króna. Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding MCC ehf. rúmum 55 milljónum króna og var um 16,9% af eiginfjárgrunni. Ekki var fært sérgreint framlag í afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins.

Ári síðar var skuldbindingin 54 milljónir króna eða 15,9% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Þá voru 11 milljónir króna færðar í sérgreint framlag á afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins vegna ársins 2009 að MCC ehf. hefði óskað eftir gjaldþrotaskiptum og að sparisjóðurinn væri búinn að leysa til sín hluta af eignum félagsins.

Í byrjun árs 2010 lýsti Sparisjóður Norðfjarðar kröfum í þrotabú MCC ehf. Veðandlögum var afsalað til sparisjóðsins ásamt því að hann fékk framselda kröfu þrotabúsins á hendur einum einstaklingi. Þessum fullnustueignum var ráðstafað upp í hluta af skuldum MCC

Árslok (m.kr.)	Heildar- skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	44	–
2008	55	–
2009	54	11
2010	11	9,9
2011	–	–

Gjaldprot 2009
Afskrifað 2011: 11 milljónir króna

32. Félagið var í eigu Sigtryggs Stefáns Reynaldssonar, Bjarka Freys Arnórssonar og Guðröðar Hákonarsonar.

33. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2007, 19. nóvember 2007.

ehf. við sparisjóðinn. Að uppgjöri loknu stóð fyrirgreiðsla MCC ehf. í rúmum 11 milljónum króna og voru tæpar 10 milljónir króna látnar standa sem sérgreint framlag á afskriftareikningi í árslok 2010 en 11 milljónir króna voru endanlega afskrifaðar á árinu 2011.

Eikarsmiðjan ehf.

Eikarsmiðjan ehf. var byggingarfélag og einn stærsti skuldari Sparisjóðs Norðfjarðar allt frá árinu 2003.³⁴ Fyrirgreiðslur félagsins samanstóðu af yfirdráttarheimild, skuldabréfi og ábyrgðum vegna framkvæmda félagsins við byggingu íbúðarhúsnæðis á Reyðarfirði. Frá 2003 til 2005 voru skuldbindingar Eikarsmiðjunnar ehf. án trygginga.³⁵ Að sögn Vilhjálms G. Pálssonar sparisjóðsstjóra var hafist handa við að afla trygginga vegna skulda Eikarsmiðjunnar ehf. um áramótin 2004–2005 eftir að ábending kom frá ytri endurskoðanda sparisjóðsins um nauðsyn þess að taka formlegar tryggingar meðan á byggingu íbúðarhúsnæðisins stæði. Ekki dygði að bíða þar til eignir seldust og fjármögnun yrði greidd upp með lánum kaupenda.³⁶

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 27. janúar 2005 var samþykkt að hækka yfirdráttarheimild félagsins um 2 milljónir króna til að gera mætti viðbyggingu á verkstæðishúsi að Nesbraut á Reyðarfirði fokhelda, en heildarskuldbinding nam þá 71 milljón króna. Fram kom í fundargerð að skuldbindingar Eikarsmiðjunnar ehf. væru enn án trygginga en félagið væri með 12 milljóna króna lánsloford frá Byggðastofnun. Það lán yrði notað til að greiða niður yfirdrátt hjá sparisjóðnum. Á sama tíma fékk sparisjóðurinn 35 milljóna króna tryggingarbréf á 2. veðrétti í fasteigninni, á eftir Byggðastofnun. Í júlímánuði 2005 var gengið frá viðbótartryggingum í færanlegum vélbúnaði félagsins, íbúðarhúsi eiganda þess og lóðum að Stekkjargrund á Reyðarfirði sem tilbúnar voru til byggingar.

Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2005 var heildarskuldbinding félagsins tæpar 63 milljónir króna en þar af voru 11 milljónir króna í vanskilum. Áætlað verðmæti trygginga var 50 milljónir króna. Í ljósi slæmrar eiginfjárstöðu og tryggingavöntunar voru 10 milljónir króna færðar í sérgreindan afskriftareikning sparisjóðsins í árslok 2005 vegna skuldbindinga félagsins.

Málefni Eikarsmiðjunnar ehf. voru mikið rædd meðal stjórnenda Sparisjóðs Norðfjarðar á árinu 2006, en þá flutti félagið talsvert af viðskiptum sínum yfir til Glitnis banka hf. Sparisjóðsstjóri taldi þá breytingu hafa orðið eftir að sparisjóðurinn krafðist aukinna trygginga og heimilaði ekki frekari fyrirgreiðslur.³⁷ Samkvæmt skýrslu um innri endurskoðun fyrir árið 2006 nam heildarskuldbinding Eikarsmiðjunnar ehf. við sparisjóðinn tæpum 67 milljónum króna á skoðunardegi og var virði trygginga félagsins metið á um 70 milljónir króna. Sérgreint framlag á afskriftareikningi í árslok 2006 nam tæpum 11 milljónum.

Í febrúar 2007 var Eikarsmiðjan ehf. úrskurðuð gjaldþrota. Fram kom á fundi stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar 10. maí 2007 að þrotabúið hefði afsalað sér tveimur eignum til sparisjóðsins, annars vegar parhúsi að Stekkjargrund og hins vegar verkstæði að Nesbraut, og fengist rúm 21 milljón króna upp í skuldir félagsins vegna þeirra. Eftir stóð tæpra 35 milljóna króna skuld, en þar af voru 11 milljónir króna á sérgreindum afskriftareikningi. Á árunum 2007 og 2008 leysti Sparisjóður Norðfjarðar til sín nokkrar eignir til viðbótar úr þrotabúi félagsins og samkvæmt sparisjóðsstjóra gekk vel að endurselja flestar fasteignirnar og lausafé. Þrjár lóðir að Stekkjargrund voru þó enn meðal fullnustueigna hjá Sparisjóði Norðfjarðar í árslok 2012.³⁸

Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding Eikarsmiðjunnar ehf. við sparisjóðinn rúmum 37 milljónum króna og stóðu tæpar 24 milljónir króna sem sérgreint framlag á afskriftareikningi vegna skuldbindinga félagsins. Á árinu 2009 voru tæpar 24 milljónir króna endanlega afskrifaðar af skuldbindingum þess.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	34	24
2008	37	24
2009	–	–

Gjaldprot 2007
Afskrifað 2009: 24 milljónir króna

34. Samkvæmt hlutafjarmsiðum ríkisskattstjóra var félagið í eigu Stefáns Árna Guðmundssonar.

35. Fram kom í skýrslu Vilhjálms G. Pálssonar sparisjóðsstjóra fyrir rannsóknarnefndinni að áður en hann kom til starfa hefði ekki verið staðið nægilega vel að töku trygginga og gerði hann og endurskoðandi athugasemdir við verklagið. Sparisjóðurinn útbjó þá nýjan verkferil þar sem gert var að skilyrði að byggingarfélög væru að lágmarki búin að undirrita lóðarleigusamning sem hægt væri að veðsetja áður en byggingar risu. Þá fengu byggingarfélög ekki lánað meira en sem nam því sem búið var að byggja hverju sinni.

36. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

37. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

38. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

Lánahópur um bifreiðaverkstæði

Lán til bifreiðaverkstæðis vakti athygli rannsóknarnefndarinnar en félagið var í 16% eigu sparisjóðsins sjálfs fram til ársins 2009 og sparisjóðsstjóri, Vilhjálmur G. Pálsson, gegndi stöðu stjórnarmanns í félaginu fyrir hönd sjóðsins.³⁹

Bifreiðaverkstæðið fékk 16,5 milljóna króna verðtryggt lán hjá Sparisjóði Norðfjarðar 5. júlí 2004. Lánið var til 15 ára með mánaðarlegum gjalddögum og til tryggingar voru tvö tryggingarbréf, samtals að fjárhæð 13 milljónir króna með 1. veðrétti í vörubirgðum félagsins og 2. veðrétti í tækjum til véla- og bifreiðaviðgerða, en á 1. veðrétti hvíldu rúmar 10 milljónir króna frá meirihlutaeiganda verkstæðisins (59%). Þá fékk bifreiðaverkstæðið 3 milljóna króna yfirdráttarheimild á árinu 2004. Að sögn Vilhjálms G. Pálssonar sparisjóðsstjóra gekk rekstur félagsins ekki sem skyldi á þessum tíma og því var neitað um frekari fyrirgreiðslur hjá sparisjóðnum.⁴⁰ Á árinu 2004 voru færðar 2 milljónir króna á sérgreindan afskriftareikning vegna félagsins og hélst það framlag óbreytt til ársloka 2007. Fram kom á fundi stjórnar sparisjóðsins 28. september 2006 að félagið óskaði eftir 50 milljóna króna láni með hlutfallslegri ábyrgð eigenda, en stjórn sparisjóðsins hafnaði erindinu. Stærsti eigandi bifreiðaverkstæðisins hafði lánað félaginu talsverða fjármuni og var óskað eftir láni frá sparisjóðnum til að greiða það upp. Í september 2006 gerði sparisjóðsstjóri eftirfarandi athugasemdir í tölvupósti til fulltrúa annarra hluthafa félagsins vegna lánabeiðninnar og áhyggna hluthafa af fjárhagsvandráðum félagsins en þar sagði meðal annars:

Útlán [bifreiðaverkstæðisins] eru í dag um 18,8 millj. kr. hér hjá okkur. Til tryggingar eru tvö tryggingarbréf, annað uppreiknað nú kr. 8,3 milljónir með veði í vörubirgðum [...] og hitt uppreiknað nú kr. 7,1 milljón með veð í færanlegum vélbúnaði verktaka (veð í tækjum), bókfært veð tækja er um 2,3 millj. um áramót. Tryggingar met ég því kr. 10,6 milljónir.

Afstaða stjórnar [Sparisjóðs Norðfjarðar] er sú að [bifreiðaverkstæðið] lagi þessa vöntun trygginga t.d. með veði í birgðum eða veði í útgefnum reikningum sem eru til innheimtu hjá [sparisjóðnum]. Einnig kom fram skýr afstaða hér í haust um það að [sparisjóðurinn] ábyrgist ekki lán fyrir [verkstæðið] en sótt var um 30 millj. kr. lán til okkar. [...] Hvað varðar lánabeiðnina nú er afstaða okkar óbreytt.

Hvað er þá til ráða hef ég ekkert svar við í sjálfu sér, þekki reksturinn ekki nógu vel. Finnst þó að skuldin við [meirihlutaeigandann] kr. 50 millj. sé með ólíkindum há. Skýrist væntanlega af háum birgðum. Sé að kostnaðarverð seldra vara er kr. 51 millj. árið 2005 og birgðir 29 millj. (ekki mikill veltuhraði það.) [...]

Árið 2004 eru birgðir 11 millj. og skuld við [meirihlutaeiganda] 5,3 millj. Ég spyr hvað er eiginlega í gangi. Það er ljóst í mínum huga að [meirihlutaeigandinn] stjórnar auðvitað öllum viðskiptum á milli félaganna og því finnst mér að frumkvæði að tillögum að bættum rekstri og fjármögnun eigi að koma þaðan.⁴¹

Sparisjóður Norðfjarðar reyndi að selja eignarhlut sinn í félaginu en án árangurs.⁴² Haustið 2008 neituðu fulltrúar meirihlutaeigenda í stjórn félagsins að verða við ósk Vilhjálms G. Pálssonar sparisjóðsstjóra fyrir hönd sparisjóðsins um afhendingu á ársreikningi félagsins fyrir árið 2007. Þá hafði ársreikningurinn verið undirritaður af tveimur öðrum stjórnarmönnum 27. febrúar 2008.⁴³ Í kjölfarið tilkynnti Vilhjálmur um úrsögn sína úr stjórn félagsins.⁴⁴

Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding bifreiðaverkstæðisins rúmum 15 milljónum króna og voru 13 milljónir króna færðar sem sérgreint framlag í afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins. Bifreiðaverkstæðið hafði hætt rekstri á árinu 2008 og á hluthafafundi 25. maí 2009 var lagt til að félagið yrði lagt niður. Bókað var á hluthafafundinum að meirihlutaeigandi tæki birgðir félagsins, sem metnar væru á um 30 milljónir króna, upp í skuldir. Eftir fundinn gerði sparisjóðsstjóri athugasemd í tölvupósti fyrir hönd Sparisjóðs

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	18	2
2008	15	13
2009	16	7
2010	–	–

Afskrifað 2010: 8 milljónir króna

39. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

40. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

41. Tölvuskeyti Sparisjóðs Norðfjarðar til forstjóra bifreiðaverkstæðisins 28. september 2006.

42. Tölvuskeyti Sparisjóðs Norðfjarðar til rannsóknarnefndarinnar 17. júlí 2012.

43. Tölvuskeyti Sparisjóðs Norðfjarðar til forstjóra bifreiðaverkstæðisins 17. desember 2008.

44. Samkvæmt tilkynningum til fyrirtækjaskrár. Upplýsingar fengnar frá ríkisskattstjóra.

Norðfjarðar um að hann hefði gert grein fyrir því á fundinum að sparisjóðurinn væri með veð í birgðum félagsins. Þá væri sparisjóðurinn tilbúinn til að fella niður 4,5 milljónir króna af 15 milljón króna skuld félagsins, en gerð væri sú krafa að hluti af andvirði sölu birgða félagsins yrði notað til að greiða skuldina við sparisjóðinn.⁴⁵

Ekki kom þó til greiðslu á skuld félagsins samkvæmt tilboði Sparisjóðs Norðfjarðar og um mitt ár 2009 hafði meirihlutaeigandinn tekið til sín birgðir félagsins. Sparisjóðurinn gerði þá kröfu um að eigandinn greiddi þess í stað af kröfu félagsins til að tryggingarbréfinu með veði í birgðunum yrði aflétt.⁴⁶ Sparisjóðurinn fól lögmanni að senda bifreiðaverkstæðinu greiðsluáskorun 19. ágúst 2009. Á hluthafafundi 5. nóvember 2009 var tekið fyrir gagn-tilboð forstjóra verkstæðisins til sparisjóðsins en síðar kom annað tilboð frá sparisjóðnum. Málum lyktaði þannig að á fundi stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar 10. febrúar sama ár var samþykkt að afskrifa 8,5 milljónir króna af skuldum félagsins samkvæmt samkomulagi frá 20. janúar 2010, þar sem meirihlutaeigandi keypti vörubirgðir og lausafé á rúmar 8 milljónir króna sem greiddar voru til Sparisjóðs Norðfjarðar. Í árslok 2009 hafði heildarskuldbinding bifreiðaverkstæðisins numið rúmum 16 milljónum króna og höfðu rúmar 7 milljónir króna verið færðar sem sérgreint framlag í afskriftareikning. Á árinu 2010 voru tæpar 8 milljónir króna endanlega afskrifaðar vegna skuldbindingar félagsins.

29.2.4 Lán til stjórnar, starfsmanna og tengdra aðila

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir þeim reglum sem stjórn setti. Tvisvar á ári bar fjármálafyrirtækjum að skila skýrslu til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila þar sem fram kæmu allar fyrirgreiðslur yfir 10 milljónum króna til þeirra, það er til stjórnarmanna, maka þeirra, barna og féлага sem tengdust þeim.

Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun fyrir árið 2009 að einn starfsmaður væri með yfirdráttarlán sem næmi um 20 milljónum króna og það væri ótryggt. Á árinu 2009 voru færðar 3 milljónir króna á sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga hans. Ekki var gerð grein fyrir þessari skuldbindingu í skýrslu sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila en skuldbindingin var yfir 10 milljónum króna frá maí 2008 til maí 2010 og fór hæst í tæplega 30 milljónir króna. Að sögn Vilhjalms G. Pálssonar sparisjóðsstjóra fékk umræddur starfsmaður tímabundna fyrirgreiðslu til að brúa bil vegna fasteignakaupa. Deilur urðu um kaupin og færði sparisjóðurinn í kjölfarið á sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindingarinnar. Á endanum var málið gert upp eftir að lendingu var náð í deilunni vegna fasteignakaupanna.⁴⁷ Rannsóknarnefndin kannaði útlán til starfsmanna og fletti útlánum til þeirra upp í afriti af lánagrunni sparisjóðsins. Í töflu 13 má sjá yfirlit yfir heildarskuldbindingar starfsmanna Sparisjóðs Norðfjarðar á tímabilinu 2005–2010.

Tafla 13. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Norðfjarðar sem hlutfall af útlánum 2005–2010.⁴⁸

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	2.733.986	39.101	1,43%
31.12.2006	3.051.940	43.983	1,44%
31.12.2007	3.174.011	45.432	1,43%
31.12.2008	3.356.740	63.519	1,89%
31.12.2009	2.724.571	62.820	2,31%
31.12.2010	2.514.156	41.439	1,65%

Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2010 og 2011 kom fram að gerður hefði verið samanburður á kjörum venslaðra og óvenslaðra aðila og voru þær fyrirgreiðslur án athugasemda.

45. Tölvuskeyti Sparisjóðs Norðfjarðar til meirihlutaeiganda bifreiðaverkstæðisins 28. maí 2009.

46. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Norðfjarðar, 24. júní 2009.

47. Skýrsla Vilhjalms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 19. apríl 2013.


48. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.

Auk félaganna sem hér er fjallað um, má geta þess að félag í eigu Guðmundar J. Skúlasonar, stjórnarmanns í Sparisjóði Norðfjarðar, G. Skúlason vélaverkstæði ehf., var stærsti skuldari sparisjóðsins á árinu 2007 og annar stærsti skuldari sjóðsins á árunum 2008–2010. Bókað var í fundargerðum stjórnar að Guðmundur hefði vikið af fundi þegar fjallað var um málefni félagsins, sem og þegar málefni samkeppnisaðila félagsins voru rædd.

29.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Norðfjarðar setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar en í reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra sem samþykktar voru í febrúar 2007 kom fram að fjárfestingar í fasteignum skyldu bornar upp í stjórn, sem og önnur fjárfestingaráform sem telja mætti meiriháttar eða óvenjuleg, til að mynda kaup á meiriháttar tölvubúnaði eða opnun afgangslustaða.⁴⁹

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Norðfjarðar í árslok 2005–2011.⁵⁰



Árið 2005 nam samanlögð verðbréfaeign allra minni sparisjóðanna 157% af samanlögðu eigin fé þeirra, en hæst varð hlutfallið 401% í árslok 2008.⁵¹ Á árunum 2005–2011 varð hlutfall fjáreigna af bókfærðu eigin fé Sparisjóðs Norðfjarðar hæst árið 2008, þegar það nam 523%, og lægst árið 2005 þegar það var 74%.


Árið 2002 seldi sparisjóðurinn hluta af hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi banka hf., öll hlutabréf sín í Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. og í Scandinavian Holding. Söluhagnaður var 45 milljónir króna. Ári síðar seldi sparisjóðurinn enn hlutabréf í Kaupþingi banka hf. og voru tekjur af þeirri sölu um 64 milljónir króna. Frá 2003 til 2006 breyttust fjáreignir sparisjóðsins lítillega en tekjur af þeim jukust jafnt og þétt. Sparisjóður Norðfjarðar fjárfesti töluvert í markaðsskuldabréfum árið 2007 en á sama tíma jókst einnig eign sjóðsins í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum. Eftir fall bankanna urðu markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum undirstaða fjáreigna sparisjóðsins. Mest fór þar fyrir skuldabréfum fyrirtækja og skammtímasjóði Íslenskra verðbréfa hf. Árið 2007 átti sparisjóðurinn rúma 671 milljón króna í skuldabréfum útgefnum af lánastofnunum.

49. Það eintak af reglum sem rannsóknarnefndinni var afhent er ekki undirritað og virðist óklárað, þar sem í því skjali er breytingasaga þess. Í stjórnarfundargerð frá 6. febrúar 2007 er bókað samþykki fyrir starfsreglum stjórnar en 6. febrúar 2007 er sama dagsetning og á reglum sem afhentar voru nefndinni.

50. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.

51. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Norðfjarðar í árslok 2005–2011.⁵²



Tafla 14. Fjáreignir Sparisjóðs Norðfjarðar í árslok 2005–2011.⁵³

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.*	68.091	142.744	272.260	1.361	–	–	–
Reiknistofa bankanna	3.503	3.503	3.503	4.830	4.830	4.830	4.830
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	3.225	1.843	4.944	9.270	9.270	9.034	12.000
Samtals	74.819	148.090	280.707	15.461	14.100	13.864	16.830
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	–	–	50.025	43.500	16.095	6.525	–
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	32.000	37.941	130.715	3.755	–	–	–
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf.	2.262	2.967	2.967	–	–	–	–
Íslensk verðbréf hf.	23.948	23.948	163.078	160.839	–	–	–
Samtals	58.211	64.856	346.785	208.095	16.095	6.525	–
Sparisj. í Keflavík / Sparisj. Vestfirðinga	2.102	2.102	76.496	30.556	–	–	–
Sparisj. Vestmannaeyja / Sparisj. Hornafjarðar	3.511	–	–	–	–	4.768	–
Samtals	5.613	2.102	76.496	30.556	–	4.768	–
Valréttarbréf íV 1. fl. 2004	10.000	10.000	–	–	–	–	–
Markaðssjóðir (Hedge funds)	9.425	10.964	35.601	–	–	–	–
VSP Alþjóða vaxtarsjóður	–	7.400	8.032	8.272	13.196	–	–
SP-Fjármögnun hf.	5.395	5.395	5.395	–	–	–	–
Annað	100.480	30.986	33.708	52.263	35.622	7.891	17.673
Samtals	125.300	64.745	82.736	60.534	48.818	7.891	17.673
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	54.326	107.488	1.035.363	392.054	137.659	535.497	897.919
Samtals	318.268	387.281	1.822.087	706.700	216.672	568.545	932.422

*Hlutdeildarfélag fram til ársins 2007.

Í árslok 2005 átti Sparisjóður Norðfjarðar 70 milljóna króna hlut í Sænesi ehf. sem hann keypti af Sparisjóði Höfðhverfinga. Samningurinn var með kauprétti Sparisjóðs Höfðhverfinga til 3. júlí 2006 á sömu bréfum fyrir 74,2 milljónir króna. Kaupin voru samþykkt á stjórnarfundi 12. janúar 2006 með vísan til samþykktar stjórnar frá 29. desember 2005, en þar hafði verið rætt um að frestaður söluhagnaður vegna bréfa í Kaupþingi kæmi þá til skattlagningar. Hluturinn var seldur aftur til Sparisjóðs Höfðhverfinga á árinu 2006.⁵⁴ Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar rifjaði þessi viðskipti upp fyrir rannsóknarnefndinni:

Ég held að [Sparisjóður Höfðhverfinga] hafi sennilega verið eitthvað yfir mörkum með að eiga svona stóran hlut í þessu félagi. Og við höfum vistað þetta hjá okkur gegn einhverri þóknun. Og selt það síðan aftur seinna [...]. Ég reikna með að þetta hafi sigið eitthvað í CAD-ið hjá þeim þarna.⁵⁵

52. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.

53. Samkvæmt sundurliðun sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar. Heildartölur eru ekki fyllilega þær sömu og í ársreikningi sparisjóðsins.

54. Tölvuskeyti Sparisjóðs Norðfjarðar til rannsóknarnefndarinnar 5. maí 2013.

55. Skýrsla Vilhjálm G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 19. apríl 2013.

Sparisjóður Höfðhverfinga hafði 19 milljóna króna söluhagnað af þessum viðskiptum í ársreikningi 2005, en greiddi svo Sparisjóði Norðfjarðar 4,2 milljónir króna fyrir „hýsingu“ bréfanna á árinu 2006.

Árið 2005 tók sparisjóðurinn þátt í hlutafjárúkningu FSP hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. Í byrjun febrúar 2006 samþykkti sparisjóðsstjórnin að kaupa nýtt hlutafé í FSP hf. fyrir tæpar 6 milljónir króna⁵⁶ og mánuði síðar var samþykkt að taka þátt í hlutafjárúkningu Sparisjóðabanka Íslands hf. fyrir 7 milljónir króna sem sparisjóðurinn átti forgangsrétt á að kaupa, en að auki var samþykkt að kaupa fyrir 8 milljónir króna í umframáskrift.⁵⁷ Bókfærð eign sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum hækkaði þó umfram þessa hlutafjárúkningu á árinu 2006 en það má rekja til þess að eignarhlutur í bankanum var bókfærður með hlutdeildaraðferð og gott gengi bankans á árinu 2006 jók bókfært virði hans hjá sparisjóðnum.

Árið 2007 færði sparisjóðurinn eign sína í Sparisjóðabanka Íslands hf. til gangvirðis og hafði af því töluverðar tekjur. Á því ári skilaði eign í Sparisjóðabankanum sparisjóðnum tekjum sem námu 130 milljónum króna, en hefðu verið 19 milljónir króna ef tekjurnar hefðu verið færðar sem hlutdeildartekjur eins og áður. Árið 2007 voru aðrar stórar fjáreignir sparisjóðsins í Íslenskum verðbréfum hf. og í VBS Fjárfestingarbanka hf. Sparisjóðurinn hafði eignast hlut í fjárfestingarbankanum eftir sameiningu hans og FSP hf. á árinu 2007, en Sparisjóður Norðfjarðar átti líkt og margir aðrir sparisjóðir hlut í FSP hf. Í febrúar 2007 samþykkti stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar að nýta forgangsrétt sinn til kaupa á að allt að 30 milljóna króna hlutafé í Íslenskum verðbréfum hf.⁵⁸ Í apríl sama ár ákvað stjórnin að nýta forgangsrétt til kaupa á tæplega 8,5 milljónum hluta í FSP hf. á genginu 1,25 kr.⁵⁹ Stærsta nýja fjárfesting sparisjóðsins í félögum á árunum 2005–2011 var í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. á árinu 2007. Hún var samþykkt á stjórnarfundi 6. febrúar 2007 og nam um 50 milljónum króna.

Tafla 15. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.⁶⁰

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)			82.200	(113.905)	(46.187)	(8.259)		(86.151)
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.				(6.525)	(27.405)	(9.570)	(6.525)	(50.025)
Sparisjóðabanki Íslands hf./Icebank hf.*	29.355	67.373	129.500	(270.898)				(44.670)
Sparisj. í Keflavík / Sparisj. Vestfirðinga	102		51.600	(40.762)	(30.556)			(19.616)
Fjárfestingafélag Austurlands hf.				(9.246)				(9.246)
SP-Fjármögnun hf.				(5.395)				(5.395)
Uppspretta eignarhaldsfélag ehf.				(6.000)		725		(5.275)
Hekla ehf. Austurlandi				(4.590)				(4.590)
Verðbréfabjónusta sparisjóðanna hf.				(2.614)		623		(1.991)
MasterCard/Europay				2.161				2.161
Valitor hf./ Greiðslumiðlun hf.	267	437		14.848	3.371	9.351		28.274
Íslensk verðbréf hf.	12.412	10.950	122.700	(380)	15.224			160.905
Varúðarniðurfærsla	1.231			(40.000)	40.000			1.231
Nýsir hf. (skuldabréf)				(72.600)	(18.100)			(90.700)
Bankabréf Kaupþings banka hf.				(68.300)				(68.300)
Samson ehf. (skuldabréf)				(51.900)				(51.900)
Hf. Eimskipafélag Íslands (skuldabréf)				(39.900)	(7.529)			(47.429)
Milestone ehf. (skuldabréf)				(29.300)	(10.000)			(39.300)
Atorka Group hf. (skuldabréf)					(20.750)			(20.750)
Egla hf. (skuldabréf)				(13.300)			3.530	(9.770)
Önnur hlutdeildarfélag	(795)	(1.382)	3.332	2.600			2.966	6.721
Aðrir liðir	3.908	1.671	3.315	(23.207)	17.734	43.784	36.289	83.492
Samtals	46.480	79.048	392.647	(779.213)	(84.199)	36.654	36.261	(272.322)

*Hlutdeildarfélag fram til ársins 2007.

Skuldabréf voru stór hluti af verðbréfaeign Sparisjóðs Norðfjarðar en hún jókst á árinu 2007, einkum vegna kaupa á skuldabréfum fyrirtækja og lánastofnana. Sparisjóðsstjóri lýsti því svo að á árinu 2007 hefðu innlán hjá sparisjóðnum aukist töluvert og hann hefði því

56. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar, 7. febrúar 2006.

57. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar, 30. mars 2006.

58. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar, 15. febrúar 2007.


59. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar, 12. apríl 2007.

60. Samkvæmt sundurliðun sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar.

verið í góðri stöðu með lausafé. Vextir hefðu verið háir á þessum tíma og til þess að geta greitt samkeppnishæfa innlánsvexti og haft jafnframt tekjuafgang af rekstri sparisjóðsins hefði verið talið nauðsynlegt að fjárfesta í skuldabréfum á markaði.⁶¹

Sparisjóðurinn tapaði töluverðu á skuldabréfum á árunum 2008 og 2009 þegar útgefendur þeirra stóðu ekki við skuldbindingar sínar. Á árinu 2008 nam tap sparisjóðsins á skuldabréfum 271 milljón króna og tap á hlutabréfaeign 481 milljón króna. Tap sparisjóðsins á skuldabréfum var mest á bréfum Nýsis hf., eða 73 milljónir króna, bréfum Kaupþings banka hf., rúmar 68 milljónir króna, og bréfum Samson eignarhaldsfélags hf., tæpar 52 milljónir króna. Tap sparisjóðsins á eignarhlutum í félögum var mest á hlut í Sparisjóðabanka Íslands hf. á árinu 2008, eða 271 milljón króna. Tap á hlut í VBS Fjárfestingarbanka hf. á sama tíma var 114 milljónir króna og tap á hlut í Sparisjóðnum í Keflavík nam 41 milljón króna. Tap sparisjóðsins á eignarhlutum á árinu 2009 var einkum vegna VBS Fjárfestingarbanka hf., Sparisjóðsins í Keflavík og Saga Capital hf.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.⁶²



Afkoma Sparisjóðs Norðfjarðar af fjáreignum hafði töluverð áhrif á rekstur hans og þá einkum árin 2007 og 2008. Önnur ár stóðu hreinar vaxtatekjur sparisjóðsins nokkurn veginn undir rekstri hans og frá 2005–2007 voru tekjur af fjáreignum nær jafnar afkomu ársins fyrir skatt. Eignasafn sparisjóðsins var sæmilega dreift, hann fjárfesti í skráðum og óskráðum hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum í sjóðum með dreifða áhættu og skuldabréfum. Þrátt fyrir þessa dreifðu áhættu tapaði sparisjóðurinn talsverðu á fjáreignum og virðist áhersla hans á að fjárfesta í skuldabréfum frá árinu 2007 ekki hafa dugað til að draga úr áhrifum umróts á fjármálamörkuðum á árinu 2008 á efnahag og rekstur sparisjóðsins, en skuldabréf eru gjarnan talin öruggari fjárfesting en hlutabréf. Frá 2001 til 2007 var hagnaður Sparisjóðs Norðfjarðar af verðbréfaeign 793 milljónir króna á árslokaverðlagi ársins 2011, en frá 2008 til 2011 nam tap af sama lið rúmum 987 milljónum króna miðað við sama verðlag. Þannig tapaði sparisjóðurinn meira á verðbréfaeign á fjórum árum en hann hafði aflað á sjö árum þar á undan.

29.4 Fjármögnun

Efnahagur Sparisjóðs Norðfjarðar óx töluvert frá 2005 til 2011 og var sá vöxtur nær eingöngu fjármagnaður með innlánnum og í minna mæli lántöku. Frá 2005 til 2011 voru innlán á bilinu 65–96% af skuldum að undanskildu eigin fé Sparisjóðs Norðfjarðar.⁶³

61. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

62. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.

63. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

Tafla 16. Skuldir Sparisjóðs Norðfjarðar í árslok 2005–2011.⁶⁴

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir	–	–	–	–	559.427	–	–
Innlán samtals	1.989.223	2.454.345	3.251.809	3.846.582	4.381.536	4.424.447	4.427.685
Lántaka samtals	899.360	1.039.983	1.004.434	1.360.212	178.856	–	–
Aðrar skuldir	40.041	60.564	86.644	142.585	112.845	83.816	93.740
Reiknaðar skuldbindingar samtals	124.425	144.781	222.712	163.000	–	–	–
Víkjandi skuldir	–	–	154.696	180.521	196.176	124.310	130.523
Skuldir samtals	3.053.049	3.699.673	4.720.295	5.692.900	5.428.840	4.632.573	4.651.948

Heimili áttu að meðaltali 70% af innlánnum sparisjóðsins og fyrirtæki 19%.⁶⁵ Hlutfall bundinna innlána var að meðaltali 58% frá ársbyrjun 2005 til ársloka 2011, hæst varð það 71% í byrjun árs 2006 og aftur í september sama ár, en lægst 39% í febrúar 2008.⁶⁶ Innlán voru 73% af útlánnum í árslok 2005 en hlutfallið hækkaði á hverju ári þar til í árslok 2010 þegar innlán námu 176% af útlánnum, en var 167% ári síðar.

Skuld við lánastofnanir, sem nam 559 milljónum króna í árslok 2009, var vegna flutnings á ákveðnum eignum og skuldum Sparisjóðabankans til Seðlabanka Íslands þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabankans. Á meðal þeirra eigna og skulda voru útlán til og innlán frá sparisjóðunum. Skuld Sparisjóðs Norðfjarðar var öll gjaldkræf og 27. júlí 2010 var undirritað samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins við Seðlabankann, sem meðal annars fól í sér uppgjör á skuldinni.⁶⁷

Lántökur sparisjóðsins námu 1,4 milljörðum króna í lok árs 2008. Þær skiptust í erlenda lánalínu frá Sparisjóðabanka Íslands hf. sem skyldi endurgreiðast í samræmi við endurgreiðslur gengistryggðra útlána sparisjóðsins, lántöku hjá Íbúðalánasjóði, sem samkvæmt samkomulagi skyldi endurgreiðast í samræmi við endurgreiðslur tilgreindra íbúðalána sparisjóðsins, og verðbréfaútgáfu sem endurgreidd var að fullu á árinu 2010. Engar lán-tökur voru í ársreikningum árána 2010 og 2011.

Tafla 17. Lántaka Sparisjóðs Norðfjarðar í lok árs 2005–2009.⁶⁸

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Lán í íslenskum krónum frá Sparisjóðabanka	237.413	203.298	126.304	125.230	3.889
Lán í erlendum myntum frá Sparisjóðabanka	65.348	236.864	278.760	568.718	–
Lán frá Íbúðalánasjóði	474.356	469.062	460.970	505.247	–
Útgefin skuldabréf	122.242	130.758	138.400	161.018	174.966
Samtals	899.360	1.039.983	1.004.434	1.360.212	178.856

Sparisjóður Norðfjarðar gerði tvo lánasamninga við Íbúðalánasjóð. Sá fyrri var gerður í desember 2004 og var upphafleg lánsupphæð tæpar 390 milljónir króna. Að baki lánasamningnum stóðu 42 lán í eigu sparisjóðsins. Seinna lánið, sem var veitt í apríl 2005, var með sama sniði en þar var lánsupphæðin rúmar 117 milljónir króna og að baki því stóðu 17 lán í eigu sparisjóðsins.⁶⁹

Árið 2007 tók Sparisjóður Norðfjarðar 150 milljóna króna víkjandi lán til tíu ára hjá Bygðastofnun og var lántakan samþykkt á stjórnarfundi sparisjóðsins 19. september 2007. Á sama stjórnarfundi var rætt um að lánið myndi hækka eiginfjárlutfall sparisjóðsins upp í um það bil 15%. Í lok árs 2007 var eiginfjárlutfall sparisjóðsins 15,3% en hefði verið 11,8% ef lánið hefði ekki komið til. Við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins nam lánið 196 milljónum króna. Af þeim voru 37 milljónir króna settar í varasjóð sparisjóðsins og 160 milljónum króna breytt í stofnfé sem síðan var framselt íslenska ríkinu.⁷⁰

64. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.

65. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

66. Mánaðarleg lausafjáryfirlit Sparisjóðs Norðfjarðar til Seðlabankans, janúar 2005 til desember 2011.

67. Minnisblað um samninga um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Norðfjarðar, 4. nóvember 2010.

68. Samkvæmt sundurliðun sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar.

69. Nánar er fjallað um fjármögnun íbúðalána sparisjóðanna hjá Íbúðalánasjóði í 11. kafla.

70. Tölvuskeyti Sparisjóðs Norðfjarðar til rannsóknarnefndarinnar 6. desember 2012.

29.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Samkvæmt samþykktum Sparisjóðs Norðfjarðar frá 2003 skyldi stofnfé hans eigi vera minna en 9.033.476 krónur, skiptast í að minnsta kosti 268 jafnháa hluti og skyldi eitt atkvæði fylgja hverjum hlut. Stofnfjáreigendur skyldu aldrei vera færri en 60 en þeir gátu átt einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti, þó ekki fleiri en tíu, og skyldi atkvæðisréttur þeirra vera í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Hver stofnfjáreigandi gat ekki farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra. Stjórn þurfti að samþykka sölu eða framsal stofnfjárhluta milli aðila en veðsetning þeirra var óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé umfram það sem kveðið var á um í samþykktunum með áskrift nýrra stofnfjárhluta og einnig var heimilt að auka stofnfé með endurmati og með ráðstöfun hluta hagnaðar. Við aukningu stofnfjár skyldu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína.⁷¹

Á fundi stofnfjáreigenda sparisjóðsins 27. nóvember 2007 var samþykktunum breytt og stofnfé ákveðið 14.393.208 krónur sem skiptist í jafnmarga einnar krónu nafnverðshluti. Ákvæði um hámarks stofnfjáreign hvers stofnfjáreiganda var breytt og miðaðist þá við 5% af útgefnu stofnfé í stað tíu stofnfjárhluta. Eigendaskipti á stofnfé umfram þessi mörk töldust ógild og skyldi stjórnin hafna beiðnum um slíkt. Þá var samþykkt heimild til útgáfu stofnfjárbréfa með rafrænum hætti og veðsetning stofnfjárhluta leyfð með samþykki stjórnar. Stjórn fékk heimild fram til ársloka 2010 til að auka stofnfé sparisjóðsins um allt að 600 milljónir króna og var stefnt að því að bjóða út 201 milljón króna fyrir árslok 2007. Stofnfjáraðilar áttu forgang til áskriftar í réttu hlutfalli við stofnfjáreign.⁷² Stofnfjáreigendafundur sparisjóðsins 9. desember 2008 felldi síðan úr samþykktunum ákvæði um 5% hámarks eignarhlut á stofnfé.⁷³ Þá fékk stjórn sparisjóðsins heimild til loka árs 2012 til að auka stofnfé um 300 milljónir króna til viðbótar þeim 399 milljónum sem óseldar voru af fyrri heimild.

Samþykktum sparisjóðsins var enn breytt á stofnfjáreigendafundi 28. júní 2010 en þær breytingar voru liður í að ná fram fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins sem fjallað er um í kafla 29.6. Þeir sem átt höfðu stofnfé samþykktu að færa það niður til jöfnunar taps sem ekki yrði jafnað á annan hátt⁷⁴ og kröfuhafar sjóðsins breyttu kröfum í stofnfé. Fyrri heimild stjórnar til stofnfjáraukningar um allt að 300 milljónir króna var þá enn í gildi og í nýjum samþykktum var stjórninni heimilað að auka stofnfé um allt að 159.493.000 krónur með sama hætti. Þá var framsal eða önnur ráðstöfun stofnfjárhluta heimiluð án takmarkana.

Tafla 18. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Norðfjarðar í lok árs 2005–2011.⁷⁵

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stofnfé	11.148 3%	13.037 3%	216.855 21%	313.726 .	483.726 .	625.799 .	625.799 .
Varasjóður	416.353 97%	496.006 97%	796.459 79%	(178.571) .	(361.078) .	(35.248) .	(47.427) .
Eigið fé	427.501 100%	509.043 100%	1.013.314 100%	135.155 .	122.648 .	590.551 .	578.372 .

Stofnfé Sparisjóðs Norðfjarðar var 11 milljónir króna í árslok 2005. Ári seinna hækkaði stofnféð í 13 milljónir króna vegna sérstaks endurmats og endurmats vegna verðlagsbreytinga. Á þessum árum voru stofnfjáreigendur 77 talsins, allt einstaklingar. Stærstu stofnfjáreigendurnir áttu hver um sig 1,87% af heildarstofnfé. Þeir voru 41 talsins og áttu samanlagt 76,5% hlut.⁷⁶

29.5.1

71. Samþykktir fyrir Sparisjóð Norðfjarðar, 11. apríl 2003.

72. Fundargerð stofnfjáreigendafundar í Sparisjóði Norðfjarðar, 27. nóvember 2007.

73. Samkvæmt lögum var engum stofnfjáraðila sparisjóðs heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum þar til 2009, þegar sparisjóðnum var heimilað að ákvarða sjálfir slíkar takmarkanir í samþykktum sínum.

74. Heimild til að lækka stofnfé kom inn í lög nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki árið 2009 með lögum nr. 76/2009. Áður var slíkt ekki mögulegt fyrir sparisjóði.

75. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.

76. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar; stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Norðfjarðar.

29.5.2 Stofnfjárukning, sameiningarviðræður og hugmyndir um hlutafélagsvæðingu

Á stjórnarfundi Sparisjóðs Norðfjarðar 16. október 2007 var fjallað um sameiningar við aðra sparisjóði en þá hafði verið rætt við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis, Sparisjóð Suður-Þingeyinga og Sparisjóð Höfðhverfinga um sameiningu og stefnt var að framhaldsfundi um þau málefni. Í sameiningartillögu sparisjóðsins var gert ráð fyrir að skiptihlutfall sameinaðra sjóða yrði jafnað, þeim breytt í hlutafélagasparisjóði og þeir síðan sameinaðir.⁷⁷ Þannig yrði til sjálfseignarstofnun á hverju starfssvæði fyrir sig áður en til sameiningar kæmi en samkvæmt þágildandi lögum fengi slík stofnun hlutafé í samræmi við þann hluta eiginfjár sem ekki gengi til stofnfjáreigenda við hlutafélagsvæðingu, sbr. þágildandi 74. og 76. gr. laga nr. 161/2002. Tilgangur sjálfseignarstofnunar var að stuðla að viðgangi og vexti í starfi sparisjóðsins og var aðeins heimilt að úthluta af fjármunum hennar til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs sem breytt væri í hlutafélag. Þannig hefði verið tryggt að starfssvæði hvers sparisjóðs um sig hefði notið ágóðans af uppsöfnuðum varasjóði þeirra.

Á fundinum samþykkti stjórn sparisjóðsins að boða stofnfjáreigendur á fund til að ræða stofnfjárukningu með það í huga að jafna skiptihlutfall í sparisjóðunum sem hugðust sameinast. Lögð var áhersla á að skiptihlutföllin yrðu að vera þannig að stofnfjáreigendur yrðu sáttir við sinn hlut og áhrif í sameinuðum sjóði.⁷⁸ Ef ekki yrði úr sameiningu, yrði engu að síður hugað að því að breyta sparisjóðnum í hlutafélag og stofnféð sem safnaðist í útboðinu notað til þess að auka hlut stofnfjáreigenda í hlutafélaginu. Það myndi auka möguleika á að sameinast sparisjóði eða banka.⁷⁹ Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóður Höfðhverfinga drógu sig úr sameiningarviðræðunum áður en stofnfjáreigendafundurinn var haldinn og ákvað stjórnin þá að einblína á að breyta sparisjóðnum í hlutafélag.⁸⁰

Á stofnfjáreigendafundi Sparisjóðs Norðfjarðar 27. nóvember 2007 var samþykktum sjóðsins breytt. Á fundinum ræddi Jón Kr. Ólafsson stjórnarformaður sparisjóðsins um stöðu hans í ljósi mikilla hræringa í sparisjóðakerfinu og ótryggrar afkomu sjóðsins. Í máli hans kom fram að „mikil lækkunarhrina [hefði hafist] á mörkuðum“ á síðari helmingi ársins 2007 og væru „fjármálafyrirtæki þar í fararbroddi“. Hann bætti við: „Af þeim sökum er ekki búist við jafn miklum hagnaði á seinni helmingi þessa árs og á þeim fyrri, því raunin hefur verið sú að regluleg starfsemi er ekki að skila miklum hagnaði. Staða sparisjóðsins er þó sterk og traust.“ Þá vék hann að samrunahugmyndum og tillögu um hlutafélagsvæðingu:

Stofnfjáreigendur í allmörgum sparisjóðum hafa samþykkt undanfarið að hefja samrunaferli við aðra sparisjóði en þar eru leiðandi stóru sparisjóðirnir á suðvesturhorni landsins eins og Sparisjóðurinn í Keflavík og Byr sparisjóður. Það verður auðvitað hver að taka sína ákvörðun út frá sínum forsendum en það er samdóma álit stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar að búa þurfi til sátt milli þess samfélags sem Sparisjóðurinn starfar í og ykkar stofnfjáreigenda.

Það er samdóma álit allra stjórnarmanna í Sparisjóði Norðfjarðar að nauðsynlegt sé að styrkja Sparisjóðinn sem allra fyrst til þess að hann verði betur í stakk búinn að takast á við þær breytingar sem framundan eru. Það er skoðun stjórnar að sameining Sparisjóðsins við aðra sparisjóði komi vart til greina að óbreyttu. Þar á ég við að sameining sparisjóðsins sem stofnfjársparisjóður við annan mun stærrí á suðvesturhorninu sem dæmi hámarkar að vísu arð til stofnfjáreigenda en skilur ekkert eftir í samfélaginu af þeim fjármunum sem hér hafa orðið til í gegnum áratugina og ávallt hefur verið litið á að séu eign samfélagsins af stofnfjáreigendum og löggjafanum. Stjórnun, stefnumótun og allar ákvarðanir færast einnig til stjórnar hins sameinaða sjóðs.⁸¹

„[...] sameining sparisjóðsins sem stofnfjársparisjóður við annan mun stærrí á suðvesturhorninu sem dæmi hámarkar að vísu arð til stofnfjáreigenda en skilur ekkert eftir í samfélaginu af þeim fjármunum sem hér hafa orðið til í gegnum áratugina og ávallt hefur verið litið á að séu eign samfélagsins af stofnfjáreigendum og löggjafanum. Stjórnun, stefnumótun og allar ákvarðanir færast einnig til stjórnar hins sameinaða sjóðs.“

Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina, 9. apríl 2013.

77. Við samruna sparisjóða var oft gripið til stofnfjárukningar í öðrum eða báðum þeirra sjóða sem til stóð að sameina svo að hlutfall stofnfjár af eigin fé í nýjum sjóði yrði sambærilegt við samruna sparisjóðanna. Var það nefnt skiptihlutfall. Nánar er fjallað um skiptihlutfall við samruna í 12. kafla.

78. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

79. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

80. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar, 8. nóvember 2007.

81. Fundargerð stofnfjáreigendafundar í Sparisjóði Norðfjarðar, 27. nóvember 2007.

„Við þessa aukningu núna sem er allstór fjárhæð á ekki fleiri aðila, er stefnt að því að greiða út góðan arð strax á næsta ári, þ.e. ef aukningin nær fram að ganga fyrir áramót. – Sparisjóðurinn á óuppfærðar eignir í öðrum félögum sem mögulegt er að færa upp á þessu ári að hluta til og innleysa þannig góðan hagnað. Stefnt er að því að greiða út að minnsta kosti helming aukningarinnar í arð.“

Úr fundargerð stjórnarfundar Sparisjóðs Norðfjarðar, 27. nóvember 2007.

Í framhaldinu vék hann að sameiningartilburðum sparisjóða á norðausturhluta landsins fyrr á árinu og greindi frá því að ekkert hefði orðið úr þeim. Í viðræðunum hefði Sparisjóður Norðfjarðar gengið út frá því að sparisjóðirnir sem til stóð að sameina færu fyrst í stofnfjárukningu og yrði síðan breytt í hlutafélög. „Þannig hefði orðið til landshluta-sparisjóður með breiðan hóp stofnfjáreigenda og með fjórar sjálfseignarstofnanir hverja á sínu heimasvæði sjóðanna sem myndað hefði einn nokkuð öflugan sparisjóð.“ Því næst sagði hann:

Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar hefur því markað sér þá stefnu að breyta eigi sparisjóðnum í hlutafélagssjóð, þannig að stofnfjáreigendur og sjálfseignarstofnun sem tilheyrir samfélaginu fari með stjórn hans og eignarhald og njóti arðs af þeirri eign ef vel gengur. Arð sjálfseignarstofnunarinnar má nota til góðra málefna í sveitarfélaginu. Tíminn fram að næsta aðalfundi verði notaður til að huga nánar að þessu markmiði og vinna að stefnumótun varðandi þetta. Áður en þetta er gert er þó nauðsynlegt að hækka hlutfall stofnfjár í sparisjóðnum til að auka vægi stofnfjáreigenda í heildar eigin fé hans.⁸²

Á fundinum óskaði stjórn sparisjóðsins eftir heimild fundarins til stofnfjárukningar um allt að 600 milljónir króna „[t]il að styrkja og efla Sparisjóð Norðfjarðar í harðnandi samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði“ en hluti þeirrar heimildar yrði nýttur strax í árslok 2007, eða 201 milljón króna. Um stofnfjárukninguna sagði stjórnarformaðurinn:

Við þessa aukningu núna sem er allstór fjárhæð á ekki fleiri aðila [þ.e. 77 stofnfjáraðila alls] er stefnt að því að greiða út góðan arð strax á næsta ári, þ.e. ef aukningin nær fram að ganga fyrir áramót.

Sparisjóðurinn á óuppfærðar eignir í öðrum félögum sem mögulegt er að færa upp á þessu ári að hluta til og innleysa þannig góðan hagnað. Stefnt er að því að greiða út að minnsta kosti helming aukningarinnar í arð. Stofnfjáreigendur fá því til baka a.m.k. helming þeirrar aukningar sem þeir ákveða að taka, strax eftir næsta aðalfund ef þetta gengur eftir, í formi arðgreiðslu. Boðið verður upp á aðstoð við fjármögnun á kaupunum í samvinnu við Saga Capital á Akureyri þar sem greiðslum af láni verði stillt upp þannig að arðgreiðslur frá Sparisjóðnum geti gengið inn á það.⁸³

Í lok ræðu sinnar beindi stjórnarformaðurinn þeirri áminningu stjórnar sparisjóðsins til fundarmanna að „ávallt [fylgi] einhver áhætta fjárfestingum í öllum félögum og hver stofnfjáraðili fyrir sig [yrði] að taka sína ákvörðun“ en benti þó á að stjórnin áliti að hér væri um „góða fjárfestingu að ræða til framtíðar“.⁸⁴

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni bar stjórnarformaðurinn að á þessum tíma hefði stofnfé í sparisjóðnum verið eftirsótt og hefði hann meðal annars heyrt af því að „menn [hefðu komið] að sunnan“ og boðið stofnfjáreigendum „gull og græna skóga og allt upp í tíu milljónir fyrir hlut í sparisjóðnum“.⁸⁵ Sagði hann töluverðar áhyggjur hafa verið uppi um það að sparisjóðurinn yrði keyptur upp eða tekinn yfir:

Sparisjóður Keflavíkur bauð okkur litlu upp í vagninn, ef við vildum vera með. Þetta var mikið stríð á milli manna. Menn voru alls ekki sammála hvert þeir vildu fara í þessum málum og það eina sem okkur datt í hug þá var að auka stofnféð snarlega þannig að það yrði ekki eins auðvelt að kaupa það, því að við réðum ekkert ferðinni eftir að Fjármálaeftirlitið gaf leyfi á að kaupa stofnfé á yfirverði, þá fór allt á fulla ferð. Það var eina vörnin sem sparisjóðirnir höfðu.

Það vildu allir eignast sparisjóðinn. [...] Það voru ekki bara sparisjóðirnir, það voru bankarnir líka. [...] Við vildum bara hafa alla þræði klára og ráða því hvar sjóðurinn endaði. Það var bara verið á fullu í því hvar við myndum enda ef við réðum ekki lengur ferðinni, ef við neyddumst til að selja sjóðinn. [...] Það [yrði] náttúrulega gert í fullu samráði við stofnfjáraðila og reyna í lengstu lög að sjóðurinn fengi að lifa, en allavega að hafa áhrif á það hvernig hann endaði. Okkur hugnaðist ekki alveg að fara upp í vagninn fyrir sunnan.

82. Fundargerð stofnfjáreigendafundar í Sparisjóði Norðfjarðar, 27. nóvember 2007.

83. Fundargerð stofnfjáreigendafundar í Sparisjóði Norðfjarðar, 27. nóvember 2007.

84. Fundargerð stofnfjáreigendafundar í Sparisjóði Norðfjarðar, 27. nóvember 2007.

85. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

Við töldum að þá myndum við missa öll tök á þessu og ekki ráða einu eða neinu en það gat verið kostur t.d. að selja Íslandsbanka útibúið, þeir voru þá tilbúnir til að halda því opnu áfram.⁸⁶

Stofnfé Sparisjóðs Norðfjarðar í lok árs 2006 var rúmar 13 milljónir en tæpur hálfur milljarður var í varasjóði sparisjóðsins. Töluverður hagnaður var fyrirsjáanlegur á árinu 2007 en þá var farið að færa eignarhluta sparisjóðsins á gangvirði, sem áður höfðu verið færðir á kaupverði eða með hlutdeildaraðferð. Árið 2007 var gangvirðisbreyting eigna vegna þessa 389 milljónir króna.⁸⁷

Við vissum af því að við áttum þarna dulbúinn hagnað í mörgum félögum, við höfðum aldrei fært þau upp í ársreikningnum og það var svona dálítill pressa frá endurskoðandanum og fleiri sparisjóðum að við færum að gera þetta á raunvirði. Það væri langeðlilegast gagnvart uppgjöri á fyrirtækinu, því að það sýndi ekki rétta stöðu sparisjóðsins. Það var miklu sterkara en tölur sögðu til um. Þetta var auðvitað gert 2007, út af ástandinu, að ná góðum hagnaði inn.⁸⁸

Eins og fyrr segir var rætt um að fylgja stofnfjárukningunni eftir með ríflegri arðgreiðslu strax árið eftir.

Planið var bara þetta þegar við fórum af stað. Það náttúrulega var ekki hljómgrunnur hjá stofnfjáraðilum að koma með alla þessa peninga inn. Mikið af þessu er eldra fólk sem komið er af vinnumarkaði. Við vorum náttúrulega að biðja það að koma með sitt sparifé þarna inn og okkur fannst bara á þessum tímamarki og við lögðum bara málin þannig upp að sparisjóðurinn skyldi einu sinni borga góðan arð. Svona í sögu sjóðsins, það var neyð. Og þetta var gulrótin til þess að fá stofnfjáraðila til þess að koma þarna inn, að við myndum borga strax út aftur góðan arð og auðvelda þeim kaupin.⁸⁹

Aðspurður hvort taka hefði átt úr varasjóðnum til að greiða stofnfjáreigendum sagði stjórnarformaðurinn: „Já, það má alveg segja það. Þetta er það sem margir sparisjóðirt ætluðu að reyna að gera.“⁹⁰

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni lýsti sparisjóðsstjóri aðdraganda stofnfjárukningarinnar í sömu meginráttum og stjórnarformaðurinn. Komið höfðu „útsendarar sem voru að kaupa og bjóða í stofnféð“, og stjórnendur sparisjóðsins hefðu verið „hræddir um að missa allt féð úr sparisjóðnum úr heimabyggðinni og inn í hit fyrir sunnan“. Aðspurður kvaðst sparisjóðsstjóri hafa heyrt að þarna hefðu verið á ferð „einhverjir milliliðir að reyna að græða“ og bætti við: „Maður svo sem veit það ekki nákvæmlega, en einhverju fólki höfðu verið boðnir töluverðir peningar fyrir stofnfé en það komu aldrei neinar beiðnir fyrir stjórnina um eignabreytingar eða neitt sem kom til afgreiðslu.“⁹¹

Spurður nánar um það hvaðan hugmyndirnar um stofnfjárukninguna komu, sagði sparisjóðsstjóri að umræðan meðal stofnfjáreigenda um þau mál hefði „kannski ekki [verið] mikil“:

Maður heyrði ekki mikið úti í bæ, eða umræðu meðal stofnfjáreigenda sjálfra. Það var í sjálfu sér ekki allavega komið til mín og verið að pressa á þetta. Eða maður heyrði ekki af því að stofnfjáreigendur væru eitthvað mikið að pressa á þetta. Þetta var kannski eitthvað sem menn voru að sjá í kringum sig og aðra vera að gera. En stjórnin var bara hrædd um að missa sjóðinn frá sér.⁹²

Vilhjálmur greindi frá því að í framhaldi af sameiningarhugmyndum sparisjóða á Norðausturlandi hefði verið rætt um að breyta sparisjóðnum í hlutafélag og að jafnframt yrði sett á fót sjálfseignarstofnun sem tæki yfir megnið af eigin fé sjóðsins. „Þannig væru menn búnir að negla niður þetta fé inni í viðkomandi sveitarfélagi,“ sagði Vilhjálmur og vísaði

„Við vissum af því að við áttum þarna dulbúinn hagnað í mörgum félögum, við höfðum aldrei fært þau upp í ársreikningnum og það var svona dálítill pressa frá endurskoðandanum og fleiri sparisjóðum að við færum að gera þetta á raunvirði. [...] Þetta var auðvitað gert 2007, út af ástandinu, að ná góðum hagnaði inn.“

Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefndinni, 9. apríl 2013.

86. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

87. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Norðfjarðar 2007, 12. mars 2008.

88. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

89. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

90. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

91. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

92. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

til þess að umrætt fé hefði í reynd verið að safnast upp allt frá stofnun sparisjóðsins, þ.e. í 90 ár. Ekki hefði verið sanngjarnt að það hyrfi úr byggðarlaginu. Sparisjóður Norðfjarðar væri „sparisjóður af gamla skólanum“ sem þýddi að „þessi hagnaður sem hefur myndast í sjóðnum eigi bara heima í viðkomandi sveitarfélagi og sé ekki beint eign stofnfjáreigenda“. Engu að síður tók hann undir það að arðgreiðsluloforðið í tengslum við stofnfjárukninguna hefði verið til þess ætlað að „friða stofnfjáreigendur“:

Og síðan auðvitað er aukningin líka til þess að gera eitthvað fyrir stofnfjáreigendur. Það er náttúrulega verið að stækka aðeins [hlut] þeirra í heildareignfénu. Menn voru bara hræddir um að missa allan sjóðinn og allt annað eigið fé eitthvert burtu, í einhverja braskara.⁹³

Stofnfjárukningunni lauk í desember 2007. Stofnfjáraðilar áttu forgang til áskriftar í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína og tóku 75 stofnfjáreigendur þátt í stofnfjárukningunni. Af þeim tóku 13 lán til kaupanna hjá Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.⁹⁴ Lánin voru til þriggja og hálfis árs og greiðslur af þeim fyrstu tvö árin voru háðar arðgreiðslum frá Sparisjóði Norðfjarðar. Eftir tvö ár skyldu eftirstöðvar lánanna greiddar með 18 jöfnum afborgunum. Í lok árs 2007 var stofnfé sparisjóðsins 216,9 milljónir króna og stofnfjárhafar 79 talsins.⁹⁵ Stærstu stofnfjárhafar sjóðsins áttu hver um sig 2% hlut; þeir voru 26 talsins og áttu því samanlagt 52% stofnfjárhlut í sjóðnum.⁹⁶

Á aðalfundi Sparisjóðs Norðfjarðar 2. apríl 2008 hvatti stjórn sparisjóðsins til þess að varlega yrði farið í að breyta sjóðnum í hlutafélag. Þar kom fram að viðskiptaráðherra nýrrar ríkisstjórnar hefði skipað nefnd til að endurskoða áttunda kafla laga um fjármálafyrirtæki í því skyni að breyta gildandi ákvæðum svo að „[...] lagaumhverfi sparisjóða [yrði] ekki [þeim] fjármálafyrirtækjum hamlandi í ört vaxandi samkeppni á fjármálamarkaði“⁹⁷ og taldi sparisjóðsstjórnin ráðlegt að sjá hvað kæmi út úr störfum þessarar nefndar áður en ráðist yrði í aðgerðir. Auk þess taldi stjórnin ráðlegt að fylgjast vel með þróuninni á fjármálamörkuðum, þar sem mikill óróleiki hefði skapað almenna óvissu í efnahagsmálum.⁹⁸ Ekkert varð af frekari áformum um hlutafélagsvæðingu eða sameiningu sparisjóðsins við aðra.

Á stofnfjáreigendafundi Sparisjóðs Norðfjarðar 9. desember 2008 var farið yfir stöðu sparisjóðsins og lögð áhersla á nauðsyn þess að leggja honum til aukið stofnfé til að standast kröfur laga um eiginfjárhlutfall. Þar kom fram að í október sama ár hefði eiginfjárhlutfallið verið komið niður fyrir hið lögbundna 8% lágmark. Fjármálaeftirlitið hefði óskað eftir upplýsingum um aðgerðir til að ráða bót á eiginfjárhlutfallinu og yrði sparisjóðurinn að bregðast við því. Stofnfjáreigendur samþykktu á fundinum að falla frá forgangsrétti sínum að stofnfé til þess að stjórn gæti nýtt gildandi heimildir til að gefa út nýtt stofnfé, að nafnverði 399 milljónir króna, sem selt yrði lögáðilum og opinberum aðilum. Stofnfjáraðilum sem fyrir voru var þó heimilt að skrá sig fyrir 50 milljónum króna af þessari stofnfjárukningu. Þá veitti fundurinn stjórn sparisjóðsins heimild til að auka stofnfé um 300 milljónir króna til viðbótar þeim 399 milljónum sem eftir voru af fyrri heimild. Gilti nýja heimildin út árið 2012.⁹⁹

Í kjölfar þessa komu tveir nýir stofnfjáreigendur að sparisjóðnum sem jafnframt voru einu lögáðilarnir sem áttu stofnfé í sparisjóðnum, en þetta voru Stapi lífeyrissjóður og Austfjarðaleið ehf. Lífeyrissjóðurinn varð stærsti stofnfjáreigandinn með kaupum á stofnfé að nafnverði 40 milljónir króna en Austfjarðaleið ehf. keypti stofnfé fyrir fimm milljónir að nafnverði og átti um 1,6% hlut í árslok 2008. Heildarfjárhæð stofnfjárukningarinnar var 48 milljónir króna. Að auki fékk sparisjóðurinn loforð frá fjársterkum lögáðilum á svæðinu um kaup á stofnfé upp á samanlagt 205 milljónir króna að nafnverði. Af þeirri

93. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

94. Greinargerð um fjárhagslega könnun á tilteknum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., trúnaðarskýrsla unnin fyrir Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og Seðlabanka Íslands af Möttli ehf., júní 2009.

95. Í athugasemd Vilhjálms G. Pálssonar til rannsóknarnefndarinnar 3. október 2013 benti hann á að ekki hefði verið um eiginlega fjölgun stofnfjáreigenda að ræða. Fjöldinn hefði aðallega breyst vegna erfðamála og fjárskipta.

96. Bréf Sparisjóðs Norðfjarðar til stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðfjarðar 28. nóvember 2007; stofnfjárlisti Sparisjóðs Norðfjarðar, 2007; lánasamningur milli Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og lántaka, 19. desember 2007; ársreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar 2007.

97. Í fundargerð aðalfundarins var vitnað í þessi orð sem var meðal annars að finna í fréttatilkynningu viðskiptaráðuneytisins „Nefnd sem fara á yfir lagaumhverfi sparisjóðanna“ 28. ágúst 2007 sem birt var á vefsíðu ráðuneytisins. Sjá <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/utgafa/frettir/eldri-frettir/evr/nr/2679>.

98. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Norðfjarðar, 2. apríl 2008.

99. Fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Norðfjarðar, 9. desember 2008.

fjárhæð voru 190 milljónir háðar sérstökum skilyrðum en 15 milljónir voru borgaðar inn stuttu eftir áramót.¹⁰⁰ Í mars 2009 lögðu fjórir nýir stofnfjáreigendur, Fjarðabyggð, Samvinnufélag útgerðarmanna, Launafl ehf. og G. Skúlason ehf., fram stofnfé sem nam samtals 170 milljónum króna.¹⁰¹

Tafla 19. Stærstu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Norðfjarðar í árslok 2009 og 2010.¹⁰²

Nafn	2008	2009	2010
Bankasýsla ríkisins	–	–	49,5%
Fjarðabyggð	–	28,9%	22,4%
Samvinnufélag útgerðarmanna	–	3,1%	8,0%
Stapi lífeyrissjóður	13,0%	8,4%	6,5%
Launafl ehf.	–	2,1%	1,6%
Austfjarðaleið ehf.	1,6%	1,1%	0,8%
G. Skúlason ehf.	–	1,0%	0,8%
Guðmundur J. Skúlason	2,2%	1,5%	0,4%
Aðrir	83,2%	54,0%	10,0%
	100,0%	100%	100%

Á árinu 2010 gekkst sparisjóðurinn undir fjárhagslega endurskipulagningu og breyttu stærstu kröfuhafarnir, Seðlabanki Íslands og Byggðastofnun, hluta krafna sinna í stofnfé en stofnfjáreigendur sem fyrir voru í sparisjóðnum samþykktu að þeirra stofnfé yrði fært niður frá því sem áður var og áttu um 10% af stofnfé sparisjóðsins eftir endurskipulagningu.¹⁰³ Í lok árs 2010 voru stofnfjárhafar 86 og var Bankasýsla ríkisins, sem fór með eignarhlut í sparisjóðnum fyrir hönd ríkissjóðs, stærst með 49,5% eignarhlut.

29.6 Fjárhagsleg endurskipulagning

Í upphafi árs 2008 var staða Sparisjóðs Norðfjarðar ágæt, hagnaður af rekstri sjóðsins árið 2007 var 305 milljónir króna, eigið fé sjóðsins nam rúmum milljarði króna og eiginfjárlutfallið var 15,3%. Sjóðurinn fór ekki varhluta af þeirri þróun sem varð á fjármálamörkuðum á árinu 2008 og hafði fall íslensku viðskiptabankanna mikil áhrif á Sparisjóð Norðfjarðar eins og flesta sparisjóði í landinu. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 var tap á rekstri sparisjóðsins um 816 milljónir króna. Eigið fé sparisjóðsins í árslok 2008 nam 135 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var neikvætt um 0,9%.

Hinn 22. október 2008 fór Fjármálaeftirlitið fram á að Sparisjóður Norðfjarðar skilaði árituðu reikningsuppgjöri fyrir 30. september 2008, þar sem gögn Fjármálaeftirlitsins um efnahagsliði og eiginfjárstöðu Sparisjóðs Norðfjarðar bentu til þess að eiginfjárlutfall sparisjóðsins væri undir lögbundnu lágmarki.¹⁰⁴ Þar sem uppgjörið sýndi að eiginfjárlutfallið væri 1,9% óskaði Fjármálaeftirlitið eftir greinargerð um þær ráðstafanir sem sparisjóðurinn hygðist grípa til, til þess að koma eiginfjárlutfalli sínu í lögbundið horf.¹⁰⁵

Í greinargerð sparisjóðsins 1. desember 2008 var gerð grein fyrir því að þegar hefðu verið kannaðar leiðir til að koma eiginfjárlutfallinu yfir lögbundið lágmark. Leitað hafi verið til stærri aðila í sveitarfélaginu um kaup á stofnfé, en til skoðunar væri einnig að sparisjóðurinn seldi eignarhluta sína í öðrum fjármálafyrirtækjum. Endanleg svör höfðu ekki borist þegar greinargerðinni var skilað en nokkrir höfðu lagt fram viljayfirlýsingar um kaup á stofnfé. Kaupin voru í flestum tilvikum skilyrt aðkomu sveitarfélagsins eða ríkisins. Þá var til skoðunar möguleg yfirtaka sveitarfélagsins Fjarðabyggðar á lífeyrisskuldbindingum Sparisjóðs Norðfjarðar gagnvart Lífeyrissjóði Neskaupstaðar upp á 136 milljónir króna. Ef af því yrði væru komin loforð fyrir samtals 200 milljónum króna í stofnfé þegar í desember

100. Bréf Sparisjóðs Norðfjarðar til fjármálaráðuneytisins 19. janúar 2009; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðfjarðar, 15. janúar 2009.

101. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Norðfjarðar.

102. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Norðfjarðar.

103. Ársreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar 2010.

104. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Norðfjarðar 22. október 2008.

105. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Norðfjarðar 6. nóvember 2008.

2008 sem talið var duga til að koma eiginfjárlutfalli sparisjóðsins yfir 8%. Þá var til athugunar að selja Íbúðalánasjóði fasteignalán sjóðsins til að lækka áhættugrunn og kanna möguleika á samruna eða samstarfi við aðra sparisjóði.¹⁰⁶

Á stofnfjareigendafundi 9. desember 2008 var kynnt ákvörðun stjórnar um að auka stofnfé um allt að 399 milljónir króna af gildandi heimild.¹⁰⁷ Sama dag veitti Fjármálaeftirlitið Sparisjóði Norðfjarðar frest til 12. janúar 2009 til að auka við eiginfjárgrunn sinn. Nýtt stofnfé leiddi til hækkunar á eiginfjárlutfalli sparisjóðsins eins og Jón Kristinn Ólafsson, stjórnarformaður sparisjóðsins, lýsti fyrir rannsóknarnefndinni:

Fljótlega 2008 eftir að við duttum niður fyrir leyfileg mörk í CAD-inu, fórum við að ræða málin, hvað það þýddi fyrir okkur, og það kom strax í ljós að við fengjum enga aðstoð nema að koma okkur sjálfir upp fjárfestum. Þá náttúrulega fórum við af stað á fullt að ræða við okkar fólk, okkar bakland. Það bara tóku allir þessu svona, menn vildu bara að sjóðurinn lifði og það voru allir tilbúnir til að gera það sem þeir gátu í þeim efnum og það tókst að koma sjóðnum aftur upp fyrir 8%.¹⁰⁸

29.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag

Sparisjóður Norðfjarðar sótti um eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli reglna um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., 19. janúar 2009.¹⁰⁹ Óskaði sparisjóðurinn eftir eiginfjárframlagi sem nam allt að 20% af bókfærðu eigin fé eins og það var í árslok 2007, eða 202 milljónum króna.¹¹⁰ Í staðfestingu endurskoðanda, sem fylgdi umsókninni, kom fram að hefði stofnfjárukning átt sér stað fyrir lok nóvember 2008 og sparisjóðurinn fengið 20% framlag úr ríkissjóði á sama tíma, hefði eiginfjárlutfallið verið 14,2% í lok nóvember 2008 og því innan þeirra marka sem reglur um eiginfjárframlag til sparisjóða settu.¹¹¹ Í umsókninni kom fram að bæjarráð Fjarðabyggðar hefði samþykkt að kaupa stofnfé fyrir 140 milljónir króna og hefði samkomulag um kaupin og yfirtöku lífeyrisskuldbindingar verið undirritað 15. janúar 2009. Samkomulagið yrdi þó ógilt kæmi ríkið ekki inn með stofnfé. Stapi lífeyrissjóður hafði samþykkt að kaupa stofnfé fyrir 40 milljónir króna sem greiddar voru inn í desember 2008 og Samvinnufélag útvegsmanna í Neskaupstað hafði samþykkt að kaupa stofnfé fyrir allt að 50 milljónir króna. Kaupin voru þó skilyrt aðkomu Fjarðabyggðar og ríkisins. Samvinnufélagið greiddi 15 milljónir króna af loforðinu 19. janúar 2009, en vildi bíða með að greiða 35 milljónir króna þar til aðkoma ríkisins væri ljós. Stjórn G. Skúlasonar ehf. greiddi inn 5 milljónir króna af stofnfé 9. janúar 2009 og Launafl ehf. greiddi 10 milljónir króna vegna stofnfjárkaupa 12. janúar 2009. Stjórn Austfjarðaleiðar ehf. keypti stofnfé fyrir 5 milljónir króna 30. desember 2008. Því til viðbótar seldist stofnfé fyrir tæpar 3 milljónir króna til stofnfjárhafa í desember 2008. Samtals var því aflað tæplega 253 milljóna króna í nýtt stofnfé.¹¹²

Umsókn Sparisjóðs Norðfjarðar var vísað til Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins til umsagnar.¹¹³ Í minnisblaði Fjármálaeftirlitsins um rekstrarhæfi Sparisjóðs Norðfjarðar sagði að í heild væri áætlun sparisjóðsins raunhæf, spár um kostnaðarliði ættu að vera nokkuð áreiðanlegar og ekki miklar líkur á að þær væru langt frá settum markmiðum. Tekjuáætlun sparisjóðsins væri ekki óraunhæf en meiri óvissa væri um þann þátt rekstrarins.¹¹⁴ Fjármálaeftirlitið lagði til að Sparisjóði Norðfjarðar yrði veitt 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.

106. Bréf Sparisjóðs Norðfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 1. desember 2008.

107. Hin 27. nóvember 2007 hafði stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar verið veitt heimild til að auka stofnfé um allt að 600 milljónir króna með áskrift nýrra stofnfjárlhuta. Á þessum tíma voru enn ónýttar 399 milljónir króna af þeirri heimild.

108. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

109. Fjallað er um reglur um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. í 13. kafla.

110. Sparisjóður Norðfjarðar – árshlutauppgjör, 30. nóvember 2008.

111. Bréf Sparisjóðs Norðfjarðar til fjármálaráðuneytisins 19. janúar 2009.

112. Bréf Sparisjóðs Norðfjarðar til fjármálaráðuneytisins 19. janúar 2009.

113. Bréf fjármálaráðuneytisins til Fjármálaeftirlitsins 17. mars 2009; bréf fjármálaráðuneytisins til Seðlabanka Íslands 17. mars 2009.

114. Sparisjóður Norðfjarðar – minnisblað um rekstrarhæfi, 19. mars 2009.

Seðlabanki Íslands sendi fjármálaráðuneytinu sameiginlega umsögn um umsóknir sparísjóðanna um eiginfjárframlag úr ríkissjóði 21. apríl 2009. Í umsögn sinni lagði Seðlabanki Íslands ríka áherslu á að breytingar yrðu gerðar á yfirstjórn viðkomandi fjármálafyrirtækja, þar sem það ætti við, að framtíðar arðgreiðslur yrðu takmörkunum háðar og að nýjar viðskiptaáætlanir myndu liggja fyrir. Þá lagði Seðlabankinn áherslu á að leitað yrði leiða til að fá fleiri aðila til að leggja sparísjóðunum til nýtt eigið fé, til að styrkja þá og dreifa eignarhaldi, og að tryggt yrði að fyrirliggjandi tap yrði borið af þáverandi eigendum áður en ríkið myndi leggja til nýtt eigið fé. Mikilvægt væri að Fjármálaeftirlitið og endurskoðendur sparísjóðanna myndu meta eigið fé þeirra og að það yrði fært niður eins og þörf væri á, áður en ríkissjóður legði til nýtt eigið fé.¹¹⁵

29.6.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar

Fleiri sparísjóðir sóttu um eiginfjárframlag úr ríkissjóði og í kjölfarið fór fjármálaráðuneytið fram á að fengið yrði óháð endurskoðunarfyrtæki til að fara yfir ársreikninga og leggja mat á virði eigna sparísjóðanna. PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera fjárhagslega áreiðanleikakönnun á ákveðnum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi Sparisjóðs Norðfjarðar og skilaði skýrslu sinni 24. júní 2009. Helstu niðurstöður voru að virðisrýrnun eigna væri 101 milljón króna meiri en sparísjóðurinn hefði gert ráð fyrir í ársreikningi fyrir árið 2008, en væri tekið tillit til skattaáhrifa væri virðisrýrnunin 89 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins væri því 46,3 milljónir króna.¹¹⁶

Tafla 20. Virðisrýrnun samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers hf.¹¹⁷

Pús. kr.	Bókfærð staða 31.12.2008	Niðurfærsla Sparisjóðs Norðfjarðar	Mat PwC á niðurfærslu	Mismunur
Útlán, fyrirtæki og rekstur > 12 m.kr.	1.200.332	95.500	165.119	67.416
Önnur útlán til fyrirtækja	208.026	5.800	5.800	–
Lánveitingar til einstaklinga, þ.m.t. íbúðalán	2.010.981	43.855	46.855	3.000
Almenn niðurfærsla	(62.599)	62.599	62.599	–
Útlán samtals	3.356.740	207.754	280.373	70.416
Kröfur á lánastofnanir	1.358.978	–	–	–
Skuldabréf og sjóðir	400.326	263.429	275.767	12.338
Hlutabréf	292.275	485.936	504.481	18.545
Fullnustueignir	135.745	–	–	–
Skatteign	83.382	–	–	–
Samtals	5.627.446	957.119	1.060.621	101.300
Tekjuskattshagræði	–	–	–	(12,413)
Samtals eignaliðir skoðaðir (97% af EH)	5.627.446	957.119	1.060.621	88.886

Helstu ástæður niðurfærslunnar voru versnandi staða og verðgildi veða nokkurra stórra lántakenda, en mat á fjáreignum var einnig lægra en samkvæmt ársreikningi 2008. Að teknu tilliti til aukinnar niðurfærslu samkvæmt matinu, þyrfti stofnfjárukning sparísjóðsins að nema um 380 milljónum króna til þess að eiginfjárhlutfall hans uppfyllti lágmarksviðmið reglna um framlag til sparísjóða. Stjórn sparísjóðsins hafði aflað samþykkis fyrir 253 milljónum króna af nýju stofnfé og hluti þess hafði þegar verið innborgaður.¹¹⁸

Fjármálaeftirlitið veitti Sparisjóði Norðfjarðar aukinn frest til að auka við eiginfjárgrunn sinn með bréfi 22. júní 2009, í þetta sinn til 10. júlí 2009. Í bréfinu var vísað til ársuppgjörs sparísjóðsins fyrir árið 2008, þar sem eiginfjárhlutfallið var neikvætt um 0,9%, og eiginfjárskýrslu 31. mars 2009, en þar kom fram að eiginfjárhlutfall sparísjóðsins væri 6,2%.¹¹⁹ Í svari Sparisjóðs Norðfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 25. júní 2009 kom fram að sjóðurinn hefði þegar gripið til ráðstafana til að auka við eiginfjárgrunn sinn, fyrst með

115. Bréf Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009. Nánar er fjallað um umsögn Seðlabankans um umsóknir sparísjóðanna í 13. kafla.

116. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Norðfjarðar, 24. júní 2009.

117. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Norðfjarðar, 24. júní 2009.

118. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Norðfjarðar, 24. júní 2009.

119. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Norðfjarðar 22. júní 2009.

stofnfjárukningu í kringum áramótin 2008–2009 og með sölu á hlutabréfum sjóðsins í Íslenskum verðbréfum hf. 28. apríl 2009 til Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Að teknu tilliti til þeirra aðgerða hefði eiginfjárlutfallið samkvæmt eiginfjárskýrslu verið 10,27% að sögn sparissjóðsins. Taldi sparissjóðurinn því að eiginfjárlutfallið væri yfir lögbundnu lágmarki en boðið væri aðgerða af hálfu ríkisins.¹²⁰ Í niðurlagi bréfsins kom fram að drög að árshlutareikningi myndu liggja fyrir undir lok júlí 2009 og sparissjóðurinn myndi láta Fjármálaeftirlitið vita ef líkur væru á að lágmarkskröfur um eiginfjárlutfall yrðu ekki uppfylltar.¹²¹

Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparissjóða, þegar ljóst var að sparissjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparissjóða.¹²² Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparissjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparissjóðabankans á hendur sparissjóðunum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparissjóði Norðfjarðar sem námu 532 milljónum króna.¹²³ Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparissjóðunum tillögu um meðferð krafna á hendur sparissjóðunum og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn. Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn síðan sparissjóðunum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹²⁴ Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparissjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹²⁵

Sparissjóðurinn sendi Fjármálaeftirlitinu útreikninga vegna skilyrða um eiginfjár- og lausafjárkröfur þess sem settar voru fram í bréfinu. Fjármálaeftirlitið taldi að yfirferð gagna gæfi ekki tilefni til annars en að álykta að sparissjóðurinn myndi standast gerðar kröfur að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu. Því samþykkti Fjármálaeftirlitið, miðað við fyrirliggjandi gögn, að sparissjóðurinn gengi til endanlegra samninga við Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu.¹²⁶

29.6.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu

Sparissjóður Norðfjarðar óskaði eftir að kröfuhafar sínir, Seðlabanki Íslands og Bygðastofnun, kæmu að fjárhagslegri endurskipulagningu sparissjóðsins, en ekki var um aðra langtímakröfuhafa að ræða. Í bréfi til Seðlabankans 25. febrúar 2010 benti sparissjóðurinn á að í desember 2008 og janúar 2009 hefði nýtt stofnfé verið selt til að bæta eiginfjárlutfall sjóðsins. Sparissjóðurinn ítrekaði þá afstöðu sína að ekki bæri að færa niður það stofnfé sem lagt hefði verið fram til þess að bjarga sparissjóðnum og greitt inn með fyrirvara um aðkomu ríkisins og taldi sparissjóðurinn að Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið hefðu sýnt því sjónarmiði mikinn skilning.¹²⁷ Stjórnarformaður sparissjóðsins sagði það hafa verið „alveg á hreinu að [stjórnvöld] kæmu ekki með neina aðstoð inn í sjóðinn nema við kæmum okkur sjálfir yfir 8% markið. Við allavega tókum því þannig. Síðan kom ríkið, Seðlabankinn, að endurfjármögnun Sparissjóðs Norðfjarðar eins og hjá flestum öðrum sparissjóðum á landsbyggðinni.“¹²⁸ Þá lagði sparissjóðurinn mikla áherslu á að eldri stofnfjárhafar héldu eftir ásættanlegum hlut, eða um 10% af stofnfé eftir fjárhagslega endurskipulagningu.¹²⁹

120. Bréf Sparissjóðs Norðfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 25. júní 2009.

121. Í árshlutareikningi fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 2009 var eiginfjárlutfall sparissjóðsins 8,7%.

122. Bréf Seðlabanka Íslands til sparissjóða 8. september 2009.

123. Minnisblað Seðlabanka Íslands um vinnu með kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparissjóðunum, 21. ágúst 2009.

124. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um bréf Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

125. Bréf Fjármálaeftirlitsins til sparissjóða 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

126. Bréf Sparissjóðs Norðfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 11. mars 2010; bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparissjóðs Norðfjarðar 23. mars 2010.

127. Bréf Sparissjóðs Norðfjarðar til Seðlabanka Íslands 25. febrúar 2010.

128. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparissjóðina 9. apríl 2013.

129. Bréf Sparissjóðs Norðfjarðar til Seðlabanka Íslands 25. febrúar 2010.

Sparisjóður Norðfjarðar kynnti Seðlabankanum áætlun sína um fjárhagslega endurskipulagningu 3. mars 2010. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir að eldra stofnfé yrði fært niður um 76,4%; í öðru lagi yrði víkjandi láni Bygðastofnunar að fjárhæð 196 milljónir króna breytt í stofnfé en tæpar 37 milljónir króna afskrifaðar; í þriðja lagi var gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands breytti 150 milljónum króna af kröfum sínum í stofnfé, 152 milljónum króna í víkjandi lán og myndi afskrifa 268 milljónir króna, og í fjórða lagi kæmu 253 milljónir króna af nýju stofnfé. Tillögurnar gerðu ráð fyrir að eiginfjárgrunnur sparisjóðsins yrði 712 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 22,6% eftir fjárhagslega endurskipulagningu.¹³⁰

Hlutur þeirra sem áttu stofnfé áður en til niðurfærslu kæmi samkvæmt fyrsta lið tillögunnar yrði þá 10% í sjóðnum eftir endurskipulagninguna, en stofnfjáreigendur höfðu gert sér vonir um að niðurfærslan yrði mun minni en gert var ráð fyrir.¹³¹ Stjórnarformaður sparisjóðsins kvað Seðlabankann hafa farið fram á að einungis 5% eldra stofnfjár yrðu skilin eftir í sjóðnum, en að lokum hafi náðst sátt um að það yrði 10%:

Ég held það kannski breytt stöðunni svolítið gagnvart okkur að okkur skyldi takast að fá nýtt stofnfé inn og reisa sjóðinn aftur, að menn hafi nú kannski aðeins sýnt okkur meiri sanngirni, þessum sjóði, heldur en sumum. Allavega, ég veit það ekki, en maður svona hefur það á tilfinningunni.¹³²

Seðlabanki Íslands samþykkti tilboð Sparisjóðs Norðfjarðar 4. mars 2010, en endanlegur frágangur samnings beið samþykkis annarra kröfuhafa og Fjármálaeftirlitsins.¹³³ Áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna voru einnig háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem samþykkti áformin 21. júní 2010.¹³⁴

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, um lögmæti lánsskuldbindinga í íslenskum krónum tengdra gengi erlendra gjaldmiðla, sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafyrirtækjum tilmæli vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða 30. júní 2010. Fjármálafyrirtækjum var síðan gert að endurmeta eiginfjárþörf sína í ljósi þessara aðstæðna og tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur hefði í för með sér.¹³⁵ Forsvarsmenn og endurskoðendur Sparisjóðs Norðfjarðar könnuðu áhrif dómanna í kjölfarið í samráði við Fjármálaeftirlitið miðað við gefnar forsendur Fjármálaeftirlitsins um vaxtakjör og var niðurstaðan sú að dómarnir hefðu ekki teljandi áhrif á fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins.¹³⁶

Eftir að samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA lá fyrir og ljóst var orðið að dómur Hæstaréttar hefðu ekki íþyngjandi áhrif á sparisjóðinn, leit Fjármálaeftirlitið svo á, þrátt fyrir að grunnrekstur sparisjóðsins væri í járnum, að ekki væri ástæða til að ætla annað en að sparisjóðurinn næði að snúa grunnrekstrinum við á næstu misserum. Þannig væri til að mynda að vænta viðamikilla hagræðingaradgerða hjá sparisjóðunum eftir að Bankasýsla ríkisins tæki við eignarhlutum ríkisins í þeim. Því staðfesti Fjármálaeftirlitið fyrri samþykki sitt frá 24. mars 2010 um að kröfur þess vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar væru uppfylltar.¹³⁷

Samkomulag Sparisjóðs Norðfjarðar og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu var undirritað 27. júlí 2010 og kom það í stað eiginfjárframlags úr ríkissjóði. Samkomulagið tók til krafna samkvæmt „Rammasamningi um reikningslán milli Sparisjóðs Norðfjarðar og Sparisjóðabanka Íslands hf.“ frá 9. desember 2004, en kröfurnar á uppgjörstegi námu 559 milljónum króna. Í uppgjörinu fólst að sparisjóðurinn skyldi greiða 140 milljónir af kröfu Seðlabankans með nýju víkjandi láni í erlendum myntum til 7 ára¹³⁸ og 150 milljónir með stofnfé sem nam 24% stofnfjár sparisjóðsins eftir fjárhags-

130. Tillaga Saga Capital Fjárfestingarbanka um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Norðfjarðar, mars 2010.

131. Skýrsla Vilhjálms G. Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 19. apríl 2013.

132. Skýrsla Jóns Kr. Ólafssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. apríl 2013.

133. Bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Norðfjarðar 4. mars 2010.

134. Nánari umfjöllun um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er í 13. kafla.

135. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálafyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>. Sjá nánar í 13. kafla.

136. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Norðfjarðar 30. ágúst 2010.

137. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Norðfjarðar 30. ágúst 2010.

138. Hlutföllin milli mynta í nýju víkjandi láni sparisjóðsins voru 50% í evrum, 40% í Bandaríkjadöllum og 10% í sterlingspundum.

lega endurskipulagningu. Eftirstöðvar kröfunnar, 269 milljónir króna, yrðu afskrifaðar.¹³⁹ Samkvæmt samkomulaginu skyldi sparisjóðurinn uppfylla tiltekin skilyrði fyrir 1. ágúst 2010, meðal annars að leggja fyrir stofnfjáreigendafund breytingar á samþykktum sparisjóðsins sem sneru að lækkun stofnfjár og umbreytingu krafna í stofnfé, en tillögurnar höfðu þegar verið samþykktar á stofnfjáreigendafundi 28. júní.¹⁴⁰ Á stjórnarfundum sparisjóðsins 27. júlí 2010 samþykkti stjórn sparisjóðsins síðan samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu og tillögu um að falla frá beiðni um eiginfjárframlag úr ríkissjóði.

Við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Norðfjarðar eignaðist Seðlabanki Íslands 24% stofnfjár og Byggðastofnun 25,5%, samtals 49,5% heildarstofnfjár. Eldri stofnfjárhafar áttu 10% og nýir stofnfjárhafar 40,6%, þar af átti Fjarðabyggð 22,4%.¹⁴¹ Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu varð hagnaður af rekstri Sparisjóðs Norðfjarðar en hann nam 86,7 milljónum króna á árinu 2010. Á því ári var tekjufærð niðurfelling skuldar við Seðlabankann sem nam 269 milljónum króna. Bókfært eigið fé í árslok 2010 var um 591 milljón króna og eiginfjárhlutfallið 20,3%.¹⁴² Hins vegar varð um 12 milljóna króna tap af rekstri sparisjóðsins á árinu 2011 og í lok þess árs nam bókfært eigið fé hans um 578 milljónum króna og var eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 18,2%.¹⁴³

29.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Norðfjarðar greiddi stofnfjárhöfum lengst af arð af stofnfé þeirra. Á árunum 2001–2008 námu arðgreiðslur vegna næstliðinna ára samtals 119 milljónum króna. Oftast var um að ræða hámarksarðgreiðsluhlutfall samkvæmt reglum Tryggingasjóðs sparisjóða. Þó hefði mátt greiða hærri arð en gert var vegna ársins 2005, en þá námu arðgreiðslur 10,4% af stofnfé í lok árs, en raunávöxtun eigin fjár var 17,3% á árinu, sbr. töflu 21. Arðgreiðsluhlutfall vegna rekstraráranna 2006 og 2007 réðst af raunávöxtun eigin fjár hvort þessara ára. Sparisjóðurinn greiddi engan arð eftir 2008.¹⁴⁴

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda, og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.¹⁴⁵ Árin 2005–2008 var stofnfé Sparisjóðs Norðfjarðar hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um 42 milljónir króna. Framkvæmdin var í samræmi við reglur. Endurmati vegna ársins 2004 var þó ekki bætt við stofnféð í árslok heldur árið eftir og sama gildi um endurmat vegna ársins 2005, en því var bætt við stofnféð á árinu 2006 ásamt endurmatinu vegna 2006. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2008.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.¹⁴⁶ Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Sparisjóðurinn nýtti heimildina til sérstaks endurmats og hækkaði stofnféð jafnan um 5% á ári, nema vegna ársins 2008 þegar tap var á rekstrinum. Síðan hefur ekki verið um sérstakt endurmat að ræða.

Í töflu 21 eru tilfærðar allar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmda. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrir en í ársreikningi næsta árs.

139. Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu milli Seðlabanka Íslands og Sparisjóðs Norðfjarðar, 27. júlí 2010.

140. Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu milli Seðlabanka Íslands og Sparisjóðs Norðfjarðar, 27. júlí 2010.

141. Til nýrra stofnfjárhafa töldust Fjarðabyggð, Stapi lífeyrissjóður, Samvinnufélag útvegsmanna í Neskaupstað, G. Skúlason ehf., Launafli ehf. og Austfjarðaleið ehf., auk eldri stofnfjárhafa sem lögðu fram nýtt stofnfé.

142. Ársreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar 2010.

143. Ársreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar 2011.

144. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

145. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

146. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Tafla 21. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Norðfjarðar 2005–2011.¹⁴⁷

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	1.161	1.564	110.598	–	–	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	11.148	13.037	216.855	313.726	483.726	625.799	625.799
Arður sem hlutfall af stofnfé	10,4%	12,0%	51,0%	–	–	–	–
Arður sem hlutfall af hagnaði	2,1%	1,9%	36,3%	–	–	–	–
Afkoma ársins	54.059	82.703	304.835	(815.507)	(182.507)	86.726	(12.179)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	17,3%	11,6%	50,2%	5,0%	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	17,3%	11,6%	50,2%	•	•	24,4%	•
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	581	652	10.843	–	–	–	–
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga*	400	1.308	2.166	38.082	–	–	–

* Endurmat féll niður 2004 en var bætt við stofnféð 2005, en endurmatið vegna 2005 bættist við 2006 ásamt endurmati þess árs.

29.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Norðfjarðar og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2010.

29.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Norðfjarðar starfrækti ekki eigin endurskoðunardeild á því tímabili sem til athugunar var, en Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri eigin innri endurskoðunardeildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning um innri endurskoðun við KPMG endurskoðun hf.¹⁴⁸ árið 2004. Sá KPMG um innri endurskoðun fyrir sparisjóðinn það tímabil sem til skoðunar var. Fólst innri endurskoðun meðal annars í könnun á þáttum í innra eftirliti sparisjóðsins, hvort unnið hafi verið í samræmi við ákvarðanir stjórnar, hvort starfsreglur hafi verið virtar, sem og lög og aðrar viðmiðanir. Í ráðningarbrefi innri endurskoðanda frá 10. desember 2003 sagði að reglulega skyldu gerðar athuganir á ákveðnum þáttum sem taldir voru upp í bréfinu og voru í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, með þeirri undantekningu þó að skoðun fjárvörslureikninga ætti ekki við í tilviki sparisjóðsins.

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2005 kom fram að almennt hefði innra eftirlit komið vel út. Bent var á mikilvægi þess að stjórnendur sparisjóðsins hefðu aðgang að nýjustu upplýsingum um fjárhagsstöðu stærstu viðskipta- og vanskilaaðila sparisjóðsins á hverjum tíma. Í einstaka tilvikum höfðu komið upp frávik frá útlánareglum, þar sem ekki hafði verið aflað ársreikninga og annarra gagna í tengslum við fyrirgreiðslu til viðskiptamanna. Þá væri einnig mikilvægt að forsvarsmenn sparisjóðsins öfluðu formlegra trygginga vegna skuldbindinga viðskiptamanna sinna og að lagt væri mat á gæði og verðmæti trygginga með reglubundnum hætti. Athugasemdir voru gerðar við eftirfylgni við færslu starfsmanna milli starfa innan sparisjóðsins með tilliti til innra eftirlits og bent á nauðsyn þess að hafa reglur um almenna þjónustu við starfsmenn. Athugasemdir voru gerðar við tryggingar útlána og fram kom að vanskil væru hlutfallslega meiri en hjá öðrum innlánsstofnunum.¹⁴⁹

Í skýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2006 var ítrekað mikilvægi þess að kalla eftir fjárhagsupplýsingum frá viðskiptamönnum ítrekað. Ekki voru gerðar athugasemdir við innra eftirlit sparisjóðsins, þó frávik hafi reynst varðandi talningar víxla og skuldabréfa en

147. Ársreikningar Sparisjóðs Norðfjarðar, 2005–2011. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 7. kafla.

148. Nú KPMG hf.

149. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2005, 15. nóvember 2005.

vinnureglur þar að lútandi skorti.¹⁵⁰ Í skýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2007 var enn á ný ítrekað mikilvægi þess að kalla eftir fjárhagsupplýsingum frá viðskiptamönnum, en einn aðili var með skuldbindingu umfram mörk á háættuskuldbindingar. Athugasemd var gerð við könnun á raunvirði trygginga, auk þess sem KPMG taldi að hækka þyrfti framlög í afskriftareikning útlána. Í skýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2008 var enn á ný ítrekað mikilvægi þess að stjórnendur hefðu aðgang að nýjustu upplýsingum um fjárhagsstöðu stærstu viðskipta- og vanskilaaðila. Í ljósi aðstæðna á fjármálamörkuðum taldi KPMG brýnt að stjórnendur fylgdust grannt með stöðu fyrirtækja og einstaklinga vegna hugsanlegra vanskila, lausafjárstöðu og aðgangi að fjármagni.¹⁵¹

Í tengslum við umsókn sparisjóðsins um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði, fór fjármálaráðuneytið fram á að PricewaterhouseCoopers framkvæmdi áreiðanleikakönnun á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi sparisjóðsins. Meginniðurstöður hennar voru að færa þyrfti niður eignir sparisjóðsins. Undir lok árs 2009 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir að PricewaterhouseCoopers yfirfæri fyrra mat sitt, en síðar var ákveðið að innri endurskoðandi færi yfir matið og kannaði hvort verulegar breytingar hefðu átt sér stað. Var því lögð meiri áhersla á virði ákveðinna eigna en venja var af hálfu innri endurskoðanda.¹⁵² Lagði innri endurskoðandi til að útlánareglur sparisjóðsins yrðu „skoðaðar“ svo þær tækju mið af breyttu efnahagsástandi. Lagði hann einnig til að settar yrðu reglur um innheimtu og að gerð yrði grein fyrir frávikum frá þeim reglum.

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2010 kom fram að KPMG teldi að vel væri haldið utan um útlán og að farið væri að lánareglum. Ekki hefðu komið upp frávik við samanburð á kjörum venslaðra og annarra viðskiptamanna. Utanumhald um veittar ábyrgðir væri gott, fyrirbyggjandi væru tryggingar vegna allra stærri ábyrgða og vel haldið utan um innheimtu og vanskilamál. Í örfáum tilvikum hafi skýrslum til opinberra aðila verið skilað eftir eindaga. Þá var gerð athugasemd við öryggismál sparisjóðsins.¹⁵³


150. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2006, 15. nóvember 2006.

151. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2008, 12. september 2008.

152. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2009, febrúar 2010. Fjallað er um umsókn sparisjóðsins og fjárhagslega endurskipulagningu í 13. kafla.

153. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2010, janúar 2011.

30. Sparisjóður Vestmannaeyja



30. SPARISJÓÐUR VESTMANNAEYJA

Sparisjóður Vestmannaeyja var stofnaður 3. desember 1942. Stofnendur voru 30 og fyrstu samþykktir sparisjóðsins voru dagsettar og undirritaðar af ábyrgðarmönnum 31. október sama ár. Hinn 10. janúar 1943 kusu ábyrgðarmenn sparisjóðsins þá Þorstein Þ. Víglundsson skólastjóra, Kjartan Ólafsson kennara og Helga Benediktsson kaupmann í stjórn. Vestmannaeyjabær tilnefndi þá Guðlaug Gíslason og Karl Guðjónsson sem fulltrúa sína í stjórn sparisjóðsins.¹

Starfsemi sparisjóðsins eflist og árið 1956 flutti hann í fyrsta skipti í eigið húsnæði að Vestmannabraut 38. Þar starfaði sjóðurinn fram til 1962 er hann flutti starfsemi sína í núverandi húsnæði að Bárustíg 15. Við eldsumbrotin á Heimaey sem hófust hinn 23. janúar 1973 bauð Seðlabanki Íslands fram hluta af húsnæði sínu í Reykjavík fyrir starfsemi sjóðsins og gerði honum þannig kleift að sinna skyldum sínum við viðskiptamenn. Sparisjóðurinn flutti aftur til Vestmannaeyja í september sama ár og tæpum tuttugu árum síðar, eða 1992, flutti sparisjóðurinn að Bárustíg 15 þar sem aðalstöðvar hans eru nú.²

Árið 2006 sameinuðust Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis undir nafni þess fyrrnefnda. Sparisjóður Vestmannaeyja hafði lagt fram 220 milljónir króna í nýtt stofnfé á árinu 2003 vegna rekstrarerfiðleika Sparisjóðs Hornafjarðar og eignast þannig 77% hlut af öllu stofnfé sparisjóðsins. Árið 2005 lagði Sparisjóður Vestmannaeyja 40 milljónir króna til viðbótar fram sem stofnfé og átti þá 85,7% stofnfjárins. Bókhaldslegur samruni sparisjóðanna miðaðist við 1. júlí 2006 en hann var samþykktur af Fjármálaeftirlitinu 18. janúar 2007.³

Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru í Vestmannaeyjum en sparisjóðurinn starfrækir útibú á Höfn. Árið 2006 var opnuð afgreiðsla á Breiðdalsvík auk þess sem afgreiðsla sparisjóðsins á Djúpavogi var stækkuð. Þessir tveir afgreiðslustaðir voru undir útibúinu á Höfn. Þá hefur hefur Sparisjóður Vestmannaeyja starfrækt útibú á Selfossi frá árinu 2000. Undir það heyrði afgreiðsla í Hveragerði frá árinu 2004 en henni var lokað árið 2011.

Sparisjóðsstjóri er Ólafur Elísson og hefur hann gegnt því starfi síðan 1999. Núverandi stjórnarformaður er Þorbjörg Inga Jónsdóttir, kosin á aðalfundi sparisjóðsins 23. apríl 2013, í umboði Bankasýslu ríkisins.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.⁴

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arnar Sigurmundsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Gísli Geir Guðlaugsson	x	x	x	x	x	x	x				
Guðjón Hjörleifsson							x				
Haukur Jónsson								x	x	x	
Helgi Bragason								Form.	Form.	Form.	
Hörður Óskarsson											x
Kristín Guðmundsdóttir											Form.
Magnús Kristinsson					x						
Ragnar Óskarsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Rut Haraldsdóttir											x
Skæringur Georgsson	x	x	x	x		x					
Stefán Sigurður Guðjónsson											x
Þorbjörg Inga Jónsdóttir											x
Þór Ísfeld Vilhjálmsson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	x	x	x	

Í lok árs 2007, fyrir fall bankanna, voru stofnfjárhafar 70 með dreifðri eignaraðild. Heildarignir sjóðsins námu 12,2 milljörðum króna eða um 2% af heildareignum sparisjóðanna

1. Sparisjóður Vestmannaeyja 50 ára – 1942–1992, Vestmannaeyjum 1992, bls. 9–10.

2. Sparisjóður Vestmannaeyja 50 ára – 1942–1992, Vestmannaeyjum 1992, bls. 12–13.

3. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Vestmannaeyja 18. janúar 2007; ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2007 um samruna Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Hornafjarðar, 15. september 2006. Fjallað er nánar um þessa aðkomu Sparisjóðs Vestmannaeyja að Sparisjóði Hornafjarðar í 5. kafla.

4. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

sem þá voru um 614 milljarðar króna. Sparisjóður Vestmannaeyja var rekinn með hagnaði allt til ársins 2007. Í lok þess árs nam bókfært eigið fé sparisjóðsins 1,8 milljörðum króna og eiginfjárlutfallið var 11,1%. Árið 2008 tapaði sparisjóðurinn hálfum öðrum milljarði króna og í lok þess árs var eiginfjárlutfallið komið undir lögbundið lágmark. Árið eftir varð enn tap af rekstrinum, rúmum milljarður króna, og eigið fé varð neikvætt. Þegar eiginfjárlutfall sparisjóðsins fór undir lögbundið lágmark sótti hann um eiginfjárfraglag úr ríkissjóði.

Skoðun óháðs endurskoðunarfyrtækis á eignum sparisjóðsins sýndi verri stöðu en áður var talið og var talið að framlag úr ríkissjóði myndi ekki duga til að endurreisa hann þannig að lagaskilyrði um lágmarkseiginfjárlutfall yrði uppfyllt. Sparisjóðurinn þurfti því á aðkomu kröfuhafa að halda til að fjárhagsleg endurskipulagning væri möguleg. Í ljósi þess að Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi Sparisjóðs Bolungarvíkur tóku Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið upp samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins. Seðlabankinn varð helsti kröfuhafi sparisjóðsins eftir að Fjármálaeftirlitið ráðstafaði útlánum til sparisjóðanna til bankans með ákvörðun sinni um að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabanka Íslands 21. mars 2009. Sparisjóður Vestmannaeyja og Seðlabanki Íslands undirrituðu samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins 10. desember 2010. Krafa Seðlabankans á hendur sparisjóðnum nam 2,2 milljörðum króna. Í samkomulaginu fólst að afskrifaðar voru 787 milljónir króna, 310 milljónum var breytt í víkjandi lán, 564 milljónir króna voru endurlánaðar til fimm ára og 555 milljónum króna var breytt í stofnfé í sparisjóðnum. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins fór Bankasýsla ríkisins með 55,7% stofnfjárlut í sjóðnum, en almennir stofnfjárhafar áttu um 10%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja 14,2%, Vestmannaeyjabær 10%, Vinnslustöðin hf. 5% og aðrir 5%.

30.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Vestmannaeyja, helstu liði þeirra og kennitölur 2001 til 2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.⁵ Það skal tekið fram að tölurnar frá árinu 2006 taka til Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis frá 1. júlí 2006 til 31. desember 2006. Sparisjóðurinn tók upp alþjóðlegar reikningsskilareglur (IFRS) árið 2007. Það kallaði á nokkrar tilfærslur í framsetningu hér til þess að reikningar yrðu samanburðarhæfir á milli ára. Uptaka alþjóðlegra reikningsskilareglna (IFRS) leiddi til lækkunar á eigin fé sparisjóðsins í ársbyrjun 2007 um tæplega 160 milljónir króna.

Til að gefa sem heildstæðasta mynd verður jafnframt gefið yfirlit yfir þróun rekstrar- og efnahagsreiknings Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis frá árinu 2001 og fram að sameiningunni við Sparisjóð Vestmannaeyja, þ.e. til 30. júní 2006.

30.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Vestmannaeyja var rekinn með hagnaði öll árin frá 2001 til 2007. Árin 2005 og 2006 jókst hagnaður einkum vegna hlutdeildar í afkomu hlutdeildarfélagi. Árið 2007 nam hagnaður sparisjóðsins 343 milljónum króna og skipti þar mestu gengishagnaður af fjáreignum upp á 404 milljónir króna. Verulegur viðsnúningur varð árið 2008 þegar sjóðurinn tapaði 1,5 milljörðum króna. Skýrðist það fyrst og fremst af 1,6 milljarða króna tapi af fjáreignum og 266 milljóna króna framlagi í afskriftareikning útlána. Rúmlega milljarðs króna tap varð árið eftir og skýrðist aðallega af 1,1 milljarðs króna framlagi í afskriftareikninginn og áframhaldandi gengistapi af fjáreignum. Fjárhagsleg endurskipulagning á árinu 2010 leiddi til 1,5 milljarða króna tekjufærslu í rekstrarreikningi sem varð til þess að árið kom út með nærri 900 milljóna króna hagnaði. Enn varð svo tap árið 2011. Samanlagður hagnaður Sparisjóðs Vestmannaeyja á tíu ára tímabili fyrir efnahagshrunið, á árunum 1998 til 2007, var rúmum tveim milljarðum króna miðað við meðalverðlag ársins 2011. Hins vegar tapaði sparisjóðurinn samtals tæpum 2,3 milljörðum króna á árunum 2008–2011 á meðalverðlagi ársins 2011.

5. Fjallað er um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla.


Tafla 2. Samandregning rekstrarreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.⁶

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	147.314	188.548	176.602	216.745	230.977	294.604	318.670	512.584	445.806	446.737	456.837
Hreinar þjónustutekjur	48.138	55.823	62.427	62.410	62.348	75.431	94.824	102.240	97.619	90.447	86.213
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	12.112	21.421	16.266	34.055	109.223	249.492	21.304	59.012	8.050	(4.859)	21.132
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(1.759)	25.378	143.857	77.239	90.591	92.728	404.448	(1.578.734)	(284.060)	(53.820)	78.379
Aðrar rekstrartekjur	7.052	2.890	2.955	3.311	1.670	11.746	19.881	25.044	36.644	44.524	32.277
Hreinar rekstrartekjur	212.858	294.060	402.108	393.760	494.809	724.001	859.127	(879.854)	304.059	523.029	674.838
Almennur rekstrarkostnaður	(135.889)	(156.396)	(171.633)	(171.469)	(202.049)	(277.997)	(405.877)	(442.690)	(394.290)	(429.447)	(476.389)
Önnur rekstrargjöld	(649)	(879)	(398)	(103)	(331)	(1.756)	–	–	–	–	(145.946)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(29.879)	(39.113)	(78.643)	(76.657)	(73.780)	(53.292)	(39.203)	(266.200)	(1.149.403)	(493.698)	(254.106)
Fjárhagsleg endurskipulagning	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1.453.529	–
Rekstrargjöld samtals	(166.418)	(196.388)	(250.673)	(248.229)	(276.160)	(333.045)	(445.080)	(708.890)	(1.543.693)	530.384	(876.441)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	46.440	97.672	151.435	145.531	218.649	390.956	414.047	(1.588.744)	(1.239.634)	1.053.413	(201.603)
Skattar samtals	49	(18.579)	(28.935)	(25.002)	(38.255)	(70.372)	(71.220)	131.370	180.279	(195.138)	35.979
Hagnaður (tap) ársins	46.489	79.093	122.500	120.529	180.394	320.584	342.827	(1.457.374)	(1.059.355)	858.275	(165.624)

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur hækkuðu með tiltölulega jöfnum hætti frá 2001 til 2007. Vöxtinn mátti fyrst og fremst rekja til tekna af fjáreignum og hlutdeildar í afkomu hlutdeildarfélaganna en einnig uxu hreinar vaxta- og þjónustutekjur jafnt og þétt. Árið 2003 hafði gengishagnaður af fjáreignum mikil áhrif og sömuleiðis árið 2007, en árin 2005 og 2006 voru arðs- og hlutdeildartekjur ráðandi. Mikið gengistap varð hins vegar af fjáreignum á árunum 2008 og 2009 sem átti mestan þátt í taprekstri sjóðsins. Helstu breytingar á hreinum rekstrartekjum mátti því rekja til fjárfestingastarfsemi.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.⁷

Gengishagnaður árið 2007 skýrðist að mestu af hagnaði á eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., SP-Fjármögnun hf. og VBS Fjárfestingarbanka. Hluti af hækkuðum gengishagnaði frá fyrra ári stafaði af því að hætt var að færa Sparisjóðabankann með hlutdeildaraðferð og farið að færa hann á gangvirði í ársreikningi Vestmannaeyja. Á árinu 2008 varð mikill viðsnúningur á afkomu af fjáreignum þegar tap sjóðsins af fjáreignum

6. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

7. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011. Í viðauka C eru sömu rekstrarreikningar sýndir á föstu verðlagi.

nam 1,6 milljörðum króna og skýrðist það að mestu af niðurfærslu á hlutum í Sparisjóðabankanum um 884 milljónir króna, í Kaupþingi banka um 118 milljónir króna, VBS Fjárfestingarbanka um 194 milljónir króna og SP-Fjármögnun hf. um 150 milljónir króna. Á árinu 2009 varð einnig tap af fjáreignum sem skýrðist af 176 milljónum króna niðurfærslu á eignarhlutum í VBS Fjárfestingarbanka hf. og í Saga Capital um 35 milljónir króna auk niðurfærslu vegna Sparisjóðsins í Keflavík um 21 milljón króna.

Arðs- og hlutdeildartekjur voru vart umtalsverðar í rekstri Sparisjóðs Vestmannaeyja á tímabilinu ef árin 2005 og 2006 eru undanskilin. Á árinu 2005 námu arðs- og hlutdeildartekjur sparisjóðsins 109 milljónum króna og munaði þar mest um hlutdeild í hagnaði Sparisjóðabankans. Á árinu 2006 rúmlega tvöfölduðust arðs- og hlutdeildartekjur en þar vó aftur þyngst hagnaður bankans af hlutabréfaeign í Sparisjóðabankanum. Árið 2007 lækkuðu arðs- og hlutdeildartekjur um 228 milljónir króna frá fyrra ári vegna breytingar á færslu eignarhlutarins í Sparisjóðabankanum í bókhaldi sparisjóðsins.

Hreinar þjónustutekjur námu 48 milljónum króna í árslok 2001 og voru 23% af hreinum rekstrartekjum. Vægi þessara tekna lækkaði fram til 2006 en hélst þó alltaf á bilinu 10–19% nema árið 2009 þegar þær voru 32% af hreinum rekstrartekjum.

Aðrar rekstrartekjur voru óverulegur hluti hreinna rekstrartekna hjá sparisjóðnum allt tímabilið. Hluti þeirra var vegna húsaleigu en að öðru leyti voru þær ekki sundurliðaðar í rekstrarreikningi.

Hreinar vaxtatekjur voru stærstur hluti hreinna rekstrartekna allt tímabilið, að frátöldu árinu 2007, og fóru almennt hækkandi frá 2001 til 2008 þrátt fyrir óbreyttan og heldur lakkandi vaxtamun. Stærstur hluti vaxtatekna Sparisjóðs Vestmannaeyja kom frá útlánum eða á bilinu 63% til 91%. Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir hækkðu mikið frá 2005 til 2009, úr 6% af vaxtatekjum í 34%, en lækkuðu svo niður í 16% árið 2011. Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum voru ekki miklar og fóru hæst í 11% af vaxtatekjum árið 2003.

Vaxtagjöldin voru að stærstum hluta vegna almennra innlána eða 65% til 90%. Vaxtagjöld vegna lántöku vógu á bilinu 18–28% frá 2001 til 2009 en eftir fjárhagslega endurskipulagningu árið 2010 voru eingöngu 8% af vaxtagjöldum vegna lántöku. Vaxtagjöld til lánastofnana voru óveruleg og fóru einungis einu sinni yfir 10% af vaxtagjöldum, en það var árið 2002.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Vestmannaeyja 2001–2011.⁸

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Vestmannaeyja											
Meðalvextir útlána	15,3%	13,8%	12,0%	12,8%	13,1%	14,4%	15,6%	21,9%	15,6%	10,2%	11,5%
Meðalvextir innlána	11,5%	7,3%	6,2%	6,1%	6,6%	8,9%	10,3%	16,4%	11,1%	5,3%	4,8%
Vaxtamunur	3,4%	6,1%	5,4%	6,3%	6,1%	5,1%	4,7%	4,7%	4,1%	4,7%	6,5%
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%	0,5%	4,2%	5,5%

Rekstrargjöld


Rekstrargjöld Sparisjóðs Vestmannaeyja hækkðu lítið frá 2001 til 2005 en tóku eftir það að vaxa hraðar og hækkðu mikið árið 2009, einkum vegna framlags í afskriftareikning útlána en það hélst áfram hátt næstu tvö ár. Á tímabilinu 2001 til 2011 nam framlag í afskriftareikninginn samtals tæpum 2,6 milljörðum króna, en þar af 2,2 milljörðum króna á árunum 2008 til 2011.

Framlag í afskriftareikning útlána var tiltölulega lítill hluti rekstrargjalda fram til 2008. Það ár var framlagið nær sjöfalt frá því sem var árið áður, eða 266 milljónir króna. Árið 2009 var framlagið rúmur 1,1 milljarður króna eða rúmlega fjórfalt framlag ársins 2008. Sá hluti framlagsins hjá Sparisjóði Vestmannaeyja sem féll undir svonefnda sérgreinda afskrift einkenndist af því að útlán voru færð niður hjá mjög breiðum hópi lántakenda. Niðurfærsluhlutfall útlána hjá sparisjóðnum var á bilinu 4,4–6,4% í árslok 2001–2008 en

8. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011. Í viðauka B má sjá töflu sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða.


12,9–17,2% í árslok 2009–2011. Í lok árs 2007 var niðurfærsluhlutfall sparisjóðsins 5,9% en 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Í árslok 2010 var það orðið 17,2% hjá Sparisjóði Vestmannaeyja en var á sama tíma 21,3% hjá sparisjóðunum í heild.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.⁹



Almennur rekstrarkostnaður sparisjóðsins óx með tiltölulega stöðugum hætti frá 2001 til 2008 en breyttist lítið eftir það. Nokkur hækkun varð á árinu 2006 vegna sameiningar sparisjóðsins við Sparisjóð Hornafjarðar og nágrennis frá miðju ári, til dæmis hækkaði tölvukostnaður um rúmar 35 milljónir króna.¹⁰ Árið eftir var sameiningin komin að fullu inn í rekstrarreikninginn. Hlutfall rekstrarkostnaðar sjóðsins af meðaleignum var örlítið lægra á árunum 2001 til 2004 en hjá sparisjóðunum í heild, en frá 2005 til 2008 lækkaði það ekki eins mikið og hjá öðrum sparisjóðum.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.¹¹



9. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

10. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Vestmannaeyja 2007, 18. mars 2008.

11. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.


Launakostnaður hjá Sparisjóði Vestmannaeyja var á bilinu 42–50% af almennum rekstrar-
kostnaði öll árin. Við sameininguna við Sparisjóð Hornafjarðar og nágrennis á árinu 2006
fjölgaði stöðugildum um 14 en reikningslegur samruni miðaðist við mitt ár 2006 og því
var launakostnaður útbúsins á Hornafirði ekki nema fyrir síðari hluta ársins. Af þeim
sökum lækkar meðallaunakostnaður á stöðugildi í árslok um 20%.¹²

Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.¹³

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í lok árs	18	19	19	20	19	35	35	32	32	32	30
Launakostnaður	67.818	78.632	83.730	84.828	98.172	135.932	192.579	186.590	178.257	201.564	211.342
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	3.810	4.074	4.338	4.263	5.140	3.884	5.582	5.813	5.536	6.260	6.975
Laun og þóknunir til yfirstjórnar	9.200	10.064	11.080	11.648	14.358	14.350	15.758	17.832	17.309	17.294	17.630
Þar af til sparisjóðsstjóra	...	7.683	8.591	9.137	10.945	11.558	11.705	13.242	13.039	12.929	13.418

Launakostnaður hjá Sparisjóði Vestmannaeyja þróaðist með talsvert öðrum hætti en hjá
sparisjóðunum í heild frá 2003 til 2009 og var sveiflukenndur í samanburði við almenna
launavísitölu. Starfsmenn sparisjóðsins nutu ekki annarra fríðinda en þeirra almennu
fríðinda en tíðkaðist hjá sparisjóðunum og ekki voru greiddar árangurstengdar greiðslur
og hvatagreiðslur sem töldust ekki til hefðbundinna launagreiðslna á tímabilinu. Þá voru
ekki gerðir neindir starfslokasamningar sem fólu í sér réttindi umfram þau sem bundin
voru í kjarasamninga.¹⁴

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Vestmannaeyja og hjá sparisjóðunum í
heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.¹⁵



Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskipta-
bankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingarstarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi
eru hreinar vaxta- og þóknunatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðis-
rýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna
fjármögnunar á hluta- og markaðs-
skuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Kjarnarekstur

Hagnaður var af kjarnarekstri Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 2001 til 2006 fyrir utan árið
2003.¹⁶ Frá 2007 til 2011 var hins vegar alltaf tap af kjarnarekstri sem skýrðist af hækk-
uðum, almennum rekstrarkostnaði 2007 og þó einkum framlagi í afskriftareikning frá og
með 2008. Árin 2003, 2007 og 2010 skilaði sparisjóðurinn hins vegar hagnaði sem rekja
mátti til tekna af fjáreignum og fjárhagslegrar endurskipulagningar árið 2010. Þrátt fyrir
misjafna afkomu af kjarnarekstri stóðu hreinar vaxta- og þóknunatekjur ávallt undir al-
mennum rekstrarkostnaði.

- Skýringin liggur í því að fjöldi stöðugilda miðast við árslok en kostnaður sjóðanna var sameinaður á miðju árinu.
- Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011. Upplýsingar um launakostnað og fjölda stöðugilda taka mið af heilsdagsstörfum í lok hvers reikningsárs.
- Um launaþróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningskil sparisjóðanna. Þar má jafnframt lesa almennt um risnu og fríðindi starfsmanna sparisjóðanna.
- Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.
- Útreikningur á kjarnarekstri er skýrður nánar í 8. kafla.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.¹⁷


Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	147.314	188.548	176.602	216.745	230.977	294.604	318.670	512.584	445.806	446.737	456.837
Hreinar þjónustutekjur	48.138	55.823	62.427	62.410	62.348	75.431	94.824	102.240	97.619	90.447	86.213
Almennur rekstrarkostnaður	(129.792)	(150.352)	(165.806)	(166.198)	(198.248)	(271.929)	(401.050)	(437.993)	(389.830)	(425.514)	(472.714)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(6.097)	(6.044)	(5.827)	(5.271)	(3.801)	(6.068)	(4.827)	(4.697)	(4.460)	(3.933)	(3.675)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(29.879)	(39.113)	(78.643)	(76.657)	(73.780)	(53.292)	(39.203)	(266.200)	(1.149.403)	(493.698)	(400.052)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	29.684	48.862	(11.246)	31.029	17.496	38.746	(31.586)	(94.066)	(1.000.268)	(385.961)	(333.391)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	46.440	97.672	151.435	145.531	218.649	390.956	414.047	(1.588.744)	(1.239.634)	1.053.413	(201.603)

30.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Vestmannaeyja í lok árunna 2001 til 2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á árunum 2001 til 2011 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Vestmannaeyja tæpum fjórum milljörðum króna en í árslok 2011 voru þær 14,6 milljarðar króna á verðlagi hvors árs um sig. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 tæpir sjö milljarðar króna. Þannig hafði sjóðurinn ríflega tvöfaldast að stærð á þessum ellefu árum. Mikill vöxtur hljóp í eignir sjóðsins eftir árið 2005 og munaði þar mestu um aukningu útlána, krafna á lánastofnanir og sjóðs og óbundinna innstæðna í Seðlabanka.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Vestmannaeyja í lok árunna 2001–2011.¹⁸

Útlán voru stærsti einstaki eignaliður sparisjóðsins allt tímabilið og var vægi þeirra af heildareignum á umræddu tímabili 51% til 71%. Mest hækkuðu útlánin árið 2006 eftir sameininguna við Sparisjóð Hornafjarðar um 60% eða um tæpa 2,5 milljarða króna. Í árslok 2009 varð hlutfall útlána lægst eða 51% en það ár var framlag í afskriftareikning útlána einnig hæst á tímabilinu, eða 1,1 milljarður króna. Vægi útlána af heildareignum í lok árs 2008 var 58% og námu útlán þá 9,3 milljörðum króna.

Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa eða að jafnaði um tveir þriðju. Útlán til einstaklinga fóru vaxandi eftir 2003 og voru um og yfir 75% allra útlána frá 2005. Samhliða þessu lækkaði hlutfall útlána til fyrirtækja um fjórðung sem að mestu skiptist niður á iðnað, þjónustustarfsemi og sjávarútveg.

17. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

18. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Vestmannaeyja í árslok 2001–2011.¹⁹

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	2.763.638	2.696.469	2.873.533	3.209.330	4.063.915	6.531.053	7.765.545	8.973.787	7.616.017	7.409.381	7.537.421
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	126.035	144.465	176.746	181.530	187.608	444.684	486.566	531.676	1.359.291	1.539.859	1.120.655
Heildarútlán án fullnustueigna	2.889.673	2.840.934	3.050.279	3.390.860	4.251.523	6.975.737	8.252.111	9.505.463	8.975.308	8.949.240	8.658.076
Niðurfærsluhlutfall	4,4%	5,1%	5,8%	5,4%	4,4%	6,4%	5,9%	5,6%	15,1%	17,2%	12,9%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Staða á afskriftareikningi útlána hækkaði umtalsvert á árunum 2009 til 2010. Staðan á reikningnum nam 4,4–6,4% af útlánnum til viðskiptavina í árslok 2001–2007. Í árslok 2007 stóð hann í 487 milljónum króna sem jafngilti 5,9% af heildarútlánnum. Með umtalsverðum framlögum í afskriftareikning á árunum 2009–2011 hafði hlutfallið margfaldast í árslok 2010 og var þá 17,2% af heildarútlánnum.

Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka Íslands hækkuðu til muna á árinu 2007 og námu í lok árs rúmlega 1,7 milljörðum króna. Skýrðist það af tilfærslu á milli eignaliða, því kröfur á lánastofnanir voru færðar undir þennan lið í ársreikningnum. Sjóður og óbundnar innistæður voru 3 milljarðar króna í lok árs 2009 en lækkuðu 2010 og 2011 og námu 1,7 milljörðum króna í lok árs 2011.

Kröfur á lánastofnanir voru að mestu innistæður í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Þær voru óverulegar í árslok 2001 en eftir það var vægi þeirra í heildareignum Sparisjóðs Vestmannaeyja á bilinu 13–28%. Í árslok 2007 var þessi efnahagsliður ekki nýttur í ársreikningnum og það sem að venju hefði átt að færast þar fór undir liðinn sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka. Í lok október 2008 var staða Sparisjóðabankans orðin mjög ótrygg, meðal annars vegna veðkalls Seðlabanka Íslands vegna endurhverfra viðskipta. Innlánsreikningur sparisjóðsins þar var þá tveimur milljörðum króna hærri en heildarskuldbindingar gagnvart bankanum. Þá greip Sparisjóður Vestmannaeyja til þeirra ráðstafana að færa 800 milljónir króna á innlánsreikning hjá Seðlabanka Íslands og keypti jafnframt fimm skammtímaskuldabréf af Sparisjóðabankanum, útgefin af Byr sparisjóði, að fjárhæð 1.342 milljónir króna með gjalddaga í apríl 2009.²⁰ Sparisjóðurinn lagði síðan um 250 milljóna króna innlán í Sparisjóðinn í Keflavík á síðari hluta árs 2008 þegar sá síðarnefndi leitaði eftir því.²¹ Í apríl 2009 greiddu Byr sparisjóður og Sparisjóðabankinn upp kröfur Sparisjóðs Vestmannaeyja á hendur þeim. Í árslok 2009 skiptust kröfur á lánastofnanir á eftirfarandi hátt: i) innistæðubréf í Seðlabanka Íslands: þrjú milljarðar króna; ii) innistæða hjá Sparisjóðnum í Keflavík: 257 milljónir króna; og, iii) innistæða hjá VBS Fjárfestingarbanka hf.: 80 milljónir króna. Kröfur á lánastofnanir námu 4 milljörðum í lok árs 2011 eða 28% af heildareignum sparisjóðsins.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldbréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Vægi fjáreigna af heildareignum sparisjóðsins breyttist ekki að ráði á árunum 2001–2007. Á tímabilinu 2001 til ársloka 2007 var það 12% til 20% af heildareignum en frá árslokum 2008 voru fjáreignir 4–6% af heildareignum. Bókfært verð fjáreigna nam 2,4 milljörðum króna í árslok 2007 og hafði þá vaxið um 865 milljónir króna frá árinu áður. Árið 2008 lækkaði bókfært verð fjáreigna hins vegar um 72% eða tæplega 1,5 milljarða króna.

Markaðsskuldbréf o.fl. með föstum tekjum voru oftast stærsti liður fjáreigna en sveiflaðist töluvert á tímabilinu. Mestur varð hlutur þeirra af fjáreignum 71% í árslok 2010 þegar þau námu 430 milljónum króna en minnstur varð hlutur markaðsskuldbréfa af fjáreignum 19% í árslok 2006 en þá voru þau 300 milljónir króna.

Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum voru stærsti liður fjáreigna í lok árs 2003 og frá árslokum 2005 til 2007. Í árslok 2003 námu eignir Sparisjóðs Vestmannaeyja í hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum tekjum 420 milljónum króna og höfðu þá rúmlega tvöfaldast frá fyrra ári. Í árslok 2007 námu eignir í hlutabréfum og öðrum verðbréfum 1,9 milljörðum króna og höfðu þá nær þrefaldast frá fyrra ári. Það ár keypti sparisjóðurinn hlutafé í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. fyrir um 50 milljónir króna. Síðar á árinu jók Sparisjóður Vestmannaeyja hlut sinn í Sparisjóðabankanum með

19. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

20. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 27. október 2008.

21. Tölvuskeyti Sparisjóðs Vestmannaeyja til rannsóknarnefndarinnar 27. ágúst 2013.

kaupum á 1,3% hlut í bankanum fyrir tæpar 428 milljónir króna. Hlutur sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum var þá orðinn 5,25%. Við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) árið 2007 tók sparisjóðurinn að færa næstum allar fjáreignir sínar á gangvirði, þar á meðal hlut sinn í Sparisjóðabankanum sem fram að því hafði verið hlutdeildarfélag í bókum sparisjóðsins. Hækkanir á verðbréfamarkaði 2007 endurspegluðust því í fjáreignum í efnahagsreikningi í árslok. Mikil lækkun varð síðan á gangvirði hlutabréfa og annarra verðbréfa á árunum 2008 til 2011. Verðbréfaeign sparisjóðsins nam 161 milljón króna í lok árs 2011 og hafði dregist saman um 91% frá árslokum 2007 eða um 1,7 milljarða króna. Mest lækkuðu eignarhlutir sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., Kaupþingi banka hf., SP-Fjármögnun hf., FSP Holding ehf., Saga Capital hf., VBS Fjárfestingarbanka hf. og Sparisjóðnum í Keflavík.

Eign í hlutdeildarfélögum hækkaði um nær 60% á árinu 2006 og nam 613 milljónum króna í árslok. Hlutur í Sparisjóðabankanum var stærsta eignin undir þessum lið. Með breyttri reikningsskilaaðferð árið 2007 færðist hann undir fjáreignir á gangvirði og var eign í hlutdeildarfélögum óveruleg eftir það.


Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

Aðrar eignir samanstóðu af rekstrarfjármunum og skattinneign. Vegna taps á rekstri sjóðsins árið 2008 kom til tekjuskattsinneign upp á 62 milljónir króna við lok þess árs. Hækkun annarra eigna árið 2009 mátti rekja til frekari hækkunar á skattinneigninni sem stóð þá í 242 milljónum króna við árslok.

Skuldir

Innlán voru stærsti fjármögnunarpáttur Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 2001 til 2011 eða 59–90% af heildarskuldum. Þau jukust mikið árið 2006, eða um 75%, vegna sam- einingarinnar við Sparisjóð Hornafjarðar og námu þá sex milljörðum króna í árslok. Árið 2008 urðu innlán tveir þriðju heildarskulda sparisjóðsins eftir að þau hækkuðu um 3,4 milljarða króna eða um 48% frá fyrra ári. Hlutfall innlána af skuldum sjóðsins hækkaði næstu þrjú ár og stóð í 90% árið 2011.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Vestmannaeyja í árslok 2001–2011.²²



Lántaka sparisjóðsins var í formi veðdeildarbréfa, skuldabréfalána og fjármögnunar í gegnum Íbúðalánasjóð. Árið 2004 jókst lántaka um 80% frá fyrra ári og árið 2005 um 54%. Þessi ár gerði sparisjóðurinn tvo lánasamninga við Íbúðalánasjóð upp á samtals 453 milljónir króna og þar að auki var fjármögnun á fasteignalánnum í erlendri mynt í gegnum Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. upp á 127 milljónir króna. Frá árslokum

22. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

2001 til loka árs 2008 voru lántökur á bilinu 10–23% af heildarskuldum sparisjóðsins. Árið 2010 varð hlutfallið lægra þegar hluta af lántökum var breytt í víkjandi lán og hluti þeirra felldur niður.


Skuldir við lánastofnanir jukust umtalsvert árin 2006 og 2008. Þessar skuldir voru einkum erlend endurlán frá Sparisjóðabankanum og daglán frá Seðlabanka Íslands. Hinn 6. desember 2004 var gerður rammasamningur milli sparisjóðanna og Sparisjóðabankans um lánsheimild í erlendum gjaldmiðlum.²³ Á grundvelli þessa samnings fékk Sparisjóður Vestmannaeyja erlend lán sem síðan voru endurlánuð til viðskiptavina. Skuldir við lánastofnanir rúmlega tvöfölduðust árið 2006 og þrefölduðust árið 2008 vegna gengisfalls krónunnar. Þar að auki tók sparisjóðurinn 620 milljóna króna daglán hjá Seðlabanka Íslands í lok árs 2008. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Vestmannaeyja lækkuðu skuldirnar um 78% árið 2010 og námu ekki nema 520 milljónum króna í lok árs 2011.

Aðrar skuldir, sem hér eru víkjandi skuldir, reiknaðar skuldbindingar og aðrar skuldir, voru ekki stór hluti af heildarskuldum sparisjóðsins umrædd ár eða um 4% til 6%. Reiknaðar skuldbindingar breyttust lítið á tímabilinu en aðrar skuldir jukust töluvert árið 2008, aðallega skuldir vegna fastafjármuna til sölu upp á 232 milljónir króna. Víkjandi skuldir komu ekki til sögunnar hjá sparisjóðnum fyrr en árið 2006. Árin 2006 og 2007 námu þær 157 milljónum króna en hækkuðu verulega árið 2008 þar sem 200 milljóna króna láni frá Icebank hf. var breytt í víkjandi skuld. Staða víkjandi skulda í árslok 2008 varð þá 370 milljónir króna og hélst svo til óbreytt til ársloka 2011.

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Vestmannaeyja jókst jafnt og þétt frá árslokum 2001 til 2007. Hækkunina mátti fyrst og fremst rekja til stækkunar varasjóðs með samfelldum og vaxandi hagnaði en stofnféð hækkaði við endurmat og smáar stofnfjárukningar til ársloka 2006. Stofnfé var síðan aukið til muna árið 2007 eða um 350 milljónir króna og varð þá 19% af eigin fé. Fyrir þann tíma hafði hlutur varasjóðs af eigin fé verið fast að 100%. Í kjölfar 1,5 milljarða króna taps árið 2008 þurrkaðist varasjóðurinn nánast út og var einungis 1% af eigin fé í árslok.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Vestmannaeyja í lok árunna 2001–2011.²⁴



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Varasjóður	431.680	510.594	632.786	752.939	932.880	1.311.888	1.494.891	4.316	(1.055.039)	60.236	(105.388)
Stofnfé	1.092	1.260	1.540	1.890	2.315	2.943	353.850	357.000	357.000	996.589	996.589
Eigið fé samtals	432.772	511.854	634.326	754.829	935.195	1.314.831	1.848.741	361.316	(698.039)	1.056.825	891.201

Varasjóður varð svo neikvæður um rúman einn milljarð króna í árslok 2009. Stofnfé tók breytingum að nýju á árinu 2010 við fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins og nam það 997 milljónum króna í árslok. Varasjóður var þá 6% af eigin fé en varð aftur neikvæður um 105 milljónir í árslok 2011 vegna taps á rekstri sparisjóðsins á árinu.

23. Sjá nánari umfjöllun um samninginn í 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.


24. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

Í árshlutareikningi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 kom fram að 29,3 milljóna króna tap hefði verið á rekstri sjóðsins, bókfært eigið fé hafi numið 1,7 milljörðum króna og eiginfjárlutfallið hafi verið komið niður í 8,7% í lok tímabilsins.

Sparisjóður Vestmannaeyja uppfyllti lágmarkskröfur um eiginfjárlutfall allt tímabilið 2001 til ársloka 2007, en lögbundið lágmark var 8%. Við hið mikla tap árin 2008 og 2009 varð eigið fé neikvætt um 698 milljónir króna í árslok 2009. Eiginfjárlutfallið féll jafnframt niður í 3,83% í árslok 2008 eftir að hafa verið 8,16% í lok þriðja ársfjórðungs.²⁵

Fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Vestmannaeyja lauk 10. desember 2010 með undirritun samkomulags við Seðlabanka Íslands. Bankinn lagði fram nýtt stofnfé og afskrifaði kröfur. Hagnaður varð af rekstri sparisjóðsins það ár upp á 858 milljónir króna. Hann skýrðist fyrst og fremst af tæplega 1,5 milljarða króna tekjufærslu vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar. Bókfært eigið fé fór þá í rúman milljarð króna í árslok og eiginfjárlutfallið reiknaðist þá 16,60%. Taprekstur árið 2011 gerði varasjóðinn neikvæðan á nýjan leik og dró eigið fé í árslok niður í 891 milljón króna.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Vestmannaeyja og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2011.²⁶



30.2 Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis

Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis var stofnaður 20. mars 1991. Það gerðist í kjölfar þess að Landsbankinn keypti útibú Samvinnubankans á Höfn og sameinaði það útibúi sínu á staðnum. Stofnfé var ákveðið eigi lægra en 10 milljónir króna. Fyrsti formaður stjórnar var kjörinn Bjarni M. Jónsson. Sparisjóðurinn hóf starfsemi sína 3. maí 1991 að Hafnarbraut 36 á Höfn í Hornafirði. Hann rak almenna fjármála- og bankaþjónustu og var með tvo afgreiðslustaði, á Höfn og fljótlega á Djúpavogi. Fyrsti sparisjóðsstjóri var Anna Sigurðardóttir sem gegndi því starfi til 1995.²⁷

Rekstur Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis tók að þyngjast á árinu 2000 vegna lausafjárerfiðleika og mikilla vanskila á útlánunum. Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun hjá sjóðnum í september 2001 og hélt að henni lokinni fund með stjórn sparisjóðsins 1. október. Athugunin hafði leitt í ljós veruleg útlánvandamál hjá sjóðnum og á fundinum var gerð skýr bókun er laut að bættri framkvæmd við útlán svo og starfsskyldum stjórnar. Í framhaldi af þessu voru gerðar breytingar á stjórn og starfsháttum í sparisjóðnum. Stofnfé var einnig aukið um tæpa 61 milljón króna og stóð í rúmum 146 milljónum króna í árslok 2001. Tryggingasjóður sparisjóða keypti stofnfé fyrir 40 milljónir króna og nokkrir sparisjóðir

25. Upplýsingar úr innsendum COREP-skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins.

26. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2001–2011.

27. „Ágrip af sögu Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis“, vefsafn.is, <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20041122000000/http://sphorn.is/saga.asp>.

keyptu minni hluti. Tryggingasjóðurinn var jafnframt í ábyrgðum fyrir sparisjóðinn upp á nærri 100 milljónir króna.²⁸ Harðorðar athugasemdir um rekstur sjóðsins komu einnig fram í endurskoðunarskýrslu með ársreikningi 2001.²⁹

Fjármálaeftirlitið gerði aftur athugun hjá sjóðnum í febrúar 2003. Að mati þess námu vantryggðar skuldbindingar um 400 milljónum króna. Mjög þótti skorta á yfirsýn stjórnar sparisjóðsins yfir stöðu skuldbindinga og upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á afskriftum. Einnig var það mat Fjármálaeftirlitsins að sérstök framlög í afskriftareikning útlána hjá sparisjóðnum hefðu verið vanmetin um 136–168 milljónir króna. Lægri fjárhæðin samsvaraði öllu bókfærðu eigin fé sparisjóðsins í árslok 2002. Niðurstaðan í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um þessa athugun var að stjórnendum sparisjóðsins hefði mistekist að koma rekstri hans í viðunandi horf og var jafnframt lagt að þeim að leita án tafar varanlegra lausna í rekstri sjóðsins.³⁰ Tryggingasjóður sparisjóða gaf svo hinn 11. maí 2003 út ábyrgðaryfirlýsingu fyrir allt að 150 milljónir króna fyrir sparisjóðinn.

Á sama tíma átti sparisjóðurinn í viðræðum við tvo aðra sparisjóði, þ.e. Sparisjóð Bolungarvíkur og Sparisjóð Vestmannaeyja, um aðkomu þeirra að fjárhagslegri endurskipulagningu.³¹ Þeim lauk með því að Sparisjóður Vestmannaeyja fékk samþykki Fjármálaeftirlitsins 4. júlí 2003 fyrir því að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis. Sparisjóður Vestmannaeyja greiddi inn 220 milljónir króna í nýju stofnfé. Aðrir sparisjóðir sem áttu stofnfé í Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis breyttu helmingi stofnfjár síns í víkjandi lán og Tryggingasjóður sparisjóða breytti 29,5 milljónum króna af sínu stofnfé í víkjandi lán. Í árslok 2003 átti Sparisjóður Vestmannaeyja 77% stofnfjár í sjóðnum.³²

Fjármálaeftirlitið gerði enn eina athugun hjá Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis 28. september 2005. Samkvæmt niðurstöðum athugunarinnar voru enn miklir veikleikar í útlánasafni sparisjóðsins og bókfært fé talið ofmetið um 150 milljónir króna, þrátt fyrir að Sparisjóður Vestmannaeyja hefði gefið út 100 milljóna króna ábyrgð til handa sjóðnum. Þar með uppfyllti sjóðurinn ekki lengur lágmarkskröfur reglna um eiginfjárgrunn.³³

Tafla 7. Stjórn Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis 2001–2006.³⁴

	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Aðalsteinn Aðalsteinsson	x					
Arnar Sigurmundsson			x	x	x	x
Egill Jón Kristjánsson	x					
Freyja Friðbjarnardóttir	x	x				
Hallmundur Hafberg	x	x	x	x	x	x
Ingólfur Ásgrímsson				x	x	x
Páll E. Kristjánsson		x	x	x	x	x
Ragnar Jónsson	Form.	Form.	Form.			
Pór Ísfeld Vilhjálmsson		x	x	Form.	Form.	Form.

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja 24. nóvember 2005 var samþykkt „að kaupa allt stofnfé einstaklinga og fyrirtækja í Sp. Horn að undanskildu sparisjóðnum og félögum tengd þeim sem áætlað er að leysa til sín síðar. Um er að ræða heildarfjárhæð að upphæð um 27 millj. kr. að meðtöldu óútgefnu stofnfé þannig að heildarstofnfé í Sp. Horn verði 330 millj. kr. að nafnverði.“ Mál þróuðust síðan á þann veg að stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja ákvað á síðari hluta ársins 2006 að sameina sparisjóðina tvo. Samrunaáætlunin var samþykkt af stjórnnum sjóðanna í desember en reikningshaldslegur samruni miðaðist við 1. júlí 2006. Sparisjóður Vestmannaeyja fékk einn fulltrúa í stjórn Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis á aðalfundi 2002, tvo fulltrúa á aðalfundi 2003 og þrjá fulltrúa og þar með meirihluta á aðalfundi 2004.

28. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis 8. febrúar 2003.

29. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis 2001, 19. febrúar 2002.

30. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis 8. febrúar 2003.

31. Nánari umfjöllun um þetta er að finna í 5. kafla, um samstarf sparisjóðanna.

32. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis 2003, 18. mars 2004.

33. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um athugun hjá Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis, 28. september 2005.

34. Ársreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis 2001–2006.

Tíð sparisjóðsstjórnaskipti voru hjá Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis. Síðust til að gegna starfinu var Melrós Eysteinsdóttir. Þegar hún tók við því árið 2002 var hún fjórði sparisjóðsstjórinn sem starfaði hjá sparisjóðnum.

30.2.1 Ársreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis frá 2001 til miðs árs 2006

Sparisjóður Hornafjarðar sameinaðist Sparisjóði Vestmannaeyja og miðaðist reikningshaldslegur samruni við 1. júlí 2006. Í töflu 8 og töflu 9 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis fyrir árin 2001 til 2005 á verðlagi hvers árs. Aftan við hvora töflu er hnýtt árshlutareikningi fyrir fyrri helming ársins 2006. Hér verður ekki farið nánar í reikninga sparisjóðsins, en þó fylgja fáeinar viðbótarupplýsingar í töflu 10.

Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis greiddi ekki arð á umræddu tímabili nema árið 2002, en þá úthlutaði hann 10% arði af stofnfjáreign í lok árs 2001. Helmingurinn var greiddur stofnfjárhöfum, um átta milljónir króna, en hinum helmingnum var varið til hækkunar á stofnfénu.

Tafla 8. Samandregning rekstrarreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis fyrir árin 2001–2005.³⁵

<i>Pús. kr</i>	2001	2002	2003	2004	2005	30.6.2006
Hreinar vaxtatekjur	95.055	114.592	120.272	116.063	108.778	37.945
Hreinar þjónustutekjur	29.147	35.818	33.064	32.926	31.454	14.571
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	98	649	1.978	4.546	7.959	4.913
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	753	(950)	(419)	17.569	(434)	1.518
Aðrar rekstrarrekjur	553	7.255	17.313	2.615	3.457	1.196
Hreinar rekstrarrekjur	125.606	157.364	172.209	173.719	151.214	60.143
Almennur rekstrarkostnaður	(95.187)	(107.790)	(104.056)	(105.449)	(108.409)	(57.546)
Önnur rekstrargjöld/matsbreytingar	(36.653)	–	–	–	–	–
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(65.514)	(49.474)	(215.229)	(60.125)	(81.793)	(398.517)
Rekstrargjöld samtals	(197.354)	(157.264)	(319.285)	(165.574)	(190.202)	(456.063)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(71.748)	100	(147.077)	8.145	(38.988)	(395.920)
Skattar samtals	5.660	–	–	–	–	–
Hagnaður (tap) ársins	(66.088)	100	(147.077)	8.145	(38.988)	(395.920)

Tafla 9. Samandregning efnahagsreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis í lok ársanna 2001–2005.³⁶

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	30.6.2006
Eignir						
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka o.fl.	27.118	32.487	21.925	24.011	26.901	36.980
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	41.881	111.341	150.502	316.862	448.341	492.636
Útlán o.fl.	2.192.921	2.182.506	1.903.738	1.999.333	1.909.777	1.474.525
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	2.749	–	480.883	35.932	33.904	35.338
Hlutabréf og verðbréf með breyttil. tekjum	13.497	21.225	4.075	10.739	1.389	1.701
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	18.899	5.297	12.069	16.452	26.427	33.381
Rekstrarfjármunir	16.471	15.436	15.087	13.125	14.267	14.392
Aðrar eignir	595	5.670	23.815	13.071	11.734	11.857
Eignir samtals	2.314.131	2.373.962	2.612.094	2.429.525	2.472.740	2.100.810
Skuldir og eigið fé						
Skuldir við lánastofnanir	372.899	141.028	9.644	7.965	7.235	24.098
Innlán	1.078.868	1.632.864	1.913.280	1.595.054	1.629.838	1.667.219
Lántaka	678.467	411.566	445.363	582.568	607.872	583.655
Aðrar skuldir	16.515	18.570	29.097	19.125	15.491	7.727
Vikjandi skuldir	33.492	34.259	89.399	94.193	98.142	104.795
Skuldir samtals	2.180.241	2.238.287	2.486.783	2.298.905	2.358.578	2.387.494
Eigið fé						
Stofnfé	146.162	150.768	289.392	286.528	310.540	305.614
Varasjóður	(12.272)	(15.093)	(164.081)	(155.908)	(196.378)	(592.298)
Eigið fé samtals	133.890	135.675	125.311	130.620	114.162	(286.684)
Skuldir og eigið fé samtals	2.314.131	2.373.962	2.612.094	2.429.525	2.472.740	2.100.810

35. Ársreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis 2001–2005.

36. Ársreikningar Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis 2001–2005.

Tafla 10. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis 2001–2005.

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
Úr rekstri					
Vaxtamunur	7,5%	7,8%	7,6%	6,9%	5,6%
Meðalvextir útlána	18,3%	14,2%	13,3%	13,6%	12,9%
Meðalvextir innlána	10,1%	5,9%	5,3%	6,3%	6,9%
Stöðugildi í árslok	10	11	14	14	11
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	4.519	4.492	3.505	3.439	4.392
Laun og þóknunir til yfirstjórnar	8.400	8.484	10.035	8.713	9.008
þar af til sparisjóðsstjóra	...	7.224	8.775	7.453	7.748
Úr efnahag					
Eiginfjárlutfall (CAD)	8,3%	8,1%	10,4%	10,6%	10,3%
Hlutfall milli innlána og útlána	49,3%	75,1%	101,8%	80,3%	85,7%
Staða afskriftareiknings í árslok	133.757	79.749	239.570	90.921	91.837
Niðurfærsluhlutfall	5,8%	3,5%	11,3%	4,4%	4,6%
Varúðarfærsla ársins (framlag á afskr.reikn.)	65.515	49.474	288.046	60.125	81.793
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	(71.376)	(103.482)	(128.897)	(209.342)	(81.928)

30.3 Útlán, útlánareglur og lánveitingar


Frá 2005 til 2011 námu útlán sparisjóðsins 49,5–66,6% af heildareignum hans, lægst var hlutfallið 2009 og hæst 2005. Á tímabilinu frá 2005 til 2007 uxu útlán sparisjóðsins úr rúmum fjórum í tæpa átta milljarða króna. Í lok árs 2007 var vægi útlána af heildareignum um 63,7% en frá 2008–2011 var um helmingur eigna sparisjóðsins í því formi.

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum Sparisjóðs Vestmannaeyja um útlán og vanskil var vægi gengisbundinna útlána í útlánasafni sjóðsins hæst tæplega 17% í árslok 2009.

Tafla 11. Útlán Sparisjóðs Vestmannaeyja sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.³⁷

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	4.063.915	6.531.053	7.765.545	8.973.787	7.616.017	7.409.381	7.537.421
Eignir samtals	6.102.000	10.114.783	12.185.659	16.140.970	15.387.167	13.855.698	14.602.194
Útlán sem hlutfall af eignum	66,6%	64,6%	63,7%	55,6%	49,5%	53,5%	51,6%

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2010.³⁸



Sparisjóður Vestmannaeyja lánaði mest í formi skuldabréfa á árunum 2005 til 2011. Yfirdráttarlán voru önnur stærsta tegund útlána hjá sparisjóðnum, ef frá eru talin árin 2008 og 2009 en þá voru erlend endurlán önnur stærsta tegund útlána hjá sjóðnum. Aðrar tegundir útlána höfðu lítið vægi í útlánasafni sjóðsins.

37. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

38. Skýrsla sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Staða útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 miðast við 31. október 2008.

Tafla 12. Útlánaform Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.³⁹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	712.460	1.346.900	1.477.981	1.156.458	1.226.891	1.406.307	1.280.178
Afurða- og rekstrarlán	67.018	102.788	113.098	134.260	132.784	–	–
Víxlar	89.912	31.643	62.615	67.895	8.526	4.266	4.281
Skuldabréf	2.921.548	4.440.353	5.358.305	6.016.777	4.885.708	4.853.487	5.532.450
Erlend endurlán	242.979	592.818	686.135	1.590.306	1.336.545	1.119.671	693.160
Annað	29.998	16.551	67.411	8.090	25.564	25.650	27.351
Samtals	4.063.915	6.531.053	7.765.545	8.973.786	7.616.018	7.409.381	7.537.420

Einstaklingar mynduðu stærsta hóp lántakenda hjá sparisjóðnum á tímabilinu 2005–2011 og var vægi þess hóps vel yfir 70% á tímabilinu. Af lánum til fyrirtækja voru iðnaður, sjávarútvegur og þjónustustarfsemi með mest vægi.

Tafla 13. Flokkun útlána Sparisjóðs Vestmannaeyja eftir atvinnugreinum 2005–2011.⁴⁰

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bæjar- og sveitarfélög	2,1%	1,2%	0,2%	0,3%	0,7%	0,6%	0,8%
Fyrirtæki	24,7%	22,8%	23,0%	25,8%	24,9%	25,7%	24,1%
Landbúnaður	0,2%	0,1%	0,2%	0,2%	0,8%	1,4%	1,2%
Sjávarútvegur	11,7%	9,2%	3,3%	5,7%	5,5%	5,3%	4,8%
Verslun	2,4%	3,8%	3,3%	2,9%	2,6%	3,0%	3,2%
Iðnaður	2,4%	2,9%	7,7%	7,9%	8,5%	8,2%	7,8%
Samgöngur	0,5%	0,8%	0,7%	0,6%	0,7%	0,2%	0,1%
Raforkumál	–	0,1%	–	–	–	7,6%	–
Þjónustustarfsemi	7,5%	5,9%	7,8%	8,5%	6,8%	–	7,0%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	73,3%	76,0%	76,8%	73,9%	74,4%	73,7%	75,1%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Niðurfærsluhlutfall var 4,4–6,4% af heildarútlánum á tímabilinu 2005–2008. Ástæða hins háa framlags í afskriftareikning útlána á árinu 2006 skýrðist einkum af sameiningu sjóðsins við Sparisjóð Hornafjarðar.⁴¹ Í lok árs 2009 var niðurfærsluhlutfallið hins vegar orðið 15,1% af heildarútlánum og náði hámarki á árinu 2010 þegar það var 17,2%.

Tafla 14. Útlán Sparisjóðs Vestmannaeyja og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.⁴²

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	4.251.523	6.975.737	8.252.111	9.505.463	8.975.308	8.949.240	8.658.076
Staða afskriftareiknings í árslok	187.608	444.684	486.566	531.676	1.359.291	1.539.859	1.120.655
Útlán til viðskiptavina	4.063.915	6.531.053	7.765.545	8.973.787	7.616.017	7.409.381	7.537.421
Niðurfærsluhlutfall	4,4%	6,4%	5,9%	5,6%	15,1%	17,2%	12,9%
Framlag ársins í afskriftareikning	73.780	358.181	39.203	266.199	1.149.403	493.699	373.306
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	70.269	99.754	151.864	221.089	322.894	313.573	805.919

30.3.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Í skýrslu um innri endurskoðun hjá Sparisjóði Vestmannaeyja fyrir árið 2006 var gerð athugasemd við að of lítið af vanskilum og vaxtafrystum kröfum væru farin í innheimtuferli hjá lögmönnum. Þessa ábendingu ítrekaði innri endurskoðandi á árinu 2007. Þá var einnig vakin athygli á því að af 60 yfirdráttarlánum í úrtaki væru 32 umfram heimildir. Í svipuðu úrtaki sem tekið var við innri endurskoðun ársins 2008 voru 33 yfirdráttarlán af 60 umfram heimildir. Þá var ítrekuð ábending um að of lítið hlutfall af vanskilkröfum væri í innheimtu hjá lögmönnum. Við innri endurskoðun 2009 var enn á ný bent á að efla mætti eftirlit með vanskilum og það sama var gert við innri endurskoðun ársins 2010.

Í skýrslum ytri endurskoðenda var fyrst og fremst fjallað um útlán Sparisjóðs Vestmannaeyja út frá fjárhagslegri þróun og afkomu, auk umfjöllunar um afskriftir og dreifingu eftir útlánaflokkum. Í endurskoðunarskýrslu ársins 2009 kom fram að útlán sparisjóðsins

39. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

40. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil.

41. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Vestmannaeyja 2006, 9. mars 2007.

42. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

hefðu lækkað um 1.358 milljónir króna á árinu og að afskriftareikningur útlána næmi 1.359 milljónum króna. Gríðarleg aukning væri í afskriftarsjóði vegna versnandi afkomu heimila og fyrirtækja. Mikil óvissa væri ríkjandi í umhverfinu og mat útlána því erfitt.

Á tímabilinu 2005 til 2011 var ekki gerð sérstök eftirlitsskýrsla af hálfu Fjármálaeftirlitsins um Sparisjóð Vestmannaeyja.

30.3.2 Útlánareglur og heimildir

Heimildir fyrir útlánnum Sparisjóðs Vestmannaeyja voru í reglum hans um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og útlánareglum. Þessar reglur voru til í drögum frá árinu 2004 sem rannsóknarnefndin fékk afhent óundirrituð. Stjórnarfundargerðir ársins 2004 bera ekki með sér að reglurnar hafi verið samþykktar í stjórn en þó var bókað á fundi stjórnar 30. janúar 2004:

Gerð grein fyrir drögum að starfsreglum skv. 54. gr. laga 161/2002. Sparisjóðsstóra falið að ganga frá drögum að starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra.

Í fundargerð stjórnar 8. júlí 2005 er bókað að stjórn hafi samþykkt nýjar útlánareglur, nýjar starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra og nýjar starfsreglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána. Þá er bókað að stjórn muni undirrita nýju reglurnar á næsta fundi sínum og senda síðan til Fjármálaeftirlitsins. Í fundargerð næsta fundar stjórnar er ekki minnst á reglurnar og er ekki að finna umfjöllun um þær fyrr en í fundargerð frá stjórnarfundum 13. febrúar 2006, þegar bókað er að stjórn „samþykkti endanlega og undirritaði“ starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra, starfsreglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána og útlánareglur.⁴³ Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðnum voru útlánareglurnar ekki uppfærðar við tilkomu nýrra reglna um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármála-fyrirtækjum nr. 216/2007 en starfsreglurnar voru endurnýjaðar 2007, 2010 og 2011.

Meginreglur um útlán sparisjóðsins var að finna í 2. gr. útlánareglanna en þar sagði að meginmarkmið með útlánnum og ábyrgðarveitingum sparisjóðsins væri að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri sjóðsins. Þá skyldi viðhalda traustri eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu ásamt því að veita sem besta þjónustu á hverjum tíma. Við ákvörðun um fyrirgreiðslu skyldi þess gætt að heildarfjárhæð hennar væri í hæfilegu hlutfalli við eigið fé sjóðsins með hliðsjón af framlögðum tryggingum og fjárhag viðskiptaaðila. Þá bæri að skoða útlánaáhættu vegna fjárhagslega tengdra aðila í einu lagi. Ekki var sérstaklega vikið að skilgreiningu á stórum áhættuskuldbindingum eða hver heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga mætti vera en þó kom fram að heildarskuldbinding eins aðila eða tengdra skyldi aldrei fara yfir 25% af eigin fé sjóðsins.⁴⁴

Að jafnaði skyldu teknar fullnægjandi tryggingar vegna skuldbindinga sem stofnað væri til gagnvart sparisjóðnum. Ekki var þó að finna nánari skilgreiningu á því hvað átt væri við með fullnægjandi tryggingum. Þá var heimilt að víkja frá þessari reglu ef upplýsingar sem fyrir lágu sýndu að ekki væri þörf á sérstökum tryggingum enda skyldi fylgst með afkomu og fjárhag viðskiptaaðilans á meðan skuldbinding varði. Ekki kom fram í reglunum hvernig sú eftirfylgni skyldi framkvæmd.

Lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla við atvinnufyrirtæki átti að taka mið af viðskiptum þeirra við sparisjóðinn ásamt upplýsingum um rekstur þeirra og fjárhag. Eftir því sem unnt væri skyldi aflað ársreikninga, rekstrar- og greiðsluáætla og annarra fjárhagslegra upplýsinga frá viðskiptavinum og úr þeim skyldi unnið á skipulegan hátt.

Sérstaklega var tekið fram í útlánareglunum að miða skyldi við raunmat á tryggingarandlagi og að gögn því til staðfestingar væru geymd með viðkomandi skjölum þegar um veð væri að ræða.

43. Í tölvuskeyti Hafsteins Gunnarssonar, forstöðumanns reikningshalds og innra eftirlits Sparisjóðs Vestmannaeyja, til rannsóknarnefndarinnar 29. október 2013 upplýsti hann að reglurnar frá 8. júlí 2005 væru ekki til undirritaðar hjá sparisjóðnum, en hann taldi vist að þeim hefði engu að síður verið fylgt og taldar vera í gildi fram til þess að þær voru uppfærðar á árinu 2006.

44. Í reglunum kom fram að „eigið fé“ ætti við um „eiginfjárgrunn“ eins og hann var skilgreindur í 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Ekki var sérstaklega minnst á lánveitingar til einstaklinga í reglunum og því óljóst hvort greiðslumót voru notuð til þess að meta greiðslugetu einstaklinga.

Sérstakar reglur um útlánaheimildir, reglur fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra ásamt reglum um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðs Vestmannaeyja voru settar í febrúar 2011. Ekki var þar um miklar viðbætur við fyrri reglur að ræða.

Í starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra frá 2004 kom fram að sparisjóðurinn hefði látið útbúa útlánareglur sem næðu til lánveitinga og ábyrgða. Þar komu fram mörk heimildar sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna, auk fleiri mikilvægra atriða sem snertu útlán sjóðsins. Starfsreglurnar heimiluðu sparisjóðsstjóra að veita öðrum starfsmönnum sjóðsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu hans að fengnu samþykki stjórnar sparisjóðsins. Á hinn bóginn skyldi sparisjóðsstjórn ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra væri verulegt miðað við stærð sparisjóðsins en um mörkin var nánar kveðið í útlánareglum sjóðsins. Með reglunum frá 2007 var það sérstaklega tekið fram að stjórn skyldi sjá til þess að sparisjóðsstjóri og aðrir stjórnendur fylgdu útlánastefnu sparisjóðsins og framkvæmdu þær aðgerðir sem þörf væri á til að fylgja áhættustefnu og mörkum áhættutöku í rekstri sjóðsins.

Ekki virtist gert ráð fyrir útlánanefnd í sparisjóðnum heldur tók sparisjóðsstjóri ákvörðun um lánveitingar og ábyrgðir ef heildarskuldbinding aðila eða fjárhagslega tengdra var innan við 3,0% af eigin fé sparisjóðsins. Það þýddi að útlánaheimild hans á tímabilinu frá janúar 2005 til október 2008 var á bilinu frá rúmum 9 milljónum króna til rúmlega 23 milljóna króna. Til að heildarskuldbinding eins aðila eða fjárhagslega tengdra mætti fara fram úr 3,0% af bókfærðu eigin fé sjóðsins þurfti samþykki sparisjóðsstjórnar. Var því ákveðið misræmi milli heimildar sparisjóðsstjóra og stjórnar, þar sem annars vegar var vísað til 3% af eigin fé samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og hins vegar til 3% af bókfærðu eigin fé. Var þetta misræmi leiðrétt við uppfærslu útlánareglna árið 2006.⁴⁵ Hámark útlánaheimildar staðgengils sparisjóðsstjóra var 5 milljónir króna skv. reglunum. Í reglunum var ekki að finna ákvæði um hámarks lánveitingar til einnar atvinnugreinar til dreifingar á áhættu. Þá átti sparisjóðsstjóri að halda skrá yfir útlánaheimildir starfsmanna og breytingar á skránni þurftu hans samþykki.

Tafla 15. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Vestmannaeyja frá 2006.⁴⁶

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	3.0% af eiginfjárgrunni
Staðgengill sparisjóðsstjóra	Kr. 5.000.000
Forstöðumaður Selfossi	Kr. 5.000.000

Útlánaeftirlit var á ábyrgð sparisjóðsstjórnar. Á stjórnarfundum, sem haldnir voru að jafnaði einu sinni í mánuði frá árinu 2004 til loka júní 2007, voru tekin fyrir yfirlit um viðskiptaaðila sem voru með heildarskuldbindingu sem nam a.m.k. 2,5% af eigin fé sjóðsins. Þá var gerð grein fyrir heildarlánveitingum milli stjórnarfundar og lánveitingum og ábyrgðum til einstakra aðila sem færu fram úr 0,5% af eigin fé sjóðsins. Á þriggja mánaða fresti átti stjórnin að skoða yfirlit yfir heildarvanskil eftir einstökum útlánaformum og einu sinni á ári skyldi lögð fyrir hana útlánaskýrsla yfir stöðu stærstu skuldara og vanskilaaðila með upplýsingum um greiðsluþryggingar, unnin af innri endurskoðanda. Framlag í afskriftareikning og tillögur um endanlegar afskriftir ásamt skýrslu um niðurstöður innri endurskoðunar, þar á meðal fyrirgreiðslu til venslaðra, skyldi jafnframt lagt fyrir einu sinni á ári.

Hinn 29. júní 2007 voru samþykktar nýjar starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra. Ekki hvíldi lengur sú skylda á stjórn að fjalla um útlán eða útlánaáhættu einu sinni í mánuði heldur á þriggja mánaða fresti. Skýrsla um útlánaáhættu fól m.a. í sér yfirlit yfir skuldbindingar stærstu viðskiptaaðila sjóðsins, sundurliðaða eftir útlánaformum, ásamt vanskilum ef einhver voru. Stærstu viðskiptaaðilar sjóðsins voru þá skilgreindir þeir sem voru með heildarskuldbindingu a.m.k. 4% af eigin fé sjóðsins. Þá var gerð grein

45. Nánari umfjöllun um þetta misræmi er í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

46. Útlánareglur Sparisjóðs Vestmannaeyja, 13. febrúar 2006.

fyrir heildarlánveitingum milli stjórnarfundar og lánveitingum og ábyrgðum til einstakra aðila sem færu fram úr 1,5% af eigin fé sjóðsins. Sparisjóðsstjóra bar að skýra frá öðru því sem máli skipti varðandi lánastarfseminna og útlánaáættu sjóðsins. Jafnframt skyldu lagðar fyrir stjórn á þriggja mánaða fresti skýrslur um lausafjáráættu, rekstraráættu og markaðsáættu ásamt því að skoða yfirlit yfir heildarvanskil eftir einstökum útlánaformum.

Bæði í eldri og yngri reglum bar stjórn sparisjóðsins að setja markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp tryggt eftirlit með rekstrinum og fylgja því eftir. Sparisjóðsstjóri bar svo ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgdu sem og móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn og fylgjast með því að eftirlitskerfið væri skilvirkt. Ekki voru settar sérstakar reglur um framkvæmd áhættustýringar í Sparisjóði Vestmannaeyja fyrr en í janúar 2010.

Starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra voru endurnýjaðar lítt breyttar á árunum 2010 og 2011 en þar var þó hnykkt betur á eftirliti stjórnar og innri endurskoðanda með starfseminni.

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Vestmannaeyja 13. febrúar 2006 voru settar starfsreglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána. Reglurnar voru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 834/2003, um reikningsskil lánastofnana sem og samþykka sparisjóðsins. Markmið með reglunum var að tryggja fagleg og vönduð vinnubrögð við mat á útlánum sparisjóðsins og að færðar væru í afskriftareikning útlána nægilegar fjárhæðir, með hliðsjón af niðurstöðu mats þar um. Í reglunum kom meðal annars fram að til skoðunar fyrir sérstök afskriftarframlög skyldu koma lán til aðila sem uppfylltu eitthvert eftirtalinna skilyrða:

1. Vanskil í 6 mánuði eða lengur.
2. Greiðslustöðvun.
3. Árangurslaust fjárnám.
4. Gjaldþrot.
5. Beiðni um nauðasamninga liggur fyrir.
6. Aðrar aðstæður sem skerða gjaldþol eða greiðslugetu og gera það líklega að ekki verði staðið að fullu við lánasamninga.

Fjárhæð sérstaks framlags í afskriftareikning útlána skyldi metið með tilliti til heildar skuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingaandlaga.

Endanlegar afskriftir útlána skyldu ákveðnar þegar eitthvert af eftirtöldum skilyrðum væri uppfyllt:

1. Við lok gjaldþrotaskipta.
2. Við skuldaeftirgjöf.
3. Við árangurslaust fjárnám þegar fyrir lægi mat lögmanns Sparisjóðs Vestmannaeyja um að frekari innheimtuaðgerðir myndu ekki skila árangri.

30.3.3 Stærstu lántakendur

Rannsóknarnefndin valdi úrtak stærstu lántakenda sparisjóðsins til sérstakrar skoðunar og greiningar. Áhersla var lögð á að reyna að varpa ljósi á útlánastefnuna, starfshætti útlánastarfsemi og ástæður afskrifta. Kannað var hvort útlánastarfsemi sparisjóðsins hefði verið í samræmi við reglur sjóðsins og gildandi lög og reglur.

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sem skila bar til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áættu fjármálafyrirtækis af útlánum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.⁴⁷ Úrtak stærstu lántakenda miðaðist við stærstu skuldbindingar sjóðsins og lántakendur sem voru með sérgreind framlög í afskriftareikning yfir 25 milljónir króna í lok árs 2009.

47. Sjá nánari umfjöllun í 6. og 9. kafla.

Tafla 16. Úrtak rannsóknarnefndar af lánaþópum Sparisjóðs Vestmannaeyja 2007–2011.⁴⁸

Pús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	389.954	658.773	638.089	453.268	404.830
Heildarútlán sparisjóðsins	8.252.111	9.505.463	8.975.308	8.949.240	8.658.076
Hlutfall úrtaks af heild	4,7%	6,9%	7,1%	5,1%	4,7%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	–	–	244.712	192.920	112.799
Sérgreindar afskriftir alls	375.443	384.861	952.757	1.066.230	940.043
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	486.566	531.676	1.359.291	1.539.859	1.120.655
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	–	–	25,7%	18,1%	12,0%

Fimm lánaþópar voru í úrtakinu. Alls nam fyrirgreiðsla til þessara aðila 638 milljónum króna í lok árs 2009 en á sama tíma nam sérgreind niðurfærsla vegna þeirra 245 milljónum króna. Hlutfall umræddra lántakenda nam 4,7 til 7,1% af heildarútlánnum Sparisjóðs Vestmannaeyja. Helsta ástæða þess að úrtakið nam ekki hærra hlutfalli af heildarútlánnum var hin mikla dreifing útlánasafnsins, en um 75% af útlánnum sparisjóðsins voru til einstaklinga. Hlutfall úrtaksins af sérgreindum afskriftum sjóðsins nam hæst tæpum 26% í árslok 2009.

Á árinu 2008 hækkuðu útlán samtals um 1.344 milljónir króna frá fyrra ári. Þar af nam hækkun á gengistryggðum skuldabréfalánnum, sem voru um 20% af heildarútlánasafni sparisjóðsins, um 891 milljón króna. Hækkunin var nær eingöngu til komin vegna mikillar lækkunar íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2008. Stækkun lánasafns vegna gengisfalls krónunnar var mætt með auknum varúðarniðurfærslum. Þær tóku jafnframt mið af þeirri óvissu sem upp var komin í íslensku viðskipta- og efnahagslífi í kjölfar falls bankanna:

Það sem gerist við þetta hrún er að bæði tekjustreymi hjá einstaklingum og eignavirði þeirra, það hrundi. Þannig að lán sem að höfðu verið veitt kannski upp í 70% af fasteignamati eða virði eigna urðu ónýtt eftir hrunið. Þannig að þrátt fyrir að við teljum okkur hafa farið í einu og öllu eftir þeim reglum sem fyrir okkur lágu og reynt að gera eins vel og við gátum þá gátum við náttúrulega ekki séð þetta fyrir. Þetta er sérstaklega slæmt á Selfossi þar sem að atvinnuástandið var mjög slæmt eftir hrún og mikið um nýbyggingar sem í rauninni stoppuðu liggur við bara á grunninum. Þannig að þetta varð mjög illviðráðanlegt.⁴⁹

Stærstur hluti útlána í úrtaki rannsóknarnefndarinnar var til rekstrar eða fasteignakaupa. Helstu ástæður afskrifta voru vegna lána í erlendum myntum sem hækkuðu mikið í kjölfar gengisfalls krónunnar á árinu 2008 án þess að tryggingar eða tekjustreymi hækkuðu með samsvarandi hætti. Átti þetta við um alla lánaþópa í úrtakinu nema Austurmörk 25 ehf.

Rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að gera frekari grein fyrir málum tveggja lánaþópa, sem og því hvort unnið hafi verið í samræmi við lög og lánareglur sparisjóðsins, og hvernig afskriftarþörf var metin. Að öðru leyti gaf skoðun á öðrum lánaþópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Austurmörk 25 ehf. (áður Eden ehf.)

Austurmörk 25 ehf., áður Eden ehf., var staðsett í Hveragerði og rak blómaverslun, veitingasölu og fleira. Félagið var stofnað í júní 2002 og var komið í eigu Egils Guðna Jónssonar á tímabilinu sem til umfjöllunar er. Egill var jafnframt framkvæmdastjóri félagsins og eini stjórnarmaður þess.

Í lok febrúar 2007 fékk félagið lán frá Sparisjóði Vestmannaeyja að fjárhæð 40 milljónir króna. Áður hafði félagið verið með lítilsháttar yfirdrátt hjá sparisjóðnum. Að sögn sparisjóðsstjóra var fyrirgreiðslan hluti af heildarlánveitingu fyrir kaupum á félaginu sem sparisjóðurinn tók þátt í. Kaupverð á því ásamt fasteigninni að Austurmörk 25, Eden, var á bilinu 180 til 185 milljónir króna.⁵⁰ Við lánveitinguna lá fyrir mat löggilts fasteignasala frá 19. janúar 2006 á söluverði fasteignarinnar upp á 280 milljónir króna. Trygging fyrir láninu var 2. veðréttur í fasteigninni að Austurmörk 25 í Hveragerði þar sem starfsemin var til húsa en á 1. veðrétti hvíldi lán frá Frjálsa fjárfestingarbankanum sem var veitt í

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	51	–
2008	58,8	–
2009	70,3	70,2
2010	80,8	80,8
2011	–	–
Gjaldþrot 2008		
Afskrifað: 85 milljónir króna		

48. Samkvæmt sundurliðun sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar og ársreikningum Sparisjóðs Vestmannaeyja.

49. Skýrsla Hafsteins Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. ágúst 2012.

50. Skýrsla Ólafs Elissonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.

mars 2006 upphaflega að fjárhæð 100 milljónir króna. Það lán hafði verið veitt til kaupa á félaginu, ásamt fasteign. Í mars 2007 var þessu láni skipt út fyrir nýtt lán frá Frjálsa fjárfestingarbankanum upp á 115 milljónir með veðleyfi frá sparisjóðnum.

Fyrsta afborgun af veðskuldabréfinu var 1. ágúst 2007 en gjalddagar voru fjórir á hálfársfresti út lánstímann. Greiðslufirlit frá sparisjóðnum sýna að þrjár innborganir voru greiddar inn á lánið. Sú fyrsta nam 600 þúsund krónum og var greidd 28. nóvember 2007, önnur 28. desember 2007 að fjárhæð 177 þúsund krónur og sú síðasta, 200 þúsund krónur, 30. apríl 2008. Samtals voru greiðslurnar því 977 þúsund krónur. Frá lokum apríl var ekkert frekar greitt af láninu.⁵¹

Á fylgiskjali með veðskuldabréfinu sást að þrisvar sinnum var greitt af láninu samtals um ein milljón króna sem var einungis hluti af fyrstu greiðslunni af fjórum sem félaginu bar að greiða. Félagið gat ekki greitt af þessu láni né öðrum og var haldið uppboð á fasteign þess að Austurmörk 25 í Hveragerði. Framhaldsuppboð á fasteigninni var haldið 8. júlí 2008. Lánið frá sjóðnum, sem var á 2. veðrétti, stóð þá í 51 milljón króna. Stjórn sparisjóðsins fól sparisjóðsstjóra að gæta hagsmuna sjóðsins á framhaldsuppboði og leysa til sín eignina ef til þess kæmi.⁵²

Fasteignin að Austurmörk 25 var innleyst á 175 milljónir króna 8. júlí. Lögveð og vanskil upp á 20 milljónir króna voru greidd upp og gert var samkomulag við Frjálsa fjárfestingarbankanum um að erlent lán upp á 155 milljónir króna yrði áfram á eigninni. Eignin var enn í útleigu til fyrri eiganda.⁵³

Austurmörk 25 ehf. var úrskurðað gjaldþrota 15. ágúst 2008 og sparisjóðurinn afskrifaði endanlega um 85 milljónir króna af láni til félagsins. Fasteignin Austurmörk 25, Eden, brann til kaldra kola 22. júlí 2011. Að sögn sparisjóðsstjóra náðist samkomulag við tryggingafélagið sem fasteignin var tryggt hjá um bætur.⁵⁴

Bestfiskur ehf.

Bestfiskur ehf. var fiskverkunarfyrirtæki sem starfaði á Höfn í Hornafirði.⁵⁵ Eigendur þess í lok árs 2007 voru þeir Friðþór Harðarson, Ómar Frans Fransson og Sívar Árni Scheving sem áttu hver sinn þriðjung í félaginu.⁵⁶ Í september 2006 námu skuldbindingar Bestfisks ehf. við sparisjóðinn 31 milljón króna og höfðu verið nokkurn veginn óbreyttar frá lokum árs 2004.

Hinn 18. júlí 2006 tók stjórn Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis⁵⁷ fyrir erindi frá Bestfiski ehf. þar sem félagið óskaði eftir láni í erlendri mynt að jafnvirði 25,5 milljóna króna til endurfjármögnunar á eldri lánum. Félagið skuldaði sparisjóðnum þá um 31 milljón króna og var lánið samþykkt en því beint til sparisjóðsstjóra að leita eftir auknum tryggingum væri þess kostur. Með lánsamningi í erlendum gjaldmiðlum dagsettum 8. september 2006 lánaði Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis Bestfiski ehf. jafnvirði 26 milljóna króna í japönskum jenum og svissneskum frönkum. Lánið var til fimm ára með mánaðarlegum afborgunum. Tryggingar fyrir láninu voru tvö tryggingarbréf í Ófeigstanga 9 á Hornafirði á 3. og 4. veðrétti auk veða í rekstrartækjum fyrirtækisins, samtals 35 milljónir króna. Framar í veðröð hvíldu lán frá Byggðastofnun. Að auki afhenti lántaki tvo eyðuvíxla útgefna af lántaka að fjárhæð 25.000.000 japanskra jena og 260.000 svissneskra franka til tryggingar. Lántaki heimilaði lánveitanda að fylla út tryggingarvíxlana ef vanskil yrðu á skuldbindingum hans.

Félagið var rekið með tapi á tímabilinu 2002–2006 og aftur 2008. Mest var tapið 2008 eða 46 milljónir króna. Í lok árs 2009 námu skuldbindingar félagsins hjá sparisjóðnum um 52 milljónum króna, þar af var 41 milljón króna í erlendum myntum. Félagið varð

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	27	–
2008	48	–
2009	52	52
2010	–	–
2011	–	–

Gjaldprot 2009
Afskrifað samtals: 55 milljónir króna

51. Skýrsla Ólafs Elíssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.

52. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 2. júlí 2008.

53. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 30. júlí 2008.

54. Skýrsla Ólafs Elíssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.

55. Ársreikningur Bestfisks ehf. 2007.

56. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

57. Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis sameinaðist Sparisjóði Vestmannaeyja 30. júní 2006 en samruninn var ekki samþykktur af Samkeppniseftirlitinu fyrr en 25. júní 2007.

gjaldþrota 11. nóvember 2009 og námu vanskil þess þá um 20 milljónum króna. Skuldbindingarnar voru þá allar færðar á sérgreindan afskriftareikning. Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðnum voru endanlegar afskriftir vegna Bestfisks ehf. um 55 milljónir króna en Bygðastofnun leysti til sín Ófeigstanga 9 svo ekkert kom upp í kröfu sparisjóðsins.

30.3.4 Lán til stjórnarmanna og starfsmanna

Samkvæmt 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir þeim reglum sem stjórn setti. Starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra fólu stjórn sparisjóðsins að setja reglur um viðskipti starfsmanna sjóðsins að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra og máttu þær koma fram í almennum útlánareglum. Í þeim kom fram að sparisjóðsstjóra væri heimilt að veita starfsmönnum lán enda væri slík fyrirgreiðsla á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptavina. Sparisjóðsstjóra bar samt að gera stjórn grein fyrir fyrirgreiðslunni á næsta stjórnarfundum og skyldi hún færð í gerðabók. Í reglunum var sérstaklega tiltekið að lánveitingar til stjórnarmanna þar sem heildarskuldbinding hans og maka væri yfir 5 milljónum króna skyldi leggja fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar.

Tafla 17. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Vestmannaeyja sem hlutfall af útlánum 2005–2010.⁵⁸

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	4.063.915	10.861	0,27%
31.12.2006	6.531.053	21.716	0,33%
31.12.2007	7.765.545	79.516	1,02%
31.12.2008	8.973.787	91.456	1,02%
31.12.2009	7.616.017	79.400	1,04%
31.12.2010	7.409.381	90.405	1,22%

Ekki komu fram alvarlegar athugasemdir við fyrirgreiðslu sjóðsins til venslaðra aðila í skýrslum um innri endurskoðun á tímabilinu 2005–2010. Skoðun rannsóknarnefndar á fyrirgreiðslu við venslaða aðila og starfsmenn sparisjóðsins í útlánagrunni sjóðsins leiddi heldur ekki í ljós atriði sem gáfu tilefni til frekari umfjöllunar. Athuginin var framkvæmd með þeim hætti að kennitölur umræddra aðila voru keyrðar saman við útlánagrunn sparisjóðsins.⁵⁹ Einn starfsmaður var með útlán yfir 30 milljónir króna en það var íbúðalán í erlendri mynt. Athuginin gaf ekki tilefni til frekari umfjöllunar.

30.4 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Vestmannaeyja setti ekki sérstakar reglur um fjárfestingar en í starfsreglum stjórnar sjóðsins frá 13. febrúar 2006 sagði að um mörk heimilda sparisjóðsstjóra til fjárfestingar í verðbréfum færi samkvæmt reglum stjórnar sparisjóðsins um áhættustýringu, en fjárfesting í fasteignum, öðrum en fullnustueignum, skyldi borin upp í stjórn sparisjóðsins, sem og önnur fjárfestingaráform sem telja mætti meiriháttar eða óvenjuleg. Sem dæmi voru þar nefnd kaup á meiriháttar tölvubúnaði og fyrirhuguð opnun útibúa og afgreiðslustaða. Í sömu reglum sem samþykktar voru 29. júní 2007 sagði um mörk fjárfestingarheimilda, að fjárfestingar í fasteignum skyldu bornar upp í stjórn, sem og önnur fjárfestingaráform sem telja mætti meiriháttar eða óvenjuleg, og var til sömu dæma og áður. Höfðu reglurnar því verið einfaldaðar að miklu leyti frá því sem áður var og var ekki lengur vísað til reglna um áhættustýringu um mörk heimilda sparisjóðsstjóra til fjárfestingar í verðbréfum.


Fjáreignir Sparisjóðs Vestmannaeyja höfðu ekki jafn mikið vægi í eignasafni sparisjóðsins og hjá minni sparisjóðunum.⁶⁰ Þegar mest var, árið 2007, námu fjáreignir 26% af samantöldum eignum minni sparisjóða en hjá Sparisjóði Vestmannaeyja var hlutfallið 20%.

58. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur.

59. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingarnar því settar fram með þeim fyrirvara.

60. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5,9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.


Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Vestmannaeyja í árslok 2005–2011.⁶¹



Fjáreignir voru lægra hlutfall eigin fjár hjá Sparisjóði Vestmannaeyja en ö tðrum sparísjóðum frá 2005–2011 ef undan er skilið árið 2007. Hæst varð hlutfall fjáreigna af eigin fé sparísjóðsins 305% í árslok 2008.

Eign sparísjóðsins í skuldabréfum hélst svipuð frá 2007 til 2011 og var þá ívið meiri en árin 2005 og 2006. Íbúðabréf voru stærsta skuldabréfaeign sparísjóðsins á tímabilinu. Eign í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum varð veruleg hjá Sparisjóði Vestmannaeyja á árinu 2007. Þessa aukningu má rekja til breyttra uppgjörsaðferða sparísjóðsins þegar farið var að færa eign í Sparisjóðabanka Íslands hf. á gangvirði í stað þess að færa hana með hlutdeildaraðferð.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Vestmannaeyja í árslok 2005–2011.⁶²



Hlutur Sparisjóðs Vestmannaeyja í Sparisjóðabankanum var stærsta fjáreign sparísjóðsins og meðan bankinn var færður sem hlutdeildarfélag, hækkaði virði hans í bókum sparísjóðsins samhliða góðri rekstrarniðurstöðu bankans, sérstaklega árið 2006, en sparísjóðurinn tók jafnframt þátt í hlutfjár aukningum í bankanum á þessum tíma. Stjórn sparísjóðsins samþykkti 5. apríl 2006 að nýta forgangsrétt til kaupa á hlutafé í bankanum

61. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

62. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

fyrir sem nam tæpum 23 milljónum króna. Sparisjóður Vestmannaeyja jók aftur hlut sinn í Sparisjóðabankanum í lok árs 2007, þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Byr sparisjóður seldu hluti sína. Sparisjóðurinn keypti þá hluti fyrir 427 milljónir króna og átti 5,3% í bankanum í árslok 2007. Ólafur Elísson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestmannaeyja sat í bankaráði Sparisjóðabankans frá október 2008 en hafði áður verið varamaður í bankaráðinu.⁶³

Tafla 18. Fjáreignir Sparisjóðs Vestmannaeyja í árslok 2005–2011.⁶⁴

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Exista hf.		11.455	10.055	20	20	–	–
Samtals		11.455	10.055	20	20	–	–
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	200.011	470.292	883.549	–	–	–	–
Reiknistofa bankanna	8.113	12.227	13.635	21.537	26.522	23.276	33.902
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	6.277	7.502	8.366	13.214	16.273	14.281	20.801
Samtals	214.401	490.021	905.551	34.751	42.794	37.557	54.702
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	–	–	57.500	50.000	15.000	15.000	–
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	96.244	113.356	369.567	175.671	–	–	–
FSP Holding ehf.	–	–	–	44.153	22.153	2.153	2.153
Verðbréfabjónusta sparisjóðanna hf.	6.625	9.999					
Samtals	102.869	123.355	427.067	269.824	37.153	17.153	2.153
Sparisjóður Skagafjarðar		12.815	12.815				
Sparisjóðurinn í Keflavík			22.190	22.190	1.081	–	–
Sparisjóður Hornafjarðar	70.424						
Samtals	70.424	12.815	35.005	22.190	1.081		
Kaupþing banki hf.	125.953	342.544	138.429				
Landsbanki Íslands hf.	28.595	29.952	40.124				
SP-Fjármögnun hf.	28.427	28.427	150.302				
Vinnslustöðin hf.	34.770	60.879	60.879	77.790	115.938	54.610	96.549
Aðrir minni eignarhlutar	110.850	152.188	136.331	73.068	68.441	62.376	62.376
Samtals	328.595	613.990	526.065	150.858	184.379	116.986	158.925
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	230.480	299.957	512.949	469.147	460.451	430.121	467.218
Samtals	946.768	1.551.593	2.416.692	946.790	725.878	601.817	682.998

Aðrar stórar fjáreignir sparisjóðsins voru í VBS Fjárfestingarbanka hf. (áður FSP hf.), Kaupþingi banka hf., SP-Fjármögnun hf., Vinnslustöðinni hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Líkt og margir aðrir sparisjóðir átti Sparisjóður Vestmannaeyja hlut í FSP hf. sem sameinaðist VBS Fjárfestingarbanka hf. á árinu 2007. Sparisjóðurinn hafði tvöfaldað nafnverðseign sína í FSP hf. á árinu 2005 þegar stjórn sparisjóðsins samþykkti á fundi 9. maí 2005 að nýta forgangsrétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að 35 milljónir króna að nafnverði við hlutafjárukningu félagsins. Stjórnin samþykkti á stjórnarfundum 8. febrúar 2006 að taka aftur þátt í hlutafjárukningu fyrir tæpar 10 milljónir króna að nafnverði. Sparisjóðurinn átti 4,4% hlut í FSP hf. í lok árs 2005 og 2006 en hafði einnig átt í VBS Fjárfestingarbanka hf. fyrir samruna félaganna 2007. Á fundi stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja 23. maí 2006 samþykkti stjórnin að nýta sér forkaupsrétt við hlutafjárukningu í VBS Fjárfestingarbanka hf. Kaupréttur sjóðsins var 16,8 milljónir króna að markaðsverði en auk þess samþykkti stjórnin að óska eftir umframáskrift fyrir 6,7 milljónir króna. Hluttur Sparisjóðs Vestmannaeyja í sameinuðum fjárfestingarbanka var 3,8% í lok árs 2007. Á fundi sínum 31. mars 2009 hafnaði stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja kauptilboði í bréf sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka frá H.F. verðbréfum hf. fyrir hönd Byrs sparisjóðs. Tilboðsverðið var 12 krónur á hlut, sem Byr sparisjóður ætlaði að greiða með eigin stofnfjárbréfum.

Sparisjóður Vestmannaeyja átti um 126 milljónir króna að bókfærðu verði í Kaupþingi banka hf. í árslok 2005. Á árinu 2003 hafði sparisjóðurinn selt hluta eignar sinnar í bankanum og nam hagnaður af sölunni 159 milljónum króna. Á árinu 2006 var eignarhluttur sparisjóðsins í Kaupþingi banka hf. færður til markaðsvirðis og hækkaði við það um 225 milljónir króna í bókum sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri greindi frá því að sparisjóðurinn hefði stefnt að því að selja allan eignarhlut sinn í bankanum en það hefði átt að

63. Fundargerð hluthafafundar Icebank hf., 17. október 2008.

64. Taflan er byggð á sundurliðunum frá sparisjóðnum sjálfum.

gera hægt og rólega.⁶⁵ Á árinu 2007 seldi sparisjóðurinn 2,5 milljónir króna að nafnverði í Kaupþingi banka hf. og 500 þúsund árið eftir. Sparisjóðurinn hafði hagnast töluvert á Kaupþingsbréfunum, bæði með beinni sölu og bókfærðum gengishagnaði, en tap sparisjóðsins á eignarhlutum á árinu 2008 nam 269 milljónum króna.

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja í mars 2007 var fjallað um hugsanlega þátttöku sjóðsins í hlutfjárútboði Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Fram kom að fyrr í mánuðinum hefðu forsvarsmenn Saga Capital kynnt starfsemi bankans fyrir sparisjóðsstjóra. Félagið ætlaði að auka hlutfé sitt úr 2,5 milljörðum króna í 7–8 milljarða. Stjórnin samþykkti að veita sparisjóðsstjóra heimild til að kaupa hlutfé í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. fyrir allt að 50 milljónir króna að nafnvirði.⁶⁶ Hlutir í félaginu voru keyptir á 57,5 milljónir króna sem töpuðust á tímabilinu 2008–2011.

Tafla 19. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.⁶⁷

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	79.170	226.044	(13.405)	(883.549)				(591.741)
Niðurfærsla vegna Sparisjóðs Hornafjarðar	(211.000)							(211.000)
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	21.014		205.096	(182.310)	(175.671)			(131.870)
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.				(7.500)	(35.000)		(15.000)	(57.500)
SP-Fjármögnun hf.			121.875	(150.302)				(28.427)
FSP Holding ehf.				22.643	(22.000)	(20.000)		(19.357)
Exista hf.		204	(891)	(10.035)		(20)		(10.742)
Sparisjóðurinn í Keflavík		226	344	4.540	(21.109)	(1.081)		(17.080)
Landsbanki Íslands hf.	17.692	1.356	10.173	(40.124)				(10.902)
Glitnir banki hf.	4.266	3.968	(893)	(15.943)				(8.601)
Verðbréfabjónusta sparisjóðanna hf.		0	(6.999)	714				(6.285)
Atorka hf.		701	5.018	(10.823)	(298)	(597)		(5.999)
Kaupþing Fund	(1.559)	3.312						1.753
Verðbréfabjónusta Íslands hf. (söluhagnaður)		13.294						13.294
Vinnslustöðin hf.	8.941	11.078	3.999	20.909		6.274	2.670	53.871
Kaupþing hf.	240.602	34.710	42.795	(268.593)				49.514
Önnur hlutdeildarfélag	1.232	(3.076)	2.926	3.539	8.043	(5.237)	17.145	24.572
Annað	39.456	27.629	51.106	73.098	(37.770)	(41.062)	94.696	207.153
Samtals	199.815	319.446	421.143	(1.443.735)	(283.805)	(61.723)	99.511	(749.348)

Eins og áður sagði var hlutur í Sparisjóðabanka Íslands hf. stærsta fjáreign Sparisjóðs Vestmannaeyja og hafði því töluverð áhrif á afkomu hans. Árin 2005 og 2006 hagnaðist sparisjóðurinn á þessari eign vegna hlutdeildar í afkomu Sparisjóðabankans sem þá var hlutdeildarfélag í bókum sjóðsins. Árið 2007 tók sparisjóðurinn upp nýjar reikningsskilaaðferðir og var eignin í Sparisjóðabankanum þá færð á gangvirði í stað hlutdeildaraðferðar. Í upphafi árs 2007 var bókfært virði eignarhlutarins 470,3 milljónir króna og nafnverð eignar 27,4 milljónir króna, sem þýðir að hver nafnverðshlutur var metinn á um 17,2 krónur. Síðla árs 2007 keypti sparisjóðurinn 15,2 milljónir að nafnverði í bankanum fyrir 426,7 milljónir króna, eða um 28,1 krónu á nafnverðshlut. Í lok árs mat sparisjóðurinn hvern hlut á 20,7 krónur og nam heildartap á eignarhlutum því um 13 milljónum króna á árinu 2007. Á árinu 2008 tapaðist hluturinn að fullu og voru færðar til gjalda vegna þess tæpar 884 milljónir króna.

Sparisjóður Vestmannaeyja tapaði tæplega 358 milljónum króna vegna eignarhlutar í VBS Fjárfestingarbanka hf. á árunum 2008 og 2009 og 104 milljónum króna vegna skuldabréfa VBS á árunum 2009 og 2010.

Sparisjóðurinn átti um 2% eignarhlut í SP-Fjármögnun hf. sem hækkaði mjög í bókum sparisjóðsins á árinu 2007. Í lok árs 2006 var hluturinn metinn á 28 milljónir króna en 150 milljónir króna ári síðar, en breyting á reikningsskilaaðferð sem fól í sér að hluturinn var færður á gangvirði á árinu 2007 hækkaði hann um 121 milljón króna. Eftir fall íslensku

65. Skýrsla Ólafs Elíssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.


66. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 24. mars 2007.

67. Taflan er unnin upp úr sundurliðunum sem sparisjóðurinn sendi rannsóknarnefndinni. Þær stemma ekki fyllilega við ársreikninga og útskýrist misræmi af því.

bankanna, gengisfall krónunnar og erfiðleika í efnahagslífi á árinu 2008 féll SP-Fjármögnun hf. í virði og færði sparisjóðurinn eignina að fullu niður á því ári. Á fundi stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja 6. maí 2008 var sparisjóðsstjóra veitt heimild til að selja eignarhlut sjóðsins í félaginu en ekkert varð af þeirri sölu. Á stjórnarfundum 21. janúar 2009 var staða SP-Fjármögnunar hf. rædd en fyrir lá að félagið þyrfti að auka hlutfé verulega til að standast eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins. Stjórn sparisjóðsins samþykkti að taka ekki þátt í hlutfjárukningu eða leggja frekara hlutfé í félagið.

Sparisjóðurinn seldi Kaupþingi banka hf. eignarhlut sinn í Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. á árinu 2005 og hafði af því um 32 milljónir króna í söluhagnað. Árið 2006 var söluhagnaður sparisjóðsins af bréfum í Verðbréfaþingi Íslands hf. 13,3 milljónir króna og 31 milljón króna af sölu hlutabréfa í Kaupþingi banka hf. á árinu 2007. Árið 2008 hafði sparisjóðurinn samtals um 22,3 milljónir króna í söluhagnað af stofnfjárbréfum í Sparisjóði Skagafjarðar og hlutum í OMX AB en tapaði um tveimur milljónum króna á sölu hluta í FL Group hf. Lítils háttar tap á fjáreignum til sölu er fært undir annað í töflu 19 á árinu 2010 en áhrif af sölu verðbréfa á árunum 2009 og 2011 voru engin.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.⁶⁸



Afkoma af rekstri Sparisjóðs Vestmannaeyja fylgdi að miklu leyti afkomu af fjáreignum sparisjóðsins. Svo var þó ekki á árunum 2009 og 2010, en árið 2009 voru afskriftir af útlánnum sparisjóðsins mjög stór rekstrarliður og árið 2010 hafði niðurfelling skulda sparisjóðsins jákvæð en óvenjuleg áhrif á rekstur hans. Hagnaður sparisjóðsins af fjáreignum 2001–2007 miðað við verðlag ársins 2011 nam 1,9 milljörðum króna en tap á fjáreignum 2008–2011 var 2,2 milljarðar króna. Af því má ráða að rekstrarafkoma Sparisjóðs Vestmannaeyja réðst að miklu leyti af afkomu fjáreigna og léku eignarhlutir í Sparisjóðabanka Íslands hf., Kaupþingi banka hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf. þar stórt hlutverk. Sparisjóðsstjóri ræddi möguleika sparisjóðsins til að ávaxta fé og fjárfesta fyrir rannsóknarnefndinni:

Auðvitað er maður búinn að hugsa þetta aftur og aftur og aftur. Hvar hefðum við t.d. verið stödd ef við hefðum verið búin að selja allan hlutinn okkar í Kaupþing? Það stóð til. Það var bara búin að taka ákvörðun um það, við bara fórum hægt í það og svo þegar gengið fór að falla þá hægðum við á söluinni. [...] Og hvað ætlum við að gera við það? Jú, við ætluðum að færa það inn í aðra smábanka, Verðbréfastofuna, Sparisjóðabankann, Fjárfestingarfélag sparisjóðanna og önnur svona samstarfsfyrirtæki. Það var okkar sýn. Maður hefur oft velt þessu fyrir sér, hefðum við verið búin að selja allt í Kaupþingi, hvað hefðum við gert við peningana? Hefðum við lagt þá í Seðlabankann? Nei, vaxtastrúktúrinn var ekki þannig á þeim tíma, þetta var ekki svo einfalt að menn gætu bara verið í vari í Seðlabankanum kannski eins og menn geta verið í dag.⁶⁹

68. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

69. Skýrsla Ólafs Elissonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.

30.5 Fjármögnun

Skuldir Sparisjóðs Vestmannaeyja rúmlega þrefölduðust frá árslokum 2005 til ársloka 2009, sem endurspeglar vöxt eignasafns sparisjóðsins, bæði útlána og fjáreigna. Árið 2010 drógust skuldir sparisjóðsins saman vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar, en þá voru skuldir hans við Seðlabanka Íslands til að mynda gerðar upp. Frá 2005 til 2011 voru helstu skuldir sparisjóðsins innlán, eða 66–90% af skuldum að undanskildu eigin fé.⁷⁰

Tafla 20. Skuldir Sparisjóðs Vestmannaeyja í árslok 2005–2011.⁷¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir	346.993	772.334	921.413	2.748.265	2.215.410	496.283	519.902
Innlán	3.427.682	6.009.418	7.050.209	10.415.835	12.126.871	11.463.192	12.285.453
Lántaka	1.170.487	1.653.674	1.725.343	1.600.490	797.000	162.606	169.700
Aðrar skuldir	81.652	112.190	316.360	543.683	465.731	217.705	260.231
Reiknaðar skuldbindingar	139.991	95.100	166.017	100.790	95.172	98.704	101.918
Víkjandi skuldir	–	157.236	157.576	370.591	385.022	360.383	373.789
Skuldir samtals	5.166.805	8.799.952	10.336.918	15.779.654	16.085.206	12.798.873	13.710.993

Innlán í Sparisjóði Vestmannaeyja voru að mestu leyti í eigu heimila eða 64% að meðaltali á tímabilinu 2005–2011. Fjármálfyrirtæki áttu að meðaltali 15% innlána og önnur fyrirtæki 13%.⁷² Bundin innlán voru að meðaltali 57% af innlánnum sparisjóðsins, lægst var hlutfall þeirra 35% í febrúar 2008 en hæst 72% í mars 2009 og febrúar til júní 2010. Hlutfall bundinna innlána lækkaði tiltölulega jafnt og þétt frá byrjun árs 2005 til júlí 2008. Í ágúst 2008 hækkaði hlutfall bundinna innlána um 28 prósentustig, eða úr 40% af heildarinnlánnum í 68%, og hélst svo svipað fram til loka árs 2011.⁷³ Innlán voru 101% til 137% af útlánnum sparisjóðsins í árslok 2005–2011.

Skuldir Sparisjóðs Vestmannaeyja við lánastofnanir voru einkum erlend endurlán frá Sparisjóðabanka Íslands hf. og í lok árs 2008 voru daglán hjá Seðlabanka Íslands áberandi. Á árinu 2008 nær þrefölduðust skuldir sparisjóðsins við lánastofnanir, einkum vegna gengisfalls íslensku krónunnar en einnig vegna 620 milljóna króna dagláns hjá Seðlabankanum. Við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Sparisjóðabanka Íslands hf. í mars 2009 eignaðist Seðlabanki Íslands innlán og kröfur bankans, meðal annars á sparisjóðina. Undir árslok 2010 gerði sparisjóðurinn þessar skuldir við Seðlabankann upp að hluta og einu skuldir sjóðsins við lánastofnanir frá árslokum 2010 voru vegna lánasamnings við Seðlabanka Íslands.

Daglán Sparisjóðs Vestmannaeyja hjá Seðlabanka Íslands í lok árs 2008 vakti athygli rannsóknarnefndarinnar þar sem lausafjárstaða sparisjóðsins var góð á þessum tíma og ekki virtist nein þörf á lántöku. Við eftirgrensulan kom í ljós að sparisjóðurinn tók þetta lán að beiðni Sparisjóðabanka Íslands hf. um lausafjárþyrngreiðslu honum til handa. Sparisjóðurinn lagði skuldabréf útgefin af Íbúðalánasjóði (HFF flokka) að veði í Seðlabankanum og fékk lánað út á þau. Féð lagði sparisjóðurinn svo sem innlán í Sparisjóðabanka Íslands hf. og hafði tekjur af vaxtamismuninum sem Sparisjóðabankinn greiddi til Seðlabankans.⁷⁴ Innlán sparisjóðsins hjá Sparisjóðabankanum námu 2,8 milljörðum króna í lok árs 2008 og var daglánið greitt upp 18. mars 2009.

Lántaka Sparisjóðs Vestmannaeyja fólst eingöngu í veðdeildarbréfum, skuldabréfalánnum og fjármögnun íbúðalána í gegnum Íbúðalánasjóð. Meirihluti veðdeildarbréffanna var í eigu Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og Sjómannafélagsins Jötuns. Hluta af skuldabréfalánnum sparisjóðsins var breytt í víkjandi lán á árinu 2008, sem varð til þess að þau lækkuðu.

Á árunum 2004 og 2005 gerði Sparisjóður Vestmannaeyja tvo lánasamninga við Íbúðalánasjóð. Sá fyrri var gerður í desember 2004 og var að fjárhæð tæpar 297 milljónir króna en að baki lánasamningnum voru 37 fasteignalán í eigu sparisjóðsins. Í apríl 2005 fékk

70. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

71. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

72. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

73. Lausafjárfirlit Sparisjóðs Vestmannaeyja, sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá janúar 2005 til desember 2011.

74. Tölvuskeyti Sparisjóðs Vestmannaeyja til rannsóknarnefndarinnar 27. ágúst 2013.

sparisjóðurinn svo 156 milljóna króna lán frá Íbúðalánasjóði en að baki því voru 29 fasteignalán sparisjóðsins. Í árslok 2005 gaf Sparisjóðabanki Íslands hf. út skuldabréf til Íbúðalánasjóðs, en að baki því voru fasteignalán margra sparisjóða. Fjármagn streymdi þannig frá Íbúðalánasjóði til einstakra sparisjóða í gegnum Sparisjóðabankann og var hlutur Sparisjóðs Vestmannaeyja í þessum samningi 127 milljónir króna.

Tafla 21. Lántaka Sparisjóðs Vestmannaeyja í árslok 2005–2011.⁷⁵

<i>Þús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Veðdeildarbréf	424.115	453.593	472.954	540.834	597.721	162.606	169.700
Skuldabréfalán	293.214	684.699	748.813	180.926	199.280	–	–
Fjármögnun íbúðalána	453.158	515.382	503.576	878.730	–	–	–
Samtals lántaka	1.170.487	1.653.674	1.725.343	1.600.490	797.000	162.606	169.700

Árið 2006 sameinaðist Sparisjóður Vestmannaeyja Sparisjóði Hornafjarðar. Sá síðarnefndi hafði gefið út víkjandi skuldabréf fyrir rúmar 33 milljónir króna fyrir sameininguna og á árinu 2006 gaf Sparisjóður Vestmannaeyja sjálfur út víkjandi skuldabréf. Víkjandi skuldir sparisjóðsins voru engar í lok árs 2005 en í lok árs 2006 námu þær rúmum 157 milljónum króna og hélst sú staða í árslok 2007. Árið 2008 var hluta af lántöku sparisjóðsins hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. breytt í víkjandi lán sem nam 217 milljónum króna í árslok. Að sögn forstöðumanns reikningshalds sparisjóðsins var þessi breyting á lántöku gerð til þess að bæta eiginfjárlutfall sjóðsins.⁷⁶

Innlán og kröfur Sparisjóðabanka Íslands hf. fluttust til Seðlabanka Íslands þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabankans í mars 2009. Með því eignaðist Seðlabankinn kröfur á hendur sparisjóðum sem gerðar voru upp í lok árs 2010. Í tengslum við uppgjör Sparisjóðs Vestmannaeyja við Seðlabankann fengu sparisjóðir og Tryggingasjóður sparisjóðanna stofnfé í skiptum fyrir hluta víkjandi krafna sem þeir höfðu átt. Stærstur hluti krafanna var afskrifaður og hluti endurgreiddur. Í sama ferli var hluta af veðdeildarbréfum sparisjóðsins breytt í víkjandi lán en hluti þeirra felldur niður.⁷⁷

Aðrar skuldir sparisjóðsins hækkðu á árinu 2008 vegna fullnustueigna sem sparisjóðurinn hafði til sölu, en slíkar eignir höfðu lítið vægi í árslok 2010.

30.6 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Á árunum 2001 til 2007 voru 70 stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestmannaeyja, allt einstaklingar, og átti hver þeirra 1,43% hlut. Engin viðskipti áttu sér stað með stofnbréf í sparisjóðnum á þessum tíma fyrr en á árinu 2007, en þá urðu ein viðskipti með stofnfjárlut og einn hlutur var yfirfærður á annað nafn við erfðaskipti. Á árinu 2008 urðu viðskipti með stofnfjárbréf hins vegar tíðari og hin jafna skipting stofnfjárins tók að riðlast.⁷⁸

Í samþykktum sparisjóðsins var kveðið á um stofnfé og skiptingu þess. Í samþykktum frá 2003 var lágmarksstofnfé 1.320.000 krónur sem skiptast átti í jafna og ekki færri en sextíu hluti. Hver hlutur var 22.000 krónur og honum fylgdi eitt atkvæði en atkvæðisréttur fylgdi ekki þeim bréfum sem sparisjóðurinn átti sjálfur. Hámarksatkvæðamagn hvers stofnfjáreiganda eða tengdra aðila var 5%. Fundur stofnfjáreigenda gat samþykkt að auka stofnfé sparisjóðsins með áskrift nýrra stofnfjárhluta auk þess sem heimilt var að auka stofnfé með endurmati vegna verðlagsbreytinga samkvæmt 67. gr. laga nr. 161/2002 og með ráðstöfun hluta hagnaðar samkvæmt 2. tölul. 68. gr. sömu laga, svonefndu sérstöku endurmati. Þá var veðsetning stofnfjárbréfa óheimil.

Á fundi stofnfjáreigenda 9. október 2007 voru samþykktar ýmsar breytingar á samþykktum sparisjóðsins. Stofnfé var ákveðið 3.850.000 krónur sem skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti að nafnverði. Þá var samþykkt heimild til stjórnar um að auka stofnfé um allt að

75. Sundurlíðun á lántöku Sparisjóðs Vestmannaeyja á árunum 2005–2011, sundurlíðun send að beiðni til rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðina frá sparisjóðnum sjálfum.

76. Skýrsla Hafsteins Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. ágúst 2012.

77. Samningar um endurskipulagningu skulda Sparisjóðs Vestmannaeyja, samantekt fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 23. desember 2010.

78. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 2001–2010.

einn milljarð króna með áskrift nýrra jafnmargra hluta en stefnt skyldi að því að fram færi útboð fyrir 350 milljónir króna fyrir árslok 2007. Samhliða þessu var afnumin kvöð um jafna eignarhlutdeild og veðsetning stofnfjárhluta heimiluð að tilskildu samþykki stjórnar sparisjóðsins.⁷⁹

Á aðalfundi 4. apríl 2008 voru samþykktar breytingar á samþykktum sparisjóðsins. Þeirra á meðal voru heimild til stjórnar til að auka stofnfé um allt að 140 milljónir króna og að frá og með aðalfundi ársins 2009 kysu stofnfjáreigendur alla fimm stjórnarmenn sparisjóðsins. Á fundi stofnfjáreigenda 26. febrúar 2009 var samþykkt ný málsgrein við 4. gr. samþykktanna um að stjórn væri heimilt að auka stofnfé um allt að 350 milljónir króna af heimild sem veitt var á fundi 9. október 2007 og myndu stofnfjáreigendur falla frá forgangsrétti til kaupa á 250 milljónum króna. Í greinargerð með tillögunni kom fram að stjórn hefði samþykkt að sækjast eftir auknu stofnfé frá ríkissjóði og áætlað væri að sú fjárhæð gæti numið 360 milljónum króna. Stjórnin teldi hyggilegast að leita eftir 350 milljónum króna í nýtt stofnfé til viðbótar, þar af 250 milljónum króna hjá nýjum stofnfjáreigendum. Þá var samþykkt að fella út 2. mgr. 5. gr. samþykktu sparisjóðsins um að enginn stofnfjáreigandi mætti eiga meira en sem næmi 5% af útgefnu stofnfé. Var þetta í tengslum við sölu á nýju stofnfé til nýrra aðila en líkur voru taldar á því að stofnfjáreigendur vildu eignast stærri hlut en 5%.

Á fundi stofnfjáreigenda 21. júní 2010 voru teknar fyrir tillögur um breytingar á stofnfé og samþykktum sparisjóðsins. Samþykkt var tillaga um lækkingu stofnfjár til jöfnunar taps sem ekki yrði jafnað á annan hátt;⁸⁰ stofnfé var lækkað úr 357 milljónum króna í 100 milljónir króna. Þá voru lagðar fram fjórar tillögur um hækkun stofnfjár, sú fyrsta um 50,1 milljón króna og skyldi það stofnfé boðið eigendum víkjandi krafna á sparisjóðinn, önnur upp á 149,4 milljónir króna sem skyldi boðið eigendum óverðtryggðra krafna, þriðja upp á 555 milljónir króna sem skyldi boðið Seðlabanka Íslands eða fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins og svo 150 milljónir króna sem bjóða ætti Vestmannaeyjabæ og Vinnslustöðinni hf. Þeir stofnfjáreigendur sem fyrir voru féllu frá forgangsrétti til kaupa á þessu stofnfé og kröfuhafar sem fengu nýútgefið stofnfé myndu greiða fyrir það með kröfum sínum. Tillögurnar voru þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins og voru þær samþykktar og tóku samþykktirnar breytingum til þess að endurspeglu ákvæði laga nr. 76/2009. Framsal og önnur ráðstöfun stofnfjárhluta í sparisjóðnum var heimiluð án takmarkana.

Á aðalfundi Sparisjóðs Vestmannaeyja 31. mars 2011 var gerð sú breyting á samþykktum að stofnfé væri 1.004.483.000 og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Stjórnin var þá búin að virkja þær heimildir sem höfðu verið til staðar vegna hækkunar á stofnfé frá fundinum 21. júní 2010 og var samþykkt að fella þær greinar úr texta samþykktu sparisjóðsins. Útistandandi voru 996.589.000 hlutir.

Tafla 22. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Vestmannaeyja í lok árs 2005–2011.⁸¹

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé	2.315	0%	2.943	0,2%	353.850	19,1%	357.000	98,8%	357.000	.	996.589	94,3%	996.589	.
Varasjóður	932.880	100%	1.311.888	99,8%	1.494.891	80,9%	4.316	1,2%	(1.055.039)	.	60.236	5,7%	(105.388)	.
Eigið fé samtals	935.195	100%	1.314.831	100%	1.848.741	100%	361.316	100%	(698.039)	.	1.056.825	100%	891.201	.

„Mín tilfinning er að margir voru ekki að kaupa stofnfé til að auðgast á þeim, heldur til að verja sjóðinn.“

Skýrsla bórs Ísfeld Vilhjálmssonar fyrir rannsóknarnefndinni 13. ágúst 2012.

Líkt og áður sagði fór fram stofnfjárútboð fyrir 350 milljónir króna í lok árs 2007 og áttu stofnfjáreigendur forgang til áskriftar í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína. Talið var æskilegt að geta selt nýtt stofnfé til að mæta kröfum um eiginfjárhlutfall eða til að ráðast í fjárfestingar án mikils fyrirvara, þar sem það væri of þungt í vöfum að kalla saman almennt stofnfjáreigendafund í hvert skipti sem slíkar aðstæður sköpuðust. Þá var einnig rætt um að hlutfall stofnfjár gagnvart öðru eigin fé sparisjóðsins væri orðið mjög lágt og brýnt væri að rétta það hlutfall við.⁸² Fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrum stjórnar-

79. Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Vestmannaeyja, 9. október 2007.

80. Heimild til að lækka stofnfé kom inn í lög nr. 161/2002 um fjármálaþyrskot árið 2009 með lögum nr. 76/2009. Áður var slíkt ekki mögulegt fyrir sparisjóði. Sjá nánar um lækkingu stofnfjár í 12. kafla.

81. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.

82. Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Vestmannaeyja, 9. október 2007.

formaður sparisjóðsins tilgang stofnfjárukningarinnar hafa að stórum hluta verið sá að verja sparisjóðinn gegn yfirtöku. Dæmi hefði verið um að menn væru að bjóðast til að kaupa stofnfé á yfirverði, sem stjórn sparisjóðsins taldi óheillavænlega stefnu. Með því að auka stofnfé mætti því koma í veg fyrir yfirtöku, eða gera hana erfiðari en ella.⁸³

Í október 2007 fól stjórn sparisjóðsins Jóhannesi Karli Sveinssyni hæstaréttarlögmanni að leita eftir undanþágu hjá Fjármálaeftirlitinu frá því að gera útboðslýsingu vegna stofnfjárukningar sem fékkst í lok mánaðarins.⁸⁴ Stofnfjárútboðinu lauk um miðjan desember og tóku allir stofnfjáraðilar þátt í aukningunni. Þeir juku stofnfjäreign sína um 5 milljónir króna hver, samtals um 350 milljónir króna. Þannig varð heildarstofnfé í sparisjóðnum 353,9 milljónir króna í árslok 2007.⁸⁵

Á stjórnarfundum í desember 2007 var tekið fyrir erindi frá 26 stofnfjäreigendum um handveðsetningu á stofnfé til sparisjóðsins. Heildarfjárhæð þeirra lána sem sótt var um nam tæpum 120 milljónum króna. Sparisjóðsstjóra var falið að afla nauðsynlegra bankaábyrgða til að unnt væri að fallast á lánsbeiðnirnar vegna ákvæða laga og samþykktu sparisjóðsins um hámark veðsetningar eigin stofnfjár.⁸⁶

Tafla 23. Stærstu stofnfjäreigendur Sparisjóðs Vestmannaeyja í árslok 2010.⁸⁷

Eigandi	Stofnfé	%
Seðlabanki Íslands	555.000	56%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	142.586	14%
Vestmannaeyjabær	101.429	10%
Vinnslustöðin hf.	50.000	5%
Tryggingasjóður sparisjóða	27.148	3%
Aðrir sparisjóðir	15.011	2%
Aðrir	105.415	11%
Samtals	996.589	100%

Í árslok 2007 eftir stofnfjárukninguna voru enn 70 stofnfjárhafar í Sparisjóði Vestmannaeyja og allir með jafnan hlut, 5.055.000 krónur hver. Á árinu 2008 urðu nokkur viðskipti með stofnfjárbréf og í lok ársins var útgerðarfélagið Ós ehf. orðið stærsti eigandi stofnfjár með stofnfé upp á 15,3 milljónir króna. Útgerðarfélagið Ós var í eigu Sigurjóns Óskarssonar og fjölskyldu. Helgi Bragason, stjórnarformaður sparisjóðsins, átti 10,2 milljónir króna í stofnfé og Q44 ehf. átti stofnfé upp á 9,6 milljónir króna.⁸⁸ Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagðist Helgi Bragason hafa keypt hlut í sparisjóðnum og síðar fært bréf sín yfir í einkahlutafélag af persónulegum ástæðum.⁸⁹ Q44 ehf. fékkst við verðbréfavíðskipti, kaup, sölu og umsýslu fasteigna. Félagið keypti stofnfé af Gísla Geir Guðlaugssyni sem sat í stjórn sparisjóðsins til ársins 2008 og dóttur hans, en félagið var að fullu í eigu Magnúsar Kristinssonar.⁹⁰ Í lok árs 2009 voru stofnfjäreigendur 72 og nam hlutur þeirra flestra 5,1 milljón króna. Ós ehf. bætti ekki við sig hlutum það ár en Helgi Bragason hafði flutt stofnfjárbréfaeign sína í einkahlutafélagið HBB ehf. sem var að fullu í hans eigu. Landsbanki Íslands eignaðist hluti Q44 ehf. í október 2009.⁹¹

Stærsta breytingin á stofnfjäreign í Sparisjóði Vestmannaeyja tengdist fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins á árinu 2010, sem nánar er fjallað um hér aftar. Hluta af kröfum Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðnum var þá breytt í stofnfé og eignaðist

83. Skýrsla Þórs Íseld Vilhjálmssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.

84. Á grundvelli 50. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti var hægt að fá heimild til undanþágu frá útboðslýsingu ef verðbréf voru boðin færri en hundrað aðilum til kaups. Stofnfjáraðilar voru á þessum tíma 70 talsins.

85. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 10. október 2007; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 1. nóvember 2007; stofnfjäreigendalistar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 2001–2010.

86. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 18. desember 2007.

87. Stofnfjäreigendalistar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 2001–2010. Hér er reiknuð eignarhlutdeild, þ.e. dregin eru frá eigin bréf Sparisjóðs Vestmannaeyja áður en hlutur hvers eiganda er reiknaður. Því er eignarhlutur aðila stærri en hlutfall stofnfjár sem þeir eiga af heildarstofnfé.

88. Stofnfjäreigendalistar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 2001–2010.

89. Skýrsla Helga Bragasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 14. ágúst 2012.

90. Samkvæmt hlutafármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

91. Stofnfjäreigendalistar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 2001–2010.

„Þegar þessi umræða um hlutfjár-
væðinguna fer af stað þá er rótin
að því að menn eru svolítið týndir í
þessum strúktúr. Það er erfitt að vinna
í venjulegu umhverfi þar sem að þú
ert með eigendur sem eru hálfpartinn
fastir. Það er erfitt að leita að nýjum
fjárfestum því að það var forkaups-
réttur og svona. Markaðurinn gekk
allur á hlutfélagafarmi. Rótin að því
að menn fóru að skoða þessi hluta-
félagamál er því önnur. Þegar Kaupþing
og Exista og allt þetta – það blæs upp
efnahagsreikningana hjá þeim. Þetta var
stundum fjórðungur af eignum þeirra,
þessir hlutir í Kistu og Existu. Þá kemur
þetta upp: „Bíddu hvað er að gerast
hérna? Við erum að hugsa um að breyta
okkur í hlutfélag og stöndum þá uppi
með það að við sem erum búin að bera
alla áhættuna og leggja þessa peninga
inn og styðja sparisjóðinn – þetta er
bara farið og við eignumst ekki nema
bara smá hluta. Hvað getum við gert
til þess að sporna við því?“ Þetta var
umræðan og hún snerist auðvitað um
peninga hjá sumum. Það var augljóst.“

Skýrsla Jóhannesar Karls Sveinssonar hæstaréttarlög-
manns fyrir rannsóknarnefndinni 1. október 2013.

Seðlabankinn við það 55,3% stofnfjár í sparisjóðnum. Stofnfé í eigu Seðlabankans var framselt til fjármálaráðherra sem tók við því fyrir hönd íslenska ríkisins og fól Bankasýslu ríkisins að fara með eignarhaldið.

30.6.1 Hugmyndir um hlutfélagsvæðingu

Á stjórnarfundum 24. apríl 2007 var stjórnarformanni, varaformanni og sparisjóðsstjóra falið að fara yfir samþykktir sparisjóðsins, bera þær saman við samþykktir annarra sparisjóða og koma með tillögur að breytingum ef þurfa þætti. Þá var jafnframt samþykkt að móta nýja stefnu fyrir sparisjóðinn í ljósi breytts starfsumhverfis og útrásar sparisjóðsins á síðustu árum. Minnisblað um stefnumótunina var lagt fram á stjórnarfundum 29. júní sama ár. Samkvæmt fundargerð var áhugi á að kanna möguleika á að breyta rekstrarformi sparisjóðsins í hlutfélag, að undangenginni stofnfjárukningu. Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður vann greinargerð fyrir stjórn sparisjóðsins um stofnfjárukningu og mögulega breytingu á sparisjóðnum í hlutfélag, og ákvað stjórnin að halda stofnfjár-eigendafund um haustið þar sem rætt yrði um stofnfjárukningu.

Á stjórnarfundum 6. september 2007 ræddi Jóhannes Karl möguleikann á því að breyta sparisjóðnum í hlutfélag. Þar kom fram að hann teldi litlar líkur á að stofnfjáreigendur yrðu hlyntir hugmyndinni vegna þess hversu lítill hlutur hvers og eins var. Samkvæmt fundargerðum stjórnar sparisjóðsins varð engin frekari umræða um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins. Fram kom við skýrslutökur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að skiptar skoðanir hefðu verið innan stjórnar um hvort rétt væri að hlutfélagsvæða sparisjóðinn. Niðurstaðan hefði verið sú að fara ekki þá leið þar sem sjóðurinn yrði þar með kominn í allt annað umhverfi en menn hefðu stofnað til í upphafi.⁹² Þrátt fyrir að fallið væri frá hugmyndum um að hlutfélagsvæða sparisjóðinn hélt stjórnin áfram vinnu við að móta tillögur um breytingar á samþykktum sparisjóðsins og um aukningu stofnfjár.

30.7 Fjárhagsleg endurskipulagning

Í upphafi árs 2008 var staða Sparisjóðs Vestmannaeyja góð. Hagnaður af rekstri sjóðsins árið 2007 hafði numið tæpum 343 milljónum króna, bókfært eigið fé sjóðsins tæpum 1.849 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 11,12%.⁹³ Þótt staða sparisjóðsins hafi verið ágæt í upphafi árs fór hann ekki varhluta af þeirri þróun sem varð á fjármálamarkaði á árinu 2008 og hafði gengi krónunnar og fall íslensku viðskiptabankanna mikil áhrif á Sparisjóð Vestmannaeyja sem og aðra sparisjóði. Viðsnúningur varð í rekstri sparisjóðsins á árinu en samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 varð tap á rekstri sparisjóðsins upp á tæplega 1,5 milljarða króna. Bókfært eigið fé í árslok nam 361 milljón króna og var eiginfjárlutfallið komið niður í 3,83%.

Þegar í október 2008 var farið að huga að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins. Á fundi forsvarsmanna sparisjóðsins með Fjármálaeftirlitinu 17. október 2008 kom fram að veruleg rýrnun hefði orðið á eignasafni sparisjóðsins og bar þar hæst tap af hlutfjáreign og skuldabréfum á fjármálafyrirtæki sem skráð voru í Kauphöll Íslands og var virðisrýrnunin talin nema samtals um 350 milljónum króna til viðbótar við rýrnun eigna fyrr á árinu. Þá var óvissa um virði einstakra eigna sparisjóðsins í öðrum fjármálafyrirtækjum, meðal annars í Sparisjóðabanka Íslands hf., VBS Fjárfestingarbanka hf., SP Fjármögnun hf. og Saga Capital hf. Á fundinum kom fram að eiginfjárlutfallið var komið niður í 8,2% og þótti ljóst að sjóðurinn myndi ekki standast álagspróf Fjármálaeftirlitsins. Forsvarsmenn sparisjóðsins höfðu þegar kannað hvort grundvöllur væri fyrir stofnfjárukningu í heima-
byggð og sögðu þeir viðtökur góðar; forsvarsmenn bæjarfélagsins, lífeyrissjóðs og stærri atvinnufyrirtækja hefðu verið jákvæðir. Þá hafði stjórn sparisjóðsins þegar fengið heimild til að auka stofnfé um 140 milljónir króna, en fleiri leiðir væru einnig til skoðunar.⁹⁴

92. Skýrsla Þórs Íseld Vilhjálmssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.

93. Á fundi stofnfjáreigenda í október 2007 var samþykkt stofnfjárukning upp á 350 milljónir króna, og var stofnféð greitt í desember 2007.

94. Minnisblað Sparisjóðs Vestmannaeyja lagt fram á fundi með Fjármálaeftirlitinu, 17. október 2008.

30.7.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði

Hinn 12. mars 2009 sótti Sparisjóður Vestmannaeyja um eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli reglna um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.⁹⁵ Óskaði sparisjóðurinn eftir eiginfjárframlagi sem næmi 497,3 milljónum króna en til vara framlagi sem næmi allt að 20% af bókfærðu eigin fé eins og það var í árslok 2007⁹⁶ eða 370 milljónum króna, þar sem bókfært eigið fé sparisjóðsins nam þá 1.849 milljónum króna.

Í umsögn endurskoðenda sem fylgdi umsókn sparisjóðsins sagði að samkvæmt drögum að ársreikningi fyrir árið 2008 væri eigið fé sparisjóðsins 443,7 milljónir króna og hefði lækkað um 1.400 milljónir frá árslokum 2007, en eiginfjárhlutfallið væri 4,96%.⁹⁷ Sparisjóðurinn stæðist því ekki lengur lágmarkskröfur laga til eigin fjár. Til þess að ná lágmarks eiginfjárhlutfalli, eða 8%, yrði eigið fé, að teknu tilliti til víkjandi lána, að hækka um 123 milljónir króna. Þar sem reglur um framlag ríkissjóðs til sparisjóða gerðu ráð fyrir að eiginfjárhlutfallið yrði að lágmarki 12% eftir eiginfjárframlag úr ríkissjóði, þyrfti eiginfjárframlag til sparisjóðsins, til viðbótar fyrrnefndu 370 milljóna króna framlagi ríkissjóðs, að nema að lágmarki 53 milljónum króna.⁹⁸

Í umsókn sparisjóðsins kom fram að meðal annars hefði verið leitað til Vestmannaeyjabæjar, Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og Vinnslustöðvarinnar hf. um kaup á stofnfé, en stjórn lífeyrissjóðsins hefði samþykkt 4. mars 2009 að kaupa stofnfé fyrir allt að 100 milljónir króna, með þeim fyrirvara að ríkissjóður keypti stofnfé fyrir 360 milljónir króna.⁹⁹ Á fundi stofnfjäreigenda 26. febrúar 2009 höfðu verið samþykktar tvær tillögur, annars vegar um aukningu stofnfjár um allt að 350 milljónir króna og hins vegar tillaga um að felld yrði úr samþykktum sparisjóðsins takmörkun á eignarhaldi við 5%. Nauðsynlegt hafði þótt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins er lutu að takmörkunum á eignarhaldi þar sem ljóst var að eignarhald einstakra nýrra stofnfjáraðila gæti farið yfir 5% við fjárhagslega endurskipulagningu. Stofnfjäreigendur féllu einnig frá forgangsrétti til áskriftar að 250 milljónum króna stofnfjár.

Í tölvupósti Ólafs Elíssonar sparisjóðsstjóra til Egils Tryggvasonar, starfsmanns fjármálaráðuneytisins, 22. maí 2009 kom fram að auk lífeyrissjóðsins hefði Vinnslustöðin hf. samþykkt að kaupa stofnfé fyrir 50 milljónir króna og Vestmannaeyjabær fyrir 100 milljónir króna. Samtals væri því búið að fá samþykki fyrir 250 milljóna króna kaupum á nýju stofnfé. Allir hefðu sett það skilyrði fyrir stofnfjárkaupunum að ríkissjóður kæmi þar einnig að málum, en Vestmannaeyjabær setti það jafnframt sem skilyrði að sparisjóðurinn yrði rekinn sem sjálfstæð eining innan samfélags sparisjóða með höfuðstöðvar í Vestmannaeyjum. Þá vildi Vestmannaeyjabær einnig að sparisjóðurinn hlutaðist til um að öllum bæjarbúum yrði gert fært að kaupa stofnfé í sparisjóðnum fyrir allt að 50 milljónir króna.¹⁰⁰ Ekkert varð þó af því.

Beiðni Sparisjóðs Vestmannaeyja var vísað til Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins til umsagnar 17. mars 2009.¹⁰¹ Í umsögn Fjármálaeftirlitsins um umsókn sparisjóðsins sagði að 20% eiginfjárframlag ríkissjóðs, auk kaupna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja á stofnfé fyrir 100 milljónir króna, yrði til þess að eiginfjárhlutfallið færi úr 5% í 12,5%. Yrði einnig af fyrirhuguðum kaupum Vestmannaeyjabæjar og Vinnslustöðvarinnar hf. á stofnfé myndi hlutfallið nálgast 15%. Fjármálaeftirlitið taldi rekstraráætlun sjóðsins í heildina raunhæfa, spár um kostnaðarliði ættu að vera nokkuð áreiðanlegar og spá sparisjóðsins um tekjuinnflæði væri ekki óraunhæf en háð meiri óvissu. Þó var bent á að virðisrýrnun hjá

95. Umsókn Sparisjóðs Vestmannaeyja um eiginfjárframlag úr ríkissjóði, 12. mars 2009.

96. Í athugasemd Ólafs Elíssonar sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 28. október 2013 benti hann á að ástæða þess að gerð var varakrafa hefði verið sú að sparisjóðurinn hefði metið eignarhluti sína í öðrum fjármálafyrirtækjum varlega og lægra í bókum sínum en aðrir sparisjóðir. Því var það lagt í hendur ríkisins að meta hvor fjárhæðin ætti við, en sparisjóðurinn vildi þá sitja við sama borð og aðrir í þeim efnum.

97. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 var 1.457 milljóna króna tap af rekstri sjóðsins árið 2008, bókfært eigið fé í árslok var 361,3 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 3,83%.

98. Umsögn Deloitte hf. um fjárhagslega stöðu sparisjóðsins, sbr. 11. gr. samþykta sparisjóðsins ásamt drögum að ársreikningi 2008, 26. febrúar 2009.

99. Umsókn Sparisjóðs Vestmannaeyja um eiginfjárframlag úr ríkissjóði, 12. mars 2009.

100. Tölvuskeyti Ólafs Elíssonar til Egils Tryggvasonar 22. maí 2009.

101. Bréf fjármálaráðuneytisins til Seðlabanka Íslands 17. mars 2009.

sparisjóðnum árið 2008 væri í lægri kantinum, ef miðað væri við aðra sparisjóði en það gæti leitt til meiri afskrifta hjá sparisjóðnum síðar á tímabilinu. Fjármálaeftirlitið lagði engu að síður til að sparisjóðnum yrði veitt 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.¹⁰²

Seðlabanki Íslands sendi fjármálaráðuneytinu sameiginlega umsögn um umsóknir sparisjóðanna um eiginfjárframlag úr ríkissjóði 21. apríl 2009. Í umsögn sinni lagði Seðlabanki Íslands ríka áherslu á að breytingar yrðu gerðar á yfirstjórn viðkomandi fjármálaframtækja, þar sem það ætti við, að framtíðararðgreiðslur yrðu takmörkunum háðar og að nýjar viðskiptaáætlanir lægju fyrir. Þá lagði Seðlabankinn áherslu á að leitað yrði leiða til að fá fleiri aðila til að leggja sparisjóðunum til nýtt eigið fé, til að styrkja þá og dreifa eignarhaldi, og að tryggt yrði að fyrirliggjandi tap yrði borið af þáverandi eigendum áður en ríkið legði til nýtt eigið fé. Mikilvægt væri að Fjármálaeftirlitið og endurskoðendur sparisjóðanna mætu eigið fé þeirra og að það yrði fært niður eins og þörf væri á, áður en ríkissjóður legði til nýtt eigið fé.¹⁰³

30.7.2 Aðdragandi fjárhagslegrar endurskipulagningar

Fleiri sparisjóðir sóttu um eiginfjárframlag úr ríkissjóði og í kjölfarið fór fjármálaráðuneytið fram á að fengið yrði óháð endurskoðunarfyrtæki til að fara yfir reikninga og verðmæti eigna sparisjóðanna. PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera fjárhagslega áreiðanleikakönnun á ákveðnum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi sparisjóðsins og skilaði það skýrslu sinni 9. júní 2009. Helstu niðurstöður PricewaterhouseCoopers hf. voru að virðisráðun eigna væri meiri en sparisjóðurinn hafði gert ráð fyrir í ársreikningi fyrir árið 2008 sem nam 65 milljónum króna, eða 60 milljónum króna eftir skattáhrif; eigið fé sjóðsins væri því 301,2 milljónir króna.¹⁰⁴

Helstu ástæður niðurfærslunnar voru versnandi staða og verðgildi nokkurra stórra lántakenda, en einnig var mat á fjáreignum lægra en í ársreikningi. Taldi PricewaterhouseCoopers hf. að til þess að sparisjóðurinn næði að uppfylla það skilyrði reglna um eiginfjárframlag til sparisjóða að 12% eiginfjárlutfalli yrði náð með framlagi ríkisins, yrði stofnfjárukningin að nema 480 milljónum króna eftir að tekið hefði verið tillit til viðbótarniðurfærslna og virðisráðunar. Í skýrslunni kom fram að Vinnslustöðin hf., Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Vestmannaeyjabær hefðu samþykkt að leggja til stofnfé, samtals 250 milljónir króna, með þeim fyrirvara að ríkissjóður kæmi einnig að stofnfjárukningu sjóðsins. Framlag þessara þriggja aðila að meðtöldu framlagi ríkissjóðs myndi nægja til að tryggja að eiginfjárlutfallið yrði 12%. Þar að auki hefði stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja einnig heimild til að afla stofnfjár fyrir allt að 100 milljónir króna meðal þáverandi stofnfjáreigenda eða almennings.¹⁰⁵

Fjármálaeftirlitið sendi stjórn sparisjóðsins bréf 22. júní 2009 þar sem fram kom að samkvæmt uppgjöri fyrir árið 2008 væri eiginfjárlutfall sparisjóðsins 3,8% og í eiginfjárskýrslu sparisjóðsins miðað við 31. mars 2009 væri eiginfjárlutfallið 4,4%. Var sparisjóðnum veittur frestur til 10. júlí 2010 til að auka við eiginfjárgrunn sinn til að ná tilskildu lágmarki.¹⁰⁶ Í svarbréfi sparisjóðsins 1. júlí vísaði hann til þess að þegar hefði verið gripið til ráðstafana til að auka við eiginfjárgrunninn, en beðið væri svars frá ríkinu.¹⁰⁷ Fjármálaeftirlitið framlengdi í kjölfarið frest sparisjóðsins til að auka við eiginfjárgrunninn ítrekað, síðast til 22. júní 2010.

102. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 16. apríl 2009.

103. Bréf Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009. Nánar er fjallað um umsögn Seðlabankans um umsóknir sparisjóðanna í 13. kafla.

104. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Vestmannaeyja, 9. júní 2009.

105. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Vestmannaeyja, 9. júní 2009.

106. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Vestmannaeyja 22. júní 2009.

107. Bréf Sparisjóðs Vestmannaeyja til Fjármálaeftirlitsins 1. júlí 2009.

Undir lok sumars 2009 tóku fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands, undir forystu bankans, upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða, þegar ljóst var að sparisjóðirnir uppfylltu ekki allir skilyrði reglna um framlag til sparisjóða.¹⁰⁸ Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna á þessum tíma, eftir að hafa fengið framseldar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðunum, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars sama ár. Þar á meðal voru kröfur á hendur Sparisjóði Vestmannaeyja sem námu 2.151 milljón króna.¹⁰⁹ Í september 2009 sendi Seðlabanki Íslands, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, sparisjóðunum tillögu um meðferð krafna á hendur þeim og var unnið að frekari útfærslu hennar um veturinn. Hinn 1. febrúar 2010 sendi Seðlabankinn síðan sparisjóðunum bréf þar sem þeim var boðið að semja um uppgjör krafna með ákveðnum kjörum og skilyrðum.¹¹⁰ Viku síðar, 8. febrúar, kynnti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu með aðild ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 125/2008 eða með aðild Seðlabanka Íslands á grundvelli samnings um uppgjör krafna. Fjármálaeftirlitið gerði þá meðal annars kröfu um að eiginfjárlutfallið yrði að lágmarki 16% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu.¹¹¹

Tafla 24. Virðisrýrnun samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers hf.¹¹²

<i>Þús. kr.</i>	Bókfærð staða 31.12.2008	Niðurfærsla Sparisj. Vestm.	Mat PwC á niðurfærslu	Mismunur
Útlán, fyrirtæki og rekstur >15 m.kr.	1.498.451	66.744	99.017	32.273
Önnur útlán til fyrirtækja	1.270.752	81.906	81.906	–
Lán til einstaklinga, þ.m.t. íbúðalán	6.301.959	236.210	236.210	–
Almenn niðurfærsla (146.816)	146.816	146.816	146.816	–
Útlán samtals	8.924.346	561.667	563.949	32.273
Sjóður og innistæður í fjármálastofnunum	2.222.770	–	–	–
Kröfur á lánastofnanir	3.414.699	–	–	–
Skuldabréf og sjóðir	518.587	–	–	–
Hlutabréf	442.892	–	32.705	32.705
Fastafjármunir til sölu	342.333	–	–	–
Skatteign	61.842	–	–	–
Samtals	15.927.469	531.677	596.654	64.977
Tekjuskattshagræði (15%)	–	–	–	(4.841)
Samtals eignaliðir skoðaðir (99% af EH)	15.927.469	531.677	596.654	60.136

Sparisjóðurinn sendi Fjármálaeftirlitinu útreikninga vegna skilyrða um eiginfjár- og lausafjárkröfur þess sem settar voru fram í bréfinu. Fjármálaeftirlitið taldi að yfirferð gagna gæfi ekki tilefni til annars en að álykta að sparisjóðurinn stæðist gerðar kröfur að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu. Því samþykkti Fjármálaeftirlitið, miðað við fyrirliggjandi gögn, að sparisjóðurinn gengi til endanlegra samninga við Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu.¹¹³

30.7.3 Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu

Sparisjóður Vestmannaeyja sendi Seðlabanka Íslands aðgerðaáætlun vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar 17. febrúar 2010. Í áætluninni var gert ráð fyrir að eigendur vikjandi lána og skuldabréfa á hendur sparisjóðnum tækju þátt í endurskipulagningunni. Þeir myndu, ásamt Seðlabanka Íslands, breyta hluta krafna sinna í stofnfé eða fá kröfur sínar staðgreiddar gegn niðurfærslu.¹¹⁴ Seðlabanki Íslands samþykkti tilboð Sparisjóðs Vestmannaeyja 2. mars 2010, en endanlegur frágangur samnings skyldi bíða samþykkis

108. Bréf Seðlabanka Íslands til sparisjóða 8. september 2009.

109. Minnisblað Seðlabanka Íslands um vinnu með kröfur Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðunum, 21. ágúst 2009.

110. Ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands nr. 1028, 1. febrúar 2010. Um tilboð Seðlabanka Íslands, kjör hans og skilmála má lesa í 13. kafla.

111. Bréf Fjármálaeftirlitsins til sparisjóða 8. febrúar 2010. Frekari umfjöllun um kröfur Fjármálaeftirlitsins er í 13. kafla.

112. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðs Vestmannaeyja, 9. júní 2009.

113. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Vestmannaeyja 7. apríl 2010.

114. Sparisjóður Vestmannaeyja – Aðgerðaáætlun vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar, 17. febrúar 2010.

annarra kröfuhafa og Fjármálaeftirlitsins.¹¹⁵ Þá voru áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna einnig háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sem samþykkti svo áformin 21. júní 2010.¹¹⁶

Á stofnfjäreigendafundi 21. júní 2010 kom fram að þrátt fyrir að markmið stjórnar sparisjóðsins hefði verið að verja stofnfé sjóðsins, þá myndi það þurfa að sæta verulegri niðurfærslu að kröfu Seðlabankans. Var lagt til að lækka stofnfé úr 357 milljónum króna í 100 milljónir sem var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu. Þá voru samþykktar tillögur um stofnfjárukningu í samræmi við endurskipulagningaráætlun sparisjóðsins og nauðsynlegar breytingar á samþykktum sparisjóðsins.

Ekki var hægt að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins í júní 2010. Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, varðandi lögmæti lánskuldbindinga í íslenskum krónum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla, sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafyrirtækjum tilmæli 30. júní 2010 vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða. Í kjölfarið var fjármálafyrirtækjum gert að endurmeta eiginfjárbörf sína í ljósi aðstæðna og tryggja að eigið fé yrði nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem endurreikningur hefði í för með sér.¹¹⁷ Undirritun samninga um fjárhagslega endurskipulagningu var frestað vegna þeirrar óvissu sem dómar Hæstaréttar ollu.¹¹⁸

Í bréfi sparisjóðsins til Seðlabankans 4. nóvember 2010 kom fram að sparisjóðurinn hefði reiknað möguleg áhrif dóma Hæstaréttar og væri niðurstaðan sú að þörf væri á viðbótar-niðurfærslu útlána upp á 275 milljónir króna. Þá var það mat stjórnar sparisjóðsins að auka þyrfti niðurfærslu enn frekar um 125 milljónir króna til að mæta annarri áhættu í eignasafninu. Áhrif þessara niðurfærslna yrðu þau að sparisjóðurinn myndi ekki uppfylla kröfu Fjármálaeftirlitsins um 16% eiginfjárlutfall eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Því væri þörf á að endurskoða fyrri áætlun sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri skýrði svo frá:

Okkur gramdist svolítið í þessu að Seðlabankinn kallaði okkur bara að borðinu, fór yfir þessa hluti og samþykkti og synjaði og kom með nýja uppstillingu og sagði okkur svo að tala við aðra kröfuhafa. Við vildum og sögðum alltaf [...] að Seðlabankinn hlyti að vera að verja kröfur ríkissjóðs, bara eins og aðrir sem kæmu að svona fjárhagslegri endurskipulagningu og að þetta væri bara nauðasamningur. En Seðlabankinn var aldrei tilbúinn til þess að taka þátt í slíkum fundi með öðrum kröfuhöfum [...].¹¹⁹

Sparisjóður Vestmannaeyja lagði fram uppfærða aðgerðaáætlun vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar 29. nóvember 2010 og á grundvelli hennar var gengið frá samkomulagi við Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa. Uppfærð aðgerðaáætlun fól í sér nokkra breytingu frá fyrri áætlun. Valkostir eigenda víkjandi lána voru annars vegar að færa lánin niður um 50% og breyta eftirstöðvum í stofnfé og hins vegar að færa lánin niður um 70% og fá eftirstöðvar staðgreiddar. Eigendur skuldbréfa gátu valið að færa lánin niður um 60%, og eftirstöðvar yrðu staðgreiddar, eða að færa lánin niður um 35,5%, breyta 25% í stofnfé, breyta 14% í víkjandi lán og skyldu eftirstöðvar þá greiddar á gjalddögum bréfanna.

Fjármálaeftirlitið endurnýjaði samþykki sitt fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu 3. desember 2010 þar sem fram kom að Fjármálaeftirlitið hefði móttekið útreikninga sparisjóðsins á mögulegum áhrifum dóma Hæstaréttar á eiginfjár- og áhættugrunn sjóðsins, sem og staðfestingu Deloitte hf. á að lánasamningar hafi verið flokkaðir og útreikningar gerðir í samræmi við fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins.

Sparisjóður Vestmannaeyja og Seðlabanki Íslands undirrituðu samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu 10. desember 2010 sem kom í stað eiginfjárframlags úr ríkissjóði og tók til krafna samkvæmt „Rammasamningi um lánsheimild milli Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðabanka Íslands hf.“ frá 18. apríl 2005 og skammtímalána í erlendri mynt.

115. Bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Vestmannaeyja 2. mars 2010; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 16. mars 2010.

116. Nánari umfjöllun um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er í 13. kafla.

117. „Tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til fjármálafyrirtækja vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða“, fme.is, <http://www.fme.is/utgefifid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/650>. Nánari umfjöllun er að finna í 13. kafla.

118. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 1. júlí 2010.

119. Skýrsla Ólafs Elíssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. ágúst 2012.

Kröfurnar voru allar í erlendum myntum og höfðu verið framseldar Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars 2009. Á framsalsdegi námu kröfurnar annars vegar 2.016 milljónum króna og hins vegar 135 milljónum króna. Uppgjörið fól í sér að sparisjóðurinn greiddi 555 milljónir króna með 55,3% stofnfjár eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Með nýju, víkjandi láni í erlendum myntum skyldi greiða 310 milljónir króna¹²⁰ en afskrifaðar yrðu 786,5 milljónir króna. Eftirstöðvarnar, 564 milljónir króna, skyldi greiða með nýju láni í erlendum myntum til fimm ára.¹²¹

Í samkomulaginu var gerður áskilnaður um samþykki annarra kröfuhafa fyrir uppgjörinu auk þess sem sparisjóðurinn myndi draga til baka umsókn sína um eiginfjárframlag úr ríkissjóði. Stjórn sparisjóðsins hafði þegar fengið samþykki annarra kröfuhafa, auk þess sem stjórnin samþykkti að falla frá umsókn um eiginfjárframlag úr ríkissjóði.¹²²

Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu átti Seðlabanka Íslands 55,3% stofnfjár, eldri stofnfjárhafar áttu 9,96% og nýir stofnfjárhafar 34,8%.¹²³ Gert var ráð fyrir að heildar eigið fé sparisjóðsins yrði 1.080 milljónir króna og að eiginfjárlutfallið yrði 16,76%.

Hagnaður af rekstri Sparisjóðs Vestmannaeyja á árinu 2010 nam 858,2 milljónum króna. Höfðu þá verið tekjufærðar 1.453,5 milljónir króna vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar. Bókfært eigið fé í árslok nam 1.057 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið 16,6%.¹²⁴ Tap af rekstri Sparisjóðs Vestmannaeyja á árinu 2011 nam 165,5 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok 2011 nam 891 milljón króna og var eiginfjárlutfallið orðið 13,9% og því undir 16% lágmarkinu sem Fjármálaeftirlitið hafði sett sparisjóðnum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu hans.¹²⁵

Sparisjóður Vestmannaeyja krafðist síðar leiðréttingar á uppgjörinu sem gert var í desember 2010 með vísan til þess að skuld hans samkvæmt rammasamningi við Sparisjóðabanka Íslands hf. hafi verið með ólögætum hætti tengd við gengi erlendra gjaldmiðla. Skrifað var undir samkomulag við Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf.¹²⁶ 18. mars 2013 um endur-reikning á gengistryggðu láni sem fól í sér að höfuðstóll lána í erlendum myntum yrði lækkaður. Nam lækkunin 330 milljónum króna og hafði þau áhrif að eiginfjárlutfall sparisjóðsins fór í 17,4%.¹²⁷

30.8 Arður af stofnfjáreign

Á árunum 2001 til 2008 námu arðgreiðslur Sparisjóðs Vestmannaeyja vegna næstliðinna ára samtals tæpum 51,8 milljónum króna, þar af voru 49,5 milljónir króna greiddar vegna ársins 2007. Greiðsla arðs á þessum árum var nokkurn veginn í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða, stundum lítillaga yfir leyfilegu hámarki, svo sem vegna ársins 2005, en stundum var greiddur minni arður en heimilt var samkvæmt reglum.¹²⁸ Vegna ársins 2007 hefði til dæmis verið heimilt að greiða 27,6 milljónum króna hærri arð. Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.¹²⁹

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.¹³⁰ Frá 2005 til 2007 var stofnfé Sparisjóðs Vestmannaeyja hækkað með

120. Hlutföllin voru 60% í evrum, 30% í Bandaríkjadöllum og 10% í sterlingspundum

121. Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu, 10. desember 2010. Lánið skyldi vera í sömu hlutföllum erlendra mynta og víkjandi lánið.

122. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestmannaeyja, 21. desember 2010.

123. Nýir stofnfjárhafar voru Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabær, Vinnslustöðin auk eigenda skuldabréfa og víkjandi lána sem höfðu samþykkt að breyta kröfum sínum í stofnfé.

124. Ársreikningur Sparisjóðs Vestmannaeyja 2010.

125. Ársreikningur Sparisjóðs Vestmannaeyja 2011.

126. Með samningi milli Seðlabanka Íslands og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. 28. desember 2010 tók Eignasafnið við réttindum og skyldum Seðlabankans samkvæmt samningi um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Vestmannaeyja.

127. Ársreikningur Sparisjóðs Vestmannaeyja 2012; skýrsla Hauks C. Benediktssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. nóvember 2013.

128. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

129. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

130. Sjá nánari umfjöllun um stofnfé og heimildir til endurmats þess og útgreiðslu arðs í 12. kafla.

endurmati vegna verðlagsbreytinga um 390 þúsund krónur. Framkvæmdin var í samræmi við reglur og var stofnfé þá hækkað sem nam verðbólgu þessara ára. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2007.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati. Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðalfundum sparisjóðsins 2006–2008 var samþykkt að hækka stofnfé í lok næstliðins árs um 5%. Samþykkt var að nýta heimild til sérstaks endurmats um 5% vegna ársins 2007. Miðað við stofnfé í árslok virðist hækkunin aðeins hafa verið um 0,9%, eða 3,2 milljónir króna. Ástæðan fyrir því var sú að endurmat stofnfjár tók mið af því hvenær það var innborgað á árinu, en stofnfjárukningin var undir lok ársins. Sérstakt endurmat stofnfjár var ekki viðhaft vegna 2008 því tap var þá af rekstrinum.

Í töflu 25 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 25. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011.¹³¹

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	457	606	49.539	–	–	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	2.315	2.943	353.850	357.000	357.000	996.589	996.589
Arður sem hlutfall af stofnfé	19,7%	20,6%	14,0%	–	–	–	–
Arður sem hlutfall af hagnaði	0,3%	0,2%	14,5%	–	–	–	–
Afkoma ársins	180.394	320.584	342.827	(1.457.374)	(1.059.355)	858.275	(165.624)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	19,0%	24,6%	21,8%	•	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði	•	•	•	•	50,0%	50,0%	50,0%
Raunarðsemi ársins	19,0%	24,6%	21,8%	•	•	184,0%	•
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	116	147	3.150	–	–	–	–
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga	74	101	215	–	–	–	–

30.9 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Vestmannaeyja og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2011.

30.9.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Vestmannaeyja starfrækti ekki eigin endurskoðunardeild á því tímabili sem til skoðunar var, en Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri eigin innri endurskoðunardeildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning um innri endurskoðun við Deloitte hf. árið 2004. Annaðist Deloitte hf. innri endurskoðun sparisjóðsins til ársins 2010, en þá var lögfest krafa um aðskilnað innri og ytri endurskoðenda.¹³² Í kjölfarið gerði sparisjóðurinn samning við PricewaterhouseCoopers ehf. um innri endurskoðun frá og með starfsárinu 2011.

Í skýrslum Deloitte um innri endurskoðun vegna árána 2005–2010 má sjá margar sömu athugasemdir og ábendingar ár eftir ár. Í skýrslu vegna ársins 2008 sagði:

131. Ársreikningar Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005–2011. Verðbólga ársins er reiknuð út frá tölum frá Hagstofunni með aðferð sem skilgreind er í 8. kafla.

132. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2010, 14. apríl 2011.

Það gildir um margar af okkar ábendingum undanfarin ár að ekki hefur verið brugðist við þeim af hálfu sparisjóðsins með úrbótum og höfum við ítrekað endurtekið ábendingar okkar í árlegum skýrslum okkar.

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2005 kom fram að skortur væri á reglu- bundnum afstemmingum í bókhaldi og var talið brýnt að sparisjóðurinn setti sér reglur um afstemmingar, varðveislu gagna og talningar eigna.¹³³ Sambærilegar athugasemdir komu fram í skýrslum innri endurskoðanda vegna áráanna 2006¹³⁴ og 2007.¹³⁵

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2005 var gerð athugasemd við að ekki hafi verið settar tilteknar reglur sem gert væri ráð fyrir í lögum eða reglum stjórnar sem gilda um fjármálastofnanir, en það voru reglur um viðskipti sparisjóðsins og starfsmanna hans við fjármála fyrirtæki, reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga, reglur um regluvörð og reglur stjórnar sparisjóðsins um áhættustýringu. Sambærilegar athugasemdir voru gerðar í skýrslum innri endurskoðanda vegna áráanna 2006 og 2007. Jafnframt taldi Deloitte æskilegt að settar yrðu skriflegar verklagsreglur um tryggingar að baki útlánnum og ábyrgðum, meðferð vanskila- og innheimtumála, reglur um eigin viðskipti starfsmanna og siðareglur. Þessi ábending var ítrekuð í skýrslum innri endurskoðanda vegna áráanna 2005, 2006 og 2007.

Við innri endurskoðun vegna ársins 2005 var gerð athugasemd við að nær allir starfsmenn sparisjóðsins hefðu aðgang að fjárhagsbókhaldi og bent á að gæta yrði að starfaaðgreiningu. Mikilvægt var talið að gerðar yrðu starfslýsingar sem tækju meðal annars á ábyrgð og heimildum einstakra starfsmanna og að gerðir yrðu ráðningarsamningar við starfsmenn. Sama athugasemd var gerð vegna innri endurskoðunar vegna áráanna 2006 og 2007, en þó hafði eftirlit verið bætt til að bregðast við veikleikum í aðgreiningu starfa.¹³⁶ Sambærilegar ábendingar komu einnig fram í skýrslum innri endurskoðanda vegna áráanna 2008, 2009 og 2010.

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2005 var gerð athugasemd við að skýrslum til opinberra aðila væri ekki skilað á réttum tíma og að ekki hafi verið haldinn listi yfir venslaða aðila í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins og voru sömu athugasemdir gerðar ári síðar. Í skýrslu innri endurskoðanda vegna áráanna 2008 til 2010 voru á ný gerðar athugasemdir við skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins.

Við innri endurskoðun vegna ársins 2005 kom í ljós að ekki var í öllum tilvikum farið eftir útlánaheimildum útlánareglna sparisjóðsins og að tryggingar væru ekki fullnægjandi. Innri endurskoðandi taldi að of lítið af vanskilum væri í lögfræðinniheimtu og að skortur væri á verklagsreglum um meðferð vanskila og innheimtumála. Svipaðar niðurstöður voru í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2006. Frá og með árinu 2007 framkvæmdi forstöðumaður reikningshalds og innra eftirlits kannanir á útlánnum og vanskilum. Innri endurskoðun yfirfór vinnu hans og gerði áfram athugasemdir við tryggingar og innheimtu vanskilamála og enn aftur voru gerðar sömu athugasemdir við innri endurskoðun ársins 2008. Í skýrslum um innri endurskoðun vegna áráanna 2009 og 2010 eru ítrekaðar ábendingar um að efla þyrfti eftirlit með vanskilum og að fara þyrfti eftir reglum um meðferð vanskila og innheimtu en það hefði ekki alltaf verið gert.

Endurskoðunarnefnd var sett á stofn hjá Sparisjóði Vestmannaeyja í júní 2009. Nefndin var skipuð einum stjórnarmanni, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, og tveimur utanaðkomandi nefndarmönnum. Nefndin lagði starfsreglur sínar fyrir stjórn og voru þær samþykktar í desember 2009. Starfsreglurnar tóku til hlutverks og ábyrgðar nefndarinnar, heimilda hennar, skipulags, fundarstarfa og mats á störfum. Í apríl 2011 urðu breytingar á nefndinni þegar nýr utanaðkomandi aðili kom inn í nefndina. Nefndin var því áfram skipuð einum stjórnarmanni og tveimur utanaðkomandi aðilum. Annar þessara utanaðkomandi aðila tók við formennsku í nefndinni.

133. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2005, janúar 2006.

134. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2006, 16. apríl 2007.

135. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Vestmannaeyja 2007, 18. mars 2008.

136. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2007, 12. mars 2008.

Áhættustýring sparisjóðsins á árunum 2005 og 2006 var óformleg. Árlega voru sett fjárhagsleg markmið, meðal annars um eiginfjárlutfall, útlánaaukningu, afskriftaframlög og arðsemi. Fylgst var með helstu áhættuþáttum, svo sem fastvaxtaáhættu, verðtryggingaráhættu og útlánaáhættu og skýrslum skilað til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2005 var bent á að mat sparisjóðsstjóra á helstu áhættuþáttum ætti að vera formlegra og áhættumælingar markvissari og skriflegar. Sama athugasemd var gerð í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2006 og bent á að nauðsynlegt væri að huga að kröfum Basel II-reglna um áhættustýringu. Samkvæmt þeim þurfti áhættumat að vera formlegt, sérstakar reglur að vera til um áhættumarkmið og skilgreina átti stefnu sem framfylgja ætti til að ná þeim markmiðum. Þá var gerð krafa um að starfrækt skyldi sérstök starfseining um áhættustýringu.

Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2007 kom fram að lítið hefði breyst í áhættustýringu sparisjóðsins frá árinu áður og var áhættustýring sparisjóðsins enn sögð óformleg. Þó var hafinn undirbúningur að gerð áhættuhandbókar sem ætlað var að draga fram þá áhættuþætti sem snertu daglega starfsemi sparisjóðsins og gera starfsmenn meðvitaða um áhættu og áhættuvarnir. Enn var það niðurstaða innri endurskoðanda vegna ársins 2008 að lítið hefði breyst og að áhættustýring sparisjóðsins væri óformleg og ekki hefðu verið skjalfest markmið um áhættur eða ákveðin mörk áhættutöku, fyrir utan það sem fram kom í lögum og reglum. Áhættuhandbókin var enn í drögum.¹³⁷ Samkvæmt reglum um framkvæmd starfa sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórnar átti að leggja fyrir skýrslu um rekstraráhættu og markaðsáhættu að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti og taldi ábyrgðarmaður áhættustýringar að með því að stjórn færi yfir uppgjör ársfjórðungslega væri hún að yfirfara rekstrar- og markaðsáhættu. Innri endurskoðun taldi það ekki vera í samræmi við reglurnar og taldi að leggja ætti fram sérstakar skýrslur um rekstraráhættu, þar sem fram kæmu meðal annars niðurstöður úr mælingum og stýringu á rekstraráhættu auk þess sem umfjöllun um markaðsáhættu ætti að fela í sér niðurstöður um hvort viðmiðunarmörk væru haldin og fylgni væri við stefnu stjórnar.¹³⁸

Á árinu 2009 var unnið að innleiðingu reglna um framkvæmd áhættustýringar.¹³⁹ Við könnun innri endurskoðanda vegna ársins 2009 lá ekki fyrir skrifleg skýrsla um áhættustýringu sparisjóðsins og var gerð athugasemd við það auk þess sem innri endurskoðandi ítrekaði ábendingu sína frá fyrra ári um að leggja fyrir stjórn sérstakar skýrslur um rekstraráhættu og markaðsáhættu í samræmi við reglur sparisjóðsins. Árið 2010 var unnið eftir reglum um framkvæmd áhættustýringar. Skýrslur um áhættustýringu voru lagðar fyrir stjórn ársfjórðungslega frá og með árinu 2010 en að mati innri endurskoðanda kom ekki nægilega skýrt fram í skýrslunum hvort viðmið væru haldin eða ekki. Ekki væri greint frá því til hvaða aðgerða áhættustýring hygðist grípa ef viðmið væru ekki haldin. Á árinu 2010 var vinna við greiningu, mat og eftirlit á rekstraráhættu ekki hafin og var engin skýrslugjöf til stjórnar um rekstraráhættu. Þá taldi innri endurskoðandi vanta ársfjórðungslega skýrslu um vaxtaáhættu og vaxtamun. Innri endurskoðun gagnrýndi ennfremur að ekki væri að finna í fundargerðum stjórnar umfjöllun um áhættuskýrslu stjórnar.¹⁴⁰

Nýir innri endurskoðendur framkvæmdu úttekt á áhættustýringu ársins 2011. Í skýrslu þeirra var bent á að endurskoða þyrfti áhættustýringarreglur sparisjóðsins og einfalda þær og aðlaga betur að rekstri sjóðsins. Þá var lagt til að skipulag áhættustýringar yrði formlegra og skýrslugjöf ítarlegri hvað varðar frávik frá viðmiðum og hvernig brugðist skyldi við þeim og var það í samræmi við niðurstöður fyrri innri endurskoðanda.¹⁴¹

137. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2008, 26. maí 2009.


138. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2008, 26. maí 2009.

139. Ekki kemur fram í stjórnarfundargerðum að umræddar reglur hafi verið samþykktar af stjórn sparisjóðsins, en í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2009 kemur fram að reglur sparisjóðsins um framkvæmd áhættustýringar hafi verið samþykktar af stjórn í ársbyrjun 2010.

140. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2010, 14. apríl 2011.

141. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um innri endurskoðun Sparisjóðs Vestmannaeyja 2011, 19. mars 2012.

31. Sparisjóðabanki Íslands



31. SPARISJÓÐABANKI ÍSLANDS

Lánastofnun sparisjóðanna hf. var stofnuð í september 1986 af 38 sparisjóðum. Lánastofnunin var sett á laggirnar á grundvelli heimildar sem sparisjóðunum á Íslandi var veitt árið 1985 með lögum nr. 87/1985 um sparisjóði, til að stofna sameiginlega lánastofnun sem þjónusta átti sparisjóðakerfið á Íslandi.¹ Stofnunin tók til starfa í febrúar 1987 og var Sigurður Hafstein ráðinn framkvæmdastjóri. Lánastofnunin var hlutfélag og starfaði samkvæmt lögum um þau, sbr. 2. mgr. 57. gr. laga nr. 87/1985.

Lánastofnunin skyldi starfa í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna, auka rekstrarhagkvæmni og styrkja samkeppnishæfi þeirra gagnvart ríkisbönkunum. Lánastofnunin var í raun reikningsbanki sparisjóðanna og var samið við Seðlabanka Íslands um að opna einn viðskiptareikning sem þjónustaði Lánastofnunina og kæmi í stað viðskiptareikninga sem hver sparisjóður fyrir sig átti hjá Seðlabankanum. Lánastofnunin sæi síðan um þjónustu við einstaka sparisjóði.² Lánastofnunin þjónustaði sparisjóðina á sviði alþjóðaviðskipta, lausafjárstyringar og fjármögnunar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Ætlunin með þessari þjónustu var meðal annars að aðstoða sparisjóðina við að jafna út árs-tíðabundnar sveiflur í rekstri, sem voru með misjöfnum hætti hjá einstökum sjóðum, með einfaldari og hagkvæmari aðgangi að lánsfé.

Lög nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði tóku gildi 1. júlí 1993. Með lögnum voru innleiddar fjölmargar tilskipanir Evrópusambandsins um fjármálaviðskipti auk þess sem lagabálkum um viðskiptabanka og sparisjóði var steipt saman í einn. Í kjölfar gildistöku laganna var Lánastofnun sparisjóðanna hf. breytt í viðskiptabanka undir nafninu Sparisjóðabanki Íslands hf. Sigurður Hafstein varð bankastjóri og gegndi því starfi til ársins 2002 þegar Finnur Sveinbjörnsson tók við. Í byrjun árs 2008 tók Agnar Hansson við af Finni og var bankastjóri þar til Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar bankans með ákvörðun sinni 21. mars 2009.

Fyrst í stað var starfsemi Sparisjóðabanka Íslands hf. ekki mjög frábrugðin þeirri sem verið hafði í Lánastofnun sparisjóðanna hf. Hann fór þó að veita öðrum en sparisjóðum útlán og hljóp til dæmis undir bagga með sparisjóðunum með lán til viðskiptavina þeirra sem voru of stór fyrir þá eina. Upp úr aldamótum fór Sparisjóðabankinn að færa sig fjær því að vera eingöngu þjónustubanki sparisjóðanna. Á hluthafafundi Sparisjóðabankans 30. nóvember 2006 var nafni hans breytt í Icebank hf. sem talið var þjálfa vegna fyrirætlana um aukna starfsemi bankans erlendis. Í október 2008 var nafninu síðan aftur breytt í Sparisjóðabanka Íslands hf.

Stjórnarformaður bankaráðs Sparisjóðabankans frá 2001 til 2008 var Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík. Meðstjórnarmenn hans fyrir hönd sparisjóðanna á tímabilinu voru Friðrik Friðriksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla, Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Hallgrímur Jónsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs vélstjóra, Þór Gunnarsson og Jónas Reynisson, sparisjóðsstjórar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, Ragnar Z. Guðjónsson og Magnús Ægir Magnússon, sparisjóðsstjórar Byrs sparisjóðs, og Gísli Kjartansson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu. Árið 2007 komu nýir eigendur að Sparisjóðabankanum og í fyrsta skipti sátu í stjórn hans aðilar sem ekki voru sparisjóðsstjórar. Inn kom Grímur Sæmundsen fyrir hönd SM1 ehf. sem átti 9,5% hlut í bankanum og Steinþór Jónsson fyrir hönd Bergsins ehf. sem átti þá einnig 9,5% hlut í bankanum. Steinþór var jafnframt varamaður í stjórn Sparisjóðs Keflavíkur hluta þess tíma sem hann sat í stjórn Sparisjóðabankans.

Umsvif Sparisjóðabanka Íslands hf. jukust samhliða auknum umsvifum sparisjóðanna. Heildareignir bankans nánast fimmfölduðust frá 1997 til 2001, úr 11 milljörðum króna í árslok 1997 í 54 milljarða króna í árslok 2001. Á sama tíma ríflega tvöfölduðust heildareignir allra sparisjóðanna úr 70 milljörðum króna í árslok 1997 í 161 milljarð króna í árslok 2001.

1. Sbr. XII. kafla laga nr. 87/1985 um sparisjóði.

2. Sjá 6. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands.

Lánastofnun sparisjóðanna hf. 1986

„Hún hefur gert okkur kleift að reka sparisjóðina á mun hagkvæmari hátt en ella. Lánastofnun sér um öll viðskipti sparisjóðanna gagnvart erlendum aðilum og viðskiptareikninga þeirra. Jafnframt kemur hún fram fyrir hönd allra [sparisjóðanna] vegna lausafjárskyldu gagnvart Seðlabankanum en síðan þarf hver og einn sparisjóður að uppfylla lausafjárskyldu gagnvart Lánastofnuninni. Þetta er fyrst og fremst heildsölu-banki og verður eins og verið hefur umfangsmikill á millbankamarkaðnum. Við ætlum ekki að falla í sömu gryfju og sparisjóðir í nágrannalöndunum þar sem slíkir bankar hafa farið að keppa á markaðnum við eigendur sína.“

Hallgrímur Jónsson, stjórnarformaður Lánastofnunar sparisjóðanna, í viðtali við *Morgunblaðið* 4. nóvember 1993 í tilefni af fyrirhugaðri breytingu Lánastofnunarinnar í Sparisjóðabanka Íslands hf.


Breytingaskeið 2001–2008

Tafla 1. Bankaráð Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. 2001–2008.³

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Friðrik Friðriksson	x	x	x	x	x	x	x	x
Geirmundur Kristinsson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.
Gísli Kjartansson							x	x
Grímur Sæmundsen							x	
Guðmundur Hauksson	x	x	x	x	x	x		
Hallgrímur Jónsson	x	x	x	x				
Jónas Reynisson	x							
Karl Axelsson								x
Magnús Ægír Magnússon					x	x		
Ragnar Z. Guðjónsson					x	x		
Steinþór Jónsson							x	x
Pórr Gunnarsson		x	x	x				

Frá 2001 til 2008 varð töluverð breyting á rekstrarumhverfi Sparisjóðabankans. Með betra aðgengi að fjármagni erlendis gátu meðalstórar íslenskar fjármálastofnanir, eins og stærstu sparisjóðirnir, séð hag sínum betur borgið með því að sækja sjálfar fjármagn erlendis í stað þess að nýta millilið eins og Sparisjóðabankann. Stærstu eigendur bankans, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður, efldu innanhússtarfsemi sína á þeim sviðum sem Sparisjóðabankinn hafði sinnt, og smám saman varð ljós áhugi þeirra á að selja hluti sína í bankanum. Á árinu 2007 komu í fyrsta sinn aðilar í hóp eigenda Sparisjóðabankans sem ekki voru sparisjóðir eða félög á vegum þeirra.

Mynd 1. Heildareignir Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. og allra sparisjóðanna í árslok 2001–2008.⁴



Upp úr aldamótum fór Sparisjóðabankinn að skoða leiðir til þess að aðlagast breyttu samkeppnisumhverfi. Til greina kom að leggja bankann niður en ákveðið var að efla hann á öðrum vettvangi en þeim sem hann hafði starfað á áður. Leita skyldi nýrra viðskiptavina, færa hluta starfseminnar til útlanda, bjóða upp á nýjar vörur og þjónustu og breyta eignarhaldi bankans. Þessi breytta stefna hafði afgerandi áhrif um afkomu og afdrif Sparisjóðabanka Íslands hf.

3. Ársreikningar Sparisjóðabankans 2003–2008.

4. Ársreikningar sparisjóðanna og Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. 2001–2008.

Efnahagur bankans jókst hratt árið 2007 en dróst snögglega saman aftur árið eftir. Í lok árs 2008 var fjárhagsstaða bankans afleit, tap af rekstri á árinu var 193,7 milljarðar króna, eigið fé neikvætt um 180,1 milljarð króna og eiginfjárlutfall samkvæmt 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki -106,7%. Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar bankans 21. mars 2009.

31.1 Eignarhald og stefnumótun

Stjórnendur og eigendur Sparisjóðabankans voru vakandi fyrir þeim breytingum sem áttu sér stað í starfsumhverfi bankans og sparisjóðanna upp úr aldamótum. Umræða innan Sambands íslenskra sparisjóða einkenndist af ólíkum skoðunum á því hvernig takast ætti á við nýjar áskoranir. Árið 2001 voru gerðar grundvallarbreytingar á lagaumhverfi sparisjóða á Íslandi með lögum nr. 71/2001 um breytingu á lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði. Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að breytingarnar væru gerðar til þess að veita sparisjóðum heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutfélag, gera stofnfjárbréf sparisjóða að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti og heimila að stofnfjáreigendur kysu alla fimm stjórnarmenn sparisjóðs en áður höfðu sveitarfélög eða héraðsnefndir skipað tvo stjórnarmenn af fimm.⁵

Þessar breytingar höfðu átt sér nokkurn aðdraganda en einhverjir sparisjóðanna höfðu haft hug á að afla sér eigin fjár með því að gefa út hlutfé til þess að efla starfsemi sína frekar. Var því meðal annars haldið á lofti að hlutfé væri auðseljanlegra en stofnfé. Skiptar skoðanir voru um það hvort væri auðseljanlegra, en ekki verður deilt um að lagasetningin hafði mikil áhrif á sparisjóðina og samstarf þeirra. Sumir höfðu hug á að stækka og hlutfjár-væðast meðan aðrir vildu halda í hefðbundnari og smærri útgáfu sparisjóða. Í framhaldi af því vöknudu upp spurningar um hlutverk Sparisjóðabankans. KPMG ráðgjöf kynnti skýrslu um úttekt og mat á stöðu bankans á hluthafafundi hans 4. október 2001. Í skýrslunni voru lagðar til fjórar leiðir um framtíðarstarfsemi bankans; leið 1a um óbreyttan rekstur bankans, leið 1b um straumlínulögun og afmörkun á starfseminni og leið 1c um útvíkkun á starfseminni. Í öllum tilvikum var gert ráð fyrir óbreyttu eignarhaldi. Fjórdra leiðin, leið 2, gerði ráð fyrir sameiningu við Kaupþing.

Með skýrslunni var lagður grunnur að stefnumótun bankans. Ákveðið var að móta leið sem byggði á leið 1b og leið 1c þar sem stefnan yrði mikið til óbreytt að öðru leyti en því að áhætta af markaðsviðskiptum yrði lágmarkuð. Með það að leiðarljósi seldi bankinn eignarhluti sína í Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. og SP-Fjármögnun hf. á árunum 2001 og 2002.

Stefnumótun á fyrstu árum aldarinnar

Sigurður Hafstein hafði samhliða bankastjórastöðunni gegnt stöðu framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sparisjóða og framkvæmdastjóra Tryggingasjóðs sparisjóða, auk þess sem hann sinnti fjölda verkefna í stjórnar- og nefndarstörfum í sameiginlegum fyrirtækjum sparisjóða. Með vaxandi umsvifum bankans þótti nauðsynlegt að bankastjóri sinnti því starfi alfarið og eingöngu. Úr varð að í ársbyrjun 2002 lét Sigurður af störfum sem bankastjóri og Finnur Sveinbjörnsson var ráðinn til starfans. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði Finnur svo frá tildrögum þess að hann tók við:

Nýr bankastjóri 2002

Þegar ég kem þarna inn 2002, þá eru búnar að vera töluvert miklar deilur innan sparisjóðakerfisins, þ.á m. um bankann. [...] Efnahagslífið var erfitt eftir aldamótin og afkoma bankans hafði verið slæm. Eins voru ýmis innri mál ekki eins og best var á kosið þannig að partur af sátt sem náðist meðal sparisjóðanna seint á árinu 2001 – gott ef það var ekki á sparisjóðapingi sem var haustið 2001 – er að það verði ráðinn sérstakur bankastjóri yfir bankanum. Í þessu fólst að tvöfalda hlutverkinu sem Sigurður Hafstein hafði gegnt yrði skipt upp. Það er Guðmundur Hauksson sem hefur samband við mig fyrir hönd sparisjóðanna og úr verður að ég kem til bankans.⁶

5. Nánar er fjallað um lagasetninguna í 4. kafla skýrslunnar, um lagaumhverfi sparisjóðanna.

6. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.


Deilurnar sem Finnur vísar til snerust meðal annars um stöðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og framtíð sparisjóðakerfisins. Í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki frá nóvember 2002 komu fram áhyggjur af brotthvarfi sparisjóða úr samstarfinu. Mikilvægir þættir í rekstri sparisjóðanna, eins og tölvu- og upplýsingakerfi þeirra og Sparisjóðabankinn, væru samreknir og hyrfu sparisjóðir úr samstarfinu myndi það í flestum tilvikum leiða til kostnaðarhækkunar fyrir þá sem eftir stæðu, sem gæti orðið þeim óviðráðanleg.⁷

Um svipað leyti voru bankarnir einkavæddir og samkeppnisumhverfi sparisjóðanna og Sparisjóðabankans breyttist. Öflugir bankar veittu sparisjóðunum harða samkeppni sem meðal annars birtist í sókn þeirra inn á fasteignalánamarkaðinn árið 2004. Þá höfðu einhverjir viðskiptabankar hugmyndir um að auka markaðshlutdeild sína á íslenskum bankamarkaði með því að sameinast sparisjóðum.⁸

Sumir sparisjóðanna sáu hag sínum betur borgið með því að sameinast öðrum sparisjóðum og ber þar hæst sameiningu Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra í Byr sparisjóð árið 2006. Næstu tvö ár bættust Sparisjóður Kópavogs og Sparisjóður Norðlendinga í hópinn. Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður vélstjóra höfðu lengi verið meðal stærstu sparisjóða. Eftir sameininguna voru Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis stærstir. Efnahagur langflesttra sparisjóða óx mjög hratt frá 2000 til 2007, sem skýrðist af vexti útlána og gengishækkana á fjáreignum þeirra.

Aukin samkeppni, vöxtur og sameining sparisjóða

Mynd 2. Vextir til lengri tíma 2001–2008 samkvæmt tölum frá Efnahags- og framfarastofnuninni.⁹



Slíkur vöxtur var mögulegur meðal annars vegna þess að sparisjóðirnir höfðu sífellt betra aðgengi að lánsfé. Frá árinu 2000 höfðu vextir erlendis til að mynda farið lækkanði og fjármálastofnunum buðust leiðir til fjármögnunar sem áður höfðu verið lítið notaðar. Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis,

7. Umsögn Sambands íslenskra sparisjóða um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, þskj. 218., 215. mál á 128. lögjafarþingi 2002–2003, dbnr. 153, bls. 2. Þess má geta að hlutur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í sameiginlegum verkefnum sparisjóðanna, svo sem rekstri tölvu- og upplýsingakerfa, var afar stór. Sjá nánari umfjöllun um kostnaðarskiptingu innan vébanda Sambands íslenskra sparisjóða í 5. kafla.

8. Bréf Sigurðar Hafstein til Guðmundar Haukssonar 31. janúar 2003.

9. Gögn fengin af vefnum stats.oecd.org. Stuðst er við „Long term interest rate, per cent, per annum“. Vextirnir miðast við ríkisskuldabréf til lengri tíma, yfirleitt til tíu ára. Myndin sýnir ekki þá vexti sem voru í boði fyrir íslenskar fjármálastofnanir sem fjármögnuðu sig í myntum þeirra landa eða svæða sem á myndinni eru, heldur er henni ætlað að sýna hvernig vaxtaþróunin á tímabilinu var. Vextir til skamms tíma, eða þriggja mánaða millibankavextir, sýna enn meiri mun milli hæsta og lægsta punkts.

Sparisjóður Hafnarfjarðar, Sparisjóður vélstjóra og síðar Byr sparisjóður sóttu sjálfir fjármagn á erlenda lánsfjármarkaði. Sumir þeirra nýttu sér þó áfram lánsfjármagn hjá Sparisjóðabanknum að hluta, en aðrir, þá einkum Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, fjármögnuðu sig nær alfarið sjálfir og áttu lítil viðskipti við Sparisjóðabankann, nema upp að því marki sem þeir leituðu tilboða í fjármögnun og lausafjárstýringu eins og frá öðrum fjármálafyrirtækjum. Minni sparisjóðir skiptu nær eingöngu við Sparisjóðabankann, hvort heldur er varðaði íslenskar krónur eða erlenda mynt.

Breytingum í rekstrarumhverfi Sparisjóðabankans lýsti fyrrum bankastjóri svo fyrir rannsóknarnefndinni:

[Um] og upp úr 2005 var nokkuð ljóst að þetta umhverfi sem bankinn hafði starfað í frá upphafi, þessi mismunandi hlutverk sem um var að ræða, það var að breytast samfara stækkun sparisjóðanna. Bæði fór að vaxa metnaður sparisjóðanna til að sinna sínum málum sjálfir og þær aðstæður sköpuðust að þeir gátu það. Tökum erlenda lánsfjármögnun sem dæmi. Það var algjörlega lokað fyrir sparisjóðina þangað til 2004–2005 þegar allt flæðir í peningum um allan heim. [...] Sparisjóðabankinn varð ekki lengur eins nauðsynlegur fyrir þessa stóru eins og áður. Við þær aðstæður er ekkert óeðlilegt að það fari að vakna einhverjar vangaveltur. „Er hann kannski orðinn óþarfur þessi Sparisjóðabanki? Væri nær að loka honum og sparisjóðirnir tækju þá það eigið fé sem þeir ættu bundið í bankanum og nýttu það sjálfir í sína eigin starfsemi?“ Sú þjónusta sem minni sparisjóðirnir þyrftu að fá gætu einhverjir af þessum stóru veitt. Eða eru einhver verðmæti í bankanum sem slíkum sem gera það að verkum að það er þess virði að halda þessari starfsemi áfram? Þessar vangaveltur voru byrjaðar að vakna og þess vegna er farið í stefnumótun árið 2006 með Capacent sem leiðir til þeirrar niðurstöðu bankaráðs að það eigi að halda starfseminni áfram. Síðan er farið að útfæra stefnuna frekar á árinu 2007. Hitt var auðvitað eitthvað sem var komið í umræðuna, að tilvistargrundvöllur hans væri ekki lengur til staðar. [...] Afstaða Guðmundar Haukssonar í SPRON og Ragnars Z. Guðjónssonar í Byr réði mestu um þá framtíðarsýn og stefnu sem mótuð var fyrir bankann.¹⁰

Efasemdir um hlutverk
Sparisjóðabankans

Í glærum sem sendar voru milli sparisjóðsstjóra og bankastjóra Sparisjóðabankans í lok maí 2006 komu fram fjögur aðalmarkmið stefnumótunarinnar: að sækja fram með vexti erlendis og viðhalda góðri arðsemi, að vera öflugur samstarfsaðili, að vera með skilvirka starfsemi og þróun á nýjum lausnum og mörkuðum, og loks að hafa fámennan en öflugan hóp starfsmanna.¹¹

Áform um mikinn vöxt bankans

Markmið með sókn erlendis var fimmföldun á efnahag bankans á fimm árum og að árleg arðsemi eigin fjár yrði 18%. Hreinar vaxtatekjur yrðu helmingur af heildartekjum, þóknana-tekjur fjórðungur og gengismunur fjórðungur. Staða bankans yrði styrkt til vaxtar með því að auka eigið fé hans um 12 milljarða króna með nýju eigin fé fram til ársins 2011. Vaxtamunur yrði aukinn úr 1,5% árið 2006 í 1,75% árið 2008 og 2,0% árið 2011 með sterkum samböndum við erlenda lánveitendur og auknum viðskiptum erlendis. Bankinn yrði svo skráður í Kauphöllina árið 2008. Öflugt samstarf fælist í því að veita fyrirtækjum í útrás þjónustu í formi ráðgjafar, lánveitinga og þátttöku í fjárfestingum. Verkefnum átti að fjölga og þau áttu að vera stærri en áður. Erlend sambankalán yrðu aukin með markvissu skipulagi og góðum viðskiptasamböndum. Þá skyldi efla þjónustu við sparisjóðina og önnur fyrirtæki í flóknum afleiðuviðskiptum. Til þess að þróa nýjar lausnir og skapa ný markaðstækifæri var stefnt að því að setja upp að lágmarki eina starfsstöð erlendis eða kaupa fjármálafyrirtæki ekki síðar en 2008. Erlendar starfsstöðvar yrðu þrjár fyrir árslok 2011. Á hluthafafundi Sparisjóðabankans 30. nóvember 2006 var nafni hans breytt í Icebank hf. meðal annars til að gera nafn bankans auðveldara í notkun erlendis. Þá var í stefnumótuninni lögð áhersla á að breikka tekjugrundvöll sparisjóðanna með því að bankinn, sem var að fullu í eigu sparisjóðanna þá, réðist í verkefni sem sparisjóðirnir væru of litlir til þess að fást við sjálfir:

Að finna verkefni sem skila einhverju og væru jafnframt í samræmi við þá áhættu sem Sparisjóðabankinn gæti tekið. Því aftur, og það tengist þessu módeli sem Sparisjóðabankinn var, við auðvitað vissum að allir smærri sparisjóðir myndu aldrei taka þátt í

„Eftir á að hyggja var bankinn pínulítið að grafa sína eigin gróf þegar hann tekur þá ákvörðun að víkja burt frá sparisjóðunum en menn ætluðu bara að verða næsta Kaupþing, það var agendan.“

Úr skýrslu Agnars Hanssonar, fyrrum bankastjóra Icebank hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. desember 2013.

10. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.

11. Tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar til sparisjóðsstjóra og framkvæmdastjóra SÍSP 29. maí 2006.

ýmiss konar starfsemi og verkefnum sem bankinn gæti sinnt. [...] Ef Sparisjóðabankinn væri að taka þátt í þessu og tækist vel til, þá væru sparisjóðirnir með óbeinum hætti að taka þátt í þessu og fengju að njóta ábatans af því að vera í viðskiptum af þessu tagi. Við höfum nefnt fasteignalánin, við höfum nefnt skuldsettar yfirtökur, við höfum nefnt lánveitingar til stærri aðila og afleiðuviðskipti. Allt þetta sem ég hef verið að nefna eru dæmi um viðskipti sem langflestir sparisjóðirnir, allavega allir þeir minni, höfðu aldrei nokkra möguleika á að taka þátt í.¹²

Til þess að takast á við verkefnin og markmiðin sem lagt var upp með í stefnumótuninni taldi bankinn mikilvægt að hafa gott fólk innanborðs. Til þess að að svo mætti verða þyrfti að sameina hagsmuni hluthafa og starfsfólks með því að gera starfsfólki kleift að eignast hlut í bankanum. Fram að þeim tíma höfðu eingöngu sparisjóðir eða félög í þeirra eigu átt hlut í bankanum og breyta þurfti samþykktum hans til þess að aðrir gætu eignast hlut. Svo fór að eignarhald var opnað, fyrst fyrir æðstu stjórnendum bankans og nokkrum einkahlutafélögum á síðari hluta árs 2007. Í árslok 2006 hafði bankinn verið alfarið í eigu sparisjóðanna en fjórir stærstu sparisjóðirnir, Byr sparisjóður, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu, fóru þá með samtals 80,91% eignarhlut.

31.1.1 Breytingar á eignarhaldi Sparisjóðabanka Íslands hf.

Áfram var unnið að stefnumótuninni á síðari hluta árs 2006 og í byrjun árs 2007. Bankastjóri talaði fyrir því að opna eignarhaldið og þá sérstaklega að stjórnendum og lykilstarfsmönnum yrði gert kleift að eignast hlut í bankanum.¹³ Á sama tíma var leitað að vænlegum fyrirtækjum fyrir bankann að kaupa til þess að stækka og eflast.

Í ársbyrjun 2007 var ráðgjafarfyrirtækið Capto Financial Consulting fengið til þess að vinna stefnumótun í útrásarmöguleikum bankans og koma með hugmyndir að mögulegum samstarfsaðilum erlendis. Ráðgjafarfyrirtækið skilaði skýrslu í mars 2007 þar sem fram kom að möguleg útrás Sparisjóðabankans kynni að felast í fyrirtækjaráðgjöf sem tengdi saman tækifæri á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. var talinn vænlegur fjárfestingarkostur sem liður í þeirri útrás.

Við höfðum velt fyrir okkur að fá einhverja aðra aðila en Capto. Ég man að einhvern tím-ann hittum við Gunnar Svavarsson fulltrúa frá HSBC í London. Það var bara eitthvað svo afkárlegt, hugmyndirnar sem þar voru viðraðar voru af allt annarri stærðargráðu og í engu samræmi við það sem Sparisjóðabankinn gæti tekist á við. Það vó einnig þungt í valinu á Capto að við vissum að Capto hefði verið að vinna fyrir Íbúðalánasjóð í að skipuleggja lausafjárstyrkinguna og áhættustyrkinguna. Það varð úr að við Gunnar heimsóttum Capto og ræddum við þá. Það er miklu eðlilegra fyrir tiltölulega lítinn aðila á Íslandi eins og Sparisjóðabankann að leita til ráðgjafarfyrirtækja af hóflegri stærð á Norðurlöndunum. Þau hafa miklu betri tilfinningu fyrir því hvað Ísland er. Margir breskir ráðgjafar átta sig aldrei á þessu. Þeir átta sig ekki á því að þetta er bara 320 þúsund manna þjóðfélag og hugsu í einhverjum öðrum stærðargráðum. Auk þess, vegna starfa sinna hér á landi, þá hafði Capto tilfinningu fyrir því hvað Ísland var. [...] Augu okkar voru farin að beinast svoltið að Eystrasaltsríkjunum, að verkefni þar væru kannski af stærðargráðu sem að við myndum ráða við. Eins horfðum við til tiltölulega lítilla fyrirtækja á Norðurlöndunum. Capto kortlagði þessi svæði fyrir okkur, fyrst og fremst til að leita að aðilum til að kaupa.¹⁴

Þegar VBS Fjárfestingarbanki hf. og FSP ehf. (áður Fjárfestingarfélag sparisjóðanna ehf.) sameinuðust í mars 2007, átti FSP 50,1% í Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. Behrens þótti ekki falla að starfsemi sameinaðs félags og í framhaldinu hófust viðræður milli Sparisjóðabankans og FSP ehf. um kaup bankans á hlut fjárfestingarfélagsins í Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf.¹⁵ Samkvæmt samþykktum Behrens Fyrirtækjaráðgjafar ehf. átti stjórn félagsins forkaupsrétt að fólum hlutum í félaginu fyrir félagsins hönd. Að félaginu frágengnu áttu hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Í minnisblaði bankastjóra Spari-

12. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013.

13. Fundargerð bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf., 13. mars 2007.

14. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.

15. Fundargerð bankaráðsfundar Icebank hf., 15. maí 2007.

sjóðabankans til bankaráðs 11. maí 2007 var fyrirtækinu lýst sem íslensku félagi sem hefði tengsl við íslenska aðila í útrás á starfssvæði félagsins. Það hefði verðmæt viðskiptasambönd á Íslandi og erlendis. Bankinn hefði unnið með félaginu í nokkrum verkefnum hér á landi og erlendis og reynslan verið jákvæð. Tækjust ekki samningar um kaup á Behrens tæki við dýrt og tímafrekt ferli við leit og kaup á öðru sambærilegu félagi sem væri ef til vill dýrara. Stærstu hluthafar í félaginu, fyrir utan FSP hf., voru á þessum tíma þeir Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson og Sigurður Smári Gylfason. Samkvæmt minnisblaðinu höfðu þeir mikinn áhuga á að Behrens yrði hluti af bankanum og að farið yrði í uppbyggingu á starfsemi á þeim nótum sem fram komu í drögum að útrásarstefnu bankans.

Bankaráð Sparisjóðabankans samþykkti kaup á 50,1% hlut í Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. á fundi 15. maí 2007 og að halda áfram viðræðum við eigendur 49,9% hluta félagsins um yfirtöku Sparisjóðabankans á félaginu. Á sama fundi var skýrt frá heimsókn bankastjóra, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs og bankaráðsmannanna Guðmundar Haukssonar, Ragnars Z. Guðjónssonar og Magnúsar Ægis Magnússonar til Lettlands og Lítháen. Ferðin var farin í byrjun maí og voru ræddar tillögur Capto Financial Consulting um útrásarstefnu bankans og hugsanleg kaup á Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. Þá flutti bankastjóri greinargerð um efnahags- og stjórn málaástandið í Eystrasaltsríkjunum. Að umræðum loknum var ákveðið að fylgja tillögum bankastjóra að útrásarstefnu bankans næstu misserin. Í maí 2007 vann KPMG að skýrslu um yfirtöku á Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. fyrir bankann og kom þar fram að heildarverðmæti félagsins væri á bilinu 500 til 950 milljónir króna.¹⁶ Verðhugmynd seljenda fyrir 49,9% hlutinn var hins vegar um 500 milljónir króna sem var nokkru hærra en efri mörk verðmats KPMG. Í minnisblaði bankastjóra til bankaráðs 18. júní 2007 kom fram að munnlegt samkomulag hefði náðst við Aðalstein og Sigurð Smára um „heilðarpakka“ sem í fólst meðal annars að greitt yrði fyrir hluti í Behrens með hlutum í bankanum á sama verði og lykilstarfsfólk bankans fengi að kaupa hluti í bankanum við opnun eignarhalds.

Kaup Behrens Fyrirtækjaráðgjafar hf. á eigin hlutum

Á stjórnarfundum Behrens Fyrirtækjaráðgjafar hf. 4. júlí 2007 var ákveðið að nýta forgangsrétt til kaupa á 50,1% hlut í félaginu. Á sama fundi samþykkti stjórn drög að lánasamningi milli félagsins og Sparisjóðabankans til kaupa á eignarhlutum FSP ehf. í Behrens Fyrirtækjaráðgjöf hf., alls 240 milljónir króna, án nokkurrar tryggingar. Miðað við þessi kaup var heildarverðmæti félagsins 479 milljónir króna án tillits til mismunar á verði minnihluta og meirihluta.

Í ágúst 2007 keypti Behrens Fyrirtækjaráðgjöf hf. eignarhlut Martins Dukats, framkvæmdastjóra félagsins í Lettlandi, sem var 1,99% og greiddi félagið 140.000 evrur eða um 12,3 milljónir króna, miðað við gengi evru gagnvart íslensku krónunni í ágúst 2007. Miðað við verðið sem Martins fékk greitt fyrir bréfin sín var heildarverðmæti Behrens um 615 milljónir króna.

Tafla 2. Hluthafaskrá Behrens Fyrirtækjaráðgjafar hf. 23. ágúst 2007.*

Hluthafi	Nafnverð (kr.)	Hlutfall
Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf.	52.090.000	52,1%
AGJ Ráðgjöf ehf.	21.705.000	21,7%
2S, fjárfesting og ráðgjöf ehf.	21.705.000	21,7%
Friðrik Ingi Friðriksson	1.500.000	1,5%
Steinþór Jónsson	1.500.000	1,5%
Sverrir Sverrisson	1.500.000	1,5%

* Félagin AGJ Ráðgjöf ehf. og 2S, fjárfesting og ráðgjöf ehf. voru í eigu Aðalsteins G. Jóhannssonar og Sigurðar Smára Gylfasonar.

16. Í ljósi þess að skrárd erlend samanburðarfélag voru metin á $10,3 \times$ EBITDA notaði KPMG margfaldarann $8,2 \times$ EBITDA miðað við 20% seljanleikaáætlu.

Á sama tíma og Sparisjóðabankinn stóð í viðræðum við Behrens Fyrirtækjaráðgjöf hf. og eigendur þess um kaup á félaginu var unnið að því innan bankans hvernig hægt væri að breyta eignarhaldinu og gefa öðrum en sparisjóðum kost á að eignast hlut í bankanum. Í tölvupósti 15. júní 2007 frá Finni Sveinbjörnssyni til Geirmundar Kristinssonar, Ragnars Z. Guðjónssonar og Guðmundar Haukssonar, stjórnarmanna í bankanum, kom fram að þreifingar ættu sér stað á milli bankans og Aðalsteins Gunnars og Sigurðar Smára um kaup bankans á hlutafé þeirra. Með því myndi bankinn eignast Behrens og í kjölfarið yrði félagið sameinað bankanum. Þá væri það ófrávíkjanleg krafa eigenda Behrens Fyrirtækjaráðgjafar ehf. að greitt yrði fyrir kaupin á félaginu með hlutafé í bankanum. Í sama tölvupósti nefndi Finnur þrjá möguleika sem allir myndu meðal annars miða að því að draga úr þeirri samþjöppun eignarhalds sem væri í bankanum. Þá var einnig fjallað um leiðir til Kauphallarskráningar.¹⁷

Ólíkar skoðanir á framtíð bankans

Stærstu eigendur Sparisjóðabankans á þeim tíma, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður, höfðu hug á að selja sinn hlut í bankanum.

Það var ágreiningur á meðal hluthafanna þegar leið á 2007 hver ætti að vera framtíð Sparisjóðabankans. Það tengist hlutafélagavæðingu SPRON og skráningu á hlutabréfamarkað sem og áformum Byrs um að fara svipaða leið. Þessir sparisjóðir voru stærstu eigendurnir í Sparisjóðabankanum og eignarhluturinn var farinn að íþyngja þeim því hann dróst frá eigin fé þeirra. Þeir voru að fara á markað og mikil pressa að sýna góða afkomu. Því komu upp þau sjónarmið að það gæti verið viðkomandi sparisjóðum í hag að selja hlutinn í Sparisjóðabankanum og innleysa hagnað. Hinn kosturinn væri að eignast meiri hlut í bankanum og fá hann inn í samstæðu með viðkomandi sparisjóði. Þetta sneri ekki að mér og starfsfólki bankans heldur var þetta eigendapólitik hjá þessum stóru eigendum.¹⁸

Í maí 2007 tók SPRON-Verðbréf hf. málið upp og vildi hafa frumkvæði að því að fá að sjá um söluna á Icebank hf. en talið var að verkefni af þeirri stærðargráðu væri vel til þess fallið að setja fyrirtækið á kortið sem vænlegan samstarfsaðila í slíkum verkefnum í framtíðinni.

Ég man nú ekki nákvæmlega hvenær fyrstu samskipti við Behrens voru en það var einhvern tíma á árunum 2006–2007. Við höfðum kynnst Behrens í lánaverkefnum. Síðan kom stefnumótunarvinnan og í framhaldi af henni hugmyndir um að koma á laggirnar starfsemi erlendis. Síðar bætast við vangaveltur SPRON og Byrs um að annar hvor sparisjóðanna eignast meirihluta í bankanum eða losi sig við sína hluti. Þá fer í gang atburðarás sem endar með eigendabreytingum. [...] Aðalsteinn og Sigurður Smári höfðu sett fram þá kröfu að þeir myndu, ef af kaupunum á Behrens yrði, eignast hlut í bankanum. Síðan fá þeir vitneskju um að verið sé að reyna að selja hluti Byrs og SPRON í bankanum og það leiðir þá til þess að síðsumars 2007 ákveða þeir að búa til hóp til þess að gera tilboð í þessa hluti. Þeir bjóða líka að ef stjórnendateymið hefði áhuga á að vera með, þá væru þeir alveg opnir fyrir því. Það er þannig sem það gerist.¹⁹

Í júlí og ágúst 2007 unnu SPRON-Verðbréf hf. að undirbúningi tilboðsferlis og verðmats á Icebank hf. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík undirrituðu yfirlýsingu 2. ágúst 2007 þar sem SPRON-Verðbréfum var falið að annast sölu á 65,4% hlut sjóðanna í Icebank hf.²⁰ Átta mögulegir fjárfestar, eða hópar fjárfesta, fengu kynningu á verkefninu og skiluðu þrír þeirra inn óskuldbindandi tilboðum 31. ágúst 2007. Eitt af þremur tilboðum kom frá Gnúpi ehf. sem var tilbúið til að kaupa allan bankann á verði sem var 1,5 sinnum bókfært eigið fé og greiða fyrir með hlutabréfum í FL Group hf. Gnúpur ehf. hafði hug á að kaupa allan bankann og greiða fyrir 24 milljarða króna. Annað tilboð kom frá Straumborg ehf. sem vildi kaupa 70% hlut í bankanum miðað við verð sem væri 1,7 sinnum bókfært eigið fé. Kaupverðið væri því

17. Tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar til Geirmundar Kristinssonar, Ragnars Z. Guðjónssonar og Guðmundar Haukssonar 15. júní 2007.

18. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.

19. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.

20. Sparisjóðurinn í Keflavík seldi ekki sinn hlut heldur jók við hann í viðskiptum síðar á árinu. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni 12. ágúst 2013 sagði fyrrum sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, Geirmundur Kristinsson: „Þessi umræða var hvort við ættum hugsanlega að selja eða halda áfram en það kemur líka þarna inn í mat á það að ef [Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík] ætluðu að selja að þá myndi hugsanlega lítið fást út úr þessu fyrir okkur. Það var álitnið á þeim tíma. Allavega verður niðurstaðan þessi, þannig að menn voru að velta þessu fyrir sér.“

um 19,3 milljarðar króna og heildarverðmæti bankans 27,5 milljarðar. Þriðja tilboðið var frá Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. og fjárfestahópi á þeirra vegum í 53% hlut sem þessir aðilar voru tilbúnir að greiða 16,9 milljarða króna fyrir og verðmæti bankans samkvæmt því 32 milljarðar króna. Í tilboðinu kom ekki fram hverjir væru í þessum fjárfestahópi. Hópurinn sem Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. fór fyrir hafði einnig áhuga á að ræða fjármögnun kaupanna við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóð.²¹

Bankastjóri Icebank sendi Geirmundi Kristinssyni, Ragnari Z. Guðjónssyni og Guðmundi Haukssyni tölvupóst 7. ágúst 2007 þar sem hann taldi að hræringar á erlendum hluta- og skuldabréfamörkuðum kölluðu á að vandað yrði enn meira til verka en ella við uppstokkun á eignarhaldi bankans. Hann ítrekaði mikilvægi þess að stefna ekki erlendri lánsfjármögnun og erlendum bankasamböndum í hættu og sagðist treysta því að þetta sjónarmið myndi veða þungt við ákvarðanatöku Geirmundar, Ragnars og Guðmundar. Í tölvupóstinum nefndi Finnur jafnframt: „Í tengslum við þetta varpa ég á ný fram þeirri hugmynd sem ég hef nefnt við ykkur í síma að eingöngu BYR og SPRON (og samstæðu-/samrunasparisjóðir þeirra) selji að sinni þannig að fyrst í stað sitji eftir a.m.k. 40% hlutur í eigu annarra sparisjóða og jafnvel að þeir auki eitthvað við sig.“²²

Í byrjun september 2007 veltu framkvæmdastjóri hagdeildar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og framkvæmdastjóri SPRON-Verðbréfa hf. því upp hvort Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis ætti jafnvel að kaupa allt hlutafé í Icebank hf. og þróa hann áfram eða selja. Eftir fund 3. september með Guðmundi Haukssyni, forstjóra sparisjóðsins, var farið í viðræður við Behrens hópin um kaupin. Síðar sama dag voru fyrstu drög að kaupsamningi tilbúin og verðmæti bankans áætlað 32 milljarðar króna eða um það bil tvöfalt virði eigin fjár Icebank hf.²³ Í september 2007 var unnið að því að setja saman almennan lánapakka fyrir kaupendahópinn en á sama tíma vann bankastjóri sérstaklega að því að athuga fjármögnun á kaupum stjórnenda bankans að fullu á eignarhlut í honum.

Á hluthafafundi 18. september 2007 var samþykktum Sparisjóðabankans breytt á þann veg að bankinn hefði ekki lengur þann sérstaka tilgang að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna og einstakra sparisjóða. Þá voru ákvæði um að eingöngu sparisjóðum og félögum, sem væru að fullu í eigu sparisjóða, væri heimilt að eiga hluti í bankanum felld út.

Breyttur tilgangur Sparisjóðabankans 2007

Samhliða viðræðum um sölu á hlutabréfum í bankanum stóðu yfir aðrar viðræður um kaup bankans á Behrens Fyrirtækjaráðgjöf hf. Kaupsamningur milli Sparisjóðabankans og allra hluthafa Behrens var undirritaður 17. september 2007 með fyrirvara um samþykki bankaráðs. Í kaupsamningi var verð á útistandandi bréfum, eða 47,91% eignarhlut, um einn milljarður króna. Endanlegt kaupverð var um 1,25 milljarðar króna vegna þess að félagið átti sjálft rúmlega helming af eigin hlutum sem keypt voru á 250 milljónir króna með lánum frá Sparisjóðabankanum.²⁴ Bankaráð Sparisjóðabankans samþykkti þessi kaup 9. október 2007 og taldi bankastjóri „ekki [...] unnt að halda því fram að verðið [væri] lágt“ en engu að síður væri um ásætlanlegt verð að ræða.²⁵

Í lok september 2007 var komin mynd á kaupendahópinn sem Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. setti saman fyrir kaup á eignarhluta Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Byrs sparisjóðs í Sparisjóðabankanum, en endanleg útfærsla á fjármögnun lá ekki fyrir. Kauptilboð voru lögð fram 8. október 2007 en í því var gengi bréfanna í viðskiptunum 28,055 krónur fyrir hverja krónu nafnverðs hlutafjár í bankanum. Samkvæmt tilboðinu skyldi kaupverðið greitt tíu virkum dögum eftir að allir tilboðshafar hefðu samþykkt tilboðið og fyrirvarar í tilboðinu yrðu niður fallnir. Kauptilboðin voru háð fyrirvara um lán frá Byr og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fyrir kaupunum.

21. Tölvuskeyti Jóns Gunnars Vilhelmssonar, forstöðumanns í fyrirtækjaráðgjöf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, til Valgeirs M. Baldurssonar, framkvæmdastjóra hagdeildar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 4. september 2007.

22. Tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar til Geirmundar Kristinssonar, Ragnars Z. Guðjónssonar og Guðmundar Haukssonar 7. ágúst 2007.

23. Tölvuskeyti Valgeirs M. Baldurssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 3. september 2007.

24. Fundargerð bankaráðs Icebank hf., 9. október 2007.

25. Fundargerð bankaráðs Icebank hf., 9. október 2007.

Tafla 3. Kaupendur að hlutum í Sparisjóðabankanum í október 2007 og eignarhlutur sem keyptur var.²⁶

Sparisjóður	Eignarhlutur	Félög stjórnenda	Eignarhlutur	Önnur félög	Eignarhlutur
Sparisjóður Svarfdæla	1,33%	Breiðutangi ehf. (Finnur Sveinbjörnsson)	2,66%	Bergið ehf.	9,50%
Sparisjóður Mýrasýslu	3,00%	Lagos ehf. (Gunnar Svavarsson)	1,86%	Obduro ehf.	1,00%
Sparisjóður Bolungarvíkur	1,33%	G-tveir ehf. (Hafdis Karlsdóttir)	1,06%	Fjárfestingarfélagið Sproti ehf.	0,49%
Sparisjóður Vestmannaeyja	1,33%	HDH Invest ehf. (Agnar Hansson)	1,86%	Gnúpverjar ehf.	3,50%
Sparisjóðurinn í Keflavík	3,00%	Saltsalan ehf. (Anna Þ. Reynis)	0,66%	Infestus Holding ehf. (Sigurður S. Gylfason)	4,50%
		Óseki ehf. (Ólafur S. Ottósson)	0,40%	Sparta Holding ehf. (Aðalsteinn G. Jóhannsson)	4,50%
				SM1 ehf.	9,50%
Samtals	9,99%		8,50%		32,99%

Ekki var gengið frá undirritun lánasamninganna við kaupendur fyrir en í byrjun desember og dróst því að ganga frá kaupunum á hlutafé í Sparisjóðabankanum þangað til. Í byrjun desember var jafnframt gengið frá kaupum Sparisjóðabankans á Behrens Fyrirtækjaráðgjöf hf. KPMG hafði hafið vinnu við áreiðanleikakönnun á Behrens í byrjun október 2007 en tölvupóstsamskipti starfsmanna Sparisjóðabankans, KPMG og fulltrúa seljenda gefa til kynna að hún hafi gengið hægt. Hinn 3. desember 2007 sendi Finnur Sveinbjörnsson KPMG tölvupóst og spurði um framvindu verksins en í svarinu kom fram að „þrátt fyrir eftirrektor vanta[ði] enn gögn“.²⁷ Þótt áreiðanleikakönnun lægi ekki fyrir samþykkti bankastjóri kaupin þennan sama dag. Seljendur voru fimm og fengu félög í eigu Aðalsteins Gunnars og Sigurðar Smára 453 milljónir króna hvort en Friðrik Ingi Friðriksson, Steinþór Jónsson og Sverrir Sverrisson um 31 milljón króna hver. Greiðslan til Aðalsteins og Sigurðar var greidd með hlutafé í Sparisjóðabankanum. Í endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2007 kemur fram að nær allt kaupverðið hafi verið viðskiptavild.²⁸

Tafla 4. Gangvirði eigna og kaupverð Behrens Fyrirtækjaráðgjafar ehf.²⁹

Pús. kr.	Bókfært verð	Gangvirði
Handbært fé	40.253	40.253
Útlán og kröfur	246.921	246.921
Fjáreignir á gangvirði	6.940	6.940
Aðrar eignir	2.024	2.024
Önnur innlán	(252.649)	(252.649)
Aðrar skuldir	(105.859)	(105.859)
Hrein eign (neikvæð)	(62.370)	(62.370)
Viðskiptavild		1.062.370
Kaupverð samtals		1.000.000

Um matið á félaginu sagði fyrrum bankastjóri í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni:

Það sem við [...] vorum aftur á móti að horfa til var verkefnastaðan og væntingar um frekari verkefni. Að einhverju leyti var þetta, eins og svo margt á þeim tíma, byggt á mjög bjartsýnum spám. Það var allavega þjarkað um verðið fram og til baka og á endanum náðist niðurstaða. Hún hækkaði reyndar á tímabilinu og ég held að öllum þeim sem komu að þessu af bankans hálfu hafi fundist að við værum búin að teygja okkur langt. Það væri allavega komið þannig að kannski hefði maður bara átt að segja: Nei, hingað og ekki lengra, þetta er orðið of hátt. Að sama skapi þá voru einhvern veginn komnar þær aðstæður að best væri að ljúka verkefninu og það verður yfirsterka [...]. Ég held að það sé augljóst, og væntanlega var flestum sem tóku þátt í þessu það ljóst, að ef Behrens viðskiptin myndu ekki ganga eftir, þá myndu hin viðskiptin, kaupin á eignarhlutunum í bankanum, ekki ganga eftir. Þá myndu SPRON og Byr ekki innleysa hagnað af sölunni og þyrftu áfram að

26. Tölvuskeyti Sigurðar S. Gylfasonar til Valgeirs M. Baldurssonar, Jóns G. Vilhelmssonar og Aðalsteins Jóhannssonar 5. nóvember 2007.

27. Tölvuskeyti Sigurðar Jónssonar til Finns Sveinbjörnssonar 3. desember 2007.

28. Í greinargerð PricewaterhouseCoopers frá apríl 2011 sem unnin var fyrir slitastjórn Sparisjóðabanka Íslands hf. kemur fram það álit að kaupverðið á Behrens hafi verið 600 milljónum króna of hátt og sú fjárhæð hafi í raun verið ráðningarbónus eða ívilnun til Aðalsteins og Sigurðar Smára.

29. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun Icebank hf. 2007.

draga eignarhlutinn frá eigin fé þannig að gamla staðan myndi koma upp aftur. Þetta er kannski meira eins og tilfinning mín fyrir þeim aðstæðum sem upp voru komnar, frekar en að einhver hafi hringt í mig og sagt að viðskiptin yrðu að ganga í gegn.³⁰

Nýtt bankaráð tók til starfa í kjölfar breytingar á eignarhaldi bankans og 31. desember 2007 lét Finnur Sveinbjörnsson af störfum sem bankastjóri. Agnar Hansson, sem hafði gegnt stöðu forstöðumanns fjárstýringar bankans, varð bankastjóri. Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson og Sigurður Smári Gylfason voru ráðnir til Sparisjóðabankans 1. desember 2007, og eftir að nýr bankastjóri tók við varð Sigurður framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og Aðalsteinn framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Á hluthafafundi bankans 17. október 2008 var ákveðið að Icebank hf. tæki upp sitt fyrra nafn og varð lögheiti hans Sparisjóðabanki Íslands hf.

Nýtt bankaráð og nýr bankastjóri í árslok 2007

Viðskipti Sparisjóðabankans við stærstu hluthafa Behrens Fyrirtækjaráðgjafar ehf.

Í byrjun desember 2007 keyptu eignarhaldsfélög í eigu Aðalsteins Gunnars og Sigurðar Smára samtals um 9% eignarhlut í Sparisjóðabankanum en þeir hófu störf í bankanum í sama mánuði. Hluti kaupverðsins var greiddur með hlut þeirra tveggja í Behrens Fyrirtækjaráðgjöf hf.* en annað var fengið að láni, meðal annars frá Sparisjóðabankanum. Lán Sparisjóðabankans til þeirra námu um 500 milljónum króna.

Í ráðningarsamningum Aðalsteins og Sigurðar Smára frá desember 2007 voru ákvæði um að þeir skyldu leitast við að selja eignarhluti sína í Fasteignafélagi Suðurnesja ehf., S. Helgasyni ehf. og Skemmuvegi 34a ehf. fyrir 1. apríl 2008. Einnig kæmi „til greina að bankinn [keypti] þessa eignarhluti eða [hefði] milligöngu um að selja þá án sérstakrar þóknunar“. Í lok maí 2008 keypti Sparisjóðabankinn hluti Aðalsteins og Sigurðar Smára í Skemmuvegi 34a ehf. og Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. Bankinn greiddi fyrir verðmat á þessum félögum sem og verðmat á S. Helgasyni ehf. en keypti ekki hlut í síðastnefnda félaginu.

Skemmuvegur 34a ehf. og Fasteignafélag Suðurnesja ehf. voru félög utan um fasteignaverkefni. Skemmuvegur 34a ehf. var stofnað um fasteign S. Helgasonar ehf. að Skemmuvegi. Síðar keypti félagið tvær fasteignir við hlið S. Helgasonar og var í viðræðum við eigendur þeirrar þriðju um að þróa byggingarreit á öllum lóðunum, en þær voru samliggjandi. Fasteignafélag Suðurnesja ehf. átti fasteignir á Suðurnesjum og þrjú fasteignaprúnarfélög, Blikavöll 3 ehf., Hvalvík 4 ehf. og Gullmolann ehf. Sparisjóðabankinn keypti hluti Aðalsteins og Sigurðar Smára í þessum tveimur félögum en þeir áttu um 40% eignarhlut hvor. Bankinn greiddi um 122 milljónir króna fyrir Skemmuveg 34a ehf. og um 140 milljónir króna fyrir Fasteignafélag Suðurnesja ehf. Verðmat KPMG á Skemmuvegi 34a ehf. var að „virði eiginfjár væri á bilinu mínus 51,8 milljónir króna til 302,5 milljónir króna. Eigið fé Skemmuveggar 34a í árslok 2007 var neikvætt um 53,9 milljónir króna, samkvæmt ársreikningi félagsins 2007.“ Verðið sem Sparisjóðabankinn greiddi fyrir 40% hlut var nálægt efri mörkum verðmatsins. Verðmat KPMG á Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. var á bilinu 315–350 milljónir króna og verðið sem bankinn greiddi fyrir það félag jafnframt við efri mörk verðmatsins. Auk kaupanna á þessum tveimur félögum keypti Sparisjóðabankinn fjögur veðskuldabréf með veði í fasteignum Skemmuveggar 34a ehf. af eignarhaldsfélögum Aðalsteins og Sigurðar Smára. Bréfin voru keypt á samtals 47 milljónir króna.¹

Í apríl 2011 útbjóg PricewaterhouseCoopers greinargerð fyrir slitastjórn Sparisjóðabankans um tap bankans vegna viðskipta við þá Aðalstein Gunnar Jóhannsson og Sigurð Smára Gylfason. Tapið hafði þá ekki að fullu komið fram en tjónið sem þá þegar hafði orðið var um 2,7 milljarðar króna. Mat endurskoðendafélagsins var að líkur væru á að um 300 milljónir króna til viðbótar væru tapaðar.

* Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. var breytt í hlutafélag á hluthafafundi 24. nóvember 2006.

1. Steinþór Jónsson, varaformaður stjórnar Sparisjóðabankans, var hluthafi í Fasteignafélagi Suðurnesja í gegnum félag sitt Heiðarþúar ehf.

30. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.

Tafla 5. Sundurliðað tap vegna viðskipta við félög tengd lykilstarfsmönnum Sparisjóðabankans.

Andlag	Tap (þús. kr.)
Kaupverð eignarhluta í Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf.	650,000
Kaupverð/yfirverð eignarhluta í Behrens	600,000
Veitt lán til Spórtu Holding ehf.	651,030
Veitt lán til Infestus Holding ehf.	651,030
Veitt lán til Ferundar ehf.	28,100
Veitt lán til Ferundar ehf.	23,900
Veitt yfirdráttarlán til Ferundar ehf.	55,600
Veitt hluthafalán Behrens ráðgjafar til Ferundar ehf.	28,700
Innleyst tap Sparisjóðabankans	2,688,360
Kaupverð eignarhluta í Skemmuvegi 34a ehf.	122,915
Kaupverð eignarhluta í Fasteignafélagi Suðurnesja ehf.	140,000
Kaup á fjórum óverðtrygðum veðskuldabréfum 50% niðurfærsla	23,328
Áætlað tap	286,243
Tap alls	2,974,603

Breytingar á
reikningsskilaaðferðum

31.1.2 Áhrif breytinga á eignarhaldi Sparisjóðabankans á sparisjóði

Við gerð ársreiknings sparisjóðanna fyrir árið 2007 höfðu átta sparisjóðir tekið upp alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og þrjár sparisjóðir til viðbótar breytt matsaðferðum fjáreigna sinna án þess að taka upp sömu reikningsskilareglur.³¹ Með upptöku alþjóðlegra reikningsskilareglna voru skilyrði fyrir því að eign teldist hlutdeildarfélag þrengd og eignarhlutur í Sparisjóðabankanum, sem hafði verið færður með hlutdeildaraðferð hjá öllum sparisjóðum, var færður sem fjáreign á gangvirði.

Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Sparisjóður Höfðhverfinga, Sparisjóður Norðfjarðar og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis breyttu matsaðferðum sínum. Þeir þrjár síðastnefndu hættu að færa eignarhlut sinn í Sparisjóðabankanum með hlutdeildaraðferð og færðu hann í veltubók. Allir sparisjóðir nema Sparisjóður Suður-Þingeyinga höfðu því tekið upp matsaðferð á eignarhlut í Sparisjóðabankanum sem krafðist þess að metið yrði hvert gangvirði hans væri. Að meta óskráðar fjáreignir á gangvirði kann að vera snúið en oft er miðað við gengi hluta í síðustu viðskiptum.

Viðskiptin með hlutabréf í Sparisjóðabankanum í lok árs 2007 höfðu því mikið að segja fyrir mat flestra sparisjóða á einni af stærstu fjáreignum þeirra. Kauptilboð í hlutina voru á genginu 28,055 krónur á hlut sem var notað til viðmiðunar við mat á eignarhlutnum í mörgum sparisjóðum í lok árs 2007. Aðeins einn sparisjóður, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, mat bréfin á sölugenginu en meðal flestra sparisjóða var gengið á bilinu 20–23 krónur á hlut. Með því að færa eignina á gangvirði á sama eða svipuðu gengi og í viðskiptunum í október, bókfærðu sparisjóðirnir miklar tekjur af eigninni. Sparisjóður Vestmannaeyja, Sparisjóður Höfðhverfinga og Sparisjóður Suður-Þingeyinga voru einu sparisjóðirnir sem mátu bankann undir 20 krónum eða á bilinu 11,9–16,3 krónur á hlut.³²

Flestir þessara sparisjóða færðu gengishagnað í bækur sínar, en það er heimilt með því að færa eignir á gangvirði, enda þótt hagnaður af verðbréfum skili sér ekki í raun fyrr en bréfin eru seld. Það voru einungis tveir sparisjóðir sem innleystu hagnað vegna Sparisjóðabankans á árinu 2007, þ.e. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, sem hafði söluhagnað af viðskiptunum sem nam 3,1 milljarði króna og Byr sparisjóður sem hagnaðist um 4,2 milljarða króna á sölunni.³³

Hlutabréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis voru skráð í Kauphöllina í október 2007, skömmu eftir að gengið hafði verið frá kauptilboðum í eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum. Útboðslýsing hlutabréfanna gaf til kynna að til viðbótar 12,2 milljarða króna hagnaði fyrstu átta mánuði ársins, en útboðslýsingin var gerð í október 2007, kæmi


31. Þeirra á meðal er Sparisjóður Vestfirðinga sem hafði sameinast Sparisjóðnum í Keflavík fyrir lok árs 2007.

32. Sparisjóður Suður-Þingeyinga færði Icebank hf. sem hlutdeildarfélag í lok árs 2007, einn sparisjóða.

33. Hér er ekki meðtalin bókfærður gengishagnaður sparisjóðanna tveggja vegna þessarar sömu eignar.

3,3 milljarða króna söluhagnaður af sölu eignarhluta í Sparisjóðabankanum. Aðstæður breyttust þó töluvert frá því útboðslýsingin var gerð og hagnaður sparisjóðsins fyrir árið varð 3,3 milljarðar króna samtals, eða nær eingöngu söluhagnaðurinn af bréfunum í Sparisjóðabankanum. Byr sparisjóður bauð út 12,2 milljarða króna nýtt stofnfé í sparisjóðnum í byrjun desember 2007. Heildarverðmæti stofnfjárukningarinnar var 26,3 milljarðar króna. Í útboðslýsingu frá nóvember 2007 var þess getið að hagnaður sameinaðs sparisjóðs, þ.e. Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs, fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007 hefði numið 5,2 milljörðum króna sem væri umfram áætlanir. Horfur fyrir seinni hluta ársins 2007 væru mjög góðar. Ekki var getið sérstaklega um rekstraráhrif af sölu eignarhluta í Sparisjóðabankanum á síðari hluta ársins í lýsingunni. Hagnaður ársins varð 7,9 milljarðar króna eftir skatt og 9,6 milljarðar króna fyrir skatt. Söluhagnaður af bréfum í Sparisjóðabankanum var því rétt tæplega helmingur hagnaðar fyrir skatt. Báðir þessir sparisjóðir lánuðu fyrir kaupum á hlutabréfum í bankanum og ári síðar töpuðu þeir nær öllum söluhagnaðinum vegna afskriftar af þeim útlánunum. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hafði afskrifað 4,4 milljarða króna vegna lánanna í lok árs 2008 og Byr sparisjóður 5,2 milljarða króna á sama tíma.³⁴

Mynd 3. Afkoma Sparisjóðabankans sem hlutfall af heildarafkomu sparisjóðanna af fjáreignum og bókfært verð bankans sem hlutfall af fjáreignum sparisjóðanna 2003–2008.³⁵



Sparisjóðurinn í Keflavík, Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis bókfærðu töluverðan gengishagnað af eign sinni í Sparisjóðabankanum á árinu 2007, eða samtals um 6,7 milljarða króna. Sparisjóðurinn í Bolungarvík hafði um 233 milljónir króna í gengishagnað af sömu eign, Sparisjóður Norðfjarðar 130 milljónir króna og Sparisjóður Þórshafnar 132 milljónir króna. Sparisjóður Strandamanna, Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Suður-Þingeyinga höfðu minni tekjur af eignarhlut í Sparisjóðabankanum á árinu 2007 en árið áður. Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóður Vestmannaeyja töpuðu á eigninni á árinu. Tap þess síðarnefnda var ekki mikið en Sparisjóður Mýrasýslu tapaði 400 milljónum króna. Þar hafði mest áhrif gengislækkun á þeim hlut sem sparisjóðurinn keypti síðla árs 2007. Kaupin fóru fram á genginu 28,055 en hluturinn var færður á 23 krónur í árslok 2007.

34. Um niðurfærslu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Byrs sparisjóðs, Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Mýrasýslu á lánunum til kaupa á hlutabréfum í Icebank hf. er fjallað í útlánaköflum hvers sparisjóðs fyrir sig, þ.e. sérstökum undirköflum um útlán í 17. til 20. kafla.

35. Ársreikningar sparisjóðanna og Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. 2001–2008. Myndin er gerð fyrir árin 2003–2008 þar sem upplýsingar fyrir 2001 og 2002 voru ófullkomnar. Afkoma af eign í Sparisjóðabankanum og bókfært virði sömu eignar eru vantalín árið 2006 þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um Sparisjóð Kópavogs fyrir það ár. Þær upplýsingar sem þó eru til staðar benda til þess að vanmatið sé ekki meira en 2 prósentustig. Hér eru ótalin áhrif söluhagnaðar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðfjarðar á árinu 2007.

Mikið tap á rekstri Sparisjóðabankans 2008

Á árinu 2008 var mikið tap af rekstri Sparisjóðabankans og hann talinn lítills virði í lok ársins. Niðurfærsla sparisjóðanna á eignarhlutum þeirra í Sparisjóðabankanum nam samtals 14,7 milljörðum króna á árinu. Það var um 24% af heildartapi þeirra vegna fjáreigna á sama tíma. Til viðbótar töpuðu Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis 9,6 milljörðum króna af lánum sem veitt voru til kaupa á hlutabréfum í bankanum, Sparisjóður Mýrasýslu 1,6 milljörðum króna og Sparisjóðurinn í Keflavík 1,5 milljörðum króna.³⁶

31.2 Eignarhlutur Sparisjóðabankans í Exista hf.

Sparisjóðabankinn, auk sjö sparisjóða, var meðal fyrstu eigenda SP-eignarhaldsfélags ehf., sem síðar varð Exista hf. Hlutur Sparisjóðabankans í eignarhaldsfélaginu var 15,9% í byrjun júlí 2001.³⁷ Félagið var stofnað til þess að halda utan um hluti eigenda í Kaupþingi hf. en þeir áttu þó áfram beina eignaraðild að Kaupþingi. Beinn hlutur Sparisjóðabankans í Kaupþingi hf. var 3,91% í maí 2002 en á sama tíma átti SP-eignarhaldsfélag ehf. 8,24% hlut.³⁸ SP-eignarhaldsfélag ehf. tók upp nafnið Meiður ehf. á árinu 2003 en hlutahafafundur félagsins samþykkti að breyta nafninu í Exista ehf. 6. maí 2005. Í lok árs 2005 var eignarhlutur Sparisjóðabankans í Exista ehf. 5,8%, en hann átti 3,5% í Exista hf. ári síðar og 2,5% í árslok 2007.

Tekjur Sparisjóðabankans af hlutum í Exista ehf. voru 837 milljónir króna, eða 45% af hreinum rekstrartekjum bankans árið 2004 og 2.579 milljónir króna árið 2005 sem voru 68% af hreinum rekstrartekjum þess árs.³⁹ Í árslok 2005 var eign bankans í Exista hf. 42% af eigin fé hans og 3,6% af heildareignum. Hækkandi gengi bréfa í Exista og aukin áhætta sem fylgdi svo stórrí stöðu varð tilefni umræðna um stöðu bankans og hvað gera ætti við eignarhlutinn. Hlutabréf í Exista hf. voru skráð í kauphöllina 15. september 2006 og hafði gengi bréfanna þá hækkað mikið frá áramótum. Tekjur bankans af eignarhlut í Exista hf. voru 6,1 milljarður króna árið 2006, bæði vegna gengishækkunar í tengslum við skráningu félagsins í Kauphöll og hagnaðar af sölu hlutabréfa til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. Bankinn hélt áfram að selja hluti í Exista hf. á árinu 2007 en tekjur af bréfunum á því ári voru 663 milljónir króna.⁴⁰ Í ágúst 2008 hafði bankinn selt alla eign sína í Exista hf. en tap af henni á árinu fram til 18. ágúst 2008 var 3,1 milljarður króna.⁴¹ Þótt tapið hefði verið töluvert hafði það minni þýðingu fyrir rekstrarniðurstöðu bankans 2008 en oft áður, vegna mikils taps af útlánum og lánum til viðskiptabankanna sem fjármögnuð voru með endurhverfum viðskiptum og endurlánum þeirra fjármuna til bankanna. Í febrúar 2008 tóku starfsmenn bankans saman hver áhrif Exista hf. á rekstrarniðurstöðu bankans hefðu verið 2004–2007. Tekjur af verðbréfaeigninni voru dregnar frá afkomu og skattgreiðslur leiðréttar vegna þeirra breytinga.

Tafla 6. Hagnaður Sparisjóðabankans árin 2004–2007 og hagnaður á sama tímabili ef frá eru dregnar tekjur bankans af eignarhlut í Exista hf.⁴²

<i>Pús. kr.</i>	2004	2005	2006	2007
Hagnaður ársins	806,321	2,523,052	5,661,625	1,616,103
Hagnaður ársins án áhrifa Exista hf.	120,165	271,605	861,863	1,009,691

36. Heildarlánveitingin til Sparisjóðsins í Keflavík nam 2,4 milljörðum króna í lok árs 2008 en þar af höfðu 1,5 milljarðar verið færðir á sérgreindan afskriftareikning. Hinir sparisjóðirnir þrír höfðu fært lánin niður að fullu í lok árs 2008. Í desember 2009 voru 1,7 milljarðar króna endanlega afskrifaðar vegna lánanna hjá Sparisjóðnum í Keflavík og 1,2 milljarðar bakfærðir vegna gengismunar.

37. Tilkynning til Fyrirtækjaskrár 3. júlí 2001.

38. Skráningarlýsing Kaupþings banka hf. 16. maí 2002.

39. Byggt á upplýsingum úr endurskoðunarskýrslum með ársreikningi fyrir þessi tvö ár. Þá kom fram í tölvupósti milli forstöðumanns reikningshalds og framkvæmdastjóra rekstrarsviðs bankans frá 7. desember 2007 að á árinu 2004 hefði Sparisjóðabankinn fengið 57,5 milljónir króna í arð og 287,5 milljónir króna árið eftir.

40. Í tölvupósti milli forstöðumanns reikningshalds og framkvæmdastjóra rekstrarsviðs bankans frá 7. desember 2007 kom fram að arðstekjur bankans af Exista hf. hefðu numið 374,8 milljónum króna á árinu 2007.

41. Fundargerð fjármálanefndar Sparisjóðabanka Íslands hf., 19. ágúst 2008.

42. Tölvuskeyti sérfræðings í hagdeild Sparisjóðabankans til framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatækisviðs Sparisjóðabankans 12. febrúar 2008.

Í umfjöllun um fjárfestingar í köflum um hvern sparisjóð er fjallað um góðar tekjur flestra sparisjóða af eignarhlut í Sparisjóðabankanum 2005 og 2006 vegna góðs gengis bankans á þeim árum. Ljóst er að þann hagnað má að miklu leyti rekja til þessarar einu verðbréfa- eignar. Eiginleg starfsemi Sparisjóðabankans sem slík gaf lítið í aðra hönd fyrir sparisjóðina, enda voru þeir stærstu viðskiptavinir bankans á sama tíma og þeir voru einu eigendur hans. Hagnaður sem bankinn hefði skilað til eigenda sinna í gegnum venjulega starfsemi, t.d. með því að auka vaxtamun eða hækka þjónustutekjur, hefði komið beint frá eigendum sjálfum. Þetta breyttist þó frá árinu 2004 þegar útlánastefna bankans fór að breytast.

Á hluthafafundi í október 2001 var kynnt skýrsla KPMG ráðgjafar um úttekt og mat á stöðu bankans. Þar voru eins og áður sagði lagðar til fjórar leiðir fyrir framtíðarstarfsemi bankans. Með skýrslunni var lagður grunnur að stefnumótun bankans en á fundinum í október var ákveðið að fara leiðir sem miðuðu að því að lágmarka áhættu af markaðsviðskiptum. Áhættan af eignarhlut í Exista hf. var langstærsta markaðsáhætta bankans.⁴³ Á fundi bankaráðs 22. nóvember 2002 var áréttað að bankinn hlyti að stefna að því að losa um hlut sinn í Exista hf. (þá Meiði ehf.) við fyrstu hentugleika. Ekkert varð þó af sölu bankans á eignarhlutum fyrr en árið 2006 og þar vógu þyngst sjónarmið um eiginfjárlutfall bankans og skerptar áherslur í starfsemi bankans í kjölfar stefnumótunar hans á árinu.

Stór eignarhlutur í Exista hf. tók í við útreikning á eiginfjárlutfalli samkvæmt 84. og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en þar skal draga frá eigin fé fjármálafyrirtækis eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum. Innan bankans tókust á sjónarmið þeirra sem vildu halda eignarhlutum í Exista hf. þar sem hann hafði skilað bankanum töluverðum tekjum, og þeirra sem vildu selja hann til þess að bæta eiginfjárstöðu og losa um fjármuni sem hægt væri að nýta í önnur verkefni. Í byrjun árs 2006 kom annað þessara sjónarmiða skýrt fram í tölvuskeyti Geirmundar Kristinssonar, formanns bankaráðs:

Ég er sammála því að leitað verði skynsamlegra leiða til að tryggja eiginfjárgrundvöll bankans, en vek um leið athygli á því að Exista hluturinn umtalaði sem sagður er vera að sliga bankann hefur verið þess valdandi að bæði bankinn og vafalaust margir sparisjóðir eru að sýna afkomu sem ekki hefur sést áður í sparisjóðakerfinu. Ég efast líka um tilvist sparisjóðakerfisins ef ekki hefði verið farið út í þá fjárfestingu í upphafi, án þessa að tíunda það langt aftur í tímann. En stundum um áramót er hollt að líta um öxl og skoða í huganum það sem á undan er gengið. Einnig er hollt að líta fram á veginn og þá kemur upp í hugann hvað kemur í stað Exista ef hluturinn verður seldur. Ekkert er í spilunum í dag sem segir mér í dag að eitthvað bakslag sé í þeirri fjárfestingu. Aftur á móti hef ég heyrt á nokkrum sparisjóðamönnum að þeir færu að sofa betur ef hluturinn væri innleystur, en ég held frekar að þeir ættu að fá sér eitthvað annað að gera til að ná upp svefni. Í mínum huga væri sá svefn dýrkeyptur með því að selja Exista hlutinn. Með þessum hugleiðingum er ég ekki að gera lítið úr eiginfjárerfiðleikum bankans, þá verður að leysa, heldur fyrst og fremst að hvetja menn til skynsamlegrar ákvarðanatöku.⁴⁴

Tekjur bankans af eignarhlutum í Exista hf. á árinu 2005 voru miklar og meginuppistaða hagnaðar á því ári. Gengishækkun sú sem varð á bréfunum á síðari hluta ársins 2006, þegar þau voru skráð í Kauphöllina, hafði ekki komið fram þegar formaður ritaði tölvupóstinn en samt sem áður vógu framkomnar gengishækkningar þungt í eiginfjárútreikningum Sparisjóðabankans. Bankastjóri svaraði tölvuskeytinu frá formanni bankaráðs:

Ekki vil ég gera lítið úr ágóðanum af Exista-hlutnum, hann hefur svo sannarlega komið sér vel fyrir bankann og hluthafana. Staðreyndin er hins vegar sú að verðmæti Exista-hlutarins slagar óþægilega hátt upp í allt eigið fé bankans. Ef ekki hefðu komið til „æfingar“ um áramótin hefði eiginfjárlutfall bankans farið niður í 7,2–7,3%. Á því verður að taka, það vitum við allir. Þar held ég að sé hyggilegast að fara sambland af þremur leiðum, þ.e. auka hlutafé, gefa út víkjandi bréf og selja eitthvað af Exista-hlutnum (engin ástæða til að selja hann allan).⁴⁵

Eignarhlutur í Exista hf. stærsta markaðsáhætta bankans

„Einnig er hollt að líta fram á veginn og þá kemur upp í hugann hvað kemur í stað Exista ef hluturinn verður seldur. Ekkert er í spilunum í dag sem segir mér í dag að eitthvað bakslag sé í þeirri fjárfestingu.“

Úr tölvuskeyti Geirmundar Kristinssonar 3. janúar 2006.

„Ekki vil ég gera lítið úr ágóðanum af Exista-hlutnum, hann hefur svo sannarlega komið sér vel fyrir bankann og hluthafana. Staðreyndin er hins vegar sú að verðmæti Exista-hlutarins slagar óþægilega hátt upp í allt eigið fé bankans.“

Úr tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar 3. janúar 2006.

43. Skýrsla Magnúsar Kristins Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

44. Tölvuskeyti Geirmundar Kristinssonar til Finns Sveinbjörnssonar, Sigurðar Jónssonar og Jóhanns T. Sigurðssonar 3. janúar 2006.

45. Tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar til Geirmundar Kristinssonar og Sigurðar Jónssonar 3. janúar 2006.

„Eins og þú veist hef ég haft sívaxandi áhyggjur af eiginfjárstöðu bankans, sérstaklega eftir þátttöku hans í hlutfjárhækkun Exista í desember. Með tímabundnum ráðstöfunum með aðstoð Bakkabræðra var málum bjargað fyrir horn yfir áramótin með valréttarsamningi.“

Úr tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar 12. janúar 2006.

„Það má öllum vera ljóst hversu mikil áhætta er í þessu fólgin og í raun ekki forsvaranlegt annað en að minnka vægi eignarhlutarins fyrst búið er að kauphallarskrá hlutabréfin. Það gefur auga leið að alþjóðleg lánsþæfismatsfyrirtæki og erlendir lánveitendur munu ekki telja bankanum það til framdráttar þegar þessir aðilar átta sig á því til fulls að yfirgnæfandi partur af eigin fé bankans er bundinn í einni eign. [...] Þetta er auðvitað ævintýralegt útkoma sem breytir þó engu um þá áhættu sem er í því fólgin að binda eigið fé bankans að langmestu leyti í einni eign.“

Úr minnisblaði Finns Sveinbjörnssonar, bankastjóra Sparisjóðabankans, 15. september 2006.

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni var fyrrum bankastjóri spurður hvað hann hefði átt við með „æfingum“. Hann minnti að gerður hefði verið samningur um að selja hluti í Exista hf. frá bankanum með endurkaupaákvæði, þannig að eignatilflutningurinn ætti sér stað fyrir áramót en gengi til baka eftir áramót. Alþekkt hefði verið að fjármálaafyrirtæki öfluðu sér ábyrgða fyrir of háum skuldbindingum eða gerðu annars konar samninga sem flyttu áhættu milli fjármálaafyrirtækja til þess að uppfylla reglur.⁴⁶ Í tölvupósti fyrrum bankastjóra til Guðmundar Haukssonar sem þá var í bankaráði sagði:

Eins og þú veist hef ég haft sívaxandi áhyggjur af eiginfjárstöðu bankans, sérstaklega eftir þátttöku hans í hlutfjárhækkun Exista í desember. Með tímabundnum ráðstöfunum með aðstoð Bakkabræðra var málum bjargað fyrir horn yfir áramótin með valréttarsamningi. Slík leið var í raun sú eina sem dugði, því miðað við núverandi stöðu hefur bankinn ekki svigrúm til að gefa út víkjandi B-bréf í nægjanlega miklum mæli (bankann sárvantar eiginfjárþátt A). Þegar á reyndi á síðustu dögum ársins gátu Bakkabræður ekki gert eins langan valréttarsamning og ég vildi. Það þýðir að bankaráð verður að bregðast við strax í stað þess að hafa svigrúm fram í febrúar eins og ég ætlaði mér. Í raun held ég að það sé hvort sem er ekki eftir neinu að bíða því bankaráð hefur um nokkurt skeið verið fylgjandi því að breyta ábyrgðunum í hlutfé og eftir að „stóri samruni“ fór út um þúfur í desember er ljóst að það verður að auka hlutfé bankans enn frekar til að standa undir Exista og/eða efla slagkraft hans.⁴⁷

Eini samruninn sem tekinn var fyrir á fundum bankaráðs síðla árs 2005 var samruni FSP hf. og Sparisjóðabankans sem ræddur var á haustmánuðum. Í ágúst 2005 gerði bankastjóri grein fyrir fyrirhugaðri hlutfjárúakningu bankans sem myndi fara fram annars vegar með samruna við FSP hf. þannig að helmingur hlutfjár félagsins yrði nýir hlutir í bankanum og hins vegar með því að breyta ábyrgðum sparisjóðanna til bankans í hlutfé.⁴⁸ Á bankaráðsfundi 19. september 2005 höfðu allir sparisjóðirnir gefið vilyrði fyrir samþykki sínu á sameiningu Sparisjóðabankans og FSP hf., sem og breytingu á ábyrgðum sínum til bankans í hlutfé. Á fundinum voru lögð fram drög að yfirlýsingu bankaráðsmanna og stjórnarmanna í FSP hf. um skiptiverðmæti, stefnumótun og eignarhald á mismunandi félögum. Af samrunanum varð aldrei en á árinu 2006 breyttu sparisjóðirnir ábyrgðum fyrir 610 milljónir króna í hlutfé.⁴⁹

Í stefnumótun Sparisjóðabankans 2006 voru sett markmið um að hreinar vaxtatekjur yrðu helmingur af heildartekjum, þóknanatekjur fjórðungur og gengismunur fjórðungur. Vegna gengishækkana Exista hf. hafði gengismunur verið töluvert meira en fjórðungur tekna Sparisjóðabankans og til að mæta markmiðinu um dreifingu tekjustofna bankans þurfti annaðhvort að fara í mikla útlánaaukningu eða selja hluta verðbréfaeignarinnar. Hvort tveggja gat þó komið til greina á sama tíma.

Gengi bréfa í Exista hf. hélt áfram að hækka á árinu 2006 og setti starfsemi Sparisjóðabankans sífellt þrengri skorður. Áhrif á eiginfjárgrunn voru töluverð og hlutfjárúakningar bankans dugðu lítið til þess að vega upp á móti þeim. Eins og fyrr segir var hlutfé aukið um 610 milljónir króna á árinu 2006 og nýtt hlutfé á árinu 2005 nam 29 milljónum króna. Exista hf. var skráð á markað 15. september 2006 og sama dag skrifaði bankastjóri Sparisjóðabankans minnisblað til bankaráðs þar sem sagði meðal annars:

1. Verðmæti Existahlutarins

Sparisjóðabankinn á 499,9 milljón hluti í Exista (nafnverð hlutfjár). Í dag er fyrsti viðskiptadagur með hlutabréf félagsins í Kauphöll Íslands. Þegar þetta er ritað er gengið 22,7 og hefur það því hækkað um rúmlega 5% frá útboðsgenginu 21,5. Miðað við gengið 22,7

46. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013.

47. Tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar til Guðmundar Haukssonar 12. janúar 2006. Í viðhengi með tölvuskeytinu kom fram að rétt fyrir áramót hefðu Exista-hlutir að verðmæti 1,4 milljarða króna verið seldir tímabundið til Bakkabræðra. Við þetta hefði eiginfjárhlutfall Sparisjóðabankans farið vel yfir 10% sem væri ásættanleg áramótastaða gagnvart erlendum lánardrottnum en ekki nógu traust til að bankinn stæðist álagspróf Fjármálaeftirlitsins.

48. Fundargerð bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf., 16. ágúst 2005.

49. Fram til ársins 2006 höfðu sparisjóðirnir ábyrgst greiðslur til bankans sem námu jafnhárrí fjárhæð og hlutfjáreign þeirra á hverjum tíma. Ábyrgðirnar tóku til viðskiptaskuldbindinga bankans gagnvart erlendum lánastofnunum. Bankaráði var á hverjum tíma heimilt að krefja hluthafa um greiðslu ábyrgðanna til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt skýringu 43 í ársreikningi Sparisjóðabankans 2005 námu þessar ábyrgðir 610 milljónum króna í árslok 2005. Þær voru felldar niður á árinu 2006 og hlutfé greitt inn í staðinn.

er verðmæti Existahlutar bankans 11.348 m.kr. Í hálfársuppgjöri bankans var bókfært verðmæti hlutarins 6.597 m.kr. Á sama tíma nam bókfært eigið fé bankans 8.104 m.kr. Eignarhluturinn í Exista var því 81% af eigin fé bankans á miðju ári. Það má öllum vera ljóst hversu mikil áhætta er í þessu fólgin og í raun ekki forsvaranlegt annað en að minnka vægi eignarhlutarins fyrst búið er að kauphallarskrá hlutabréfin. Það gefur auga leið að alþjóðleg lánshæfismatsfyrirtæki og erlendir lánveitendur munu ekki telja bankanum það til framdráttar þegar þessir aðilar átta sig á því til fulls að yfirgnæfandi partur af eigin fé bankans er bundinn í einni eign.

2. Hagnaður bankans á árinu 2006

Miðað við uppgjör Sparisjóðabankans fyrstu átta mánuði ársins og ef við gefum okkur að gengi Exista haldist í 21,5 til ársloka, þá má ætla að hagnaður bankans eftir skatta verði hátt í 5,5 ma.kr. fyrir árið í heild (grófir útreikningar). Þetta er auðvitað ævintýrleg útkoma sem breytir þó engu um þá áhættu sem er í því fólgin að binda eigið fé bankans að langmestu leyti í einni eign.

3. Eiginfjáruppbygging bankans

Það er mat mitt og eindregin ráðlegging til bankaráðs að á næstu mánuðum og misserum verði vægi eignarhlutar Sparisjóðabankans í Exista lækkað kerfisbundið þannig að hann standi ekki mikið lengur í um 80% af eigin fé bankans eins og nú er. Samhliða verði farið yfir kosti þess og galla að breyta samsetningu eigin fjár bankans þannig að hlutafé aukist og óráðstafað eigið fé lækki. Þetta má gera með því að greiða út mjög háan arð vegna ársins 2006 en „skikka“ hluthafana samtímis til að kaupa nýtt hlutafé í bankanum. Þegar hefur verið leitað til Sigurðar Jónssonar (endurskoðanda Sparisjóðabankans) um að hann skili minnisblaði um kosti og galla slíkrar ráðstöfunar fyrir bankann og hluthafana.

Ég legg til að bankaráð ákveði að hefja kerfisbundna vinnu sem miði að því að lækka eignarhlut Sparisjóðabankans í Exista í áföngum á næstu misserum, bæði í krónum og sem hlutfall af eigin fé bankans.

Þetta má gera með margvíslegum hætti:

Selja hluti til öflugra kaupenda, innan eða utan sparisjóðakerfisins (a.m.k. 2–3 ma.kr. fyrir áramót).

Selja hluti til alhliða fjárfestingarfélags sem bankinn myndi eignast hlut í (á móti öðrum).

Auka eigið fé bankans um 2–3 ma.kr. með hlutafjárhækkun meðal áhugasamra sparisjóða og meðal stjórnenda bankans og draga þannig úr hlutfallslegu vægi Existahlutarins.

Samhliða þarf að átta sig á áhrifum þessara aðgerða á eiginfjárlutfall bankans og hvernig þeim fjármunum sem bankinn fengi til ráðstöfunar yrði komið í arðbær verkefni.⁵⁰

Tillaga bankastjóra Sparisjóðabanka Íslands hf. um að hafin yrði vinna við að minnka eignarhlutinn í Exista hf. í áföngum var tekin fyrir á fundi bankaráðs 19. september 2006. Þar var ákveðið að bankinn myndi beita sér fyrir því að kalla saman „Exista-sparisjóðina“ til að ræða söluna. Þá var ákveðið að fela endurskoðanda að taka saman minnisblað um eiginfjáruppbyggingu bankans.⁵¹ Þennan bankaráðsfund sátu meðal annars Geirmundur Kristinsson, formaður bankaráðs og sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, og Friðrik Friðriksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla. Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sat ekki fundinn.

Í kjölfarið fór fram umræða í mörgum stærri sparisjóðum sem áttu hlut í Exista hf. um áhuga Sparisjóðabankans á að selja hlut sinn í félaginu. Í nóvember 2006 greindi sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá viðræðum sparisjóða um stofnun hlutdeildarfélags um eignarhlut sparisjóðanna í Exista hf. á stjórnarfundum sparisjóðsins. Sparisjóðabankinn vildi selja bréf í Exista hf. fyrir 1,4 milljarða króna og óskaði sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis eftir heimild stjórnar til þess að kaupa þann hlut.

Áform um að selja í Exista hf.

50. Minnisblað bankastjóra Sparisjóðabanka Íslands hf. til bankaráðs, 15. september 2006.

51. Fundargerð bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf., 19. september 2006.

Þá voru uppi áhyggjur af stórrri stöðu í Exista hf. innan sumra sparisjóða. Sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík, sem jafnframt var bankaráðsformaður Sparisjóðabankans, var falið að skoða hugsanlega sölu á hluta bréfa sparisjóðsins í Exista hf. á stjórnarfundum sparisjóðsins 25. september 2006. Stuttu síðar fékk sparisjóðsstjórinn heimild til að selja 25% eignar sparisjóðsins í Exista hf.⁵²

Í tölvupósti frá endurskoðanda Sparisjóðabankans til eins bankaráðsmanna, Guðmundar Haukssonar, sem jafnframt var sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, var farið yfir drög að fyrirkomulagi um sölu eignarhluta Sparisjóðabankans í Exista hf. Stofnað yrði sérstakt eignarhaldsfélag sem myndi kaupa hlutina af Sparisjóðabankanum og öðrum sparisjóðum sem myndu fá greitt í reiðufé annars vegar og hlutafé í eignarhaldsfélaginu hins vegar. Kaupin yrðu fjármögnuð með lánsfé frá öðrum fjármálastofnunum: „Sé þessi leið farin er slitið á milli þeirra sparisjóða sem eiga í Exista og hinna. Jafnframt kemur inn lánsfé frá aðilum sem eru ekki hluthafar og nýtist lánsféð til lækunar á frádrætti frá eigin fé hjá núverandi hluthöfum. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að [félagið] fari í einhverjar aðrar fjárfestingar.“⁵³

Stuttu síðar sendi bankastjóri Sparisjóðabankans bankaráðsmönnum Guðmundi Hauksyni og Geirmundi Kristinssyni eftirfarandi tölvuskeyti:

Ég veit að Guðmundur [Hauksson] er í London, m.a. til að ræða við Bakkabræður um Exista-hluti sparisjóðanna. Það er gott og ég veit að við treystum Guðmundi manna best í okkar hópi til að finna farsæla lausn. Eins hefur hann beðið Sig. Jónsson um að teikna fleiri útfærslur en þær sem hann setti á blað fyrir bankann um daginn.

Ég held að við séum allir þrír samstíga í þeirri afstöðu að það þarf að leiða þetta fljótt til lykta þannig að hægt verði að grípa til annarra ráða fyrir áramót ef allt um þrýtur, eins og selja myndarlega slumpa til lífeyrissjóða eða fjárfestingarféлага. Það sem knýr mig til að senda ykkur þennan tölvupóst er að við í bankanum höfum verið að vinna markvisst í því undanfarna mánuði að hækka skammtímalánalínur bankans erlendis. Það gengur ágætlega og er til marks um jákvæða afstöðu erlendra banka til Sparisjóðabankans og sparisjóðakerfisins. Við höfum hins vegar verið að reka okkur á það að sumir bankar hafa nefnt að þeir treysti sér ekki til að hækka skammtímalánalínur eða taka þátt í frekari langtímalánveitingum til bankans vegna þess að þá fari skuldbinding þeirra upp í eitthvert viðmiðunarþak af CAD-eigin fé Sparisjóðabankans. Samkvæmt þessu erum við farin að rekast upp í fjármögnunarþak til viðbótar við útlánaþakið sem CAD-eigið féð setur okkur. Þetta eru viðbótarrök fyrir því að létta á Exista-eign bankans.⁵⁴

Bakkabræður Holding s.a.r.l. átti 59,1% af hlutafé í Exista hf. í árslok 2005. Á sama tíma átti Kaupþing banki hf. 19,2% og sparisjóðir og Sparisjóðabanki Íslands hf. samtals 21,2%. Það gat skipt aðra eigendur Exista hf. miklu hvort verulegur hluti af eign sparisjóðanna og bankans í félaginu yrði seldur á markaði. Að sama skapi skipti það Sparisjóðabanka Íslands hf. miklu að hægt yrði að laga eiginfjárlutfall hans.

Í minnisblaði bankastjóra til bankaráðs 17. nóvember 2006 sagði meðal annars:

Meðal Exista-sparisjóða hefur myndast góð samstaða um leið sem miðar að því að minnka eiginfjárfrádrátt sem fylgir Exista-hlutunum og bæta lausafjárstöðu þessara aðila. [...] Leiðin felst í því að stofnað verður eignarhaldsfélag (hér eftir nefnt SP-Exista til einföldunar). SP-Exista kaupir 25% af Exista-hlutum hvers sparisjóðs. Fyrir hlutina er að hálfu greitt með hlutum í SP-Exista og að hálfu með reiðufé sem SP-Exista tekur að láni í banka. Í þessu felst að eiginfjárfrádráttur vegna Exista-hlutanna minnkar um helming í Exista-sparisjóðunum.

Frá þeirri almennu lausn sem lýst er hér að framan yrðu tvær undantekningar:

Annars vegar er SPRON í þeirri stöðu að þurfa ekki/vilja ekki selja Exista-hluti.

52. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 9. október 2006.

53. Tölvuskeyti Sigurðar Jónssonar til Guðmundar Haukssonar 1. nóvember 2006. Bréfið í heild sinni er birt í 11. kafla undir umfjöllun um Exista hf. og Kistu – fjárfestingarfélag ehf.

54. Tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar til Guðmundar Haukssonar og Geirmundar Kristinssonar 2. nóvember 2006.

Hins vegar er mikilvægt fyrir fyrirhugaða sókn Sparisjóðabankans að CAD-eigið fé hans aukist að ráði.

Því hefur verið um það rætt að Sparisjóðabankinn fái Exista-hlutina greidda alfarið með reiðufé og að bankinn eignist því ekki hluti í SP-Exista. Á móti kaupir SPRON þá hluti í SP-Exista sem ella hefðu komið í hlut bankans án þess að SPRON leggi Exista-hluti inn í félagið. Fyrir hlutina greiðir SPRON því með reiðufé. [...]

Lagt er til að bankaráð samþykki að Sparisjóðabankinn selji 125.064.535 kr. að nafnverði af hlutum í Exista til eignarhaldsfélagsins SP-Exista (nafn hefur ekki verið ákveðið) á skráðu markaðsgengi þegar viðskiptin fara fram. Fyrir hlutina verði greitt með reiðufé, u.þ.b. 2,7 ma.kr. miðað við núverandi markaðsgengi.⁵⁵

Á fundi bankaráðs Sparisjóðabankans 21. nóvember 2006 var rætt um fyrirhugaða sölu á um 125 milljónum hluta í Exista hf. fyrir um 2.700 milljónir króna og áformum um stofnun eignarhaldsfélags lýst. Í fundargerð bankaráðsins sagði meðal annars:

Nokkrar umræður urðu um málið og komu fram efasemdir hjá RZG [Ragnari Z. Guðjónssyni] um það hvort rétt væri að bankinn stæði utan samstarfs Exista-sparisjóðanna um þetta nýja eignarhaldsfélag þar eð það hefði óbein áhrif á þá sparisjóði sem ekki hafa verið aðilar að samstarfinu um Exista nema í gegnum hluti sína í bankanum. Eins vakti RZG máls á því hvort ekki kynni að vera rétt að bjóða öllum sparisjóðum að verða hluthafar í nýja eignarhaldsfélaginu. Á móti var bent á að það hefði verið vilji bankans að minnka áhættu sína af Exista-hlutunum og með því að selja umrædda hluti fyrir reiðufé og taka ekki þátt í nýja eignarhaldsfélaginu væri bankinn að minnka áhættu sína um fjórðung. Eftir þessa aðgerð ætti hann enn um 375 milljónir hluta í Exista sem eru um 8,2 ma.kr. að markaðsvirði þannig að allir hluthafar í bankanum væru enn berskjaldaðir fyrir töluverðri Exista-áhættu í gegnum bankann, til hagnaðar eða taps. Varðandi þátttöku allra sparisjóða í nýja eignarhaldsfélaginu var á það bent að þetta væri samstarf tiltekinna sparisjóða um tiltekna eign sína og snerti hvorki samstarf þessara sparisjóða á öðrum sviðum né samstarf sparisjóðanna í heild.

Að umræðum loknum var bankastjóra veitt heimild til að selja hluti bankans í Exista hf. Ragnar Z. Guðjónsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Í nóvember 2006 fengu sparisjóðsstjórar í Reykjavík, Keflavík, Mýrasýslu, Svarfaðardal, Húnaþingi og Ströndum og á Vestfjörðum heimild til að skrifa undir stofnskjöl að Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis stofnaði félagið 12. desember 2006 og hinir sparisjóðirnir gerðust hluthafar við fyrstu hlutafjárukningu félagsins. Sparisjóðabankinn seldi fjárfestingarfélaginu 125 milljón hluti í Exista hf. fyrir 2,8 milljarða króna í desember 2006 og 94 milljónir hluta fyrir 2,6 milljarða í mars 2007. Til stóð að Sparisjóðabankinn seldi meira af bréfum á árinu 2006 en hætt var við það svo að eignarhlutur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Exista hf. yrði ekki svo stór að telja þyrfti Exista hf. inn í samstæðu sparisjóðsins.⁵⁶ Á sama tíma og Kista – fjárfestingarfélag keypti hluti af Sparisjóðabankanum keypti félagið einnig hluti í Exista af eigendum sínum, sex sparisjóðum. Í júní 2007 keypti fjárfestingarfélagið hluti í Exista hf. af sparisjóðunum en ekki af Sparisjóðabankanum. Í minnisblaði Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá 13. júní 2007 til annarra hluthafa í Kistu var gerð tillaga um að Kista héldi áfram kaupum á hlutabréfum í Exista hf. af hluthöfum Kistu. Fram kom í bréfinu að ekki væri vilji hjá Sparisjóðabankanum/Icebank hf. að selja frekari hluti í Exista hf. að svo stöddu.⁵⁷

Kista – fjárfestingarfélag ehf. stofnað

Sparisjóðabankinn átti 3,5% hlut í Exista hf. í lok árs 2006 þegar gengi bréfanna var 22,5 krónur á hlut og 2,5% hlut ári síðar þegar gengið var 19,75 krónur. Sparisjóðabankinn seldi um 94 milljónir hluta í mars 2007 á genginu 28 krónur fyrir hvern hlut. Þegar Kista keypti svo hluti af eigendum sínum í júní sama ár var kaupgengið 33,55 krónur. Á fyrstu þremur mánuðum ársins hafði gengið því hækkað um 24% og næstu þrjú mánuði hækkaði það um tæp 20%. Innan Sparisjóðabankans var uppi vilji til þess að halda bréfunum

55. Minnisblað bankastjóra Sparisjóðabanka Íslands hf. til bankaráðs, 17. nóvember 2006.

56. Töluskeyti Finns Sveinbjörnssonar til Agnars Hanssonar, Gunnars Svavarssonar, Hafðísar Karlsdóttur og Ólafs Ottóssonar 10. nóvember 2006.

57. Minnisblað Jóns Halls Péturssonar, framkvæmdastjóra SPRON Verðbréfa, 13. júní 2007.

gerðinni að ákveðið hafi verið að hætta við sölu á hlutum í Exista hf. en með þessum tilflutningi milli bóka var ljóst að bankaráð undirbjó sölu á hlutunum eða ætlaði ekki að halda eigninni til langs tíma.

Á árinu 2008 tók gengi hlutabréfa í Exista hf. að síga verulega en gengið lækkaði um 47% fyrstu þrjú mánuði ársins. Sparisjóðabankinn seldi þá hluti sem hann átti í Exista hf. smám saman á árinu 2008 og átti enga hluti um miðjan ágúst 2008. Í mars 2008 voru 86 milljónir hluta að nafnverði í Exista seldir fyrir bréf í Glitni, Straumi, Icelandair og Landic Properties.⁶⁵ Fyrrum starfsmaður eigin viðskipta bankans sagði áhættuna af bréfum í Landic Properties hafa verið sýnu minni en áhætta af bréfum í Exista hf. þar sem félagið hefði verið mjög skuldsett og gengi bréfa í því ofmetið.⁶⁶

Bankinn hélt áfram að selja bréf í Exista hf. og seldi um 75 milljónir hluta í nokkrum viðskiptum fram til 13. maí 2008. Tveimur dögum síðar seldi bankinn 95 milljónir hluta og átti þá örfá bréf eftir sem seld voru í júní 2008.⁶⁷ Í júní 2008 sendi bankaráðsformaður bankastjóra tölvuskeyti og sagði það hafa komið fram á fundi Exista-sparisjóða daginn áður að Sparisjóðabankinn væri að selja hluti í Exista hf. „á þessu smánargengi sem [væri] á félaginu í dag“.⁶⁸ Þá var gengi bréfanna 8,6 krónur á hlut. Bankastjóri svaraði því að honum væri ekki kunnugt um það hvort bankinn hefði selt en hann þyrfti að skoða alla möguleika til að bæta eiginfjárstöðu sína. Í júlí sama ár námu þau bréf í eigu bankans, sem hann gat selt til þess að bæta eiginfjárstöðu sína og voru ekki tengd VBS Fjárfestingarbanka hf., Exista hf. eða bankanum sjálfum, ekki nema 7,5 milljónum króna og sala á þeim hefði því haft lítil áhrif á eiginfjárlutfallið.⁶⁹ Í ágúst 2008 hafði bankinn selt alla eign sína í Exista hf. og tap af henni á árinu fram til 18. ágúst 2008 var 3,1 milljarður króna.⁷⁰

Öll bréf í Exista hf. seld á
fyrri hluta ársins 2008

Undir lok nóvember 2008 kallaði Sparisjóðabankinn eftir því að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður efndu samninginn um verðtryggingu hlutabréfa í Exista hf. og að hvor sparisjóður um sig greiddi Icebank hf. rúmar 434 milljónir króna þar sem gengi bréfanna hefði ekki náð genginu 31,0.⁷¹ Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis greiddi það sem krafist var en Byr sparisjóður neitaði að greiða. Í bréfi Byrs sparisjóðs til Sparisjóðabankans 16. desember 2008 kom fram að sparisjóðurinn féllist ekki á að greiðsluskylda hefði fallið á sparisjóðinn og hygðist ekki greiða umkrafða fjárhæð. Forsendan um að kaupendur hefðu ekki vanefnt samninga sína væri brostin þar sem „kaupin [væru] þegar stórlega vanefnd af nokkrum kaupendum auk þess sem vanefndir [væru] fyrirsjáanlegar hjá öðrum“.⁷²

Heildartap bankans á Exista bréfunum á árinu 2008 var því um 2,7 milljarðar króna.

31.3 Útlán og útlánaáhætta

Lengst af var meginstarfsemi Sparisjóðabankans að veita sparisjóðum fyrirgreiðslur, taka þátt í lánveitingum með þeim, taka við lausu fé þeirra og ávaxta og sinna margs konar sameiginlegu þjónustuhlutverki. Með breyttum aðstæðum og opnari fjármálamarkaði á Íslandi hófu stjórnendur Sparisjóðabankans að endurskoða marga þætti í starfseminni. Á aðalfundi vegna ársins 2002 gerði Finnur Sveinbjörnsson bankastjóri þetta að umfjöllunarefni í ræðu sinni. Nýjar áherslur hefðu verið lagðar í starfseminni en til þess að bankinn gæti sinnt nauðsynlegu þjónustuhlutverki sínu við sparisjóðina yrði hann að hafa ákveðin lágmarksumsvif. Iðulega keppti bankinn við viðskiptabankana um viðskipti frá sparisjóðunum, að minnsta kosti frá stærri sparisjóðunum, en Sparisjóðabankanum væri hins vegar ekki heimilt að keppa við sparisjóðina um viðskipti. Mjög hefði dregið úr eftir-

Nýjar áherslur í útlánunum

65. Tölvuskeyti Mús W. Mixa til Magnúsar Kristins Jónssonar, yfirmanns áhættustýringar bankans, og Þórólfs Sigurðssonar, starfsmanns eigin viðskipta bankans, 18. mars 2008; tölvuskeyti Sveins Andra Sveinssonar, framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingateknisviðs bankans, til Elínar Þorsteinsdóttur, fulltrúa í bankanum, 26. mars 2008.

66. Skýrsla Mús Wolfgang Mixa fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 8. janúar 2013.

67. Samkvæmt upplýsingum úr verðbréfakerfi Sparisjóðabankans.

68. Tölvuskeyti Geirmundar Kristinssonar til Agnars Hanssonar 20. júní 2008.

69. Tölvuskeyti Guðmundar Auðunssonar til Aðalsteins Jóhannssonar 24. júlí 2008.

70. Fundargerð fjármálanefndar Sparisjóðabanka Íslands hf., 19. ágúst 2008.

71. Tölvuskeyti Elínar Þorsteinsdóttur til Ragnar Z. Guðjónssonar 26. nóvember 2008; tölvuskeyti Elínar Þorsteinsdóttur til Ólafs Haraldssonar 26. nóvember 2008.

72. Bréf Byrs sparisjóðs til Sparisjóðabanka Íslands 16. desember 2008.

spurn sparisjóðanna eftir lánsfé frá Sparisjóðabankanum og til þess að draga úr áhrifum þess á nettókjör bankans hefði verið lögð áhersla á þátttöku í stærri lánveitingum með viðskiptabönkunum og sparisjóðum. Með þessu skapaði bankinn sér tekjur af starfsemi sem keppti ekki við sparisjóðina.⁷³

Frá árinu 2001 stækkaði útlánasafnið töluvert en framlag í afskriftareikning hækkaði ekki jafn hratt. Þannig var niðurfærsluhlutfall bankans 5,3% í árslok 2001 en 1,1% í árslok 2007. Mjög stórt framlag var lagt í afskriftareikning á árinu 2008, eða 63,6 milljarðar króna, og niðurfærsluhlutfall í lok ársins var 63%. Lánveitingar Sparisjóðabankans höfðu breyst frá því um aldamótin, meðal annars vegna þeirra atriða sem getið var hér frammar í ræðu bankastjóra, en stefnumótunarvinna sem ráðist var í árið 2006 hafði líka sín áhrif á útlánastefnuna:

„Auðvitað hafði það verið alla tíð að Sparisjóðabankinn var með eitt-hvað af eigin viðskiptavinum, ekki bara að þjónusta sparisjóðina. Hann hafði ávallt veitt lán til aðila sem voru ekki viðskiptavinir sparisjóðanna og hefðu trúlega aldrei leitað til þeirra.“

Úr skýrslu Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.

Það var m.a. niðurstaðan að seðlabankahlutverk Sparisjóðabankans gagnvart sparisjóðunum yrði áfram til staðar, a.m.k. gagnvart þessum smærri. Líka gagnvart þessum stærri eftir því sem þeir hefðu áhuga á. Nýjungin fólst í þeirri áherslu á að bankinn myndi starfa meira á eigin forsendum, ekki bara að þjóna sparisjóðakerfinu. Auðvitað hafði það verið alla tíð að Sparisjóðabankinn var með eitthvað af eigin viðskiptavinum, ekki bara að þjónusta sparisjóðina. Hann hafði ávallt veitt lán til aðila sem voru ekki viðskiptavinir sparisjóðanna og hefðu trúlega aldrei leitað til þeirra. Þannig var það líka í erlendum viðskiptum, sérstaklega kröfukaupum, þar var Sparisjóðabankinn með viðskiptavinum sem voru ekkert tengdir sparisjóðunum. Í þessari stefnumótunarvinnu varð niðurstaðan m.a. sú að Sparisjóðabankinn hefði svigrúm til þess að auka við starfsemi sem ekki tengist sparisjóðunum. Með því að hagnast af starfsemi sem væri ekki tengd sparisjóðakerfinu, þá myndi það auðvitað koma hluthöfunum til góða, annaðhvort í arðgreiðslum eða auknu verðmæti eignarhluta þeirra í bankanum. Niðurstaðan var því að bankinn myndi starfa áfram en [...] það skyldi lögð aukin áhersla á verkefni utan sparisjóðakerfisins, sérstaklega af því að á þessum árum var útrásin mál málanna. Þá voru menn líka að horfa til þess að sambönd sem bankinn hafði byggt upp í árunna rás gætu nýst að einhverju leyti í ýmiss konar verkefni sem einstakir sparisjóðir hefðu aldrei möguleika til að sinna, nema þeir stærstu. Þeir myndu þá bara gera það á sínum eigin forsendum. Með þessu móti ætti sparisjóðakerfið einhvern aðila sem gæti verið partur af útrás íslenskra aðila og skapað eigendum sínum verðmæti með þeim hætti. Þannig túlka ég meginniðurstöðurnar þegar litið er til baka.⁷⁴

Útlán Sparisjóðabankans jukust hratt eftir 2003 án þess þó að vægi þeirra í eignasafni bankans hækkaði að sama skapi þar sem mikill vöxtur var í öðrum liðum efnahagsreikningsins.

Tafla 7. Útlán til viðskiptavina, kröfur á lánastofnanir og aðrar eignir Sparisjóðabanka Íslands hf.⁷⁵

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útlán til viðskiptavina	11.188.526	9.160.444	10.952.611	14.817.604	20.897.819	31.249.932	48.310.081	37.554.859
Kröfur á lánastofnanir	31.326.900	21.598.705	13.865.448	15.389.338	26.493.478	30.270.492	48.887.750	41.312.148
Aðrar eignir	11.793.605	13.484.877	12.758.510	15.913.263	18.218.702	25.404.835	155.314.012	60.394.725
Samtals	54.309.031	44.244.026	37.576.569	46.120.205	65.609.999	86.925.259	252.511.843	139.261.732

Samdráttur varð á efnahagsreikningi Sparisjóðabankans frá 2001 til 2003, sem endurspeglar að hluta til þær aðstæður sem bankastjóri fjallaði um í ræðu sinni á aðalfundi vegna ársins 2002, og getið var hér frammar. Eftir 2003 tóku útlán nokkurn kipp og sömuleiðis kröfur á lánastofnanir. Árið 2007 voru aðrar eignir afar miklar vegna eignar bankans í markaðs-skuldabréfum, útgefnum af viðskiptabönkunum þremur. Vöxt útlána mátti hins vegar að einhverju leyti rekja til sambankalána sem bankinn tók þátt í og lána til erlendra aðila.

73. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðabanka Íslands hf., 28. mars 2003.

74. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.

75. Ársreikningar Sparisjóðabanka Íslands 2001–2008.

Eins og fram kom í skýrslu okkar vegna ársins 2004 hefur bankinn í auknum mæli leitað fjárfestingartækifæra erlendis. Þetta hefur leitt til þess að hann er þátttakandi í lánveitingum og ábyrgðum til banka meðal annars í Rússlandi, Tyrklandi, Kasakstan, Litháen og Búlgaríu samtals að fjárhæð um 5.200 millj. kr. samanborið við 1.500 millj. kr. á árinu 2004 og hafa því aukist um 3.700 millj. kr. Liðlega helmingur þessara lána er til banka í Rússlandi. Í skýrslu okkar vegna ársins 2004 bentum við á að ætla mætti að fjárfestingar í þessum ríkjum væru almennt áhættumeiri en fjárfestingar í helstu viðskiptaríkjum okkar. Þessi áhætta getur meðal annars falist í endurgreiðsluáhættu, lagalegri áhættu vegna réttarfars sem er okkur framandi og orðsporsáhættu kæmi til þess að eitthvað af þessum fjárfestingum tapaðist. Þrátt fyrir að bankinn standi ekki einn að þessum fjárfestingum teljum við að þeim fylgi að jafnaði meiri áhætta en öðrum fjárfestingum bankans.⁷⁶

Í stefnumótunarvinnunni 2006 var lögð áhersla á að auka vaxtamun. Á öðrum stöðum í þessari skýrslu hefur vaxtamunur sparísjóðanna verið reiknaður sem mismunur innlána- og útlánavaxta og er aðferðin skýrð í 8. kafla skýrslunnar. Sú aðferð á tæpast við fyrir Sparisjóðabankann þar sem hann var að mjög litlu leyti fjármagnaður af almennum innlánnum. Innlán í bankanum voru nær eingöngu stutt innlán frá öðrum fjármálfyrirtækjum. Þá þykir ekki rétt að skoða hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af meðalstöðu eigna vegna þess hversu mikla þýðingu Exista hf. hafði í efnahag Sparisjóðabankans á ákveðnu tímabili. Hér verður því leitast við að skoða mun milli vaxtatekna af kröfum á lánastofnanir, útlánnum og markaðsskuldabréfum í eigu sparísjóðsins og vaxtagjalda af innlánnum, skuldum við lánastofnanir og lántöku bankans. Vaxtaprósentan er reiknuð sem hlutfall af meðalstöðu eigna og skulda.

Tafla 8. Vaxtamunur Sparisjóðabanka Íslands hf. 2001–2008.⁷⁷

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Eignir: Útlán, kröfur og skuldabréf	50.607.090	40.389.808	32.831.769	35.796.754	51.218.239	66.686.063	228.867.631	126.315.259
Meðalstaða eigna	46.021.942	45.498.449	36.610.789	34.314.262	43.507.497	58.952.151	147.776.847	177.591.445
Tekjur af útlánnum, kröfum og skuldabréfum	4.024.526	3.068.000	1.963.098	2.299.359	3.344.470	5.234.622	14.585.648	40.228.183
Vaxtatekjur	8,74%	6,74%	5,36%	6,70%	7,69%	8,88%	9,87%	22,65%
Skuldir: Innlán, lántökur og skuldir við lánastofnanir	50.889.018	40.697.083	33.801.808	41.257.493	57.685.699	70.094.252	233.096.260	302.820.391
Meðalstaða skulda	46.644.501	45.793.051	37.249.446	37.529.651	49.471.596	63.889.976	151.595.256	267.958.326
Gjöld af innlánnum, lántökum og skuldum við lánastofnanir	(3.332.713)	(2.483.441)	(1.320.585)	(1.553.338)	(2.389.429)	(3.800.008)	(12.046.733)	(38.703.334)
Vaxtagjöld	7,14%	5,42%	3,55%	4,14%	4,83%	5,95%	7,95%	14,44%
Vaxtamunur	1,5%	1,3%	1,8%	2,5%	2,7%	2,8%	1,8%	7,2%

Tekjur af útlánnum, kröfum og skuldabréfum jukust töluvert frá árinu 2005 og gjöld vegna fjármögnunar að sama skapi. Sparisjóðabankinn náði ekki markmiðinu um að auka vaxtamun nema á árinu 2008 en það ár var óvenjulegt fyrir margra hluta sakir, svo sem vegna gengisfalls krónunnar og verðbólguþess. Tekjur af vaxtaberandi eignum voru mun meiri 2007 og 2008 en áður hafði verið og má að miklu leyti rekja það til tekna af kröfum á lánastofnanir. Þó voru vaxtatekjur af útlánnum 6,5 milljarðar árið 2007 en höfðu verið 2,1 milljarður króna árið áður. Vaxtatekjur útlána á árinu 2008 voru 6,4 milljarðar króna. Sparisjóðabankinn náði að skapa auknar tekjur af útlánnum en vaxtakostnaðurinn af skuldum við lánastofnanir var hærri en tekjurnar og því sáust litlar breytingar á vaxtamuninum.

Mestu áhrif útlána á rekstur Sparisjóðabankans voru þó vegna framlags í afskriftareikning á árinu 2008. Þessar afskriftir höfðu bein og mikil áhrif á virði bankans sem var ein af stærstu fjáreignum sparísjóðanna og að sama skapi á rekstur sparísjóðanna á sama ári. Því valdi rannsóknarnefndin úrtak lántakenda hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. til sérstakrar skoðunar og greiningar til að varpa ljósi á útlánastefnu bankans og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindingar við bankann auk þess sem skoðuð voru sérstaklega lán þar sem færðar voru háar afskriftir.⁷⁸

„Í skýrslu okkar vegna ársins 2004 bentum við á að ætla mætti að fjárfestingar í þessum ríkjum væru almennt áhættumeiri en fjárfestingar í helstu viðskiptaríkjum okkar. Þessi áhætta getur meðal annars falist í endurgreiðsluáhættu, lagalegri áhættu vegna réttarfars sem er okkur framandi og orðsporsáhættu kæmi til þess að eitthvað af þessum fjárfestingum tapaðist. Þrátt fyrir að bankinn standi ekki einn að þessum fjárfestingum teljum við að þeim fylgi að jafnaði meiri áhætta en öðrum fjárfestingum bankans.“

Úr skýrslu um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðabankans 2005.

Hátt framlag í afskriftareikning 2008

76. Skýrsla um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðabanka Íslands hf. árið 2005, 21. febrúar 2006.

77. Byggt á ársreikningum Sparisjóðabankans 2001–2008. Vakin er athygli á því að aðferðafræðin við útreikning vaxtamunar hér er með öðrum hætti en í köflunum um sparísjóðina.

78. Fylgt er sömu aðferðafræði og í umfjöllun um útlán sparísjóðanna en hún er skýrð nánar í 9. kafla skýrslunnar. Til skoðunar var tímabilið 2005–2008.

Úrtakið byggðist meðal annars á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar í ársfjórðungs- skýrslum bankans til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálastofnunum var skylt að skila slíkum skýrslum til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli reglna nr. 216/2007 en þær áttu að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánnum og öðrum skuldbindingum.⁷⁹ Samkvæmt þessum skýrslum voru 35 lántakar, eða hópar lántaka, með áhættuskuldbindingu yfir einn milljarð króna 31. desember 2008. Af tíu stærstu áhættuskuldbindingum Sparisjóðabanka Íslands hf. á þessum tímavarki voru þrjár bankar og sex sparisjóðir. Þær skuldbindingar eru ekki með í greiningunni sem á eftir fer þar sem stærstur hluti þeirra var vegna skulda viðskipta- bankanna við Sparisjóðabankann sem fjármagnaðar voru með endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka og fjallað er um hér aftar, en annað vegna fjármögnunar sparisjóðanna sem greint er frá í 11. kafla skýrslunnar. Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar komu til skoðunar lán sem voru að baki 71% af sérgreindum afskriftum í árslok 2008.

Tafla 9. Úrtak af stórum áhættuskuldbindingum/sérgreindum niðurfærslum hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. 2008.

<i>Pús. kr.</i>	Árslok 2008
Heildarskuldbinding úrtaks	87,913,439
Heildarlán bankans	101,165,423
Hlutfall úrtaks af heild	87%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	44,851,351
Sérgreindar afskriftir alls	62,870,997
Afskriftareikningur útlána (sérg. og alm.)	63,610,564
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	71%

„Ég held að ef menn skoða þær lán- veitingar sem ráðist var í árið 2006– 2007 og velta fyrir sér hvaða heimtur hafa orðið af öllum þeim fasteignaverkefnum, menn ætluðu að gera sig gildan í fasteignaverkefnum, það var ráðist líka í fjármögnun á ansi mörgum umfangsmiklum fasteignaverkefnum, bæði hér heima og erlendis, ég hugsa að niðurstaðan af því ævintýri einu og sér hefði alveg dugað til að fella bankann en ég ætla svo sem ekki að líkja tapinu þar við tapið sem varð á endurhverfu viðskiptunum. Við fjárfestum svo sem í skulda- bréfum annarra erlendra banka, sérstaklega í A-Evrópu, það kom líka herfilega út [...] ég held að mönnum hafi alveg tekist að þræða einhverja verstu eignaflokka sem mögulegt var að komast í.“

Úr skýrslu Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.

Umfjöllun um útlánasafn Sparisjóðabanka Íslands hf. og helstu einkenni þess eru byggð að mestu á þessu úrtaki. Sparisjóðabankinn lánaði fyrst og fremst til fjárfestinga í fasteignum á Íslandi og erlendis, þróunarverkefnum í byggingariðnaði, kaupa á fyrirtækjum og sambankalána til fjármálastofnana erlendis.⁸⁰ Fasteignaverkefni voru um 11% af heildar- útlánasafni bankans á árinu 2008 og í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um vettvangsathugun hjá bankanum frá 29. desember 2008 var bent á að um samþjöppunaráhættu væri að ræða vegna þessa. Auk þessa lagði Sparisjóðabankinn fram eigið fé í mörgum þeirra fasteignaverkefna sem hann lánaði til. Lán til fasteignaverkefna voru yfirleitt veitt í erlendum myntum og veð tekið í þeim fasteignum sem fjármagna átti. Árið 2008 hafði þetta fyrirkomulag sömu áhrif og víðast annars staðar í bankakerfinu, fasteignir féllu í verði, lánin hækkuðu og greiðslugeta lántaka minnkaði. Þar að auki voru lánin veitt til einkahlutafélaga með litla aðra starfsemi en verkefnið sem lánað var til og aðrar eignir sem hægt var að fullnusta til greiðslu skulda voru litlar sem engar. Eftir fall bankanna voru mörg lánanna í vanskilum og tryggingastaða vegna þeirra ekki góð. Tryggingar voru yfirleitt nægar þegar lánin voru veitt, en á því voru þó nokkrar undantekningar. Mat á tryggingum til fasteignaverkefna voru með ýmsu móti en fjölmörg dæmi voru um að bankinn reiddi sig á upplýsingar sem lántakar öflðuð sjálfir eða voru lagðar fram af milligönguáðilum um verkefnið. Þá skorti upp á að sjálfstætt mat færi fram á tryggingum sem bankinn tók að veði fyrir fasteignaverkefnum, sérstaklega í fasteignaverkefnum á erlendri grundu en þar var bakgrunnur lántaka oft ekki kannaður nægilega, tryggingar litlar og gjarnan á öðrum veðrétti á eftir veðum sem voru það há að ekkert var eftir af verðmæti eignar til tryggingar skuldbindingum bankans. Þá var almennt ekki nægilega fylgst með hagsmunum bankans í þessum erlendu verkefnum. Til að mynda gerðu innra eftirlit og áhættustýring bankans athugasemd í útlánaskýrslu fyrir árið 2008 við lán sem veitt var tveimur einkahlutafélögum til kaupa og endurbóta á fasteignum í Bretlandi. Þar kom fram að hvorki myndist samþykktarblað né bókun um málið og gerð var alvarleg athugasemd við að frumgögn myndist ekki hjá fyrirtækjasviði. Gagnanna var aflað í kjölfar athugasemdanna en í ljós kom að

79. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veitra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármá- fyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðra fyrirgreiðslu hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

80. Skýrsla Gunnars Svavarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. ágúst 2013.

við lánveitinguna hafði ekki legið fyrir leyfi til breytinga eða framkvæmda á fasteignunum. Verðmat eignanna kom frá milligönguáðila um verkefnið. Sölumatið var átta milljónir sterlingspunda í júlí 2008, 10 milljónir sterlingspunda í september 2008 og 1,8 milljónir sterlingspunda í febrúar 2009. Vegna þessara lána hafði sparisjóðurinn tekið veð í hlutabréfum einkahlutafélaganna en engin gögn sem rannsóknarnefndinni voru afhent sýna að veð hafi verið tekið í fasteignunum sjálfum. Við lánveitingar til íslenskra félaga í úrtaki rannsóknarnefndarinnar var algengt að engir ársreikningar eða einungis einn ársreikningur lögju fyrir. Yfirleitt sýndi ársreikningur þeirra félaga sem þó skiluðu einum ársreikningi ekki góða stöðu.

Sparisjóðabankinn keypti hlutdeild í sambankalánum sem veitt voru í Austur-Evrópu. Fyrrum bankastjóri sagði að bankinn hefði „treyst mjög á mat þessara aðila sem skipulögðu þessi verkefni“. Það hefðu verið bankar sem Sparisjóðabankinn hafði verið í miklum tengslum við í árána rás og gjarnan bankar sem lánuðu Sparisjóðabankanum. Innan bankans hefði verið „[treyst] þannig alfarið á mat þeirra“.⁸¹

Fyrrum framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Sparisjóðabankans lýsti starfsemi síns sviðs þannig, að lán bankans á fyrirtækjasviði hefðu talist frekar áhættusöm og hefði það verið á vitorði allra sem vita vildu, starfsmanna, bankaráðs og Fjármálaeftirlitsins. Bankinn hefði ekki boðið upp á nein hefðbundin lán vegna rekstrar, heldur hefði verið um að ræða lán vegna fjárfestinga í fyrirtækjum, þróunarverkefna á fasteignasviði og millibankalán á nýjum (e. emerging) fjármálamörkuðum. Sú markaðsstaðsetning hefði endurspeglast í tiltölulega háu vaxtaálagi, sem hefði oftast legið milli 200–350 punkta á grunnvexti (LIBOR), en í einstaka lánnum, millilagslánnum (e. mezzanine) hefði álagið verið enn hærra, eða allt að 500–800 punktar (5–8%) og því sjálfgefið að áhættan hefði verið því meiri sem vaxtamunur hefði aukist. Á fyrirtækjasviði í bankastarfsemi væri um að ræða hefðbundin lán til fyrirtækja vegna reksturs þeirra og innri fjárfestinga annars vegar, og svo lán sem tengdust starfsemi fjárfestingarbankastarfsemi hins vegar. Icebank hefði fallið í síðari flokkinn. Hann hefði fjármagnað sig á 30–70 punktum eftir árferði og því getað tekið að sér fjármögnun tryggra aðila sem áttu kost á góðum kjörum í stóru bönkunum með um það bil 70–100 punkta álagi. Þá hefði bankinn verið smár og því hefðu smærri aðilar leitað frekar til hans og sparisjóðanna en stóru bankanna. Annað sérkenni bankans sem fjárfestingarbanka hefði verið að bankinn hefði ekki tekið við innlögnum og því hefði hann ekki getað boðið út lán í íslenskum krónum nema með því að fara út á skuldabréfmarkað. Það hefði verið svo í reynd að í fjárfestingarbankastarfseminni hefði ekki verið nein eftirspurn eftir lánnum í íslenskri mynt, heldur hefði það verið evra, svissneskur franki og japanskt jen sem fjárfestar kusu. Þá hefði bankinn tekið þátt í erlendum sambankalánum, sem vestrænir bankar hefðu haft milligöngu um og voru til fjármögnunar banka á vanþróðri fjármálamörkuðum, einkum í Austur-Evrópu. Þar hefði vaxtamunur einnig verið hár, oft um og yfir 200 punktum. Því hefði það verið segin saga að Icebank hefði ekki getað fjárfest í skuldabréfum vestrænna banka með vaxtamun upp á um það bil 40 punkta hjá litlum og jafnvel neikvæðan vaxtamun hjá stórum erlendum bönkum. Það væru þessi atriði sem hafa þyrfti í huga þegar litið væri til þess um hvað starfsemin snerist. Fjárfestingarbankastarfsemi fæli í sér áhættusamari verkefni gegn hærra álagi. Bankinn hefði ekki getað orðið samkeppnisfær í að lána til þess að gera öruggari viðskiptavina á góðum kjörum.⁸²

Þá kom enn fremur fram í skýrslu framkvæmdastjórans að viðskiptalíkan Sparisjóðabankans hefði verið þannig að hann hefði nær eingöngu verið fjármagnaður með lántöku og að mestu leyti erlendis frá. Til að endurgreiða tiltölulega dýra fjármögnun hefði stefnan verið að fara í áhættusamari verkefni.⁸³ Þessi áhættusækni birtist einnig í því að lán til hlutabréfakaupa, bæði í skráðum og óskráðum félögum, voru algeng hjá bankanum. Oft voru tryggingarnar í formi handveðs í óskráðum hlutabréfum félaga þar sem litlar sem engar aðrar eignir voru fyrir hendi. Þá voru dæmi um að tryggingar hefðu verið teknar í formi hlutfjár í lántakanum sjálfum en ekki bréfum sem keypt voru. Hlutfall óskráðra

„Þetta er fjárfestingarbankastarfsemi og hún gengur út á það að taka áhættu og fá hátt vaxtaálag.“

Úr skýrslu Gunnars Svavarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.

Áhættusækni í rekstri bankans

81. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. ágúst 2013.

82. Skýrsla Gunnars Svavarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. ágúst 2013 og athugasemdir Gunnars til nefndarinnar 19. febrúar 2014.

83. Skýrsla Gunnars Svavarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. ágúst 2013.

bréfa sem notuð voru sem handveð fyrir útlánnum bankans jukust úr 60% af veðsettum hlutabréfum í lok árs 2006 í 95,4% 30. júní 2008.⁸⁴ Tap bankans af slíkum lánnum var verulegt og má þar til að mynda nefna lán til kaupa á hlutabréfum í bankanum sjálfum og til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Félagið AB 171 ehf. fékk 983 milljónir króna lánaðar 30. september 2008 til kaupa á stofnfjárhlutum í Sparisjóðnum í Keflavík og til tryggingar voru hlutirnir sjálfir.⁸⁵ AB 171 ehf. keypti hluti sem Sparisjóðabankinn hafði leyst til sín í uppgjöri við Suðurnesjamenn ehf. Suðurnesjamenn ehf. gerðu framvirka kaupsamninga á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík í september 2007. Á samningsdegi nam skuldbindingin 2,4 milljörðum króna. Að auki fékk félagið 72 milljóna króna lán í desember 2007 til kaupa á stofnfjárbréfum í sama sparisjóði. Í kjölfar vanefnda var samningnum breytt í útlán og skuldir færðar niður. Bankinn leysti svo til sín bréfin sem lögð höfðu verið að veði. Lán til kaupa á bréfum í Sparisjóðabankanum sjálfum voru veitt í lok árs 2007 til 12 einkahlutafélaga. Lánin námu samtals 2,1 milljarði króna þegar þau voru veitt en til viðbótar lánaði Sparisjóðabankinn sex félögum í eigu stjórnenda bankans fyrir eiginfjárframlagi til kaupanna í mars 2008, samtals um 860 milljónir króna. Öll lánin voru veitt með 1. veðrétti í hlutabréfum í Sparisjóðabankanum en framlag í afskriftareikning vegna þeirra námu tæpum 6 milljörðum í lok árs 2008.

Þegar leið á árið 2008 voru fjölmörg dæmi þess að verðmæti trygginga fyrir lánnum væru langt undir verðmæti lána. Virði flestra eigna rýrnaði eftir því sem leið á árið 2008 og eftir fall bankanna um haustið voru margir lántakar nær eignalausir. Þótt Sparisjóðabankinn hafi þá í einhverjum tilvikum kallað eftir frekari veðum, voru skilyrði til veðkalla í sumum lánasamningum uppfyllt löngu fyrir fall bankanna. Því vantaði upp á að veðköll væru gerð tímanlega og af nægri festu. Sparisjóðabankinn lánaði til að mynda félögum í eigu stjórnenda Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. til kaupa á hlutum í fjárfestingarbankanum. Veð voru tekin í keyptu hlutabréfunum og hlutafé einkahlutafélaganna, en að auki veitti fjárfestingarbankinn ábyrgð fyrir 20% lánsfjárhæðarinnar vegna allra félaganna nema eins. Þar voru hlutabréf í Kaupþingi banka hf. lögð fram til tryggingar í stað ábyrgðarinnar. Eftir fall bankanna var leitast við að fá ábyrgðirnar frá Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. greiddar en það gekk ekki eftir. Hlutirnir í Kaupþingi banka hf. og fjárfestingarbankanum höfðu þá misst nær allt verðgildi sitt. Í skýrslu innri endurskoðunar og áhættustýringar Sparisjóðabankans um útlán 2008 kom fram að bankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs töldu að skilyrði til veðkalla vegna fyrirgreiðslna til félaganna hefðu verið til staðar strax í júní 2008.

Stór hluti lána í úrtakinu var í erlendri mynt og í nokkrum tilvikum voru slík lán veitt til aðila sem höfðu ekki tekjur í erlendri mynt eða með gjaldeyrisvarnir til að mæta áhættu vegna erlendra lána. Á árinu 2008 tvöfaldaðist höfuðstóll lánanna og áttu margir lántakendur í greiðsluerfiðleikum vegna þessa, auk tekjumissis eða ástæðna sem tengdust atburðum í íslensku efnahagslífi síðari hluta ársins 2008. Lán til innlendra aðila voru 73% af heildarútlánnum bankans en aðeins 25% af lánnum voru í íslenskum krónum. Er ljóst að bankinn tapaði miklu vegna afskrifta af lánnum í erlendri mynt þar sem tryggingar reyndust ekki fullnægjandi þegar að þeim átti að ganga. Fyrrum bankastjóri sagði í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni að úrræði hans til að ganga á eftir lántökum hefðu verið lítil:

Ég hafði unnið í því bæði árið 2007 og fram eftir ári 2008 að knýja menn í að breyta yfir í krónur, t.d. þessi stóru fasteignaverkefni [...]. Þetta var líka dálítið erfitt því þessir lánasamningar voru þannig, kannski 5–7 ára lán, og það var ekkert hægt að gera. Það var ekkert hægt að segja að þetta væri að fara allt til andskotans meðan menn borguðu sína vexti sem voru kannski tvisvar á ári. Þó ég hafi verið bankastjóri gat ég ekkert gert, ég

Mikið tap vegna lána
í erlendri mynt

84. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um vettvangsathugun hjá Icebank (nú Sparisjóðabanka Íslands hf.) og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af henni, 29. desember 2008.

85. Eignarhald félagsins er um margt óljóst. Þannig var hlutafé þess aukið um 450 milljónir króna 29. september 2008 og Sparisjóðabanki Íslands hf. skráður fyrir allri hækkuninni. Það hlutafé sem fyrir var nam 500 þúsundum króna. Ekki kemur fram í öðrum opinberum gögnum að eigandi hafi verið annar en Sparisjóðabankinn, en í lánasamningum milli Sparisjóðabankans og annarra einkahlutafélaga kemur fram að þau hafi fengið lánað til kaupa á hlutum í AB 171. Skilanefnd Sparisjóðabankans tók yfir framkvæmdastjórn og prókúru félagsins 28. júní 2010 án þess að tilkynnt væri um eigendaskipti að félaginu.

gat ekkert sagt nú verður þú að borga eða nú verður þú að breyta þessu, ég hafði engin úrræði. En auðvitað endaði það náttúrulega og ég held að bankinn hafi endað með að taka þetta allt yfir fyrir rest.⁸⁶

Fyrrum bankastjóri lýsir því þarna að meðan aðilar borguðu vexti af lánnum sínum og brutu ekki skilmála lánanna hafði hann lítil úrræði til að ganga á eftir þeim. Lán sem bundin voru gengi erlendra mynta hækkuðu mjög á árinu en lántakar sem ekki þurftu að greiða nema vexti af lánnum sínum fundu ekki eins mikið fyrir þeirri hækkun og ef afborganir hefðu bæst við. Því er hér aðallega um að ræða lán þar sem höfuðstólinn skyldi greiða til baka á lokagjalddaga, eða eingreiðslulán. Slík lán voru tíð hjá bankanum og voru jafnan framlengd á lokagjalddaga án þess að til greiðslu af höfuðstól kæmi, þ.e. fram til þess að bankarnir féllu haustið 2008. Þar bar hæst lánveitingar til Baugs Group hf. og tengdra aðila. Í október 2008 voru skuldbindingar lánahópsins endurfjármagnaðar í einn framvirkan samning, en mesta útlánatap bankans vegna nokkurs lánahóps var vegna skuldbindinga Baugs Group hf. og tengdra aðila. Í árslok 2008 námu skuldbindingar hópsins við Sparisjóðabankann 12,1 milljarði króna en þar af höfðu 8,9 milljarðar króna verið færðir á sérgreindan afskriftareikning á sama tíma.⁸⁷

Uppi voru ólíkar skoðanir um tengingar aðila í lánahópa innan bankans. Til að mynda voru deildir bankans ekki sammála um hvaða félög væru fjárhagslega tengd Baugi Group hf. Um mitt ár 2008 gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við samsetningu lánahópsins hjá bankanum. Hefði leiðbeiningum Fjármálaeftirlitsins verið fylgt, hefði skuldbinding hópsins farið yfir þau mörk sem leyfileg voru samkvæmt reglum um stórar áhættuskuldbindingar. Utanumhald um áhættu útlána var með sæmilegu móti en upplýsingar um áhættu ekki nýttar með viðunandi hætti til þess að taka ákvörðun um frekari útlán eða aðgerðir vegna útistandandi lána. Til að mynda kom fram í skýrslu innri endurskoðanda um útlán frá því í nóvember 2007 að nokkur áhætta fylgdi mörgum útlánnum sparisjóðsins, t.d. vegna lágs eiginfjárframlags, framandi aðstæðna í fjarlægum löndum og aðstæðna á fasteigna- og verðbréfamörkuðum víða um lönd. Nokkrum dögum eftir að skýrslan kom út var bókað á fundi lánanefndar að bankinn þyrfti að ráðstafa takmörkuðum gæðum á tímum lánsfjárskorts vel, en þrátt fyrir það var lánað áfram til áhættusamra verkefna. Fyrrum bankastjóri sagði áhættutökuna hafa verið mikilvæga, og jafnvel nauðsynlega, fyrir starfsemi bankans:

Sparisjóðabankinn var að ýmsu leyti líkur Askar Capital sem var að glíma við þetta sama, þ.e. að reyna að finna einhver verkefni, verandi ekki mjög stór lánveitandi á íslenska markaðinum í samanburði við stóru bankana og hafandi ekki þessa smásölustarfsemi sem gefur ákveðinn stöðugleika; að reyna að finna viðskiptasýllu, einhvern vettvang til að starfa á sem gefur sæmilega afkomu án þess að áhættan sé óásættanleg. Kannski getur þetta einfaldlega aldrei gengið upp. Kannski verður þetta alltaf þannig að þrýstingurinn á að skila góðri afkomu leiði til þess að það sé tekin meiri áhætta en ella. Ég held að það sé alveg ljóst þegar farið er yfir lánastarfsemi Sparisjóðabankans að hún var áhættusamari en lánastarfsemi flestra sparisjóðanna; flestra, en þó ekki allra, vegna þess að stóru sparisjóðirnir, SPRON og Byr voru líka komnir í áhættusamari verkefni eins og til dæmis fasteignaverkefni innanlands og utan til þess einmitt að reyna að finna einhver útlána-verkefni sem gæfu þokkalega af sér. Kannski var þetta viðskiptamódel Sparisjóðabankans dæmt til að mistakast. Að leggja aukna áherslu á verkefni utan sparisjóðakerfisins, mega ekki hasla sér völl á smásölumarkaði í samkeppni við sparisjóðina og hafa ekki bolmagn til að keppa við stóru viðskiptabankana um bestu viðskiptin, gat væntanlega aldrei skapað arðvænlegan rekstur án þess að áhættutakan væri fullmikil.⁸⁸

Staða Sparisjóðabankans á markaði

Sú breyting sem varð á útlánastefnu Sparisjóðabankans frá því snemma á fyrsta áratug aldarinnar hafði mikil áhrif á afkomu hans. Auka átti vaxtamuninn með því að fara í áhættumeiri útlán en þó var lagt upp með að bankinn færi ekki í beina samkeppni við eigendur sína. Viðskiptabankastarfsemi kom því ekki til greina. Þá sinntu stóru bankarnir þrír stærstu viðskiptavinum á Íslandi, því í krafti stærðar sinnar gátu þeir aflað lánsfjár

86. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013.

87. Nokkrir sparisjóðir seldu skuldatryggingar á Baug Group hf. fyrir hluta þessara skuldbindinga en um þær er fjallað hér aftar.

88. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013.

á betri kjörum og lánað hærri fjárhæðir en t.d. Sparisjóðabankinn. Það markaðssvæði sem Sparisjóðabankinn ákvað að vinna innan voru sambankalán erlendis, fasteigna- og byggingalán hérlendis og erlendis og lán til verðbréfakaupa, einkum kaupa á óskráðum bréfum. Áhætta útlánasafnsins varð því meiri í von um hærri arðsemi. Þar sem stærstur hluti lánasafns bankans var í erlendri mynt hækkaði virði lánasafns eftir fall bankanna meðan greiðslugeta lántakenda minnkaði og veð rýrnuðu í virði. Í lok árs 2008 varð áhættan til þess að um 63% lánasafnsins voru afskrifuð.

31.4 Kaup á víxlum útgefnum af viðskiptabönkunum og endurhverf viðskipti

Eitt af markmiðum stefnumótunarinnar 2006 var að efla þjónustu við sparisjóðina og önnur fyrirtæki í flóknum afleiðuviðskiptum. Til þess að ná settum markmiðum var meðal annars ráðið nýtt fólk til bankans og má þar til dæmis nefna Agnar Hansson, sem síðar tók við sem bankastjóri í byrjun árs 2008. Agnar hóf störf sem framkvæmdastjóri fjárstýringar bankans 1. mars 2006 og lýsti komu sinni þangað með eftirfarandi hætti fyrir rannsóknarnefndinni:

[É]g tók ekki beint við af neinum. Það hafði átt sér stað stefnumótunarvinna í bankanum. Það lágu fyrir viðamiklar breytingar í starfsemi bankans sem stjórn hafði lagt til sem fólu í sér aukið sjálfstæði frá sparisjóðunum, í framhaldi af því sala á hlutabréfum út fyrir sparisjóðakerfið og að lokum heimsyferráð eins og hjá mörgum öðrum þátttakendum á íslenskum fjármálamarkaði, þannig að það má segja að ég hafi verið fenginn þarna inn í ljósi þeirrar þekkingar og reynslu sem ég hafði á ýmiss konar afleiðuviðskiptum og öðru þess háttar og það var stefna og vilji bankans að láta til sín taka í auknum mæli akkúrat á þeim vettvangi.⁸⁹

Sparisjóðabankinn átti í margs konar afleiðuviðskiptum, meðal annars með ýmis afbrigði skuldatrygginga, skiptasamninga og skuldaafleiður utan efnahags. Hluti afleiðuviðskiptanna voru viðskipti með skuldatryggingar á víxla útgefna af viðskiptabönkunum þremur en Sparisjóðabankinn keypti mikið af slíkum bréfum á árunum 2007 og 2008. Kaupin voru fjármögnuð með því að leggja viðkomandi bréf fram sem tryggingu við fyrirgreiðslu frá Seðlabanka Íslands í dag- og veðlánunum.

Samkvæmt óendurskoðuðum ársreikningi Sparisjóðabankans 2008 færði hann skulda- bréfa- og afleiðueign sína niður um 103,4 milljarða króna. Þar af var niðurfærsla banka- bréfa tæpir 82 milljarðar króna.⁹⁰

31.4.1 Sparisjóðabanki Íslands hf. verður milligönguaðili fyrir viðskipta- bankana með lausafjárþyrirgreiðslur frá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands veitti fjármálastofnunum sem eftir því óskuðu lausafjárþyrirgreiðslur með veði í verðbréfum. Þau gátu verið til viku í senn, og eru þá gjarnan kölluð veðlán, eða til eins dags, og eru þá kölluð daglán. Ítarlega er fjallað um lán gegn veði hjá Seðlabanka Íslands í kafla 4.5.5 í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði⁹¹ en í 6. kafla þessarar skýrslu er fjallað um reglur um viðskipti lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Í byrjun árs 2007 fóru fyrstu merki alþjóðlegrar fjármálakreppu að gera vart við sig. Fasteignamarkaðurinn í Bandaríkjunum var á niðurleið, vanskil að aukast og fasteignaverð að lækka. Millibankavextir hækkuðu og aðgengi að lánsfé versnaði. Í ágúst sama ár lokuðust alþjóðlegir lánamarkaðir að miklu leyti og jókst þá þyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands við íslenskar fjármálastofnanir. Í lok september 2008 var umfang viðskipta Sparisjóðabanka Íslands hf. við Seðlabanka Íslands 45 sinnum meira en það hafði verið í árslok 2006.

Afleiðuviðskipti

Sparisjóðabankinn þjónustuaðili við íslensk fjármálafyrirtæki

89. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. ágúst 2013.

90. Samkvæmt sundurliðun sem slitastjórn Sparisjóðabankans afhenti rannsóknarnefndinni.

91. Sjá skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 2010, 1. bindi, bls. 162–166.

Seðlabankinn breytti reglum um viðskipti við fjármálastofnanir einu sinni á árinu 2007 og þrisvar sinnum á árinu 2008 og miðuðu þær breytingar allar að því að rýmka aðgengi fjármálastofnana að lánsfé hjá bankanum.⁹²

Að verða þjónustuaðili við íslensk fjármálafyrirtæki var eitt þeirra markmiða sem Sparisjóðabankinn hafði sett sér samkvæmt skýrslu fyrrum bankastjóra fyrir rannsóknarnefndinni. Það fólst meðal annars í því að verða milligönguaðili um lausafjármögnun frá Seðlabankanum gegn veði í skuldaskjölum útgefnum af viðskiptabönkunum þremur:

Að sama skapi sagði stjórn bankans 2005–2006, og það er sú lína sem er ríkjandi þegar ég er ráðinn inn, menn segja bara: Við erum með áratuga reynslu í að vera heildsölubanki; það er enginn annar aðili að sinna þessum markaði. Einhverjir eru með sérhæfingu í orkugeira og sjávarútvegi, einhverjir í verslun o.s.frv. en langstærsti einstaki markaður á Íslandi var fjármálamarkaður og fjármálafyrirtæki og það var kjörin sylla fyrir aðila þarna inni til að fókusa á þann markað. Það varð okkar hlutverk og þess vegna byrja síðan öll þessi viðskipti okkar með víxla og skuldabréf bankanna og endurhverf viðskipti niðri í Seðlabanka og við vorum náttúrulega lengi búin að vinna með sparisjóðunum sem samvinnuaðilar í útlánunum og við fórum að vinna með bönkunum, kannski aðallega Kaupþingi en að einhverju leyti Íslandsbanka, vinna með þeim og viðskiptamönnum í að búa til afleiðusamninga sem gerðu það að verkum að það var hægt að nota skuldabréf útgefin af ýmsum aðilum og þá náttúrulega langmest bönkunum sjálfum, til þess að efla vonandi skuldabréfamarkaðinn og auka viðskipti o.s.frv.⁹³

Á mynd 4 má sjá fyrirgreiðslur Sparisjóðabankans hjá Seðlabankanum og hvaða veð voru lögð fram fyrir þeim. Á árunum 2005 og 2006 voru veðin einkum ríkisvíxlar og skuldabréf útgefin af Íbúðalánasjóði en 13. febrúar 2007 lagði Sparisjóðabankinn í fyrsta sinn fram verðbréf útgefin af íslensku viðskiptabönkunum til tryggingar veðláni. Stuttu áður hafði Sparisjóðabankinn, í samráði við endurskoðanda bankans, sett upp fyrirkomulag viðskipta um lán til viðskiptabankanna sem yrði fjármagnað með veði í skuldabréfum þeirra banka. Í samskiptum starfsmanns bankans og endurskoðanda 9. febrúar 2007 kom fram að „repo-dæmið“ væri orðið raunhæft vegna þess að Seðlabankinn hefði tilkynnt að hann tæki nú við skuldabréfum í íslenskum krónum sem færu í gegnum Euroclear, sem er erlendur uppgjörs- og vörsluaðili með verðbréf. Því tæki Seðlabankinn nú veð í bréfunum GLB 08 0825, KAU CB 2 og KAU CB 1 fyrir fyrirgreiðslum. Starfsmaðurinn velti fyrir sér hvort fyrir lægi hvaða áhrif veðlánaviðskiptin við Seðlabanka Íslands hefðu á eiginfjárlutfall bankans, stórar áhættuskuldbindingar og aðra þætti.⁹⁴

Sparisjóðabanki Íslands keypti víxla af viðskiptabönkunum þremur, Kaupþingi, Glitni og Landsbanka Íslands. Víxlarnir voru lagðir að veði gegn lántöku hjá Seðlabanka Íslands. Samhliða víxlakaupunum gerði Sparisjóðabankinn vaxtaskiptasamninga til að verja vaxtaáhættu samningsaðila. Með vaxtaskiptasamningunum greiddi Sparisjóðabankinn sömu vexti og víxlar viðskiptabankanna báru en viðskiptabankarnir greiddu veðlánavexti Seðlabanka Íslands ásamt álagi sem var þóknun Sparisjóðabankans fyrir milligöngu í viðskiptunum við Seðlabanka Íslands. Einnig átti Sparisjóðabankinn viðskipti við viðskiptabankana þrjá, þar sem Sparisjóðabankinn lét af hendi eigin víxla til greiðslu fyrir bankavíxla sem voru veðhæfir hjá Seðlabanka Íslands.⁹⁵ Þessi viðskipti endurspeglast vel í þróun á reglulegri víxlaútgáfa Sparisjóðabanka Íslands hf. en hún nam á bilinu 10 til 14 milljörðum króna frá janúar til september 2007. Útistandandi nafnverð víxla stóð hæst sumarið 2008 þegar það fór tvívegis yfir 70 milljarða króna.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls og rekstrarerfiðleika bankanna er fjallað um veðlánaviðskipti viðskiptabankanna þriggja og Sparisjóðabankans. Þar kemur meðal annars fram að um vorið 2008 hafi dregið úr veðlánatöku Landsbankans

92. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 2010, 1. bindi, bls. 164–165.


93. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013.

94. Tölvuskeyti starfsmanns Sparisjóðabankans til endurskoðanda Sparisjóðabankans 9. febrúar 2007.

95. Minnisblað starfsmanns Sparisjóðabankans til Glitnis banka, Memo TRS skipti á víxlum og repóhæfum bréfum, 23. janúar 2008. Í minnisblaðinu var lögð fram tillaga um viðskipti milli Icebank og Glitnis, þannig að bankarnir skiptu á bréfum; Glitnir fengi víxla frá Icebank en Icebank fengi bréf á móti, sem væru hæf til veðlána í Seðlabanka Íslands.

frá því sem áður var og að um sumarið hafi hún verið orðin nánast engin. Á sama tíma jókst veðlánataka Sparisjóðabankans í Seðlabankanum gegn veði í bréfum Landsbankans.⁹⁶

Mynd 4. Yfirlit um dag- og veðlán Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. hjá Seðlabanka Íslands.⁹⁷



Óljóst áhættumat vegna 160 milljarða króna skuldabréfa útgefna af bönkunum þremur

Fyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands til Sparisjóðabankans í lok árs 2008 gegn veði í skulda- bréfum útgefnum af bönkunum þremur og íbúðabréfum, nam 160 milljörðum króna. Rannsóknarnefndin yfirfór skýrslur áhættustýringar bankans til þess að varpa ljósi á það hvernig mat á þessari áhættu og eftirlit með henni hefði verið. Ekki var að sjá að áhættan kæmi þar fram og þegar það var borið undir bankastjóra hafði hann ekki skýringar á því.⁹⁸ Forstöðumaður áhættustýringar sagði í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að þessi atriði hefðu ekki verið á skýrslum áhættustýringar, en á þeim tíma sem viðskiptin byrjuðu hefðu þau verið rædd fram og til baka og minntist hann funda með bankastjóra um málið. Greiningar á viðskiptunum hefðu ekki verið gerðar og ekki hefði verið óskað eftir þeim.⁹⁹

Bankaráð fjallaði lítið um viðskiptin en þær fundargerðir sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum sýna engar sérstakar bókanir um þau. Í fundargerð bankaráðs 15. janúar 2008 undir liðnum „rekstraráætlun fyrir 2008“ sem nýr bankastjóri, Agnar Hansson, kynnti á fundinum segir:

Vöxtur bankans var meiri en nokkru sinni fyrr, sérstaklega á sviði sérhæfðrar fjárfestingar- þjónustu og lengi fram eftir ári leit út fyrir að afkoma bankans yrði sú besta frá upphafi.¹⁰⁰

Á aðalfundi bankans 7. mars 2008 var minnst á viðskiptin við yfirferð bankastjóra á árs- reikningi fyrir árið 2007. Veltufjáreignir hefðu aukist úr 8,8 milljörðum króna í árslok 2006 í 136 milljarða króna í lok ársins 2007.

Nánast öll þessi aukning stafar af viðskiptum við innlendar fjármálastofnanir, aðrar en sparisjóðina, með skuldabréf sem hæf eru í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann.¹⁰¹

96. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 2010, 2. bindi, bls. 44.

97. Yfirlit dag- og veðlána frá Seðlabanka Íslands, 2005–2011. Upplýsingar afhentar rannsóknarnefndinni af Seðlabanka Íslands.

98. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013.

99. Skýrsla Magnúsar Kristins Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

100. Fundargerð bankaráðs Icebank hf., 15. janúar 2008.

101. Fundargerð aðalfundar Icebank hf., 7. mars 2008.

Tafla 10. Hreinar vaxtatekjur Sparisjóðabanka Íslands hf. 2001–2008.¹⁰²

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Vaxtatekjur o.fl.								
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	2.513.010	1.726.465	1.079.909	1.133.022	1.662.908	2.307.076	6.648.341	23.160.961
Útlán o.fl.	650.374	596.150	379.878	687.601	1.179.520	2.110.480	6.500.218	6.356.295
Markaðsskuldabréf o.fl.	861.142	745.385	503.311	478.736	502.042	817.066	1.437.089	10.710.927
Aðrar vaxtatekjur o.fl.	0	0	0	0	0	0	0	10.335
Vaxtatekjur o.fl. samtals	4.024.526	3.068.000	1.963.098	2.299.359	3.344.470	5.234.622	14.585.648	40.238.518
Vaxtagjöld o.fl.								
Lánastofnanir	(2.631.687)	(1.786.440)	(831.202)	(1.076.021)	(1.474.133)	(2.545.437)	(10.160.880)	(33.237.760)
Innlán o.fl.	(67.568)	(43.381)	(73.996)	(124.422)	(167.533)	(225.764)	(328.240)	(731.854)
Lántaka o.fl.	(633.458)	(653.620)	(415.387)	(352.895)	(747.763)	(1.028.807)	(1.557.613)	(4.733.720)
Víkjandi skuldir	(169.581)	(89.298)	(98.733)	(114.390)	(128.845)	(180.805)	(197.532)	(264.112)
Önnur vaxtagjöld o.fl.	(101.284)	(3.667)	(2.582)	(2.578)	(2.910)	0	0	(11.211)
Vaxtagjöld o.fl. samtals	(3.535.187)	(2.576.406)	(1.421.900)	(1.670.306)	(2.521.184)	(3.980.813)	(12.244.265)	(38.978.657)
Hreinar vaxtatekjur	420.948	491.594	541.198	629.053	823.286	1.253.809	2.341.383	1.259.861

Hreinar vaxtatekjur Sparisjóðabankans jukust mikið frá 2004 til 2008, en auknar vaxtatekjur voru eitt af markmiðum stefnumótunarvinnunnar árið 2006. Hreinar vaxtatekjur voru þó farnar að aukast áður en ráðist var í stefnumótunina. Vaxtatekjur og –gjöld tengd endurhverfu viðskiptunum féllu undir viðskipti við lánastofnanir en munur milli vaxtatekna og vaxtagjalda af þeim flokki breyttist, ef eitthvað var, til hins verra fyrir Sparisjóðabankann á árinu 2008. Vextir af skuldabréfaútgáfum sparisjóðsins féllu undir vaxtagjöld af lántöku, sem hækkaði töluvert frá 2006 til 2008, en vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum í eigu bankans voru miklar árið 2008. Allt eru þetta liðir sem með einum eða öðrum hætti tengjast endurhverfu viðskiptunum, en þó ekki einungis þeim. Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrum bankastjóri að tekjur af viðskiptum með skuldabréfin og endurhverfu viðskiptunum hefðu verið 3–500 milljónir króna á ári í þau tvö ár sem þau stóðu yfir.¹⁰³ Vaxtatekjur af útlánum voru aftur mun meiri á árunum 2007 og 2008 en þær höfðu verið áður og voru þær meginástæða hærra vaxtamunar.

Á árinu 2007 voru þóknunartekjur bankans 107 milljónir króna en 271 milljón króna ári seinna. Í fundargerð bankaráðs frá 22. ágúst 2008 þar sem rætt var um uppgjör annars ársfjórðungs 2008 kom fram að þóknunartekjur hefðu hækkað mest vegna aukinna umsvifa á gjaldeyrismarkaði og vaxandi umsvifa fyrirtækjaráðgjafar. Viðskipti með skuldabréf bankanna skilufu ekki þóknunartekjum en afleiðusamningar í tengslum við þau gerðu það hins vegar. Veðlánaviðskiptin höfðu mikið að segja um stærð efnahagsreiknings Sparisjóðabankans árin 2007 og 2008, þegar hann gjörbreyttist frá því sem áður var.

Tafla 11. Eignir og skuldir Sparisjóðabanka Íslands hf. 2001–2008.¹⁰⁴

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Eignir								
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka o.fl.		432.255	1.736.974	2.327.409	5.209.298	8.494.369	7.292.521	4.423.799
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	31.326.900	21.598.705	13.865.448	15.389.338	26.493.478	30.270.492	48.887.750	41.312.148
Útlán o.fl. samtals	11.300.297	9.185.625	10.972.792	14.817.604	20.897.819	31.249.932	48.310.081	37.554.859
Markaðsskuldabréf o. fl. með föstum tekjum	7.979.893	9.605.478	7.993.529	5.589.812	3.826.942	5.165.639	131.669.800	47.448.252
Hlutabréf og verðbréf með breyttil. tekjum	2.227.109	1.262.858	1.913.207	4.689.660	5.497.763	12.491.001	17.657.242	6.737.663
Aðrar eignir	1.042.577	854.386	504.184	424.493	399.628	455.674	1.563.171	535.480
Samtals	54.309.031	44.244.026	37.576.569	46.120.205	65.609.999	86.925.259	252.511.843	139.261.732
Skuldir								
Skuldir við lánastofnanir samtals	44.156.000	33.229.823	27.790.072	33.605.451	42.428.551	12.705.456	117.388.327	177.092.667
Innlán samtals	2.706.289	1.735.597	1.304.631	2.264.563	4.165.338	4.130.836	10.954.690	3.905.009
Lántaka samtals	4.026.729	5.731.663	4.707.105	5.387.479	11.091.810	53.257.960	104.753.243	121.822.715
Aðrar skuldir	237.501	218.233	253.986	492.925	1.109.389	2.394.026	3.644.786	12.401.389
Víkjandi skuldir	1.041.159	1.062.029	1.090.964	1.133.654	1.126.393	2.430.339	2.409.624	4.135.122
Samtals	52.167.678	41.977.345	35.146.758	42.884.072	59.921.481	74.918.617	239.150.670	319.356.902

102. Ársreikningar Sparisjóðabankans fyrir árin 2001–2008.

103. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013.

104. Ársreikningar Sparisjóðabankans fyrir árin 2001–2008.

„Seðlabanki Íslands vekur athygli Fjármálaeftirlitsins á því að í síðasta lausafjárútbóði Seðlabankans tók Icebank 105 milljarða króna að láni gegn veði. Umtalsverður hluti veðanna eru skuldabréf og víxlar sem Glitnir og Kaupþing banki hafa gefið út. Spurningin sem vaknar er hvort umfang þessara viðskipta Icebank samrýmist ákvæðum reglna sem bankanum ber að starfa eftir.“

Úr bréfi Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, og Eiríks Guðnasonar, banka-
stjóra, til Fjármálaeftirlitsins 13. nóvember 2007.

Umfang endurhverfra viðskipta Sparisjóðabankans við Seðlabankann vakti athygli eftirlitsaðila. Í bréfi 13. nóvember 2007 kom Seðlabanki Íslands því áleiðis til Fjármálaeftirlitsins að í síðasta lausafjárútbóði Seðlabankans þar á undan hefði Sparisjóðabankinn tekið 105 milljarða króna að láni að miklu leyti gegn veði í bréfum útgefnum af Glitni hf. og Kaupþingi banka hf. Þeirri spurningu var varpað fram hvort umfang þessara viðskipta Sparisjóðabankans samrýmdist ákvæðum reglna sem bankanum bæri að starfa eftir.¹⁰⁵

Með bréfi 15. nóvember 2007 tilkynnti Fjármálaeftirlitið Sparisjóðabankanum að útreikningar þess bentu til að áhættuskuldbindingar Sparisjóðabankans gagnvart Glitni banka sem kæmu ekki til frádráttar frá stórum áhættum sbr. p-lið 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 216/2007 næmu tæpum 4 milljörðum króna eða 35% af eiginfjárgrunni Icebank hf. Gagnvart Kaupþingi banka hf. voru sams konar skuldbindingar rúmir 5 milljarðar króna eða tæplega 48% af eiginfjárgrunni.¹⁰⁶ Stórar áhættuskuldbindingar mega hæst nema 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í svarbréfi Icebank hf. 20. nóvember 2007 staðfestu bankastjóri og forstöðumaður áhættu-
stýringar réttmæti fjárhæða í bréfi Fjármálaeftirlitsins. Í bréfinu segir:

Þau viðskipti og verðbréfaeign sem eftirlitið gerir að umtalsefni eru hluti af viðtækari viðskiptum bankans með skiptasamninga við viðskiptavinina sína (e. *total return swaps*). Þessi viðskipti hófust á öðrum ársfjórðungi 2007 og hafa farið vaxandi. Viðskiptin eru þannig að bankinn kaupir markaðsskuldbréf, fyrst og fremst ríkistryggð skuldabréf og skuldabréf og víxla, útgefin af bönkum. Þessi verðbréf eru sett að veði í lausafjárútböðum í Seðlabanka Íslands. Með framangreindum skiptasamningum taka viðskiptavinir Icebank á sig áhættu vegna verðlækkunar og greiðslufalls af verðbréfunum gegn framlagningu trygginga í samræmi við nánari ákvörðun bankans. Þessi tilflutningur á áhættu er ástæða þess að bankinn hefur ekki talið umrædd verðbréf til áhættuskuldbindinga viðkomandi útgefenda samkvæmt reglum um stórar áhættuskuldbindingar. Viðskiptavinirnir njóta ávöxtunar bréfanna en greiða bankanum á móti seðlabankavextina að viðbættu álagi sem gjarnan er 0,2%. Áhrif þessara skiptasamninga má sjá í efnahagsreikningi bankans að því leyti að veltufjáreignir hafa hækkað og innlán frá Seðlabankanum aukist að sama skapi.

Það skal upplýst að í júnílok var um að ræða 14 samninga af þessu tagi, samtals að fjárhæð um 21,8 milljarðar króna. Um þessar mundir er fjöldi samninganna 86, samtals að fjárhæð 81,7 milljarðar króna. Stærsti einstaki viðskiptavinurinn hefur gert samninga að fjárhæð samtals 20,3 milljarðar króna og stærsti einstaki samningurinn er að fjárhæð 6,2 milljarðar króna.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Icebank að hann hafi í engu gengið gegn ákvæðum umræddra reglna um stórar áhættuskuldbindingar.¹⁰⁷

Fjármálaeftirlitið óskaði þá eftir sýnishorni af samningunum og var það sent 23. nóvember 2007. Fjármálaeftirlitið aðhafðist ekki frekar í málinu en á skýrslum Sparisjóðabankans um stórar áhættuskuldbindingar á árinu 2007 voru ekki færðar skuldbindingar við viðskiptabankana þrjá og því ekki heldur frádráttur vegna skuldatrygginga. Reglur um stórar áhættuskuldbindingar bera það hins vegar ekki með sér að hægt hefði verið að nýta þessar skuldatryggingar til lækkunar. Í 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar er fjallað um þá liði sem heimilt er að undanskilja frá stórum áhættuskuldbindingum. Í b- og c-liðum greinarinnar er talað um eignalið sem er krafa eða aðrar áhættuskuldbindingar sem rekja megi til eða eru með ábyrgð ríkja, seðlabanka, alþjóðastofnana, fjölþjóða þróunarbanka eða opinberra fyrirtækja og stofnana. Ekki er gert ráð fyrir ábyrgð annars konar fyrirtækja eða að einstaklingar geti lækkað áhættuskuldbindingu. Tekið er fram að skuldatryggingar teljist til ábyrgða. Hins vegar segir í p-lið sömu greinar að heimilt sé að undanskilja kröfur á fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins með lánstíma eftirstöðva undir einu ári og undanskilja 20% þeirra ef

105. Bréf Davíðs Oddssonar og Eiríks Guðnasonar til Fjármálaeftirlitsins 13. nóvember 2007.

106. Í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum er heimilt samkvæmt p-lið 4. gr. að undanskilja kröfur á fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta.

107. Bréf Finns Sveinbjörnssonar og Magnúsar Kristins Jónssonar til Fjármálaeftirlitsins 20. nóvember 2007.

eftirstöðvatíminn er 1–3 ár. Skuldbindingar við Landsbanka Íslands, 2,6 milljarðar króna, voru færðar á skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar í mars 2008 en frá júní 2008 voru skuldbindingar við alla viðskiptabankana þrjá færðar á skýrslurnar og tekið tillit til frádráttar í p-lið 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 216/2007.

Fyrrverandi bankastjóri sagði áhættustýringu og stjórnendur bankans hafa verið meðvitaða um áhættuna af endurhverfu viðskiptunum:

Hvað gerist ef Glitnir fer í þrot? [...] Þetta tengdist því auðvitað líka hvernig ætti að verðleggja svona viðskipti og hversu áhættusöm þau væru. Við máttum það alltaf svo að endurheimtur myndu verða háar, kannski 80%, og að það hefðu ekki verið mörg áföll banka í heiminum þar sem endurheimturnar væru lægri. Svo auðvitað gerist það á endanum þegar allt hrynur og neyðarlögin eru sett að þá er öllum forsendum breytt þannig að innlán fá forgang. [...] Ég held það gefi augaleið að ef markaðsaðilar hefðu áttað sig á að eitthvað svoleiðis gæti gerst, þá hefði öll verðlagning, tryggingataka og krafa um eiginfjárframlag verið allt, allt öðruvísi.¹⁰⁸

Eftir að neyðarlögin voru sett var óljóst með virði skuldabréfa útgefinna af bönkunum en talið að endurheimtur yrðu ekki miklar. Seðlabankinn gerði veðkall á Sparisjóðabanka Íslands hf. 20. október 2008 þar sem þess var krafist að bankinn legði fram frekari tryggingar upp á 60 milljarða króna innan tveggja sólarhringa. Veðkallið var gert vegna veðlána gegn veði í bréfum viðskiptabankanna þriggja sem Seðlabankinn mat þá á um 50% af virði þeirra. Þá var fjárhagsstaða Sparisjóðabankans með þeim hætti að hann gat ekki endurgreitt skuldir við Seðlabankann, enda voru þeir sem Sparisjóðabankinn hafði endurlánað veðlánin til komnir í umsjón skilaneftnda og ekki von á greiðslum úr búi þeirra í bráð. Tap Sparisjóðabankans af bréfum viðskiptabankanna þriggja var að minnsta kosti 82 milljarðar króna í ársreikningi 2008 eða tæplega helmingur taps ársins, sem nam 195,6 milljörðum króna fyrir skatt.

Tap bankans af bréfum viðskiptabankanna um helmingur af 196 milljarða króna tapi ársins 2008

31.4.2 Skuldatryggingar vegna íslensku viðskiptabankanna

Eins og framar greinir gerði Sparisjóðabankinn samninga um skuldatryggingar í tengslum við kaup á víxlum útgefnunum af viðskiptabönkunum þremur. Í skýrslum fyrrum starfsmanna bankans fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að ekki hefði verið gerður mikill greinarmunur milli CDS-samninga (e. *credit default swap*) og TRS-samninga (e. *total return swap*) innan bankans og þeir notaðir í svipuðum tilgangi.¹⁰⁹ Því verður fjallað um þessar tvær tegundir samninga hér sem skuldatryggingar.¹¹⁰ Fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að upphaf endurhverfra viðskipta með veð í bréfum frá viðskiptabönkunum hefði verið til að fjármagna samninga um skuldatryggingar sem myndast hafði eftirspurn eftir. Þannig hefðu viðskiptavinir komið til bankans fyrir tilstilli Kaupþings til að byrja með og vildu gera samninga um skuldatryggingar. Til að fá fjármögnun hefði bankinn lagt bréfin að veði fyrir fyrirgreiðslu í Seðlabankanum. Þeir vextir sem viðskiptavinurinn greiddi síðan hefðu verið jafnir þeim vöxtum sem bankinn hefði greitt Seðlabankanum að viðbættu álagi til bankans.¹¹¹

Þessu var svo öfugt farið síðar, þegar skuldatryggingar voru seldar til þess að minnka áhættu tengda viðskiptabönkunum, en Sparisjóðabankinn hafði lánað þeim mikið laust fé sem fjármagnað var með endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Þannig kom fram hjá öðrum fyrrverandi starfsmanni bankans þegar spurt var um tilgang skuldatrygginganna: „[E]ftir því sem við vissum þá bara þurfti að selja þessa díla út því að bankinn var kominn með of stóra stöðu gagnvart Glitni í svona bréfum.“¹¹²

Viðskipti með skuldatryggingar hófust á árinu 2007 og urðu nokkuð umfangsmikil. Gerðir voru samningar þar sem undirliggjandi bréf voru bréf útgefin af viðskiptabönkunum þremur eða félögum tengdum þeim, sem og ríkistryggð skuldabréf, skuldabréf útgefin af

108. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013.

109. Skýrsla Daða Bjarnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. febrúar 2013; skýrsla Ólafar Pétursdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 20. febrúar 2013.

110. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði er fjallað um skuldatryggingar með skýringarmynd í rammagrein 2 á bls. 21 í 2. bindi.

111. Skýrsla Ólafar Pétursdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 20. febrúar 2013.

112. Skýrsla Margeirs Vilhjálmssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 20. febrúar 2013.

Exista hf. og Eyri Invest hf. Samkvæmt yfirlitum sem skilanefnd Sparisjóðabankans afhenti rannsóknarnefndinni voru 48 skuldatryggingarsamningar með undirliggjandi bankabréf útistandandi í lok árs 2007 og heildarfjárhæð þeirra 67,7 milljarðar króna. Samningarnir voru þess eðlis að tryggjandinn ábyrgðist greiðslu á undirliggjandi bréfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, meðal annars ef útgefandi stóð ekki í skilum. Samningurinn náði yfirleitt til ákveðins tímabils og er tryggjandinn ekki krafinn um að leggja trygginga-fjárhæðina fram til vörslu á meðan samningurinn var í gildi. Tryggði aðilinn bar því mótaðilaáhættu gagnvart þeim sem tryggði samninginn.

Til að koma til móts við mótaðilaáhættuna var tekin trygging fyrir samningunum, en hún var um 2–3% af upphæð skuldabréfanna. Þeir aðilar sem seldu tryggingarnar voru fæstir fjárhagslega í stakk búinir til þess að takast á við áhættu vegna greiðslufalls en þáðu engu að síður þóknunir fyrir að taka hana á sig samkvæmt samningum. Fram kom í skýrslum fyrrum bankastjóra bankans fyrir rannsóknarnefndinni að talið hefði verið að ef bankarnir færu á hausinn yrðu um 80% endurheimtur af skuldabréfum þeirra. Því hafi ekki endilega verið litið svo á að þeir sem tryggðu endurhverfu viðskiptin þyrftu að vera borgunarmenn fyrir andvirði skuldabréfanna, heldur eingöngu fyrir þeim 20% sem ekki fengjust endurheimt frá bönkunum.¹¹³ Agnar Hansson, fyrrverandi bankastjóri Sparisjóðabankans, fór yfir það til hvaða aðgerða var gripið gagnvart þeim sem seldu tryggingar á skuldabréf bankanna eftir að Fjármálaeftirlitið hafði tekið yfir vald hluthafafunda þeirra, í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni:

Það var náttúrulega óljóst lengi framan af hvað yrði með þessar skuldir og það skýrðist ekki einu sinni þarna í október en það var náttúrulega líka búið að loka einhverjum af þessum samningum [þá]. [...] Það dróst ábyggilega í einhverjar vikur eftir að bönkunum var lokað og í upprunalega upplögguin var hugmyndin sú að öll íslensk skuldabréf færu yfir [í nýju bankana]. Mín megináhersla út af því lá gagnvart samskiptum okkar við Seðlabankann þannig að ég var náttúrulega meira skuldari þar að semja við þá. Síðan var lögfræðisviðið okkar eða aðrir að vinna í þeim sem skulduðu okkur þannig að ég man ekki nákvæmlega hvernig það ferli átti sér stað. [...] Þetta tók allt einhvern tíma og ég var aðallega að reyna að halda bankanum á lífi. Það voru náttúrulega allar tryggingar kyrrsettar og svo var gengið fram í einhverri innheimtu og ég held að það hafi einhver félög endað gjaldþrota en ég bara man ekki hvernig það fór í einstaka tilfellum.¹¹⁴

Formaður skilanefndar Sparisjóðabankans upplýsti rannsóknarnefndina um það að einungis þrjú samningar um skuldatryggingar bankabréfa við jafnmarga aðila hefðu verið óuppgerðir í lok árs 2008, samtals að nafnverði 32 milljarðar króna og allir með bréf Glitnis banka undirliggjandi. Sparisjóðabankinn hefði gripið til aðgerða gagnvart þessum þremur aðilum sem selt höfðu skuldatryggingar en um var að ræða þrjú einkahlutafélög. Gengið hefði verið að tryggingum á reikningum félaganna, samtals um 434 milljónir króna. Gagnvart einum þessara aðila væri útistandandi dómssmál í héraðsdómi um eftirstöðvar kröfu, en gagnvart öðrum hefði innheimtumál verið fellt niður árið 2012 þegar eignaleyssi og ógjaldfærni þess félags lá fyrir. Þá hefði verið gert samkomulag við þriðja félagið og bankinn leyst til sín skuldabréf upp á 140 milljónir króna í Fasteignafélaginu Stoðum hf. og félagið greitt tæpar 37 milljónir króna. Tveimur samningum var lokað stuttu fyrir fall bankanna 2008 og hefur slitastjórnin reynt að rifta þeim. Aðrir samningar um skuldatryggingar hefðu verið gerðir upp á gjalddaga þeirra en á gjalddaga féll skuldatrygging viðkomandi niður og hann fékk greitt fyrir samninginn. Aðrar endurheimtur hafi ekki orðið en þær sem getið er hér á undan.¹¹⁵

Sparisjóðabankinn bauð upp á margs konar afleiðuviðskipti fyrir viðskiptavinum sína sem ekki verður sérstaklega fjallað um hér. Hins vegar er rétt að geta þess að fimm sparisjóðir seldu Sparisjóðabanka Íslands skuldatryggingar á fyrirtækjaskuldabréf Baugs Group hf. að 540 milljóna króna nafnverði. Sparisjóður Bolungarvíkur seldi einnig skuldatryggingu

113. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013; skýrsla Finns Sveinbjörns-sonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013.

114. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013.

115. Tölvuskeyti formanns slitastjórnar Sparisjóðabanka Íslands hf. til rannsóknarnefndarinnar 5. desember 2013. Sjá nánar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 2010, 2. bindi, bls. 28. Þar er fjallað um þessi viðskipti í kafla um skuldatryggingar Icebank hf.

á Eyri Invest hf. að 100 milljóna króna nafnverði. Samningarnir með skuldatryggingu á Baug Group hf. voru gerðir 7. ágúst 2007 og var lokadagur þeirra 12. júlí 2009 með sama gjalddaga og skuldabréfið. Lausnarskilyrði samninganna voru þau að útgefandi stæði ekki í skilum með greiðslu vaxta eða höfuðstóls samkvæmt undirliggjandi bréfum, þau yrðu gjaldfelld eða gert yrði fjárnám hjá útgefanda eða móður- eða dótturfélögum hans, fram kæmu óskir um gjaldþrotaskipti á búi einhvers þeirra, eitthvert þeirra leitaði nauðasamninga, eignir þeirra væru auglýstar á nauðungaruppboði eða óskað yrði eftir greiðslustöðvun eða niðurfellingu skulda einhvers þeirra.

Tafla 12. Skuldatryggingasamningar sparisjóða við Sparisjóðabanka Íslands hf.

Nafn	Bréf	Nafnverð	Fyrsti vaxtadagur	Árleg þóknun
Sparisjóður Vestmannaeyja	Baug 07 2	40.000.000	8.8.2007	2%
Sparisjóður Vestfirðinga	Baug 07 2	100.000.000	9.8.2007	2%
Sparisjóður Norðurlands	Baug 07 2	100.000.000	10.8.2007	2%
Sparisjóður Mýrasýslu	Baug 07 2	200.000.000	11.8.2007	2%
Sparisjóður Bolungarvíkur	Baug 07 2	100.000.000	12.8.2007	2%

Hinn 4. febrúar 2009 óskaði Baugur Group hf. eftir greiðslustöðvun og 11. febrúar féllst héraðsdómur Reykjavíkur á beiðnina. Þar með var lausnarskilyrði komið fram og krafðist Sparisjóðabanki Íslands greiðslu á skuldatryggingu samkvæmt samningunum. Hinn 18. febrúar 2009 sendu Sparisjóður Bolungarvíkur og Sparisjóðurinn í Keflavík yfirlýsingu um riftun á samningum um skuldatryggingu á grundvelli vanefnda af hálfu Sparisjóðabanka Íslands hf. Bankanum bar að greiða þóknun 12. janúar 2009 en greiðslan hafði ekki verið innt af hendi. Samkvæmt ákvæðum í VI. kafla samningsins taldist það vanefnd af hálfu kaupanda ef hann greiddi ekki umsamda þóknun á gjalddaga.¹¹⁶ Beiðni um riftun var hafnað og var farið fram á það við sparisjóðina að þeir greiddu skuldatryggingarnar.¹¹⁷ Eftir fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur á árinu 2010 fékk Sparisjóðabankinn 12 milljónir af skuldinni staðgreiddar, 42 milljónir króna greiddar með langtímaláni og 43 milljónir króna greiddar með víkjandi láni. Kröfu var lýst í þrotabú Byrs sparisjóðs vegna kröfu á hendur Sparisjóði Norðlendinga. Sem greiðslu fyrir kröfu á Sparisjóð Mýrasýslu fékk Sparisjóðabankinn skuldabréf á hendur Arion banka hf. upp á rúmar 247 milljónir króna sem er á gjalddaga í desember 2018. Krafa á hendur Sparisjóðnum í Keflavík, vegna Sparisjóðs Vestfirðinga, fékkst ekki greidd. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Vestmannaeyja fékk Sparisjóðabankinn um 80 milljónir króna staðgreiddar af öllum kröfum sínum á sparisjóðinn, samtals 129 milljónir króna.

Kaup Sparisjóðabankans á víxlum útgefnum af viðskiptabönkunum þremur, sem voru svo nýttir í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann, voru umfangsmikil á árunum 2007 og 2008. Eins og fyrr segir var tap vegna þeirra 82 milljarðar króna á árinu 2008, eða um 32% af eigin fé bankans í árslok 2007 og 42% af tapi fyrir skatta á árinu 2008. Sparisjóðabankinn hafði reynt að meta áhættuna sem fylgdi þessum viðskiptum og mat það svo að ef bankarnir færu á hausinn yrðu endurheimtur af víxlunum á bilinu 80–90%.¹¹⁸ Áhætta af viðskiptunum var metin áður en í þau var ráðist en hún var ekki metin reglulega eða fylgst með henni kerfisbundið.¹¹⁹ Bankinn keypti skuldatryggingar á víxla sem nýttir voru í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann, og tryggðu þær, samkvæmt ákvæðum samninganna, greiðslufallsáhættu af víxlunum. Ekki var þó gert ráð fyrir að seljendur trygginganna gætu endurgreitt alla hina tryggðu víxla, heldur einungis 10–20% af virði þeirra, þ.e. mismuninn á virði víxlanna og þess sem áætlað var að myndi endurheimtast frá bönkunum sjálfum.¹²⁰ Forsendur þess áhættumats sem þó var til staðar á endurhverfum viðskiptum í Sparisjóðabankanum breyttust með lögum nr. 125/2008 um

116. Yfirlýsing Sparisjóðs Keflavíkur um riftun á samningi um skuldatryggingu (CDS) frá 7. ágúst 2007, 18. febrúar 2009; skeyti Sparisjóðs Bolungarvíkur um riftun á samningi um skuldatryggingu (CDS) frá 7. ágúst 2007, 18. febrúar 2009.

117. Skýrsla Daða Bjarnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. febrúar 2013.

118. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013.

119. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013; skýrsla Magnúsar Kristins Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

120. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013.

heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Sá forgangur sem innistæður fengu með þeim lögum gat minnkað líkur á endurheimtum af skuldabréfum viðskiptabankanna.

„[...] það hvarflaði aldrei að neinum að þó einhver gerði skuldatryggingasamning upp á 5 milljarða að hann þyrfti þá að borga 5 milljarða. Menn sáu fram á að í versta hugsanlega tilfalli værum við kannski að tala um 700 milljónir.“

Úr skýrslu Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. desember 2013.

Leikreglum er breytt þannig að almennir kröfuhafar eru settir skör lægra en innlánsseigendur og svo náttúrulega blasir það bara við að bæði í Bretlandi og á Norðurlöndunum var eignum rænt af bönkunum. Ég held það láti nærri að endurheimtur í bönkunum öllum liggi á bilinu 55–60% núna ef allt er talið með, og ég hugsa að það megi hæglega bæta við 10–15% ofan á þegar teknar eru þær eignir sem þeir áttu í Skandinavíu og Bretlandi. Þannig að það má alveg benda á að endurheimtur krafna af íslensku bönkunum, þrátt fyrir að hér hafi orðið heildarhrun, hefðu hæglega getað legið nálægt 70%. Ég held að okkar viðmið í þessum viðskiptum sem við miðum við, var að þeir aðilar sem væru að taka þátt í viðskiptunum væru borgunarmenn fyrir 15% af fjárhæðinni. En það hvarflaði aldrei að neinum að þó einhver gerði skuldatryggingasamning upp á 5 milljarða að hann þyrfti þá að borga 5 milljarða. Menn sáu fram á að í versta hugsanlega tilfalli værum við kannski að tala um 700 milljónir.¹²¹

Stjórnendur Sparisjóðabankans fylgdust vel með áhættu af eignarhlutum í Exista hf. og voru reglulega upplýstir um áhættu af útlánunum. Miklar umræður áttu sér stað innan bankans um eignarhlutinn í Exista hf., eins og sjá má af fundargerðum bankaráðs og tölvupóstsamskiptum starfsmanna á milli, og tókust þar á sjónarmið um vænta framtíðarávöxtun og áhættu af verðbréfaeigninni. Þá kom fram í skýrslum fyrrum bankastjóra og fyrrum framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs fyrir rannsóknarnefndinni að áhættan sem tekin var í útlánunum hefði verið meðvituð og í samræmi við stefnu bankans. Áhættan var talin nauðsynleg til að ná settum tekjumarkmiðum og finna sér markað til að starfa á.

„Það er ljóst að við vissum mætavel að það væri meiri áhætta í starfsemi bankans heldur en starfsemi einstakra sparisjóða, nema hugsanlega þeirra stærstu. Þegar litið er til baka, þá er óhætt að segja að áhættan í eignasafninu hafi verið meiri en við gerðum okkur grein fyrir. Reyndar held ég það að það hafi verið tilfallið að almennt hafi íslenska bankakerfið vanmetið áhættu. Og mér sýnist reyndar á flestu að það hafi líka verið þannig í útlöndum, erlendir bankar voru að vanmeta þá áhættu sem þeir tóku.“

Úr skýrslu Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2013.

Þó að það hafi verið búið að minnka Exista-stöðuna, þá var hún enn til staðar í töluverðum mæli, þannig að það var náttúrulega mikið áfall fyrir bankann þegar Exista hrynur. [...] Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á en það er ljóst að það var meiri áhætta í eignasafninu heldur en menn gerðu sér grein fyrir. En [...] við í Sparisjóðabankanum gerðum okkur grein fyrir því bankinn yrði í áhættusamari verkefnum en til dæmis sparisjóðirnir sem eru með sín smásöluviðskipti hérna á Íslandi og sem eru alla jafnan tiltölulega traust og góð viðskipti. Það svið stóð Sparisjóðabankanum ekki til boða vegna þess að það var frátekið fyrir sparisjóðina. Stóru fyrirtækin á Íslandi, efnaðir einstaklingar og aðrir traustir aðilar höfðu einfaldlega ekki áhuga á aðila eins og Sparisjóðabankanum og vildu miklu frekar vera í viðskiptum við stóru bankana. Þannig að ef Sparisjóðabankinn átti á annað borð að reyna að hasla sér einhvern völlu, þá var óhjákvæmilegt að í slíkri starfsemi yrði meiri áhætta en á þeim sviðum sem ég nefndi og stóðu bankanum ekki til boða. Þannig að ég, og ég held aðrir stjórnendur bankans, gerði mér grein fyrir því að það var meiri áhætta í starfsemi Sparisjóðabankans heldur en til dæmis Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, til að nefna öfgakennt dæmi. En ég held að sama skapi að við höfum talið að áhættan væri minni en raunin varð þegar á reyndi. Ég geri mér svo sem ekki grein fyrir því, af því að ég var ekki lengur í bankanum þegar ósköpin dynja yfir í október 2008, hversu stóran part af fjárhagslegum erfiðleikum bankans undir það síðasta megi rekja til forsendubrestsins sem varð þegar neyðarlögin voru sett og innlánin tekin fram yfir skuldabréfin [...] og almennt hversu mikið af erfiðleikum bankans megi rekja til þess að íslenska bankakerfið hrundi og tók með sér fjölmarga aðila í leiðinni. Ég er bara ekki í aðstöðu til að meta það. Það er ljóst að við vissum mætavel að það væri meiri áhætta í starfsemi bankans heldur en starfsemi einstakra sparisjóða, nema hugsanlega þeirra stærstu. Þegar litið er til baka, þá er óhætt að segja að áhættan í eignasafninu hafi verið meiri en við gerðum okkur grein fyrir. Reyndar held ég það að það hafi verið tilfallið að almennt hafi íslenska bankakerfið vanmetið áhættu. Og mér sýnist reyndar á flestu að það hafi líka verið þannig í útlöndum, erlendir bankar voru að vanmeta þá áhættu sem þeir tóku.¹²²

121. Skýrsla Agnars Hanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 5. desember 2013.

122. Skýrsla Finns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 2. september 2013.

31.5 Fjárhagsleg endurskipulagning

Þegar í kjölfar falls viðskiptabankanna þriggja í október 2008 huguðu eftirlitsaðilar að hugsanlegum afleiðingum þess að Sparisjóðabanki Íslands færi sömu leið. Um þetta var m.a. fjallað í drögum að minnisblaði Seðlabanka Íslands 19. október 2008. Þar sagði að könnun Fjármálaeftirlitsins, en niðurstöður hennar lægju ekki endanlega fyrir, hefði gefið til kynna að eigið fé Sparisjóðabankans væri orðið neikvætt. Þá komu fram áhyggjur af stöðu sparisjóðanna:

Það er mat FME að ef Icebank fer í greiðslustöðvun muni það geta komið illa niður á nokkrum sparisjóðum. Þó þola sparisjóðirnir að missa eignarhluta sinn í Icebank en gjaldfelling lána sparisjóðanna (sem er sennileg) myndi koma sér illa. Líklegt er að erlendir lánardrottinnar kalli inn erlend lán til Icebank og þar með hafa afleiðingar fyrir þá sparisjóði sem skulda Icebank erlendan gjaldeyri. Sparisjóðirnir yrðu að útvega sér lánalínur annarsstaðar eða afla lauss fjár eftir þörfum eftir öðrum leiðum.¹²³

Tryggja þyrfti að þeir starfsþættir sem bankinn hafði sinnt í þágu sparisjóðanna og Íbúðalánasjóðs héldust opnir og virkir. Það tæki meðal annars til allrar innlendrar og erlendrar greiðslumiðlunar.

Seðlabanki Íslands gerði veðkall hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. 20. október 2008 vegna fyrirgreiðslu bankans hjá Seðlabankanum með veði í verðbréfum. Krafist var aukinna trygginga að fjárhæð 60 milljarðar króna innan tveggja sólarhringa.¹²⁴ Í viðtali í morgunfréttum Ríkisútvarpsins daginn eftir efaðist Agnar Hansson bankastjóri Sparisjóðabankans um að bankinn gæti lagt fram frekari tryggingar.¹²⁵ Sparisjóðabanki Íslands hf. leitaðist því eftir því að semja við Seðlabanka Íslands eða önnur stjórnvöld til þess að leysa úr vandanum.

Seðlabanki Íslands boðaði boðað breytingar á frádragi¹²⁶ tiltekinna bréfa sem gefin voru út af Glitni banka hf., Kaupþingi banka hf. og Landsbanka Íslands hf. frá og með 22. október 2008.¹²⁷ Þar sem Sparisjóðabankinn hafði lagt mikið af bréfum útgefnum af viðskiptabönkunum að veði fyrir fyrirgreiðslu sinni hjá Seðlabankanum var ljóst að breytingin myndi hafa áhrif á tryggingastöðu, og mögulega fjárhagsstöðu, bankans. Tómas Jónsson hæstaréttarlögmaður var skipaður sérfræðingur yfir Sparisjóðabankanum 23. október 2008 til þess að hafa með honum sértækt eftirlit í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skipun hans var ítrekað framlengd, síðast til 9. apríl 2009. Á skipunartímabilinu gaf Tómas reglulega skýrslur um helstu störf sín í samræmi við ákvæði laganna.¹²⁸

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir árituðu reikningsuppgjöri Sparisjóðabanka Íslands 22. október 2008, en gögn Fjármálaeftirlitsins um efnahagsliði og eiginfjárstöðu bankans, og að teknu tilliti til líklegrar rýrnunar á verðbréfaeign og útlánun bankans, bentu til þess að eigið fé bankans væri uppuríð.¹²⁹ Reikningsuppgjörið barst Fjármálaeftirlitinu 25. október 2008. Tap af rekstri bankans fyrstu níu mánuði ársins nam 11,3 milljörðum króna og var bókfært eigið fé í lok tímabilsins 2,4 milljarðar króna, að teknu tilliti til ýmissa atburða eftir 30. september 2008.¹³⁰

Á fundi fulltrúa fjármála- og viðskiptaráðuneyta og Fjármálaeftirlitsins 23. október 2008 voru ræddar mögulegar útfærslur á aðkomu ríkisins að eignarhaldi á Sparisjóðabanka Íslands hf. Í tölvuskeyti Böðvars Jónssonar, aðstoðarmanns fjármálaráðherra, til Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, sama dag kom fram að Fjármálaeftirlitið teldi einsýnt að tap

„Sparisjóðabankinn var eini bankinn á þessum tíma, fyrir utan Seðlabankann, sem gat greiðslumiðlað út úr landinu. Við veltum því til dæmis fyrir okkur hvort við ættum ekki bara að kaupa hann og sameina. Við áttum hvort sem er veð í öllum eignum hans. Hvort við ættum ekki bara að taka hann og láta hann starfa áfram sem greiðslumiðlun því við erum náttúrulega búin að taka yfir það allt.“

Úr skýrslu Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2013.

„Þegar FME gerir okkur grein fyrir því, 16. október 2008, að kröfur Seðlabankans vegna lausafjárforgreiðslna flytjist ekki yfir í nýju bankana heldur verði eftir í þeim gömlu, þá sendum við út veðkall til þeirra banka sem eftir standa. Því eðli máls samkvæmt voru þær tryggingar sem þeir höfðu lagt til, sem voru skuldabréf útgefin af hinum bönkunum, að þá verða þau harla verðlítill. Við byrjum strax á því að meta þau niður um 50% og biðjum um tryggingar.“

Úr skýrslu Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2013.

123. Drög að minnisblaði fjármálasviðs Seðlabanka Íslands um Sparisjóðabanka Íslands hf., 19. október 2008.

124. Frestur Sparisjóðabanka Íslands hf. til að leggja fram nýjar tryggingar var fljótlega framlengdur til 29. október sama ár.

125. Ríkisútvarpið – Rás 1 og 2, morgunfréttir 21. október 2008.

126. Frádrag (e. haircut) er hlutfall af markaðsvirði tryggingar sem er dregið frá virði hennar þegar tryggingin er metin.

127. Tölvuskeyti Sparisjóðabankans til Fjármálaeftirlitsins 20. október 2008.

128. Fjallað er um skipun Fjármálaeftirlitsins á sérfræðingum til að hafa eftirlit með fjármála fyrirtækjum í 6. og 13. kafla.

129. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðabankans 22. október 2008.

130. Bréf KPMG hf. til Sparisjóðabanka Íslands hf. 25. október 2008.

bankans væri meira en fyrirsvarsmenn hans hefðu haldið fram.¹³¹ Af samskiptum starfsmanna Seðlabankans má ráða að þeir hafi talið að hluthafar myndu tapa sínu, bankinn verða tekinn yfir og samið við helstu lánardrottna.¹³²

Á vinnufundi vegna aðsteðjandi vanda sparisjóðakerfisins og annarra fjármálafyrirtækja 24. október 2008 var fjallað um meðhöndlun lánveitinga Seðlabanka Íslands.¹³³ Þar kom fram sú hugmynd að leysa vanda fjármálafyrirtækja vegna endurhverfra lána með því að ríkissjóður eða sérstakur sjóður í hans eigu myndi eignast kröfur Seðlabanka Íslands. Með því yrði afskrift lánanna frestað, staða Seðlabankans yrði óbreytt og því ekki þörf fyrir aukið eigið fé handa Seðlabankanum af þeim sökum. Ekki færi fram bein niðurskrift á kröfum á hendur fjármálafyrirtækjunum, heldur yrði fjárhæðin lánuð á hagstæðum kjörum til þeirra fyrirtækja sem uppfylltu reglur Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárstöðu. Lánið gæti að hluta til þurft að vera í formi víkjandi láns eða láns með breytirétti í hlutafé. Framtíðarmöguleikar fyrirtækjanna myndu því ráðast af þeirri vogun sem eigendur og stjórnendur þeirra tækju í rekstri, áhrifum á eigið fé og hversu traustur rekstrargrundvöllur þeirra væri, en ekki gjaldfellingu krafanna.¹³⁴

Á fundinum var fjallað sérstaklega um stöðu Sparisjóðabanka Íslands hf. og fram kom að skuldastaða hans gagnvart Seðlabankanum væri verri en hjá flestum öðrum fjármálastofnunum, enda hefði viðskiptalíkan hans meðal annars gengið út á endurhverf viðskipti. Útrás hefði verið yfirlýst stefna bankans á sama tíma og dregið var úr þeirri starfsemi sem upphaflega lá til grundvallar starfseminni. Þá sagði í niðurlagi umfjöllunar um bankann:

Verði það niðurstaðan að bankinn verði rekinn áfram mætti væntanlega leysa repóviðskiptin með þeim hætti sem að framan greinir. Beðið er eftir niðurstöðu FME varðandi fjárhagsstöðu bankans. Umfang repó lánanna er mjög mikið í hlutfalli við efnahag og eigið fé bankans. Auk þess þarf bankinn væntanlega á umtalsverðu nýju eiginfjárframlagi að halda. Þetta tvennt mun að öllum líkindum þurrka út eiginfjárluti núverandi eigenda. Sparisjóðirnir munu í flestum tilvikum þola þann skaða og hann mun ekki hafa áhrif á CAD hlutfall þeirra. [...] Þá þarf nýtt fjárframlag til SPB að vera skilyrt með sama hætti og í tilviki SPRON. Erlendir kröfuhafar verða að fallast á að núverandi lán verði ekki gjaldfelld og að lánstími verði lengdur (5 ár?). Lánin verða með markaðskjörum og hugsanlegri einfaldri ábyrgð sjóðsins [sem til stóð að stofna]/ríkisins hluta lánstímans. Ef nýr aðili eignast umtalsverðan hluta félagsins munu væntanlega einnig verða gerðar breytingar á stjórn félagsins.¹³⁵

Í vinnuskjali um smærri fjármálafyrirtæki frá 27. október 2008 kom fram að eigið fé Sparisjóðabanka Íslands hf. væri verulega neikvætt og bankinn virtist hvorki hafa rekstrargrundvöll til framtíðar né það samfélagslega mikilvægi að verjandi væri að ráðast í kostnaðarsamar björgunaraðgerðir. Kostnaður innlendra aðila við björgunaraðgerðir var metinn á bilinu 80 til 100 milljarðar króna og væru stórir, erlendir kröfuhafar reiðubúnir til að afskrifa hluta krafna sinna. Höfnuðu þeir þátttöku í björgunaraðgerðum, yrði kostnaður ríkisins um 125 milljarðar króna. Yrði bankinn settur í slitameðferð var kostnaður áætlaður 40 milljarðar króna miðað við 100% endurheimtur, en 90 milljarðar króna við 50% endurheimtur.¹³⁶ Af samskiptum starfsmanna fjármálaráðuneytisins og fjármálaráðherra má ráða að á þessum tíma hafi verið talið of kostnaðarsamt fyrir innlendan aðila að bjarga Sparisjóðabankanum og að þreifingar gagnvart erlendum kröfuhöfum hefðu ekki bent til þess að þeir væru tilbúnir til að færa niður kröfur sínar.¹³⁷

„Síðan erum við að ná vopnum okkar með greiðslumiðlunina og þá verður þetta greiðslumiðlunarhlutverk ekki eins mikilvægt fyrir þjóðarbúið í heild, en kannski mikilvægt fyrir sparisjóðina sem eftir lífa. Klárlega í október 2008 þá var þetta hlutverk Sparisjóðabankans mjög mikilvægt.“

Úr skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

„Þarna erum við að vísa í það að þetta væri ekki gert öðruvísi en að það væri einhver lausn sem ríkið væri að tryggja. Seðlabankinn er kannski að garantera sig með þessu orðalagi.“

Úr skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

131. Tölvuskeyti Böðvars Jónssonar til Árna M. Mathiesen 23. október 2008.

132. Tölvuskeyti Sturlu Pálssonar til Tryggva Pálssonar 24. október 2008.

133. Á minnisblaði um fundinn kemur ekki fram hverjir sátu hann en rannsóknarnefndin hefur fengið minnisblaðið afhent bæði frá fjármálaráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu.

134. Minnisblað frá fjármálaráðuneytinu um lausn á efnahagsreikningum smárra fjármálastofnanna vegna endurhverfra viðskipta, 24. október 2008; punktar í framhaldi af umræðum á vinnufundi vegna aðsteðjandi vanda sparisjóðakerfisins og annarra fjármálafyrirtækja, 24. október 2008; tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Árna M. Mathiesen og Böðvars Jónssonar 25. október 2008.

135. Punktar í framhaldi af umræðum á vinnufundi vegna aðsteðjandi vanda sparisjóðakerfisins og annarra fjármálafyrirtækja, 24. október 2008.

136. Vinnuskjal Fjármálaeftirlitsins um smærri fjármálafyrirtæki, 27. október 2008.

137. Tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Árna M. Mathiesen, Baldurs Guðlaugssonar og Böðvars Jónssonar 27. október 2008.

Sparisjóðabankinn óskaði eftir tveggja vikna fresti 28. október 2008 til að leggja fram frekari tryggingar vegna veðkalls Seðlabankans og gaf til kynna að kröfuhafar hefðu hug á að leita viðunandi lausna sem fyrst. Viðræður hefðu staðið yfir milli bankans, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabankans um framtíð bankans og þann sama dag hefðu hafist viðræður við fulltrúa erlendra lánveitenda.¹³⁸ Með stuðningi stjórnvalda samþykkti Seðlabanki Íslands, 29. október 2008, að framlengja frest Sparisjóðabanka Íslands um tvær vikur.¹³⁹

Efasemdir voru þó uppi um gagnsemi þess að veita slíkan frest, eins og sjá má af tölvu- pósti Atla Knútssonar, ráðgjafa hjá McKinsey & Company,¹⁴⁰ til Þórhalls Arasonar 29. október 2009:

Vardandi 2ja vikna frestinn...erum við ekki bara að fresta því óumflyjanlega?

1. Ef 2ja vikna fresturinn frá Seðlabankanum hefur ekki tilætlud ahrif, hversu mikið verri gæti stadan verid – og hver yrði tha skadinn/kostnadaraukningin?
2. Eg skil stoduna thannig að eftir nidurfærslu FME a eignum Icebank (um ISK 15 milljarda), starfi Icebank nu langt undir loglegu CAD lagmarki – og að stadan se su sama hja SPRON. Erud thid bunir að fa afstodu FME gagnvart thessu?
3. Fyrstu skilabod sem við fengum fra krofuhofum Icebank – um að their væru ekki tilbunir að taka a sig „write-down“ – hafi 1) i gær breyst a thann hatt að their væru tilbunir að skoda 30% „write-down“, og 2) að Icebank leggi nu upp i samningavidrædur við krofuhafa um 50% „write-down“. Hofum við einhverja vitneskju – adra en ord Icebank – um vilja krofuhafa til að taka thatt i slikum vidrædum?
4. Eins og eg skil reikninga FME og Icebank „business modelid“ ef their lifa (s.s. thjonusta vid sparsjodi), a Icebank nokkurn moguleika a skila nægilegu „operating income“ til að geta greitt upp i kröfu Sedlabankans vegna repo skuldar? Ef forsendur FME og Sedlabanka eru obreyttar, hvi er verid að skoda thetta mal frekar?¹⁴¹

Í svari Þórhalls til Atla 30. október 2008 sagði:

Sæll, við þekkjum báðir erfiða stöðu Icebank í dag og reyndar líka spurninguna um það hvort þeir geti búið til viðskiptalíkan til að lifa á í framtíðinni. Þetta með Icebank er eiginlega hugsað sem leið til að draga kröfuhafa að borðinu þannig að þeir geti á sjálfstæðum forsendum komið að endurreisninni ef þeir telja stöðuna lífvænlega. Við byggjum þessa aðgerð á bréfi frá FME þar sem þeir leggja til að bankanum verði veittur þessi frestur.¹⁴²

Sparisjóðabanki Íslands hf. óskaði eftir því 10. nóvember 2008 að Seðlabankinn framlengdi frest til að leggja fram viðbótartryggingar. Áður hafði Sparisjóðabankinn óskað eftir að gerður yrði kyrrstöðusamningur (e. *stand-still agreement*) við erlendu kröfuhafana til 10. desember 2008. Yrði fresturinn samþykktur myndi úttekt sem Deloitte hf. hafði verið falið að gera og kynning stjórnenda Sparisjóðabanka Íslands á áformum bankans um endurskipulagningu verða afhentar kröfuhöfum. Fresturinn gæfi kröfuhöfum tækifæri til að leggja mat á tillögur Sparisjóðabanka Íslands hf.¹⁴³

Á fundi vinnuhóps um vanda smærri fjármálaframtækja 11. nóvember 2008 voru málefni Sparisjóðabanka Íslands hf. til umræðu.¹⁴⁴ Vinnuhópurinn lagði til við Fjármálaeftirlitið, fjármálaráðuneyti og Seðlabanka Íslands að Sparisjóðabankanum yrði veittur fjögurra vikna frestur til að ljúka samningum við lánardrottina sína um afskriftir skulda. Lausnin

„Við megum ekki gleyma því að „in the end“ þá er það sá sem heldur utan um budduna sem ræður. Einhverjir starfshópar tóku ekki ákvörðun um að taka einhvern einn eða tvo niður. Ég upplifði það að við vorum svolítið tafðir. Ég get ekki bent á einn eða neinn, en sérfræðingateymið hafði aðra sýn á hlutina en hið pólitíska yfirvald.“

Úr skýrslu Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. september 2013.

„Þegar áfallið verður vaknaði banka- stjórnin og þá er hann með sínu teymi að vinna einhverjar tillögur um hvernig Sparisjóðabankinn á að lifa af. Það tekur líka alltaf einhvern tíma að meta það hvort þetta gangi eða ekki. Sparisjóðabankinn naut þarna klárlega vafans og það var ekki að fullu vitað hversu alvarlegt ástandið væri, þó það væri ljóst að ástarbréfangið væri búin að setja bankann í mjög þrönga stöðu.“

Úr skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

„Ég held að það hafi verið nauðsyn fyrir þjóðarþúíð að halda greiðsluferfi þeirra gangandi.“

Úr skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

„Ég held að þeir hafi aðallega verið að reyna að ýta okkur eða ríkinu í einhverja átt að því að takast á herðar einhvers konar ábyrgð á öllum skuldbindingum þeirra. Það er náttúrulega draumurinn. Það var bara krafan til að byrja með, að menn ættu að fara í svona „bail out“ á kostnað ríkisins. Það gekk allt út á það. En hlutverk mitt og annarra sem voru þá ríkismegin var bara að gæta hagsmuna ríkisins og passa að það yrði ekki samið um eitthvað sem við töldum ekki vera skynsamlegt og bankinn sjálfur stæði ekki undir.“

Úr skýrslu Jóhannesar Bjarna Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. september 2013.

138. Bréf Sparisjóðabanka Íslands hf. til Seðlabanka Íslands 28. október 2008.

139. Fjármálaeftirlitið staðfesti við Seðlabanka Íslands 29. október 2008 að því væri kunnugt um að unnið væri að leiðum til að leysa úr eiginfjávanda Sparisjóðabankans og að hafinn væri undirbúningur að fjárhagslegri endurskipulagningu bankans með aðkomu erlendra lánardrottina. Sama dag samþykkti fjármálaráðuneytið fyrir sitt leyti að Seðlabankinn framlengdi tímabundið fyrirgreiðslu til Sparisjóðabanka Íslands hf. meðan úr því fengist skorið hvort forsendur reyndust fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu bankans með aðkomu lánardrottina.

140. Atli Knútsson var ráðgjafi hjá alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu McKinsey & Company sem veitti stjórnstöð (e. Control Tower) undir forystu Ásmundar Stefánssonar tæknilega aðstoð. Nánar er fjallað um nefndir og viðbúnaðarhópa stjórnvalda í 13. kafla.

141. Tölvuskeyti Atla Knútssonar til Þórhalls Arasonar 29. október 2008.

142. Tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Atla Knútssonar 30. október 2008.

143. Bréf Sparisjóðabanka Íslands hf. til Seðlabanka Íslands 10. nóvember 2008.

144. Fjallað er um nefndir og starfshópa stjórnvalda í 13. kafla.

væri hagkvæm miðað við gefnar forsendur, auk þess sem hún væri til þess fallin að varðveita erlend bankatengsl Sparisjóðabanka Íslands hf.¹⁴⁵ Tillagan var samþykkt og veitti Seðlabankinn Sparisjóðabanka Íslands hf. frest til 10 desember 2009.¹⁴⁶

Í tölvupósti til fjármálaráðherra 11. nóvember 2008 óskaði Raiffeisen Zentralbank Österreich AG, einn erlendu lánardrottnanna, eftir samráði við ráðuneyti, Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands, svo gera mætti ráð fyrir nægum tíma til samningaviðræðna, tryggja aðgengi að gögnum og koma á beinum viðræður milli hagsmunaaðila.¹⁴⁷ Í tölvupóstum milli aðila í vinnuhópi um vanda smærri fjármálafyrirtækja kom fram að fjármálaráðuneytinu þætti óheppilegt að ríkið kæmi með beinum hætti að samningaborðinu, þó nauðsynlegt væri að fleiri kæmu að því en stjórnendur Sparisjóðabankans, en þeir hefðu ekki fullgilt umboð til viðræðna í ljósi neikvæðrar eiginfjárstöðu bankans.¹⁴⁸ Úr varð að Jóhannes Bjarni Björnsson hæstaréttarlögmaður kæmi að viðræðunum sem lögfræðilegur ráðgjafi fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans.¹⁴⁹ Var aðkoma hans undir þeim formerkjum að stjórnvöld vildu fylgjast með framvindu viðræðnanna vegna hagsmuna fjármálakerfisins.¹⁵⁰

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hf. skilaði skýrslu um úttekt sína á hluta eignasafns Sparisjóðabankans hinn 10. nóvember 2008 og var hún til umfjöllunar á fundi bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf. 18. nóvember sama ár. Deloitte hf. miðaði við stöðu efnahagsreiknings bankans 30. september 2008 og náði til um þriðjungs eignasafns hans. Virðisrýrnun eignasafnsins var metin 20,7 milljarðar króna til viðbótar 13 milljarða króna niðurfærslu vegna virðisrýrnunar í efnahagsreikningi frá 30. september 2008. Eigið fé bankans var því talið neikvætt um 18,4 milljarða króna.¹⁵¹ Geirmundur Kristinsson, stjórnarformaður bankans, sagði tölurnar koma sér á óvart, því þótt öllum hafi verið ljóst hver staðan væri varðandi skuld bankans við Seðlabankann, hefði hann ekki átt von á að útlánasafn bankans væri jafn slæmt og tölurnar gæfu til kynna. Á fundinum var kynnt upplegg að endurskipulagningu bankans sem sent yrði til allra lánveitenda hans, en þeir voru 41 talsins. Í því væru hugmyndir sem réttlættu áframhaldandi rekstur bankans gagnvart erlendu lánveitendunum þrátt fyrir stöðu mála. Í kjölfarið spannst umræða á fundinum um að hluthafar myndu tapa hlutafé sínu. Taldi stjórnarformaðurinn að ekki væri annað hægt en að staldra við þá framsetningu í kynningunni að sparisjóðirnir væru búnir að tapa hlutafé sínu í bankanum. Það hefði aldrei verið inni í myndinni af hans hálfu. Stjórnendur bankans upplýstu fundinn um að sú væri krafa bæði erlendu lánveitendanna og Seðlabankans og eins konar útgangspunktur viðræðnanna.¹⁵²

31.5.1 Samningaviðræður við erlenda lánardrottna

Erlendum lánardrottnum Sparisjóðabanka Íslands hf. voru kynntar hugmyndir bankans um endurskipulagningu 25. nóvember 2008. Tillagan fól í sér að kröfuhafar Sparisjóðabankans, það er Seðlabanki Íslands og erlendir lánardrottnar, myndu færa niður kröfur sínar með 55,9% afslætti og afsláttarfjárhæðinni yrði breytt í eigið fé. Eignarhlutur Seðlabankans í Sparisjóðabankanum yrði þá 57% og hlutur erlendu kröfuhafana yrði 43%. Víkjandi lán og eldra hlutafé yrði afskrifað. Ekki var gert ráð fyrir að nýtt hlutafé yrði greitt inn, heldur yrði aðeins um að ræða afskriftir og umbreytingu skulda í hlutafé.¹⁵³ Stærstu kröfuhafarnir gerðu tillögu um að skipuð yrði stýriningfnd (e. *steering committee*), sem myndi koma með

145. Minnisblað vinnuhóps um vanda smærri fjármálafyrirtækja, 12. nóvember 2008.

146. Tölvuskeyti Sturlu Pálssonar til Guðmundar Jónssonar, Þórhalls Arasonar, Guðmundar Kr. Tómassonar, Kjartans Gunnarssonar, Tryggva Pálssonar, Ragnars Hafliðasonar, Atla Knútssonar, Böðvars Jónssonar og Jóhannesar Bjarna Björnssonar 11. nóvember 2008.

147. Tölvuskeyti Raiffeisen Zentralbank Österreich AG til fjármálaráðuneytisins 11. nóvember 2008.

148. Tölvuskeyti Tryggva Pálssonar til Þórhalls Arasonar 13. nóvember 2008.

149. Sturla Pálsson var einnig viðstaddur hluta funda með kröfuhöfum sem fulltrúi Seðlabanka Íslands.

150. Tölvuskeyti Atla Knútssonar til Tryggva Pálssonar 12. nóvember 2008; tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Ragnars Hafliðasonar, Jónasar Fr. Jónssonar, Kjartans Gunnarssonar, Tryggva Pálssonar, Jóhannesar Bjarna Björnssonar og Atla Knútssonar 13. nóvember 2008; tölvuskeyti Kjartans Gunnarssonar til Tryggva Pálssonar 13. nóvember 2008; tölvuskeyti Tryggva Pálssonar til Þórhalls Arasonar 13. nóvember 2008; tölvuskeyti Ragnars Hafliðasonar til Þórhalls Arasonar 17. nóvember 2008.

151. Skýrsla um mat Deloitte hf. á hluta eignasafns Sparisjóðabanka Íslands hf., 10. nóvember 2008; fundargerð bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf., 18. nóvember 2008.

152. Fundargerð bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf., 18. nóvember 2008.

153. Glærkynning Sparisjóðabanka Íslands hf. fyrir kröfuhafa bankans um fjárhagslega endurskipulagningu hans, nóvember 2008.

endanlegar tillögur um endurskipulagningu bankans og var það samþykkt.¹⁵⁴ Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi ríkisins og Seðlabankans í því skyni að fylgjast með og koma áfram upplýsingum um stöðu mála.¹⁵⁵ Þegar var ljóst að fresturinn sem Seðlabanki Íslands hafði veitt til 10. desember væri ekki nægur til að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðabankans. Þá var undirbúin framlenging á kyrrstöðusamkomulagi við erlendu lánardrottana og óskað eftir framlengingu frá Seðlabankanum¹⁵⁶ sem samþykkti að fresta veðkalli til 28. janúar 2009.¹⁵⁷

Stýrinfélaginn fundaði með stjórnendum Sparisjóðabankans 3. desember 2008 og síðar sama dag með Jóhannesi Bjarna Björnssyni. Í minnispunktum Jóhannesar Bjarna frá fundinum kom fram að stýrinfélaginn teldi ekki hægt að móta tillögur til að kynna fyrir öðrum kröfuhöfum fyrr en afstaða Seðlabankans lægi fyrir, og því væri nauðsynlegt að eiga beinar viðræður við Seðlabankann um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðabankans. Það væri ekki hægt að leggja fram tillögur fyrir aðra kröfuhafa fyrr en ljóst væri að tillagan myndi njóta stuðnings Seðlabankans. Taldi stýrihópurinn að hægt yrði að ná samkomulagi á þeim grundvelli sem Sparisjóðabankinn hefði lagt upp með, en þó með tilteknum breytingum sem fólu í sér að afskriftir yrðu minni, sem og eignarhlutur þeirra í bankanum. Í staðinn væru þeir tilbúnir til að endurskoða kjör á lánnum.¹⁵⁸

Þegar hefur komið fram að Fjármálaeftirlitið óskaði eftir reikningsuppgjöri Sparisjóðabanka Íslands í október 2008. Samkvæmt því var eiginfjárgrunnur bankans undir lögbundnum mörkum og 3. desember 2008 staðfestu stjórnendur bankans að eigið fé hans væri uppuríð. Hinn 15. desember 2008 fór Fjármálaeftirlitið fram á, með vísan til 4. mgr. 86. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að Sparisjóðabankinn gripi til þess að aðgerða til eiginfjárgrunnur bankans uppfyllti lágmarksskilyrði, eigi síðar en 28. janúar 2009. Taldi Fjármálaeftirlitið, á grundvelli skoðunar á samantekt bankans á endurskipulagningu hans frá því í nóvember 2008 og þeim forsendum sem henni lágu til grundvallar, að Sparisjóðabankinn gæti bætt eiginfjárgrunn sinn innan þess frests.¹⁵⁹

Lausafjárlutfall og gjaldeyrisjöfnuður Sparisjóðabanka Íslands hf.

Heildargjalddeyrisjöfnuður Sparisjóðabanka Íslands var innan leyfilegra marka frá febrúar 2007 til september 2008 þegar gengi krónunnar féll og leiðir til að verja gjaldeyrisáhættu lokuðust vegna markaðsaðstæðna. Í nóvember 2008 var eiginfjárgrunnur bankans orðinn neikvæður um 70 milljarða króna og gjaldeyrisjöfnuður sem hlutfall af eigin fé því neikvæður.

Í svari Seðlabanka Íslands við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar frá 18. febrúar 2013 skýrði Seðlabankinn frá því að hann hefði sent Fjármálaeftirlitinu bréf 17. október 2008 og óskað eftir nýjustu upplýsingum um eiginfjárstöðu Sparisjóðabankans. Tilefni bréfsins hefði verið lausafjárþrengingar hans. Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til Seðlabankans 28. október 2008 var upplýst að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu bankans væri hafin. Í minnisblaði Seðlabankans frá 24. október 2008 var lagt til „að viðurlög vegna brota á lausafjárlutfalli væru lögð niður tímabundið vegna kerfislaegrar fjármálakreppu sem hefur áhrif á öll fjármálafyrirtæki“. Formleg bréf hefðu ekki verið send Sparisjóðabankanum þegar hann fór undir lágmark samkvæmt lausafjárreglum af þó nokkrum ástæðum; fundað hefði verið með bankanum í september 2008 vegna lausafjárstöðu hans, vinna hefði verið í gangi um þó nokkurt skeið vegna stöðu bankans, Seðlabankinn hefði átt í samskiptum við Sparisjóðabankann meðal annars vegna krafna á hann og lausafjárþrengisla við hann, ákveðið hefði verið að innheimta ekki viðurlög af aðilum tímabundið og fylgst hefði verið mun nánar með bankanum

154. Stýrinfélaginn hafði þó ekki heimildir til að semja beint og allar tillögur hennar þurftu samþykki annarra kröfuhafa. Stýrinfélaginn var samansett af fulltrúum frá HSH-Nordbank, DZ Bank, Fortis, Raiffeisen Zentralbank Österreich AG og Unikredit.

155. Fundargerð bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf. (á ensku), 25. nóvember 2008; tölvuskeyti Jóhannesar Bjarna Björnssonar til Þórhalls Arasonar, Ragnars Hafliðasonar og Jónasar Fr. Jónssonar 26. nóvember 2008.

156. Tölvuskeyti Aðalsteins Jóhannssonar til Jóhannesar Bjarna Björnssonar 27. nóvember 2008.

157. Bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðabanka Íslands hf. 9. desember 2008.

158. Minnispunktar til vinnuhóps um stöðu minni fjármálafyrirtækja eftir fund erlendra kröfuhafa með stjórnendum Sparisjóðabankans, 3. desember 2008.

159. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðabanka Íslands hf. 15. desember 2008.

en lausafjárskýrslur samkvæmt reglum kváðu á um. Talið var að við þær aðstæður sem ríktu gæfu þær lausafjárskýrslur ekki rétta mynd af lausafjárstöðu bankans, hún hefði til dæmis verið orðin slæm mun fyrr en bankinn skilaði skýrslu sem sýndi að hann væri undir lágmarkshlutfalli.*

Seðlabankinn sendi Fjármálaeftirlitinu bréf um stöðu Sparisjóðabankans 21. mars 2009 þar sem fram kom að Sparisjóðabankinn hefði um margna mánaða skeið verið með neikvæða eiginfjárstöðu auk þess sem lausafjárstaða bankans væri óviðunandi. Vikurnar þar á undan hefði bankinn ítrekað þurft að grípa til trygginga í stórgreiðslukerfinu til að eiga nægt laust fé í lok dags. Vegna lausafjárskorts Sparisjóðabankans hefði hann að hluta til nýtt sér veð í eigu sparisjóða sem hann fékk vegna þjónustuhlutverks síns við þá. Fyrir utan þau veð sem væru til tryggingar í Seðlabankanum ætti Sparisjóðabankinn engin önnur veð sem uppfylltu reglur Seðlabankans um viðskipti hans við fjármálafyrirtæki. Mat Seðlabankans var að staða Sparisjóðabankans væri óviðunandi og gæti auk þess haft neikvæð keðjuverkandi áhrif á aðrar fjármálastofnanir.** Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabankans með ákvörðun sinni sama dag.

Sparisjóðabankinn óskaði eftir því við Seðlabanka Íslands að hafa sérstakan jákvæðan heildargjald-eyrisjöfnuð sem nam 30% af eiginfjárgrunni bankans 18. júní 2008. Beiðnin var samþykkt 30. júní 2008 og gildi samþykktin til ársloka 2008. Seðlabankinn óskaði eftir því 25. september 2008 að Sparisjóðabankinn sendi honum skýrslur um gjaldeyrisjöfnuð sinn eins og hann var í lok hvers dags þeirrar viku. Daglegum skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð skyldi skilað uns annað yrði ákveðið. Sparisjóðabankinn skilaði þessum skýrslum frá 22. september til 13. október 2008. Í nóvember 2008 sendi Seðlabanki Íslands fjármálastofnunum bréf um að ekki yrði beitt viðurlögum þó gjaldeyrisjöfnuður viki út fyrir þau mörk sem leyfð voru samkvæmt reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

* Bréf Seðlabanka Íslands til rannsóknarnefndarinnar 18. febrúar 2013.

** Bréf Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins 21. mars 2009.

„Ég man ekki eftir að við höfðum lagt svona afgerandi blessun okkar yfir þetta. Ég held að við höfum hinsvegar væntanlega ekki tekið illa í það, að ef þeir myndu afskrifa þá myndum við gera það líka, upp að því marki sem okkar kröfur væru ótryggðar. Því ég sem starfsmaður Seðlabankans eða seðlabankastjóri hefur ekki heimild til að gefa eftir trygga kröfu. En hann hefur svigrúm til að semja um ótrygga kröfu. Þannig að ég held að loford okkar hljóti að hafa snert þann hluta af okkar kröfu sem er ótryggður.“

Úr skýrslu Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2013.

31.5.2 Tillaga Sparisjóðabanka Íslands hf. að fjárhagslegri endurskipulagningu

Áfram var unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðabanka Íslands hf. og var „endanleg“ tillaga send erlendum kröfuhöfum 23. desember 2008. Hún var útbúin eftir viðræður við stýrinfélag erlendra lánardrottna og fulltrúa Seðlabanka Íslands. Í tillögunni kom fram að hún hefði fengið stuðning Seðlabankans áður en hún var send kröfuhöfunum.¹⁶⁰ Tillagan var byggð á óendurskoðuðu 11 mánaða uppgjöri, og vegna veikingar íslensku krónunnar og þróunar eignasafnsins hafði virði þess þá rýrnað um 16,7 milljarða króna til viðbótar þeirri virðisrýrnun sem fram kom í skýrslu Deloitte hf. í nóvember 2008.¹⁶¹

Lagt var upp með að stærsti kröfuhafinn, Seðlabanki Íslands, tæki veðin sem Sparisjóðabankinn hafði lagt fyrir veðlánum upp í kröfur sínar á 50% af nafnvirði. Það sem þá stæði eftir af skuld Sparisjóðabankans við Seðlabankann yrði afskrifað um 44,9%. Hluta skuldar yrði breytt í eigið fé og að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu myndi Seðlabanki Íslands eiga 59,8% hlutafjár í Sparisjóðabanka Íslands hf. Í kynningu á tillögunni kom fram að tillagan hefði verið samþykkt af Seðlabankanum með þeim fyrirvara að aðrir kröfuhafar sem og hluthafar myndu samþykkja hana.¹⁶²

Erlendum lánardrottnum yrðu boðnir tveir valkostir, annars vegar að 30% heildarfjárhæðar sambankalánanna yrðu greidd með peningagreiðslu. Þeir lánardrottnanna sem veldu þann kost fengu greidd 15% af núvirði hlutdeildar sinnar í sambankalánunum en eftirstöðvar yrðu afskrifaðar. Hinn valkosturinn væri að afskrifuð yrðu 44,9% af 70% heildarfjárhæðar sambankalánanna og lengt yrði í eftirstöðvum lánanna til sjö ára. Hluta allra eftirstöðva skulda eftir afskriftir yrði svo breytt í hlutafé. Í heildina yrðu 4,2 milljörðum króna breytt í hlutafé með þessum hætti og fengu erlendu lánardrottnarnir 39,2% hlutafjár í Sparisjóðabanka Íslands hf. í sinn hlut. Eigendum skuldabréfa yrðu boðnir sömu valkostir og erlendu lánardrottnunum og að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu myndu þeir eiga 1% hlutafjár í Sparisjóðabanka Íslands hf. Víkjandi lán og hlutafé yrði afskrifað að fullu með samþykki kröfuhafa og hluthafa.¹⁶³

160. Tölvuskeyti Jóhannesar Bjarna Björnssonar til Þórhalls Arasonar, Sigmundar G. Sigurgeirssonar, Tryggva Pálssonar og Kjartans Gunnarssonar 23. desember 2008; skýrsla sérfræðings Fjármálaeftirlitsins með Sparisjóðabanka Íslands hf., 8. janúar 2009.

161. Tillaga um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðabankans hf. fyrir erlenda kröfuhafa, 23. desember 2008.

162. Skýrsla sérfræðings Fjármálaeftirlitsins með Sparisjóðabanka Íslands hf., 8. janúar 2009.

163. Tillaga um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðabankans hf. fyrir erlenda kröfuhafa, 23. desember 2008.

Stjórnendur Sparisjóðabankans kynntu tillögu sína og aðstæður á Íslandi og fyrir erlendum lánardrottnum á fundi í London 7. janúar 2009. Niðurstaða fundarins var að erlendu kröfuhafarnir fælu stýrinedfndinni að vinna fullmótaða tillögu sem lögð yrði fram innan skamms. Tillagan fæli í sér hærri endurheimtur erlendu lánardrottnanna, lengri lánstíma en áður hafði verið rætt um, hagstæð vaxtakjör og að erlendu bankarnir skuldbyndu sig til að sýna stuðning í verki með því að standa við bakið á Sparisjóðabankanum í framtíðinni.¹⁶⁴

Í fjárukalögum fyrir árið 2008 var samþykkt heimild fjármálaráðherra til að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum höfðu verið afhent til tryggingar veðlánnum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þótti. Samkomulag um yfirtöku ríkissjóðs á hluta veðlána Seðlabanka Íslands var undirritað 12. janúar 2009. Með samkomulaginu framseldi Seðlabanki Íslands til fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, kröfur vegna veðlána sem tryggð voru með verðbréfum útgefnum af föllnu viðskiptabönkunum þremur og verðtryggðum verðbréfum og kröfuréttindum sem Sparisjóðabanki Íslands hf. og fleiri fjármálastofnanir höfðu sett Seðlabankanum að veði. Þar af voru kröfur á hendur Sparisjóðabanka Íslands 141,9 milljarðar króna.¹⁶⁵ Yfirteknar kröfur voru síðar færðar aftur yfir til Seðlabanka Íslands í febrúar 2010 en hann hafði þá stofnað sérstök félög til að fara með umsýslu eigna.

Sparisjóðabankinn óskaði á nýjan leik eftir að veðkalli Seðlabankans yrði frestað, að þessu sinni til 22. apríl 2009, í bréfi til fjármálaráðuneytis 19. janúar sama ár.¹⁶⁶ Þess var vænst að áætlun um endurskipulagningu sem væri viðunandi fyrir alla hlutaðeigandi lægi fyrir innan þess tíma.¹⁶⁷ Sparisjóðabankinn óskaði einnig eftir auknum fresti til að auka við eiginfjárgrunn sinn í bréfi til Fjármálaeftirlitsins 21. janúar 2009.¹⁶⁸

Að beiðni fjármálaráðuneytisins tók Jóhannes Bjarni Björnsson hrl. saman minnisblað um stöðu fjárhagslegrar endurskipulagningar Sparisjóðabankans sem var lagt fyrir fund nefndar um endurreisn fjármálakerfisins (e. *Coordination Committee*) 21. janúar 2009.¹⁶⁹ Í minnisblaðinu kom fram að á fundi stjórnar Sparisjóðabankans með erlendum lánardrottnum tveimur vikum áður hefðu lánardrottnar viljað útiloka umbreytingu skulda í hlutafé af þeirra hálfu, en í staðinn boðið lengingu í lánnum og afar hagstæð vaxtakjör.¹⁷⁰ Í minnisblaðinu kom einnig fram það álit vinnuhópsins að skynsamlegt væri að framlengja frest til 28. febrúar 2009, enda rynni þá út kyrrstöðusamkomulag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. við lánardrottna sína. Þá væri ráðlegt að leggja mat á stöðu samninga-viðræðna vegna bæði Sparisjóðabanka Íslands hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., enda væri að mestu leyti um sama hóp kröfuhafa að ræða í báðum tilvikum. Starfshópurinn lagði til að fresturinn yrði nýttur meðal annars til að kanna hvernig hægt væri á sem hagkvæmastan hátt að flytja starfsemi bankans yfir í annan banka og leita á sama tíma leiða til að hámarka virði eigna. Starfshópurinn taldi ólíklegt að viðskiptalíkan Sparisjóðabankans væri lífvænlegt og endurreisn bankans sem viðskiptabanka væri ekki skynsamlegur kostur fyrir íslenska ríkið, þar sem það hefði þegar neyðst til að taka yfir rekstur viðskiptabankanna þriggja. Áleit starfshópurinn að heppilegast væri að hluti af starfsemi bankans yrði sameinaður öðrum banka og var þá einkum horft til sameiningar sparisjóða.¹⁷¹

Ákveðið var á fundi vegna málefna Sparisjóðabankans og minni fjármálaframtækja í fjármálaráðuneytinu 22. janúar 2009 að frestur vegna veðkalls yrði framlengdur til 28. febrúar 2009.¹⁷² Fjármálaeftirlitið samþykkti einnig að framlengja frest Sparisjóðabankans til að

„Ég held að eftir því sem menn fóru lengra inn í þetta ferli og skoðuðu betur þennan rekstur, að menn hafi haft það á tilfinningunni að það væri erfiðara að ná saman til að búa til einhvern lífvænlegan rekstur.“

Úr skýrslu Jóhannesar Bjarna Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. september 2013.

„Á þessum tíma held ég að menn hafi metið það þannig að sú leið, að stjórnendur bankans kæmu með lausnina, væri ekki að skila árangri. Menn voru að renna út á tíma. Annað hvort myndu menn þá reyna að gera einhverja lokatilraun sjálfir og koma með einhverjar tillögur eða þetta myndi ekki ganga upp. Það er að segja að það ferli sem var í gangi var að mínu mati ekki að skila árangri eða ekki líklegt til að skila árangri.“

Úr skýrslu Jóhannesar Bjarna Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. september 2013.

„Afstaða okkar var að útiloka annað en umfangsmiklar afskriftir. Lengingar leysa engin vandamál og hugmyndum um tekjufærslu með lengingum og lægri vöxtum en markaðsvöxtum höfnuðum við. Það er tvennt sem er vandamál í þessu, eiginfjárvandi og lausafjárvandi. Lengingin getur leyst lausafjárvandann, þú borgar ekkert af skuld nema hugsanlega þegar peningur kemur inn og þá getur þú leyst lausafjárvandann. Þá ertu enn með óleystan eiginfjáranda og þú hefur ekkert eigið fé með lengingunni. Hvernig ætlar þú að búa til eigið fé? Það voru einhverjir með hugmynd um að ef þú setur lægri vexti á skuldina til langs tíma megirðu reikna þér mismun á markaðsvöxtum og þessum vöxtum sem eigið fé. Þú mátt tekjufæra þetta og síðan verður þú að bakfæra það yfir sama tíma. Þetta var ein hugmynd sem var rædd og kröfuhafar vildu fara en afstaða ríkisins var bara að afskrifa helst niður fyrir það mark að það væri fyrirsjáanlegt að það væri rekstrar-grundvöllur fyrir Sparisjóðabankann.“

Úr skýrslu Jóhannesar Bjarna Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. september 2013.

164. Bréf stýrinedfndar til fjármálaráðuneytisins 15. janúar 2009.

165. Samkomulag um yfirtöku ríkissjóðs á hluta veðlána og daglána Seðlabanka Íslands, 12. janúar 2009.

166. Fjallað er um framsal krafna Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins í 13. kafla.

167. Bréf Sparisjóðabanka Íslands hf. til fjármálaráðuneytisins 19. janúar 2009.

168. Bréf Sparisjóðabanka Íslands hf. til Fjármálaeftirlitsins 21. janúar 2009.

169. Minnisblaðið var unnið fyrir vinnuhóp um vanda smærri fjármálaframtækja.

170. Minnispunktur um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðabanka Íslands hf. (Restructuring of Icebank – Notes on current status and next steps), janúar 2009; tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Sturlu Pálssonar, Tryggva Pálssonar, Ragnars Hafliðasonar, Kjartans Gunnarssonar, Guðmundar Jónssonar og Jóhannesar Bjarna Björnssonar 19. janúar 2009.

171. Var þar horft til mögulegrar sameiningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., Byrs sparissjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík.

172. Tölvuskeyti Guðmundar Kr. Tómassonar, forstöðumanns greiðslukerfa Seðlabanka Íslands, til Tryggva Pálssonar og Sturlu Pálssonar 22. janúar 2009.

auka við eiginfjárgrunn sinn til sama dags.¹⁷³ Sama dag upplýsti Jóhannes Bjarni Björnsson stýrinefndina um að frestur Sparisjóðabankans yrði framlengdur, en jafnframt að ekki yrði um frekari fresti að ræða nema fyrir lægi samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu bankans innan þess tíma.¹⁷⁴ Í bréfi Jóhannesar Bjarna Björnssonar fyrir hönd fjármálaráðuneytisins til stýrinefndar 30. janúar 2009 var áréttað að hefðu aðilar ekki komist að samkomulagi fyrir 28. febrúar 2009, myndi fjármálaráðuneytið ekki koma að frekari tilraunum til fjárhagslegrar endurskipulagningar Sparisjóðabanka Íslands hf. Lögð var áhersla á að ekki skyldi gert ráð fyrir að íslenska ríkið legði meira til endurskipulagningarinnar en aðrir kröfuhafar.¹⁷⁵

31.5.3 Tillögur erlendra kröfuhafa og viðbrögð stjórnvalda

Stýrinefnd erlendra kröfuhafa og starfshóps um smærri fjármálafyrirtæki héldu fund 5. febrúar 2009. Í fundarpunktum starfshópsins kom fram að stýrinefndinni hefði verið kynnt að kröfur og veðréttindi þeim tengd sem áður höfðu verið á hendi Seðlabankans hefðu verið framseld til fjármálaráðuneytis. Jafnframt hefði Seðlabankanum verið fengið umboð frá ráðuneytinu til að vera í fyrirsvari vegna krafna ríkisins á hendur Sparisjóðabankanum og sjá um samninga þar að lútandi.¹⁷⁶

Erlendu kröfuhafarnir töldu erfiðleikum bundið að breyta skuldum í hlutafé og kynntu lausn á málum Sparisjóðabankans sem svipaði til þeirrar sem unnið var að í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., en hún fól í sér lengingu endurgreiðslutíma lána og lækkun vaxta. Lækkun vaxta myndi leiða til þess að núvirðing lánanna skilaði tekjum á rekstrarreikning og bætti eiginfjástöðu. Ákveðið var að mynda sameiginlegan vinnuhóp, sem samanstæði af tveimur fulltrúum frá stjórnvöldum og tveimur fulltrúum frá erlendu kröfuhöfunum, auk aðila frá Sparisjóðabankanum og endurskoðanda bankans.¹⁷⁷ Skyldi vinnuhópurinn fara yfir hugmyndir og tillögur aðila og vinna að sameiginlegri tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðabankans.¹⁷⁸

Samhliða framangreindum fundarpunktum sendi Jóhannes Bjarni Björnsson óformlegt stöðumat til starfshóps um smærri fjármálafyrirtæki. Hans mat var að markmið erlendu kröfuhafanna væru annars vegar að forðast eignarhald í Sparisjóðabankanum, með því væri ábyrgð kröfuhafanna takmörkuð ef þörf yrði á frekari framlögum síðar, og auk þess ávinningur ef ríkið yrði eignaraðili, það væri frekari trygging fyrir því að ekki þyrfti að skerða kröfur þeirra í framtíðinni; og hins vegar að takmarka afskriftir með því að bjóða lengingu á lánum í staðinn. Lánalengingarleiðin minnkaði afskriftir en þrýsti á aðkomu íslenska ríkisins sem eiganda bankans. Taldi Jóhannes lánalengingarleið hafa þann ókost að tekjufærslan sem hún leyfði í upphafi þyrfti að gjaldfærast að fullu á lánstímanum. Eigið fé sem ynnist í upphafi myndi því tapast aftur á lánstímanum. Lagði hann áherslu á að ríkið setti sér skýr samningsmarkmið og undirbyggi viðbrögð ef samningar tækjust ekki eða gengju hægt.¹⁷⁹

Sameiginlegur vinnuhópur stýrinefndarinnar og stjórnvalda fundaði 17. og 18. febrúar 2009 um leiðir til að leysa fjárhagsstöðu Sparisjóðabankans og skömmu síðar, 27. febrúar 2009, barst fjármálaráðuneytinu bréf frá stýrinefndinni. Þar sagði að þar sem fjármálaráðuneytið hefði eignast kröfur Seðlabankans á hendur bankanum, væri ráðuneytið í kjörstöðu til að endurfjármagna bankann. Hugmyndir lánardrottna um fjárhagslega endurskipulagningu fælu í sér að þeir myndu lengja í lánum til tíu ára á hagstæðum kjörum og myndi bankinn við það verða fullfjármagnaður til að minnsta kosti tíu ára. Lánalengingin

„Sparisjóðabankinn [Sturla Pálsson] sagði frá því að erfitt hafi reynt að ná samkomulagi við lánardrottna. Staðan væri vonlaus, það eru alltaf einhverjir sem vilja ekki taka tilboðinu þar sem þeir vilja að bankinn fari á hausinn.“

Úr fundarpunktum starfshóps Seðlabanka Íslands um lausafjávanda 19. febrúar 2009.

„Í þessum viðræðum kom aldrei neitt frá [kröfuhöfum]. Þeir komu aldrei og sögðust tilbúnir að afskrifa 10% eða eitthvað. Allar þeirra hugmyndir gengu út á það að ríkið kæmi að borðinu. Það var frá degi eitt strax ákveðið, á fundi laugardaginn 4. október, að til þess að passa að ríkissjóður færi ekki í þrot þá tækjum við ekki ábyrgð á neinum skuldum fjármálafyrirtækja og þeirri stefnu var fylgt skilyrðislaust.“

Úr skýrslu Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2013.

173. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðabanka Íslands hf. 23. janúar 2009.

174. Tölvuskeyti Jóhannesar Bjarna Björnssonar til Þórhalls Arasonar, Guðmundar Kr. Tómassonar, Sturlu Pálssonar og Tryggva Pálssonar 22. janúar 2009.

175. Bréf Jóhannesar Bjarna Björnssonar til stýrinefndar 30. janúar 2009.

176. Minnispunktar Jóhannesar Bjarna Björnssonar eftir fund vinnuhóps um stöðu minni fjármálafyrirtækja með stýrihóp erlendra kröfuhafa um stöðu og horfur í fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðabanka Íslands hf., 5. febrúar 2009.

177. Ákveðið var að Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands, leiddi þessa vinnu.

178. Minnispunktar Jóhannesar Bjarna Björnssonar eftir fund vinnuhóps um stöðu minni fjármálafyrirtækja með stýrihóp erlendra kröfuhafa um stöðu og horfur í fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðabanka Íslands hf., 5. febrúar 2009.

179. Minnisblað Jóhannesar Bjarna Björnssonar um mat á stöðu Sparisjóðabanka Íslands hf. til vinnuhóps um stöðu minni fjármálafyrirtækja, 9. febrúar 2009.

fæli í sér um það bil 50% niðurfærslu af hálfu kröfuhafanna. Í niðurlagi bréfsins var varað við því að neikvæð niðurstaða í málefnum Sparisjóðabankans gæti haft neikvæð áhrif á aðra sparisjóði.¹⁸⁰

Undir lok febrúar 2009 var frestur Sparisjóðabanka Íslands til að auka við eiginfjárgrunn sinn og vegna veðkalls framlengdur til 28. mars 2009.¹⁸¹ Í byrjun mars 2009 voru fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins staddir á Íslandi og átta fundi með stjórnvöldum og nefnd um endurreisn fjármálakerfisins. Á fundunum var meðal annars rætt um sjálfbærni skulda þjóðarbúsins og endurgreiðslubyrði hagkerfisins. Á fundunum lagði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áherslu á að endurskipulagningu bankakerfisins yrði hraðað og að ekki yrði um frekari skuldbindingar ríkissjóðs að ræða vegna fjármálafyrirtækja.¹⁸² Þegar var hafin vinna við aðgerðaáætlun, þar sem lagt var mat á stöðu fjármálafyrirtækjanna og lagt til að nokkrum fjármálafyrirtækjum yrði lokað á næstu sólarhringum og innlán viðskiptavina þeirra færð í örugga höfn. Þeirra á meðal var Sparisjóðabanki Íslands hf.¹⁸³

Í bréfi fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands 12. mars 2009 til stýrinefndarinnar, kom fram að litið væri svo á að tillaga stýrinefndarinnar frá 27. febrúar 2009 væri ekki til þess fallin að Sparisjóðabankinn yrði fullfjármagnaður og lífvænlegur banki. Ítarleg skoðun efnahagsreikningsins og viðskiptalíkans hefði leitt stjórnvöld að þeirri niðurstöðu að Sparisjóðabanki Íslands hf. yrði ekki rekstrarhæfur til lengri tíma án verulegra niðurfærslna skulda. Stjórnvöld væru tilbúin að leggja heldur meira af mörkum en aðrir kröfuhafar með því að taka yfir kröfur á hendur föllnu viðskiptabönkunum sem lagðar höfðu verið til tryggingar endurhverfum lánunum frá Seðlabanka Íslands á 50% af nafnvirði. Vænt endurheimtuverðmæti þeirra krafna væri varla meira en 15%. Að auki væru stjórnvöld reiðubúin að afskrifa 55–60% af eftirstöðvum krafna og framlengja endurgreiðslutíma eftirstandandi skulda í 8 ár með 2% vöxtum auk verðtryggingar. Skilyrði stjórnvalda var að erlendu lánardrottarnir myndu afskrifa kröfur sínar þegar í stað um 60–65% og lána eftirstöðvar til 8 ára með 1% vöxtum. Aðrir kröfuhafar myndu gera það sama. Þá var bent á að gegn tryggum veðum gæti Seðlabanki Íslands aðstoðað banka í lausafjáranda sem væri með viðunandi eiginfjárstöðu, en Seðlabankanum væri ekki ætlað að viðhalda lausafjárstöðu Sparisjóðabankans til frambúðar. Stýrinefndin fékk frest til 18. mars til að svara því hvort hún teldi tillögu stjórnvalda til þess fallna að mynda ramma fyrir fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðabanka Íslands hf.

Stjórnvöldum bárust tvö svarbréf frá stýrinefndinni 18. mars 2009. Í fyrra bréfinu kom fram að stýrinefndin hefði átt von á gagntilboði frá stjórnvöldum og í framhaldi þess áframhaldandi viðræðum, því ylli bréf stjórnvalda frá 12. mars vonbrigðum. Liti stýrinefndin svo á að með bréfi sínu hefðu stjórnvöld dregið sig út úr samningaviðræðum og reynt að þvinga erlendu lánardrottanna til að samþykkja skilyrði sín.¹⁸⁴ Þó vilji hefði verið á meðal hluta lánardrottanna til að samþykkja, þá hefði yfirgnæfandi meirihluti þeirra ekki getað samþykkt tillöguna.¹⁸⁵

Síðar sama dag barst annað bréf frá stýrinefndinni með frekari skýringum á afstöðu lánardrottanna. Stýrinefndin væri ósammála því mati stjórnvalda að framlag lánardrottanna væri lægra en framlag stjórnvalda. Samkvæmt útreikningum lánardrottanna væri niðurfærsla Seðlabankans 64% en tafarlaus niðurfærsla lánardrottanna 65%. Slíkar niðurfærslur væru óhóflegar og ónauðsynlegar, væru jákvæð áhrif lánalenginga á eiginfjárgrunn tekna með í reikninginn. Þar að auki væri farið fram á að lánardrottarnir veittu niðurgreidda fjármögnun til langs tíma, sem þeir töldu jafngilda enn frekari niðurfærslum sem næmi 40% af eftirstöðvum og væri þá miðað við fullar endurheimtur.¹⁸⁶ Fram kom að stýrinefndin

„Það var samt ekki þannig að nefndin hafi litið á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem ákveðandi aðila í þessu máli. Stjórnvöld hér tóku ákvarðanir á hverjum tíma og höfðu vald til þess að gera hluti. Það var ekki þannig að Fjármálaeftirlitið eða aðrir lutu fyrir mælum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. [...] Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hjálpaði okkur til að halda fókus á hvað skipti máli. [...] Meginverkefni voru þrjú; stöðugleiki krönnunar, að hafa ríkisfjármálin í lagi og að vinna að endurskipulagningu fjármálakerfisins.“

Úr skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

180. Bréf stýrinefndar erlendra lánardrottna til fjármálaráðuneytisins 27. febrúar 2009.

181. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðabanka Íslands hf. 27. febrúar 2009; bréf Seðlabanka Íslands til Sparisjóðabanka Íslands hf. 26. febrúar 2009.

182. Fundargerð nefndar um endurreisn fjármálakerfisins (Coordination Committee), 4. mars 2009.

183. Fall og endurskipulagning minni fjármálafyrirtækja í mars 2009 – Drög að vinnuskjali, 7. mars 2009. Sjá nánari umfjöllun í 13. kafla.

184. Bréf stýrinefndar erlendra lánardrottna til Steingríms J. Sigfússonar, Indriða H. Þorlákssonar og Sveins Haralds Öygard 18. mars 2009.

185. Tölvuskeyti Tims Kirby til Indriða H. Þorlákssonar, Jóhannesar Bjarna Björnssonar, Ragnars Hafliðasonar og Steingríms J. Sigfússonar 18. mars 2009.

186. Bréf stýrinefndar erlendra lánardrottna til Steingríms J. Sigfússonar, Indriða H. Þorlákssonar og Sveins Haralds Öygard 18. mars 2009.

hefði verið þeirrar skoðunar frá upphafi að Seðlabankinn ætti að taka ábyrgð á óhóflegu umfangi endurhverfra viðskipta sem leitt hefði til dulbúinnar fjármögnunar bankanna. Þá væri áhyggjuefni að Seðlabanki Íslands væri ekki tilbúinn að tryggja lausafjárstöðu fjármálageirans á Íslandi, sem væri ein forsenda endurskipulagningar Sparisjóðabankans. Eitt megináhyggjuefni lánardrottanna var að þurfa að sæta eignarnámi, í ljósi aðgerða gegn fyrrum eigendum viðskiptabankanna og þeirra valdheimilda sem stjórnvöldum höfðu verið færðar með lögum nr. 125/2008. Vildu þeir fá fullvissu þess að ekki yrði gripið til sambærilegra aðgerða gagnvart þeim ef þeir samþykktu niðurfærslur, og vísuðu einnig til breytinga á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sem rýrt gætu réttindi þeirra, bæði sem kröfuhafa og sem hugsanlegra eigenda. Fór stýrinedndin fram á að teknar yrðu upp viðræður að nýju og sá lokafrestur sem kynntur hafði verið í bréfi stjórnvalda yrði dreginn til baka.¹⁸⁷

Í svarbréfi stjórnvalda til stýrinedndarinnar sama dag kom fram að svo virtist sem pattstaða væri komin upp í samningaviðræðum aðila, meðal annars vegna þeirrar yfirlýstu afstöðu fulltrúa kröfuhafanna í sameiginlega vinnuhópnum að hafna fyrirfram tillögum um að þeir færðu niður kröfur sínar. Slík afstaða væri til þess fallin að gera allar tilraunir til fjárhagslegrar endurskipulagningar bankans ómögulegar. Ef lánardrottinn væru ófáanlegir til að færa niður kröfur sínar, gætu stjórnvöld ekki unað við að banki með svo neikvætt eigið fé væri í rekstri til lengri tíma. Með tillögu sinni hefðu stjórnvöld leitað eftir því hvort erlendir lánardrottinn væru reiðubúnir til að afskrifa kröfur sínar að því marki sem nauðsynlegt væri. Þeim skilningi stýrinedndarinnar var hafnað að stjórnvöld hefðu dregið sig út úr samningaviðræðum eða einhliða reynt að knýja fram vilja sinn. Ítrekað var það sjónarmið stjórnvalda að lánalengingarleiðin uppfyllti ekki Basel II viðmið og væri því ekki álitlegt úrræði til að bæta úr neikvæðri eiginfjárstöðu Sparisjóðabanka Íslands hf.¹⁸⁸ Lögðu stjórnvöld til að vinnuhópurinn fundaði daginn eftir og þá gæfist fulltrúum stýrinedndarinnar tækifæri til að kynna tillögur sínar.¹⁸⁹

Lánalengingarleiðin ekki talin álitleg til að bæta úr neikvæðri eiginfjárstöðu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varaði íslenska ríkið við að taka á sig frekari skuldbindingar

Tillögur stýrinedndar voru bornar undir fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og athugasemdir hans um fyrirbyggjandi tillögur lánardrottna voru sendar Seðlabankanum 19. mars 2009. Þar var þeirri hugmynd hreyft að ef til vill væru lánardrottinn, af tillögunum að dæma, að óska þess að ríkissjóður tæki á sig þann skell sem óhjákvæmilegur væri í málinu. Það væri ekki í samræmi við áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og kynni það að valda frekari vanda síðar meir ef fallist yrði á tillögurnar. Nær væri að lánardrottinn legðu fram viðskipta-áætlanir sem miðuðu að lífvænlegum rekstri án aðkomu stjórnvalda og Seðlabankans og myndu skuldbinda sig til til að styðja fjármálfyrirtækin til frambúðar, eftir atvikum sem nýir hluthafar. Því beindi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þeim varnaðarorðum að íslenska ríkinu að stíga varlega til jarðar í málinu og forðast að fallast á óhagstæðan samning.¹⁹⁰ Það var því ljóst að héldu lánardrottinn sig fast við að Seðlabankinn tæki á sig þyngri byrðar en aðrir kröfuhafar, væri ekki svigrúm fyrir frekari viðræður.¹⁹¹

Fyrir símafund stýrinedndar lánardrottna með fulltrúum Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins sem haldinn var 20. mars 2009, sendi stýrinedndin bréf og skilmálaskjal þar sem kynntir voru þeir möguleikar sem stýrinedndin taldi að væru í stöðunni. Stýrinedndin leit svo á að aðeins væri um tvo valkosti að ræða. Fyrri leiðin fæli í sér að 40% krafna yrðu afskrifaðar, 6% yrðu greiddar upp og lengt yrði í eftirstöðvum lána til sjö eða átta ára. Gert yrði samkomulag um að kröfuhafar fengju það bætt ef endurheimtur yrðu hærrí en þær afskriftir sem gert væri ráð fyrir. Þá skyldi gefa út breytirétt í hlutafé til lánardrottanna. Seinni leiðin fól í sér peningagreiðslu sem næmi 35% af heildarlánsfjárhæð og að eftirstöðvar yrðu afskrifaðar. Væri þessi leið farin myndu lánardrottinn samþykkja verulegar afskriftir og þeir myndu ekki blanda sér í framtíðaráform stjórnvalda um Sparisjóðabankann.¹⁹²

187. Bréf stýrinedndar til fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands 18. mars 2009.

188. Umfjöllun um lánalengingarleið og Basel II viðmið er að finna í 13. kafla og 17. kafla.

189. Bréf Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytisins til stýrinedndar 18. mars 2009.

190. Tölvuskeyti fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Seðlabankans 19. mars 2009.

191. Bráðabirgðausögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um tillögur kröfuhafa (Preliminary IMF Comments on Creditor Proposals Regarding Insolvent Savings Banks), fylgiskjal með tölvupósti Marks Flanagan til Seðlabanka Íslands 19. mars 2009.

192. Drög að skilmálaskjali um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðabankans (Term sheet, outline Terms for restructuring of [...] Sparisjóðabanki Íslands), fylgiskjal með bréfi stýrinedndar kröfuhafa Sparisjóðabankans til fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands, 19. mars 2009.

Að loknum símafundinum 20. mars 2009 sendu Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið erlendu kröfuhöfunum bréf þar sem Fjármálaeftirlitið ítrekaði fyrri afstöðu sína um að endurskipulagning sem fæli í sér lánalengingu uppfyllti ekki Basel II viðmiðin. Þá væru stjórnvöld ekki í þeirri aðstöðu að geta tekið á sig ábyrgð vegna greiðslna til erlendu lánardrottinna. Því væri afstaða stjórnvalda sú að báðar leiðir væru óásættanlegar og myndu leggja óásættanlega þungar byrðar á Ísland.¹⁹³ Var það mat Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytisins að ekki væri grundvöllur fyrir frekari samningaviðræðum og ekki væri útlit fyrir að eiginfjárstaða Sparisjóðabanka Íslands hf. myndi lagast þannig að hann uppfyllti kröfur Seðlabanka Íslands um viðskipti við fjármálafyrirtæki.¹⁹⁴

Endalok Sparisjóðabankans 21. mars 2009

Í kjölfar fundar bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf. með stjórn og forstjóra Fjármálaeftirlitsins 21. mars, og með vísan til þessa bréfs Seðlabanka Íslands, sá bankaráð Sparisjóðabankans sér ekki annað fært en að óska eftir að Fjármálaeftirlitið gripi til þeirra heimilda sem því væru veittar með lögum nr. 161/2002.¹⁹⁵

31.5.4 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið ákvað að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabanka Íslands hf. 21. mars 2009.¹⁹⁶ Til stuðnings ákvörðun sinni vísaði eftirlitið til þess að frá lokum októbermánaðar 2008 hefði eiginfjárstaða Sparisjóðabankans verið undir lögbundnum mörkum, en bankanum hefðu ítrekað verið veittir frestir til að koma á raunhæfri endurskipulagningu á fjárhag bankans. Þá vísaði Fjármálaeftirlitið til bréfs sem því barst frá Seðlabanka Íslands sama dag, þar sem vikið var að neikvæðri eiginfjárstöðu og óviðunandi lausafjárstöðu Sparisjóðabanka Íslands hf.

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf. skyldi Seðlabanki Íslands taka yfir skuldbindingar Sparisjóðabankans vegna innstæðna sparisjóða, en Nýi Kaupþing banki tæki yfir skuldbindingar vegna innstæðna annarra aðila.¹⁹⁷ Sem endurgjald fyrir yfirtöku innlánskuldbindinga myndi Sparisjóðabanki Íslands hf. framselja útlán sín til sparisjóða að fjárhæð um það bil 10,7 milljarðar króna, auk skuldabréfakröfu á hendur Byr sparisjóði að fjárhæð 2,8 milljarðar króna, eða samtals um 13,5 milljarðar króna. Seðlabankinn og Nýi Kaupþing banki skyldu annast uppgjör sín á milli og standa Sparisjóðabankanum skil á mismun milli yfirtekinna skuldbindinga og eigna, ef einhver væri.¹⁹⁸ Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf. var breytt sex sinnum í mars og apríl 2009. Verulegur hluti fjárhagslegrar endurskipulagningar minni sparisjóðanna fól í sér formbreytingar og uppgjör á þeim kröfum sem Seðlabankinn fékk með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars 2009. Nánar er fjallað um uppgjör krafanna í köflum um einstaka sparisjóði og í 13. kafla.

Ráðstöfun eigna og skulda bankans

Hinn 27. mars 2009 var Sparisjóðabankanum skipuð skilanevnd sem skyldi fara með öll málefni bankans, þar á meðal hafa umsjón með allri meðferð eigna hans en í maí sama ár var slitastjórn skipuð fyrir bankann. Skilanevndin starfaði til ársloka 2011, þá tók slita-stjórn fyrir öll verkefni hennar og er enn að störfum. Samningar hafa enn ekki tekist við Eignasafn Seðlabanka Íslands en nauðasamningsumleitanið halda áfram. Í lok árs 2011 var gerður samningur við Straum hf. um þjónustu við eignasafn bankans sem er enn í gildi. Öll ákvarðanatöku er í höndum slitastjórnar.

193. Bréf Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytisins til stýrinfundar 20. mars 2009.

194. Tölvuskeyti Sturlu Pálssonar til Ragnars Hafliðasonar og Gunnars Ó. Haraldssonar 21. mars 2009.

195. Tölvuskeyti Sparisjóðabanka Íslands hf. til Fjármálaeftirlitsins 21. mars 2009.

196. Umfjöllun um Fjármálaeftirlitið og heimildir þess er að finna í 6. og 13. kafla.

197. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. apríl 2009 var ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf. breytt á þann hátt að Seðlabanki Íslands tæki yfir skuldbindingar vegna innstæðna sparisjóða og Íbúðalánasjóðs og Nýi Kaupþing banki hf. tæki yfir skuldbindingar vegna Allianz og viðskiptavina þess.

198. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. apríl var gerð breyting á þeirri ráðstöfun á þann hátt að fjárhæð þeirra útlána sem framselja skyldi væri 10,9 milljarðar króna, en skuldabréf á hendur Byr sparisjóði 1,5 milljarðar króna, samtals 12,4 milljarðar króna og því lækkaði endurgjaldið fyrir yfirtöku innlánskuldbindinga.

